ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 4/2021

Fjalllendi milli Ísafjarðardjúps, Álftafjarðar og Önundarfjarðar, auk Stigahlíðar

ÓBYGGÐANEFND

30. ágúst 2023

EFNISYFIRLIT

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 1

2 MÁLSMEÐFERÐ 4

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 4

2.2 Ísafjarðarsýslur (svæði 10B) teknar til meðferðar 4

2.3 Lýstar kröfur og kynning 6

2.4 Mál nr. 4/2021, Fjalllendi milli Ísafjarðardjúps, Álftafjarðar og Önundarfjarðar, auk Stigahlíðar 7

3 KRÖFUGERÐ 13

3.1 Kröfur íslenska ríkisins 13

3.2 Kröfur vegna Hafurshests, Hesthúsa efri og Ármúla í Önundarfirði 15

3.3 Kröfur vegna Kirkjubóls í Korpudal 15

3.4 Kröfur vegna Efstabóls í Korpudal 15

3.5 Kröfur vegna Kroppstaða í Korpudal 15

3.6 Kröfur vegna Innri-Veðrarár í Önundarfirði 16

3.7 Kröfur vegna Ytri-Veðrarár í Önundarfirði 16

3.8 Kröfur vegna Fremri-Breiðadals í Önundarfirði 16

3.9 Kröfur vegna Neðri-Breiðadals í Önundarfirði 16

3.10 Kröfur vegna Selakirkjubóls í Önundarfirði 17

3.11 Kröfur vegna Kaldár í Önundarfirði 17

3.12 Kröfur vegna Hóls í Önundarfirði 17

3.13 Kröfur vegna Hvilftar og Garða í Önundarfirði 17

3.14 Kröfur vegna Eyrar í Önundarfirði 18

3.15 Kröfur vegna Bæjar í Vatnadal í Súgandafirði 18

3.16 Kröfur vegna Vatnadals í Súgandafirði 19

3.17 Kröfur vegna Kvíaness í Súgandafirði 19

3.18 Kröfur vegna Botns í Súgandafirði ásamt Birkihlíð 20

3.19 Kröfur vegna Gilsbrekku í Súgandafirði 20

3.20 Kröfur vegna Selárdals í Súgandafirði 20

3.21 Kröfur vegna Norðureyrar við Súgandafjörð 21

3.22 Kröfur vegna Galtar við Súgandafjörð 21

3.23 Kröfur vegna Keflavíkur milli Súgandafjarðar og Skálavíkur 21

3.24 Kröfur vegna Meiri-Bakka í Skálavík 21

3.25 Kröfur vegna Kroppsstaða í Skálavík 22

3.26 Kröfur vegna Meira-Hrauns í Skálavík 22

3.27 Kröfur vegna Minna-Hrauns í Skálavík 23

3.28 Kröfur vegna Breiðabóls í Skálavík 23

3.29 Kröfur vegna Minni-Bakka í Skálavík 23

3.30 Kröfur vegna Hlíðartorfu í Bolungarvík (Meiri-Hlíðar, Traðar og Ytri-Búða) 24
3.31 Kröfur vegna Þjóðólfstungu í Bolungarvík 24
3.32 Kröfur vegna Hóls í Bolungarvík 24
3.33 Kröfur vegna Geirastaða í Bolungarvík 25
3.34 Kröfur vegna Miðdals í Bolungarvík 26
3.35 Kröfur vegna Hanhóls í Bolungarvík 26
3.36 Kröfur vegna Gils í Bolungarvík 27
3.37 Kröfur vegna Óss í Bolungarvík 27
3.38 Kröfur vegna Neðri-Hnífsdals, Bakka og Hrauns í Hnífsdal 27
3.39 Kröfur vegna Fremri-Hnífsdals 28
3.40 Kröfur vegna Eyrar í Skutulsfirði ásamt Stakkanesi 28
3.41 Kröfur vegna Seljalands í Skutulsfirði 29
3.42 Kröfur vegna Tungu í Skutulsfirði 29
3.43 Kröfur vegna Hafrafells í Skutulsfirði 29
3.44 Kröfur vegna Neðri-Engidals í Skutulsfirði 30
3.45 Kröfur vegna Fossa í Skutulsfirði 30
3.46 Kröfur vegna Kirkjubóls í Skutulsfirði 31
3.47 Kröfur vegna Arnardalstorfu við Skutulsfjörð (Fremri-Arnardals, Neðri-Arnardals, Heimabæjar og Fremrihúsa) 31
3.48 Kröfur vegna Traðar í Álftafirði 31
3.49 Kröfur vegna Súðavíkur í Álftafirði 32
3.50 Kröfur vegna Saura í Álftafirði 32
3.51 Kröfur vegna Dvergasteins í Álftafirði 32
3.52 Kröfur vegna Svarthamars í Álftafirði 32
3.53 Kröfur vegna Svarfhóls í Álftafirði 32
3.54 Kröfur Orkubús Vestfjarða vegna vatns- og landréttinda 33
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 34
4.1 Inngangur 34
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 34
4.3 Vettvangsferð 35
4.4 Skýrslutökur 36
5 SAGA LANDSVÆÐA 37
5.1 Landnám 37
5.2 Afréttir og afréttarnot 38
5.3 Hestur/Hafurhestur í Önundarfirði 39
5.3.1 Neðri-Hesthús í Önundarfirði 42
5.3.2 Efri-Hesthús í Önundarfirði 44
5.4 Efstaból í Korpudal 47
5.5 Kroppstaðir í Korpudal 49
5.6 Kirkjuból í Korpudal 53

5.7 Tannanes í Önundarfirði 57
5.8 Innri-Veðrará í Önundarfirði 60
5.9 Ytri-Veðrará í Önundarfirði 63
5.10 Fremri-Breiðadalur í Önundarfirði 69
5.11 Neðri-Breiðadalur í Önundarfirði 73
5.12 Selakirkjuból í Önundarfirði 79
5.13 Kaldá í Önundarfirði 82
5.14 Hóll í Önundarfirði 84
5.15 Garðar í Önundarfirði 86
5.16 Hvilft í Önundarfirði 89
5.17 Eyri við Önundarfjörð 96
5.18 Staður í Súgandafirði 105
5.19 Bær í Vatnadal/Súgandafirði 109
5.20 Vatnadalur í Súgandafirði 115
5.21 Kvíanes í Súgandafirði 119
5.22 Botn í Súgandafirði 122
5.23 Gilsbrekka í Súgandafirði 125
5.24 Selárdalur í Súgandafirði 128
5.25 Norðureyri við Súgandafjörð 130
5.26 Göltur við Súgandafjörð 132
5.27 Keflavík milli Súgandafjarðar og Skálavíkur 135
5.28 Meiri-Bakki í Skálavík 137
5.29 Kroppsstaðir í Skálavík 140
5.30 Meira-Hraun í Skálavík 143
5.31 Minna-Hraun í Skálavík 146
5.32 Breiðaból í Skálavík 148
5.33 Minni-Bakki í Skálavík 156
5.34 Stigahlíð milli Skálavíkur og Bolungarvíkur 159
5.35 Meiri-Hlíð í Bolungarvík 161
5.36 Minni-Hlíð í Bolungarvík 168
5.37 Tröð í Bolungarvík 172
5.38 Ytri-Búðir í Bolungarvík 174
5.39 Þjóðólfstunga/Tunga í Bolungarvík 178
5.40 Hóll í Bolungarvík 183
5.40.1 Árbær í Bolungarvík 197
5.41 Grundarhóll í Bolungarvík 200
5.42 Geirastaðir í Bolungarvík 203
5.43 Miðdalur í Bolungarvík 206
5.44 Hanhóll í Bolungarvík 209

5.45 Gil í Bolungarvík 212
5.46 Ós í Bolungarvík 215
5.47 Neðri-Hnífsdalur 221
5.47.1 Búð í Hnífsdal 230
5.48 Hraun í Hnífsdal 234
5.49 Bakki í Hnífsdal 235
5.50 Fremri-Hnífsdalur 237
5.51 Eyri í Skutulsfirði 241
5.51.1 Stakkanes í Skutulsfirði 246
5.52 Seljaland í Skutulsfirði 247
5.53 Tunga í Skutulsfirði 250
5.54 Hafrafell í Skutulsfirði 258
5.55 Engidalur í Skutulsfirði 260
5.56 Fossar í Skutulsfirði 261
5.57 Kirkjuból í Skutulsfirði 264
5.57.1 Kirkjubær í Skutulsfirði 277
5.58 Neðri-Arnardalur við Skutulsfjörð (Heimabær) 277
5.58.1 Fremri-Hús í Arnardal við Skutulsfjörð 284
5.59 Fremri-Arnardalur við Skutulsfjörð 287
5.60 Súðavík í Álftafirði 290
5.61 Tröð í Álftafirði 295
5.62 Saurar í Álftafirði 298
5.63 Eyrardalur í Álftafirði 300
5.64 Hlíð í Álftafirði 302
5.65 Dvergasteinn í Álftafirði 305
5.66 Svarthamar í Álftafirði 311
5.67 Svarfhóll í Álftafirði 313
5.68 Seljaland í Álftafirði 316
5.69 Eignir og réttindi kirkna 319
5.69.1 Kirkjubólskirkja í Valþjófsdal 319
5.69.2 Vatnsfjarðarkirkja við Ísafjarðardjúp 320
6 SJÓNARMIÐ AÐILA 324
6.1 Íslenska ríkið 324
6.1.1 Klofningsheiði 325
6.1.2 Kroppstaðafjall 325
6.1.3 Gilsbrekkuheiði Ísafirði 326
6.1.4 Gilsbrekkuheiði Bolungarvík 326
6.1.5 Bolafjall og Stigahlíð 326
6.1.6 Arafjall, Hádegisfjall og Heiðnafjall 326

6.1.7 Búðarfjall 327
6.1.8 Breiðafell og Eyrarfjall 327
6.1.9 Ernir og Kirkjubólsfjall 327
6.1.10 Ufs, Súðavíkurfjall, Traðarhyrna og Sauratindar 327
6.1.11 Dvergasteinsfjall og Svarthamar 327
6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins 328
6.2.1 Hvilft, Garðar og Eyri í Önundarfirði; Bær, Vatnadalur, Kvíanes, Selárdalur og Göltur í Súgandafirði; Meiri-Bakki, Minni-Bakki, Kroppsstaðir, Meira-Hraun og Minna-Hraun í Skálavík; Hlíðartorfa, Þjóðólfstunga, Hóll, Geirastaðir, Miðdalur, Hanhóll, Gil og Ós í Bolungarvík; Neðri-Hnífsdalur, Bakki og Hraun í Hnífsdal; Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Neðri-Engidalur, Fossar, Kirkjuból og Arnardalstorfa í Skutulsfirði 328
6.2.1.1 Hvilft með Görðum í Önundarfirði 332
6.2.1.2 Eyri í Önundarfirði 333
6.2.1.3 Bær í Vatnadal og Vatnadalur í Súgandafirði 334
6.2.1.4 Kvíanes í Súgandafirði 334
6.2.1.5 Selárdalur í Súgandafirði 335
6.2.1.6 Göltur við Súgandafjörð 335
6.2.1.7 Meiri-Bakki í Skálavík 336
6.2.1.8 Minni-Bakki í Skálavík 336
6.2.1.9 Kroppsstaðir í Skálavík 337
6.2.1.10 Meira-Hraun í Skálavík 337
6.2.1.11 Minna-Hraun í Skálavík 338
6.2.1.12 Hlíðartorfa í Bolungarvík 338
6.2.1.13 Þjóðólfstunga í Bolungarvík 339
6.2.1.14 Hóll í Bolungarvík 340
6.2.1.15 Geirastaðir í Bolungarvík 343
6.2.1.16 Miðdalur í Bolungarvík 344
6.2.1.17 Hanhóll í Bolungarvík 344
6.2.1.18 Gil í Bolungarvík 345
6.2.1.19 Ós í Bolungarvík 345
6.2.1.20 Neðri-Hnífsdalur, Bakki og Hraun í Hnífsdal 346
6.2.1.21 Eyri í Skutilsfirði ásamt Stakkanesi 347
6.2.1.22 Seljaland í Skutulsfirði 348
6.2.1.23 Tunga í Skutilsfirði 349
6.2.1.24 Hafrafell í Skutulsfirði 350
6.2.1.25 Neðri-Engidalur í Skutulsfirði 350
6.2.1.26 Fossar í Skutulsfirði 351
6.2.1.27 Kirkjuból í Skutulsfirði 352
6.2.1.28 Arnardalstorfa í Skutulsfirði 353
6.2.2 Botn í Súgandafirði, Fremri-Breiðadalur, Neðri-Breiðadalur, Hóll, Kaldá og Selakirkjuból í Önundarfirði, og Kvíanes og Norðureyri í Súgandafirði 354

6.2.3 Kirkjuból, Efstaból og Kroppstaðir í Korpudal, Innri-Veðrará í Önundarfirði, Keflavík milli Súgandafjarðar og Skálavíkur, og Dvergasteinn, Svarfhóll og Svarthamar í Álftafirði 357
6.2.3.1 Kirkjuból í Korpudal 358
6.2.3.2 Efstaból í Korpudal 360
6.2.3.3 Kroppstaðir í Korpudal 362
6.2.3.4 Innri-Veðrará í Önundarfirði 363
6.2.3.5 Keflavík milli Súgandafjarðar og Skálavíkur 364
6.2.3.6 Dvergasteinn í Álftafirði 367
6.2.3.7 Svarfhóll í Álftafirði 368
6.2.3.8 Svarthamar í Álftafirði 370
6.2.4 Breiðaból í Skálavík 372
6.2.5 Saurar í Álftafirði 374
6.2.6 Súðavík í Álftafirði 375
6.2.7 Tröð í Álftafirði 376
6.2.8 Orkubú Vestfjarða 377
7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR 381
7.1 Inngangur 381
7.2 Almenn atriði 382
7.2.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar 382
7.2.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum 383
7.2.3 Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla 386
7.2.3.1 Almennt 386
7.2.3.2 Nánar um áhrif staðhátta o.fl. á sönnunarmat 389
7.2.3.3 Áhrif þess að landamerkjabréf skortir eða merkjalýsing er óljós 389
7.2.3.4 Túlkun hugtaksins „fjallsbrún“ og sambærilegra tilvísana í merkjalýsingum 391
7.2.3.5 Þjóðlendur ofan „fjallsbrúna“ 393
7.2.3.6 Samanburður tilvika 394
7.2.3.7 Hæðarlínur 394
7.2.3.8 Landamerkjalýsingar og staðhættir í Ísafjarðarsýslum 395
7.2.3.9 Ályktanir og niðurstöður 397
7.2.4 Landnám 399
7.3 Afmörkun 399
7.3.1 Efstu hlutar fjalla 401
7.3.1.1 Fjalllendi milli Skutulsfjarðar og Önundarfjarðar 401
7.3.1.2 Fjalllendi milli Önundarfjarðar, Súgandafjarðar og Skutulsfjarðar 406
7.3.1.3 Fjalllendi milli Súgandafjarðar, Skálavíkur, Bolungarvíkur og Skutulsfjarðar 414
7.3.1.4 Fjalllendi milli Bolungarvíkur og Hnífsdals 423
7.3.1.5 Fjalllendi milli Hnífsdals og Skutulsfjarðar 425
7.3.1.6 Fjalllendi milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar 427
7.3.1.7 Fjalllendi milli Arnardals og Álftafjarðar 432
7.3.1.8 Niðurstöður um afmörkun efstu hluta fjalla 436

7.3.2 Bolafjall og Stigahlíð 439
7.4 Eignarréttarleg staða 445
7.4.1 Efstu hlutar fjalla 446
7.4.2 Bolafjall og Stigahlíð 447
7.5 Um kröfur Orkubús Vestfjarða 450
7.6 Um málskostnað 450
8 ÚRSKURÐARORÐ 452
VIÐAUKI: ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR I
VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR XCVII
FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ C
FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ CIII
a) Efnisflokkuð skjalaskrá CIII
b) Skjalaskrá í númeraröð CLXXXVIII
FYLGISKJAL III: KORT CCLXXXII
a) Úrskurðarkort í máli nr. 4/2021 CCLXXXII
b) Yfirlitskort um svæði 10B CCLXXXII

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Miðvikudaginn 30. ágúst 2023 er tekið fyrir mál nr. 4/2021, Fjalllendi milli Ísafjarðardjúps, Álftafjarðar og Önundarfjarðar, auk Stigahlíðar, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Allan V. Magnússon, Þorsteinn Magnússon og Eiríkur Elís Þorláksson.

Aðilar máls eru:[1]

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Ívar Pálsson lögmaður.)

Páll Á.R. Stefánsson vegna Kirkjubóls, Efstabóls og Kroppstaða í Korpudal.

Arndís Jóna Vigfúsdóttir, Berglind Rós Guðmundsdóttir, Edda Björk Sigurðardóttir, Fjóla Jónsdóttir, Halla Björk Vigfúsdóttir, Magnús Hafsteinn Hinriksson, Ragnar Guðmundsson, Samúel Guðmundsson, Sigurður Jóel Vigfússon, Sóley Jónsdóttir, Steina Dögg Vigfúsdóttir, Unnur Stella Guðmundsdóttir og Þórey Ingveldur Guðmundsdóttir vegna Innri-Veðrarár í Önundarfirði.

Galtarviti ehf. vegna Keflavíkur milli Súgandafjarðar og Skálavíkur.

Skógræktarfélag Dvergasteins ehf. vegna Dvergasteins í Álftafirði.

Guðmundur M. Halldórsson vegna Svarthamars í Álftafirði

Bragi Líndal Ólafsson vegna Svarfhóls í Álftafirði

(Guðjón Ármannsson lögmaður)

---

[1] Sjá einnig aðilaskrá (fylgiskjal I). Auk þeirra sem hér eru nefnd var við meðferð málsins lýst kröfum vegna Hafurshests og Ármúla í Önundarfirði af hálfu Ásgeirs H. Þorvarðarsonar, Bryndísar Guðmundsdóttur, dánarbús Sigurbjargar Hervarar Guðjónsdóttur, Guðbjörgar S. Pálmarsdóttur, Guðbjargar S. Sveinbjörnsdóttur, Guðjóns Gísla Guðmundssonar, Guðjóns Pálmarssonar, Guðrúnar Svövu Pálmarsdóttur, Gunnars Péturs Héðinssonar, Höllu Sigrúnar Sveinbjörnsdóttur, Halldóru Jónu Guðmundsdóttur, Hallgríms Ingimars Jónssonar, Magnúsar Guðmundssonar, Margrétar Pálmarsdóttur, Maríu Guðrúnar Guðmundsdóttur, Maríu Guðrúnar Sveinbjörnsdóttur, Ragnheiður Eyglóar Guðmundsdóttur, Rannveigar S. Þorvarðardóttur, Sveinfríðar G. Þorvarðsdóttur, Viðars Arnar Sveinbjörnssonar og Þorsteins Pálmarssonar; og vegna Hesthúsa efri af hálfu Ásgerðar Guðbjartsdóttur, Sigríðar Guðbjartsdóttur, Guðrúnar Maríu Guðbjartsdóttur, Helgu Erlu Guðbjartsdóttur, dánarbús Sesselju Kr. Guðbjartsdóttur, Laufeyjar Guðbjartsdóttur, Guðjóns S. Guðbjartssonar, Elísabetar Guðbjartsdóttur, dánarbús Konráðs Guðbjartssonar, Árna Guðbjartssonar, Einars Guðbjartssonar og Þorsteins Guðbjartssonar. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu framangreindir aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfu um málskostnað.

Orkuvinnslan ehf. vegna Ytri-Veðrarár í Önundarfirði

(Aðalsteinn Bjarnason)

Bændur ehf. vegna Fremri-Breiðadals í Önundarfirði.

Halldór Mikkaelsson vegna Neðri-Breiðadals í Önundarfirði.

Bændur ehf. og Halldór Mikkaelsson vegna Selakirkjubóls í Önundarfirði.

Klofningur ehf. vegna Kaldár í Önundarfirði.

Kristín Björg Albertsdóttir vegna Hóls í Önundarfirði.

Björn Birkisson vegna Botns í Súgandafirði ásamt Birkihlíð.

Ævar Einarsson vegna Norðureyrar við Súgandafjörð.

Svavar Birkisson vegna Kvíaness í Súgandafirði.

(Kristján Þorbergsson lögmaður)

Inga Jónsdóttir, Ásta Camilla Gylfadóttir, Sigurjón Finnsson, Sigurður Sverrir Árnason, Ása Grímsdóttir og Jón S. Ragnarsson vegna Gilsbrekku í Súgandafirði.

(Ragnar Áki Jónsson)

Karitas Hafliðadóttir vegna vegna Breiðabóls í Skálavík.

(Halldóra Óskarsdóttir og Guðmundur Bjarni Björgvinsson)

Miðvík ehf. vegna vegna Fremri-Hnífsdals.

(Gunnar Egill Egilsson lögmaður)

Guðrún Úlfhildur Örnólfsdóttir og Anna Ragnhildur Halldórsdóttir vegna Kvíaness í Súgandafirði.

Kristján Bjarni Karlsson vegna vegna Bæjar og Vatnadals í Súgandafirði.

Hvilft ehf. vegna vegna Hvilftar og Garða í Önundarfirði.

Jóhannes S. Aðalbjörnsson vegna Galtar við Súgandafjörð.

Jens Þór Sigurðsson og Kristín G. Sigurðardóttir vegna Meiri-Bakka í Skálavík.

Lárus Guðmundur Birgisson, Jónína Birgisdóttir og Guðný Birgisdóttir vegna Kroppsstaða í Skálavík.

Magni Steinsson vegna Minna-Hrauns í Skálavík.

Þotan ehf. vegna Þjóðólfstungu í Bolungarvík.

Margrét Ólafsdóttir og Arnþór Jónsson vegna Geirastaða í Bolungarvík.

Sveinbjörn Þór Haraldsson og Guðmunda Ó. Högnadóttir vegna Miðdals í Bolungarvík.

Jóhann Hannibalsson vegna Hanhóls í Bolungarvík.

Jónína Birgisdóttir, Guðný Eva Birgisdóttir og Lárus Guðmundur Birgisson vegna Gils í Bolungarvík.

Kristján Högni Jónsson vegna Óss í Bolungarvík.

Gerða Helga Pétursdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson, Bjarki Guðmundsson og Guðmundur Jens Jóhannsson vegna Neðri-Engidals í Skutulsfirði.

Garðar S. Einarsson og Guðmundur S. Einarsson vegna Fossa í Skutulsfirði.

Þorbjörn Halldór Jóhannesson, Gautshamar ehf. og Auður Arna Höskuldsdóttir vegna Arnardalstorfu við Skutulsfjörð (Fremri-Arnardals, Neðri-Arnardals, Heimabæjar og Fremrihúsa)

Hulda Helgadóttir vegna Hrauns í Hnífsdal.

Bolungarvíkurkaupstaður vegna Meira-Hrauns í Skálavík, Minni-Bakka í Skálavík, Hlíðartorfu í Bolungarvík og Hóls í Bolungarvík.

Ísafjarðarbær vegna Eyrar í Önundarfirði, Selárdals í Súgandafirði, Neðri-Hnífsdals, Bakka í Hnífsdal, Eyrar í Skutulsfirði ásamt Stakkanesi, Seljalands í Skutulsfirði, Tungu í Skutulsfirði, Hafrafells í Skutulsfirði og Kirkjubóls í Skutulsfirði.

(Friðbjörn Garðarsson lögmaður)

Súðavíkurhreppur og Þröstur Lýðsson vegna Traðar í Álftafirði.

Súðavíkurhreppur vegna Súðavíkur í Álftafirði.

Sigríður Hrönn Elísardóttir vegna Saura í Álftafirði.

(Sigurður Sigurjónsson lögmaður)

Orkubú Vestfjarða vegna vatns- og landréttinda

(Jónas A. Aðalsteinsson lögmaður)

Gunnar Gaukur Magnússon og Hugrún Kristinsdóttir vegna Ytri-Veðrarár í Önundarfirði.

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk skv. 7. gr:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka laganna og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Ísafjarðarsýslur (svæði 10B) teknar til meðferðar

Óbyggðanefnd skipti landinu upphaflega í ellefu hluta sem auðkenndir voru sem svæði 1–11 og tók eitt þessara svæða til meðferðar í einu. Með bréfi dagsettu 12. nóvember 2015 tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðherra að ákveðið hefði verið, vegna knappra fjárheimilda nefndarinnar og að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 10 í þrennt, þ.e. svæði 10A, 10B og 10C. Landsvæðið sem hér er til umfjöllunar, eftir þessa breytingu, er auðkennt sem svæði 10B, þ.e. Ísafjarðarsýslur.

Með bréfi dagsettu 27. nóvember 2019 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt ákvörðun óbyggðanefndar um að taka til umfjöllunar svæði 10B, sbr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998, og veittur frestur til 2. mars 2020 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða. Að beiðni íslenska ríkisins var frestur fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa kröfum á svæðinu framlengdur fimm sinnum, síðast til 15. september 2020.

Landsvæði þetta, hið fimmtánda í röðinni hjá óbyggðanefnd,[2] tekur til sveitarfélaganna Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar, Súðavíkurhrepps og hluta Strandabyggðar.

Við skiptingu svæðis 10 voru mörk svæða 10B og 10C miðuð við sýslumörk Ísafjarðarsýslna og Barðastrandarsýslna og svæðamörkin teiknuð inn á kort á grundvelli stafrænna gagna frá Landmælingum Íslands um legu sýslumarkanna. Við meðferð máls nr. 3/2020 á svæði 10C aflaði óbyggðanefnd upplýsinga frá Veðurstofu Íslands um legu

[2] Upphaflega var meginlandinu skipt í ellefu svæði við málsmeðferð nefndarinnar. Svæðum 7, 8 og 9 var öllum skipt í tvennt á síðari stigum, þ.e. svæði 7A, 7B, 8A, 8B, 9A og 9B. Svæði 10 var síðan skipt í þrennt, þ.e. svæði 10A, 10B og 10C. Svæði 10C var tekið fyrir á undan svæði 10B og því var síðarnefnda svæðið hið fimmtánda í röðinni af sextán svæðum á meginlandinu þegar þarna var komið sögu.

vatnaskila við sýslumörkin. Af þeim var ljóst að vatnaskilin lágu ýmist aðeins sunnar eða norðar en sýslumörkin, eins og þau höfðu verið dregin upp á grundvelli fyrrgreindra gagna frá Landmælingum Íslands. Þar sem gagnaðilar íslenska ríkisins í máli nr. 3/2020 á svæði 10C miðuðu kröfur sínar að norðanverðu við vatnaskil, varð ljóst að kröfurnar náðu á nokkrum stöðum norður fyrir sýslumörk og þar með mörk milli svæða 10C og 10B eins og þau höfðu verið skilgreind. Vegna þessa ákvað óbyggðanefnd á fundi 27. október 2020, að höfðu samráði við lögmenn aðila, að breyta mörkum milli svæða 10C og 10B til samræmis við legu vatnaskila, að því marki sem kröfur gagnaðila ríkisins í máli nr. 3/2020 á svæði 10C miðuðust við þau. Breytingin tók því einungis til þess hluta svæðamarkanna þar sem kröfur gagnaðila ríkisins í umræddu máli miðuðust við vatnaskil en ekki sýslumörk. Lögmenn íslenska ríkisins á svæðum 10B og 10C og lögmenn gagnaðila ríkisins í máli nr. 3/2020 voru upplýstir um breytinguna með tölvupósti 30. október 2020 og í kjölfarið aðlagaði íslenska ríkið kröfur sínar að breyttum svæðamörkum, bæði á svæði 10C og 10B.[3] Breytingin var gerð með það fyrir augum að hægt væri að fjalla í einu máli um kröfur viðkomandi gagnaðila ríkisins, til hagsbóta fyrir þá. Að öðrum kosti hefðu þeir einnig þurft að gera kröfur til lítilla svæða innan svæðis 10B til þess að halda kröfum sínum til streitu. Auk þess var við ákvarðanatökuna höfð hliðsjón af því að svæðið beggja vegna þess hluta svæðamarkanna sem breytingin tók til var undirorpið þjóðlendukröfu að langmestu leyti.

Að teknu tilliti til framangreindra breytinga afmarkast svæði 10B svo við málsmeðferð óbyggðanefndar: Sýslumörkum Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu er fylgt frá hafi við Geirólfsnúp milli Skjaldabjarnarvíkur og Reykjafjarðar til suðvesturs og síðan suðurs þar til komið er að norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu. Þaðan er mörkum milli Norður-Ísafjarðarsýslu og Austur-Barðastrandarsýslu fylgt til vesturs þar til komið er að þeim stað þar sem vatnaskil milli Skálmarfjarðar og Ísafjarðardjúps skera sýslumörkin. Þaðan er vatnaskilum milli Skálmarfjarðar og Ísafjarðardjúps fylgt til vesturs að vatnaskilum milli Vattarfjarðar og Ísafjarðardjúps og þeim svo fylgt til vesturs að þeim stað þar sem þau beygja til suðvesturs frá norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu, sem jafnframt eru norðurmörk Reykhólahrepps, skammt vestan við punkt í 673 m hæð. Þaðan er sýslumörkunum fylgt til vesturs þar til komið er að mörkum Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu. Þaðan er síðastnefndum sýslumörkum fylgt til vesturs að hafi við Langanes við Arnarfjörð. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Hlutaðeigandi sýslumannsembætti og sveitarfélögum var tilkynnt um málsmeðferðina þegar kröfur ríkisins höfðu borist og gerð grein fyrir framhaldinu.

[3] Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins á svæði 10B barst óbyggðanefnd 16. september 2020 og því lá fyrir á þessu stigi að gerð væri krafa um þjóðlendu norðan svæðamarkanna sem nú er til umfjöllunar í máli nr. 5/2021.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 10B barst óbyggðanefnd 15. september 2020 en kröfulínukort bárust 5. og 6. október 2020. Kröfulýsingin ásamt kortum var birt 7. október 2020 á vefsíðu nefndarinnar. Óbyggðanefnd birti síðan tilkynningu um málsmeðferð á svæðinu og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 9. október 2020, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. febrúar 2021. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð kynni að verða þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Yfirlýsingunni var síðan þinglýst 4. febrúar 2021. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar í Lögbirtingablaðinu var birtur með auglýsingum í dagblöðum, sbr. fyrrnefnt lagaákvæði, auk þess sem birt var auglýsing í héraðsfréttamiðli.

Kynningargögn um kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru gerð aðgengileg almenningi á öllum skrifstofum sýslumannsins á Vestfjörðum, þ.e. á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði, auk skrifstofu og vefsíðu óbyggðanefndar. Að auki voru gögnin send sveitarfélögum á svæðinu með beiðni um að hafa þau aðgengileg. Enn fremur var fréttatilkynning send út um þjóðlendukröfu ríkisins, kröfulýsingarfrest annarra og hvar kynningargögn væru aðgengileg. Morgunblaðið og vefurinn Bæjarins besta (bb.is) fjölluðu um þjóðlendukröfurnar 8.–22. október 2020 og Ísafjarðarbær kynnti kröfurnar á vefsíðu sinni.

Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur þrisvar, síðast til 22. mars 2021. Innan frestsins bárust 123 kröfulýsingar, sumar vegna fleiri en einnar jarðar eða svæðis, og athugasemdir vegna einnar jarðar í viðbót. Síðar bárust nefndinni 36 kröfulýsingar í viðbót og þær urðu því samtals 159. Síðarnefndu kröfulýsingunum var veitt viðtaka á grundvelli 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga en samkvæmt henni ber óbyggðanefnd að gefa þeim, sem kunna að telja til eignarréttinda á þeim svæðum sem þjóðlendukröfur ríkisins taka til, kost á að gerast aðilar máls og lýsa kröfum fyrir nefndinni. Sumar kröfulýsingarnar bárust í kjölfarið á bréfi sem óbyggðanefnd sendi í maí og júní 2021, að liðnum kröfulýsingarfresti gagnaðila ríkisins, til eigenda jarða í grennd við þau kröfusvæði ríkisins þar sem gagnkröfum hafði ekki verið lýst til að vekja athygli á kröfum ríkisins og gefa eigendum jarðanna kost á aðild að málunum, á grundvelli áðurnefndrar 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga.

Gefið var út yfirlit yfir lýstar kröfur ásamt uppdrætti. Lögboðin kynning á heildarkröfum fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumannsins á Vestfjörðum á Hólmavík og Ísafirði frá 1. desember 2021 til og með 7. janúar 2022, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998, auk þess sem skrifstofa sama embættis á Patreksfirði fékk gögnin send rafrænt. Athugasemdafrestur var til 14. janúar 2022. Kynningar-

gögnin voru jafnframt aðgengileg á skrifstofu óbyggðanefndar og vefsíðu nefndarinnar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, tók til 45 skilgreindra svæða. Á móti bárust 159 kröfulýsingar ýmissa aðila sem sumar sköruðust en samtals tóku þær til tæplega 190 jarða eða svæða.

2.4 Mál nr. 4/2021, Fjalllendi milli Ísafjarðardjúps, Álftafjarðar og Önundarfjarðar, auk Stigahlíðar

Við fyrstu fyrirtöku mála á svæði 10B, sem haldin var sameiginlega vegna allra málanna 4. júní 2021, var tilkynnt um skiptingu svæðisins í átta mál, nr. 1–8/2021, og að mál nr. 4/2021 nefndist Fjalllendi milli Önundar-, Súganda-, Skutuls- og Álftafjarða auk Stigahlíðar og Hestfjalls. Gerð var grein fyrir skipan óbyggðanefndar í málunum og að hana skipuðu í máli nr. 4/2021 Allan V. Magnússon, Þorsteinn Magnússon og Valgerður Sólnes. Upplýsingar um skiptingu í mál, skipan nefndarmanna í þau og mat á sérstöku hæfi nefndarmanna höfðu áður verið sendar lögmönnum og öðrum fulltrúum málsaðila í tölvupósti og engar athugasemdir borist. Ekki komu heldur fram athugasemdir við þessi atriði á fundinum. Farið var yfir forsögu meðferðar svæðis 10B og stöðu málsmeðferðar, m.a. upplýst að eigendum allnokkurra jarða í grennd við kröfusvæði ríkisins þar sem gagnkröfum hafði ekki verið lýst innan kröfulýsingarfrests hefði verið sent bréf til að vekja athygli þeirra á kröfum ríkisins og gefa þeim kost á aðild að málunum, sbr. 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga. Brýnt var fyrir lögmönnum að skila öllum kröfulýsingum sem þeir hefðu boðað, gera viðeigandi ráðstafanir varðandi kortlagningu kröfulína og skila skriflegum umboðum frá öllum umbjóðendum sínum til skrifstofu óbyggðanefndar. Bent var á að litið væri svo á að einungis þeir sem gefið hefðu slíkt umboð væru aðilar máls, að því frátöldu ef aðilar gættu hagsmuna sinna sjálfir.

Gerð var grein fyrir gagnaöflun nefndarinnar og stöðu hennar. Einnig var greint frá verklagi við framlagningu skjala og lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Sömuleiðis var gerð grein fyrir ýmsum atriðum sem varða málskostnað og greiðslur á útlögðum kostnaði en í því sambandi var vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Því var beint til lögmanna og annarra fulltrúa aðila að kanna hvort ljúka mætti málinu með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Enn fremur var farið yfir framhald málsmeðferðar og upplýst að vettvangsferðir væru fyrirhugaðar um sumarið. Lögmenn voru beðnir að kanna, í samráði við umbjóðendur sína, hvað þeir teldu helst þurfa að skoða í vettvangsferð og hvernig því yrði best komið við.

Önnur fyrirtaka í máli nr. 4/2021 var haldin 9. júní 2021. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Lögmenn voru inntir eftir því hvort tekist hefði að sætta málið að einhverju eða öllu leyti frá síðustu fyrirtöku en svo reyndist ekki vera. Friðbjörn Garðarsson lögmaður benti á að Ríkiseignir hefðu sent nefndinni athugasemdir vegna Staðar í Súgandafirði, sem væri ríkisjörð. Hann velti því upp hvort borðleggjandi væri að fulltrúar ríkisvaldsins samræmdu afstöðu sína hvað þetta varðar. Fram kom að ágrein-

ingur málsins sneri einkum, a.m.k. í flestum tilvikum, að því hvort landamerki jarða á svæðinu lægju saman uppi á fjöllum eða efsti hluti fjallanna væri utan eignarlanda og því þjóðlenda. Einnig var bent á að fjallsbrúnir hefðu áður komið til skoðunar í málum hjá nefndinni og vakin athygli á annars vegar málum nr. 3–4/2004 og 2–3/2005 þar sem þurft hefði að túlka hugtakið fjallsbrún í tengslum við Esju og Smjörfjöll, og hins vegar máli nr. 1/2018 sem varðaði svæði sunnan og austan Snæfellsjökuls en þar háttaði öðruvísi til. Því var beint til lögmanna að skoða framkvæmd nefndarinnar að þessu leyti, staðhætti og heimildir, ekki síst með tilliti til þess hvort líkindi væru með aðstæðum í málinu sem nú væri til umfjöllunar og einhverju fyrri mála. Þá voru ítrekaðar óskir um að fulltrúar málsaðila kæmu ábendingum og óskum umbjóðenda sinna vegna vettvangsferða á framfæri við nefndina ásamt upplýsingum sem áður höfðu verið sendar fulltrúum aðila í tölvupósti um að stefnt væri að vettvangsferðum í málum nr. 1–5/2021 dagana 16.–19. ágúst og að nánari tilhögun vettvangsferðar yrði ákveðin í samráði við lögmenn og aðra fulltrúa aðila. Fyrirkomulag vettvangsferðar var rætt nokkuð.

Með tölvupósti 10. ágúst 2021 var lögmönnum og fulltrúum málsaðila tilkynnt um þá breytingu á skipan nefndarinnar að Eiríkur Elís Þorláksson kæmi í stað Valgerðar Sólnes. Engar athugasemdir voru gerðar við breytinguna.

Vettvangsferð vegna máls nr. 4/2021 fór fram 19. og 21. ágúst 2021. Fjallað er um hana í kafla 4.3 hér á eftir.

Þriðja fyrirtaka í máli nr. 4/2021 var haldin 12. maí 2022. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Vakin var sérstök athygli á því að söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands lægi fyrir og kerfisbundinni gagnaöflun óbyggðanefndar væri lokið. Þó gæti komið til frekari gagnaöflunar ef framhald rannsóknar málsins gæfi tilefni til þess og lögmönnum og öðrum fulltrúum aðila yrðu þá send skjöl jafnóðum og þau bærust líkt og áður. Formaður rifjaði upp að fram hefði komið af hálfu lögmanns ríkisins í nóvember 2021 að hann hygðist óska eftir greinargerð Náttúrufræðistofnunar um gróðurfar í málum á svæði 10B. Aðspurður sagði lögmaður ríkisins að enn lægi ekki fyrir hvort af þessari gagnaöflun yrði. Áhersla var lögð á að hraða þyrfti ákvörðun um það í ljósi þeirra þátta málsmeðferðar sem framundan væru.

Leitað var sátta með aðilum og farið sérstaklega yfir eftirfarandi áhersluatriði sem upplýst hafði verið um í tölvupósti: Í fyrsta lagi var bent á að í málinu sneri ágreiningurinn einkum að því hvort fjallsbrúnir sem mynduðu sýnileg skil í landslagi réðu merkjum milli eignarlanda og þjóðlendu eða hvort landamerki jarða næðu saman efst á fjöllum. Vettvangsferð hefði varpað ljósi á staðhætti og fyrir lægju frekari gögn en þegar kröfum var lýst. Því var beint til lögmanna og annarra fulltrúa málsaðila að meta með atviksbundnum hætti hvort unnt væri að sætta ágreining sem sneri að þessu atriði. Í öðru lagi var bent á að mjög lítil skörun væri á Kroppstaðafjalli milli krafna ríkisins annars vegar og hins vegar eigenda Kroppstaða og Efstabóls. Í þriðja lagi var bent á að gagnvart Meira-Hrauni fylgdi kröfulína ríkisins ekki að öllu leyti sýnilegum fjallsbrúnum heldur væri línan dregin að hluta neðar í hlíðinni, þrátt fyrir að texti kröfugerðar benti til þess

að umræddum brúnum væri fylgt. Í fjórða lagi var bent var á að suðurhluti ágreiningssvæðisins „Arafjall, Hádegisfjall og Heiðnafjall“ tæki til mjög mjórrar landræmu, frá Mærðarhorni og suður í Heiðnafjall. Í fimmta lagi var vent var á að krafa ríkisins viki frá sýnilegum fjallsbrúnum beggja vegna punkts nr. 4 á kröfulínu ríkisins, milli Dvergasteinsfjalls og Svarthamarsfjalls, þrátt fyrir að texti kröfugerðar gæfi tilefni til að ætla að umræddum fjallsbrúnum væri fylgt. Fram kom af hálfu lögmanna ríkisins að þarna ætti línan að fylgja fjallsbrúnum og vera dregin þaðan í Dvergasteinsá. Að lokinni yfirferð um fyrrgreind atriði var brýnt fyrir fulltrúum málsaðila að leitast við að sætta málið eftir því sem unnt væri.

Enn fremur var rifjað upp að í tölvupósti hefðu verið kynnt áform um að halda aðalmeðferðir í málum nr. 1–5/2021 4.–5. október 2022 Ísafirði. Þessar tímasetningar væru staðfestar, enda hefðu ekki komið fram athugasemdir. Þá var íslenska ríkinu veittur frestur til 30. júní 2022 til að skila greinargerð og upplýst að aðrir málsaðilar fengju í framhaldinu frest til 19. september 2022 til að skila greinargerðum.

Fjórða fyrirtaka í málum nr. 1–5/2021 var haldin sameiginlega 27. september 2022. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá og bent á að flest skjölin hefðu áður verið gerð aðgengileg lögmönnum og öðrum fulltrúum málsaðila á vefsvæði og þeir hefðu fengið upplýsingar um skjölin jafnóðum og þau bárust. Vakin var sérstök athygli á því að greinargerðir íslenska ríkisins í málunum lægju nú fyrir og væru meðal framlagðra skjala en þær hefðu áður verið gerðar aðgengilegar rafrænt 1. júlí. Þá var vakin athygli á að frestur annarra til að skila greinargerðum hefði runnið út 26. september og að þær greinargerðir sem hefðu borist væru nú lagðar fram. Þess var einnig getið sérstaklega að lagðar væru fram kröfulýsingar vegna tiltekinna jarða og að þeim væri veitt viðtaka þótt kröfulýsingarfrestur væri löngu liðinn, enda hefðu þær borist í framhaldi af ráðstöfunum sem skrifstofa nefndarinnar gerði á grundvelli 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 til að vekja athygli hugsanlegra rétthafa, sem ekki höfðu lýst kröfum, á málsmeðferðinni.

Einnig var vakin athygli á því að með greinargerðum íslenska ríkisins hefði kröfum þess verið breytt að því er varðaði afmörkun þjóðlendukrafna gagnvart tilteknum jörðum í málum nr. 3/2021 og 5/2021 og kröfulínukortum hefði jafnframt verið breytt til samræmis. Kallað var eftir afstöðu þeirra sem önnuðust hagsmunagæslu vegna viðkomandi jarða til þess hvort ágreiningi um merki viðkomandi jarða væri lokið en sú afstaða lá ekki fyrir á fundinum. Enn fremur var vikið að tilteknum atriðum sem vörðuðu hugsanlegar frekari sættir í málum nr. 1/2021 og 5/2021. Brýnt var fyrir fundarmönnum að ljúka því sem út af stæði varðandi mögulegar sættir.

Enn fremur var rætt um tilhögun aðalmeðferðar 4. og 5. október og m.a. rifjuð upp einstök atriði þar að lútandi sem fulltrúar málsaðila höfðu verið upplýstir um í tölvupósti. Þá var þess getið að enn ætti eftir að uppfæra sum kröfulínukort málanna m.t.t. breytinga á kröfulínum sem fulltrúar málsaðila hefðu tilkynnt um og að enn hefðu

ekki öll umboð málsaðila til málflytjenda þeirra skilað sér að fullu til nefndarinnar. Brýnt var fyrir fulltrúum málsaðila að bæta úr því.

Aðalmeðferð í málum nr. 4–5/2021 var haldin sameiginlega 5. október 2022. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Þess var getið sérstaklega að í máli nr. 5/2021 væru lagðar fram kröfulýsingar vegna Saura og Traðar í Álftafirði og að þeim væri veitt viðtaka þótt kröfulýsingarfrestur væri löngu liðinn, enda hefðu þær borist í framhaldi af ráðstöfunum sem skrifstofa nefndarinnar gerði á grundvelli 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 til að vekja athygli hugsanlegra rétthafa, sem ekki höfðu lýst kröfum, á málsmeðferðinni. Einnig var bent á að þótt kerfisbundinni gagnaöflun væri lokið væri hugsanlegt að fleiri skjöl ættu eftir að koma fram síðar en lögmenn og aðrir fulltrúar málsaðila fengju að sjálfsögðu afhent jafnóðum öll skjöl sem kynnu að koma fram, sem og færi á að tjá sig um þau og uppfæra málskostnaðaryfirlit sín ef þeim þætti tilefni til. Farið var yfir tiltekin atriði um málsaðild eigenda jarða í máli nr. 5/2021 þar sem kröfum ríkisins hefði verið breytt.

Einnig fóru fram skýrslutökur sem gerð er grein fyrir í kafla 4.4.

Þá voru málin flutt munnlega. Fyrst flutti lögmaður íslenska ríkisins mál nr. 4–5/2021 sameiginlega. Hann tók fram að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem ríkisjarðir væru til staðar og á öðrum svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda, á sama hátt og ef gagnkröfur væru fyrir hendi. Lögmaðurinn gerði einnig grein fyrir breytingum og hugsanlegum breytingum á kröfugerð í málum nr. 4–5/2021. Í máli nr. 4/2021 lýsti hann því yfir að fallið væri frá kröfu til Búrfells milli Súgandafjarðar og Skutulsfjarðar. Í andsvari við málflutningsræðum annarra lögmanna síðar í aðalmeðferðinni brást hann einnig við ábendingu um að tilefni gæti verið til endurskoðunar á kröfu ríkisins á Hestfjalli í Önundarfirði á þann veg að það yrði tekið til skoðunar.

Nefndarmenn beindu spurningum til lögmanns ríkisins um tiltekin atriði. Bent var á að fyrir lægi réttarframkvæmd um þá túlkun að með vísunum til fjallsbrúna gæti verið átt við vatnaskil á fjöllum og lögmaður ríkisins var beðinn að draga skýrar fram að hvaða leyti hann teldi Ísafjarðarsýslur frábrugðnar öðrum landshlutum sem nefndin hefði fjallað um, þ.e. hvort kröfur ríkisins byggðust á því að staðhættir, heimildir eða eitthvað annað væri frábrugðið. Lögmaður ríkisins svaraði því til að kröfugerðin byggðist bæði á mati á merkjalýsingum jarðanna og því mati að staðhættir væru sérstakir þar sem skörp skil væru í landinu og sléttur uppi á fjöllum.

Þá fluttu málflytjendur gagnaðila íslenska ríkisins málin. Í máli nr. 4/2021 tilkynnti lögmaður eiganda Hóls í Bolungarvík að leiðrétta þyrfti hvernig kröfulína á Bolafjalli vegna jarðarinnar væri dregin á kröfulínukort og gengið yrði frá því innan skamms. Texti kröfulýsingar væri hins vegar óbreyttur. Þá lýsti lögmaður eigenda Norðureyrar í Súgandafirði því yfir að kröfulína vegna jarðarinnar yrði leiðrétt og samræmd við kröfulínu vegna Keflavíkur.

Við lok aðalmeðferðar tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar en ef frekari gögn kæmu fram yrðu málin þó tekin fyrir aftur af því tilefni. Enn fremur vakti formaður sérstaka athygli lögmanns ríkisins á því að íslenska ríkið hefði vakið máls á því að á ýmsum stöðum kæmi til greina að breyta kröfugerð. Formaður ítrekaði að nefndin hefði ekki leynt því að hún legði mikla áherslu á að ríkið freistaði þess að ná samkomulagi við landeigendur og legði vinnu í það.

Sjötta fyrirtaka mála nr. 1–8/2021 var haldin sameiginlega vegna allra málanna 29. ágúst 2023. Formaður gerði grein fyrir því að gerðar hefðu verið breytingar á kröfugerð ríkisins frá því að aðalmeðferðir málanna hefðu farið fram, líkt og lögmönnum og fulltrúum málsaðila hefði áður verið tilkynnt. Breytingarnar bárust óbyggðanefnd með bréfum 24. janúar og 24. mars 2023, en því bréfinu fylgdu jafnframt uppfærðar textalýsingar á þeim kröfusvæðum sem breytingarnar vörðuðu. Bréfin voru send lögmönnum og fulltrúum málsaðila 25. janúar og 24. mars 2023. Óbyggðanefnd barst einnig leiðrétt textalýsing á kröfusvæði ríkisins við Hælavíkurbjarg 29. júní 2023, sem kynnt var lögmönnum og fulltrúum málsaðila með tölvupósti 3. júlí 2023. Í framangreindum breytingum fólst m.a. að íslenska ríkið féll frá kröfum á Hestfjalli í máli nr. 4/2021. Af því tilefni spurði formaður þann lögmann sem gætti hagsmuna vegna Hafurshests, Hesthúsa efri og Ármúla í Önundarfirði, hvort ágreiningi vegna jarðanna væri lokið með umræddum breytingum á kröfugerð íslenska ríkisins og lögmaðurinn staðfesti að svo væri.

Formaður kynnti að óbyggðanefnd hefði ákveðið breytingar á heiti mála nr. 4–5/2021 og 7–8/2021. Nýtt heiti á máli nr. 4/2021 væri: Fjalllendi milli Ísafjarðardjúps, Álftafjarðar og Önundarfjarðar, auk Stigahlíðar.

Þá upplýsti formaður að 16. maí 2023 hefði borist leiðrétt kröfulýsing vegna Neðri-Hnífsdals, Bakka og Hrauns í Hnífsdal í máli nr. 4/2021, þar sem jarðirnar Bakki og Hraun bættust við en afmörkun kröfunnar í heild breyttist ekki. Á grundvelli 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, hefði óbyggðanefnd ákveðið að veita eigendum umræddra jarða aðild að málinu. Einnig gerði formaður grein fyrir tilteknum atriðum sem vörðuðu mál nr. 5/2021.

Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá, sem höfðu áður verið gerð aðgengileg lögmönnum og þeir fengið upplýsingar um. Að því búnu tilkynnti formaður að mál nr. 1–8/2021 væru tekin til úrskurðar.

3 KRÖFUGERÐ[4]

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Kröfum fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er skipt í tólf svæði í máli þessu. Þess er krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðanna.

Klofningsheiði:

Upphafspunktur er í fjallsbrún Skógarhorns sem er í beinni sjónhendingu frá seltóttum í Langadal sem skilja að landamerki Neðri- og Fremri Breiðdal (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir að brún Grjótskálargils sem ræður merkjum Neðri Breiðdals og Selakirkjubóls (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir að fjallsbrún í botni Káldárdal sem er í beinni línu við upptök Káldár, sem ræður merkjum Selakirkjubóls og Kaldár (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum í punkt sem er í beinni línu við Markarhrygg og gil og ræður merkjum Kaldár og Hóls (4). Þaðan ráða fjallsbrúnir að miðjum Garðsdal sem ræður merkjum Hóls og Garða (5). Þaðan ráða fjallsbrúnir að fjallsbrún sem er í beinni stefnu við gil sem rennur úr Sauðanefsflesi sem ræður merkjum Garða og Hvilftar (6). Þaðan ráða fjallsbrúnir að fjallsbrún þeirri innan við Litlahryggsgil sem er í beinni línu í dý í fjallinu sem ræður merkjum Hvilftar og Eyri (7). Þaðan ráða fjallsbrúnir að klauf sem er í fjallsbrún fremst á Suðanesi sem ræður merkjum Eyrar og Staðar (8). Þaðan eftir fjallsbrúnum þangað sem Þverá rennur af fjalli sem ræður merkjum Staðar og Bæjar (9). Þaðan eftir fjallsbrúnum fram Vatnsdal og í Nautskálahorn sem ræður merkjum Kvíaness og Botns (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir fram á Botnsheiði og í Þverfjall fyrir botni Breiðdals sem ræður merkjum Veðurá ytri og Neðri Breiðdals (11). Þaðan eftir fjallsbrúnum Langadals í upphafspunkt.

Kroppstaðafjall:

Upphafspunktur er í fjallsbrún Vondafjalls (Þverfelli) í Heiðarskarði á hreppamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir að fjallsbrún þar sem Þverá rennur af fjalli og ræður merkjum Efstabóls og Korpudals (2). Þaðan eftir fjallsbrún í Kroppstaðaskál sem er í beinni línu við Merkislá við Korpu sem ræður merkjum Efstabóls og Kroppstaða (3) Þaðan eftir fjallsbrún að Bæjarhrygg sem ræður merkjum Kroppstaða og Bæjarhryggs (4). Þaðan eftir fjallsbrúnum Kirkjubólsfjalls, fjallsbrúnum Jafnadals og að Veðrarárhorni sem ræður merkjum Innri- og Ytri Veðrarár (5). Þaðan eftir fjallsbrúnum að Raufhorni í Breiðdalsskarði (6). Þaðan ráða fjallsbrúnir í upphafspunkt.

Gilsbrekkuheiði Ísafirði:

Upphafspunktur er fjallsbrún í Gyltuskarði (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í gil sem er í beinni stefnu við Seltjörn sem ræður merkjum Botns og Gilsbrekku (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Ytra Áreiðargili sem ræður merkjum Gilsbrekku og Selárdals (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Mígandisá sem ræður merkjum Selárdals og Norðureyrar (4). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Norðureyrargili sem ræður merkjum Norðureyrar og Galtar (5). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Skínandagil, norðan við Burstaurð sem ræður merkjum Galtar og Keflavíkur (6). Þaðan ráða fjallsbrúnir í klett sem er upp af ytra Skálarhorni sem ræður merkjum Keflavíkur og Meiribakka (7). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Bolungavíkurkaupstaðar að Kistufelli og þaðan í upphafspunkt.

Gilsbrekkuheiði Bolungavík:

Upphafspunktur er í fjallsbrún í klett sem er upp af ytra Skálarhorni sem ræður merkjum Keflavíkur og Meiribakka (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Kroppstaðaá, þar sem hún rennur af fjalli, sem ræður merkjum milli Meiribakka og Kroppsstaða (2). Þaðan

[4] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (aðilaskrá) og III (kort).

ráða fjallsbrúnir í hæsta hnjúk á Kroppstaðahorni sem ræður merkjum Kroppstaða og Meira Hrauns (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir í á sem rennur úr Göngumannaskörðum ofan Hraundals, sem ræður merkjum Meira- og Minna Hrauns (4). Þaðan ráða fjallsbrúnir í læk sem rennur úr Lambaskál frá fjalli og ræður merkjum Minna Hrauns og Breiðabóls (5). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Lambamúla sem ræður merkjum Breiðabóls og Meiri Hlíðar (6). Þaðan ráða fjallsbrúnir að upptökum Þverá í Mannfellsskál sem ræður mörkum Meiri Hlíðar og Þjóðólfstungu (7). Þaðan eftir fjallsbrúnum og í vatn norðan Gráróuheiði sem er upptök Hólsár, og ræður merkjum Þjóðólfstungu og Hóls (8). Þaðan í beina sjónhendingu til fjalls og eftir fjallsbrúnum í Steinmann sem ræður merkjum Hóls og Grundarhóls (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Geirastaðagil sem ræður merkjum Geirastaða (10). Þaðan eftir fjallsbrúnum í Surtabrandsá sem ræður merkjum milli Gils og Hanhóls (11). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Kistufelli og Svarthamri að og eftir sveitarfélagamörkum Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar í upphafspunkt sbr. þjóðlendukröfulínu Gilsbrekkuheiði Ísafjarðarbæ.

Bolafjall og Stigahlíð:

Upphafspunktur er í Kerlingu sem skilur að almenninga og Minnibakka (1). Þaðan beint til fjalls og eftir fjallsbrún í punkt sem er í beinni línu við Merkjagarð sem ræður merkjum Minnibakka og Breiðabóls (2). Þaðan eftir fjallsbrún í punkt sem er í beinni línu við Hærrikross á Lambamúla, sem ræður merkjum Breiðabóls og Meirihlíðar (3). Þaðan eftir fjallsbrún í Mjóateygsgil sem ræður merkjum Meirihlíðar og Minnihlíðar að framanverðu (4). Þaðan eftir fjallsbrún í Kaldárgil sem ræður merkjum Meirihlíðar og Minnihlíðar (5). Þaðan eftir fjallsbrún í Stekkjargil sem ræður merkjum Meirihlíðar og Traðar (6). Þaðan eftir fjallsbrún í Traðarhorn og til sjávar (7). Þaðan afmarkar sjór í upphafspunkt.

Arafjall, Hádegisfjall og Heiðnafjall:

Upphafspunktur er Ara sem ræður merkjum Neðri Hnífsdals og Óss (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum Arafjalls, Hádegisfjalls, Núpskambs og í sveitarfélagamörk Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar í Heiðnafjalli (2). Þaðan eftir sveitafélagamörkum í upphafspunkt.

Búðarfjall

Upphafspunktur er í Marksgili í Lambakál (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum Búðarfjalls í Ara sem ræður merkjum Neðri Hnífsdals (2). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Bolungavíkur og Ísafjarðabæjar í fremstu fjallsbrún Heiðnafjalls ofan Heiðarskarðs (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum í upphafspunkt.

Breiðafell og Eyrarfjall:

Upphafspunktur í Bakkarönd í 666m hæð (1). Þaðan eftir fjallsbrún í Bakkahyrnu og það eftir gili sem liggur þaðan skáhallt niður á fremstu brúnir Gleiðhjalla á Eyrarfjalli (2). Þaðan eftir brúnum Gleiðhjalla að efstu brún Steiniðjugils (3). Þaðan í sjónhendingu beint upp í fremstu brún Eyrarfjalls (4). Þaðan eftir fjallsbrúnum Breiðafells, í Þjófaskarð (5). Þaðan eftir nyrðri fjallsbrúnum Þjófa, Þjófahvilftar, Breiðafells, Fremstuhvilftar, Miðhvilftar, Eyrarfjalls og Þórólfsgnúps í upphafspunkt.

Ernir og Kirkjubólsfjall:

Upphafspunktur er í fremstu fjallsbrún Básafjalls í sjónhendingu ofan Bása (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum Ernis og Kirkjubólsfjalls í Skutulsfirði í fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu í dý og læk við Svarta Bakka sem ræður merkjum Kirkjubóls og Fossa (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum í Hulduklett sem ræður merkjum Fossa og Engidals (3). Þaðan í og eftir fjallsbrúnum í og eftir sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps í sveitafélagamörk á fjallsbrún Rauðkolls (4). Þaðan eftir eystri fjallsbrúnum Kirkjubólsfjalls og Ernis í upphafspunkt.

Ufs, Súðavíkurfjall og Sauratindar:

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps á fjallsbrún við Búðarhamar (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í sveitarfélagamörk Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar við Sauratind og þaðan eftir sveitarfélagamörkum í upphafspunkt.

Ufs, Súðavíkurfjall, Traðarhyrna og Sauratindar:

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps á fjallsbrún við Búðarhamar (1). Þaðan eftir fjallsbrún í Traðargil sem ræður merkjum Traðar og Súðavíkur (2). Þaðan eftir fjallsbrún í sveitarfélagamörk Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar við Sauratind og þaðan eftir sveitarfélagamörkum í upphafspunkt.

Dvergsteinsfjall og Svarthamar:

Upphafspunktur er í fjallsbrún fyrir botni Sauradals sem ræður merkjum Saura og Eyrardals (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum að Kofra sem er í beinni línu við Þórðarsteina sem ræður merkjum Eyrar og Hlíðar (2). Þaðan í fjallsbrún sem vísar að ofan í miðja Pöttvík og ræður merkjum Hlíðar og Dvergasteins (3). Þaðan eftir fjallsbrún þangað sem Dvergasteinsá rennur frá fjalli og ræður merkjum Dvergasteins og Svarthamars (4). Þaðan eftir fjallsbrún Svarthamars í fjallsbrún efst í Merkigili sem ræður merkjum Svarthamars og Svarfhóls (5). Þaðan eftir fjallsbrún að sveitarfélagamörkum Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar við Þóruskarð og í upphafspunkt.

3.2 Kröfur vegna Hafurshests, Hesthúsa efri og Ármúla í Önundarfirði

Við meðferð málsins komu fram af hálfu eigenda Hafurshests, Hesthúsa efri og Ármúla í Önundarfirði kröfulýsingar þar sem þess var krafist að kröfum íslenska ríkisins innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt var *Hestfjall* yrði hafnað, enda væri það innan merkja jarðanna samkvæmt landamerkjabréfi Hafurshests frá 20. mars 1921.

Eftir að framangreindum kröfum var lýst af hálfu eigenda umræddra jarða færði íslenska ríkið kröfulínu sína til samræmis við hana. Að því búnu var ekki lengur uppi efnislegur ágreiningur um það landsvæði sem kröfugerð landeigenda tók til og létu þeir málið ekki frekar til sín taka eftir það.

3.3 Kröfur vegna Kirkjubóls í Korpudal

Af hálfu eiganda Kirkjubóls í Korpudal er þess krafist að kröfum íslenska ríkisins innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er *Kroppstaðafjall* verði hafnað, að því marki sem það er innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 18. ágúst 1889.

3.4 Kröfur vegna Efstabóls í Korpudal

Af hálfu eiganda Efstabóls í Korpudal er þess krafist að kröfum íslenska ríkisins innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er *Kroppstaðafjall* verði hafnað, að því marki sem það er innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 4. apríl 1889.

3.5 Kröfur vegna Kroppstaða í Korpudal

Af hálfu eiganda Kroppstaða í Korpudal er þess krafist að kröfum íslenska ríkisins innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er *Kroppstaðafjall* verði hafnað, að því marki sem

það er innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi Kroppstaða frá 21. janúar 1921.

3.6 Kröfur vegna Innri-Veðrarár í Önundarfirði

Af hálfu eigenda Innri-Veðrarár í Önundarfirði er þess krafist að kröfum íslenska ríkisins innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er *Kroppstaðafjall* verði hafnað, að því marki sem það er innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi Innri-Veðrarár frá 22. janúar 1888.

3.7 Kröfur vegna Ytri-Veðrarár í Önundarfirði

Tvær kröfulýsingar vegna mismunandi hluta jarðarinnar bárust óbyggðanefnd.

Af hálfu eigenda annars hluta jarðarinnar er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar eins og því sé lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 2004, að því marki sem landamerkin snerta kröfugerð ríkisins.

Af hálfu eiganda hins hluta jarðarinnar er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að landi jarðarinnar í samræmi við landamerkjabréf og þinglýstar landamerkjalínur frá Breiðadalsá upp á vatnaskil á fjöllum.

3.8 Kröfur vegna Fremri-Breiðadals í Önundarfirði

Af hálfu eiganda Fremri-Breiðadals í Önundarfirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja: að neðanverðu frá Breiðadalsá þar sem Þverá rennur í hana upp Þverá í Þverdal til fjalls að vatnaskilum milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Eftir vatnaskilunum til austurs þar til komið er til móts við Skógarhorn. Þaðan um Skógarhorn og niður læk sem rennur í Breiðadalsá í Langadal neðan við neðri seltóttina og eftir ánni í upphafspunkt.

Þá er krafist málskostnaðar með vísan til 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

3.9 Kröfur vegna Neðri-Breiðadals í Önundarfirði

Af hálfu eiganda Neðri-Breiðadals í Önundarfirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja, en land jarðarinnar er í tveimur hlutum og skilur Breiðadalur Fremri þá að: Ytri hlutinn markast af þeim stað í Breiðadalsá þar sem Þverá rennur í hana, upp Þverá í Þverdal til fjalls á vatnaskilum Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Eftir þeim til vesturs þar til komið er til móts við Kirkjubólsfjall, eftir hrygg þess að Grjótskálargili, niður Stóruurð að steini í fjörunni sem járnteinn var rekinn í. Þaðan inn eftir fjörunni og upp Breiðadalsá að upphafspunkti. – Fremri jarðarhlutinn markast af línu sem dregin er frá Breiðadalsá upp læk sem rennur í hana á Langadal neðan við neðri seltóttina upp brún Skógarhorns að vatnaskilum Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Eftir þeim til austurs og síðan suður

eftir hábrún Þverfjalls þar til komið er til móts við Heiðarvatn, um það og í Breiðadalsá úr því niður Langadal í upphafspunkt.

Þá er krafist málskostnaðar með vísan til 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

3.10 Kröfur vegna Selakirkjubóls í Önundarfirði

Af hálfu eiganda Selakirkjubóls í Önundarfirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja: að innanverðu frá steini í fjörunni sem rekinn hefur verið járnteinn í, upp Stóruurð og um Grjótskálargil alla leið á fjall upp að vatnaskilum Öndunarfjarðar og Súgandafjarðar. Eftir þeim til vesturs þar til komið er til móts við upptök Kaldár, en niður hana um Kaldárdal til sjávar.

Þá er krafist málskostnaðar með vísan til 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

3.11 Kröfur vegna Kaldár í Önundarfirði

Af hálfu eiganda Kaldár í Önundarfirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja: að innanverðu Kaldá, frá fjöru til fjalls um Kaldárdal allt að vatnaskilum Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Eftir þeim til vesturs þar til komið er til móts við gil í Hólsfjalli ofan við Markhrygg, að því og niður það en eftir hryggnum til sjávar að jarðföstum merktum stórum steini á sjávarbökkum.

Þá er krafist málskostnaðar með vísan til 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

3.12 Kröfur vegna Hóls í Önundarfirði

Af hálfu eiganda Hóls í Önundarfirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja: að innanverðu skal lína dregin úr jarðföstum stórum steini á sjávarbökkum eftir svonefndum Markhrygg í gil í Hólsfjalli og á fjall fram að vatnaskilum Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Eftir þeim til vesturs þar til komið er til móts við upptök Hólsár, en niður miðjan Hóls og Garðsdal eftir ánni til sjávar.

Þá er krafist málskostnaðar með vísan til 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

3.13 Kröfur vegna Hvilftar og Garða í Önundarfirði

Af hálfu eiganda Hvilftar og Garða í Önundarfirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðanna í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa jarðanna, fyrir utan lóð í eigu Önundar Magnússonar og Sigrrósar Jónasdóttur, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr ósi merkjalækjar við sjó (1) að upptökum í mógröfum (2) þaðan eftir lækjarfarvegi í grænt dý í fjallinu (3) þaðan bein lína að hreppamörkum (vatnaskilum) (4) Þaðan eftir vatnaskilum (hreppamörkum) þar til komið er á móts við upptök Hólsár (5) og þaðan ræður áin til sjávar (6).

Til vara krefst landeigandi þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.14 Kröfur vegna Eyrar í Önundarfirði

Af hálfu eiganda Eyrar í Önundarfirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr ósi merkjalækjar við sjó (1) að upptökum í mógröfum (2) þaðan eftir lækjarfarvegi í grænt dý í fjallinu (3) þaðan bein lína að hreppamörkum (vatnaskilum) (4) Þaðan eftir vatnaskilum (hreppamörkum) á Sauðanesi að Rauf (5) og þaðan eftir hreppamörkum til sjávar (6).

Til vara krefst landeigandi þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.15 Kröfur vegna Bæjar í Vatnadal í Súgandafirði

Af hálfu eiganda Bæjar í Vatnadal í Súgandafirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr ósi Staðarár við sjó (1) að þeim stað er Þverá (Sunddalsá) fellur í hana (2) þaðan fylgja merkin Þverá til upptaka (3) Þaðan á vatnaskilum til Sunddalshorns (4) og þaðan í Urðarkoll (5) og þaðan beint í Helguhól (6) þaðan í Þrautahól (7) og um Hamraenda (8) í Húsahvilft (9) og þaðan eftir vatnaskilum í klett milli Kýrness og Vallarness framan við Spilli (10) og þaðan til sjávar (11)

Til vara krefst landeigandi þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.16 Kröfur vegna Vatnadals í Súgandafirði

Af hálfu eiganda Vatnadals í Súgandafirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá hornmarki við Kvíanes á hreppamörkum (1) eftir vatnaskilum milli Vatnadals og Grímsdals og síðan Vatnadals og Súgandafjarðar að Húsahvilft (2) þaðan beint í Hamraenda (3) þaðan í Þrautahól (4) og þaðan í Helguhól (5). Úr Helguhól beint í Urðarkoll (6) og þaðan beint upp í Sunddalshorn (7) og þaðan eins og vötn falla til Vatnadals á hreppamörk (8)

Til vara krefst landeigandi þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.17 Kröfur vegna Kvíaness í Súgandafirði

Tvær kröfulýsingar bárust óbyggðanefnd vegna Kvíaness í Súgandafirði af hálfu mismunandi eigenda jarðarinnar.

Í annarri kröfulýsingunni er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr ósi lækjar sem rennur ofan með Klúkutúni (punktur 1) eftir læknum að króknum (punktur 2) og þaðan beint í Nautskálshorn (punktur 3) þaðan eins og vötn falla til Grímsdals (punktur 4) og Súgandafjarðar þar til komið er á móts við Markklett og þaðan í klettinn (punktur 5) og þaðan beint til sjávar (punktur 6)

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

Í annarri kröfulýsingunni er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja: Innanvert frá fjöru um læk ofan með Klúkutúninu og Krókinn í læknum og áfram um Nautaskálarhorn að vatnaskilum milli Súgandafjarðar

og Önundarfjarðar. Eftir þeim til vesturs þar til komið er til móts við Markklett, en frá vatnaskilum um klettinn til sjávar.

Þá er krafist málskostnaðar með vísan til 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

3.18 Kröfur vegna Botns í Súgandafirði ásamt Birkihlíð

Af hálfu eigenda Botns í Súgandafirði ásamt Birkihlíð er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja: utanvert að norðanverðu frá fjöru um Seltjörn og um gil í Grensfjalli að vatnaskilum á sveitarfélagamörkum Bolungarvíkur. Eftir þeim til austurs að Kistufelli, um hábrún þess og Gyltuskarð að Búrfelli. Um hábrún Búrfells og efsta hluta Botnsheiðar að vatnaskilum milli Súgandafjarðar og Önundarfjarðar. Eftir vatnaskilunum til vesturs til móts við Nautaskálarhorn. Þaðan til fjöru um læk ofan með Klúkutúninu.

Þá er krafist málskostnaðar með vísan til 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

3.19 Kröfur vegna Gilsbrekku í Súgandafirði

Af hálfu eigenda Gilsbrekku í Súgandafirði er þess krafist að viðurkenndur verði eignarréttur landeigenda að öllu landi jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi Botns og Gilsbrekku frá 22. júní 1889 og landamerkjabréfi Selárdals og Gilsbrekku frá 24. nóvember 1891. Samkvæmt þeim séu landamerki jarðarinnar við Ytri-Áreiðargil að brún fjalls, sem þaðan nái ofan við Gilsbrekkudal að Grensfjalli. Sá hluti fjallsins sem marki landamerkin við Ytri-Áreið heiti Ytri-Áreiðarfjall en sían Innri-Áreiðarfjall þegar norðar dragi. Þá er gerð krafa um málskostnað.

3.20 Kröfur vegna Selárdals í Súgandafirði

Af hálfu eiganda Selárdals í Súgandafirði er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá Áreiðarsteini við sjó (1) í Ytra-Áreiðargil (2) og eftir gilinu og stefnu þess að hreppamörkum (vatnaskilum) (3). Þaðan eftir hreppamörkum þar til komið er á móts við Mígandagil (4) og þaðan í gilið og eftir því og læknum sem um það fellur til sjávar (5).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.21 Kröfur vegna Norðureyrar við Súgandafjörð

Af hálfu eiganda Norðureyrar við Súgandafjörð er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja: að utanverðu um Norðureyrargil frá fjöru til fjalls að vatnaskilum við dal upp af Keflavík og eftir þeim að vatnaskilum á sveitarfélagamörkum við Bolunarvík. Að innanverðu um Mígindisá frá fjöru til fjalls að vatnaskilum á sveitarfélagamörkum við Bolungarvík. Að norðanverðu eftir sveitarfélagamörkum milli ytri og innri marka, að sunnan eftir fjörunni.

Þá er krafist málskostnaðar með vísan til 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

3.22 Kröfur vegna Galtar við Súgandafjörð

Af hálfu eiganda Galtar við Súgandafjörð er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Skínandagil við sjó (1) og eftir gilinu itl fjalls (2) og eftir háfjallinu þar til komið er að hornmarki milli Galtar, Keflavíkur og Norðureyrar (3) þaðan í Norðureyrargil (4) og eftir gilinu til sjávar (5).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.23 Kröfur vegna Keflavíkur milli Súgandafjarðar og Skálavíkur

Af hálfu eiganda Keflavíkur milli Súgandafjarðar og Skálavíkur er þess krafist að kröfum íslenska ríkisins innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er *Gilsbrekkuheiði* verði hafnað, að því marki sem það er innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

3.24 Kröfur vegna Meiri-Bakka í Skálavík

Af hálfu eigenda Meiri-Bakka í Skálavík er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá upptökum Kroppstaðaár á hreppamörkum (1) sem ræðum merkjum í Langá (2) sem ræður til sjávar (3) aðan að landamerkjum móti Keflavík í stakan klett norðan við

> Háskriður en vestan Mölvíkur (4) þaðan um Ytra-Skálarhorn á hreppamörk móti Súgandafirði (5) sem ráða að punkti 1.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.25 Kröfur vegna Kroppsstaða í Skálavík

Af hálfu eigenda Kroppsstaða í Skálavík er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá upptökum Kroppstaðaár á hreppamörkum (1) sem ræður merkjum í Langá (2) sem ræður þangað til komið er á móts við Strýtustein rauðan (3) þaðan í garðsenda ofan til við Katlagarð (4) þaðan í Klukkustekk (5) þaðan í Hamraenda (6) og þaðan í hæsta hnúkinn á Kroppstaðahorninu og á vatnaskil móti Súgandafirði (7)

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.26 Kröfur vegna Meira-Hrauns í Skálavík

Af hálfu eiganda Meira-Hrauns í Skálavík er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Milli Meira- og Minnahrauns ræður Hraunsá frá upptökum í Gönguskarði (Göngumannaskarði) (1) í Langá (2) sem ræður þangað til komið er á móts við Strýtustein rauðan (3) þaðan í garðsenda ofan til við Katlagarð (4) þaðan í Klukkustekk (5) þaðan í Hamraenda (6) og þaðan í hæsta hnúkinn á Kroppstaðahorninu og í vatnaskil móti Súgandafirði (7).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.27 Kröfur vegna Minna-Hrauns í Skálavík

Af hálfu eiganda Minna-Hrauns í Skálavík er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Milli Meira- og Minnahrauns ræður Hraunsá frá upptökum í Gönguskarði (Göngumannaskarði) (1) í Langá (2) sem ræður þangað til komið er að ósi Beiðabólsár (3) og eftir henni að ósi lækjar þess sem fellur úr Lambaskál (4) og eftir læknum og farvegi hans á vatnaskil að Deili (5). Vatnaskil ráða milli punkta 1 og 5.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.28 Kröfur vegna Breiðabóls í Skálavík

Af hálfu eiganda Breiðabóls í Skálavík er þess krafist að viðurkenndur verði eignaréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu landamerkjabréfs jarðarinnar sem lesið var á manntalsþingi í Bolungavík 4. júlí 1922 og er í samræmi við þær kröfulínur sem teiknaðar hafa verið inn á kröfulínukort málsins. Þá er krafist málskostnaðar ef til þess kemur.

3.29 Kröfur vegna Minni-Bakka í Skálavík

Af hálfu eiganda Minni-Bakka í Skálavík er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá ósi Langár (1) eftir ánni á móts við merkjagarð (2) og svo eftir garðinum meðan endist og þaðan beint til fjallsbrúnar (3) þaðan eftir fjallinu þar sem það er hæst þar til komið er á móts við læk sem rennur á kambinum utan til við Gunnarsvík (4) og svo eftir læknum til sjávar (5)

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.30 Kröfur vegna Hlíðartorfu í Bolungarvík (Meiri-Hlíðar, Traðar og Ytri-Búða)

Af hálfu eiganda Hlíðartorfu í Bolungarvík er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi torfunnar, að landi Minni-Hlíðar undanskildu, í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa Meiri-Hlíðar, Traðar og Ytri-Búða auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá Dunu(Dísar)steini á Grjótleiti (1) með ströndinni þar til komið er að ósi Hlíðarár (2) þaðan eftir ánni þar til Tunguá fellur í hana (3) þaðan er ánni fylgt þangað til Þverá fellur í hana (4) Þaðan er Þverá fylgt til vatnaskila á Lambamúla (5) Þaðan í Hæsta-Kross á Skálaheiði (6) og þaðan að merkjum Hóls á Bolafjalli (7) þaðan er merkjum Hóls fylgt þar til komið er á móts við Gráleiti (8) og þaðan þvert yfir fjallið í Dunu(Dísar)stein.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.31 Kröfur vegna Þjóðólfstungu í Bolungarvík

Af hálfu eiganda Þjóðólfstungu í Bolungarvík er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá upptökum Hólsár á vatnaskilum (1) og ræður áin merkjum að nyrðri fossinum í Girðisbrekku (2) þaðan beint í vörðustein sem stendur hæst á Bungum (3) og þaðan í ós Litluár og Hólsár í Bungnasporði (4) þaðan ræður Hólsá uns Hlíðará fellur í hana (5) þaðan er Hlíðará fylgt þangað til Þverá fellur í hana (6) og þaðan ræður áin upp á vatnaskil á Deili (7) og þaðan eins og vötn falla til Tungudals að upptökum Hólsár.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.32 Kröfur vegna Hóls í Bolungarvík

Af hálfu eiganda Hóls í Bolungarvík er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landsvæði sem afmarkast svo:

Frá Dunu(Dísar)steini á Grjótleiti (1) til sjávar og með ströndinni þar til komið er að ósi lækjar sem rennur á kambinum utan til Gunnarsvík (2) þaðan eftir læknum til fjallsbrúnar þar sem fjallið er hæst (3) þaðan er merkjum móti jörðum í Skálavík og Hlíðartorfu fylgt þar til komið er á móts við Gráleiti (4) og þaðan í punkt 1.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að öllu landi á Bolafjalli sem skilgreint er í samþykktu deiliskipulagi sveitarfélagsins sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda þann 28. júní 2021 n.t.t. 38 hektara landspildu sbr. framlagðan upprátt.

Til þrautavara er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda á öryggissvæðinu á Bolafjalli og veghelgunarsvæði innan þjóðlendukröfulínu eins og svæðir skilgreint er í Auglýsingu nr. 720/2015, viðauka d, n.t.t. allt land innan neðangreindrar hnitagirðingar:

001 304756,6 638181,5 101 304747,4 638007,2 100 002 304742,2 637908,9 102 304727,1 638007,2 003 305104,6 637889,7 103 304651,6 638014,4 50 104 304500,1 638043,5 105 304336,2 638047,6 22 106 304194,1 638027,7 107 304058,4 638035,3 500 108 303890,8 638076,1 109 303839,2 638085,1 500 110 303778,4 638097,9 111 303672,2 638127,4 500 112 303564,2 638144,8 113 303482,9 638152,4 500 114 303383,7 638169,2 115 303333,2 638175,1 9 116 303232,0 638181,8 117 303196,0 638182,9 500 118 303127,4 638182,5 119 303102,1 638182,9 500 120 303013,0 638186,9 121 303011,4 638169,0 500 122 303039,7 638165,2 123 303159,2 638133,9 500 124 303540,9 638146,0 125 303209,4 638113,8 500 126 303241,3 638102,3 127 303332,3 638072,9 500 128 303447,7 638018,5 129 303859,3 638082,2 350 130 303750,5 637825,1 131 303840,8 637751,3 350 132 303912,9 637676,7 133 303887,3 637640,7 500 134 303742,7 637707,3 135 303671,8 637663,6 400 136 303668,4 637561,2 137 303672,7 637528,6

Til þrautaþrautavara er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að u.þ.b. 7 hektara landspildu á Bolafjalli sem í öndverðu var leigð varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins með samningi dags. 20. júní 1985, sbr. framlagðan uppdrátt.

Í öllum tilfellum krefst landeigandi þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.33 Kröfur vegna Geirastaða í Bolungarvík

Af hálfu eigenda Geirastaða í Bolungarvík er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

Frá ósi lækjar við Miðdalsvatn (1) og eftir læknum til upptaka (2) þaðan ræður Geirastaðagil að vatnaskilum á Erni (3) þaðan eftir vatnaskilum á Erni að Steinmanni

> hærri (4) þaðan eftir gili niður hlíðina í merktan stein á Geirastaðaleiti (5) þaðan beint fremsta Vatnsneshorn (6)

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.34 Kröfur vegna Miðdals í Bolungarvík

Af hálfu eigenda Miðdals í Bolungarvík er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi korti. Land jarðarinnar afmarkist n.t.t. svo:

> … af landamerkjum jarðarinnar Hanhóll, af landamerkjum jarðarinnar Geirastaða, Syðridalsvatns og loks fjallsbrúninni milli Syðra-Tungudals

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.35 Kröfur vegna Hanhóls í Bolungarvík

Af hálfu eiganda Hanhóls í Bolungarvík er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti. Land jarðarinnar afmarkist n.t.t. svo:

> … af landamerkjum jarðarinnar Gils sem er innar í dalnum, jarðarinnar Miðdalur, sem er niður í dalnum, syðri enda Syðradalsvatns og loks fjallsbrún þeirri er aðskilur dalinn frá fjallinu því er Grárófa nefnist

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.36 Kröfur vegna Gils í Bolungarvík

Af hálfu eigenda Gils í Bolungarvík er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá merkigarði við Syðradalsvatn (1) og eftir garðinum meðan hann endist (2) þaðan eftir Núpskambi í tind Heiðnafjalls (3) og þaðan á hreppamörkum að upptökum Surtarbrandsár (4) og eftir henni í Gilsá (5) sem ræður til vatns (6)

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.37 Kröfur vegna Óss í Bolungarvík

Af hálfu eiganda Óss í Bolungarvík er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá Nöðrulækjarósi við sjó (1) beint í Ara (2) og þaðan á hreppamörkum á tind Heiðnafjalls (3) þaðan eftir Núpskambi í merkisgarð framan til við Seljaholt (4) sem ræður merkjum í Syðradalsvatn (5). Síðan ræður vatnið og Ósinn til sjávar (6)

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.38 Kröfur vegna Neðri-Hnífsdals, Bakka og Hrauns í Hnífsdal

Af hálfu eigenda Neðri-Hnífsdals, Bakka og Hrauns í Hnífsdal er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðanna í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa jarðanna, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá sjó (1) eftir Miðleitisgili í hæsta fjallstind upp af gilinu (2). Þaðan eftir háfjallinu (vatnaskilum) í Þórólfshnúk (3) og þaðan í upptök Merkjalækjar (4) og læknum fylgt í Hnífsdalsá (5). Þaðan eftir merkjaskurði úr ánni í Markgil og eftir gilinu meðan endist (6). Þaðan eftir Lambaskál miðri til fjalls á sveitarfélagamörk (vatnaskil) (7). Þaðan er vatnaskilum fylgt að Ara (8) og þaðan í Nöðrulæk til sjávar (9). Sjór ræður milli 1 og 9.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.39 Kröfur vegna Fremri-Hnífsdals

Af hálfu eiganda Fremri-Hnífsdals er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins í land Fremri-Hnífsdals verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist svæðið allt vera innan þinglýstra landamerkja og undirorpið beinum eignarrétti.

Er þess aðallega krafist að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar Fremri-Hnífsdals séu í samræmi við fyrirliggjandi landamerkjabréf frá 26. maí 1886, sbr. kröfulínur á framlögðum uppdrætti af landamerkjum jarðarinnar.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að forni og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

3.40 Kröfur vegna Eyrar í Skutulsfirði ásamt Stakkanesi

Af hálfu eiganda Eyrar í Skutulsfirði ásamt Stakkanesi er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við lýsingu í kaupbréfum um jörðina auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá ósi lækjar þess sem næstur er Grænagarði (1) og til upptaka hans (2) þaðan í Merkjagil og eftir gilinu til fjalls (3) þaðan norður eftir vatnaskilum á Eyrarfjalli í hæsta fjallstind ofan upp af Miðleitisgili (4) og þaðan beint til sjávar (5).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.41 Kröfur vegna Seljalands í Skutulsfirði

Af hálfu eiganda Seljalands í Skutulsfirði er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá ósi Tunguár við sjó (1) og eftir ánni þar til lækur fellur í hana um 60 föðmum frá Seljalandstúngarði (2) eftir læknum til upptaka hans (3) og þaðan í stóran stein á Múlanum sem klappað er í LM (4). Þaðan er fylgt línu, sem ríðandi maður sér efsta Tungubæinn bera saman við krókinn í ánni, fram að Buná (5) og þaðan eftir Buná til upptaka (6) Þaðan eftir vatnaskilum á fjallinu þar til komið er á móts við Merkjagil (7) og þaðan eftir gilinu og í upptök lækjar þess sem næstur er Grænagarði (8) og eftir læknum til sjávar (9).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.42 Kröfur vegna Tungu í Skutulsfirði

Af hálfu eiganda Tungu í Skutulsfirði er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá ósi Tunguár við sjó (1) og eftir ánni þar til lækur fellur í hana um 60 föðmum frá Seljalandstúngarði (2) eftir læknum til upptaka hans (3) og þaðan í stóran stein á Múlanum sem klappað er í LM (4). Þaðan er fylgt línu, sem ríðandi maður sér efsta Tungubæinn bera saman við krókinn í ánni, fram að Buná (5) og þaðan eftir Buná til upptaka (6) Þaðan suður eftir vatnaskilum að upptökum Úlfsár (7) og þaðan eftir ánni til sjávar (8).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.43 Kröfur vegna Hafrafells í Skutulsfirði

Af hálfu eiganda Hafrafells í Skutulsfirði er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr ósi lækjar sem rennur í sjó skammt frá fjarðarhorninu (1) og eftir læknum að vörðu fyrir ofan svonefnda Urðargötu (2) og þaðan beina stefnu upp á fjall (3) þaðan eftir vatnaskilum við Engidal þangað til komið er að hreppamörkum (4) þaðan er hreppamörkum fylgt að upptökum Úlfár (5) sem ræður merkjum til sjávar (6).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.44 Kröfur vegna Neðri-Engidals í Skutulsfirði

Af hálfu eigenda Neðri-Engidals í Skutulsfirði er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr Langá (1) beint í stein sem stendur niðri á engjunum (2) þaðan í Kuldaklett (3) þaðan ráða vatnaskil og síðar hreppamörk að upptökum Langár (4) sem ræður að 1.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.45 Kröfur vegna Fossa í Skutulsfirði

Af hálfu eigenda Fossa í Skutulsfirði er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá upptökum Langár á vatnaskilum (hreppamörkum) (1) þaðan er hreppamörkum fylgt að hornmarki móti Kirkjubóli og Arnardalstorfu (2) þaðan liggja merki Kirkjubóls og Fossa saman til Langár (3) sem ræður að 1.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.46 Kröfur vegna Kirkjubóls í Skutulsfirði

Af hálfu eiganda Kirkjubóls í Skutulsfirði er þess krafist að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr innsta klettinnum í Stórabás (1) og þaðan beint til fjalls á vatnaskil á móti Arnardal (2) þaðan suður eftir Erni og Kirkjubólsfjalli á vatnaskilum þangað til komið er á móts við landamerkjalæk (3) þaðan í lækinn (4) og eftir honum uns hann rennur í Langá við Svörtubakka (5).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.47 Kröfur vegna Arnardalstorfu við Skutulsfjörð (Fremri-Arnardals, Neðri-Arnardals, Heimabæjar og Fremrihúsa)

Af hálfu eigenda Arnardalstorfu við Skutulsfjörð er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við lýsingu þinglýstra landamerkjabréfa jarða innan Arnardalstorfu auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr Brúðarhamri við sjó (1) á hreppamörkum eftst fjallið (2) þaðan suður með hreppamörkum (vatnaskilum) í Skákarskarð (3) og þaðan áfram eftir hreppamörkum þar til þau þverbeygja til suðurs (4) þaðan norður eftir Kirkjubólsfjalli og Erni á vatnaskilum þangað til komið er á móts við innsta klettinn í Stórabás (5) og þaðan beint í fyrrnefndan klett (6)

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.48 Kröfur vegna Traðar í Álftafirði

Af hálfu eigenda Traðar í Álftafirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar eins og það er afmarkað í landamerkjabréfi hennar og staðfest að það falli utan marka þjóðlendna.

Til vara er þess krafist, verði úrskurðað að einhver hluti jarðarinnar Traðar sé þjóðlenda, að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur landeigenda að því landsvæði sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar.

3.49 Kröfur vegna Súðavíkur í Álftafirði

Af hálfu eiganda Súðavíkur í Álftafirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar eins og það er afmarkað í landamerkjabréfi hennar og staðfest að það falli utan marka þjóðlendna.

Til vara er þess krafist, verði úrskurðað að einhver hluti jarðarinnar Súðavíkur sé þjóðlenda, að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur landeiganda að því landsvæði sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar.

3.50 Kröfur vegna Saura í Álftafirði

Af hálfu eigenda Saura í Álftafirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar eins og það er afmarkað í landamerkjalýsingum hennar og staðfest að það falli utan marka þjóðlendna.

Til vara er þess krafist, verði úrskurðað að einhver hluti jarðarinnar Saura sé þjóðlenda, að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur landeiganda að því landsvæði sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar.

3.51 Kröfur vegna Dvergasteins í Álftafirði

Af hálfu eigenda Dvergasteins í Álftafirði er þess krafist að kröfum íslenska ríkisins innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er *Dvergasteinsfjall og Svarthamar* verði hafnað, að því marki sem það er innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi Dvergasteins frá 18. ágúst 1890.

3.52 Kröfur vegna Svarthamars í Álftafirði

Af hálfu eiganda Svarthamars í Álftafirði er þess krafist að kröfum íslenska ríkisins innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er *Dvergasteinsfjall og Svarthamar* verði hafnað, að því marki sem það er innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfum aðliggjandi jarða, Dvergasteins og Svarfhóls.

3.53 Kröfur vegna Svarfhóls í Álftafirði

Af hálfu eiganda Svarfhóls í Álftafirði er þess krafist að kröfum íslenska ríkisins innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er *Dvergasteinsfjall og Svarthamar* verði hafnað, að því

marki sem það er innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar frá 18. júlí 1890.

3.54 Kröfur Orkubús Vestfjarða vegna vatns- og landréttinda

Af hálfu Orkubús Vestfjarða er þess krafist að viðurkenndur verði eignarréttur Orkubúsins að vatnsréttindum á vatnasviðum Reiðhjallavirkjunar, Tungudalsvirkjunar og Fossárvirkjunar. Þess er einnig krafist að viðurkenndur verði nýtingarréttur Orkubúsins að vatnsréttindum á vatnasviði Nónvirkjunar. Auk þess er þess krafist að viðurkenndur verði eignarréttur Orkubúsins að landi á línustæði Súðavíkurlínu en til vara að viðurkenndur verði eignarréttur Orkubúsins að umræddu mannvirki, að því marki sem það kann að standa í þjóðlendu.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi íslenska ríkisins, að skaðlausu.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1−69 ásamt undirskjölum, samtals 1.518 skjöl, auk 24 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta var kynnt lögmönnum og öðrum fulltrúum málsaðila og engar athugasemdir komu fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fulltrúum aðila málsins var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa fulltrúa málsaðila um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, þ.e. skjals nr. 2, inngangs að greinargerð safnsins, skjals nr. 3(3), og minnisblaða um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, sbr. hliðsjónargögn nr. 9–11. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. II.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins fimmtudaginn 19. ágúst 2021 og laugardaginn 21. ágúst 2021 í fylgd með lögmönnum og fulltrúum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för starfsmaður Þjóðskjalasafns Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Fimmtudaginn 19. ágúst 2021 hófst vettvangsferð í Holti í Önundarfirði kl. 9:05. Þar var horft yfir fjörðinn og sást m.a. í Kirkjubólsfjall, Skógarhorn, Veðrarárfjall og jarðirnar Breiðadal fremri og Neðri-Breiðadal. Því næst var ekið inn Korpudal, að Kirkjubóli. Þar bættist í hópinn Páll Stefánsson, eigandi jarða í Korpudal. Horft var til fjalla og sást m.a. í Hestfjall, Kirkjubólsfjall og Kroppstaðafjall. Páll greindi frá því að fé hefði leitað upp á slétturnar og að fjallagrös yxu þar. Hann lýsti innbyrðis merkjum jarða og nefndi einnig að í fjallinu væri virkjun.

Að því búnu var ekið yfir í Súgandafjörð og numið staðar kl. 10:25 á bænum Botni. Þar bættust í hópinn lögmenn og fulltrúar málsaðila í Súgandafirði ásamt tilteknum málsaðilum. Tilraun var gerð til að sjá Búrfell en það sást illa vegna þoku. Þess í stað var skoðuð ljósmyndabók með ljósmyndum af örnefnum á svæðinu. Frá Botni var ekið út með firðinum á Suðureyri þar sem hópurinn staðnæmdist á höfninni kl. 11:00. Þar var horft til fjalla og yfir fjörðinn og sáust m.a. Mígandi, Norðureyrargil og Göltur. Því næst var ekið lengra út með firðinum og numið staðar á Stað. Þar tók á móti hópnum Þorvaldur Helgi Þórðarson ábúandi á Stað. Hann lýsti ágreiningssvæðinu og benti m.a. á Sauðanes, Sunndal, Vatnadal, Staðardal og Þverá. Að því búnu var farið að merkjum milli Bæjar og Staðar þar sem horft var inn dalinn og á Sunndalsfjall. Þaðan var ekið aftur til Skutulsfjarðar. Ekið var að Búrfelli og horft til fjalla og þá sérstaklega á Búrfell en það sást illa vegna þoku. Því næst var ekið um Breiðadalsheiði milli kröfusvæða íslenska ríkisins sem nefnast Klofningsheiði og Kroppstaðafjall. Tilraun var gerð til að horfa til fjalla, t.d. á Þverfjall og Raufarhorn, en vegna þoku sást lítið. Að því búnu var ekið til Ísafjarðar.

Klukkan 13:05–14:30 var gert hlé á vettvangsferð.

Að hléi loknu var horft upp til fjalla á Þorleifstind eða Þórólfshnúk eins og hann hefur einnig verið kallaður. Frá Ísafirði var ekið í Hnífsdal. Þar var horft til fjalla og inn dalinn. Þar sáust m.a. Þorleifstindur/Þórólfshnúkur og Lambaskál.

Klukkan 15:15–15:45 var gert hlé á vettvangsferð við Ósvör í Bolungarvík.

Frá Ósvör var ekið að ratsjárstöðinni á Bolafjalli. Þaðan var horft til allra átta en vegna þoku var skyggni lélegt. Þá var staðnæmst um stund við Hærri kross á merkjum Meiri-Hlíðar og Breiðabóls. Því næst var ekið í Tungudal og hópurinn nam staðar. Horft var til fjalla og tilraun gerð til að sjá Grárófu en hún sást ekki vegna þoku. Úr Tungudal var ekið í Syðridal. Þar var horft til fjalla og sást m.a. í Arafjall og í vegslóða sem liggur yfir í Súgandafjörð. Einnig sáust bæirnir Hanhóll og Geirastaðir. Þaðan var haldið í Arnardal í Skutulsfirði. Hópurinn staðnæmdist í Fremri-Arnardal kl. 17:15. Horft var til fjalla og svo ekið lengra inn dalinn og aftur horft til fjalla og myndir teknar. Að því

búnu var ekið yfir í Álftafjörð þar sem hópurinn staðnæmdist á Svarthamri kl. 18:15. Bragi Líndal Ólafsson eigandi Svarfhóls greindi frá því að jarðirnar Dvergasteinn, Svarthamar og Svarfhóll hefðu verið konungseignir og svo prestjarðir. Það hafði svo verið seinna sem þeim var skipt upp. Þar var litið til fjalla og sást m.a. í Svarthamar, Svarthamarsfjall og Dvergasteinsfjall. Frá Svarthamri var ekið að Merkigili þar sem Bragi greindi frá því að smala hefði þurft fé uppi á sléttum. Því næst var farið inn á svæði máls nr. 5/2021 og mynd tekin af Valagili. Þar lauk þessum hluta vettvangsferðar kl. 18:55.

Vettvangsferð var fram haldið laugardaginn 21. ágúst 2021 kl. 9:20. Ekið var frá skrifstofu Súðavíkurhrepps í botn Álftafjarðar. Horft var út með firðinum og til fjalla. Bragi Líndal Ólafsson, eigandi Svarfhóls, lýsti svæðinu og benti á ýmis örnefni á svæðinu. Vettvangsferð í máli nr. 4/2021 lauk þar kl. 9:45.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar, lögmanna og annarra fulltrúa málsaðila:

- Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar.
- Jóhann Hannibalsson vegna Hanhóls í Bolungarvík.
- Páll Stefánsson vegna jarða í Korpudal í Önundarfirði.
- Bragi Líndal Ólafsson vegna Dvergasteins, Svarthamars og Svarfhóls í Álftafirði.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum þeirra er vikið í úrskurði þessum eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal hliðsjónargagna málsins.

5 SAGA LANDSVÆÐA

Í þessum kafla verður rakin saga svæðanna sem málið varðar. Í fyrstu er greint frá elstu ritheimildum um landnám þar. Því næst verða raktar heimildir um kröfusvæði málsins og nærliggjandi og tengdar jarðir, einkum afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Umfjöllun um þær jarðir sem liggja að ágreiningssvæðunum takmarkast oftast við heimildir um afmörkun. Að mestu er fylgt tímaröð í hverjum kafla.[5]

5.1 Landnám

Í *Landnámu* segir eftirfarandi um landnám í Önundarfirði og Súgandafirði:

> Qnundr Víkingsson, bróðir Þórðar í Alvirðu, nam Qnundar<fjǫrð allan> ok bjó á Eyri.
>
> Hallvarðr súgandi var í orrostu móti Haraldi konungi í Hafrsfirði; hann fór af þeim ófriði til Íslands og nam Súgandafjǫrð ok Skálavík til Stiga ok bjó þar.[6]

Í neðanmálsgrein í útgáfu *Landnámu* segir að átt sé við vesturhorn Stigahlíðar (Deildarhorn) þegar fjallað er um landnám Hallvarðar súganda til Stiga.[7] Þá segir eftirfarandi í *Landnámu* um landnám í Bolungarvík:

> Þuríðr sundafyllir ok Vǫlu-Steinn son hennar fór af Hálogalandi til Íslands ok nam Bolungarvík, ok bjǫggu í Vatsnesi. Hon var því kǫlluð sundafyllir, at hon seiddi til þess í hallæri í Hálogalandi, at hvert sund var fullt af fiskum. Hon setti ok Kvíarmið á Ísafjarðardjúpi ok tók til á kollótta af hverjum bónda í Ísafirði.[8]

Í neðanmálsgrein segir að Kvíarmið séu útaf Stigahlíð.[9] Um landnám í Skutulsfirði segir eftirfarandi í *Landnámu*:

> Helgi hét son Hrólfs ór Gnúpufelli; hann var getinn austr ok upplenzkr at móðurætt. Helgi fór til Íslands at vitja frænda sinna; hann kom í Eyjafjǫrð, ok var þar þá albyggt. Eptir þat vildi hann útan ok varð aptrreka í Súgandafjǫrð. Hann var um vetrinn með Hallvarði, en um várit fór hann at leita sér bústaðar. Hann fann fjǫrð einn ok hitti þar skutil í flæðarmáli; þat kallaði hann Skutilsfjǫrð; þar byggð hann síðan.
>
> […]
>
> Þórólfr brækir nam suman Skutilsfjǫrð ok Skálavík ok bjó þar.[10]

---

5 Þessi kafli er að mestu leyti byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dagsettri 5. júní 2023, sem lögð var fram sem skjal nr. 3(3), sbr. einnig eldri gerðir hennar, skjöl nr. 3(1)–3(2), dags. 29. júní 2021 og 10. maí 2022. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins, auk þess sem bæst hefur við umfjöllun um gögn sem aflað var annars staðar en á Þjóðskjalasafninu. Í inngangi að greinargerð Þjóðskjalasafnsins er greint frá gagnaflokkum sem leitað var í og tilhögun gagnaöflunar. Einnig skal nefnt að í heildarskilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands, skjali nr. 2, minnisblaði yfir gögn í *Íslenzku fornbréfasafni*, skjali nr. 69, og minnisblöðum um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, hliðsjónargögnum nr. 9–11, er gerð grein fyrir fleiri skjölum sem varða jarðir sem fjallað er um hér en ekki þótti tilefni til að leggja fram.

6 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 186, skjal nr. 4(6).

7 *Íslenzk fornrit* I (1968), sjá bls. 186, skjal nr. 4(6).

8 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 186, skjal nr. 4(6).

9 *Íslenzk fornrit* I (1968), sjá bls. 186, skjal nr. 4(6). Sjá einnig Kristian Kålund, *Bidrag til en historisk-topografisk beskrivelse af Island* I, 1877, bls. 584; *Sóknalýsingar Vestfjarða* II, bls. 89; *Árbók Ferðafélags Íslands* 1949, bls. 152.

10 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 186–187, skjal nr. 4(6).

Í neðanmálsgrein segir að Skálavík í landnámi Þórólfs brækis sé nú ókunn.[11] Um landnám í Álftafirði segir eftirfarandi í *Landnámu*:

> Eyvindr kné fór af Qgðum til Íslands ok Þuríðr rúmgylta kona hans; þau námu Álptafjǫrð ok Seyðisfjǫrð ok bjǫggu þar.[12]

5.2 Afréttir og afréttarnot

Aftast í lýsingu jarðarinnar Eyrar í Önundarfirði frá 1710, sem er sú síðasta sem lýst er í Önundarfirði í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*,[13] segir eftirfarandi:

> Afrjett á þessi sveit öngva, síðan Mosdalur bygðist, og gengur því jafnan geldfje og lömb í heimalöndum ásamt búsmalanum.[14]

Aftast í lýsingu jarðarinnar Keflavíkur frá 1710, sem er sú síðasta sem lýst er í Súgandafirði í *Jarðabók* Árna og Páls, segir eftirfarandi:

> Afrjett á þessi sveit öngva, og gánga hjer lömb og geldfje í heimalöndum.[15]

Aftast í lýsingu jarðarinnar Neðri-Arnardals frá 1710, sem er sú síðasta sem lýst er í Skutulsfirði í *Jarðabók* Árna og Páls, segir eftirfarandi:

> Afrjett á þessi sveit öngva og gánga lömb og geldfje jafnan í heimalöndum, og so hefur verið um lángan aldur.[16]

Hinn 3. febrúar 1920 skrifaði Örnólfur Valdimarsson, oddviti Suðureyrarhrepps, bréf til sýslumanns Ísafjarðarsýslu vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember 1919, um almenninga. Svar Örnólfs var að hvorki væru almenningar né afréttir í hreppnum sem ekki tilheyrðu einhverju lögbýli.[17]

Hinn 10. febrúar 1920 skrifaði Jón J. Fannberg, oddviti Hólshrepps, bréf til sýslumanns Ísafjarðarsýslu vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember 1919, um almenninga. Svar Jóns var að hvorki væru almenningar né afréttir í hreppnum sem ekki tilheyrðu einhverju lögbýli.[18]

Hinn 23. febrúar 1920 skrifaði Snorri Sigfússon, oddviti Mosvallahrepps, bréf til sýslumanns Ísafjarðarsýslu vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember 1919, um almenninga. Svar Snorra var að hvorki væru almenningar né afréttir í hreppnum sem ekki tilheyrðu einhverju lögbýli.[19]

Hinn 19. mars 1920 skrifaði Magnús Ásgeirsson, oddviti Súðavíkurhrepps, bréf til sýslumanns Ísafjarðarsýslu vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember

11 *Íslenzk fornrit* I (1968), sjá bls. 187, skjal nr. 4(6).
12 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 187, skjal nr. 4(6).
13 Hér eftir verður vísað til hennar sem *Jarðabókar* Árna og Páls.
14 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 126, skjal H-12.
15 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 139, skjal H-12.
16 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 169, skjal H-12.
17 Skjal nr. 2(1001).
18 Skjal nr. 2(1002).
19 Skjal nr. 2(1000).

1919, um almenninga. Að sögn Magnúsar voru almenningar „að því frekast vér höfum getað aflað oss upplýsingar um engir í hreppnum“.[20]

Hinn 3. júlí 1920 skrifaði Páll Pálsson, oddviti Eyrarhrepps, bréf til sýslumanns Ísafjarðarsýslu vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember 1919, um almenninga. Svar Páls var að hvorki væru almenningar né afréttir í hreppnum sem ekki tilheyrðu einhverju lögbýli.[21]

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum fyrirspurnir um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt.[22] Bæjarritari Ísafjarðarkaupstaðar svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 6. apríl sama ár og svaraði á eftirfarandi hátt þeim spurningum sem lutu að því hvort íbúar sveitarfélagsins ættu upprekstrarrétt í einhvern afrétt, hvað hann kallaðist og hvar mörk hans lægju:

> Bújarðir innan marka Ísafjarðarkaupstaðar eiga upprekstrarrétt sameiginlega í afrétt kaupstaðarins. Afrétturinn skiptist í nokkur svæði, sem afmarkast af fjallgörðum, t.d. Hnífsdalur, Engidalur og Arnardalur. Mörk Ísafjarðarafréttar, ef kalla mætti afréttinn því nafni, eru sýslumörk Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu, mörk Ísafjarðarkaupstaðar og Bolungarvíkur og mörk Ísafjarðar og Súðavíkurhrepps.[23]

Oddviti Súðavíkurhrepps svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 25. ágúst 1989. Þar segir að íbúar hreppsins áttu upprekstrarrétt í Hestfirði en afmörkun afréttarins væri um Hestfjarðará. Þá segir að íbúar Ögurhrepps eigi einnig upprekstrarrétt í afréttinn, en hann teldist til Súðavíkurhrepps frá Hestfjarðará.[24] Oddviti Mosvallahrepps svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 13. nóvember sama ár og sagði engin afréttarlönd tilheyra hreppnum.[25] Ekki er að sjá að svör hafi borist úr Suðureyrarhreppi eða Hólshreppi.

5.3 Hestur/Hafurhestur í Önundarfirði

Í máldaga Stefáns biskups Jónssonar frá 1491–1518 segir að hálfkirkjan undir Hesti í Önundarfirði eigi 10 hundruð í heimalandi og fimm kúgildi.[26]

Hinn 16. desember 1560 seldi sr. Ólafur Jónsson Eggerti Hannessyni jörðina Botn í Tálknafirði fyrir hálfa jörðina Hest í Önundarfirði, ketil, silfurkaleik og stakk.[27]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um hálfkirkjuna á Hesti í Önundarfirði:

> Hälffkirkian ä Heste ä .v^{c}. i heimalandi. iiij. malnytu kugilldi. ein messuklædi. eitt alltarisklædi rifid og litla biøllu.

---

20 Skjal nr. 2(1004). Hins vegar tilgreindi Magnús jörðina Hestfjarðarkot sem afréttarland, sjá mál nr. 5/2021.
21 Skjal nr. 2(1003).
22 Skjal nr. 2(1024).
23 Skjal nr. 2(1026).
24 Skjal nr. 2(1027).
25 Skjal nr. 2(1025).
26 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 81, skjal nr. 4(166).
27 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 540, skjal nr. 4(250).

Jtem jørdin .xL^{c}. og .ij^{c}. betur.[28]

Hálfkirkjan á Hesti var til árið 1583.[29]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Hest í Önundarfirði:

> **Hestur** (aðrir vilja það heiti **Hafurshestur**).
>
> Jarðarinnar allrar dýrleiki er xlviii hndr. Heimajörðin reiknuð fyrir xxiiii hndr.
>
> Eigandinn er Bjarni Bjarnason í Arnarbæli.
>
> Ábúendur á heimajörðunni Jón Þórðarson og Markús Bjarnason, sinn á hverri hálfri.
>
> […]
>
> Fyrir 56 árum, þá heimajörðin var þrenn xii hndr., […] Þetta er sögn Jóns Bjarnasonar á Hvilt.
>
> […]
>
> **Hesthus efre.** Hjáleiga við túnið eldri en í manna minni. Reiknast fyrir xii hndr. úr jörðunni.
>
> Ábúandinn Nikulás Þórðarson.
>
> […]
>
> **Hesthus nedre.** Önnur hjáleiga við túnið, bygð fyrst fyrir 26 árum. Reiknuð fyrir xii hndr. úr jörðunni.
>
> Ábúandinn Hallur Stullason.
>
> […]
>
> **Mule** (aðrir kalla **Mulakot** og nokkrir **Steinhus**). Þetta kot hefur engan vissan dýrleika, en útheyis slægjurnar sem því fylgja, eru teknar frá heimajörðunni, hvar með þá fylgdu Neðri Hesthús, og er þetta kot nokkrum árum eldra en Neðri Hesthús (ɔ: þeim þrennum xii hndr. sem nú eru heimajörðin og Hesthús neðri).
>
> Ábúandinn Jón Íngimundarson.
>
> […][1])
>
> Skóg hefur jörðin átt, sem er nú svo að segja eyddur.
>
> Engjum jarðarinnar spilla skriður oftlega og hafa nokkurn part þeirra aftekið. Á spillir og engjunum og ber þar á aur og grjót. Högum jarðarinnar hafa og skriður stórum spilt.
>
> **Aunundar Girde** heitir í Hestsengjum. Þar um eru munnmæli forn, að hjer hafi í landnámatíð bygð staðið, en enginn maður man þar bygð hafa verið, þó sjest hjer fyrir gömlum girðíngum. Ekki verður hjer aftur bygt án heimajarðarinnar skaða, því slægjur eru ekki aflögu.
>
> **Brandhólar** heitir annað örnefni í Hestslandi, þar sjer fyrir tóftarústum og mógröfum og meinast að vísu einhverntíma hafa bygð verið, þó löngu fyrir allra manna minni. Ekki verður hjer heldur bygt, því bæði skerti það engjar heimajarðarinnar og haga, svo er og túnstæðið afbrotið af á einni.
>
> [1]) Hjer á eftir stendur þessi klausa, en er strikuð út: „Einn maður segist heyrt hafa af sjer eldri mönnum, að áður en eignarmenn bjuggu á Hesti, og þar ekki var nema ein hjáleigan, Efri Hesthús, þá hafi með allri heimajörðunni verið x kúgildi, og þessu

[28] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 572, skjal nr. 4(167).

[29] Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* II, bls. 218, skjal H-21.

> samsinnir Jón Bjarnason á Hvilt“. Utanmáls við þessa grein er skrifað og síðan strikað út: NB. Jón Bjarnason á Hvilt interrogetur“ (= skal spurður).[30]

Við manntalsþing að Hvammi 13. júní 1729 var upplýst um arfaskifti sem gerð höfðu verið 5. júní 1728 á fasteignum Bjarna sál. Bjarnasonar og konu hans Guðnýjar Hákonardóttur. Guðmundur Bjarnason fékk þá jörðina Hafurhest og hálfa Höfn.[31]

Við manntalsþing að Auðkúlu 11. júní 1790 var þinglesið makaskiptabréf, dagsett 9. september 1787, þar sem Guðmundur Egilsson fékk sex hundruð í jörðinni Hokinsdal og 150 spesíur fyrir sex hundruð í Hafurhesti sem fóru til Kristínar Hallgrímsdóttur, ekkju Þorsteins Einarssonar.[32]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hafurhests í Önundarfirði metinn 48 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Guðmundur Egilsson á Hóli. Í matinu eru einnig teknar með hjáleigurnar Efri-Hesthús og Neðri-Hesthús. Fram kemur í færslu um Hafurhest að eyðihjáleigan Múlakot sé með í matinu. Í færslu um Efra-Hesthús segir að eyðihjáleigan Brandhólar sé með í matinu og í færslu um Efra-Hesthús segir að eyðihjáleigan Önundsgerði sé með í matinu en að hún fylgi heimagarðinum.[33]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hestur/Hafurshestur í Önundarfirði metin 48 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon telji hér hjáleigur, Efra- og Neðra-Hesthús, Múlakot eða Steinhús en árið 1805 var það síðastnefnda talið með heimajörðinni og eyðihjáleigan Önundargerði hafi verið talin með Neðra-Hesthúsi og eyðihjáleigan Brandhólar með Efra-Hesthúsi.[34]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Hafurhestur var metin á 414 ríkisbankadali.[35]

Með kaupbréfi dagsettu 31. maí 1887 seldi Guðmundur Bjarnason á Núpi 18 hundruð að fornu mati í Hafurhesti til Jóhannesar Kristjánssonar. Kaupbréfið var þinglesið 25. júní 1888.[36]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Hafurhests séu þinglesin.[37] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 4.410 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[38]

Landamerkjabréf jarðarinnar Hafurhests er dagsett 20. mars 1921 en það var þinglesið við manntalsþing á Flateyri 12. júlí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Að austanverðu ræður áin Korpa merkjum heim að Kroppsstaðamerki, en þar liggur það eftir gömlum farveg niður eyrar í svo nefnd Sýki, og úr því inn með Breiðeyri, sem

30 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 111–114, skjal H-12.
31 Skjal nr. 2(760).
32 Skjal nr. 2(761).
33 Skjal nr. 2(91).
34 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
35 Skjal nr. 2(167).
36 Skjal nr. 2(484).
37 Skjal nr. 2(172).
38 Skjal nr. 2(172).

> tilheyrir Hóli, en eftir það liggur það eftir Hesta, nema þar sem það liggur eftir svo nefndri Hvolpalænu, en Tunga á það land, sem liggur milli ár og lænu.
>
> Alt beitiland er óskift milli Þorpsjarða sem eru: Hafurhestur, Efrihús, Neðrihús, og slægjuland óskift eiga þessar jarðir heimast á Hestdal er kallað er Samvinna, og fremst á dalnum, sem kallað er Leiti. Hafurhestur á tvo fimtu parta úr óskiftu landi. Úr skiftu slægjulandi á hann á Hestdal þessa parta: Gyrði, Hlaðspart, Votahvamm, Stagggarðsengi, Kökubungu, Seljaengi og Fremstaengi. Merki við þessa parta eru öll skýr og enginn ágreiningur.
>
> Slægjur átti Hafurhestur allar á Korpudal, en nú eru þar sama sem engar.
>
> Milli Þorpstúna eru skýr merki: Lækur milli Hests og og [svo] Efrihúsa og grjótgarður og skurður. Niðri, undan túninu á hann eyrnapart niður í Hestá. Utanvert við túnið á Hestur alt land nema lítinn part, sem liggur í vinkil, og eru glögg merki þar og enginn ágreiningur
>
> Gjört að Hafurhesti 20. mars 1921 af ábúanda og eiganda Guðmundi Bjarnasyni, Jónatan Magnússyni bónda á Hóli, Jens Jenssyni frá Tungu Páli Rósinkranssyni bónda á Kirkjubóli Kristjáni G. Guðleifssyni bónda á Kirkjubóli Þorvaldi Þorvaldssyni bónda á Efstabóli Elíasi Eiríkssyni bónda á Kroppsstöðum Kjartani Rósinkranssyni[39]

Við manntalsþing að Flateyri 12. júlí 1921 var þinglesið landamerkjabréf fyrir jörðinni Hafurhesti.[40]

5.3.1 Neðri-Hesthús í Önundarfirði

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hafurhests í Önundarfirði metinn 48 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Guðmundur Egilsson á Hóli. Í matinu eru einnig teknar með hjáleigurnar Efri-Hesthús og Neðri-Hesthús. Fram kemur í færslu um Hafurhest að eyðihjáleigan Múlakot sé með í matinu. Í færslu um Efra-Hesthús segir að eyðihjáleigan Brandhólar sé með í matinu og í færslu um Efra-Hesthús segir að eyðihjáleigan Önundsgerði sé með í matinu en að hún fylgi heimagarðinum.[41]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 kemur fram í neðanmálsgrein um jörðina Hest/Hafurshest í Önundarfirði að meðal hjáleiga hennar sé Neðri-Hesthús. Hún er ekki metin sérstaklega en Hestur/Hafurshestur var metin 48 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Einnig segir að árið 1805 hafi eyðihjáleigan Önundargerði verið talin með Neðra-Hesthúsi.[42]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Neðri-Hesthús:

> 6. Hesthús nedri; tún smálegt og útislægjur laklegar sókum æríns árenslis.[43]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 192 ríkisbankadali.[44]

---

39 Skjal nr. 2(1).
40 Skjal nr. 2(759).
41 Skjal nr. 2(91).
42 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
43 Skjal nr. 2(153).
44 Skjal nr. 2(167).

Við manntalsþing að Þórustöðum 12. júlí 1859 var þinglesið gjafabréf Þorbjargar Sigurðardóttir í Hafnardal fyrir sex hundruðum í Hesthúsum, dagsett 4. apríl 1849.[45]

Hinn 12. mars 1892 gaf Ólafur Jónsson húsmaður í Haukadal syni sínum Matthíasi Ólafssyni í Haukadal 12 hundruð að fornu mati í Neðri-Húsum í Mosvallahreppi.[46]

Í undirmati II að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er jörðin Neðri-Hesthús metin um 1.045 kr.[47] Í undirmati II er jörðin metin á 640 kr. Eigandi var Kjartan Rósinkransson.[48]

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Hafurhests, sem dagsett er 20. mars 1921 og þinglesið við manntalsþing á Flateyri 12. júlí sama ár, segir að allt beitiland milli Þorpsjarða, Hafurhests, Efri-Húsa og Neðri-Húsa, sé óskipt og þá er fjallað um óskipt slægjuland á Hestdal. Efni bréfsins er svohljóðandi:

> Að austanverðu ræður áin Korpa merkjum heim að Kroppsstaðamerki, en þar liggur það eftir gömlum farveg niður eyrar í svo nefnd Sýki, og úr því inn með Breiðeyri, sem tilheyrir Hóli, en eftir það liggur það eftir Hesta, nema þar sem það liggur eftir svo nefndri Hvolpalænu, en Tunga á það land, sem liggur milli ár og lænu.
>
> Alt beitiland er óskift milli Þorpsjarða sem eru: Hafurhestur, Efrihús, Neðrihús, og slægjuland óskift eiga þessar jarðir heimast á Hestdal er kallað er Samvinna, og fremst á dalnum, sem kallað er Leiti. Hafurhestur á tvo fimtu parta úr óskiftu landi. Úr skiftu slægjulandi á hann á Hestdal þessa parta: Gyrði, Hlaðspart, Votahvamm, Stagggarðsengi, Kökubungu, Seljaengi og Fremstaengi. Merki við þessa parta eru öll skýr og enginn ágreiningur.
>
> Slægjur átti Hafurhestur allar á Korpudal, en nú eru þar sama sem engar.
>
> Milli Þorpstúna eru skýr merki: Lækur milli Hests og og [svo] Efrihúsa og grjótgarður og skurður. Niðri, undan túninu á hann eyrnapart niður í Hestá. Utanvert við túnið á Hestur alt land nema lítinn part, sem liggur í vinkil, og eru glögg merki þar og enginn ágreiningur
>
> Gjört að Hafurhesti 20. mars 1921 af ábúanda og eiganda Guðmundi Bjarnasyni, Jónatan Magnússyni bónda á Hóli, Jens Jenssyni frá Tungu Páli Rósinkranssyni bónda á Kirkjubóli Kristjáni G. Guðleifssyni bónda á Kirkjubóli Þorvaldi Þorvaldssyni bónda á Efstabóli Elíasi Eiríkssyni bónda á Kroppsstöðum Kjartani Rósinkranssyni[49]

Landamerkjabréf Neðri-Hesthúsa er dagsett 10. júlí 1921 en það var þinglesið við manntalsþing að Flateyri 12. júlí 1921. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki á jörðinni Neðrihús í Onundarfirði Vestur-Isafjarðarsyslu.
>
> Tunið er aðskilið með fornum ummerkjum frá Hestslandi.
>
> Engjarnar, eyrar frá túninu niður í Hestá, og norðantil við túnið eftir gomlum merkjum
>
> Á Hestdal 2. Votihvammur 3. Rjúkandi 4. Fremsta engi (Þræturimi). 5. Samvinna heimast á dalnum 6. Samvinna fremst á dalnum (Leitið) Af þessum samvinnum á Neðrihús 1/5 móti Hesti og Efrihúsum.
>
> Beitiland er sameiginlegt við Hest og Efrihús á Hest- og Korpudal að hlutfalli við jarðarstærð og sem jörðin getur framleitt

45 Skjal nr. 2(755).
46 Skjal nr. 2(691).
47 Skjöl nr. 2(349) og 2(350).
48 Skjal nr. 2(351).
49 Skjal nr. 2(1).

> Landamerkjalína um þessar jarðir er frá fjalli til upptaka Hestár og eftir henni miðri niður fyrir Neðrihúsaland. Þaðan eftir gomlum árfarvegi upp Hörðueyrar í Korpu Eftir henni miðri til upptaka og þaðan á hafjall
>
> Efrihúsum 10 júlí 1921
>
> Kjartan Rósinkransson eigandi
>
> Guðmundur Bjarnason Hafurhesti (Eigandi)
>
> Þorvaldur Þorvaldsson Efstabóli (ábúandi)
>
> Jens Jensson frá Tungu – Eigandi –
>
> Stefán Pálsson Efrihúsum (ábúandi)
>
> Halldór Þorvaldsson Kroppstöðum
>
> Jónatan Magnússon Hóli
>
> Páll Rósinkransson Kirkjubóli eigandi
>
> Kristjan B. Guðleifsson Kirkjubóli eigandi[50]

5.3.2 Efri-Hesthús í Önundarfirði

Við manntalsþing að Auðkúlu 11. júní 1790 var þinglesið afsalsbréf Gunnhildar Hákonarsdóttur ekkju á 12 hundruðum í Efri-Hesthúsum til Guðmundar Egilssonar fyrir 130 ríkisdalia spesíur, dagsett 12. mars 1787.[51]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hafurhests í Önundarfirði metinn 48 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Guðmundur Egilsson á Hóli. Í matinu eru einnig teknar með hjáleigurnar Efri-Hesthús og Neðri-Hesthús. Fram kemur í færslu um Hafurhest að eyðihjáleigan Múlakot sé með í matinu. Í færslu um Efra-Hesthús segir að eyðihjáleigan Brandhólar sé með í matinu og í færslu um Efra-Hesthús segir að eyðihjáleigan Önundsgerði sé með í matinu en að hún fylgi heimagarðinum.[52]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 kemur fram í neðanmálsgrein um jörðina Hest/Hafurshest í Önundarfirði að meðal hjáleiga hennar sé Efri-Hesthús. Hún er ekki metin sérstaklega en Hestur/Hafurshestur var metin 48 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Einnig segir að árið 1805 hafi eyðihjáleigan Brandhólar verið talin með Neðra-Hesthúsi.[53]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Efri-Hesthús var metin á 396 ríkisbankadali.[54]

Hinn 1. júlí 1858 seldi Jens Guðmundsson á Ísafirði Á. A. Johnsen borgara sex hundruð í jörðinni Efri-Hesthúsum í Önundarfirði fyrir 270 ríkisdali.[55] Kaupbréfið var þinglesið 27. júlí sama ár.[56]

---

50 Skjal nr. 2(1029).
51 Skjal nr. 2(761).
52 Skjal nr. 2(91).
53 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
54 Skjal nr. 2(167).
55 Skjal nr. 2(67).
56 Skjal nr. 2(485).

Við manntalsþing að Þórustöðum 12. júlí 1859 var þinglesið gjafabréf Þorbjargar Sigurðardóttir í Hafnardal fyrir sex hundruðum í Hesthúsum, dagsett 4. apríl 1849.[57]

Með kaupbréfi dagsettu 28. desember 1860 seldi Matthildur Ásgeirsdóttir á Hrafnseyri sex hundruð í Efri-Hesthúsum til Þorvaldar Ingimundarsonar á Tjaldanesi. Kaupbréfið var þinglesið 1. júlí 1861.[58]

Við manntalsþing að Þórustöðum 1. júlí 1861 var þinglesið kaupbréf Þ. Ingimundssonar frá 28. desember 1860 fyrir sex hundruðum í Efri-Hesthúsum í Önundarfirði fyrir 319 ríkisdali og 72 skildinga.[59]

Hinn 4. júlí 1887 gáfu hjónin Þorvaldur Ingimundarson og Ragnheiður Jensdóttir í Feigsdal í Barðastrandarsýslu tengdadóttur sinni Sigríði Jónasdóttur sex hundruð að fornu mati í Efri-Hesthúsum. Gjafabréfið var þinglesið 25. júní 1888.[60]

Með kaupbréfi dagsettu 4. febrúar 1892 seldi Kjartan Jónsson bóndi á Tannanesi 15 hundruð að fornu mati í Efri-Hesthúsum til Kjartans Rósinkranssonar skipstjóra á Flateyri. Kaupbréfið var þinglesið 12. júlí 1893.[61]

Hinn 15. október 1892 seldi Kjartan Jónsson bóndi á Efrihúsum þrjú hundruð að fornu mati í Efri-Hesthúsum til barna sinna Kristjáns, Magnúsar, Björns og Ingunnar. Afsalsbréfið var þinglesið 12. júlí 1893.[62]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er jörðin Efri-Hesthús metin um 2.373 kr.[63] Í undirmati II er jörðin metin á 2.060 kr. Eigandi var Kjartan Rósinkransson.[64]

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Hafurhests, sem dagsett er 20. mars 1921 og þinglesið við manntalsþing á Flateyri 12. júlí sama ár, segir að allt beitiland milli Þorpsjarða, Hafurhests, Efri-Húsa og Neðri-Húsa, sé óskipt og þá er fjallað um óskipt slægjuland á Hestdal. Efni bréfsins er svohljóðandi:

> Að austanverðu ræður áin Korpa merkjum heim að Kroppsstaðamerki, en þar liggur það eftir gömlum farveg niður eyrar í svo nefnd Sýki, og úr því inn með Breiðeyri, sem tilheyrir Hóli, en eftir það liggur það eftir Hesta, nema þar sem það liggur eftir svo nefndri Hvolpalænu, en Tunga á það land, sem liggur milli ár og lænu.
>
> Alt beitiland er óskift milli Þorpsjarða sem eru: Hafurhestur, Efrihús, Neðrihús, og slægjuland óskift eiga þessar jarðir heimast á Hestdal er kallað er Samvinna, og fremst á dalnum, sem kallað er Leiti. Hafurhestur á tvo fimtu parta úr óskiftu landi. Úr skiftu slægjulandi á hann á Hestdal þessa parta: Gyrði, Hlaðspart, Votahvamm, Stagggarðsengi, Kökubungu, Seljaengi og Fremstaengi. Merki við þessa parta eru öll skýr og enginn ágreiningur.
>
> Slægjur átti Hafurhestur allar á Korpudal, en nú eru þar sama sem engar.

57 Skjal nr. 2(755).
58 Skjal nr. 2(486).
59 Skjal nr. 2(756).
60 Skjal nr. 2(487).
61 Skjal nr. 2(489).
62 Skjal nr. 2(488).
63 Skjöl nr. 2(349) og 2(350).
64 Skjal nr. 2(351).

> Milli Þorpstúna eru skýr merki: Lækur milli Hests og og [svo] Efrihúsa og grjótgarður og skurður. Niðri, undan túninu á hann eyrnapart niður í Hestá. Utanvert við túnið á Hestur alt land nema lítinn part, sem liggur í vinkil, og eru glögg merki þar og enginn ágreiningur
>
> Gjört að Hafurhesti 20. mars 1921 af ábúanda og eiganda Guðmundi Bjarnasyni, Jónatan Magnússyni bónda á Hóli, Jens Jenssyni frá Tungu Páli Rósinkranssyni bónda á Kirkjubóli Kristjáni G. Guðleifssyni bónda á Kirkjubóli Þorvaldi Þorvaldssyni bónda á Efstabóli Elíasi Eiríkssyni bónda á Kroppsstöðum Kjartani Rósinkranssyni[65]

Landamerkjabréf Efri-Hesthúsa er dagsett 11. júlí 1921 en það var þinglesið við manntalsþing að Flateyri 12. júlí 1921. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki á jörðinni Efrihúsum í Önundarfirði Vestur-Isafjarðarsyslu
>
> Um túnið að ofan og framan er gaddavírsgirðing Að utan lagur torfgarður, sem skilur milli Hests og Efrihúsatúns. Einnig er að utanverðu á Heststúninu stykki frá Efrihúsum, sem skýr merki liggja um.
>
> Slægjuland: 1. Partur úti á eyrum 2. Frá túni niður að Hestá 3. Girðispartur 4. Grafaengi 5. Seljaengi 6. Fremsta engi
>
> Óskift slægjuland eiga þessar jarðir, og á Efrihús 2/5 af því. Það er: Samvinna fremst á dalnum (Leitið) Samvinna heimast á dalnum og slægjur á Korpudal
>
> Skýr merki liggja milli slægjulands Efrihúsa Hests og Neðrihúsa.
>
> Sameiginlegt beitiland fyrir Efrihús Hest og Neðrihús á Hest- og Korpudal að hlutfalli við jarðarstærð og sem jörðin getur framleitt.
>
> Landamekjalína um þessar jarðir er frá fjalli til upptaka Hestár, og eftir henni miðri niður fyrir Neðrihús (nema hvað lítil eyri er sem Tunga á Efrihúsamegin árinnar, sem nefnd er Hvolpalænueyri) Fyrir utan Neðrihús upp hörðueyrar, að mestu eftir gömlum árfarvegi í Korpu. Eftir henni miðri til upptaka og þaðan á fjall.
>
> Efrihúsum 11. júlí 1921
>
> Guðmundur Bjarnason Hafurhesti.
>
> Þorvaldur Þorvaldsson Efstabóli
>
> Halldór Þorvaldsson Kroppsstöðum
>
> Jónatan Magnússon Hóli
>
> Jens Jensson Tungu
>
> Páll Rósinkransson Kirkjubóli eigandi
>
> Kristján B Guðleifsson Kirkjubóli eigandi
>
> Kjartan Rosinkransson eigandi.[66]

Við manntalsþing að Flateyri 12. júlí 1921 var þinglesið landamerkjabréf fyrir jörðinni Efrihúsum.[67]

[65] Skjal nr. 2(1).
[66] Skjal nr. 2(1030).
[67] Skjal nr. 2(759).

5.4 Efstaból í Korpudal

Hinn 2. desember 1600 meðkenndi Ari Magnússon að hann fengi hjónunum Bjarna Jónssyni og Guðrúnu Jónsdóttur til eignar jörðina Efstaból, 12 hundruð að dýrleika, fyrir hálfan Kamb í Barðastrandarsýslu, 12 hundruð að dýrleika.[68]

Hinn 9. apríl 1610 vitnaði Bjarni Jónsson um landamerki jarðanna Kirkjubóls í Korpudal, Kroppstaða og Efstabóls, en Guðrún Jónsdóttir kona hans hafði samþykkt landamerkin. Þá segir að sr. Sveinn Símonsson, eigandi Kroppstaða, hafi einnig samþykkt landamerkin. Þeim er lýst svo í vitnisburði Bjarna:

> ä millum Kirkiubols og Kropstada skule þau landamerke halldast sem stadid hafa um þann tima sidan Eg eignadist Kirkiubol, og eg hefe sannast vitad og halldit; Sem er ad garde þeim ed liggur framan til vid Kirkiubols grafer og ofan ý Tvisteina a Stora Hollte, og svo gagnvart ofan ý Alabreckur og yfer ad Saylunne, og sidan sionhending ý Vyfelsmyra æa. Item a medal Kirkiuböls og Efstaböls, ad Kirkjubol eigi ad framan ad þvi forna árfare sem fremst gengur. Sömuleidis um beit ä ollum fyrskrifudum jórdum, ad sameiginlig skyllde vera allt ad Kirkiubols sele, ad fräteknum tóðum og Eingium þær irði hver að veria sem kynne, og einginn óðrum þar uti viliande skaða giora.[69]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Efstaból í Korpudal:

> **Efsta Ból.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr.
>
> Eigendur Christín dóttir Torfa Magnússonar sál. á Kúlu í Arnarfirði að ix hndr., Þolleifur Magnússon á Kúlu, föðurbróðir Christínar, að iii hndr.
>
> Ábúendur Guðlaugur Jónsson og Andres Oddsson, sinn á hverri hálfri. Guðlaugur býr á vi hndr. Christínar.
>
> […]
>
> Skógur hefur hjer verið í manna minni brúkanligur til kolgjörðar, er nú aldeilis eyddur.
>
> Vetrarhart er hjer helst sökum stórviðra. Engjarnar eru af skriðum stórum skemdar og eyddar að þriðjúngi, svo spilla og engjunum lækir, sem bera á þær grjót og aur. Snjóflóð hafa hjer nokkrum sinnum peníngi grandað.[70]

Við manntalsþing að Mosvöllum 24. júní 1791 var upplesið afsalsbréf Jóns Skúlasonar hreppstjóra, dagsett 5. mars sama ár, þar sem hann seldi sex hundruð í Efstabóli fyrir 66 spesíur.[71]

Við manntalsþing 12. júní 1792 var auglýst veðsetning Sigurðar Jónssonar á Ósi á sex hundruðum í Efstabóli og einnig var kunngjört að sami jarðarpartur yrði seldur við opinbert uppboð 18. júní 1792.[72]

---

68 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 163, skjal H-22.
69 Skjal nr. 2(69).
70 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 114, skjal H-12.
71 Skjal nr. 2(762).
72 Skjal nr. 2(763).

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 18. ágúst 1800 var upplesin brigðalýsing Þorláks Sigurðssonar á þeim jörðum sem faðir hans hafði selt, þ.e. Gelti, Efstabóli, hálfum Furufirði, Skáladal og einu hundraði í Kroppsstöðum.[73]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Efstabóls í Korpudal metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Solveig Ólafsdóttir á Bíldudal.[74]

Við manntalsþing að Hóli 27. maí 1808 var upplesið afsalsbréf Boga Benediktssonar, dagsett 14. nóvember 1807, fyrir Efstabóli í Önundarfirði til Hallgríms Laurentíussonar fyrir 225 ríkisdali.[75]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 14. mars 1812 var upplesið kaupbréf, dagsett 30. apríl 1811, fyrir Efstabóli, 12 hundruðum að dýrleika, fyrir 230 ríkisdali. Seljandi var Hallgrímur Laurentíusson en kaupandi var Guðmundur Ketilsson, assistent við höndlun á Ísafirði.[76]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Efstaból í Korpudal metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[77]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Efstaból:

> 7. Efstaból: tún er lítid og skríduföll nokkur ríra jórd þessa.[78]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 240 ríkisbankadali.[79]

Landamerkjabréf jarðarinnar Efstabóls er dagsett 4. apríl 1889 en það var þinglesið við manntalsþing Þórustöðum 18. júlí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki fyrir jörðina Efstaból í Önundafirði eru þessi, eptir því sem eg veit frekast: Að utanverðu er merkislá fer [svo] Korpu, og neðan til fjalls; þetta eru merki milli Kroppstaða og Efstabóls; svo að neðanverðu, heldur Korpa við, og það fram úr, milli þorpsjarðanna og Efstabóls. Og svo er að framanverðu gamall áarfarvegur rétt fyrir framan Þverá, sem merkið er sagt í milli Korpudals og Efstabóls, og þar með frí beit á Korpudal frá Efstabóli, eptir því, sem elstu menn muna.
>
> 4. apríl 1889
>
> Jónatan Jensson ábúandi
>
> Bjarni Guðmundsson á Kroppstöðum.
>
> Guðmundur Ólafsson á Efrihúsum.
>
> Jóhannes Kristjánsson á Hesti.[80]

Við manntalsþing að Þórustöðum 25. júlí 1904 var þinglesinn kaupsamningur með árituðu afsali, útgefnu 12. september 1903, hvar Björn Guðmundsson, í umboði fyrir Björn Sigurðsson á Bjarnastöðum í Húnavatnssýslu, seldi Sæmundi Jóhannessyni á Hesti tvö hundruð í Efstabóli fyrir 110 kr.[81]

---

73 Skjal nr. 2(740).
74 Skjal nr. 2(92).
75 Skjal nr. 2(764).
76 Skjal nr. 2(743).
77 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
78 Skjal nr. 2(153).
79 Skjal nr. 2(167).
80 Skjal nr. 2(2).
81 Skjal nr. 2(758).

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Efstabóls séu þinglesin.[82] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 1.070 kr. Eigendur hennar voru Sæmundur Jóhannesson og Bjarni Guðmundsson.[83]

Með leigusamningi dagsettum 16. júní 1970 leigðu Ólafur Þ. Þórðarson og Pétur Einir Þórðarson jörðina Kirkjuból með Efstabóli í Korpudal til eins árs.[84]

Hinn 22. júní 1978 seldi landbúnaðarráðherra, f.h. ríkissjóðs Íslands, Bjarna Kristinssyni jarðirnar Kroppstaði og Efstaból fyrir 1.040.000 kr.[85]

5.5 Kroppstaðir í Korpudal

Hinn 9. apríl 1610 vitnaði Bjarni Jónsson um landamerki jarðanna Kirkjubóls í Korpudal, Kroppstaða og Efstabóls, en Guðrún Jónsdóttir kona hans hafði samþykkt landamerkin. Þá segir að sr. Sveinn Símonsson, eigandi Kroppstaða, hafi einnig samþykkt landamerkin. Þeim er lýst svo í vitnisburði Bjarna:

> ä millum Kirkiubols og Kropstada skule þau landamerke halldast sem stadid hafa um þann tima sidan Eg eignadist Kirkiubol, og eg hefe sannast vitad og halldit; Sem er ad garde þeim ed liggur framan til vid Kirkiubols grafer og ofan ý Tvisteina a Stora Hollte, og svo gagnvart ofan ý Alabreckur og yfer ad Saylunne, og sidan sionhending ý Vyfelsmyra æ. Item a medal Kirkiuböls og Efstaböls, ad Kirkjubol eigi ad framan ad þvi forna árfare sem fremst gengur. Sömuleidis um beit ä ollum fyrskrifudum jórdum, ad sameiginlig skyllde vera allt ad Kirkiubols sele, ad fräteknum tóðum og Eingium þær irði hver að veria sem kynne, og einginn óðrum þar uti viliande skaða giora.[86]

Hinn 7. október 1676 seldi Þorbjörg Ketilsdóttir Páli Torfasyni sýslumanni þrjú hundruð í Kroppstöðum í Önundarfirði.[87]

Hinn 28. mars 1672 seldi Jón Gunnlaugsson, með samþykki Halldóru Ketilsdóttur konu sinnar, Páli Torfasyni þrjú hundruð í Kroppstöðum fyrir þrjú hundruð í Skeggvaldsstöðum í Húnavatnssýslu.[88]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Kroppstaði í Korpudal:

> **Kroppstader** eður **Krofstader.**
>
> Jarðardýrleiki xviii hndr.
>
> Eigendur Páll Torfason undir Núpi í Dýrafirði að hálfri, Christín Torfadóttir að Kúlu í Arnarfirði að hálfri.
>
> Ábúendur Eiríkur Ásmundsson og Atli Einarsson, hver á hálfri.
>
> […]

82 Skjal nr. 2(173).
83 Skjal nr. 2(173).
84 Skjal nr. 2(1011).
85 Skjal nr. 2(1010).
86 Skjal nr. 2(69).
87 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 170, skjal H-22.
88 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 167–168, skjal H-22.

> Vetrarhart er hjer eins og á Efstaból. Jörðin er mjög hagalítil á sumar. Engjunum spillir á, sem ber þar á grjót og eyðir þeim. Úthögunum, þeim litlum sem eru, spilla skriður ár frá ári.[89]

Haustið 1769 skrifaði sr. Gísli Andrésson til Steinunnar Hallgrímsdóttur um að hún tæki að sér að hýsa og sjá um framfæri móður sinnar, Kristínu Torfadóttur, gegn því að fá níu hundruð í jörðinni Kroppstöðum. Steinunn virðist hafa samþykkt ráðagerðina þar sem hinn 27. mars 1771 skrifaði sr. Gísli gjörningsbréf þar sem hann samþykkti, ef móðir sín fengi uppihald og framfæri hjá Steinunni og manni hennar, Laurentíusi Erlendssyni, að þau fengju 10 hundruð í jörðinni Kirkjubóli í Önundarfirði.[90]

Í yfirliti yfir eignir dánarbús Kristínar Torfadóttur, dagsettu 7. júní 1774, segir að meðal eigna hennar voru jarðirnar Kirkjuból í Korpudal með Kirkjubólshúsum, 15 hundruð að dýrleika, og hálf jörðin Kroppstaðir í Önundarfirði, níu hundruð að dýrleika.[91]

Hinn 14. júlí 1774 skrifaði sr. Guðlaugur Sveinsson til Guðmundar Runólfssonar sýslumanns að eftir fráfall Kristínar Torfadóttur væri lítill arfhluti tilfallinn börnum sonar hennar, sr. Gísla Andréssonar, en sr. Gísli hafi þó lagt með framfæri hennar til hjónanna Laurentíusar Erlendssonar og Steinunnar Hallgrímsdóttur. Guðmundur sýslumaður svaraði með bréfi dagsettu 22. júlí sama ár um að dánarbúið hafi verið skráð 7. júní. Hann hafi ekki ráðfært sig við alla hlutaðeigendur, en lagt hafi verið til að níu hundruðin í Kroppstöðum skyldu útleggjast Steinunni og Laurentíusi til eignar fyrir umönnun þeirra fyrir Kristínu. 15 hundruðin í Kirkjubóli sagði Guðmundur sýslumaður að skyldu seljast til hæstbjóðanda.[92] Jarðahlutarnir voru boðnir upp við opinbert uppboð hinn 30. janúar 1775 og var Laurentíusar Erlendssonar hæstbjóðandi.[93]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Kroppstaðir í Korpudal metinn 18 hundruð. Eigandi jarðarinnar er Kristín Jónsdóttir, ekkja Jóns Arnórssonar sýslumanns.[94]

Við manntalsþing að Súðavík 19. júlí 1823 var þinglesið kaupbréf þar sem Ólafur Jónsson seldi fjögur hundruð í Kroppstöðum til Magnúsar Jónssonar, fyrir 36 spesíur hvert hundrað. Bréfið var dagsett 7. júlí 1823.[95]

Við manntalsþing að Eyri 20. júlí 1824 var þinglesið afsal Ólafs Johnsons, dagsett 4. ágúst 1823, fyrir fjórum hundruðum í Kroppstöðum í Önundarfirði til Jóns Jónssonar faktors fyrir 163 ríkisbankadali.[96]

---

89 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 114–115, skjal H-12.
90 Skjal nr. 2(286).
91 Skjal nr. 2(284).
92 Skjal nr. 2(284).
93 Skjöl nr. 2(283)–284).
94 Skjal nr. 2(61).
95 Skjal nr. 2(747).
96 Skjal nr. 2(765).

Við manntalsþing að Eyri 19. júlí 1825 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 13. september 1824, hvar Jón Jónsson faktor makaskipti fjórum hundruðum í Kroppstöðum í Önundarfirði til Magnúsar Jónssonar á Tröð gegn þremur hundruðum í Dvergasteini.[97]

Með kaupbréfi dagsettu 22. maí 1837 seldi Magnús Jónsson á Tröð átta hundruð í Kroppstöðum til Sæmundar Árnasonar á Fremri-Arnardal. Kaupbréfið var þinglesið 12. júlí sama ár.[98]

Með kaupbréfi dagsettu 15. janúar 1840 seldi Sæmundur Árnason í Fremri-Arnardal átta hundruð í Kroppstöðum til Gísla Jónssonar á Eyri í Skutulsfirði. Kaupbréfið var þinglesið 22. júní sama ár.[99]

Við manntalsþing að Þórustöðum 22. júní 1840 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 15. janúar 1840, þar sem Sæmundur Árnason afhenti eignarjörð sína Kroppstaði til Gísla Jónssonar fyrir 152 danskar spesíur.[100]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kroppstaðir í Korpudal metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[101]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Kroppstaðir í Korpudal var metin á 396 ríkisbankadali.[102]

Hinn 18. október 1899 seldi Árni Jónsson verslunarstjóri á Ísafirði, fyrir hönd Halldórs Magnússonar, Kristjáns Halldórssonar, Sigurðar Halldórssonar, Jóns Halldórssonar, Jóns Sveinssonar og Kristjáns Guðmundssonar, jörðina Kroppstaði 18 hundruð að dýrleika að fornu mati til Kjartans Rósenkranssonar skipherra á Flateyri. Afsalsbréfið var þinglesið 13. júlí 1900.[103]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Kroppstaða í Korpudal séu þinglesin.[104] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 1.070 kr. Eigendur hennar voru Sæmundur Jóhannesson og Bjarni Guðmundsson.[105]

Hinn 13. apríl 1918 var Jón Guðmundsson útnefndur til að virða jörðina Kroppstaði. Virðingargjörðin fór fram 18. apríl sama ár en með henni var jörðin metin á 9.600 kr. en 12.660 kr. með bæjar- og útihúsum.[106]

Með kaupsamningi dagsettum 18. júlí 1918 seldi Kjartan Rósinkransson Elíasi Eiríkssyni jörðina Kroppstaði fyrir 6.000 kr.[107]

Landamerkjabréf jarðarinnar Kroppstaða í Korpudal er dagsett 21. janúar 1921 en það var innkomið til þinglesturs 24. ágúst sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

97 Skjal nr. 2(749).
98 Skjal nr. 2(490).
99 Skjal nr. 2(491).
100 Skjal nr. 2(766).
101 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
102 Skjal nr. 2(167).
103 Skjal nr. 2(492).
104 Skjal nr. 2(174).
105 Skjal nr. 2(174).
106 Skjal nr. 2(1005).
107 Skjal nr. 2(1006).

Landamerki á jörðinni Kroppstöðum í Korpudal í Vestur Ísafjarðarsýslu

Merki milli Kroppstaða og Kirkjubóls eru 3 steinar á Álabrekkunum, og úr þeim yfir Stórholtið í lækjarfarveg sem er innan til við svo nefndan Bæjarhrygg, og eftir honum til fjalls. Aftur liggur merkið frá fyrnefndum steinum í Álabrekkunum, beint yfir að Hestá í auðkendann jarnstólpa, sem rekinn er niður á eystri árbakkanum. Eftir það ræður Hestá merkjum inn að Breiðeyri, að undann skildum litlum eyrartanga sem er frá Vífilsmýrum, og er hann fráskilinn Kroppstaðalandi, með girðingu.

Merki milli Kroppstaða og Efstabóls, eru í svokallaða Merkislá er liggur frá Korpu beina línu til fjalls, Kroppstaðamegin í svokallaða tvísteina.

Landamerki fyrir neðan Korpu eru eftir gömlum farveg, sem Korpa hefur áður runnið í, og skiftir hann því merkjum milli Kroppstaða, og Hests, og er hann óslitinn yfir í Hestá.

Neðst er fyrnefndur áarfarvegur einnig merki á milli Kroppstaðaengjanna annars vegar og áðurnefndrar Breiðeyrar frá Hóli hins vegar og endar sem fyr er sagt við Hestá.

Gjört á Kroppstöðum 21. jan. 1921.

Jens Eiríksson Kroppstöðum

Vjer undirritaðir vottum ofangreind merki rjétt að vera

Páll Rósinkranzson Kirkjubóli

Kristján B. Guðleifsson Kirkjubóli

Guðmundur Bjarnason Hafurhesti

Jónatan Magnússon Hóli

Elías Eiríksson Kroppstöðum

Guðm. Einarsson Vífilsmýrum

Þorvaldur Þorvaldsson Efstabóli[108]

Við manntalsþing að Flateyri 12. júlí 1921 var þinglesið landamerkjabréf fyrir jörðinni Kroppstöðum.[109]

Hinn 8. júní 1939 afsalaði Halldór Þorvaldsson jörðinni Kroppstöðum til Jarðakaupasjóðs fyrir 7.000 kr. Afsalið var móttekið til þinglýsingar 16. ágúst sama ár.[110]

Hinn 24. maí 1940 byggði Halldóri Þorvaldssyni jörðina Kroppstaði. Landamerkjum jarðarinnar er lýst í byggingarbréfinu og er það landamerkjalýsing jarðarinnar frá 21. janúar 1921.[111]

Með leigusamningi dagsettum 16. júní 1970 leigðu Ólafur Þ. Þórðarson og Pétur Einir Þórðarson jörðina Kirkjuból með Efstabóli í Korpudal til eins árs.[112]

Landbúnaðarráðherra leigði Jóni Guðjónssyni eyðijörðina Kroppstaði til fimm ára frá fardögum 1977 samkvæmt leigusamningi dagsettum 12. nóvember 1976.[113]

[108] Skjal nr. 2(3).
[109] Skjal nr. 2(759).
[110] Skjal nr. 2(1007).
[111] Skjal nr. 2(1008).
[112] Skjal nr. 2(1011).
[113] Skjal nr. 2(1009).

Hinn 22. júní 1978 seldi landbúnaðarráðherra, f.h. ríkissjóðs Íslands, Bjarna Kristinssyni jarðirnar Kroppstaði og Efstaból fyrir 1.040.000 kr.[114]

5.6 Kirkjuból í Korpudal

Hinn 9. apríl 1610 vitnaði Bjarni Jónsson um landamerki jarðanna Kirkjubóls í Korpudal, Kroppstaða og Efstabóls, en Guðrún Jónsdóttir kona hans hafði samþykkt landamerkin. Þá segir að sr. Sveinn Símonsson, eigandi Kroppstaða, hafi einnig samþykkt landamerkin. Þeim er lýst svo í vitnisburði Bjarna:

> ä millum Kirkiubols og Kropstada skule þau landamerke halldast sem stadid hafa um þann tima sidan Eg eignadist Kirkiubol, og eg hefe sannast vitad og halldit; Sem er ad garde þeim ed liggur framan til vid Kirkiubols grafer og ofan ý Tvisteina a Stora Hollte, og svo gagnvart ofan ý Alabreckur og yfer ad Saylunne, og sidan sionhending ý Vyfelsmyra æa. Item a medal Kirkiuböls og Efstaböls, ad Kirkjubol eigi ad framan ad þvi forna árfare sem fremst gengur. Sömuleidis um beit ä ollum fyrskrifudum jördum, ad sameiginlig skyllde vera allt ad Kirkiubols sele, ad fräteknum tóðum og Eingium þær irði hver að veria sem kynne, og einginn óðrum þar uti viliande skaða giora.[115]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Kirkjuból í Korpudal:

> **Kirkiubol** (kallað í Korpudal).
>
> Hjer hefur bænhús verið, affelt hjer um fyrir 80 árum.
>
> Jarðardýrleiki með Kirkjubólshúsum xxx hndr., vide infra Kirkjubólshús.
>
> Eigendur Íngibjörg Pálsdóttir á Eyri í Seyðisfirði, að hálfri, Þolleifur Magnússon á Kúlu í Arnarfirði að viij hndr., Christín Torfadóttir ibidem að viij hndr.
>
> Ábúendur á heimajörðunni Oddur Jónsson á parti Íngibjargar, Jón Jónsson á parti Þolleifs og Christínar.
>
> […]
>
> Kolviðarskóg hefur jörðin átt, en er nú aleyddur. Silúngsveiði hefur hjer nokkur verið, er nú engin síðan Hekla gaus og dreiðfi ösku hjer yfir landið.
>
> Engjar eru stórum fordjarfaðar af því að skriða hljóp í ána og stemdi hana upp á engjarnar, og bar hún þar so á aur og leir. Flæður spillir og engjunum og bera á aur og grjót. Högum jarðarinnar hafa skriður stórliga spilt. Í einum hlut haganna, þar sem hann er bestur, er stórum hætt fyrir snjóflóðum. Flæðihætt er hjer í grásflóðum við ós einn.
>
> **Kirkiubóls Hus.** Hjáleiga frá Kirkjubóli bygð fyrir allra manna minni, sem nú lifa.
>
> Reiknast nú fyrir x hndr. eður þriðjúng úr jörðunni og tíundast svo. Sagnir eru gamallra manna, að Kirkjuból hafi í fyrstu verið haldið fyrir xxiiii hndr. áður þessi hjáleiga var bygð, en síðan hjáleigan bygðist kölluð xxx hndr. En nú helst hjáleigan fyrir þriðjúng jarðarinnar sem áður er sagt. Aðrir hafa heyrt að jörðin hafi fyrir 100 árum verið haldin fyrir 20 hndr., en húsin (sem væn voru) reiknuð fyrir 10 hndr., og þetta so á komist.
>
> Eigendur sömu sem áður segir eftir proportion heimajarðarinnar.
>
> Ábúandinn Jón Jónsson.
>
> […]

[114] Skjal nr. 2(1019).
[115] Skjal nr. 2(69).

> Um spillíngu engjanna af flæði er sama að segja og um heimajörðin. Eins um spill haganna og skriðna áhlaup.[116]

Haustið 1769 skrifaði sr. Gísli Andrésson til Steinunnar Hallgrímsdóttur um að hún tæki að sér að hýsa og sjá um framfæri móður sinnar, Kristínu Torfadóttur, gegn því að fá níu hundruð í jörðinni Kroppstöðum. Steinunn virðist hafa samþykkt ráðagerðina þar sem hinn 27. mars 1771 skrifaði sr. Gísli gjörningsbréf þar sem hann samþykkti, ef móðir sín fengi uppihald og framfæri hjá Steinunni og manni hennar, Laurentíusi Erlendssyni, að þau fengju 10 hundruð í jörðinni Kirkjubóli í Önundarfirði.[117]

Í yfirliti yfir eignir dánarbús Kristínar Torfadóttur, dagsettu 7. júní 1774, segir að meðal eigna hennar voru jarðirnar Kirkjuból í Korpudal með Kirkjubólshúsum, 15 hundruð að dýrleika, og hálf jörðin Kroppstaðir í Önundarfirði, níu hundruð að dýrleika.[118]

Hinn 14. júlí 1774 skrifaði sr. Guðlaugur Sveinsson til Guðmundar Runólfssonar sýslumanns að eftir fráfall Kristínar Torfadóttur væri lítill arfhluti tilfallinn börnum sonar hennar, sr. Gísla Andréssonar, en sr. Gísli hafi þó lagt með framfæri hennar til hjónanna Laurentíusar Erlendssonar og Steinunnar Hallgrímsdóttur. Guðmundur sýslumaður svaraði með bréfi dagsettu 22. júlí sama ár um að dánarbúið hafi verið skráð 7. júní. Hann hafi ekki ráðfært sig við alla hlutaðeigendur, en lagt hafi verið til að níu hundruðin í Kroppstöðum skyldu útleggjast Steinunni og Laurentíusi til eignar fyrir umönnun þeirra fyrir Kristínu. 15 hundruðin í Kirkjubóli sagði Guðmundur sýslumaður að skyldu seljast til hæstbjóðanda.[119] Jarðahlutarnir voru boðnir upp við opinbert uppboð hinn 30. janúar 1775 og var Laurentíusar Erlendssonar hæstbjóðandi.[120]

Við manntalsþing að Mosvöllum 7. maí 1788 var þinglesið kaupbréf sr. Jóns Sigurðssonar fyrir fimm hundruðum í Kirkjubóli í Korpudal af Þóru Guðmundsdóttur og Margréti Bjarnadóttur, fyrir 30 ríkisdali, dagsett 26. júní 1787. Við sama þing var þinglesið makaskiptabréf sr. Jóns Sigurðssonar á fimm hundruðum í Kirkjubóli fyrir sex hundruð í Neðri-Breiðadal. Bréfið er dagsett 3. ágúst 1787.[121]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Kirkjubóls í Korpudal metinn 30 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Halldóra Magnúsdóttir á Miðdal. Í matinu var einnig tekin með hjáleigan Kirkjubólshús.[122]

Við manntalsþing að Hóli 27. maí 1808 var upplesið afsalsbréf Steinbacks faktors, vegna Henkels kaupmanns, á fjórum hundruðum í Kirkjubóli í Korpudal til ekkjunnar Halldóru Magnúsdóttur fyrir 52 ríkisdali. Afsalsbréfið var dagsett 8. nóvember 1807.[123]

---

116 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 115–117, skjal H-12.
117 Skjal nr. 2(286).
118 Skjal nr. 2(284).
119 Skjal nr. 2(286).
120 Skjöl nr. 2(285)–2(286).
121 Skjal nr. 2(767).
122 Skjal nr. 2(94).
123 Skjal nr. 2(764).

Við manntalsþing að Stóra-Hjarðardal 6. apríl 1811 var þinglesin eftirgjöf Guðmundar Bernharðssonar í Tröð í brigðarétt, dagsett 25. mars 1811, og jafnframt brigðalýsing Guðmundar Jónssonar á fimm hundruðum í Kirkjubóli í Korpudal, dagsett 1. apríl 1811.[124]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 9. apríl 1811 var upplesin eftirgjöf brigðaréttar Guðmundar Bernharðssonar á Tröð, dagsett 25. mars 1811, í krafti brigðalýsingar Guðmundar Jónssonar á Tröð, dagsettri 1. apríl 1811, í fimm hundruð í Kirkjuból í Korpudal.[125]

Við manntalsþing að Mosvöllum 20. apríl 1812 voru boðin upp fimm hundruð í jörðinni Kirkjubóli í Korpudal. Jörðin var slegin hæstbjóðanda sr. Böðvari fyrir 80 ríkisdali og átta skildinga.[126]

Við manntalsþing að Mosvöllum 29. júlí 1826 var upplesið afsal, dagsett 12. júlí 1823, hvar Kjartan Jónsson á Hrauni seldi Kirkjubólshús, 10 hundruð að dýrleika, til Ebens Thorsteinsens sýslumanns fyrir 30 spesíur.[127]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kirkjuból í Korpudal metin 30 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon hafi talið hér hjáleigu Kirkjubólshús, sem var byggð árið 1805 en að hún sé ekki nefnd nú af sýslumanni eða presti.[128]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Kirkjuból í Korpudal og Kirkjubólshús:

> 11. Kirkjuból í Korpudal: þar eru búgædi á sumardeigi adkvædamikil og landkostir í betra lagi, er mjóg ebla jórd þessa, þó vetrarríki sje eigi lítid og árensli tóluverdt.[129]
>
> […]
>
> 8. Kirkjubólshús: tún er ljelegt og árensli talsverdt.[130]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin Kirkjuból var metin á 600 ríkisbankadali en Kirkjubólshús var metin á 200 ríkisbankadali.[131]

Við manntalsþing að Þórustöðum 12. júlí 1859 var þinglesið gjafabréf, dagsett 16. ágúst 1847, þar sem sr. Eyjólfur Kolbeinsson gaf Mikaelínu dóttur sinni fjögur hundruð í Breiðadal og sex hundruð í Veðrará. Við sama þing var þinglesið makaskiptabréf hjónanna Mikaelínu Eyjólfsdóttur og A. A. Johnsens, dagsett 17. desember 1858, á áðurnefndum fjórum hundruðum í Breiðadal og sex hundruðum í Veðrará gegn 12

124 Skjal nr. 2(768).
125 Skjal nr. 2(769).
126 Skjal nr. 2(770).
127 Skjal nr. 2(754).
128 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
129 Skjal nr. 2(152).
130 Skjal nr. 2(153).
131 Skjal nr. 2(167).

hundruðum í Kirkjubóli með tilheyrandi kirkjueignum.[132] Bæði bréfin voru einnig þinglesin við manntalsþing Eyrarhrepps 9. júní 1859.[133]

Hinn 27. júlí 1865 arfleiddi og ánafnaði Guðrún Thorsteinsen dóttur sinni Önnu Thorsteinsen öllu lausafé sínu og dóttur sinni Ingibjörgu Magnúsdóttur á Skarði 15 hundruðum að gömlu mati í jörðunum Kirkjubóli og Kirkjubólshúsum í Önundarfirði. Arfleiðslubréfið var þinglesið 28. júlí sama ár.[134]

Við manntalsþing að Þórustöðum 8. september 1866 var þinglesið kaupbréf St. Bjarnarsonar sýslumanns, dagsett 18. desember 1865, fyrir 15 hundruðum að fornu mati úr Kirkjubóli og Kirkjubólshúsum fyrir 700 ríkisdali. Þá var einnig þinglesin gjöf fyrir nefndum hundruðum til madömu K. Bjarnarson, dagsett 5. september 1866.[135]

Hinn 21. júlí 1879 gáfu hjónin Sigurður Lárentíusson og Sigríður Árnadóttir börnum sínum, Steindóri, Guðmundi, Jóni, Lárentíusi, Kristjáni, Sigurborgu, Sigurfljóð og Efemíu, sameiginlega átta hundruð í Tannanesi í Önundarfirði, fjögur hundruð í Kirkjubóli í Önundarfirði, tvö hundruð og 30 álnir í Bæ í Súgandafirði, eitt og hálft hundrað í Gelti í Súgandafirði og þrjú hundruð í Botni í Súgandafirði. Gjafabréfið var þinglesið 31. júlí sama ár.[136]

Með kaupbréfi dagsettu 7. júlí 1885 seldi Bergþór Jónsson fimm hundruð að fornu mati í Kirkjubólshúsum í Korpudal til Mikkalínu Eyjólfsdóttur á Ísafirði.[137]

Landamerkjabréf jarðarinnar Kirkjubóls í Korpudal er dagsett 18. ágúst 1889 en það var þinglesið 27. maí 1890. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki á jörðinni Kirkjubóli í Korpudal innan Ísafjarðarsýslu.
>
> Að utanverðu er merkið á læk, er rennur niður utan til við svonefndan Urðarhrygg og ofan í Korpu. Svo aptur fyrir vestan Korpu er merkið út að sjó eins og land nær að Korglænu að austan. Fyrir vestan Korglænu tekur svonefndur Flagspartur við, og merkið að honum að utan liggur á lænu mjög litla bæði að utan og vestan þar til svonefndur Fremstipartur tekur við, og þá liggur merkið á honum vestur í Hestá. Þar til svo nefndur Krossakrókur tekur við, sem er partur frá Vífilsmýrum Þá liggur merkið á honum alla leið inneptir og enda á Hestárbakka.
>
> Að innan er merkið eins og Fremstipartr til segir. – frá Hestá þvert yfir upp til Korpu. Aptur liggur merkið neðan milli Kroppstaða og Kirkjubóls upp af nefndu merki á Fremstapartinum að innan í 3 steina á Alabrekkum og þaðan eptir Stórholtið í lækjarfarveg, sem er innan til við svonefndan Bæjarhrygg. Kirkjubóli tilheyrir dalurinn Kirkjubólsmegin til eignar og umráða frá Þverá fram úr til fjalls.
>
> Gjört á Efstabóli 18 ágúst 1889
>
> Bóas Guðlaugsson Veðrará
>
> Þetta viðurkennum við undirskrifaðir nábúar
>
> Guðmundur Bjarnason Kirkjubóli

[132] Skjal nr. 2(755).
[133] Skjal nr. 2(786).
[134] Skjal nr. 2(493).
[135] Skjal nr. 2(771).
[136] Skjal nr. 2(494).
[137] Skjal nr. 2(495).

> Salomon Jónsson Kirkjubóli
>
> Sveinn Jónsson bóndi Vífilsmýrum
>
> Sem svaramaður hlutaðeigandi erfingja Halldórs Magnússonar í Þjóðólfstungu og hans sjálfs viðurkennast ofanritað landamerki
>
> Sigurður Halldórsson.
>
> Sveinn Ólafsson (handsalað) Rósinkranz Kjartansson[138]

Með kaupbréfi dagsettu 9. apríl 1890 seldi F. R. Wendel, fyrir hönd Þingeyrarverslunar, 10 hundruð að gömlu mati í Kirkjubóli og fimm hundruð að gömlu mati í Kirkjubólshúsum, báðum í Korpudal í Önundarfirði, til Rósinkrans Kjartanssonar á Tröð. Kaupbréfið var þinglesið 2. júní 1891.[139]

Með kaupbréfi dagsettu 23. september 1890 seldi S. H. Bjarnason hálft Kirkjuból og hálf Kirkjubólshús í Korpudal til Páls Rósinkranssonar á Tröð.[140]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Kirkjubóls í Korpudal séu þinglesin.[141] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 3.120 kr. Eigendur hennar voru Kristján Guðleifsson og Páll Rósinkransson.[142]

5.7 Tannanes í Önundarfirði

Hinn 17. maí 1509 seldi Þorsteinn Þorleifsson Einari Þorleifssyni bróður sínum jörðina Tannanes í Önundarfirði.[143]

Hinn 21. nóvember 1687 seldi Helgi Þorláksson Þórði Jónssyni fjögur hundruð í Tannanesi.[144]

Með bréfi dagsettu 11. apríl 1703 lýsti Þórður Jónsson því yfir að hann væri eigandi að allri jörðinni Næfranesi, fjórum hundruðum í jörðinni Tannanesi og hálfu fimmta hundraði í jörðinni Gemlufalli.[145]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Tannanes í Önundarfirði:

> **Tanna Nes.**
>
> Jarðardýrleiki xxiiii hndr.
>
> Eigendur Björn Jónsson á Hörgslandi að xvi hndr., Bjarni Guðmundsson á Baulhúsum í Arnarfirði að iiii hndr., Jón Þórðarson í Laugardal í Tálknafirði að iiii hndr.
>
> Ábúendur Þórður Þorleifsson og Bjarni Tumasson, sinn á hverjum helmíngi Björns. Bjarni Eiríksson á pörtum Bjarna og Jóns Þórðarsonar.
>
> […]

---

138 Skjal nr. 2(4).
139 Skjal nr. 2(496).
140 Skjal nr. 2(497).
141 Skjal nr. 2(175).
142 Skjal nr. 2(175).
143 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 279–280, skjal nr. 4(185).
144 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 173, skjal H-22.
145 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 247–248, skjal H-23.

> Torfrista er hjer slæm.
>
> Skriða hefur á túnið hlaupið og nærri því á bæinn og hefur túninu stórum spilt, er hjer og árlega skriðna von. Engjarnar eru spiltar og spillast árliga af skriðum, og er nærri helmíngur þeirra aftekinn. Hagarnir eru og stórum spiltir af skriðum og ærið mjög eyddir. Þessi jörð mætir stórum troðníngi af vermönnum og öðrum umfarandi, sem reisa þar um eingjarnar og troða þær.[146]

Við manntalsþing 8. júní 1792 var upplesið kaupbréf, dagsett 10. desember 1791, þar sem Guðrún Halldórsdóttir keypti fjögur hundruð í Tannanesi af bræðrunum Halldóri og Jóni Gíslasonum fyrir 24 ríkisdali.[147]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Tannaness í Korpudal metinn 24 hundruð. Eigendur jarðarinnar voru Guðmundur Bárðarson og Guðrún Halldórsdóttir í Arnardal.[148]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 12. júlí 1819 var þinglesið afsalsbréf Bjarna Bjarnasonar á Kirkjubóli og Páls Halldórssonar á Arnardal, dagsett 20. ágúst 1818, þar sem þeir seldu Kristjáni Guðmundssyni á Vigur átta hundruð í Tannanesi fyrir 144 ríkisdali.[149]

Við manntalsþing að Stað 26. maí 1820 var þinglýst makaskiptum milli hreppstjórans Jóns á Gelti og Árna Jónssonar í Æðey á fimm hundruðum í Æðey og átta hundruðum í Tannanesi í Önundarfirði með 27 ríkisdali í milligjöf.[150]

Við manntalsþing að Suðureyri 13. ágúst 1821 var þinglesið afsal Jóns Bjarnasonar hreppstjóra á Gelti, dagsett 30. febrúar 1820, fyrir átta hundruðum í Tannanesi í Önundarfirði til Örnólfs Snæbjörnssonar fyrir 112 spesíur.[151]

Við manntalsþing að Ögri 12. júlí 1830 var þinglesið makaskiptabréf, dagsett 1. apríl sama ár, þar sem Magnús Jónsson á Tröð makaskipti 12 hundruðum í Furufirði við Kristján Guðmundsson í Vigur fyrir átta hundruð í Tannanesi og 16 spesíu millilag til Kristjáns.[152]

Við manntalsþing að Súðavík 2. júlí 1831 var þinglesið kaupbréf , dagsett 19. janúar 1831, þar sem Magnús Jónsson seldi þrjú hundruð í Tannanesi til Einars Jónssonar fyrir 80 spesíur.[153]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Tannanes í Önundarfirði metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[154]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Tannanes:

146 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 117–118, skjal H-12.
147 Skjal nr. 2(772).
148 Skjal nr. 2(95).
149 Skjal nr. 2(773).
150 Skjal nr. 2(774).
151 Skjal nr. 2(745).
152 Skjal nr. 2(750).
153 Skjal nr. 2(752).
154 Skjal nr. 4(1), bls. 195.

> 9. Tannanes: árensli er ákostlegt á tún og eingi ekki sídur svo jórd þessi nær med eingum hætti dýrleika sínum.[155]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 408 ríkisbankadali.[156]

Með kaupbréfi dagsettu 12. ágúst 1875 seldi M. Jochumsson fjögur hundruð í Tannanesi í Önundarfirði til Halldórs Jónssonar á Hrauni í Hnífsdal. Kaupbréfið var þinglesið 4. september sama ár.[157]

Hinn 21. júlí 1879 gáfu hjónin Sigurður Lárentíusson og Sigríður Árnadóttir börnum sínum, Steindóri, Guðmundi, Jóni, Lárentíusi, Kristjáni, Sigurborgu, Sigurfljóð og Efemíu, sameiginlega átta hundruð í Tannanesi í Önundarfirði, fjögur hundruð í Kirkjubóli í Önundarfirði, tvö hundruð og 30 álnir í Bæ í Súgandafirði, eitt og hálft hundrað í Gelti í Súgandafirði og þrjú hundruð í Botni í Súgandafirði. Gjafabréfið var þinglesið 31. júlí sama ár.[158]

Hinn 18. desember 1884 voru seld átta hundruð að fornu mati í Tannanesi, úr dánarbúi Sigurðar Lárenzíussonar. Þau voru seld til hæstbjóðanda á uppboði þann 24. nóvember 1884, en sá var Jón Matthíasson á Hóli í Bolungarvík. Afsalsbréfið var þinglesið 28. maí 1886.[159]

Við manntalsþing að Sveinseyri 16. júní 1913 var fyrirtekið að þinglesa afsali þar sem Páll N. Kristjánsson seldi Guðbjarti Sigurðssyni Tannanes fyrir 400 krónur.[160]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 að landamerki Tannaness séu þinglesin.[161] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 1.690 kr. Eigendur hennar voru Guðmundur Kr. Guðmundsson og Sigríður Jensdóttir.[162]

Landamerkjabréf jarðarinnar Tannaness er dagsett 12. febrúar 1921 en það var þinglesið við manntalsþing að Flateyri 12. júlí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki á jörðinni Tannanesi í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
>
> Að utanverðu er merkið úr Skeiðiskrók í svo nefndan merkisstein og þaðan eftir garðlagi til fjalls. Að innan í læk, er rennur niður utantil við svokallaða Kirkjubólsurð í uppsprettu er kemur undan urðinni og eftir lindinni í Korpu og eftir Korpu til sjóar.
>
> Við undirritaðir vottum ofanritað merki rétt að vera.
>
> Gjört að Kirkjubóli 12. febr. 1921
>
> Páll Rósinkransson bóndi Kirkjubóli
>
> Kristján B. Guðleifsson bóndi í Kirkjubóli
>
> Guðm. Kr. Guðmundsson eigandi Tannaness
>
> Sigríður Jensdóttir Flateyri eigandi Tannaness

155 Skjal nr. 2(153).
156 Skjal nr. 2(167).
157 Skjal nr. 2(498).
158 Skjal nr. 2(494).
159 Skjal nr. 2(499).
160 Skjal nr. 2(775).
161 Skjal nr. 2(176).
162 Skjal nr. 2(176).

Einar Einarsson bóndi Tannanesi

Jón Sveinsson Veðrará[163]

Við manntalsþing að Flateyri 12. júlí 1921 var þinglesið landamerkjabréf fyrir jörðinni Tannanesi.[164]

Við uppboðsrétt Ísafjarðarsýslu 9. júlí 1930 var tekið fyrir að bjóða upp átta hundruð í Tannanesi. Uppboðið fór ekki fram að vegna þess að ábúandi á þessum jarðarhluta lýsti því yfir að hann hefði þá þegar samið um kaupin við hreppstjóra og vildi hann enn standa við kaupin fyrir 1.200 krónur.[165]

5.8 Innri-Veðrará í Önundarfirði

Hinn 10. febrúar 1569 seldu hjónin Jón Nikulásson og Helga Jónsdóttir til Björns Bjarnasonar jarðirnar Veðrará og Minni-Breiðadal í Önundarfirði, báðar 24 hundruð að dýrleika. Á móti gaf Björn þeim hjónum jörðina Látur í Mjóafirði.[166]

Hinn 13. nóvember 1648 gaf Þóra Jónsdóttir sonarsyni sínum Snæbirni Torfasyni jörðina Innri-Veðrará, 12 hundruð að dýrleika.[167]

Hinn 8. september 1697 fóru fram arfaskipti milli erfingja sr. Björns Þorleifssonar, þeirra Gísla Björnssonar, Sigurðar, Guðmundar og Þórðar, sem komnir voru til lögaldurs, og Árna og Gissurar Björnssona, sömuleiðis Gyríðar Björnsdóttur systur þeirra. Gísli og Guðmundur eignuðust 14 hundruð í Haukadal. Árni fékk fjögur hundruð í Haukadal, þrjú hundruð í Veðrará og eitt hundruð í Arnarnúpi. Gissur, yngsti bróðirinn, fékk í Hjarðardal stærri 15 hundruð. Gyríður fékk hálfan Botn í Dýrafirði, sex hundruð, og eftirlifandi kona Björns, Þórunn Árnadóttir, eignaðist hálfan Arnarnúp.[168]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Innri-Veðrará í Önundarfirði:

> **Vedrar á Innre.**
>
> Hjer hefur að fornu bænhús verið, sem af er fallið fyrir manna minni, sjást þó enn kirkjugarðs leifar.
>
> Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast.
>
> Eigandinn Eggert Snæbjörnsson að Kirkjubóli í Lángadal.
>
> Ábúandinn Jón Gíslason.
>
> […]
>
> útigángur í meðallagi. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar hefur verið góður, eyðist mjög, brúkast þó.

163 Skjal nr. 2(5).
164 Skjal nr. 2(759).
165 Skjal nr. 2(776).
166 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 194–196; , skjal nr. 4(186).
167 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 164, skjal H-22.
168 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 177–178, skjal H-22.

> Túninu grandar Veðrará með grjóts áburði. Engjar spillast stórlega af skriðum og eru mjög af þeim fordjarfaðar. Landþröngt er og hrjóstrugt mjög og víða uppblásið og skriðufallið.
>
> **Midá,** forn eyðihjáleiga, hefur bygð verið hjer um fyrir 50 árum við heimatúnið, og varaði bygðin inn til næstu xviii ára, og var þá þetta býli talinn þriðjúngur allrar jarðarinnar og bygðist eftir proportion við heimajörðina, og var þá einnri hálfvætt meiri öll landskuldin á allri jörðunni og hálfu kúgildi fleira heldur en þá jörðin var bygð í einu lagi, sem áður segir. Aftur má hjer byggja, en þó rýrir það alt heimajörðina.
>
> Tvö áttaærings húsnaust og eins báts naust standa hjer við sjóinn, sem bændur fram í sveitinni hafa bygt hjer upp á sinn kost að viðum, en af torfi og grjóti úr þessarar jarðar landi. Þar standa skipin þeim stundum ársins, sem þau eru ei í verinu og geldur hver sá, sem áttaæringana á, 20 álnir í landaurum landsdrotni, eður í kaupstað 6 fjórðúnga fiska. Ekki vita nálægir hvað eftir bátsnaustið geldst, þó er hjer ekkert heimræði. Þessi naust hafa staðið hjer um 20 ár.[169]

Við manntalsþing að Auðkúlu 28. maí 1722 var þinglesið kaupbréf, dagsett 27. ágúst 1721, þar sem Teitur Arason sýslumaður seldi sr. Páli Péturssyni alla jörðina Innri-Veðrará og 12 hundurð í Ytri-Veðrará fyrir 172 ríkisdali. Þá greiddi hann Teiti 22 ríkisdali fyrir sjö málnytukúgildi.[170]

Við manntalsþing að Hóli 13. apríl 1728 var spurt um klögun gegn Sigmundi Sæmundssyni vegna jarðarverðs á sex hundruðum í Víðidalsá og einu hundraði og 25 álnum í Veðrará. Ólafur Jónsson lögréttumaður kom fram og kvað Sigmund hafa lofað því bréflega að greiða fyrir nefnda parta með þremur hundruðum í Geirastöðum og sjö hundruðum í lausaféfjallað um það að Sigmundur Sæmundsson hafði lofað bréflega að borga andvirði sex hundraða í Víðidalsá og eins hundraðs og 25 álna í Veðrará að hluta til með þrem hundruðum í Geirastöðum. Bar að sækja það til Sigmundar.[171]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Innri-Veðrarár í Önundarfirði metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Ásgeir Þorsteinsson á Rauðumýri. Með í matinu var eyðihjáleigan Miðá.[172]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Innri-Veðrará í Önundarfirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að eyðihjáleigan Miðá er 1805 talin með.[173]

Við manntalsþing að Þórustöðum 24. júní 1848 var þinglesið kaupbréf fyrir fjórum hundruðum í Veðrará frá Jóni Þórðarsyni til Ásgeirs Ásgeirssonar, dagsett 27. maí 1848, fyrir 136 ríkisbankadali.[174]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Innri-Veðrará:

> 10. Vedrará innri: þar er landkreppu jórd til beitar og rírir slíkt verd hennar.[175]

---

169 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 118–119, skjal H-12.
170 Skjal nr. 2(777).
171 Skjal nr. 2(739).
172 Skjal nr. 2(96).
173 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
174 Skjal nr. 2(782).
175 Skjal nr. 2(153).

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 240 ríkisbankadali.[176]

Hinn 16. ágúst 1857 gaf Eyjólfur Kolbeinsson prestur dóttur sinni Michalínu fjögur hundruð í Neðri-Breiðadal og sex hundruð í Veðrará. Kaupbréfið var þinglesið 9. júní 1859.[177]

Við manntalsþing að Þórustöðum 12. júlí 1859 var þinglesið gjafabréf, dagsett 16. ágúst 1847, þar sem sr. Eyjólfur Kolbeinsson gaf Mikaelínu dóttur sinni fjögur hundruð í Breiðadal og sex hundruð í Veðrará. Við sama þing var þinglesið makaskiptabréf hjónanna Mikaelínu Eyjólfsdóttur og A. A. Johnsens, dagsett 17. desember 1858, á áðurnefndum fjórum hundruðum í Breiðadal og sex hundruðum í Veðrará gegn 12 hundruðum í Kirkjubóli með tilheyrandi kirkjueignum.[178] Bæði bréfin voru einnig þinglesin við manntalsþing Eyrarhrepps 9. júní 1859.[179]

Hinn 10. febrúar 1862 ánafnaði Málfríður Jónsdóttir á Seljalandi börnum sínum jarðarhluta eftir sinn dag með eftirfarandi hætti: Hinriki Sigurðssyni átta hundruð í Seljalandi, Guðrúnu Sigurðardóttur átta hundruð í Kvíanesi, Guðbjörgu Sigurðardóttur fimm hundruð í Ytri-Lambadal og þrjú hundruð í Ytri-Veðrará, Margréti Sigurðardóttur fimm hundruð í Ytri-Lambadal og þrjú hundruð í Ytri-Veðrará og Kristínu Sigurðardóttur sjö hundruð í Innri-Veðrará. Arfleiðslubréfið var þinglesið við manntalsþing 27. júní, 19., 21. og 23 júlí sama ár.[180]

Við manntalsþing að Þórustöðum 10. júlí 1868 var þinglesið kaupbréf Jóns Halldórssonar á Veðrará fyrir fjórum hundruðum úr sömu jörð fyrir 120 ríkisdali, dagsett 28. september 1867.[181]

Með kaupbréfi dagsettu 11. janúar 1880 seldi Kristján Magnússon bóndi í Tungu í Skutulsfirði 12 hundruð að fornu mati en sjö hundruð og 108 álnir að nýju mati, í Innri-Veðrará í Mosvallahreppi til Vilh. Holm á Ísafirði.[182]

Hinn 29. september 1883 seldi Árni Jónsson, fyrir hönd W. Holm, 12 hundruð að fornu mati í Innri-Veðrará til Bóasar Guðlaugssonar. Afsalsbréfið var þinglesið 30. júní 1884.[183]

Landamerkjabréf jarðarinnar Innri-Veðrarár er dagsett 22. janúar 1888 en það var þinglesið við manntalsþing að Þórustöðum 18. júlí 1889. Efni þess er svohljóðandi:

> Um landamerki á jörðinni innri Veðrará í Mosvallahreppi í Ísafjarðarsýslu.
>
> Að utanverðu er merkið í svonefndan Skriðutanga, og liggur það beint upp frá honum til fjalls.

[176] Skjal nr. 2(167).
[177] Skjal nr. 2(500).
[178] Skjal nr. 2(755).
[179] Skjal nr. 2(786).
[180] Skjal nr. 2(501).
[181] Skjal nr. 2(784).
[182] Skjal nr. 2(502).
[183] Skjal nr. 2(503).

> En að innanverðu liggur merkið út Skeiðiskrók, og í svonefndan merkistein, og þar upp af er gamalt merki upp hækkað er vísar landamerkið beint til fjalls. Jafnadalur telst með innan þessara takmarka.
>
> Þetta viðurkennum við undirskrifaðir nábúar.
>
> Veðrará innri 22. jan. 1888
>
> Bóas Guðlaugsson
>
> Ábúandi: Jens Jónsson Veðrará ytri: ábúandi Jón Halldórsson.
>
> Bjarni Jónsson á Tannnesi.[184]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Innri-Veðrarár séu þinglesin.[185] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 1.210 kr. Eigandi hennar var Sigríður Jensdóttir.[186]

5.9 Ytri-Veðrará í Önundarfirði

Hinn 10. febrúar 1569 seldu hjónin Jón Nikulásson og Helga Jónsdóttir til Björns Bjarnasonar jarðirnar Veðrará og Minni-Breiðadal í Önundarfirði, báðar 24 hundruð að dýrleika. Á móti gaf Björn þeim hjónum jörðina Látur í Mjóafirði.[187]

Hinn 30. september 1638 seldi Steinþór Ormsson, sem hafði löglegt lagasvar dótturbarna sinna, barna Eggerts sáluga Sæmundssonar, hjónunum Jóni Grímssyni og Guðrúnu Bjarnadóttur jarðirnar Steinólfsstaði og Marðareyri. Á móti seldu hjónin Steinþóri og börnum Eggerts 12 hundruð í Ytri-Veðrará.[188]

Hinn 30. nóvember 1663 gaf Ragnhildur Steinþórsdóttir dóttursyni sínum í löggjöf fimmta hvert hundrað úr fasteign sinni, sem voru 12 hundruð í Ytri-Veðrará, 12 hundruð í Stærri-Garði í Dýrafirði og átta hundruð í Hrauni á Ingjaldssandi. Hlutur Eggerts Snæbjörnssonar átti að vera sex hundruð úr Ytri-Veðrará. Einnig gaf Ragnhildur Snæbirni sex hundruð í lausafé.[189]

Hinn 16. mars 1679 skipti Þorleifur Sveinsson fasteign sinni milli barna sinna og dótturbarna. Sr. Björn Þorleifsson fékk, að Þorleifi látnum, Hjarðardal stærri, 20 hundruð. Páll fékk Innri-Hjarðardal, 18 hundruð að dýrleika og þar til tvö hundruð í Tröð í Önundarfirði. Börn Þórunnar sálugu Þorleifsdóttur fengu 10 hundruð í Gemlufalli, en þrjú hundruð í Ytri-Veðrará ánafnaði Þorleifur konu sinni, Valgerði Tumadóttur. Þrjú hundruð í Tröð hafði áður fengið Guðrún Jörundsdóttir eftir sinn sáluga eiginmann. Þá stóðu eftir óskipt tvö hundruð í Gemlufalli. Björn Þorleifsson lýsti sig samþykkan þessari skiptingu í bréfi 18. júní 1682 að því tilskildu að hann fengi tvö hundruð í Gemlufalli ofan á sinn hluta.[190]

---

184 Skjal nr. 2(6).
185 Skjal nr. 2(177).
186 Skjal nr. 2(177).
187 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 194–196, skjal nr. 4(186).
188 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 164, skjal H-22.
189 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 166, skjal H-22.
190 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 170, skjal H-22.

Hinn 9. júní 1685 gaf Ragnhildur Steindórsdóttir dóttur sinni, Helgu Eggertsdóttur, til réttra arfaskipta sex hundruð í Ytri-Veðrará.[191]

Hinn 8. september 1697 fóru fram arfaskipti milli erfingja sr. Björns Þorleifssonar, þeirra Gísla Björnssonar, Sigurðar, Guðmundar og Þórðar, sem komnir voru til lögaldurs, og Árna og Gissurar Björnssona, sömuleiðis Gyríðar Björnsdóttur systur þeirra. Gísli og Guðmundur eignuðust 14 hundruð í Haukadal. Árni fékk fjögur hundruð í Haukadal, þrjú hundruð í Veðrará og eitt hundruð í Arnarnúpi. Gissur, yngsti bróðirinn, fékk í Hjarðardal stærri 15 hundruð. Gyríður fékk hálfan Botn í Dýrafirði, sex hundruð, og eftirlifandi kona Björns, Þórunn Árnadóttir, eignaðist hálfan Arnarnúp.[192]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Ytri-Veðrará í Önundarfirði:

> **Vedrara ytre.** Þriðjúngurinn í eyði síðan bóluna.
>
> Jarðardýrleiki xviii hndr.
>
> Eigendur Eggert Snæbjörnsson áðurnefndur að xii hndr.
>
> Ísleikur Bjarnason á Bakka í Hnífsdal, Niculaus Bjarnason á Gili í Bolúngarvík, bræður, og kanske þriðji bróðurinn Guðmundur eður hans barn að vi hndr.
>
> Ábúandi á parti Eggerts Jón Þorkelsson.
>
> […]
>
> Partur þeirra bræðra hefur í eyði verið síðan bóluna, en áður bygðist hann með sömu kostum og hin xii hndr. eftir proportion, nema landskuldin galtst lengstum í landaurum.
>
> […]
>
> Útigángur er nokkuð lakari en í meðallagi. Torfrista og stúnga lök. Svörður brúkast til eldiviðar. Lýngrif lítið til eldiviðarstyrks.
>
> Enginu grandar til stórskaða skriður úr brattlendi og hafa eyðilagt þær meir en til helmínga. Hætt er kvikfje á vetur fyrir sjáfarflæðum og fyrir stórskriðum.
>
> Partinn þeirra bræðra, sem að í eyði er skrifaður, brúkar ábúandinn á parti Eggerts til slægna og geldur þar ekkert fyrir nema tíund til fátækra.[193]

Við manntalsþing að Auðkúlu 28. maí 1722 var þinglesið kaupbréf, dagsett 27. ágúst 1721, þar sem Teitur Arason sýslumaður seldi sr. Páli Péturssyni alla jörðina Innri-Veðrará og 12 hundurð í Ytri-Veðrará fyrir 172 ríkisdali. Þá greiddi hann Teiti 22 ríkisdali fyrir sjö málnytukúgildi.[194]

Við manntalsþing að Tungu 25. apríl 1724 var þinglesinn kaupgjörningur, dagsettur 4. apríl 1718, milli Jóns Guðmundssonar og Sigmundar Sæmundssonar. Jón seldi Sigmundi 125 álnir í Ytri-Veðrará en Sigmundur greiddi tvö hundruð í gildum og góðum landaurum.[195]

---

191 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 172, skjal H-22.
192 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 177–178, skjal H-22.
193 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 119–120, skjal H-12.
194 Skjal nr. 2(777).
195 Skjal nr. 2(778).

Við manntalsþing að Hóli 13. apríl 1728 var spurt um klögun gegn Sigmundi Sæmundssyni vegna jarðarverðs á sex hundruðum í Víðidalsá og einu hundraði og 25 álnum í Veðrará. Ólafur Jónsson lögréttumaður kom fram og kvað Sigmund hafa lofað því bréflega að greiða fyrir nefnda parta með þremur hundruðum í Geirastöðum og sjö hundruðum í lausaféfjallað um það að Sigmundur Sæmundsson hafði lofað bréflega að borga andvirði sex hundraða í Víðidalsá og eins hundraðs og 25 álna í Veðrará að hluta til með þrem hundruðum í Geirastöðum. Bar að sækja það til Sigmundar.[196]

Við manntalsþing að Mosvöllum 22. maí 1728 var þinglesinn kaupgjörningur, dagsettur 23. júní 1727, milli Kolbeins Magnússonar og Markúsar Bergssonar. Kolbeinn seldi Markúsi sex hundruð í Ytri-Veðrará og Markús greiddi Kolbeini fyrir níu hundruð í lausafé, en það voru 24 ríkisdalir specie og þrjú hundruð í lausafé.[197]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Ytri-Veðrarár í Önundarfirði metinn 18 hundruð. Eigendur jarðarinnar er þrír ónafngreindir bændur.[198]

Við manntalsþing að Þingeyri 5. júní 1816 var upplesið kaupbréf fyrir þremur hundruðum í Ytri-Veðrará fyrir 72 ríkisdali og makaskipti á þremur hundruðum í sömu jörð og þremur hundruðum í Brekku við Dýrafjörð. Skjalið var dagsett 30. apríl 1813.[199]

Við manntalsþing að Hóli 21. júní 1816 var þinglesið kaupbréf fyrir þremur hundruðum í Ytri-Veðrará fyrir 36 ríkisdali. Kaupbréfið var dagsett 2. febrúar 1816 en seljandi var Esaias Laurentíusson og kaupandinn var Jón Jónsson á Veðrará.[200]

Við manntalsþing að Hóli 13. júlí 1829 seldi Jón Jónsson sex hundruð í Ytri-Veðrará til Sigurðar Hinrikssonar fyrir 66 spesíur. Bréfið var dagsett 29. desember 1828.[201]

Með kaupbréfi dagsettu 18. júlí 1835 seldi Ólöf Helgadóttir á Veðrará sex hundruð í Ytri-Veðrará til Eyjólfs Kolbeinssonar sóknarprests á Eyri við Skutulsfjörð.[202]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Ytri-Veðrará í Önundarfirði metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[203]

Hinn 27. maí 1848 seldi Jón Þórðarson á Eyri við Skutulsfjörð, f.h. Þóru Eyjólfsdóttur konu sinnar, fjögur hundruð í Ytri-Veðrará til Ásgeirs Ásgeirssonar á Ísafirði fyrir 68 spesíur. Kaupbréfið var þinglesið við manntalsþing að Þórustöðum 24. júní 1848.[204]

Hinn 16. júní 1848 fóru fram makaskipti hvar Bárður Jónsson, fyrir hönd barnsins Jónínu Sturludóttur á Kleifum, seldi sex hundruð í Kirkjubóli í Valþjófsdal til Ásgeirs

196 Skjal nr. 2(739). (Sjá einnig: *Til merkis mitt nafn: Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729*, Már Jónsson tók saman, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2002, bls. 337–341).
197 Skjal nr. 2(779).
198 Skjal nr. 2(97).
199 Skjal nr. 2(780).
200 Skjal nr. 2(781).
201 Skjal nr. 2(783).
202 Skjal nr. 2(504).
203 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
204 Skjal nr. 2(72).

Ásgeirssonar í Skutulsfirði í skiptum fyrir átta hundruð í Ytri-Veðrará. Makaskiptabréfið var þinglesið 1. júlí 1861.[205]

Við manntalsþing að Þórustöðum 24. júní 1848 var þinglesið kaupbréf fyrir fjórum hundruðum í Veðrará frá Jóni Þórðarsyni til Ásgeirs Ásgeirssonar, dagsett 27. maí 1848, fyrir 136 ríkisbankadali. Við sama þing var þinglesið makaskiptabréf á milli Ásgeirs Ásgeirssonar og Bárðar Jónssonar á átta hundruðum í Ytri-Veðrará og sex hundruðum í Kirkjubóli með 68 dala milligjöf, dagsett 16. júní 1848[206]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Ytri-Veðrará var metin á 396 ríkisbankadali.[207]

Hinn 16. ágúst 1857 gaf Eyjólfur Kolbeinsson prestur dóttur sinni Michalínu fjögur hundruð í Neðri-Breiðadal og sex hundruð í Veðrará. Kaupbréfið var þinglesið 9. júní 1859.[208]

Við manntalsþing að Þórustöðum 12. júlí 1859 var þinglesið gjafabréf, dagsett 16. ágúst 1847 [svo], þar sem sr. Eyjólfur Kolbeinsson gaf Mikaelínu dóttur sinni fjögur hundruð í Breiðadal og sex hundruð í Veðrará. Við sama þing var þinglesið makaskiptabréf hjónanna Mikaelínu Eyjólfsdóttur og A. A. Johnsens, dagsett 17. desember 1858, á áðurnefndum fjórum hundruðum í Breiðadal og sex hundruðum í Veðrará gegn 12 hundruðum í Kirkjubóli með tilheyrandi kirkjueignum.[209] Bæði bréfin voru einnig þinglesin við manntalsþing Eyrarhrepps 9. júní 1859.[210]

Með kaupbréfi dagsettu 9. september 1859 seldi Þóra Eyjúlfsdóttir fjögur hundruð í Ytri-Veðrará til Þórodds Jónssonar seglsaumara á Ísafirði. Kaupbréfið var þinglesið 1. júlí 1861.[211]

Við manntalsþing að Þórustöðum 1. júlí 1861 var þinglesið makaskiptabréf A. A. Johnsens heitins og Bárðar Jónssonar, fyrir hönd Jónínu Sturladóttur, á sex hundruðum í Kirkjubóli í Valþjófsdal gegn átta hundruðum úr Ytri-Veðrará ásamt 68 ríkisdala milligjöf. Makaskiptabréfið var dagsett 16. júní 1848. Við sama þing var þinglesið kaupbréf Þórodds Jónssonar seglsaumara frá 9. september 1859 fyrir fjórum hundruðum í Veðrará fyrir 148 ríkisdali.[212]

Hinn 10. febrúar 1862 ánafnaði Málfríður Jónsdóttir á Seljalandi börnum sínum jarðarhluta eftir sinn dag með eftirfarandi hætti: Hinriki Sigurðssyni átta hundruð í Seljalandi, Guðrúnu Sigurðardóttur átta hundruð í Kvíanesi, Guðbjörgu Sigurðardóttur fimm hundruð í Ytri-Lambadal og þrjú hundruð í Ytri-Veðrará, Margréti Sigurðardóttur fimm hundruð í Ytri-Lambadal og þrjú hundruð í Ytri-Veðrará og Kristínu

[205] Skjal nr. 2(506).
[206] Skjal nr. 2(782).
[207] Skjal nr. 2(167).
[208] Skjal nr. 2(500).
[209] Skjal nr. 2(755).
[210] Skjal nr. 2(786).
[211] Skjal nr. 2(505).
[212] Skjal nr. 2(756).

Sigurðardóttur sjö hundruð í Innri-Veðrará. Arfleiðslubréfið var þinglesið við manntalsþing 27. júní, 19., 21. og 23 júlí sama ár.[213]

Hinn 4. mars 1866 seldi Sigurður Guðmundsson bóndi á Ytri-Veðrará sex hundruð í Ytri-Veðrará til Guðmundar Ólafssonar vinnumanns á Hesti. Afsalsbréfið var þinglesið 8. september sama ár.[214]

Við manntalsþing að Þórustöðum 8. september 1866 var þinglesið kaupbréf A. Ásgeirssonar, dagsett 22. ágúst 1866, fyrir þremur hundruðum í Ytri-Veðrará, fyrir 120 ríkisdali. Einnig var þinglesið kaupbréf Guðmundar Ólafssonar fyrir sex hundruðum í Ytri-Veðrará, fyrir 216 ríkisdali. Bréfið var dagsett 4. mars 1866.[215]

Með kaupbréfi dagsettu 22. ágúst 1866 seldi Páll Guðmundsson í Súðavík þrjú hundruð í Ytri-Veðrará til Á. Ásgeirssonar kaupmanns á Ísafirði. Kaupbréfið var þinglesið 8. september sama ár.[216]

Með kaupbréfi dagsettu 28. september 1867 seldi L.A. Snorrason, fyrir hönd Á. Ásgeirssonar kaupmanns á Ísafirði, þrjú hundruð í Ytri-Veðrará til Jóns Halldórssonar á Veðrará. Kaupbréfið var þinglesið 19. júlí 1868.[217]

Við manntalsþing að Þórustöðum 10. júlí 1868 var þinglesið kaupbréf Jóns Halldórssonar á Veðrará fyrir fjórum hundruðum úr sömu jörð fyrir 120 ríkisdali, dagsett 28. september 1867.[218]

Hinn 24. apríl 1873 seldi Guðmundur Ólafsson bóndi á Hóli í Mosvallahreppi sex hundruð að fornu mati í Ytri-Veðrará í Holtssókn til Jóns Jónssonar vinnumanns í Mosdal.[219]

Með kaupbréfi dagsettu 31. ágúst 1873 seldi Guðmundur Ólafsson bóndi á Hóli í Önundarfirði sex hundruð í Ytri-Veðrará til Jóns Halldórssonar bónda á Ytri-Veðrará.[220]

Með kaupbréfi dagsettu 19. september 1881 seldi Einar Pálsson skipstjóri sex hundruð í Ytri-Veðrará í Önundarfirði til Jóns Ólafssonar bónda í Hjarðardal. Kaupbréfið var þinglesið 28. júní 1882.[221]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Ytri-Veðrará:

> Veðrá-ytri
>
> Landamerki að utan Breiðadalsá að innan, að utan úr skriðumelartanga beint á hæsta fjalltind[222]

213 Skjal nr. 2(501).
214 Skjal nr. 2(507).
215 Skjal nr. 2(771).
216 Skjal nr. 2(508).
217 Skjal nr. 2(509).
218 Skjal nr. 2(953).
219 Skjal nr. 2(510).
220 Skjal nr. 2(511).
221 Skjal nr. 2(512).
222 Skjal nr. 2(178).

Í undirmati II segir að landamerki jarðarinnar séu þinglesin. Jörðin var metin á 1.600 kr. Eigandi hennar var Guðmundur Fr. Guðmundsson og Jón Guðmundsson.[223]

Með bréfi dagsettu 12. apríl 1923 tjáðu Þórður Sigurðsson og Kr. Ásgeirsson sýslumanni að ágreiningur væri um landamerki milli jarðanna Neðri-Breiðadals og Ytri-Veðrarár. Þeir óskuðu um leið eftir því að settur yrði landamerkjadómur um málið.[224]

Hinn 11. júlí 1923 fór fram landamerkjadómur þar sem tekinn var fyrir ágreiningur um landamerki jarðanna Veðrarár og Neðri-Breiðadals. Stefnendur, eigendur Neðri-Breiðadals, kröfðust þess að Breiðadalsá skipti merkjum jarðanna, frá ósi upp í vatns sem sé undir þverfjalli enda sé ekki um annað vatn að ræða þar. Stefndu héldu því hins vegar fram að Breiðadalsá réði að sönnu merkjum en að áin næði ekki lengra en fram að tungunni, þar sem frárennsli frá fyrrnefndu vatni kæmi saman við frárennsli frá Langdal og að merkin væru frá tunguoddinum beina sjónhending upp í svonefnda Öxl. Sátta var leitað en það reyndist árangurslaust. Í framhaldinu voru tilnefndir óvilhallir og valinkunnir menn í dóm. Tvö vitni voru svo yfirheyrð, þær Guðmunda Atladóttir og Friðgerður Jóhannsdóttir. Guðmunda kvað Veðrará eiga ártungurnar ogmerkið væri í öxlina. Friðgerður kvað merkin hins vegar vera um Breiðadalsá fram í vatnið og að lækurinn sem rynni úr vatninu réði merkjum þar uppi. Hún bætti við að umgetnar ártungur hafi oftast verið slegnar að tilhlutan bóndans í Neðri-Breiðadal. Réttinum var síðan framhaldið fram á dal, fram við vatn, þar sem gengið var á vettvang og kynnt sér nákvæmlega staðhætti ásamt málsaðilum. Málinu var að lokum frestað.[225]

Með skjali, dagsettu 4. ágúst 1923, sættust eigendur jarðanna Neðri-Breiðadals og Ytri-Veðrarár á landamerki jarðanna með eftirfarandi hætti:

> Breiðadalsá frá sjó og upp í vatn það, sem liggur undir svonefndu Þverfelli fyrir botni Breiðadals, og þaðan stytstu leið á fjallsbrún. Þó hefur Veðrará ítak, aðeins til slægna, sunnan til í ártungunum norðanvert við ána.[226]

Landamerkjabréf jarðarinnar Ytri-Veðrarár er dagsett 19. apríl 1924 en það var þinglesið við manntalsþing að Þórustöðum 9. júní sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerkjabrjef fyrir Verðrará ytri í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
>
> Landamerkji á milli Veðraránna er úr Skriðutanga beint upp í Veðraráshornið. En á milli Breiðadalanna neðri og fremri og Veðrará ytri, er Breiðadalsá, frá sjó og upp í vatn það sem liggur undir svonefndu þverfjalli fyrir botni Breiðadals og á hver jörð land í miðja ána.
>
> Þá á Veðrará ítak aðeins, til slægna sunnan til á svonefndri ártungu fram á dalnum norðan til við ána.
>
> Úr vatninu liggur merkið ~~skemst~~ skemstu leið á fjallsbrún.
>
> Veðrará 19. apríl 1924

[223] Skjal nr. 2(178).
[224] Skjal nr. 2(447).
[225] Skjal nr. 2(785).
[226] Skjal nr. 2(448).

> Þórður Sigurðsson Jón Guðmundsson Kr. Ásgeirsson Jón G. Guðmundss. Kristján Torfason Jón Sveinsson Ásgeir Torfason Friðrik Guðmundsson[227]

5.10 Fremri-Breiðadalur í Önundarfirði

Hinn 21. apríl 1475 seldi Jón Einarsson Örnólfi Einarssyni alla jörðina Breiðadal fremri í Önundarfirði.[228]

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim fasteignum sem þær kirkjur áttu, sem hann hafði þá að halda, og þeim 70 hundruðum er hann átti fyrir norðan og hafði áður veðsett Jóni Jónssyni lögmanni til kaups. Meðal jarða hans voru Auðshaugur, 24 hundruð, Hokinsdalur, fjögur hundruð, Skógar í Mosdal, 12 hundruð, Dynjandi í Arnarfirði, 18 hundruð, í Haukadal, sjö hundruð, Alviðra, 78 hundruð, Sæból, 60 hundruð, Fremri-Breiðadalur, 12 hundruð og Kjaransstaðir, 12 hundruð.[229]

Hinn 30. júlí 1578 gaf Eggert Hannesson Ragnheiði dóttur sinni og Magnúsi Jónssyni 37 hundruð í jörðum. Fram kemur í bréfinu að þessi 37 hundruð haf staðið í fasteign með jarðar dýrleika í þremur gjafabréfum Ólafs Björnssonar, sonarsyni Eggerts. Þau voru upplesin en fráskildar jarðir í gjöfinni til Ragnheiðar og Magnúsar voru nokkrar jarðir, þar á meðal 12 hundruð í Fremri-Breiðadal sem Eggert vildi, með samþykki Magnúsar, selja Þorláki Einarssyni. Einnig endurnýjaði Eggert gjöf sína til Björns Magnússonar, dóttursonar síns, þannig að Eggert tók aftur Sæból á Ingjaldssandi en lét Birni í staðinn Bæ á Rauðasandi, sem var jafnmikil að dýrleika.[230]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Fremri-Breiðadal í Önundarfirði:

> **Breidedalur fremre.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn Páll Torfason að Núpi við Dýrafjörð. Anno 1703 átti hana Ellendur Jónsson að Stórólfshvoli austur.
>
> Ábúendur Jón Jónsson á iiii hndr., Bjarni Bessason á viii hndr.
>
> […]
>
> Útigángur í meðallagi. Torfstúnga næg, rista lök. Svörður brúkast til eldiviðar.
>
> Túninu grandar Þverá með landbroti. Engjar snöggvar, úthagar sæmilegir.
>
> Munnmæli segja að þessi bær hafi færður verið af nafnlausum tóftarústum, sem hjer eru niður með ánni, og líklegt sýnist að í fyrndinni hafi bær verið, þó þar sje ekkert víst um að segja. Ekki má hjer bygð setja fyrir heyskapar og vatnsleysi.[231]

Við manntalsþing að Mosvöllum 28. júní 1796 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 1. apríl 1795, hvar sr. Jón heitin Sigurðsson og Páll Þórðarson makaskiptu 14

---

227 Skjal nr. 2(7).
228 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 781, skjal nr. 4(187).
229 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 103–104, skjal H-22.
230 Skjal nr. 2(355).
231 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 120, skjal H-12.

hundruðum í Meðaldal og níu hundruðum í Breiðadal með 20 ríkisdala millilagi af hálfu sr. Jóns.[232]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Fremri-Breiðadals í Önundarfirði metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var sr. Guðmundur Sigurðsson á Stað í Aðalvík.[233]

Við manntalsþingsrétt að Þórustöðum 27. maí 1835 var upplesið afsals- og makaskiptabréf frá sr. Ásgeiri Jónssyni fyrir þremur hundruðum í Breiðadal til sonar síns, Magnúsar Ásgeirssonar. Við sama þing var upplesið afsalsbréf þess sama til sr. Eyjólfs Kolbeinssonar fyrir sex hundruðum í Breiðadal.[234]

Hinn 6. ágúst 1837 seldu Theophílus Ólafsson, Guðmundur Jónsson og Zacharías Guðlaugsson þrjú hundruð og 75 álnir í Breiðadal í Önundarfirði til Guðmundar Sigurðssonar á Steinólfsstöðum í Grunnavíkursókn. Afsalsbréfið var þinglesið 27. maí 1839.[235]

Við manntalsþingsrétt að Þórustöðum 27. maí 1839 var upplesið afsalsbréf, dagsett 6. ágúst 1837, fyrir þremur hundruðum og 75 álnum í Breiðadal fyrir 128 ríkisbankadali.[236]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Fremri-Breiðadalur í Önundarfirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[237]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Fremri-Breiðadal:

> 12. Breidadalur fremri: hagagædi eru hjer fremur mórgum jórdum, landrými og mótak nokkud.[238]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 360 ríkisbankadali.[239] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var tekin við umkvörtun frá ábúanda jarðarinnar eins og segir í texta þess:

> Frá ábúanda jarðarinnar, hreppstjóra Jóni Sveinssyni kom umkvörtun brefleg sem upplesin var og morkuð No4 um ofháa matníngu á jörð þessari og vyrdtist ransóknarmönnum hún sanngjörn, einkum vegna þess að eigi væri rétt hermt það sem í jarðamatsbókinni stæði að þar væri landrými, því þeir vóru búnir að fá vitneskju um að Neðri Breiðadalur á dal fyrir framan fremri Breiðadal, sem heitir Lángdalur, og má því fremur heita að það sé í landkreppu og þótti því hæfa, að hún væri sett niður um 2 spesiur hvört hundrað og verður þá jörðin öll[240]

Í framhaldinu var mati á Fremri-Breiðadal breytt í 312 ríkisbankadali.[241]

---

232 Skjal nr. 2(787).
233 Skjal nr. 2(98).
234 Skjal nr. 2(788).
235 Skjal nr. 2(513).
236 Skjal nr. 2(789).
237 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
238 Skjal nr. 2(152).
239 Skjal nr. 2(167).
240 Skjal nr. 2(162).
241 Skjal nr. 2(162).

Við manntalsþing að Þórustöðum 12. júlí 1859 var þinglesið gjafabréf, dagsett 16. ágúst 1847 [svo], þar sem sr. Eyjólfur Kolbeinsson gaf Mikaelínu dóttur sinni fjögur hundruð í Breiðadal og sex hundruð í Veðrará. Við sama þing var þinglesið makaskiptabréf hjónanna Mikaelínu Eyjólfsdóttur og A. A. Johnsens, dagsett 17. desember 1858, á áðurnefndum fjórum hundruðum í Breiðadal og sex hundruðum í Veðrará gegn 12 hundruðum í Kirkjubóli með tilheyrandi kirkjueignum.[242] Bæði bréfin voru einnig þinglesin við manntalsþing Eyrarhrepps 9. júní 1859.[243]

Við manntalsþing að Eyri 17. júní 1867 var kosin þriggja manna nefnd til að gera áreið á Breiðadalsland um hvar best væri að leggja þjóðveg. Í nefndina voru kosnir Jón Halldórsson, hreppstjóri á Kirkjubóli, Helgi Sölvason í Tungu og Guðmundur Halldórsson á Seljalandi.[244]

Með kaupbréfi dagsettu 6. september 1879 seldi Jón Sigurðsson fjögur hundruð að gömlu mati í Fremri-Breiðadal til Hjalta Sveinssonar í Súðavík í Álftafirði.[245]

Með ódagsettu kaupbréfi seldi Friðrik Jónsson átta hundruð að fornu mati í Fremri-Breiðadal til Hjalta Sveinssonar.[246]

Hinn 6. september 1879 seldi og afhenti Jón Sigurðsson fjögur hundruð eftir gömlu mati í Fremri-Breiðadal til Hjalta Sveinssonar í Súðavík. Afsalsbréfið var þinglesið 25. júní 1883.[247]

Með kaupbréfi dagsettu 30. september 1881 seldi Friðrik Jónsson átta hundruð eftir fornu mati í Fremri-Breiðadal til Hjalta Sveinssonar í Súðavík. Kaupbréfið var þinglesið 25. júní 1883.[248]

Samningur um landamerki milli jarðanna Fremri-Breiðadals og Neðri-Breiðadals er dagsettur 22. ágúst 1885 en hann var þinglesinn við manntalsþing að Þórustöðum 27. maí 1924. Efni hans er svohljóðandi:

> Samningur:
>
> Við undirritaðir höfum komið okkur saman um landamerki milli neðri og fremri Breiðadals á þann hátt er hjer segir:
>
> Á sem rennur úr svokölluðum Þverdal og heitir Þverá skal vera landamerki milli ofannefndra jarða að neðanverðu, og á hver jörð fyrir sig land að ánni. Neðri Breiðidalur fær þann landskika, sem er hans megin við Þverána. Að framanverðu höfum við sett landamerki þannig: að fremri Breiðidalur á land að seltóttum sem eru á Langadal en Neðri Breiðidalur á landið allt fyrir framan þær.
>
> Samningur þessi stendur obreyttur þar til ef nánari upplýsingar fást um landamerki ofannefndra jarða.
>
> Flateyri d. 22. agust 1885
>
> T. Halldórsson (eigandi ~~ofannefndra~~ 8 hndr. í Neðra Breiðadal)

[242] Skjal nr. 2(755).
[243] Skjal nr. 2(786).
[244] Skjal nr. 2(790).
[245] Skjal nr. 2(514).
[246] Skjal nr. 2(515).
[247] Skjal nr. 2(516).
[248] Skjal nr. 2(517).

> Hjalti Sveinsson (eigandi að 12 hndr. Fremri Breiðadal)
>
> Jens Guðmundsson eigandi […] hndr. Neðri Breiðdal.[249]

Hinn 26. september 1890 seldi og afhenti T. Halldórsson á Flateyri 16 hundruð í Eyri, 14 hundruð í Hóli, átta hundruð í Breiðadal og sex hundruð í Vífilsmýri til sona sinna Páls og Kristjáns.[250]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Fremri-Breiðadals séu þinglesin.[251] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 1.060 kr. Eigandi hennar var Friðrik Guðmundsson.[252]

Landamerkjabréf jarðarinnar Fremri-Breiðadals er dagsett 11. júlí 1921 en það var þinglesið við manntalsþing á Flateyri 12. júlí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerkjabréf fyrir Fremri-Breiðadal í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
>
> Milli Neðri- og Fremri-Breiðadals er áin Þverá landamerki að neðanverðu, þar sem hún rennur nú utan til við tunjaðar Fremri-Breiðadals, og á hver jöð [svo] í ána miðja Þverá ræður því merkjum frá því sem hún kemur í Breiðadalsá og svo sjónhending í fjallsbrún.
>
> Landamerki að framanverðu eru: Lækur, sem rennur í Breiðadalsá, neðan til við neðri seltóttina, er landamerki í melholtsröndina að framanverðu, frá holtsröndinni eru 3 merkjavörður hlaðnar, og eftir þeim sjónhending í fjallsbrún.
>
> Milli Fremri-Breiðadals og Veðrarar ytri er Breiðadalsá landamerki og á hver jörð í ána miðja.
>
> Breiðadal 11. júlí 1921
>
> Friðrik Guðmundsson (eigandi Fremri-Breiðadals)
>
> Eigendur Neðri-Breiðadals:
>
> Kr. Ásgeirsson.
>
> f.h. Kristjáns Torfasonar Ásgeir Torfason
>
> Þórður Sigurðsson
>
> Fyrir hönd Margrétar Jónsdóttur Jón G. Guðmundsson
>
> Jón Guðmundsson fyrir Ytri-Veðrará
>
> Jón G. Guðmundsson fyrir Ytri-Veðrará[253]

Við manntalsþing að Flateyri 12. júlí 1921 var þinglesið landamerkjabréf fyrir jörðinni Fremri-Breiðadal.[254]

Við manntalsþing að Flateyri 9. júlí 1929 var þinglesið afsalsbréf fyrir jörðinni Breiðadal, dagsett 6. júní sama ár.[255]

[249] Skjal nr. 2(8).
[250] Skjal nr. 2(518).
[251] Skjal nr. 2(179).
[252] Skjal nr. 2(179).
[253] Skjal nr. 2(9).
[254] Skjal nr. 2(759).
[255] Skjal nr. 2(791).

5.11 Neðri-Breiðadalur í Önundarfirði

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sona hennar Björns og Einars Jónssona þannig að þeir fengu Hól í Bolungarvík, Neðri-Breiðadal, Gölt, Meiri-Hlíð, Bakka, Tungu, Minni-Hlíð, Meira- og Minna-Hraun og Kroppsstaði.[256]

Hinn 14. ágúst 1559 fóru fram jarðaskipti þar sem Katrín Hannesdóttir seldi Gísla Jónssyni biskupi jörðina Vatnsleysu í Biskupstungum fyrir jörðina Breiðadal í Önundarfirði, 24. hundruð að dýrleika.[257]

Hinn 10. febrúar 1569 seldu hjónin Jón Nikulásson og Helga Jónsdóttir til Björns Bjarnasonar jarðirnar Veðrará og Minni-Breiðadal í Önundarfirði, báðar 24 hundruð að dýrleika. Á móti gaf Björn þeim hjónum jörðina Látur í Mjóafirði.[258]

Hinn 2. ágúst 1570 fór fram héraðsdómur um vitni og eiðatökur vegna gjafar Katrínar Hannesardóttur á jörðinni Neðri-Breiðadal til systur sinnar Guðrúnar. Jörðin dæmdist eign Guðrúnar og barna hennar.[259]

Hinn 3. desember 1576 gerði Þorlákur Einarsson kunnugt, að hann hefði selt Eggerti Hannessyni fimm hundruð í Trostransfirði í Suðurfjörðum og þar til 15 aura í Tungu í Valþjófsdal. Hér á móti greiddi Eggert hálft sjötta hundruð og 12 álnir betur í jörðinni Neðra-Breiðadal og þar til 20 álnir.[260]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Neðri-Breiðadal í Önundarfirði:

> **Breidedalur nedre.**
>
> Jarðardýrleiki xxiiii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn Páll Torfason ut supra.
>
> Ábúendur Halldór Bjarnason á viii hndr., Guðmundur Arason á viii hndr., Lífgjarn Jónsson á viii hndr.
>
> […]
>
> Útigángur er hjer mjög lítill. Torfrista lök, stúnga næg. Svörður brúkast til eldiviðar. Lýngrif lítið. Selveiði lítil, heppnast sjaldan til stórgagnsmuna.
>
> Hrokkelsaveiði hefur að fornu verið, sem krækt voru af skipi. Hún hefur brugðist í margt ár.
>
> Túninu grandar aurfok, er fyrir því mjög ilt að vinna völlinn. Engjar spillast stórlega af skriðum og eyðilagðar að vísu til helmínga. Hagar skemmast og so af skriðum. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum undir mósköflum. Vatnsból bregðst um vetur og er þá erfiður vatnsvegur.
>
> **Traud.** Fornt eyðiból eður hjáleiga hjer í landinu, og sjást hjer ljós byggíngamerki af tóftarústum og girðíngaleifum, en ekki hefur hjer búið verið í manna minni, og er almennilega haldið, að þetta býli hafi verið viii hndr. að dýrleika, en þriðjúngur allrar jarðarinnar, og það hefur fundist skrifað á einu blaði, sem til minnis hafði verið skrifað

256 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
257 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 436–437, skjal nr. 4(245).
258 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 194–196, skjal nr. 4(186).
259 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 424–426, skjal nr. 4(248).
260 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 104–105, skjal H-22.

> út úr einum máldaga eftir sem menn meina. Aftur mætti byggja, en þó ekki fyrir utan stórskaða og eyðileggíng heimajarðarinnar.[261]

Við manntalsþing að Mosvöllum 7. maí 1788 var þinglesið makaskiptabréf sr. Jóns Sigurðssonar á fimm hundruðum í Kirkjubóli fyrir sex hundruð í Neðri-Breiðadal. Bréfið er dagsett 3. ágúst 1787.[262]

Við manntalsþing að Mosvöllum 28. júní 1796 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 1. apríl 1795, hvar sr. Jón heitin Sigurðsson og Páll Þórðarson makaskiptu 14 hundruðum í Meðaldal og níu hundruðum í Breiðadal með 20 ríkisdala millilagi af hálfu sr. Jóns.[263]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Neðri-Breiðadals í Önundarfirði metinn 24 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Páll Þórðarson hreppstjóri. Eyðihjáleigan Tröð var með í matinu.[264]

Hinn 9. júlí 1834 seldi Ásgeir Jónsson prófastur í Holti í Önundarfirði sex hundruð í Neðri-Breiðadal til Eyjólfs Kolbeinssonar prests á Eyri við Skutulsfjörð. Afsalsbréfið var þinglesið 27. maí 1835.[265]

Hinn 3. október 1834 gáfu Ásgeir Jónsson prófastur í Holti við Önundarfjörð og Rannveig Matthíasdóttir eiginkona hans syni sínum Matthíasi Ásgeirssyni þrjú hundruð í Neðri-Breiðadal í Önundarfirði. Gjafabréfið var þinglesið 27. maí 1835.[266]

Við manntalsþingsrétt að Þórustöðum 27. maí 1835 var upplesið afsals- og makaskiptabréf frá sr. Ásgeiri Jónssyni fyrir þremur hundruðum í Breiðadal til sonar síns, Magnúsar Ásgeirssonar. Við sama þing var upplesið afsalsbréf þess sama til sr. Eyjólfs Kolbeinssonar fyrir sex hundruðum í Breiðadal.[267]

Hinn 6. ágúst 1837 seldu Theophílus Ólafsson, Guðmundur Jónsson og Zacharías Guðlaugsson þrjú hundruð og 75 álnir í Breiðadal í Önundarfirði til Guðmundar Sigurðssonar á Steinólfsstöðum í Grunnavíkursókn. Afsalsbréfið var þinglesið 27. maí 1839.[268]

Við manntalsþingsrétt að Þórustöðum 27. maí 1839 var upplesið afsalsbréf, dagsett 6. ágúst 1837, fyrir þremur hundruðum og 75 álnum í Breiðadal fyrir 128 ríkisbankadali.[269]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Neðri-Breiðadalur í Önundarfirði metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var eyðihjáleigan Tröð talin hér með.[270]

---

261 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 120–121, skjal H-12.
262 Skjal nr. 2(767).
263 Skjal nr. 2(787).
264 Skjal nr. 2(99).
265 Skjal nr. 2(519).
266 Skjal nr. 2(520).
267 Skjal nr. 2(788).
268 Skjal nr. 2(513).
269 Skjal nr. 2(789)
270 Skjal nr. 4(1), bls. 195.

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Neðri-Breiðadal:

> 11. Breidadalur nedri: þad eru skridur og árensli sem bagga jórd þessari frá ad ná medaltali.[271]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 480 ríkisbankadali.[272]

Hinn 16. ágúst 1857 gaf Eyjólfur Kolbeinsson prestur dóttur sinni Michalínu fjögur hundruð í Neðri-Breiðadal og sex hundruð í Veðrará. Kaupbréfið var þinglesið 9. júní 1859.[273]

Við manntalsþing að Þórustöðum 12. júlí 1859 var þinglesið gjafabréf, dagsett 16. ágúst 1847 [svo], þar sem sr. Eyjólfur Kolbeinsson gaf Mikaelínu dóttur sinni fjögur hundruð í Breiðadal og sex hundruð í Veðrará. Við sama þing var þinglesið makaskiptabréf hjónanna Mikaelínu Eyjólfsdóttur og A. A. Johnsens, dagsett 17. desember 1858, á áðurnefndum fjórum hundruðum í Breiðadal og sex hundruðum í Veðrará gegn 12 hundruðum í Kirkjubóli með tilheyrandi kirkjueignum.[274] Bæði bréfin voru einnig þinglesin við manntalsþing Eyrarhrepps 9. júní 1859.[275]

Friðlýst var fyrir landi Neðri-Breiðadals við manntalsþing 24. ágúst 1863.[276]

Hinn 7. ágúst 1865 seldi Sigurfljóð Sigurðardóttir fjögur hundruð í Neðri-Breiðadal í Önundarfirði til Hermanns Sigurðssonar á Sléttu gegn því að hann æli önn fyrir öllu viðurværi sínu til dauðadags. Afsalsbréfið var þinglesið sama dag.[277]

Með kaupbréfi dagsettu 8. apríl 1866 seldi Vilborg Einarsdóttir á Ytri-Hjarðardal fimm hundruð í Neðri-Breiðadal til Torfa Halldórssonar á Flateyri.[278] Kaupbréfið var innkomið til þinglýsingar 18. desember 1895.[279]

Við manntalsþing að Eyri 17. júní 1867 var kosin þriggja manna nefnd til að gera áreið á Breiðadalsland um hvar best væri að leggja þjóðveg. Í nefndina voru kosnir Jón Halldórsson, hreppstjóri á Kirkjubóli, Helgi Sölvason í Tungu og Guðmundur Halldórsson á Seljalandi.[280]

Með kaupbréfi dagsettu 15. ágúst 1868 seldi Guðmundur Halldórsson bóndi á Seljandi þrjú hundruð í Neðri-Breiðadal til Torfa Halldórssonar á Flateyri.[281] Kaupbréfið var innkomið til þinglýsingar 18. desember 1895.[282]

Hinn 11. ágúst 1873 fóru fram makaskipti hvar Andrés Bjarnason í Innri-Hjarðardal afhenti þrjú hundruð í Brekku í Þingeyrarhrepp til Jens Guðmundssonar bónda á

[271] Skjal nr. 2(153).
[272] Skjal nr. 2(167).
[273] Skjal nr. 2(500).
[274] Skjal nr. 2(755).
[275] Skjal nr. 2(786).
[276] Skjal nr. 2(757).
[277] Skjal nr. 2(521).
[278] Skjal nr. 2(527).
[279] Skjal nr. 2(524).
[280] Skjal nr. 2(790).
[281] Skjal nr. 2(528).
[282] Skjal nr. 2(525).

Söndum en fékk á móti þrjú hundruð í Neðri-Breiðadal. Makaskiptabréfið var þinglesið 14. ágúst sama ár.[283]

Hinn 8. ágúst 1874 fóru fram makaskipti hvar Jens Guðmundsson á Brekku afhenti þrjú hundruð í Neðri-Breiðadal til Andrésar Jónssonar í Innri-Hjarðardal en fékk á móti þrjú hundruð í Brekku í Dýrafirði. Makaskiptabréfið var þinglesið 10. ágúst sama ár.[284]

Samningur um landamerki milli jarðanna Fremri-Breiðadals og Neðri-Breiðadals er dagsettur 22. ágúst 1885 en hann var þinglesinn við manntalsþing að Þórustöðum 27. maí 1924. Efni hans er svohljóðandi:

> Samningur:
>
> Við undirritaðir höfum komið okkur saman um landamerki milli neðri og fremri Breiðadals á þann hátt er hjer segir:
>
> Á sem rennur úr svokölluðum Þverdal og heitir Þverá skal vera landamerki milli ofannefndra jarða að neðanverðu, og á hver jörð fyrir sig land að ánni. Neðri Breiðidalur fær þann landskika, sem er hans megin við Þverána. Að framanverðu höfum við sett landamerki þannig: að fremri Breiðidalur á land að seltóttum sem eru á Langadal en Neðri Breiðidalur á landið allt fyrir framan þær.
>
> Samningur þessi stendur obreyttur þar til ef nánari upplýsingar fást um landamerki ofannefndra jarða.
>
> Flateyri d. 22. agust 1885
>
> T. Halldórsson (eigandi ~~ofannefndra~~ 8 hndr. í Neðra Breiðadal)
>
> Hjalti Sveinsson (eigandi að 12 hndr. Fremri Breiðadal)
>
> Jens Guðmundsson eigandi […] hndr. Neðri Breiðdal.[285]

Hinn 26. september 1890 seldi og afhenti T. Halldórsson á Flateyri 16 hundruð í Eyri, 14 hundruð í Hóli, átta hundruð í Breiðadal og sex hundruð í Vífilsmýri til sona sinna Páls og Kristjáns.[286]

Hinn 1. september 1895 seldi Pétur Einarsson fjögur hundruð að fornu mati í Neðri-Breiðadal til Skúla Thoroddsen á Ísafirði.[287] Afsalsbréfið var innkomið til þinglýsingar 13. apríl 1896.[288]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Neðri-Breiðadals séu þinglesin.[289] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 2.740 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[290]

Landamerkjabréf jarðarinnar Neðri-Breiðadals er dagsett 23. maí 1890 en það var þinglesið að Þórustöðum 27. maí 1890. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki Neðri Breiðadals í Mosvallahreppi
>
> a. Milli Neðri og Fremri Breiðadals eru samkv. meðf. samningi

283 Skjal nr. 2(522).
284 Skjal nr. 2(523).
285 Skjal nr. 2(8).
286 Skjal nr. 2(518).
287 Skjal nr. 2(529).
288 Skjal nr. 2(526).
289 Skjal nr. 2(180).
290 Skjal nr. 2(180).

> Á sem rennur úr svokölluðum Þverdal og heitir Þverá er landamerki milli ofannefndra jarða að neðanverðu og á hver jörð fyrir sig land að ánni sín megin Neðri Breiðidalur á land allt á Langadal fyrir framan svokallaðar seltóttir.
>
> b. Milli Neðri Breiðadals og Veðrará er Breiðadalsá
>
> c. Milli Neðri Breiðadals og Selabóls er skriða kölluð Stóraurð er liggur úr svonefndri Grjótskál í fjallsbrún og til sjávar
>
> Flateyri d. 23. maí 1890
>
> T. Halldórsson
>
> Guðmundur Einarsson Páll Guðlaugsson Kjartan Rósinkarsson.[291]

Með bréfi dagsettu 12. apríl 1923 tjáðu Þórður Sigurðsson og Kr. Ásgeirsson sýslumanni að ágreiningur væri um landamerki milli jarðanna Neðri-Breiðadals og Ytri-Veðrarár. Þeir óskuðu um leið eftir því að settur yrði landamerkjadómur um málið.[292]

Hinn 11. júlí 1923 fór fram landamerkjadómur þar sem tekinn var fyrir ágreiningur um landamerki jarðanna Veðrarár og Neðri-Breiðadals. Stefnendur, eigendur Neðri-Breiðadals, kröfðust þess að Breiðadalsá skipti merkjum jarðanna, frá ósi upp í vatns sem sé undir þverfjalli enda sé ekki um annað vatn að ræða þar. Stefndu héldu því hins vegar fram að Breiðadalsá réði að sönnu merkjum en að áin næði ekki lengra en fram að tungunni, þar sem frárennsli frá fyrrnefndu vatni kæmi saman við frárennsli frá Langdal og að merkin væru frá tunguoddinum beina sjónhending upp í svonefnda Öxl. Sátta var leitað en það reyndist árangurslaust. Í framhaldinu voru tilnefndir óvilhallir og valinkunnir menn í dóm. Tvö vitni voru svo yfirheyrð, þær Guðmunda Atladóttir og Friðgerður Jóhannsdóttir. Guðmunda kvað Veðrará eiga ártungurnar ogmerkið væri í öxlina. Friðgerður kvað merkin hins vegar vera um Breiðadalsá fram í vatnið og að lækurinn sem rynni úr vatninu réði merkjum þar uppi. Hún bætti við að umgetnar ártungur hafi oftast verið slegnar að tilhlutan bóndans í Neðri-Breiðadal. Réttinum var síðan framhaldið fram á dal, fram við vatn, þar sem gengið var á vettvang og kynnt sér nákvæmlega staðhætti ásamt málsaðilum. Málinu var að lokum frestað.[293]

Með skjali, dagsettu 4. ágúst 1923, sættust eigendur jarðanna Neðri-Breiðadals og Ytri-Veðrarár á landamerki jarðanna með eftirfarandi hætti:

> Breiðadalsá frá sjó og upp í vatn það, sem liggur undir svonefndu Þverfelli fyrir botni Breiðadals, og þaðan stytstu leið á fjallsbrún. Þó hefur Veðrará ítak, aðeins til slægna, sunnan til í ártungunum norðanvert við ána.[294]

Annað landamerkjabréf jarðarinnar Neðri-Breiðadals er dagsett 3. nóvember 1923 en það var þinglesið við manntalsþing á Flateyri 15. mars 1924. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerkjabrjef fyrir Breiðadal neðri í Ønundafirði í Vestur Ísafjarðarsýslu.

---

291 Skjal nr. 2(10).
292 Skjal nr. 2(447).
293 Skjal nr. 2(785).
294 Skjal nr. 2(448).

> 1. Landamerki á milli jarðanna Breiðadals neðri og Veðrarár itri er Breiðadalsá, frá sjó uppí vatn það sem liggur undir svonefndu Þverfjalli fyrir botni Breiðadalsá, ~~frá sjó~~ og eiga báðar jarðirnar land í miðja ána, þó á Veðrará ítak aðeins til slægna sunnan til í svonefndri Ástungu framm á ~~d~~ dal, úr vatninu liggjar merkjið [svo] leið á fjallsbrún.
>
> 2. Landamerkji milli Breiðadals neðri, og Breiðadals fremri er að neðanvert áin Þverá þaðan sem hún rennur í Breiðadalsá eftir þeim farvegi sem hún rennur nú eftir utan til við túnjaðar í Breiðadal fremri og til upptaka á Þverdal og þaðan sjónhendingu á fjallsbrún í dalbotn.
>
> Að framanverðu er merkji lækur sá sem fellur í Breiðadalsá neðan til við neðri Seltóftina og er hann merkji í fremri melholtsröndina þaðan eftir 3 merkja vörðum uppí hlíðinni og eftir þeim sjónhending á fjallsbrún.
>
> 3. Landamerkji milli Breiðadals neðri og Selkirkjubóls eru úr steini í fjörunni sem auðkendur er á þann hátt að í hann er rekkinn járnbolti þaðan beina línu upp svonefnda Stóruurð upp Grjótskálargil alla leið upp á fjall.
>
> Breiðadalur neðri 3. November 1923
>
> Kjartan Rósinkransson
>
> f.h. Kr. Torfasonar Ó. Torfason
>
> Þórður Sigurðsson eigandi
>
> Kr. Ásgeirsson Brd-eigandi
>
> Albert Guðmundsson
>
> Guðmundur Guðmundsson
>
> Málfríður Pálsdóttir
>
> fh. Kristjáns Péturssonar Ó. Torfason
>
> fr. Veðrarár Jón G. Guðmundsson Jón Guðmundsson
>
> Margrét Jónsdóttir
>
> fr. Breiðadals Friðrik Guðmundsson[295]

Við manntalsþing að Flateyri 9. júlí 1929 var þinglesið afsalsbréf fyrir jörðinni Breiðadal, dagsett 6. júní sama ár.[296]

Hinn 20. september 1932 fóru fram landskipti á jörðinni Neðri-Breiðadal í Önundarfirði. Eigendur jarðarinnar voru Bjarni Guðnason, Kristján Torfason, Jón G. Guðmundsson og Jóhann Jónsson. Í landskiptabók er skráð að landamerki við aðliggjandi jarðir hafi verið glögg og ágreiningslaus. Þá kemur fram að túninu hafi verið skipt nokkrum árum fyrr, en þau voru látin standa. Um ytri engjar segir að Traðarnespart hafi Jóhann girt og byrjað að rækta, en sá partur reyndist vera 20.614 fermetrar að stærð. Bjarni hlaut jafnstóran part sem var utar og neðar. Fyrir ofan veg mældist 25312 fermetra blettur og var honum skipt til fjórmenninganna. Fremri engjar mældust 23,5 hektarar að stærð en þeim var skipt þannig:

> Fremsta partinn hlaut Bjarni Guðnason. Fremri takmörk, bein lína úr vörðu á eyrinni við Langá, heimanvert við Lambhagalæk í vörðu heimanvert í Langholtshaus. Heimantil við Bjarna part milli hans og Kristjáns Torfasonar sem á næsta part, er merki úr vörðu við Langá og í vörðu í hlíðinni heimantil í Seljaflataparti milli Kristjáns og

[295] Skjal nr. 2(11).
[296] Skjal nr. 2(791).

> Jóhanns Jónssonar sem á þriðja partinn að framan, er merkið úr vörðu við Langá í vörðu í Stór$_u$skriðu. Heimsta partinn á Jón G. Guðmundsson, og er merkið milli hans og Jóhanns úr vörðu í Árdalabörðum og í vörðu heimantil í Litluskriðu. Að heimanverðu takmarkast partur Jóns frá vörðu í Árdalabörðum niður af Stórholti í beinalínu yfir Stórholtið framarlega í vörðu uppi undir hlíðinni. Er sú varða aftur í beinni línu af hinum merkjavörðunum fram í hlíðinni, sem jafnframt því að vera merki milli partanna takmarka skifta landið að ofanverðu.[297]

5.12 Selakirkjuból í Önundarfirði

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Selakirkjuból í Önundarfirði:

> **Kirkiuból**, almennilega kallað **Selakirkiuból**.
>
> Hjer hefur bænhús verið, sem af er fallið fyrir manna minni, sjest hjer þó til kirkjugarðsleifa.
>
> Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn Björn Jónsson á Hörgslandi á Síðu austur.
>
> Ábúandinn Bjarni Bjarnason.
>
> […]
>
> Útigángur við lakara kost. Torfrista að kalla eydd, en stúnga bjargleg. Sverði er elt. Selveiði hefur verið góð og er enn gagnvæn þá vel er aðsókt, þykir þó fara til rýrðar hjá því sem verið hefur. Hrokkelsatekja hefur að fornu verið, sem áður segir um Breiðadal neðra.
>
> Túninu grandar vatn, sem jetur úr rótina. Engjar eru forskemdar af skriðum og mikinn part eyðilagðar. Úthagar og so mjög skriðurunnir og graslausir. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum, og hefur ábúandi mist fyrir 4 árum alt sitt fje út í sjó.[298]

Við manntalsþing að Mosvöllum 25. apríl 1783 var þinglesið kaupbréf Jóns Gíslasonar fyrir 12 hundruðum í Selakirkjubóli, dagsett 25. september 1782, af Katli Sigurðsssyni fyrir 66 ríkisdala spesíur.[299]

Við manntalsþing að Mosvöllum 20. apríl 1787 var þinglesið makaskiptabréf Jóns Gíslasonar og Guðmundar Jónssonar á Selakirkjubóli, 12 hundruð og 14 og hálfu hundraði í Tröð.[300]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Selakirkjubóls í Önundarfirði metinn 18 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Guðmundur Jónsson.[301]

Við manntalsþing að Mosvöllum 20. apríl 1812 var þinglesið kaupbréf fyrir sex hundruðum í Selakirkjubóli fyrir 120 ríkisdali. Kaupandi var D. Steinbach faktor en seljandi Guðmundur á Selakirkjubóli. Kaupbréfið var dagsett 7. apríl 1812.[302]

---

297 Skjal nr. 2(76).
298 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 121–122, skjal H-12.
299 Skjal nr. 2(792).
300 Skjal nr. 2(793).
301 Skjal nr. 2(100).
302 Skjal nr. 2(770).

Við manntalsþing að Mosvöllum 3. ágúst 1821 var upplesið afsal, dagsett 14. apríl 1821, fyrir þremur hundruðum í Selakirkjubóli fyrir 60 ríkisdali til D. Steenbachs. Seljandi var Vigdís Guðmundsdóttir.[303]

Við manntalsþing að Þórustöðum 28. júlí 1830 var þinglesið afsalsbréf Anne sálugu Steenbach til Hallgríms Laurentíussonar á Gelti, fyrir níu hundruðum í Selakirkjubóli, fyrir 120 spesíur, dagsett 12. september 1825.[304]

Við manntalsþing að Suðureyri 15. júlí 1833 var þinglesið kaupbréf fyrir átta hundruðum í Selakirkjubóli. Seljandi var Hallgrímur Laurentíusson en kaupendur voru Árni og Illugi Örnólfssynir, fyrir 130 spesíur danskar.[305]

Með kaupbréfi dagsettu 14. júní 1834 seldi Jón Örnólfsson fjögur hundruð í Selakirkjubóli til Sæmundar Guðmundssonar. Kaupbréfið var þinglesið 10. júní 1836.[306]

Við manntalsþing að Þórustöðum 10. júní 1836 var þinglesið afsalsbréf Jóns Örnólfssonar fyrir fjórum hundruðum í Selakirkjubóli til Sæmundar Guðmundssonar, fyrir 96 ríkisbankadali.[307]

Við manntalsþing að Þórustöðum 7. júní 1845 var þinglesið afsalsbréf Illuga Örnólfssonar fyrir fjórum hundruðum í Selakirkjubóli til Ólafs Bjarnasonar á Rauðumýri fyrir 112 ríkisbankadali.[308]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Selakirkjuból í Önundarfirði metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon og sýslumaður hafi aðeins talið jörðina 12 hundruð að dýrleika.[309]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Selakirkjuból var metin á 288 ríkisbankadali.[310]

Friðlýst var fyrir landi Selakirkjubóls við manntalsþing árin 1850, 1857 og 1863. Árið 1857 var friðlýst frá Kaldá að utanverðu og að Vaðli að innanverðu.[311]

Með kaupbréfi dagsettu 23. mars 1885 seldi Guðný Sveinsdóttir tvö hundruð í Selakirkjubóli til Kjartans Rósinkranssonar. Kaupbréfið var þinglesið en dagsetning og ártals ekki getið.[312]

Með kaupbréfi dagsettu 30. júní 1888 seldu Jóhannes Hannesson, Guðmundur Guðmundsson, Ólafur Lárentíusson og Guðmundur Ásgrímsson, fyrir hönd barna Sigurðar Lárentíussonar, fjögur hundruð að fornu mati í Selabóli til Guðmundar Einarssonar bónda á Selabóli. Kaupbréfið var þinglesið 25. júní 1899.[313]

303 Skjal nr. 2(794).
304 Skjal nr. 2(795).
305 Skjal nr. 2(796).
306 Skjal nr. 2(530).
307 Skjal nr. 2(797).
308 Skjal nr. 2(798).
309 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
310 Skjal nr. 2(167).
311 Skjöl nr. 2(757), 2(799) og 2(800).
312 Skjal nr. 2(531).
313 Skjal nr. 2(534).

Til eru tvö landamerkjabréf fyrir Selakirkjuból. Það eldra er dagsett 24. maí 1890 og var þinglesið við manntalsþing að Þórustöðum 27. maí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðina Selakirkjuból í Mosvallahreppi
>
> Milli Breiðadals og Selakirkjubóls eru landamerki í svo nefnda Stóruurð beina sjónhending milli fjalls og fjöru. Að utan eru landamerki í Kaldá milli fjalls og fjöru, sem áin ræður.
>
> Gjört á Flateyri 24 maí 1890
>
> Guðmundur Einarsson. T. Halldórsson Kjartan Rósinkranzson. Páll Guðlaugsson
>
> Landamerkjaskrá þessa samþykkir: Janus Jónsson.[314]

Með kaupbréfi dagsettu 6. september 1892 seldi H. S. Bjarnason fjögur hundruð í Selakirkjubóli til Páls Guðlaugssonar. Kaupbréfið var þinglesið 12. júlí 1893.[315]

Hinn 1. apríl 1903 seldi Ólöf Jónsdóttir á Selakirkjubóli tvö hundruð að fornu mati í Selakirkjubóli til sonar síns Friðriks Guðmundssonar. Afsalsbréfið var þinglesið 25. júlí 1904.[316]

Við manntalsþing að Þórustöðum 25. júlí 1904 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 1. apríl 1903, hvar Ólöf Jónsdóttir seldi Friðriki Guðmundssyni tvö hundruð að fornu mati í Selakirkjubóli fyrir 100 kr.[317]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Selakirkjubóls séu ágreiningslaus.[318] Í undirmati II kemur fram að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 1.560 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[319]

Yngra landamerkjabréf Selakirkjubóls í Önundarfirði er dagsett 9. júlí 1921 en það var þinglesið við manntalsþing að Flateyri sama dag. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerkjabréf fyrir Selakirkjuból í Önundarfirði Vestur-Ísafjarðarsýslu.
>
> Landamerki milli Selakirkjubóls og Breiðadals neðri er úr steini í fjörunni sem auðkendur er á þann hátt, að í hann er rekinn járnbolti, þaðan bein lína upp svokallaða Stóruurð upp Grjótskálargil alla leið upp á fjall.
>
> Landamerki millli Selakirkjubóls og Kaldár er í miðja á er heitir Kaldá frá sjó og þar sem áin nær, þaðan bein lína upp miðjan dal og upp á fjall.
>
> Selakirkjubóli 9. júlí 1921
>
> Kjartan Rósinkransson eigandi.
>
> Fyrir hönd Málfríðar dóttur minnar sem eiganda Páll Rósinkransson.
>
> Fyrir hönd Margrjetar Jónsdóttur ömmu minnar sem eiganda að Breiðadal Jón G. Guðmundsson
>
> Þórður Sigurðsson, Breiðadal
>
> Fyrir Guðm. Guðmundson Ásgeirs Torfason (handsal)

[314] Skjal nr. 2(12).
[315] Skjöl nr. 2(532)–2(533).
[316] Skjal nr. 2(535).
[317] Skjal nr. 2(758).
[318] Skjal nr. 2(181).
[319] Skjal nr. 2(181).

fh. Kristjáns Torfasonar Ásgeir Torfason

Albert Guðmundsson

Finnur P.Guðmundsson eigandi að Kaldárlandi[320]

Við manntalsþing að Flateyri 12. júlí 1921 var þinglesið landamerkjabréf fyrir jörðinni Selakirkjubóli.[321]

Hinn 7. nóvember 1933 fóru fram landskipti á jörðinni Selakirkjubóli. Eigendur jarðarinnar voru Jón Jónsson, Guðmundur Guðmundsson, Ásgeir Guðnason og Albert Guðmundsson. Í landskiptabók segir að landamerki aðliggjandi jarða hafi verið glögg, greinileg og ágreiningslaus. Túnið var mælt og reyndist það vera 34.270 fermetrar að stærð. Því var skipt milli eiganda samkvæmt hlutföllum og settir voru merkjaþollar til afmörkunar. Í framhaldinu var útrækt og engjum skipt og er þeim lýst nokkuð nákvæmlega í landskiptabók. Fjallað er um örnefndin Hjalla, Hreggnasa og Gryfju. Þá segir að stykki undir brekkunni fyrir ofan Gryfju og inn að útrækt Jóns skyldi vera óskipt. Þá segir að fjaran fyrir öllu landi jarðarinnar verði óskipt.[322]

5.13 Kaldá í Önundarfirði

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Kaldá í Önundarfirði:

Kalldá.

Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast presti og fátækum.

Eigandinn beneficium Holt í Önundarfirði.

Ábúendur Jón Gíslason á hálfri, Magnús Þormóðsson á hálfri.

[…]

Útigángur við lakari kost. Torfrista lök, stúnga næg. Móskurður til eldiviðar. Selveiði hefur áður verið lítil, en hefur nú ei heppnast í margt ár.

Hrokkelsatekja ut supra.

Engjar eru mestan part eyðilagðar fyrir skriðum. Úthagar eru og so mjög hrjóstrugir. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum undir mósköflum.[323]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Kaldár í Önundarfirði metinn 12 hundruð en jörðin var kirkjujörð frá Holti.[324]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kaldá í Önundarfirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem Holtskirkjueign.[325]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Kaldá var metin á 276 ríkisbankadali.[326]

320 Skjal nr. 2(13).
321 Skjal nr. 2(759).
322 Skjal nr. 2(77).
323 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 122–123, skjal H-12.
324 Skjal nr. 2(101).
325 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
326 Skjal nr. 2(167).

Friðlýst var fyrir landi Kaldár við manntalsþing árið 1850, 1853 og 1863.[327]

Skrá yfir landamerki jarðanna Kaldár og Hóls á Hvilftarströnd er dagsett 18. maí 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þórustöðum sama dag. Efni hennar er svohljóðandi:

> Skrá yfir landamerki Kaldár og Hóls á Hvylftarströnd í Ønundarfirði, samin samkvæmt landamerkja lögum 17 marz 1882
>
> 1, Milli Kaldár og Selakirkjubóls skilur lönd á sú, er rennur frá fjalli til sjávar niður með túni á Kaldá.
>
> 2, Milli Kaldár og Hóls skilur lönd svonefndur Markhryggur, er liggur frá fjalli og að mestu leyti til fjöru niður.
>
> 3, Milli Hóls og Garða skilur svonefnd Hólsá lönd frá fjalli til fjöru.
>
> Hóll og Kaldá eru eign Holtskirkju
>
> Holtskirkja á 18 feðming torfs í Kaldárland og rjett að ríða til og láta hross hafa haga utan töður og engjar búa um torf sem vill og láta standa sem vill
>
> Holti 18. maí 1890
>
> Janus Jónsson
>
> Landamerkjaskrá þessa samþykkja Páll Guðlaugsson Ragnheiður Finnsdóttir T. Halldóssson[328]

Við manntalsþing að Þórustöðum 25. júlí 1904 var þinglesinn kaupsamningur með árituðu afsali, dagsett 10. október 1903, hvar sr. Janus Jónsson seldi Reinharði Kristjánssyni jörðina Kaldá fyrir 1.500 kr.[329]

Við manntalsþing að Þórustöðum 13. júlí 1911 var þinglesið skjal um námurétt Kr. Torfasonar í Kaldá.[330]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Kaldár séu þinglesin.[331] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 1.100 kr. Eigandi hennar var Finnur Guðmundsson.[332]

Landamerkjabréf jarðarinnar Kaldár á Hvilftarströnd sem er dagsett 10. júlí 1921 var þinglesið við manntalsþing að Flateyri 12. júlí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki Kaldár á Hvilftarströnd í Önundarfirði eru sem hér segir:
>
> a. Milli Kaldár og Selakirkjubóls skilur lönd svo kölluð Kaldá frá sjó og þaðan sem hún sést fram Kaldardal, og þaðan beina línu eftir miðjum á fjall
>
> b. Milli Kaldár og Hóls skilur lönd bein lína úr jarðföstum steini stórum merktum á sjávarbokkunum, eftir miðjum svokölluðum Markhrygg í gil í fjallinu, og svo áframhaldandi bein lína á fjall.
>
> Kaldá 10 júlí 1921
>
> Finnur T. Guðmundsson.

327 Skjöl nr. 2(757), 2(800) og 2(801).
328 Skjal nr. 2(14).
329 Skjal nr. 2(758).
330 Skjal nr. 2(802).
331 Skjal nr. 2(182).
332 Skjal nr. 2(182).

F.h. Kristjáns Torfasonar Ásgeir Torfason.

F.h. Málfríðar dóttur minnar sem eiganda Páll Rósinkransson

Albert Guðmundsson.

Guðmundur Guðmundsson.

Kjartan Rósinkransson.[333]

Við manntalsþing að Flateyri 12. júlí 1921 var þinglesið landamerkjabréf fyrir jörðinni Kaldá.[334]

5.14 Hóll í Önundarfirði

Hinn 14. september 1467 seldi Halldór Hákonarson jörðina Hnjót á Rauðasandi til sr. Jóns Snorrasonar fyrir jörðina Hól í Önundarfirði.[335]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sonar hennar Jóns Jónssonar þannig að hann fékk alla Eyri í Seyðisfirði, Hól í Önundarfirði, Ós, Gil og Geirastaði.[336]

Hinn 15. september 1693 seldi Guðrún Jónsdóttir, með samþykki bróður síns, Arngríms Jónssonar, Páli Torfasyni sýslumanni tvö hundruð í Hóli fyrir fimm hundruð í lausafé.[337]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Hól í Önundarfirði:

Hóll á Hviltarströnd.

Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast iii tíundum ut supra.

Eigandinn beneficium Holt.

Ábúandinn Sigurður Sigurðsson.

[…]

að staðarhaldarinn skyldi eignast annan hlutinn af skipi ábúandans um vertíðina, sem gengi á Kálfeyri,

[…]

Útigángur lakur, og er rosknu fje í burt komið jafnlega að Hvilt eður Eyri fyrir 5 álna, þriggja fjórðúnga eður 10 álna virði. Torfstúnga bjargleg, rista þrotin. Elt er sverði. Hrokkelsatekja góð í netjum, þykir þó gánga til þurðar.

Túnið er mjög grýtt og blæs upp. Engjar eru að kalla eyðilagðar fyrir skriðum. Úthagar og so mjög skriðurunnir og í hrjóstur komnir. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og mósköflum.[338]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hóls í Önundarfirði metinn 12 hundruð en jörðin var kirkjujörð frá Holti.[339]

---

333 Skjal nr. 2(15).
334 Skjal nr. 2(759).
335 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 490–491, skjal nr. 4(188).
336 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
337 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 176, skjal H-22.
338 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 123, skjal H-12.
339 Skjal nr. 2(102).

Við manntalsþing að Suðureyri 13. maí 1817 var þinglesið kaupbréf fyrir níu hundruðum í Hóli í Önundarfirði, dagsett 15. júní 1816, fyrir 270 ríkisdali. Kaupandi var Jón Bjarnason en seljandi sr. Ásgeir Jónsson.[340]

Við manntalsþing að Suðureyri 13. ágúst 1821 var þinglesið afsal Jóns Bjarnasonar hreppstjóra á Gelti, dagsett 27. júlí 1820, fyrir níu hundruðum í Hóli í Önundarfirði til Magnúsar Guðmundssonar fyrir 115 spesíur.[341]

Með kaupbréfi dagsettu 26. október 1841 seldi Össur Magnússon bóndi á Sveinseyri fjögur hundruð og 60 álnir í Hóli í Önundarfirði til Bergljótar Össurardóttur á Bæ. Kaupbréfið var þinglesið 9. júní 1842.[342]

Við manntalsþing að Suðureyri 9. júní 1842 var þinglesið kaupbréf, dagsett 26. október 1841, þar sem Össur Magnússon seldi og afhenti Bergljótu Össurardóttur fjögur og hálft hundrað í Hóli í Önundarfirði fyrir 54 danskar spesíur.[343]

Við manntalsþing að Þórustöðum 28. júní 1843 var þinglesið kaupbréf, dagsett 26. október 1841, fyrir einu og hálfu hundraði í Hóli í Önundarfirði.[344]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hóll í Önundarfirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem Holtskirkjueign.[345]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hól á Hvilftarströnd:

> 12. Hóll á Hvylftarströnd; land er hjer hvervetna hrjóstrugt og gæðasmátt og lítid er hjer til bóta, nema hrognkelsaveidi nokkur.[346]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 240 ríkisbankadali.[347]

Skrá yfir landamerki jarðanna Kaldár og Hóls á Hvilftarströnd er dagsett 18. maí 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þórustöðum sama dag. Efni hennar er svohljóðandi:

> Skrá yfir landamerki Kaldár og Hóls á Hvylftarströnd í Ønundarfirði, samin samkvæmt landamerkja lögum 17 marz 1882
>
> 1, Milli Kaldár og Selakirkjubóls skilur lönd á sú, er rennur frá fjalli til sjávar niður með túni á Kaldá.
>
> 2, Milli Kaldár og Hóls skilur lönd svonefndur Markhryggur, er liggur frá fjalli og að mestu leyti til fjöru niður.
>
> 3, Milli Hóls og Garða skilur svonefnd Hólsá lönd frá fjalli til fjöru.
>
> Hóll og Kaldá eru eign Holtskirkju
>
> Holtskirkja á 18 feðming torfs í Kaldárland og rjett að ríða til og láta hross hafa haga utan töður og engjar búa um torf sem vill og láta standa sem vill

340 Skjal nr. 2(803).
341 Skjal nr. 2(745).
342 Skjal nr. 2(536).
343 Skjal nr. 2(804).
344 Skjal nr. 2(805).
345 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
346 Skjal nr. 2(153).
347 Skjal nr. 2(167).

> Holti 18. maí 1890
>
> Janus Jónsson
>
> Landamerkjaskrá þessa samþykkja Páll Guðlaugsson Ragnheiður Finnsdóttir T. Halldóssson[348]

Hinn 26. september 1890 seldi og afhenti T. Halldórsson á Flateyri 16 hundruð í Eyri, 14 hundruð í Hóli, átta hundruð í Breiðadal og sex hundruð í Vífilsmýri til sona sinna Páls og Kristjáns.[349]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að jörðin Hóll á Hvilftarströnd sé óbyggð.[350] Í undirmati II kemur fram að landamerki hennar séu þinglesin. Jörðin var metin á 1.200 kr. Eigandi hennar var Kristján Torfason.[351]

Með byggingarbréfi dagsettu 28. ágúst 1918 var Kristjáni Torfasyni og Guðrúnu Torfadóttur byggð jörðin Hóll á Hvilftarströnd.[352]

Landamerkjabréf Hóls á Hvilftarströnd sem er dagsett 10. júlí 1921 var þinglesið við manntalsþing að Flateyri 12. júlí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki Hols á Hvilftarlond [svo] eru sem hér segir:
>
> a. Milli Hóls og Kaldár skilur land bein lína úr jarðföstum merktum stórum steini á sjávarbökkunum, eftir miðjum svokölluðum markhrygg í gil í fjallinu, og svo bein lína á fjall.
>
> Milli Hóls og Garða skilur lönd svo kölluð Hólsa frá sjó og það sem hún sést fram eftir Hóls og Ga[r]ðadal og þaðan eftir miðjum dal á fjall
>
> Sólbakka 10 júlí 1921
>
> F.h. Kristjáns Torfasonar Ásgeir Torfason.
>
> Guðmundur Torfason
>
> Finnur T. Guðmundsson.[353]

5.15 Garðar í Önundarfirði

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 er fjallað um Garða sem hjáleigu frá Hvilft. Þar segir eftirfarandi:

> **Hvilt.**
>
> Hjer hefur hálfkirkja verið og stendur húsið enn, þó það hafi verið minkað, en ekki hafa hjer tíðir veittar verið í manna minni.
>
> Jörðin er öll xxiiii hndr. með hjáleigunni Görðum, sem talin er að dýrleika fjórðúngur allrar jarðarinnar, en heimajörðin sjálf xviii hndr., og so tíundast hún 4 tíundum.
>
> Eigandinn Ellendur Jónsson að Stórólfshvoli í Rángárvallasýslu.
>
> Ábúandinn ekkjan Guðrún Jónsdóttir.
>
> […]

348 Skjal nr. 2(14).
349 Skjal nr. 2(518).
350 Skjal nr. 2(183).
351 Skjal nr. 2(183).
352 Skjal nr. 2(381).
353 Skjal nr. 2(16). Sjá einnig skjal nr. 2(759).

> Útigángur í meðallagi. Torfrista lítt nýtandi, stúnga bjargleg. Elt er klíníngi. Hrokkelsaveiði lítil.
>
> Skipsuppsátur og búðarstöðu á jörðin á Kálfeyri, þar sem verstaða brúkast almennilega frá þessari sveit, hún hefur brúkast og brúkast enn nú átölulaust. Reka hvals og viða allan fimtúng á jörðin á Sauðanesi fyrir Eyrarlandi. Þess hefur og jörðin notið átölulaust þegar nokkuð hefur uppborið, og nýtur ábúandinn þess, en ekki landsdrottinn. Selstöðu á jörðin á Sauðanesi í Eyrarlandi, hún brúkast árlega. Skógarítak átti jörðin og á Sauðanesi, það er nú gjöreytt.
>
> Enginu grandar til stórskaða skriður úr brattlendi. Úthagar eru mjög litlir heima á jörðunni og mjög hrjóstrugir. Hætt er kvikfje stórlega fyrir sjáfarflæður undir mósköflum og so snjóflóðum. Kirkjuvegur torsóktur yfir Önundarfjörð.
>
> Heimræði má hjer vera en brúkast hjer ei fyrir lángræði, og hefur ei heldur brúkast það <til> gagnsmuna er teljandi nema lítið á haust í bestu veðráttu.
>
> **Gardar.** Hjáleiga, bygð fyrir manna minni skamt inn frá heimatúninu, úrskift einasta að túni og engjum, en öðru landi óskift, og er þetta býli talinn fjórðúngur allrar jarðarinnar, að dýrleika vi hndr., og so tíundast.
>
> Eigandinn ut supra.
>
> Ábúandinn Jón Sigurðsson.
>
> […]
>
> Útigángur so sem á heimajörðunni. Torfrista og stúnga lítt nýtandi og þrotið. Elt er klíníngi og sauðataði.
>
> Engið er mestan part eyðilagt fyrir skriðum. Kirkjuvegur torsóktur ut supra. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórveðrum.
>
> Tóftarústir eru hjer í túninu, og hefur bærinn þaðan fluttur verið þángað sem nú er hann fyrir manna minni, og er sagt að því hafi ollað snjóflóð, sem að bænum hafi gengið.[354]

Við manntalsþing að Mosvöllum 8. júní 1790 var upplesið kaupbréf Ólafs Magnússonar fyrir jörðunum Eyri, Hvilft og Görðum af sr. Halldóri Finnssyni fyrir 700 ríkisdali. Kaupbréfið var dagsett 19. apríl 1790. Við sama þing var upplesið kaupbréf sr. Jóns Sigurðssonar í Holti fyrir hálfri jörðinni Hvilft af Ólafi Magnússyni fyrir 130 ríkisdal, fjögur mörk og átta skildinga, dagsett 12. maí 1790. Enn fremur var þinglesin ályktun og afhending sr. G. Sveinssonar um engjaspottann Garðatungu til og undir jörðina Hvilft, dagsett 29. maí 1790.[355]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Garða í Önundarfirði metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Jón Grímsson á Lambadal.[356]

Við manntalsþing að Mýrum 1. júlí 1807 var þinglesið afsalsbréf Ólafs Magnússonar á Görðum fyrir sex hundruðum til Jóns Grímssnar fyrir 126 ríkisdali, með fylgdi hálf Garðatunga og tilkall til beitar á Sauðanesi.[357]

---

354 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 123–125, skjal H-12.
355 Skjal nr. 2(816).
356 Skjal nr. 2(103).
357 Skjal nr. 2(806).

Við manntalsþing 16. júní 1808 var upplesin brigðalýsing Magnúsar Ólafssonar í jörðina Garða, sem faðir hans, Ólafur Magnússon, hafði áður selt. Magnús bauð sama verð og kaupandi hafði gefið fyrir jörðina. Lýsingin var dagsett 16. júní 1808.[358]

Við manntalsþing að Mosvöllum 29. júlí 1827 var þinglesið kaupbréf dagsett 28. október 1825 þar sem Páll Guðmundsson seldi Finni Guðmundssyni þrjú hundruð í Görðum fyrir 84 ríkisbankadali.[359]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Garðar í Önundarfirði metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon einn telji jörð þessa hjáleigu frá Hvilft.[360]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Garða:

> 13. Gardar: tún bætir hjer svo ad kot þetta náir meira enn medalhundradatali.[361]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 168 ríkisbankadali.[362]

Til eru tvö landamerkjabréf fyrir Garða í Önundarfirði. Það eldra er dagsett 27. maí 1890 en það var þinglesið við manntalsþing að Þórustöðum sama dag. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki fyrir jörðina Garðar í Mosvallahreppi
>
> Milli Garða og Hóls ræður Hólsá milli fjalls og fjöru.
>
> Milli Garða og Hvylftar ræður Garðalækur að neðan, og þá úr honum í stóran stein á engjunum þaðan á Barðhorn og úr Barðhorninu til norðurs á fjallsbrún
>
> Hvylft 27 maí 1890
>
> Sigríður Þórarinsdóttir
>
> Ragnheiður Finnsdóttir
>
> Samþykkur Janus Jónsson[363]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Garða séu þinglesin.[364] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 750 kr. Eigandi hennar var Guðmundur Jónsson.[365]

Yngra landamerkjabréf jarðarinnar Garða í Önundarfirði er dagsett 17. júlí 1920 en það var þinglesið við manntalsþing að Flateyri 12. júlí 1921. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðina Garðar í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
>
> Milli Garða og Hvilftar ræður girðing (garður) merkjum, það sem hún nær, og niður, eins og hun vísar til sjávar. En til fjalls eins og girðing vísar í læk þann eða gil, sem rennur niður úr svo kölluðu Sauðanefsflesi, en síðan ræður téð gil og stefna þess merkjum á fjallsbrún.
>
> Hvilft á tveggja mánaða ásauðbeit á Garðadal.

358 Skjal nr. 2(807).
359 Skjal nr. 2(808).
360 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
361 Skjal nr. 2(152).
362 Skjal nr. 2(167).
363 Skjal nr. 2(17).
364 Skjal nr. 2(184).
365 Skjal nr. 2(184).

> Milli Garða og Hóls ræður Hólsá merkjum milli fjalls og fjöru
>
> Merkjaskrá þessa samþykkjum við undirritaðir eigendur og umráðamenn ofannefndra jarða.
>
> Gjört að Görðum 17 júlí 1920
>
> Guðmundur Jónsson. Finnur Finnsson. Kristján Torfason. Þuríður Magnúsdóttir. Jón R. Sveinsson. Kristrún Friðriksdóttir fyrir hönd Ragnh. Magnúsdóttur.[366]

Við manntalsþing að Flateyri 12. júlí 1921 var þinglesið landamerkjabréf fyrir jörðinni Görðum.[367]

Við manntalsþing að Flateyri 6. júlí 1923 var þinglesið vottorð Kr. Ásgeirssonar og F. Finnssonar um að Garðar væru eign Guðmundar Jónssonar.[368]

5.16 Hvilft í Önundarfirði

Goðvin biskup skipaði bænhúsið í Hvilft á Hvilftarströnd ævinlega sem hálfkirkju hinn 20. júlí 1439. Þá gaf Einar Jónsson, eigendi jarðarinnar, fimm hundruð til nefndrar kirkju.[369]

Hinn 8. september 1478 seldi Þorkell Einarsson Örnólfi Einarssyni hálfa jörðina Hvilft í Önundarfirði fyrir hálfa jörðina Höfða í Dýrafirði.[370]

Hinn 21. apríl 1484 vitnaði sr. Narfi Böðvarsson um að Örnólfur Einarsson hafði lýst því yfir að kirkjan á Hvilft ætti fimm hundruð í Eyri, þau sömu og hann hafði átt. Enn fremur vitnaði sr. Narfi um að Ólafur Jónsson hafði lýst því yfir að hann hefði gefið Einari Ólafssyni syni sínum alla jörðina Hvilft til konumundar þegar hann fékk Guðfinnu Indriðadóttur.[371]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um hálfkirkjuna á Hvilft í Önundarfirði:

> Hälffkirkian ä Hvijlt ä .v^{c}. i jørdunne Eyre.
>
> […]
>
> Jtem jørdinn sialff er .xxiiij^{c}.[372]

Hún var til árið 1583 og skrúði kirkjunnar var virtur við biskupsvísitasíu árið 1650, en kirkjan var sögð aflögð.[373]

Hinn 31. mars 1588 var tekið fyrir að skipta fimm hundraða parti í jörðinni Eyri við Önundarfjörð sem var eign kirkjunnar á Hvilft. Páll Sveinsson, Ólafur Örnólfsson og sr. Sveinn Símonarson, umboðsmaður biskups, handsöluðu að allt skyldi ævinlega haldast þeirra vegna og kirkjunnar varðandi skiptin, en þó fóru þannig fram:

366 Skjal nr. 2(18).
367 Skjal nr. 2(759).
368 Skjal nr. 2(809).
369 Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* II, bls. 218, skjal H-21. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* IV, bls. 592, skjal nr. 4(168).
370 *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 154–155, skjal nr. 4(189).
371 *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 509–510, skjal nr. 4(190).
372 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 572, skjal nr. 4(169).
373 Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* II, bls. 218–219, skjal H-21.

> Þui j fyrstu skipttum vier kirkiunne æa huilt j tuninu æa eyri, utfra bænum i Lambhusuellinum þridiung, innan til ur innra lambhúshorninu gagnuart uppi gardinn og ofann j steininn og halfan eyrisvöll þar hid næsta innfra skridunni upp i gard og ofan j backa. En fyrer innan bæinn þridiu tunguna halfa vtan til fra skurdinum uppi og giegnt ofan j flagid, og þar fyrer innan þufurnar hinar efri um þuert uppi gardinn, jnn jlágina og ofan j þufuna storu. Svo og skifttist kirkiunni til torfristu og stungu parttur innantil j flaugunum um þvert fra efri steininum, og ut j fenid þar hid næsta, og sionhending ur feninu ofan j molldbrecku ad gautunni, innan til gagnvart fra efra steininum ofan j gautuna. Jtem hlotnadist kirkiunni eingiteigur millum haga lækiar og titlinga lækiar milli fialls og fioru. Jtem hlaut kirkian til beitar fra þvi manudr er til vetrar og til þess manudr er af sumri fra hagalæk og uti Eyrargil. Jtem skilldi kirkian eiga sumar beit æa saudanesi vt fra klofnings æa fyrer lx. kyr og lx. asaudar, fra þui [ad] vika er til jons messo baptistæ og til Bartholomei, og selstaudu æa kalfeyri, stinga til og rista sem þaurf giorist þui bui. Beit fyrer ij. hesta sumardag medan j seli er verid en einn um vetr fyrer utan klofnings hrygg. Item Sauluafioru æa brimnesi fra ofæru og inn ad kalfeyrar vaur. Jtem j tollum og rekum, suo sem tala rennur til.[374]

Hinn 10. maí 1598 seldi Jón Ólafsson Ara Magnússyni 10 hundruð í Hvilft í Önundarfirði með samþykki móður sinnar og bróður. Ari gaf Jóni hér í mót 10 hundruð í Látrum í Mjóafirði. Sama dag seldi Örnólfur Ólafsson Ara Magnússyni 14 hundruð í Hvilft en Ari gaf Örnólfi á móti 14 hundruð í Látrum.[375]

Hinn 11. maí 1598 seldi Örnólfur Ólafsson Ara Magnússyni 14 hundruð í Látrum í Mjóafirði með samþykki konu sinnar Margrétar Torfadóttur. Á móti greiddi Ari 20 hundruð í peningum, sem stæðu hjá Ara þar til Örnólfur vildi þá út hafa. Á meðan átti Örnólfur að hafa til halds og ábýlis 14 hundruð í Hvilft eða Látrum.[376]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Hvilft í Önundarfirði:

> **Hvilt.**
>
> Hjer hefur hálfkirkja verið og stendur húsið enn, þó það hafi verið minkað, en ekki hafa hjer tíðir veittar verið í manna minni.
>
> Jörðin er öll xxiiii hndr. með hjáleigunni Görðum, sem talin er að dýrleika fjórðúngur allrar jarðarinnar, en heimajörðin sjálf xviii hndr., og so tíundast hún 4 tíundum.
>
> Eigandinn Ellendur Jónsson að Stórólfshvoli í Rángárvallasýslu.
>
> Ábúandinn ekkjan Guðrún Jónsdóttir.
>
> […]
>
> Útigángur í meðallagi. Torfrista lítt nýtandi, stúnga bjargleg. Elt er klíníngi. Hrokkelsaveiði lítil.
>
> Skipsuppsátur og búðarstöðu á jörðin á Kálfeyri, þar sem verstaða brúkast almennilega frá þessari sveit, hún hefur brúkast og brúkast enn nú átölulaust. Reka hvals og viða allan fimtúng á jörðin á Sauðanesi fyrir Eyrarlandi. Þess hefur og jörðin notið átölulaust þegar nokkuð hefur uppborið, og nýtur ábúandinn þess, en ekki landsdrottinn. Selstöðu á jörðin á Sauðanesi í Eyrarlandi, hún brúkast árlega. Skógarítak átti jörðin og á Sauðanesi, það er nú gjöreytt.

[374] Skjöl nr. 2(68) og 2(385).
[375] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 157–158, skjal H-22.
[376] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 158, skjal H-22.

> Enginu grandar til stórskaða skriður úr brattlendi. Úthagar eru mjög litlir heima á jörðunni og mjög hrjóstrugir. Hætt er kvikfje stórlega fyrir sjáfarflæður undir mósköflum og so snjóflóðum. Kirkjuvegur torsóktur yfir Önundarfjörð.
>
> Heimræði má hjer vera en brúkast hjer ei fyrir lángræði, og hefur ei heldur brúkast það <til> gagnsmuna er teljandi nema lítið á haust í bestu veðráttu.
>
> **Gardar.** Hjáleiga, bygð fyrir manna minni skamt inn frá heimatúninu, úrskift einasta að túni og engjum, en öðru landi óskift, og er þetta býli talinn fjórðúngur allrar jarðarinnar, að dýrleika vi hndr., og so tíundast.
>
> Eigandinn ut supra.
>
> Ábúandinn Jón Sigurðsson.
>
> […]
>
> Útigángur so sem á heimajörðunni. Torfrista og stúnga lítt nýtandi og þrotið. Elt er klíníngi og sauðataði.
>
> Engið er mestan part eyðilagt fyrir skriðum. Kirkjuvegur torsóktur ut supra. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórveðrum.
>
> Tóftarústir eru hjer í túninu, og hefur bærinn þaðan fluttur verið þángað sem nú er hann fyrir manna minni, og er sagt að því hafi ollað snjóflóð, sem að bænum hafi gengið.[377]

Við manntalsþing að Mosvöllum 8. júní 1790 var upplesið kaupbréf Ólafs Magnússonar fyrir jörðunum Eyri, Hvilft og Görðum af sr. Halldóri Finnssyni fyrir 700 ríkisdali. Kaupbréfið var dagsett 19. apríl 1790. Við sama þing var upplesið kaupbréf sr. Jóns Sigurðssonar í Holti fyrir hálfri jörðinni Hvilft af Ólafi Magnússyni fyrir 130 ríkisdal, fjögur mörk og átta skildinga, dagsett 12. maí 1790. Enn fremur var þinglesin ályktun og afhending sr. G. Sveinssonar um engjaspottann Garðatungu til og undir jörðina Hvilft, dagsett 29. maí 1790.[378]

Við manntalsþing að Mosvöllum 29. apríl 1799 var þinglesið afsalsbréf Boga Benediktssonar fyrir níu hundruðum í Hvilft til Steenbachs faktors á Flateyri fyrir 131 ríkisdal og 12 skildinga. Bréfið var dagsett 22. ágúst 1798.[379]

Við manntalsþing að Mosvöllum 18. maí 1804 var þinglesið afsalsbréf Ólafs Magnússonar á Eyri til Jóns silfursmiðs fyrir níu hundruðum í Hvilft á 130 ríkisdali, fjögur mörk og 8 skildinga.[380]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hvilftar í Önundarfirði metinn 18 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Henkel kaupmaður.[381]

Við manntalsþing að Eyri í Önundarfirði 15. maí 1809, voru þinglesin mótmæli Jóns Jónssonar á Hvilft gegn peningaverði fyrir hálfri Hvilft vegna greiðslu fyrir brigð.[382]

---

377 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 123–125, skjal H-12.
378 Skjal nr. 2(816).
379 Skjal nr. 2(810).
380 Skjal nr. 2(811).
381 Skjal nr. 2(104).
382 Skjal nr. 2(812).

Við manntalsþing að Mosvöllum 20. júní 1810 upplesin lögfesta Daniels Steenbach og Jóns Jónssonar fyrir öllu Hvilftarlandi. Forboðin var yrking eða beit, sérstaklega Jóni Magnússyni á Görðum og öðrum að innanverðu. Lögfestan var dagsett 20. júní 1810.[383]

Við manntalsþing að Mosvöllum 29. júlí 1826 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 8. október 1825, hvar Friðrik Svendsen kaupmaður makaskipti sjö hundruðum í Hvilft gegn sjö hundruðum í Eyri við Ólaf Ólafsson, hattamakara á Eyri.[384]

Við manntalsþing að Mosvöllum 29. júlí 1827 var þinglesið kaupbréf, dagsett 4. febrúar 1827, þar sem Fr. Svendsen seldi tvö hundruð í Hvilft til Finns Guðmundssonar fyrir 100 ríkisbankadali.[385]

Hinn 6. nóvember 1835 tilkynntu Eben Thorsteinsen sýslumaður og Jón Örnólfsson á Hvilft til sáttanefndar Mosvallahreppsumdæmis að Magnús Ólafsson á Eyri í Önundarfirði hafi fordjarfað og rifið niður lagfæringu sem Jón hafði gert á sameiginlegri verbúð hans og Ebens á Kálfeyri, Mjónubúð. Eben og Jón kröfðst bóta eða þrenn 40 lóð silfurs en Magnús sagði að enginn tollur hafi verið borgaður af skipinu *Mjónu*, auk þess sem Jón hafi ekki óskað leyfis til að taka ristu úr Kálfeyri sem tilheyri landi Eyrar en ekki Hvilftar. Við sáttafund lagði Jón fram byggingarbréf fyrir Hvilft frá 29. nóvember 1833 en í því væri kveðið á um tollfrítt skip á Kálfeyri. Sátt komst á þannig að Magnús greiddi laun stefnuvotta og sáttamanna og einnig 32 skildinga til fátækra í hreppnum, en Eben og Jón skyldu vera um árið fríir frá verbúðartolli.[386]

Með bréfi dagsettu 26. september 1841 tilkynntu Friðrik J. Svendsen, Magnús Ólafsson og Finnur Guðmundsson hreppskilaþingi Mosvallahrepps að sem sameiginlegir eigendur Eyrar og Hvilftar nyti land þeirra á Kálfeyri friðhelgi fyrir formönnum og skipeigendum sem ekki vildu greiða tolla fyrir veiðistöðu á Kálfeyri.[387]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hvilft í Önundarfirði metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[388]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Eyri við Önundarfjörð metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon nefni hér eyðihjáleigur: Bakkahús, Klofninga og Kálfhóla, og ennfremur segir að árið 1805 hafi þær legið í landi sem Hvilft og Eyri eigi saman að 2/5 og 3/5 hlutföllum og að þar sé veiðistaðan Kálfeyri, en veiðistaðan Hvannaakrar, sem Árni Magnússon einnig geti um hafi þá verið lögð niður. Prestur nefni hér og Flateyri, en þareð hennar sé eigi getið annars staðar, þá sé hún eigi hér talin með sem byggt ból. Þar sé löggiltur verslunarstaður Önundarfjörður með opnu bréfi dagsettu 31. maí 1823 og verður eigi sagt hvor þar undir sé nokkur grasnyt.[389]

383 Skjal nr. 2(813).
384 Skjal nr. 2(754).
385 Skjal nr. 2(808).
386 Skjal nr. 2(444).
387 Skjal nr. 2(383).
388 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
389 Skjal nr. 4(1), bls. 196.

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hvilft:

> 14. Hvÿlft: gódur útigángur og vetrarbeit, í Saudanesi hægd til sjóabla og vertollar nokkrir gjóra jórd þá miklu gildari enn adrar jardir.[390]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 576 ríkisbankadali.[391] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Hvilft breytt í 540 ríkisbankadali.[392]

Við manntalsþing að Þórustöðum 20. maí 1851 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 17. júní 1850 fyrir sjö hundruðum í Hvilft sem Ólafur Ólafsson afhenti M. Einarssyni fyrir 127 og hálfa spesíu.[393]

Hinn 25. október 1851 skrifaði Magnús Einarsson til sáttanefndar Mosvallahrepps um að Friðrik J. Svendsen á Flateyri og Magnús Ólafsson á Eyri hafi neitað sér um slægjur á Hvannökrum. Magnús krafðist þess að jörðin Hvilft fengi 2/5 allra nytja á Sauðanesi fyrir utan Klofningshrygg.[394]

Í sóknarskjali Magnúsar Einarssonar í máli hans gegn eigendum Eyrar út af hlunnindum og nytjum á Sauðanesi, dagsettu 28. janúar 1852, er fjallað um búsetu, kaup og sölu á jörðinni Hvilft, einkum hálflendu hennar. Magnús fór fram á að 2/5 hlutar allra nytja á Sauðanesi fyrir utan Klofningshrygg tilheyrðu Hvilft.[395]

Við manntalsþing að Þórustöðum 10. maí 1852 var þinglesið afsalsbréf feðganna Magnúsar og Ólafs á Eyri um vertolla Kálfeyrar til Magnúsar Einarssonar á Hvilft, dagsett 31. janúar 1852. Við sama þing var því lýst yfir að samkvæmt dómi frá 12. mars 1852 og kröfu Magnúsar Einarssonar á Hvilft ætti að afhenda 2/5 hluta Kálfeyrartolla frá 1851 en þeir væru hjá Sturlu Jónssyni, hreppstjóra í Dalshúsum.[396]

Haustið 1858 var hjá sáttanefnd Mosvallahreppsumdæmis tekinn fyrir ágreiningur milli Magnúsar Einarssonar á Hvilft annars vegar og Friðriks J. Svendsens, Ólafs Magnússonar og Magnúsar Ólafssonar á Eyri í Önundarfirði hins vegar. Ágreiningurinn snérist um vertolla á Kálfeyri og búfjárrekstur á Sauðanesi, en Magnús á Eyri kvaðst tilbúinn með bréfi, dagsettu 31. október sama ár, að bjóða Magnúsi á Hvilft að njóta 2/5 hluta Kálfeyrarvertolla, beitar á Sauðanesi fyrir utan Klofningshrygg og selstöðu á Kálfeyri. Á móti vildi Magnús á Eyri halda öllum slægjum og reka á Sauðanesi og að Magnús á Hvilft myndi falla frá tilkalli sínu til fimm hundraða í landi Eyrar. Magnús á Hvilft var ánægður með skilmálana, en í sáttabók er síðan skráð að þar sem Magnús á Eyri, eftir ítrekaðar tilraunir, hafi ekki viljað uppfylla loforð sitt þá væri sáttin fallin niður og málinu vísað til landslaga og réttar.[397]

390 Skjal nr. 2(152).
391 Skjal nr. 2(167).
392 Skjal nr. 2(162).
393 Skjal nr. 2(804).
394 Skjal nr. 2(382).
395 Skjal nr. 2(384).
396 Skjal nr. 2(815).
397 Skjal nr. 2(445).

Við manntalsþing að Þórustöðum 24. ágúst 1863 var þinglesið kaupbréf Finns Magnússonar, dagsett 9. apríl 1863, fyrir átta hundruðum og 108 álnum í Hvilft fyrir 360 ríkisdali.[398]

Með leigusamningi, dagsettum 20. apríl 1888, leigðu ekkjurnar Ragnheiður Finnsdóttir á Hvilft og Sigríður Þórarinsdóttir jörðina Hvilft í Mosvallshreppi til Sveins Rósinkranssonar. Samningurinn var þinglesinn 11. júní 1901.[399]

Til eru tvö landamerkjabréf fyrir Hvilft í Önundarfirði. Það eldra er dagsett 27. maí 1890 en það var þinglesið við manntalsþing að Þórustöðum sama dag. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki Hvylftar í Mosvallahrepppi
>
> Landamerki milli Eyrar og Hvylftar í Mosvallahreppi í Ísafjarðarsýslu, ræður landamerkja lækur að neðanverðu, sem rennur úr gömlum mógröfum og þaðan í grænt dý, og svo sjónhending á fjallsbrún. Ennfremur á jörðin eptir undirrjettardómi 2/5 hluta af Kálfeyrar vertollum, og svo til beitar á Sauðanesi utan Klofningshrygg sumar og vetur fyrir sinn pening. Milli Garða og Hvylftar ræður Garða lækur að neðan, og þá úr honum í stóran stein á engjunum, þaðan í barðhorn og úr barðhorninu til norðurs í fjallsbrún.
>
> Hvylft 27 maí 1890
>
> Ragnheiður Finnsdóttir Sigríður Þórarinsdóttir T. Halldórsson.[400]

Hinn 16. febrúar 1903 seldi Guðmundur Jónsson eitt hundrað og 40 álnir að fornu mati í Hvilft til Sveins Rósinkranssonar á Hvilft. Afsalsbréfið var þinglesið 1. júlí sama ár.[401]

Hinn 16. febrúar 1903 seldi Finnur Finnsson vinnumaður á Hvilft eitt hundrað og 40 álnir að fornu mati í Hvilft í Mosvallahreppi til Sveins Rósinkranssonar á Hvilft. Afsalsbréfið var þinglesið 1. júlí sama ár.[402]

Hinn 24. desember 1903 seldi Jón Friðriksson húsmaður á Flateyri eitt hundrað og 40 álnir að fornu mati í Hvilft í Mosvallahreppi til Sveins Rósinkranssonar bónda á Hvilft. Afsalsbréfið var þinglesið 25. júlí 1904.[403]

Hinn 1. mars 1904 seldi Sigríður Þórarinsdóttir á Hvilft fimm hundruð að fornu mati í Hvilft til Finns Finnssonar á Hvilft. Afsalsbréfið var þinglesið 25. júlí sama ár.[404]

Við manntalsþing að Þórustöðum 25. júlí 1904 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 1. mars sama ár, hvar Sigríður Þórarinsdóttir seldi fimm hundruð í Hvilft til Finns Finnssonar fyrir 750 kr. Við sama þing var þinglesið afsalsbréf, dagsett 24. desember 1903, hvar Jón Friðriksson á Flateyri seldi Sveini Rósinkranssyni eitt hundrað og 40 álnir að fornu mati í Hvilft fyrir 200 kr.[405]

---

398 Skjal nr. 2(757).
399 Skjal nr. 2(537).
400 Skjal nr. 2(19).
401 Skjal nr. 2(538).
402 Skjal nr. 2(539).
403 Skjal nr. 2(541).
404 Skjal nr. 2(540).
405 Skjal nr. 2(758).

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Hvilftar séu þinglesin.[406] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 2.500 kr. Eigendur hennar voru Finnur Finnsson og fleiri.[407]

Yngra landamerkjabréf jarðarinnar Hvilftar í Önundarfirði er dagsett 11. júlí 1921 en það var þinglesið við manntalsþing að Flateyri 12. júlí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki Hvilftar í Önundarfirði
>
> a. Landamerki milli Hvilftar og Eyrar:
>
> Innanvert við grænt dý í fjallinu eru reist hvítmáluð merki í beinni línu til sjávar, og frá merkjunum er bein lína til fjalls að hreppatakmörkum.
>
> Þess skal getið að Hvilft helgar sér, samkvæmt undirréttardómi, beit alt árið, fyrir sínar eigin skepnur, fyrir utan Klofningshrygg og 2/5 – tvo fimtu hluti – úr vertollum á Kálfeyri.
>
> B. Milli Garða og Hvilftar, girðing (Garður) merkjum, það sem hún nær og niður eins og hún vísar til sjávar. En til fjalls (fjalls) eins og girðing vísar í læk þann eða gil, sem rennur niður úr svokölluðu Sauðanesflesi, en þaðan ræður téð gil og stefna þess merkjum á fjallsbrún.
>
> Hvilft á tveggja mánaða ásauðabeit í Garðadal.
>
> Hvilft 11. júlí 1921
>
> F.h. Þuríðar Magnúsdóttur Kr. Ásgeirsson
>
> F.h. Ragnheiðar Magnúsdóttur Kr. Ásgeirsson.
>
> Finnur Finnsson.
>
> F.h. Kristjáns Torfasonar Ásgeir Torfason
>
> Guðmundur Jónsson.
>
> Jón R. Stefánsson.[408]

Við manntalsþing að Flateyri 12. júlí 1921 var þinglesið landamerkjabréf fyrir jörðinni Hvilft.[409]

Dagana 12.–14. maí 1937 fóru fram landskipti á jörðinni Hvilft. Eigendur jarðarinnar voru Finnur Finnsson, Jón Sveinsson og Kristrún Friðriksdóttir. Fyrst var tún mælt en það reyndist 39.890 fermetrar að stærð og var því skipt samkvæmt eignarhlutföllum. Þá var útrækt skipt og fóru þau skipti fram þannig:

> Nokkur hluti hennar er ofanvert við það sem mælt er sem tún innan girðingar og á hver hlutaðeigarandi upp af sínum parti. eins og merkin tilvísa að girðingu.
>
> Nokkur hluti útræktarinnar er svokölluð „Samvinna“ innanvert við túnið innan girðingar og skiptis línu þannig:
>
> Finnur fær í sinn hlut 8063^{m2}, er liggur næst hans túni.
>
> Næst honum að innan fær Kristrún sinn part 2200^{m2}.

406 Skjal nr. 2(185).
407 Skjal nr. 2(185).
408 Skjal nr. 2(20).
409 Skjal nr. 2(759).

> Jóns partur er innstur upp með Bjartalæk upp að girðingu og auk þess ofanvert við part Kristrúnar frá þar settum merkjum út að Finnsparti og upp að girðingu.
>
> Þá er ennfremur útrækt afgirtur nátthagi sem Finnur á utan vert við túnið stærð 4968.^{m2}[410]

Í framhaldinu var innri engjum skipt og fékk Finnur part næstan Garðalandi, Jón fékk næsta part þar við hliðina sem takmarkaðist af girðingu milli hans og Finns að innan og skurði milli Jóns og Kristrúnar að utan. Kristrún fékk næsta part sem var alveg afgirtur. Loks segir að Finnur hafi átt part næst utan við þessa parta, svokallaðan Torfahvamm. Utan við Torfahvamm og heim að Bjartalæk var óskipt beitiland. Ytri engjum var svo skipt en um þau skipti og annað land segir eftirfarandi:

> Jón fær part við landamerki Hvilftar og Eyrarlands ofan vegar og er hann girtur á 3 hliðar. Stærð 11232.^{m2}
>
> Næst honum fær Kristrún part, sem er algirtur. Stærð 7280$^{m2.}$ og auk þess 104^{m2} ofanvið sína girðingu.
>
> Þá á Finnur part næst Kristrúnar parti að innan og ofan. Stærð 9504^{m2} og er hann ógirtur. Merki að innan: Járnþollur ofan vert við veginn þaðan bein lína um „Grástein“ upp í járnþoll, sem er gegnt efra og innra girðingarhorni á girðingu Jóns í járnþoll þar.
>
> Fyrir neðan veg á Jón part næst Eyrarlandi. Stærð 3250.^{m2}
>
> Merki að innan járnþollur á bakkabrún að neðan, að ofan í lækinn þar sem hann rennur gegnum veginn.
>
> Næst parti Jóns fyrir neðan veg fær Finnur part, sem er að stærð 4750^{m2}
>
> Utanvert við túngirðingu á bökkum ofan við veg er Matjurtargarður, sem allir jarðeigendur eiga eins og þeir hafa skipt honum sjálfir. Alt það land utan túns sem ekki er nefnt hjer að framan er óskipt beitiland.[411]

5.17 Eyri við Önundarfjörð

Í máldaga Laurentíusarkirkju í Holti í Önundarfirði, er Oddgeir biskup Þorsteinsson setti um 1377, segir að kirkjan hafi átt sjöttung í hvalreka á Sauðanesi. Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Vilchins frá um 1397, máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar, biskupsvísitasíum um Holtskirkju í Önundarfirði frá 17. ágúst 1639, 24. ágúst 1675, 22. júní 1775 og prófastsvísitasíu frá 17. maí 1797 en í þeim er talað um hálfan sjöttung í hvalreka á Sauðanesi.[412]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir að kirkjunni sé eignuð beit á 60 sauðum um vetur á Sauðanesi í landi Eyrar í Önundarfirði.[413] Í skýrslu um tekjur og útgjöld Holtsprestakalls 1849–1853, dagsettri 30. ágúst 1854, segir undir lið um tekjur af ískyldum, ítökum og hlunnindum að hálfur sjöttungur hvalreka á Sauðanesi sé ónotaður.[414]

---

410 Skjal nr. 2(78).
411 Skjal nr. 2(78).
412 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 324–325; IV, bls. 141–142; XV, bls. 572–574; skjal nr. 4(233). Einnig skjöl nr. 2(261), 2(263), 2(339), 2(699).
413 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 104, skjal H-12.
414 Skjal nr. 2(1039).

Hinn 3. ágúst 1460 vitnaði Einar Þórðarson um að Guðmundur Arason hefði haft jarðirnar Haukadal í Dýrafirði, Kirkjuból í Valþjófsdal og Eyri í Önundarfirði. Kirkjuból og Eyri hafði Guðmundur þóst hafa fengið í erfðum en ákærur veittar á þær jarðir.[415]

Hinn 30. janúar 1512 vitnaði Jón Þorsteinsson að Grímur Arason og Halla Þorsteinsdóttir hefðu látið Þorstein Sveinsson aftur fá jörðina Grafargil í Valþjófsdal sem hann hafði ánafnað Höllu dóttur sinni. Enn fremur seldi Þorsteinn Halldóri Hákonarsyni Grafargil og Tungu fyrir Eyri í Önundarfirði.[416]

Hinn 18. febrúar 1521 vitnaði Ólafur Jónsson að Þorsteinn Sveinsson og Bergljót Halldórsdóttir hefðu gert gjöf á jörðinni Grafargili til Höllu dóttur þeirra ónýta. Þorsteinn seldi Halldóri Hákonarsyni Grafargil og Tungu í Valþjófsdal fyrir fimm hundruð og 20 álnir í jörðinni Eyri í Önundarfirði fyrir utan skóg sem Halldór hafði gefið kirkjunni á Kirkjubóli í Valþjófsdal.[417]

Hinn 31. mars 1588 var tekið fyrir að skipta fimm hundraða parti í jörðinni Eyri við Önundarfjörð sem var eign kirkjunnar á Hvilft. Páll Sveinsson, Ólafur Örnólfsson og sr. Sveinn Símonarson, umboðsmaður biskups, handsöluðu að allt skyldi ævinlega haldast þeirra vegna og kirkjunnar varðandi skiptin, en þó fóru þannig fram:

> Þui j fyrstu skipttum vier kirkiunne æa huilt j tuninu æa eyri, utfra bænum i Lambhusuellinum þridiung, innan til ur innra lambhúshorninu gagnuart uppi gardinn og ofann j steininn og halfan eyrisvöll þar hid næsta innfra skridunni upp i gard og ofan j backa. En fyrer innan bæinn þridiu tunguna halfa vtan til fra skurdinum uppi og giegnt ofan j flagid, og þar fyrer innan þufurnar hinar efri um þuert uppi gardinn, jnn jlágina og ofan j þufuna storu. Svo og skifttist kirkiunni til torfristu og stungu parttur innantil j flaugunum um þvert fra efri steininum, og ut j fenid þar hid næsta, og sionhending ur feninu ofan j molldbrecku ad gautunni, innan til gagnvart fra efra steininum ofan j gautuna. Jtem hlotnadist kirkiunni eingiteigur millum haga lækiar og titlinga lækiar milli fialls og fioru. Jtem hlaut kirkian til beitar fra þvi manudr er til vetrar og til þess manudr er af sumri fra hagalæk og uti Eyrargil. Jtem skilldi kirkian eiga sumar beit æa saudanesi vt fra klofnings æa fyrer lx. kyr og lx. asaudar, fra þui ad vika er til jons messo baptistæ og til Bartholomei, og selstaudu æa kalfeyri, stinga til og rista sem þaurf giorist þui bui. Beit fyrer ij. hesta sumardag medan j seli er verid en einn um vetr fyrer utan klofnings hrygg. Item Sauluafioru æa brimnesi fra ofæru og inn ad kalfeyrar vaur. Jtem j tollum og rekum, suo sem tala rennur til.[418]

Hinn 30. mars 1604 auglýsti Ólafur Jónsson að hann hefði með samþykki konu sinnar Guðrúnar Pálsdóttur selt frænda sínum Ara Magnússyni jarðarpart sem hún átti. Það voru 12 hundruð í Eyri í Önundarfirði. Á móti gaf Ari jörðina Höfn í Hraunskirkjusókn, 12 hundruð[419]

Hinn 16. apríl 1626 seldi Ari Magnússon Sæmundi Árnasyni jörðina Meiri-Hnífsdal, 24 hundruð að dýrleika, með öllu nema vergögnum sem Ögurkirkja ætti í sömu jörð. Einnig seldi Ari Sæmundi hálft fjórtánda hundrað í jörðinni Gljúfurá. Á móti gaf

415 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 215–218, skjal nr. 4(191).
416 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 772–773, skjal nr. 4(192).
417 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 775–777, skjal nr. 4(193).
418 Skjöl nr. 2(68) og 2(385).
419 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 158, skjal H-22.

Sæmundur Ara jarðirnar Látur í Aðalvíkursveit, 24 hundruð að dýrleika, Dvergastein í Álftafirði og 28 hundruð í jörðinni Eyri í Önundarfirði.[420]

Hinn 17. apríl 1626 seldi Ari Magnússon, vegna systur sinnar, Elenar Magnúsdóttur, Sæmundi Árnasyni Meiri-Hnífsdal, 24 hundruð að dýrleika, og 13½ hundrað í Gljúfurá fyrir Látur í Mjóafirði, 24 hundruð að dýrleika, Dvergastein, 18 hundruð að dýrleika og 10 hundruð í Eyri í Önundarfirði og þar til í flytjandi eyri fyrir tvö og hálft hundrað í Gljúfurá. En vegna þess að Ari fór á mis við sjávargæði og tolla í Hnífsdal, hlaut hann tvö tollfrí skip í Bolungarvík eða Óshlíð.[421]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Eyri við Önundarfjörð:

> **Eyre.**
>
> Jarðardýrleiki xxiiii hndr., og svo tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn áðurnefndur Ellendur Jónsson á Hvoli.
>
> Ábúendur Marcús Guðmundsson, ekkjan Guðfinna Bárðardóttir, á hálfri hvert.
>
> […]
>
> Útigángur í betra lagi og bregðst sjaldan, þó hann sje mjög hættusamur, sem síðar segir. Torfrista engin nýtileg og stúnga lök. Lýngrif lítið. Elt er klíníngi. Hvannatekja lítil í ógöngu klettum, brúkast ei. Rekavon hefur verið gagnvæn að fornu, en valla til gagnsmuna teljandi í nokkur ár. Lagðist viðurinn til húsabótar þá nokkuð uppbar, en hvala hefur landsdrottinn notið.
>
> Túninu grandar möl og aur, sem rennur á það í vatnagángi og leysíngu af holti því, er ofan völlinn er. Engjar mjög spiltar af skriðum, og fyrir því víðast eyðilagðar. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og merkilega fyrir snjóflóðum, og hafa þessi snjóflóð stundum tekið hjer bæði menn og fje út í sjó, og hesta, og gjört með því stórkostlegan skaða. Kirkjuvegur torsóktur yfir Önundarfjörð til Holts. Hætt er húsum fyrir stórveðrum og ekki sýnist bænum öldúngis óhætt fyrir snjóflóðum, þó ekki hafi það híngað til mein gjört.
>
> Heimræði er hjer árið um kríng og lendíng sæmileg, og gánga hjer 2 skip ábúenda, stundum eitt eftir því sem þeir fá við komið. Á vorin láta þeir skipin gánga stundum á Kálfeyri, því þar er minna lángræði.
>
> **Backhus** heitir eitt örnefni hjer í landinu inn frá bænum. Þar ætla menn að í fyrndinni hafi bygð verið, og sjást þess nokkur merki af tóftarústum. Ekki má hjer bygð setja fyrir túnstæðis og heyskaparleysi.
>
> **Klofnijngar** heitir fornt eyðiból hjer í landinu, þar sem nú stendur Hvilftarsel út með sjónum, lángt fyrir utan Eyrar bæ. Þar sjást ljós byggíngamerki af tófta og girðíngaleifum. Ekki má hjer byggja fyrir vatnsbrest og heyskaparleysi, þó að túnstæði sje nokkurt.
>
> **Kalfhólar** heitir og eitt örnefni út lengra með sjónum, sem að sagt er að í fyrndinni hafi bygð verið, og sjást hjer enn byggínga merki af tóftarústum. Ekki má hjer byggja, því heyskapur er enginn og ekkert vatn.
>
> Öll þessi 3 eyðiból liggja í Eyrarlandi.
>
> Kálfeyri heitir við sjóinn niður frá Kálfhólum, þar er verstaða góð á vor frá sumarmálum og til Maríemessu, halda þá sveitarmenn almennilega skipum sínum úr

[420] Skjal nr. 2(240).
[421] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 162–163, skjal H-22.

> allri sveitinni fyrir innan Valþjófsdal, og hafa hjer gengið flest 19 skip, oft færri, í vor gengu þar 16.
>
> Vertollur hefur hjer áður almennilega verið 2 fjórðúngar fiska af hverjum manni, en nú nokkur ár hefur hjer miðlun á verið, að þá lítið hefur aflast, hefur vertollurinn verið nokkuð minni, so sem fjórðúngur eður hálfur annar fjórðúngur af hverjum, sem á skipunum reru. Vertollana hefur landsdrottinn sjálfur uppborið, en leiguliði ekki.
>
> Búðirnar hafa skipeigendurnir uppbygt að viðunum, en torfristu og stúngu hafa þeir haft í Eyrarlandi.
>
> […]
>
> Hvannaakrar heitir örnefni út með sjónum fyrir utan Kálfeyri, og eru þar björg á milli, þar hefur áður að fornu verstaða verið og gengið fáein, 2 eður 3 skip, og galt hver maður, sem á skipunum reru, einn fiskafjórðúng í vertoll. Lendíng var hjer stórgrýtt og brimsöm, og því hefur þessi verstaða ekki brúkast í næstu 50 ár. Tollana tók Eyrar eigandi ut supra.[422]

Í prófastsvísitasíu um Kirkjubólskirkju í Valþjófsdal frá 20. september 1742 segir að kirkjan eigi hundrað í skógi á Sauðanesi.[423] Sömu upplýsingar koma fram í prófastsvísistasíu frá 13. september 1770 en þar segir að skógurinn hafi verið eyddur.[424]

Við manntalsþing að Mosvöllum 8. júní 1790 var upplesið kaupbréf Ólafs Magnússonar fyrir jörðunum Eyri, Hvilft og Görðum af sr. Halldóri Finnssyni fyrir 700 ríkisdali. Kaupbréfið var dagsett 19. apríl 1790. Við sama þing var upplesið kaupbréf sr. Jóns Sigurðssonar í Holti fyrir hálfri jörðinni Hvilft af Ólafi Magnússyni fyrir 130 ríkisdal, fjögur mörk og átta skildinga, dagsett 12. maí 1790. Enn fremur var þinglesin ályktun og afhending sr. G. Sveinssonar um engjaspottann Garðatungu til og undir jörðina Hvilft, dagsett 29. maí 1790.[425]

Við manntalsþing að Mosvöllum 14. ágúst 1802 var upplesið afsalsbréf Ólafs Magnússonar til H. Henkels kaupmans á Flateyrarodda, áður tilheyrandi Eyri, fyrir 60 ríkisdali sem Ólafur hafði tekið til láns hjá Henkel árið 1791 ásamt öllum áföllnum rentum. Afsalsbréfið var dagsett 11. ágúst 1800.[426]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Eyrar í Önundarfirði metinn 24 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Brynjólfur Hákonsson. Þá segir að í gömlu jarðabókinni sé skráð að jörðunum Hvilft og Eyri fylgi beitiland í sameiningu, Hvilft eigi 2/5 hluta en Eyri 3/5 hluta en auk þess falli vertollur frá Kálfeyri annars vegar til Hvilftar og hins vegar til Eyrar.[427]

Við manntalsþing að Mosvöllum 19. maí 1806 var upplesið afsalsbréf Ólafs Magnússonar á Eyri við Önundarfjörð til Brynjólfs Hákonarsonar fyrir 500 ríkisdali.[428]

Við manntalsþing að Suðureyri 14. júní 1825 var þinglesið afsal hvar Friðrik Svendsen kaupmaður á Flateyri seldi Kjartani á Eyri átta hundruð í Tröð í Önundarfirði

422 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 125–127, skjal H-12.
423 Skjal nr. 2(189).
424 Skjal nr. 2(190).
425 Skjal nr. 2(816).
426 Skjal nr. 2(817).
427 Skjal nr. 2(105).
428 Skjal nr. 2(818).

fyrir 240 ríkisbankadali. Afsalið var dagsett 25. mars 1825. Við sama þing var þinglesið makaskiptabréf hvar Friðrik og Kjartan makaskiptum 10 hundruðum í Tröð gegn tveimur hundruðum í Eyri og 10 hundruðum í Suðureyri.[429]

Við manntalsþing að Mosvöllum 5. ágúst 1825 var upplesið afsal, dagsett 24. mars sama ár, þar sem Þuríður Gísladóttir á Eyri við Önundarfjörð seldi átta hundruð í Eyri til Friðriks Svendsens kaupmanns fyrir 240 ríkisdali.[430]

Hinn 2. júlí 1826 skrifuðu Friðrik Svendsen og Magnús Ólafsson forboð um beit á Sauðanesi. Forboðið var upplesið við Staðarkirkju í Súgandafirði 16. júlí sama ár og fyrir manntalsrétti að Suðureyri 24. júní 1831. Í forboðinu segir:

> Ordsökum þess, að undirskrifadir eru sannfærdir um að margir Inbuendur Sugandafiardar, hafa sovel undanfarandi, sem nu sérdeilis aflidid Ár, án Leifis Eigendönum, og þeim til Skaða og óhagnadar, notað sér Beit á Sauðarnesi, og i þeirra Landareign; svo finnum vid þad nauðsinlegt, til fríunar fyrir þvílíkum ológlegum ánauðum, fyrir Eptirtíðina, hérmeð að setia þaug Takmórk, sem lóglegur Eigindomsréttur heimilir oss.
>
> 1.Einginn Haust, edur Vorbeit leifist framveigis, her eptir á Sauðanesi. Ef nockur eptirleidis ei ad sídur i oleifi, skyldi breita á móti þessu Fyrirbodi, munu Landseigendur, uppa lóglegann Máta, leitast vid, ad gjöra allann sinn Rétt gildandi, og meiga Vidkomendur því vidbúast, og sialfir tilreikna sér alla þaraffliotandi Ohentugleika.
>
> 2. Þeir sem kinnu að vilia, med Eiganda leifis nota sér Vorbeit á Saudanesi, skulu í Tíma lata eigendur vita, hvörsu margt Fé, þeir reka i Landareign þeirra, og fyrir hvöria Viku, af hvörium 20tugu Fiars, borg Landeigendum, halfan Rigsdal Nafn Virdi.
>
> 3. Af Lömbum sem á Sumrum, eru rekinn í Haga á Saudanes, uppsetia Landseigendur, fyrir þá sem vilia nota sér þettad, hvört Tuttugasta Lamb, edur Þess Vyrdi í Beitar edur Haga Toll.[431]

Við manntalsþing að Mosvöllum 29. júlí 1826 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 8. október 1825, hvar Friðrik Svendsen kaupmaður makaskipti sjö hundruðum í Hvilft gegn sjö hundruðum í Eyri við Ólaf Ólafsson, hattamakara á Eyri.[432]

Hinn 7. ágúst 1835 seldi Árni Thorsteinsson sýslumaður, fyrir hönd Charlotte Amaliu Michaelsen, 16 hundruð í Eyri í Mosvallahreppi til Ágústs Frederiks Svendsens í Önundarfirði.[433]

Hinn 6. nóvember 1835 tilkynntu Eben Thorsteinsen sýslumaður og Jón Örnólfsson á Hvilft til sáttanefndar Mosvallahreppsumdæmis að Magnús Ólafsson á Eyri í Önundarfirði hafi fordjarfað og rifið niður lagfæringu sem Jón hafði gert á sameiginlegri verbúð hans og Ebens á Kálfeyri, Mjónubúð. Eben og Jón kröfðst bóta eða þrenn 40 lóð silfurs en Magnús sagði að enginn tollur hafi verið borgaður af skipinu *Mjónu*, auk þess sem Jón hafi ekki óskað leyfis til að taka ristu úr Kálfeyri sem tilheyri landi Eyrar en ekki Hvilftar. Við sáttafund lagði Jón fram byggingarbréf fyrir Hvilft frá 29. nóvember 1833 en í því væri kveðið á um tollfrítt skip á Kálfeyri. Sátt komst á

429 Skjal nr. 2(748).
430 Skjal nr. 2(819).
431 Skjal nr. 2(451).
432 Skjal nr. 2(754).
433 Skjal nr. 2(542).

þannig að Magnús greiddi laun stefnuvotta og sáttamanna og einnig 32 skildinga til fátækra í hreppnum, en Eben og Jón skyldu vera um árið fríir frá verbúðartolli.[434]

Hinn 7. desember 1839 skrifaði sr. Andrés Hjaltason til Friðriks Svendsens um landamerki milli jarðanna Eyrar í Önundarfirði og Staðar í Súgandafirði og um fjárrekstur á Sauðanesi. Sr. Andrés fór fram á að fá frían haga fyrir lömb og geldkindur á vestanverðu Sauðanesi, en myndi Friðrik halda í skjal sem sr. Andrés nefnir í bréfinu, sem líklega er áðurnefnt forboð um beit á Sauðanesi frá 1826, þá muni sr. Andrés leita úrskurðar stiftsins.[435] Friðrik svaraði sr. Andrési með bréfi dagsettu 18. desember 1839 og lét með fylgja afrit af áðurnefndu forboði. Þá sagði Friðrik að Gathamar skildi að Eyrarland og Staðarland.[436] Með bréfi dagsettu 2. janúar 1840 skrifaði sr. Andrés til biskups og skýrði frá ágreiningsefni sínu og Friðriks Svendsens og óskaði ráða biskups.[437] Biskup svaraði sr. Andrési með bréfi dagsettu 11. mars sama ár og sagði ljóst að landamerki jarðanna liggi við svokallaðan Gathamar. Þá myndi það segja sig sjálft að hvorugur hefði rétt í hins land nema með leyfi eða samkomulagi.[438]

Með bréfi dagsettu 26. september 1841 tilkynntu Friðrik J. Svendsen, Magnús Ólafsson og Finnur Guðmundsson hreppskilaþingi Mosvallahrepps að sem sameiginlegir eigendur Eyrar og Hvilftar nyti land þeirra á Kálfeyri friðhelgi fyrir formönnum og skipeigendum sem ekki vildu greiða tolla fyrir veiðistöðu á Kálfeyri.[439]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Eyri við Önundarfjörð metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon nefni hér eyðihjáleigur: Bakkahús, Klofninga og Kálfhóla, og ennfremur segir að árið 1805 að þær liggi í landi sem Hvilft og Eyri eigi saman að 2/5 og 3/5 hlutföllum og að þar sé veiðistaðan Kálfeyri, en veiðistaðan Hvannaakrar, sem Árni Magnússon einnig geti um hafi þá verið lögð niður. Prestur nefni hér og Flateyri, en þareð hennar sé eigi getið annars staðar, þá sé hún eigi hér talin með sem byggt ból. Þar sé löggiltur verslunarstaðu, Önundarfjörður, með opnu bréfi 31. maí 1823, og verður eigi sagt hvor þar undir sé nokkur grasnyt.[440]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Eyri:

> 15. Eyri: Beit á vetrardag og útigángur agætur [á Saudanesi] sjóabli hægur og vertollar gjóra jórd þessa rífari miklu enn adrar.[441]

434 Skjal nr. 2(444).
435 Skjal nr. 2(452).
436 Skjal nr. 2(453).
437 Skjal nr. 2(454).
438 Skjal nr. 2(455).
439 Skjal nr. 2(383).
440 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
441 Skjal nr. 2(152).

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 768 ríkisbankadali.[442] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var tekin fyrir umkvörtun frá eigendur Eyrar en mati jarðarinnar var ekki breytt.[443]

Hinn 25. október 1851 skrifaði Magnús Einarsson til sáttanefndar Mosvallahrepps um að Friðrik J. Svendsen á Flateyri og Magnús Ólafsson á Eyri hafi neitað sér um slægjur á Hvannökrum. Magnús krafðist þess að jörðin Hvilft fengi 2/5 allra nytja á Sauðanesi fyrir utan Klofningshrygg.[444]

Í sóknarskjali Magnúsar Einarssonar í máli hans gegn eigendum Eyrar út af hlunnindum og nytjum á Sauðanesi, dagsettu 28. janúar 1852, er fjallað um búsetu, kaup og sölu á jörðinni Hvilft, einkum hálflendu hennar. Magnús fór fram á að 2/5 hlutar allra nytja á Sauðanesi fyrir utan Klofningshrygg tilheyrðu Hvilft.[445]

Við manntalsþing að Þórustöðum 10. maí 1852 var þinglesið afsalsbréf feðganna Magnúsar og Ólafs á Eyri um vertolla Kálfeyrar til Magnúsar Einarssonar á Hvilft, dagsett 31. janúar 1852. Við sama þing var því lýst yfir að samkvæmt dómi frá 12. mars 1852 og kröfu Magnúsar Einarssonar á Hvilft ætti að afhenda 2/5 hluta Kálfeyrartolla frá 1851 en þeir væru hjá Sturlu Jónssyni, hreppstjóra í Dalshúsum.[446]

Með kaupbréfi dagsettu 4. maí 1858 seldi E. Olsen kaupmaður á Bíldudal, fyrir hönd S. S. T. Svendsens prests í Ströby í Danmörku, verslunarstaðinn Flateyri við Önundarfjörð og 16 hundruð í Eyri í Mosvallahreppi til Torfa Halldórssonar skipherra á Flateyri. Kaupbréfið var þinglesið 12. júlí 1859.[447]

Haustið 1858 var hjá sáttanefnd Mosvallahreppsumdæmis tekinn fyrir ágreiningur milli Magnúsar Einarssonar á Hvilft annars vegar og Friðriks J. Svendsens, Ólafs Magnússonar og Magnúsar Ólafssonar á Eyri í Önundarfirði hins vegar. Ágreiningurinn snérist um vertolla á Kálfeyri og búfjárrekstur á Sauðanesi, en Magnús á Eyri kvaðst tilbúinn með bréfi, dagsettu 31. október sama ár, að bjóða Magnúsi á Hvilft að njóta 2/5 hluta Kálfeyrarvertolla, beitar á Sauðanesi fyrir utan Klofningshrygg og selstöðu á Kálfeyri. Á móti vildi Magnús á Eyri halda öllum slægjum og reka á Sauðanesi og að Magnús á Hvilft myndi falla frá tilkalli sínu til fimm hundraða í landi Eyrar. Magnús á Hvilft var ánægður með skilmálana, en í sáttabók er síðan skráð að þar sem Magnús á Eyri, eftir ítrekaðar tilraunir, hafi ekki viljað uppfylla loforð sitt þá væri sáttin fallin niður og málinu vísað til landslaga og réttar.[448]

Við manntalsþing að Þórustöðum 12. júlí 1859 var þinglesið kaupbréf fyrir Flateyri með tilheyrandi húsum og jörðinni Eyri, 16 hundruðum að dýrleika, til T. Halldórssonar skipherra fyrir 2.200 ríkisdali. Kaupbréfið var dagsett 4. maí 1858.[449]

442 Skjal nr. 2(167).
443 Skjal nr. 2(162).
444 Skjal nr. 2(382).
445 Skjal nr. 2(384).
446 Skjal nr. 2(815).
447 Skjal nr. 2(543).
448 Skjal nr. 2(445).
449 Skjal nr. 2(755).

Með leigusamningi, dagsettum 24. september 1883, leigði Torfi Halldórsson Á. Ásgeirssyni á Ísafirði tilgreinda lóð á Flateyri við Önundarfjörð til verslunarrekstrar.[450]

Hinn 15. júní 1886 seldi J. Uglehus 2/3 hluta úr Eyri til Torfa Halldórssonar og Sveins Rósenkranssonar. Afsalsbréfið var þinglesið 8. júlí sama ár.[451]

Með kaupbréfi dagsettu 1. mars 1890 seldi Sæunn Jóhanna Ólafsdóttir vinnukona eitt hundrað að fornu mati í Eyri í Önundarfirði til Kjartans Rósinkranssonar skipstjóra á Flateyri.[452]

Til eru tvö landamerkjabréf fyrir Eyri við Önundarfjörð. Það eldra er dagsett 23. maí 1890 en það var þinglesið við manntalsþing að Þórustöðum 27. maí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki Eyrar í Mosvallahreppi
>
> a. Milli Hvylftar og Eyrar:
>
> Merkilækur, er rennur úr gömlum mógröfum til sjávar. Frá mógröfunum uppí grænt dý í hlíðinni er merkilækur áður hefir runnið úr og sjest farvegur hans enn. Frá dýinu beina sjónhending á brún.
>
> b. Milli Flateyrartanga og Eyrar:
>
> eru þar sem Flateyrartangi sker sig út frá Eyrarlandi sbr. afsalsbrjef bókað d. 23. maí 1860 eða frá svonefndum Fjósbökkum beina sjónhending eptir svonefndum Bökkum strandlengis með Hvylftarströnd
>
> c. Milli Staðar í Súgandafirði og Eyrar:
>
> Úr Rauf eða Klauf í fjallsbrún fremst á Sauðanesi beina leið til sjávar þar sem Sauðanes skerst lengst út.
>
> Þess skal getið að Hvylft helgar sjer samkv. undirrjettardómi beit allt árið fyrir sínar eigin skepnur fyrir utan Klofningshrygg og tvö [svo] fimmtu hluta úr vertollum á Kálfeyri
>
> Holtskirkja tekur sjer Hvalreka að 1/6 hluta á svæðinu frá Rauf að Dalsá.
>
> Flateyri 23 maí 1890
>
> T. Halldórsson
>
> Sigríður Þórarinsdóttir Ragnheiður Finnsdóttir Janus Jónsson[453]

Hinn 26. september 1890 seldi og afhenti T. Halldórsson á Flateyri 16 hundruð í Eyri, 14 hundruð í Hóli, átta hundruð í Breiðadal og sex hundruð í Vífilsmýri til sona sinna Páls og Kristjáns.[454]

Í afsals- og veðmálabók Ísafjarðarsýslu er skráð að viðbót við leigusamning milli Hans Ellefsens og T. Halldórssonar vegna Eyrar hafi borist og verið innfærð til þinglesturs. Engin dagsetning er færð til bókar en skjalið hefur að öllum líkindum komið til þinglesturs í lok september eða byrjun október 1894.[455]

---

450 Skjal nr. 2(544).
451 Skjal nr. 2(545).
452 Skjal nr. 2(546).
453 Skjal nr. 2(21).
454 Skjal nr. 2(518).
455 Skjal nr. 2(547).

Með kaupbréfi dagsettu 25. apríl 1895 seldi Ólöf Ólafsdóttir á Eyri jörðina Eyri í Mosvallahreppi til Torfa Halldórssonar á Flateyri. Kaupbréfið var þinglesið 26. júní sama ár.[456]

Með skjali, dagsettu 5. mars 1898, lýsti Torfi Halldórsson á Flateyri óðals- og innlausnarrétti á 16 hundruðum í jörðinni Eyri og kaupstaðarstæðinu Flateyri með öllum réttindum, ítökum, hlunnindum, leigusamningum um lóðir o.fl. samkvæmt matsgerð. Fram kemur í yfirlýsingunni að landareignin verði innleyst með meðfylgjandi húsum, gögnum og gæðum fyrir tilgreinda upphæð. Skjalið var þinglesið 28. júní sama ár.[457]

Með auglýsingu, dagsettri 27. júní 1898, tilkynnti Torfi Halldórsson á Flateyri að vegna vaxandi átroðnings yrði framvegis innheimt gjöld fyrir sumarbeit í löndum Eyrar og Flateyrar í Mosvallahreppi. Auk þess bannaði Torfi heimildalausa skotveiði og tilgreindi gjaldskrá fyrir uppsátur og aðstöðu fyrir skip í landi áðurnefndra jarða. Auglýsing var þinglesin 28. júní sama ár.[458]

Með leigusamningi, dagsettum 21. ágúst 1897, leigði Torfi Halldórsson Jens A. Guðmundssyni og Guðjóni Sigmundssyni 2500 ferfaðma lóð undir hús á Flateyrartanga í Mosvallahreppi. Samningurinn var þinglesinn 11. júní 1901.[459]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að jörðin Eyri liggi rétt við kauptúnið Flateyri.[460] Í undirmati II kemur fram að landamerki jarðarinnar séu þinglesin. Jörðin var metin á 29.700 kr. Eigendur hennar voru Kristján Torfason, erfingjar Ólafs Magnússonar og Kjartan Rósinkransson.[461]

Yngra landamerkjabréf jarðarinnar Eyrar við Önundarfjörð er dagsett 8. júlí 1921 en það var þinglesið við manntalsþing að Flateyri 12. júlí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki Eyrar í Mosvallahreppi
>
> a. Milli Hvilftar og Eyrar:
>
> Innanvert við grænt dý í fjallshlíðinni eru reist hvítm. merki í beina línu til sjávar, og frá merkjunum er bein lína til fjalls að hreppatakmorkum
>
> b. Milli Flateyrartanga og Eyrar: Er þar sem Flateyrartangi sker sig út úr Eyrarlandi sbr. afsalsbréfi bókað d. 23. nóv. 1860 – eða frá svonefndum Fjósbökkum beina sjónhendingu eftir svonefndum bökkum strandlengis með Hvilftarströnd
>
> c. Milli Staðar í Súgandafirði og Eyrar:
>
> Úr „Rauf“ eða Klauf í fjallsbrún fremst á Sauðarnesi beina leið til sjávar, þar sem Sauðanes skerst lengst ~~fram~~ út.

456 Skjal nr. 2(548).
457 Skjal nr. 2(549).
458 Skjal nr. 2(550).
459 Skjal nr. 2(551).
460 Skjal nr. 2(186).
461 Skjal nr. 2(186).

> Þess skal getið að Hvilft helgar sér, samkvæmt undirréttardómi, beit alt árið fyrir sínar eigin skepnur fyrir utan „Klofningshrygg“ og 2/5 – tvo fimmtu ~~úr~~ hluti úr vertollum á Kalfeyri.
>
> Holtskirkja telur sér hvalreka að einum sjötta „1/6“ hluta á svæðinu frá „Rauf“ að dalsá.
>
> Solbakka 8 júlí 1921
>
> F.h. Krisjáns Torfasonar Ásgeir Torfason.
>
> F.h. Þorvarðar Brynjólfssonar prests á Stað Kr. Ásgeirsson.
>
> Finnur Finnsson.
>
> Jón R. Sveinsson.
>
> F.h. Þuríðar Magnúsdóttur Kristrún Friðriksd.
>
> F.h. Ragnheiðar Magnúsd. Kristrún Friðriksdóttir.[462]

Við manntalsþing að Flateyri 12. júlí 1921 var þinglesið landamerkjabréf fyrir jörðinni Eyri.[463]

5.18 Staður í Súgandafirði

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið að Stað í Súgandafirði.[464]

Í máldaga Maríukirkju að Stað í Súgandafirði, er Jón biskup Halldórsson setti um 1324, segir eftirfarandi:

> Mariukirkia ad stad j suganndafirdi er helgud gudi oc gudz modur marie.
>
> hun a heimaland allt. reka millum dalsär or raufuar.
>
> […]
>
> þridiung afreitar j vatnnadal vmm framm stodhrossa beit oc gỳlltu med nij grijsum.
>
> tiju aura j geirsbrek[k]u. naustgiord vid aros j bæiarland.[465]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Staðarkirkju í Súgandafirði:

> Kirkian ä Stad i Sugandafirdi ä heimaland alltt med gøgnum og giædum.
>
> Jtem hälffa jørd Vatnadal og er .viij^{c}. enn landskylld .xl. alner.[466]

Í biskupsvísitasíu um Staðarkirkju í Súgandafirði frá 15. ágúst 1639 segir meðal annars:

> J fóstu allt hejmaland. Skogar Jtak fyrer utan Gejsbrecku kallad Stadar tejgur. Landamerke Stadarjns millum Dalsär og Gathamars.[467]

Að settri prestastefnu hinn 2. júní 1663 lagði sr. Jón Torfason fram máldaga kirkjunnar að Stað í Súgandafirði og nokkur vitnisburðarbréf þar sem hann óskaði aðstoðar við að ná aftur undir kirkjuna hálfri jörðinni Vatnadal, átta hundruðum að

462 Skjal nr. 2(22).
463 Skjal nr. 2(759).
464 *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 14, skjal nr. 4(157).
465 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 575–576, skjal nr. 4(170).
466 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 571–572, skjal nr. 4(171).
467 Skjal nr. 2(264).

dýrleika. Fram kemur að túngarður hafi legið í kringum pláss á jörðinni sem hafi verið deilt í tvö bæi, Vatnadal fremri og Vatnadal neðri. Í vitnisburðum sem sr. Jón lagði fram sagði meðal annars að presturinn á Stað hafi á sínum tíma látið vera í seli fram á Vatnadal. Enginn úrskurður var felldur á prestastefnunni, heldur var ákveðið að skjóta málinu til biskups og lénsmanns.[468]

Í biskupsvísitasíu frá 22. ágúst 1700 segir að Staðarkirkja í Súgandafirði haldi ekki lengur jörðinni Vatnadal, sem getið hafi verið í fyrri máldögum.[469]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Súgandafjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Stað í Súgandafirði:

> **Stadur.** Kirkjustaður og beneficium.
>
> Jarðardýrleiki eftir því sem skrifað finst í einum máldaga kirkjunnar xvi hndr. Hefur þó staðurinn jafnan verið tíundarfrí fyrr og síðar, sem menn til vita, so sem öll önnur beneficia hjer á landi.
>
> Ábúandinn staðarhaldarinn Sr. Jón Torfason.
>
> […]
>
> útigángur í skárra lagi bæði til lands og vatns. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar bjarglegur. Silúngsveiði lítil og valla teljandi. Reki hefur áður verið gagnvænn, en nú mjög lítt heppnast og ekki til gagnsmuna teljandi í margt ár.
>
> Skógarítak á staðurinn í takmörkuðu plátsi í Gilsbrekku land, það hefur brúkast og brúkast enn nú til kolgjörðar.
>
> Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina. Úthagar foreyðast mjög af skriðum. Hætt er útigángspeningi mjög fyrir snjóflóðum og hefur oft að því stórskaði að orðið.
>
> Heimræði er hjer ár um kríng og lendíng ein, sem bæði er brimsöm og hættuleg þegar að amar, og gánga hjer skip staðarhaldarans eitt eður tvö, eftir sem hann fær við komið. Fleiri mætti gánga, ef fólk til fengist.
>
> **Stadarhus.** Hjáleiga, bygð á fornu stöðulsstæði staðarins hjer um fyrir 40 árum.
>
> Ábúandinn Þorsteinn Jónsson.
>
> […]
>
> Útigángur góður sem áður segir um heimastaðinn.
>
> Kostir og ókostir sem segir um heimastaðinn.
>
> **Stadarhus**, önnur hjáleiga, í eyði síðan bóluna, bygð fáein ár þar fyrir.
>
> […]
>
> Grasnautnin er áður talin hinni hjáleigunni og brúkast þaðan, eykur það þó að öngvu þeirrar hjáleigu skuldir.
>
> Ekki má þetta grenkot aftur byggja fyrir heyskaparleysi.[470]

Í prófastsvísitasíu frá 6. mars 1710 segir að Staðarkirkju fylgi engin jörð.[471] Í biskupsvísitasíu frá 13. september 1733 segir að Staðarkirkja í Súgandafirði eigi heimaland allt með gögnum og gæðum, sem komið hafi fram í fyrri

[468] Skjal nr. 2(287).
[469] Skjal nr. 2(265).
[470] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 128–129, skjal H-12.
[471] Skjal nr. 2(288).

biskupsvísitasíum.[472] Í biskupsvísitasíum frá 9. ágúst 1740 og 26. ágúst 1725 kemur hið sama fram en þar segir að kirkjan eigi hálfa jörðina Vatnadal, átta hundruð að dýrleika. Í þeirri fyrrnendu segir að ekkert gagn hafi verið af þeirri jörð sem aðrir menn beri. Skráð er að ekki sé ljóst hvernig til þess hafi komið.[473] Í biskupsvísitasíu frá 12. ágúst 1790 segir að hálf jörðin Vatnadalur sé gengin undan kirkjunni og að hún sé orðin bændaeign.[474] Sömu upplýsingar koma fram í prófastsvísitasíu frá 14. júní 1802 en þar segir einnig að kirkjan eigi skógarteig fyrir utan Geirsbrekku sem kallist Staðarteigur.[475]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Staðar í Súgandafirði metinn með hjáleigum 16 hundruð og þá er skráð að jörðin sé eign Staðarkirkju. Hjáleigan Staðarhús ytri og eyðihjáleigan Fremri-Staðarhús voru með í matinu.[476]

Hinn 2. júlí 1826 skrifuðu Friðrik Svendsen og Magnús Ólafsson forboð um beit á Sauðanesi. Forboðið var upplesið við Staðarkirkju í Súgandafirði 16. júlí sama ár og fyrir manntalsrétti að Suðureyri 24. júní 1831. Í forboðinu segir:

> Ordsökum þess, að undirskrifadir eru sannfærdir um að margir Inbuendur Sugandafiardar, hafa sovel undanfarandi, sem nu sérdeilis aflidid Ár, án Leifis Eigendönum, og þeim til Skaða og óhagnadar, notað sér Beit á Sauðarnesi, og i þeirra Landareign; svo finnum vid þad nauðsinlegt, til fríunar fyrir þvílíkum ológlegum ánauðum, fyrir Eptirtíðina, hérmeð að setia þaug Takmórk, sem lóglegur Eigindomsréttur heimilir oss.
>
> 1.Einginn Haust, edur Vorbeit leifist framveigis, her eptir á Sauðanesi. Ef nockur eptirleidis ei ad sídur i oleifi, skyldi breita á móti þessu Fyrirbodi, munu Landseigendur, uppa lóglegann Máta, leitast vid, ad gjöra allann sinn Rétt gildandi, og meiga Vidkomendur því vidbúast, og sialfir tilreikna sér alla þaraffliotandi Ohentugleika.
>
> 2. Þeir sem kinnu að vilia, med Eiganda leifis nota sér Vorbeit á Saudanesi, skulu í Tíma lata eigendur vita, hvörsu margt Fé, þeir reka i Landareign þeirra, og fyrir hvöria Viku, af hvörium 20tugu Fiars, borg Landeigendum, halfan Rigsdal Nafn Virdi.
>
> 3. Af Lömbum sem á Sumrum, eru rekinn í Haga á Saudanes, uppsetia Landseigendur, fyrir þá sem vilia nota sér þettad, hvört Tuttugasta Lamb, edur Þess Vyrdi í Beitar edur Haga Toll.[477]

Í prófastsvísitasíu frá 5. ágúst 1833 segir að skógarhögg Staðarkirkju sé að mestu eytt.[478]

Í prófastsvísitasíu um Staðarkirkju frá 7. júní 1839 koma fram sömu upplýsingar og í eldri vísitasíum, þ.e. að hún eigi hálfan Vatnadal en að sú jörð sé gengin undan kirkjunni, að skógarland hennar sé orðið ónýtt en ítakið Staðarteigur sé tileinkað henni.[479]

Hinn 7. desember 1839 skrifaði sr. Andrés Hjaltason til Friðriks Svendsens um landamerki milli jarðanna Eyrar í Önundarfirði og Staðar í Súgandafirði og um

472 Skjal nr. 2(266).
473 Skjal nr. 2(267)–2(268).
474 Skjal nr. 2(269).
475 Skjal nr. 2(289).
476 Skjal nr. 2(106).
477 Skjal nr. 2(451).
478 Skjal nr. 2(290).
479 Skjal nr. 2(291).

fjárrekstur á Sauðanesi. Sr. Andrés fór fram á að fá frían haga fyrir lömb og geldkindur á vestanverðu Sauðanesi, en myndi Friðrik halda í skjal sem sr. Andrés nefnir í bréfinu, sem líklega er áðurnefnt forboð um beit á Sauðanesi frá 1826, þá muni sr. Andrés leita úrskurðar stiftsins.[480] Friðrik svaraði sr. Andrési með bréfi dagsettu 18. desember 1839 og lét með fylgja afrit af áðurnefndu forboði. Þá sagði Friðrik að Gathamar skildi að Eyrarland og Staðarland.[481] Með bréfi dagsettu 2. janúar 1840 skrifaði sr. Andrés til biskups og skýrði frá ágreiningsefni sínu og Friðriks Svendsens og óskaði ráða biskups.[482] Biskup svaraði sr. Andrési með bréfi dagsettu 11. mars sama ár og sagði ljóst að landamerki jarðanna liggi við svokallaðan Gathamar. Þá myndi það segja sig sjálft að hvorugur hefði rétt í hins land nema með leyfi eða samkomulagi.[483]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Staður í Súgandafirði metin 16 hundruð að dýrleika og skráð sem beneficium. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon telji hér sex kirkjukúgildi og nefni eyðihjáleiguna Fremri-Staðarhús, sem hafi árið 1805 verið talin með staðnum.[484]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Stað og Staðarhús:

> 1. Stadur: útigángur ágætur og hægd til sjóar eru kostir þeir sem mjóg mæla med jórd þeirri og er hún líka ad því er sjá má eingum áföllum undirlagin.
>
> 2. Stadarhús; vetrarbeit einsog á stad og ekki minni hægd til sjóar og tún allgott gjóra kot þetta í gódu lagi.[485]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin Staður var metin á 504 ríkisbankadali en Staðarhús voru metin á 168 ríkisbankadali.[486]

Hinn 11. september 1885 skrifaði sr. Janus Jónsson til biskups um að fá afrit af máldögum Holtskirkju og upplýsingar um landamerki Holts, sérstaklega land Holts eða hinnar fornu Arnkelsbrekku á Gemlufallsheiði. Einnig óskaði sr. Janus eftir upplýsingum um landamerki Lækjar í Dýrafirði og Staðar í Súgandafirði.[487]

Landamerkjabréf jarðarinnar Staðar í Súgandafirði er dagsett 6. júní 1891 en það var innkomið til þinglesturs 13. febrúar 1892. Efni þess er svohljóðandi:

> Skrá yfir landamerki Staðar í Súgandafirði
>
> Milli Bæjar og Staðar ræður Staðará frá fjör[u] til Þverár, og síðan Þverá fram til fjalla.
>
> Milli Staðar og Eyrar eru merkin í Rauf á Sauðanesi, og þaðan eins og nesið gengur lengst til sjávar.
>
> Holti 6. júní 1891
>
> Janus Jónsson

480 Skjal nr. 2(452).
481 Skjal nr. 2(453).
482 Skjal nr. 2(454).
483 Skjal nr. 2(455).
484 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
485 Skjal nr. 2(154).
486 Skjal nr. 2(168).
487 Skjal nr. 2(456).

Torfi Halldórsson

Sigurborg Bergsdóttir

Guðmundur Ásgrímsson

Pálmi Lárentíusson[488]

Í kirkjustól Staðarkirkju frá 1839–1919 kemur fram að kirkjan haldi sínum eignum og ítökum og þá er skráð hinn 30. júlí 1896 að landamerkjaskrá fyrir kirkjueigninni sé samin og þinglesin án mótmæla.[489]

Í aukarétti Ísafjarðarsýslu 31. október 1908 var tekið fyrir að skipa matsmenn til að meta afgjöld prestsseturs og ítaka í Staðarprestakalli í Súgandafirði. Skipaðir voru Jóhannes Hannesson og Kristján Albertsson.[490]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Staðar í Súgandafirði séu þinglesin.[491] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 2.400 kr. Eigandi hennar var Staðarprestakall.[492]

5.19 Bær í Vatnadal/Súgandafirði

Hinn 22. febrúar 1460 keypti Björn Þorleifsson af Grími Þorleifssyni jörðina Bæ í Súgandafirði. Landamerkjum jarðarinnar er lýst í skjalinu sem og ítökum í landi Vatnadals:

> ad þessum landamerkium. ad Sunddalsaa so langt sem hun fellur til ur Vatne og til gards þess er giordur er mille Vatnadals og bæar. bädu meigenn aar sem gardurenn syner. þridiung beitar i Vatnadals afriett. Enn Vatnadalur aa i mote haustbeit og vorbeit krossmessna i millum ofan med bæarhlijd. Bær aa xxx sauda beit aa saudanese fra krossmessu aa haust og (til) krossmessu aa vor enn kirkian aa stad ä i mote naustgiord og skipstôdu vid aar os i Bæar lande.[493]

Hinn 27. janúar 1495 vitnaði Ólafur Jónsson um að Brandur Jónsson lögmaður gaf syni sínum Sæmundi jörðina Bæ í Súgandafirði.[494]

Hinn 4. febrúar 1495 fór fram sex manna dómur um eignarrétt Sigmundar Brandsson á jörðinni Bæ í Súgandafirði og hálfum Vatnadal. Dæmt var að hann væri réttur eigandi að Bæ í Súgandafirði.[495]

Hinn 29. ágúst 1525 vitnaði Tómas Ólafsson um að Sigmundur Brandsson hefði lýst syni sína Sturla og Grím löglega erfingja og eignarmenn að jörðinni Bæ í Súgandafirði og að hann hafi aldrei gefið Halldóri syni sínum þessa jörð.[496]

488 Skjal nr. 2(23).
489 Skjal nr. 2(292).
490 Skjal nr. 2(820).
491 Skjal nr. 2(187).
492 Skjal nr. 2(187).
493 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 206–207, skjal nr. 4(194).
494 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 247–248, skjal nr. 4(195).
495 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 248–249, skjal nr. 4(196).
496 *Íslenzkt fornbréfasafn* IX, bls. 278, skjal nr. 4(197).

Hinn 20. apríl 1617 seldi Ólöf Þórðardóttir Ormi Jónssyni sex hundruð í Bæ.[497] Hinn 10. maí 1629 meðkenndi Sigurður Þórðarson að hann hefði fengið greitt til fullnustu frá Ormi Jónssyni fyrir jarðarpart þann er kona hans Ólöf Þórðardóttir seldi Ormi í jörðinni Bæ.[498]

Hinn 8. júní 1617 seldi Hallbjörg Pálsdóttir Steinþóri Ormssyni átta hundruð í Bæ í Staðarkirkjusókn fyrir átta hundruð í Kálfadal í Gufudalskirkjusókn.[499]

Hinn 13. janúar 1619 seldi Sigríður Pálsdóttir Steinþóri Ormssyni átta hundruð í Bæ fyrir 12 hundruð í lausafé.[500] Hinn 6. júlí 1623 gáfu Guðmundur Guðmundsson og Sigríður Pálsdóttir Steinþóri Ormssyni kvittun um þau átta hundruð sem Sigríður seldi Steinþóri í jörðinni Bæ.[501]

Hinn 18. september 1629 seldi sr. Jón Ormsson Eggerti Sæmundssyni alla jörðina Bæ, 24 hundruð að dýrleika fyrir Snældubeinsstaði í Borgarfirði. Einnig seldi Eggert sr. Jóni hálfan Leirulæk en sr. Jón seldi Eggerti Stærri-Garð.[502]

Að settri prestastefnu hinn 2. júní 1663 lagði sr. Jón Torfason fram máldaga kirkjunnar að Stað í Súgandafirði og nokkur vitnisburðarbréf þar sem hann óskaði aðstoðar við að ná aftur undir kirkjuna hálfri jörðinni Vatnadal, átta hundruðum að dýrleika. Fram kemur að túngarður hafi legið í kringum pláss á jörðinni sem hafi verið deilt í tvö bæi, Vatnadal fremri og Vatnadal neðri. Í vitnisburðum sem sr. Jón lagði fram sagði meðal annars að presturinn á Stað hafi á sínum tíma látið vera í seli fram á Vatnadal. Enginn úrskurður var felldur á prestastefnunni, heldur var ákveðið að skjóta málinu til biskups og lénsmanns.[503]

Í biskupsvísitasíu frá 22. ágúst 1700 segir að Staðarkirkja í Súgandafirði haldi ekki lengur jörðinni Vatnadal, sem getið hafi verið í fyrri máldögum.[504]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Súgandafjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Bæ í Súgandafirði:

> **Bær.**
>
> Jarðardýrleiki xxiiii hndr., og so tíundast fjórum tíundum.
>
> Eigandinn Ari Þorkelsson að Haga á Barðaströnd.
>
> Ábúendur Eiríkur Þórðarson á xvi hndr., Þórður Bjarnason á viii hndr.
>
> […]
>
> útigángur er hjer við lakari kost bæði á landi og í fjörunni. Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður til eldiviðar bjarglegur. Silúngsveiði lítil og valla teljandi. Reki hefur ekki heppnast í manna minni.

497 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 155, skjal H-22.
498 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 155, skjal H-22.
499 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 155, skjal H-22.
500 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 155, skjal H-22.
501 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 155, skjal H-22.
502 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 155, skjal H-22.
503 Skjal nr. 2(287).
504 Skjal nr. 2(265).

> Engjarnar hafa spilst stórlega af skriðum úr brattlendi, sem að áeykst árlega. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum.
>
> Heimræði er hjer, þó að lendíng sje bæði brimsöm og hætt, og fyrir því fara ábúendur stundum hjeðan, og láta skip sitt gánga á öðrum jörðum, nefnilega á Suðureyri.
>
> **Gardshorn,** forn eyðihjáleiga. Hefur ekki bygð verið næstu 60 ár eða lengur, og vita menn því ekki að undirrjetta hvörjir byggíngarkostir verið hafi, eður hvað fóðrast hafi kunnað, en landið brúkar nú heimajörðin til slægna og beita og er henni áður talin. Ekki má hjer aftur byggja nema heimajörðunni til meins og skaða.
>
> **Leifshus,** önnur eyðihjáleiga. Um hana er alt hið sama að skrifa og áður segir um Garðshorn, nema hvað hjer er enn meira skriður yfirfallnar og má því ekki bygð setja.
>
> Tvennar tóftarústir sjást hjer í landinu, sem munnmæli segja að verið <hafi> hjáleigur frá þessari jörðu, en enginn kann þær að nefna eður byggíngarkosti að segja hverjir verið hafi. Ekki má þar aftur bygð setja fyrir heyskaparleysi.[505]

Við manntalsþing að Ögri 7. apríl 1781 var upplesið kaupbréf Jóns Eldjárnssonar, dagsett 19. nóvember 1780, fyrir 12 hundruðum í Bæ í Súgandafirði fyrir 108 ríkisdali.[506]

Við manntalsþing að Suðureyri 4. júní 1787 var upplesið afsal Ólafs Erlendssonar á sex hundruðum í Bæ í Súgandafirði til Erlings Þorgilssonar hreppstjóra, dagsett 29. júní 1786.[507]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Bæjar í Súgandafirði metinn 24 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Bergljót Jónsdóttir ekkja. Fram kemur að eyðihjáleigurnar Garðshorn og Leifshús séu með í matinu, þar sem önnur gefi af sér hey en hin nýtist sem beitiland.[508]

Við manntalsþing að Suðureyri 13. ágúst 1821 var þinglesið afsal systkinanna Þorgils Erlingssonar og Guðrúnar Erlingsdóttur, dagsett 20. júlí 1820, fyrir sex hundruðum í Bæ til Magnúsar Guðmundssonar fyrir 90 danskar spesíur.[509]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Bær í Súgandafirði metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 voru eyðihjáleigurnar Garðshorn og Leifshús taldar hér með.[510]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Bæ:

> 1. Bær: skridur og árensli og landkreppa mikil til beitar bægja jórdinni, sem hefur slægjur gódar frá því ad ná mídlúngstali.[511]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 624 ríkisbankadali.[512] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Bæ breytt í 576 ríkisbankadali.[513]

---

505 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 131–132, skjal H-12.
506 Skjal nr. 2(821).
507 Skjal nr. 2(822).
508 Skjal nr. 2(107).
509 Skjal nr. 2(745).
510 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
511 Skjal nr. 2(155).
512 Skjal nr. 2(168).
513 Skjal nr. 2(163).

Með kaupbréfi dagsettu 24. október 1861 seldi Torfi Halldórsson tvö hundruð í Bæ í Súgandafirði, svonefnda Hjallhóla, til Laurensiusar Hallgrímssonar á Gelti. Kaupbréfið var þinglesið 8. ágúst 1864.[514]

Með kaupbréfi dagsettu 12. apríl 1864 seldi Friðrik Gíslason í Kvíanesi fjögur hundruð í Bæ í Súgandafirði til Laurensiusar Hallgrímssonar á Bæ í Súgandafirði. Kaupbréfið var þinglesið 8. ágúst sama ár.[515]

Við manntalsþing að Suðureyri 8. ágúst 1864 var þinglesinn lóðseðill Laurentíusar Hallgrímssonar frá 15. desember 1860 fyrir 10 hundruðum í Bæ í Súgandafirði, virt á 440 ríkisdali. Við sama þing voru þinglesin tvö kaupbréf Laurentíusar, annað frá 12. apríl 1864 upp á fjögur hundruð úr Bæ fyrir 228 ríkisdali, en hitt frá 24. október 1861 upp á tvö hundruð úr Bæ fyrir 140 ríkisdali.[516]

Hinn 21. júlí 1879 gáfu hjónin Sigurður Lárentíusson og Sigríður Árnadóttir börnum sínum, Steindóri, Guðmundi, Jóni, Lárentíusi, Kristjáni, Sigurborgu, Sigurfljóð og Efemíu, sameiginlega átta hundruð í Tannanesi í Önundarfirði, fjögur hundruð í Kirkjubóli í Önundarfirði, tvö hundruð og 30 álnir í Bæ í Súgandafirði, eitt og hálft hundrað í Gelti í Súgandafirði og þrjú hundruð í Botni í Súgandafirði. Gjafabréfið var þinglesið 31. júlí sama ár.[517]

Landamerkjabréf jarðarinnar Bæjar í Súgandafirði er dagsett 6. júní 1891 en það var innkomið til þinglesturs 13. febrúar 1892. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki Bæjar í Súgandafirði.
>
> Landamerki milli Bæjar og Suðureyrar eru í klett mitt á milli Kýrness og Vallarness; en milli Bæjar og Vatnadals er Helguhóll merki, og þar þvert yfir dalinn. Samningur milli Bæjarmanna og Vatnadalseiganda, að Vatnadalseigendur fái að byggja hús við sjóinn og hlöðu og ristu, sem tekur um 30 kindur og hafa þar fjörubeit yfir veturinn, aptur fá Bæjar ábúendurnir sumarbeit fyrir ærpening annað málið á fremri dal á Vatnadal eptir fráfærur (kvöldmál) til höfuðdags, og reka kýr fram í stóru gröf annað málið á heimri dal á Vatnadal eptir fráfærur (kvöldmál) til höfuðdags. Landamerki milli Staðar og Bæjar er Staðará, frá fjöru fram að Þverá, og Þverá fram til fjalls.
>
> 6. júní 1891.
>
> Eigendur Suðureyrar: Kr. Albertsson Þorbjörn Gissursson.
>
> Eigendur Bæjar: Sigurborg Bergsdóttir Magnús Jónsson Guðm. Ásgrímsson Pálmi Lárentíusson.
>
> Eigendur Vatnadals: Þorbjörn Gissursson Jón Ólafsson Þórður Jónsson
>
> Umboðsmaður Staðar: Janus Jónsson[518]

Landamerkjalýsing milli jarðanna Bæjar og Vatnadals í Súgandafirði er dagsett 12. desember 1890 en hún var þinglesin 9. júní 1891. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing milli Vatnadals og Bæjar.

514 Skjal nr. 2(552).
515 Skjal nr. 2(553).
516 Skjal nr. 2(824).
517 Skjal nr. 2(494).
518 Skjal nr. 2(24).

Á rennur frá Vatnadalsbotni til sjáfar, austanvert árinnar standa bæirnir, fyrir neðan tún í Neðri-Vatnadal, er hóll einn, sem Helguhóll er nefndur, í hann eru landamerki og svo þaðan beint til fjalls, fyrst í hól, sem nefndur er Þrautahóll, þaðan í klettabeltisenda, sem kallað er Hamraendi, þaðan í fjallsbrún neðan til við svonefnda húsahvylft.

Vestantil nefndrar ár í beinni stefnu í vestur (frá fyr nefndum merkjahólum austanvert.) eru landamerki í hraunbarð eitt, sem liggur frá ánni, sem kallaður er Urðarkollur (Rauðkollur), sem stendur í miðju hrauninu, auðkennilegur frá öðrum hraunhólum þar, þaðan liggur merkið beint í fjall upp, sem nefnt er Sunddalshorn.

Athugasemd:

Erfikenningin, sögusögnin, sem borist hefir mann frá manni frá ómuna tíð, til nútíðar manna, hefir greint sem hjer segir:

1. Að ábúendur Vatnadals og ábúendur Bæjar hafi sín á milli samið um, að Bæjarmenn fengju beit hjer um bil að hálfu frá fráfærum til höfuðdags, vestantil á Vatnadal fyrir allan nytbæran ásauð, sem reka átti að kvöldi en smala heim að morgni.

2. Að ábúendur Vatnadals fengju uppsátur fyrir skip, sem þeir ættu, hjá Bæjarmönnum og leyfi til að hafa búð á stöðinni til íveru sem Bæjarmenn lofuðu að leggja til jarðefni en ekki viði til endurgjalds fyrgreindum beitarafnotum

Samningur þessi er í mörgu óljós, þar ekki er neitt skriflegt skilríki, hvort þessi samningur hefir verið milli einstakra manna (ábúenda) eða eigenda jarðanna, og átti að ~~kjósa~~ gjöra hlutfall í rjettindum jarðanna, en það er víst að ekki var tekið neitt tillit til þessa við virðing á dánarbúi Magnúsar sál. Guðmundssonar, og Bergljótar sál. Øssursdóttir konu hans sem að mestu voru eigendur beggja jarðanna, og síðan hafa Bæjar menn þokað sjer fet fram af feti upp á rjettindi Vatnadælanna, með að beita fjé og kúm frameptir. Vatnadalsmenn hafa að vísu átt kost á uppsátrinu hjá Bæjarbúum, en hafa orðið nú á síðustu árum að hætta við það.

1, Vegna þess að verplazið er ekki nema fyrir 2 skip, sem þó verða ekki sett undan sjó svo óhætt sje, vegna kletta, er liggja þvert fyrir uppsátrinu, klettar þessir eru sífellt að springa fram, og brjóta þá bæði skip og vergögn sem þar eru, þá er mönnum ekki heldur óhætt, því opt hefir legið við slyzum af grjótflugi frá klettum þessum, þar að auki af þessu þröngrými að skotrað er til hliðar með uppsátrið, sem þeir hafa beðið tjón af. Af þessu hefir risið ágreiningur, svo ekki er neitt samkomulag milli hlutaðeiganda nú sem stendur.

Vatnadals eigendur vilja gjöra og fá svo látandi samning:

1, Að Vatnadals rjettindi sjeu að meiga byggja fjárhús við árósinn og fá efni í það (nema að viðum) hjá Bæjarmönnum góðmótlega og til að endurbæta þegar þarf.

2, Að Vatnadals rjettindi sjeu að hver hundraðshafi í Vatnadal 2 sauðkindur (þ.e. 32) á fjörubeit við sjóinn í Bæ, frá veturnóttum til sumarmála þó ekki fyr en hýsa þarf og gefa í Vatnadal, og ekki lengur en þar til jörð er komin til beitar aptur.

Hjer fær Bær aptur á móti rjettindi til beitar vestantil í Vatnadal og má reka á kvöldin allan nytbæran fjenað og smala að morgni eins og hjer er um talað frá fráfærum til höfuðsdags.

Þó að kýrbeit hafi ekki verið í Vatnadal eptir því sem borizt hafa upplýsingar þar að lútandi, fær Bær rjettindi til að reka þær fram í svo kallaða Stórugröf á kvöldin en að reka heim að morgni [frá fráfærum til höfuðdags] þó með því skilyrði að Sigurborg Bergsdóttir gefi okkur sannað vottorð að svo hafi verið á því tímabili, sem hún bjó í Vatnadal, og beit sú hafi tilskilin verið fyrir áðurnefnd uppsátur en ekki brúkað fyrir ábúðarrjett af Magnúsi Guðmundssyni sál. Þar aptur á móti fái Vatnadalur þann rjett að byggja heyhlöðu við áðurnefnt fjárhús, ~~og~~ í árósnum og Bær leggi til efni í veggi og þak

> Ef Vatnadalur hefir ekki rjett til að byggja við áðurnefnt fjárhús hlöðu, á hann rjett að hafa hey og brúka rjett sinn til fyllstu afnota á þess að fara yfir þau takmörk sem um er talað.
>
> Þorbjörn Gissursson eigandi að 5 hundruðum í Vatnadal
>
> Jón Ólafsson eigandi að 6 hundruðum í Vatnadal
>
> ábúandi Þórður Jónsson fyrir hönd: Borgars Jónssonar eiganda að 3 hundr. í Vatnadal
>
> 12 december 1890
>
> Samþykkt af eigendum Bæjar
>
> Jóhannes Hannesson umráðamaður að 67 áln. í Bæ.
>
> Handsalað: Pálmi Lárentíusson
>
> Steinþór Sigurðsson
>
> Handsalar: Magnús Jónsson
>
> Guðmundur Ásgrímsson
>
> Sigurborg Bergsdóttir[519]

Hinn 9. september 1905 seldi Skúli Thoroddsen verslunareigandi á Ísafirði eitt hundrað að nýju mati í Bæ í Súgandafirði til Guðmundar Sigurðssonar bónda á Bæ. Afsalsbréfið var þinglesið 7. júlí 1906.[520]

Hinn 29. september 1905 seldi og afsalaði Vigdís Kristjánsdóttir fjórum hundruðum í Langhóli til sonar síns Jóns Magnússonar á Suðureyri. Afsalsbréfið var þinglesið 7. júlí 1906.[521]

Hinn 16. desember 1905 seldi Þorvaldur Jónsson, fyrir hönd Guðrúnar Bergsdóttur á Ísafirði, 83 álnir í Bæ Súgandafirði til Kristjáns Sigurðssonar á Norðureyri. Afsalsbréfið var þinglesið 7. júlí 1906.[522]

Við manntalsþing að Suðureyri 22. júní 1907 var þinglesið afsalsbréf frá 24. október 1905 þar sem Kristján Albertsson seldi Guðmundi Sigurðssyni 83 álnir í Bæ fyrir 91 kr. Við sama þing var þinglesið afsalsbréf frá 9. nóvember 1905 þar sem Þórður Þórðarson, Jón Einarsson og Þorv. Brynjólfsson seldu Guðmundi Sigurðssyni 5/8 hluta í hundraði í Bæ fyrir 68 kr. Enn fremur var þinglesið afsalsbréf Þorvaldar Jónssonar til Guðmundar fyrir 0,83 hundruðum í Bæ. Afsalsbréfið var dagsett 14. október 1905.[523]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Bæ í Vatnadal:

> Jörðin Bær liggur neðst austan til í Staðardalnum og á landamerki að innan að Vallanesi að framan austan ár að Helguhol. Vestan árinnar á hann land frá Þverá að Kýrskriðu beint á móti Helguhól ásamt upprekstrarlandi á Sunddal fyrir framan Þverá.[524]

[519] Skjal nr. 2(25).
[520] Skjal nr. 2(554).
[521] Skjal nr. 2(555).
[522] Skjal nr. 2(556).
[523] Skjal nr. 2(753).
[524] Skjal nr. 2(188).

Í undirmati II segir að landamerki jarðarinnar séu að ofan Helguhóll, að utan Staðardalsá, að innan Vallanes, að vestan ár eigi Bær land frá Þverá að Kýrskriðu. Jörðin var metin á 2.100 kr.[525]

Hinn 19. júlí 1930 fór fram uppboðsréttur að Bæ í Súgandafirði þar sem haldið var uppboð á fjórum og hálfu hundraði að fornu mati í Bæ. Hæstbjóðandi var Guðmundur Pálmason á Suðureyri með 1.600 kr.[526]

5.20 Vatnadalur í Súgandafirði

Hinn 25. nóvember 1471 færði Sveinn Þorgilsson Halldóri Hákonarsyni hálfa jörðina Vatnadal í Súgandafirði gegn því að hann lagði í vald Halldórs hverja peninga hann vildi leggja fyrir jörðina.[527]

Hinn 4. desember 1475 fékk Sveinn Þorgilsson sr. Jóni Gíslasyni jörðina Vatnadal í Súgandafirði.[528]

Hinn 4. febrúar 1495 fór fram sex manna dómur um eignarrétt Sigmundar Brandsson á jörðinni Bæ í Súgandafirði og hálfum Vatnadal. Dæmt var að hann væri réttur eigandi að Bæ í Súgandafirði.[529]

Hinn 7. febrúar 1581 tók Hannes Benediktsson eftirtaldar jarðir að erfðum: Dynjanda, 16 hundruð og Fremri-Vatnadal, fjögur hundruð. Með Dynjanda fylgdi eldra gjörningsbréf Gunnsteins og Jóns eldra bróður hans en með Fremri-Vatnadal fylgdi kaupbréf milli Benedikts Tumasonar og Sturlu Bjarnarsonar.[530]

Hinn 8. júlí 1630 seldi Bjarni Sveinsson með samþykki Stulla sonar síns hálfa jörðina Eyri í Kollafirði til Steinþórs Ormssonar fyrir jörðina Fremri-Vatnadal, átta hundruð að dýrleika.[531]

Hinn 3. júlí 1671 seldi Sigurður Jónson lögmaður sr. Páli Björnssyni prófasti alla jörðina Vatnadal í Súgandafirði, átta hundruð að dýrleika, með tveimur kúgildum. Hér á móti lagði sr. Guðbrandur Jónsson fram tíutíu ríkisdali in specie fyrir hönd sr. Páls Björnssonar.[532]

Hinn 1. júní 1679 seldi Gunnar Jónsson sr. Sigurði Jónssyni hálfa jörðina Fremri-Vatnadal, fjögur hundruð að dýrleika fyrir fjögur hundruð í Sökku.[533]

Með skýrslu dagsettri 19. maí 1703 lýsti Sigurður Jónsson því yfir að hann og eiginkona hans, Helga Pálsdóttir væru eigendur að 16 hundruðum í Sveinseyri, fjórum

525 Skjal nr. 2(188).
526 Skjal nr. 2(823).
527 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 649–650, skjal nr. 4(198).
528 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 806–807, skjal nr. 4(199).
529 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 248–249, skjal nr. 4(196).
530 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 157, skjal H-22.
531 Skjöl nr. 2(73)–2(74). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 121, skjal H-22.
532 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 115, skjal H-22.
533 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 171, skjal H-22.

hundruðum í Vatnadal fremri í Súgandafirði, átta hundruðum í Sæbóli í Aðalvík, 12 hundruðum í Breiðabóli í Skálavík og níu hundruðum í Alviðruparti.[534]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Súgandafjörð frá 1710 er bæði fjallað um Vatnadal og Neðri-Vatnadal. Þar segir eftirfarandi:

> **Vatnadalur.**
>
> Munnmæli segja að hjer hafi að fornu bænhús verið, og skuli þetta og Neðri Vatnadalur hafa verið ein jörð og kirkjustaður, en lángvarandi eru þetta kallaðar lögbýlisjarðir.
>
> Jarðardýrleiki viii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandi að iiii hndr. prófasturinn Sr. Sigurður Jónsson að Holti. Eigandi að iiii hndr. þeir bræður Sr. Gísli Hannesson að Snæfjöllum og Benedict bróðir hans.
>
> Ábuandinn Jón Guðmundsson.
>
> […]
>
> Útigángur við lakari kost, og er fje jafnaðarlega í burtu komið á vetur. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar lakur og lítt nýtandi.
>
> Lýngrif til eldiviðarstyrks eða tróðs brúkast lítt. Silúngsveiði hefur verið í Vatnadalsvatni, brúkast nú ei. Grasatekja hefur verið lítil.
>
> Skipsuppsátur er sagt að jörðin eigi í Bæjarárós og hefur brúkast átölulaust, og Bær þar á mót 6 vikna beit á Vatnadal, brúkast einnin.
>
> Túninu grandar skriða til stórskaða og eyðileggíngar og enginu í sama máta, so fyrir því er mikill hluti slægnanna eyðilagður. Hætt er kvikfje fyrir grjóthruni. Hætt er bænum stórlega fyrir þessum skriðum og grjóthruni og hafa þær mjög að bænum gengið, en þó ekkert hús ennþá tekið, er hjer þó mjög voveiflegt fyrir menn í bænum þegar vatnagángur er.
>
> **Vatnadalur nedre.**
>
> Jarðardýrleiki viii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn prófasturinn Sr. Halldór Pálsson að Selárdal.
>
> Ábúandinn Gottskálk Jónsson.
>
> […]
>
> útigángur er hinn sami og áður segir um Fremra Vatnadal. Torfrista og stúnga lök ut supra. Móskurður til eldiviðar lakur. Silúngsveiði í Vatnadalsvatni ut supra.
>
> Skipstöðu með Fremra Vatnadal á jörðin í Bæjarós, og er ágreiníngur nokkur hvört þessar báðar jarðir eigi eitt skipsuppsátur í nefndum Bæjarós, eður hvor þeirra út af fyrir sig. Ekki hefur hjer gengið utan eitt skip frá báðum jörðunum í senn, það menn til vita.
>
> Túni og engjum grandar skriðufall ut supra. Hætt er kvikfje fyrir skriðum og grjóthruni. Vatnsvegur er mjög erfiður á vetur fyrir fannlögum. Hætt er bænum fyrir skriðum og grjóthruni, sem áður segir um Fremra Vatnadal.[535]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er jörðin Vatnadalur metin í tvennu lagi, annars vegar sem Fremri-Vatnadalur og hins vegar sem Neðri-Vatnadalur en dýrleiki þeirra beggja var metinn átta hundruð eða samtals 16 hundruð. Eigandi Fremri-Vatnadals var

[534] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 253, skjal H-23.
[535] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 129–131, skjal H-12.

ábúandinn Guðmundur Jónsson en eigandi Neðri-Vatnadals var ekkjan Guðrún Gísladóttir.[536]

Við manntalsþing að Suðureyri 13. ágúst 1821 var þinglesið afsal Guðmundar Jónssonar, dagsett 11. desember 1820, fyrir sjö hundruðum í Vatnadal í Súgandafirði til Magnúsar Guðmundssonar fyrir 98 danskar spesíur.[537]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Fremri-Vatnadalur í Súgandafirði metin átta hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Þá er jörðin Neðri-Vatnadalur einnig metin átta hundruð að dýrleika. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon einn telji jörðina Vatnadal neðri 13 hundruð, en sýslumaður einn telji Fremri-Vatnadal sjö hundruð og Neðri-Vatnadal níu hundruð að dýrleika.[538]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Vatnadal:

> 3. og 4. Vatnadalur hvórtveggi: þar er mjóg svo gott undir bú á sumrum og landrými tóluverdt og mjóg eru jardir þær líkar eptir jardarmagni.[539]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin Fremri-Vatnadalur var metin á 210 ríkisbankadali en Neðri-Vatnadalur var metinn á 270 ríkisbankadali.[540]

Hinn 18. janúar 1866 fóru fram makaskipti hvar Guðmundur Jónsson á Hrafnseyri við Arnarfjörð afhenti sjö hundruð og 70 álnir í Fremri-Vatnadal í Súgandafirði til Guðrúnar Sturludóttur í Dalshúsum en fékk á móti sex hundruð í Skógum í Kúluþinghá í Arnarfirði. Makaskiptabréfið var þinglesið 23. ágúst 1871.[541]

Landamerkjalýsing milli Bæjar og Vatnadals í Súgandafirði er dagsett 12. desember 1890 en hún var þinglesin 9. júní 1891. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing milli Vatnadals og Bæjar.
>
> Á rennur frá Vatnadalsbotni til sjáfar, austanvert árinnar standa bæirnir, fyrir neðan tún í Neðri-Vatnadal, er hóll einn, sem Helguhóll er nefndur, í hann eru landamerki og svo þaðan beint til fjalls, fyrst í hól, sem nefndur er Þrautahóll, þaðan í klettabeltisenda, sem kallað er Hamraendi, þaðan í fjallsbrún neðan til við svonefnda húsahvylft.
>
> Vestantil nefndrar ár í beinni stefnu í vestur (frá fyr nefndum merkjahólum austanvert.) eru landamerki í hraunbarð eitt, sem liggur frá ánni, sem kallaður er Urðarkollur (Rauðkollur), sem stendur í miðju hrauninu, auðkennilegur frá öðrum hraunhólum þar, þaðan liggur merkið beint í fjall upp, sem nefnt er Sunddalshorn.
>
> Athugasemd:
>
> Erfikenningin, sögusögnin, sem borist hefir mann frá manni frá ómuna tíð, til nútíðar manna, hefir greint sem hjer segir:
>
> 1. Að ábúendur Vatnadals og ábúendur Bæjar hafi sín á milli samið um, að Bæjarmenn fengju beit hjer um bil að hálfu frá fráfærum til höfuðdags, vestantil á Vatnadal fyrir allan nytbæran ásauð, sem reka átti að kvöldi en smala heim að morgni.

536 Skjal nr. 2(108).
537 Skjal nr. 2(745).
538 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
539 Skjal nr. 2(154).
540 Skjal nr. 2(168).
541 Skjal nr. 2(557).

2. Að ábúendur Vatnadals fengju uppsátur fyrir skip, sem þeir ættu, hjá Bæjarmönnum og leyfi til að hafa búð á stöðinni til íveru sem Bæjarmenn lofuðu að leggja til jarðefni en ekki viði til endurgjalds fyrgreindum beitarafnotum

Samningur þessi er í mörgu óljós, þar ekki er neitt skriflegt skilríki, hvort þessi samningur hefir verið milli einstakra manna (ábúenda) eða eigenda jarðanna, og átti að ~~kjósa~~ gjöra hlutfall í rjettindum jarðanna, en það er víst að ekki var tekið neitt tillit til þessa við virðing á dánarbúi Magnúsar sál. Guðmundssonar, og Bergljótar sál. Øssursdóttir konu hans sem að mestu voru eigendur beggja jarðanna, og síðan hafa Bæjar menn þokað sjer fet fram af feti upp á rjettindi Vatnadælanna, með að beita fjé og kúm frameptir. Vatnadalsmenn hafa að vísu átt kost á uppsátrinu hjá Bæjarbúum, en hafa orðið nú á síðustu árum að hætta við það.

1, Vegna þess að verplazið er ekki nema fyrir 2 skip, sem þó verða ekki sett undan sjó svo óhætt sje, vegna kletta, er liggja þvert fyrir uppsátrinu, klettar þessir eru sífellt að springa fram, og brjóta þá bæði skip og vergögn sem þar eru, þá er mönnum ekki heldur óhætt, því opt hefir legið við slyzum af grjótflugi frá klettum þessum, þar að auki af þessu þröngrými að skotrað er til hliðar með uppsátrið, sem þeir hafa beðið tjón af. Af þessu hefir risið ágreiningur, svo ekki er neitt samkomulag milli hlutaðeiganda nú sem stendur.

Vatnadals eigendur vilja gjöra og fá svo látandi samning:

1, Að Vatnadals rjettindi sjeu að meiga byggja fjárhús við árósinn og fá efni í það (nema að viðum) hjá Bæjarmönnum góðmótlega og til að endurbæta þegar þarf.

2, Að Vatnadals rjettindi sjeu að hver hundraðshafi í Vatnadal 2 sauðkindur (þ.e. 32) á fjörubeit við sjóinn í Bæ, frá veturnóttum til sumarmála þó ekki fyr en hýsa þarf og gefa í Vatnadal, og ekki lengur en þar til jörð er komin til beitar aptur.

Hjer fær Bær aptur á móti rjettindi til beitar vestantil í Vatnadal og má reka á kvöldin allan nytbæran fjenað og smala að morgni eins og hjer er um talað frá fráfærum til höfuðsdags.

Þó að kýrbeit hafi ekki verið í Vatnadal eptir því sem borizt hafa upplýsingar þar að lútandi, fær Bær rjettindi til að reka þær fram í svo kallaða Stórugröf á kvöldin en að reka heim að morgni frá fráfærum til höfuðdags þó með því skilyrði að Sigurborg Bergsdóttir gefi okkur sannað vottorð að svo hafi verið á því tímabili, sem hún bjó í Vatnadal, og beit sú hafi tilskilin verið fyrir áðurnefnd uppsátur en ekki brúkað fyrir ábúðarrjett af Magnúsi Guðmundssyni sál. Þar aptur á móti fái Vatnadalur þann rjett að byggja heyhlöðu við áðurnefnt fjárhús, ~~og~~ í árósnum og Bær leggi til efni í veggi og þak

Ef Vatnadalur hefir ekki rjett til að byggja við áðurnefnt fjárhús hlöðu, á hann rjett að hafa hey og brúka rjett sinn til fyllstu afnota á þess að fara yfir þau takmörk sem um er talað.

Þorbjörn Gissursson eigandi að 5 hundruðum í Vatnadal

Jón Ólafsson eigandi að 6 hundruðum í Vatnadal

ábúandi Þórður Jónsson fyrir hönd: Borgars Jónssonar eiganda að 3 hundr. í Vatnadal

12 december 1890

Samþykkt af eigendum Bæjar

Jóhannes Hannesson umráðamaður að 67 áln. í Bæ.

Handsalað: Pálmi Lárentíusson

Steinþór Sigurðsson

Handsalar: Magnús Jónsson

Guðmundur Ásgrímsson

> Sigurborg Bergsdóttir[542]

Með kaupbréfi dagsettu 5. október 1897 seldi Sturla Jónsson bóndi á Stað í Súgandafirði tvö hundruð að nýju mati í Vatnadal í Súgandafirði til Steins Kristjánssonar á Stað í Súgandafirði. Kaupbréfið var þinglesið 27. júní 1898.[543]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Vatnadal:

> Vatnadalur neðri liggur í Staðardal austan ár fyrir framan Bæ landamerki að austan Helguhóll að vestan ár Kýrskriða
>
> […]
>
> Vatnadalur fremri liggur saman við Vatnadal neðri með sömu landamerkjum.[544]

Í undirmati II segir um landamerkin að þau séu að austan Helguhóll en að vestan Kýrskriða. Jörðin var metin á 2.100 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[545]

5.21 Kvíanes í Súgandafirði

Hinn 12. apríl 1616 seldi Ari Magnússon Sveini Andréssyni Kvíanes fyrir 12 hundruð þótt jörðin væri aðeins metin á átta hundruð. Á móti gaf Sveinn fimm hundruð í Gljúfurá og þrjú hundruð í Seljalandi, með samþykki konu sinnar. Að auki átti Ari að eiga tiltölu og lofun fyrir því sem Sveinn þóttist eiga í þremur hundruðum í Seljalandi. Þá átti Sveinn að greiða Ara 30 vættir fiska í kaupstað, því að Kvíanes væri betri en partar Sveins og einnig vegna þess að á þessum parti Gljúfurár væru nokkur spjöll. Hinn 7. júní 1703 lýsti Erlingur Sigfússon því yfir að hann hefði erft hálft Kvíanes eftir föður sinn, Sigfús Sveinsson, sem hefði keypt það af Þorláki Arasyni fyrir sex hundruð í Minni-Hattardal.[546]

Hinn 14. júní 1646 seldi sr. Jón Jónsson, með fullkomnu umboði þeirra bræðra, Magnúsar og Gísla Jónssona, Jóni Sveinssyni 12 hundruð í Suðureyri. Á móti fengu bræðurnir til eignar hálft Kvíanes, sex hundruð og sex hundruð í Svartbóli (Svarfhóli) í Geiradal í Barðastrandarsýslu.[547]

Hinn 7. apríl 1654 seldi Þorlákur Arason Gísla Jónssyni allan sinn part í jörðinni Miðhlíð á Barðaströnd, en hún var til arfaskipta reiknuð níu hundruð. Einnig seldi hann tvö og hálft kúgildi með. Á móti handsalaði Gísli Þorláki Arasyni jörðina Kvíanes í Súgandafirði og þar með einu og hálfu kúgildi.[548]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Súgandafjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Kvíanes í Súgandafirði:

> **Qvijarnes.**

---

542 Skjal nr. 2(25).
543 Skjal nr. 2(558).
544 Skjal nr. 2(189).
545 Skjal nr. 2(189).
546 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 159, skjal H-22.
547 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 164, skjal H-22.
548 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 125, skjal H-22.

> Jarðardýrleiki viii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandi að hálfri jörðunni Páll Jónsson hjer heima. Eigendur að iiii hndr. að erfíngjar Ellíngs Sigfússonar, sem bjó að Suðureyri og andaðist í bólunni.
>
> Ábúandi á þessum parti Sigurður Þorleifsson.
>
> […]
>
> Ábúandi á sínum parti áðurnefndur Páll Jónsson.
>
> Landskuld er óviss, því eigendur hafa ábúið undir 60 ár. Sama er að segja um kúgildin, en meinast þó að þessi partur mætti byggjast eins og hinn.
>
> […]
>
> útigángur í betra lagi. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar bjarglegur.
>
> Skógarítak til kolgjörðar er sagt að jörðin eigi í Gilsbrekkuland og hefur brúkast átölulaust. Gilsbrekka á þar á mót torfristu í þetta land, hún hefur brúkast þetta ár þó lök þyki.
>
> Enginu grandar til stórskaða skriður úr brattlendi, sem hefur eyðilagt það meir en til helmínga. Kirkjuvegur lángur. Hreppamannaflutníngur að Suðureyri lángur. Hætt er húsum fyrir stórviðrum.
>
> **Hlijdarhus** heitir örnefni hjer í landinu. Þar sjást deili til tóftarústa, og eru munnmæli að þar hafi að fornu bygð verið. Enginn veit það með sanni að segja, má og ekki bygð setja fyrir túnstæðis og heyskaparleysi.[549]

Við manntalsþing að Suðureyri 27. júní 1791 lýsti Guðmundur Ólafsson hreppstjóri brigðum á það hundrað sem Bjarni Bjarnason á Nesi hafði selt Bjarna Jónssyni á Marðareyri í jörðinni Kvíanesi.[550]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Kvíaness í Súgandafirði metinn átta hundruð. Eigandi jarðarinnar var Bjarni Jónsson á Marðareyri í Grunnavík.[551]

Við manntalsþing að Stað í Grunnavík 21. júlí 1806 bauð Jón Bergveinsson, fyrir hönd Guðmundar Ólafssonar á Suðureyri, Bjarna á Marðareyri peninga fyrir brigð í fjögur hundruð í Kvíanesi, en Bjarni vildi ekki taka því.[552]

Við manntalsþing að Suðureyri 10. maí 1810 lýsti Þórður Þorsteinsson brigðum, fyrir hönd Ólafs Guðmundssonar, á þrjú hundruð í Kvíanesi sem seld voru til Bjarna Jónssonar á Marðareyri. Faðir hans seldi hundruðin er Þórður var enn ómyndugur. Einnig var lýst riftingu fyrir hönd Þórðar á einu hundraði, seldu Bjarna Jónssyni af Bjarna Bjarnasyni. Þau kaup voru talin ólögleg, en hann bauð fram eins hátt verð og kaupandi hafði gefið. Þá lýsti Jón Bjarnason einnig brigðum á tvö hundruð í jörðinni sem móðir hans og Þorsteinn bróðir hans seldu Jóni á Gelti gegn hans vilja. Sömuleiðis var lýst brigðum á önnur tvö hundruð í Kvíanesi sem Bjarni bróðir Jóns seldi Fisker kaupmanni, en hann á ný Jóni á Gelti. Þessi kaup voru einnig gerð gegn vilja Jóns Bjarnasonar.[553]

---

549 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 134, skjal H-12.
550 Skjal nr. 2(842).
551 Skjal nr. 2(109).
552 Skjal nr. 2(826).
553 Skjal nr. 2(825).

Við manntalsþing að Suðureyri 5. júní 1845 var þinglesið gjafabréf Guðnýjar Pálsdóttur, dagsett 18. apríl 1845, á einu hundraði í Kvíanesi fyrir 26 ríkisbankadali til sonarsonar hennar, Páls Guðmundssonar.[554]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kvíanes í Súgandafirði metin átta hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var eyðihjáleigan Hlíðarhús höfð hér til beitar.[555]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Kvíanes:

> 5. Kvíarnes; tún er hjer adfánga gott og vetrarbeit kostagód og ágæt.[556]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 304 ríkisbankadali.[557]

Hinn 10. febrúar 1862 ánafnaði Málfríður Jónsdóttir á Seljalandi börnum sínum jarðarhluta eftir sinn dag með eftirfarandi hætti: Hinriki Sigurðssyni átta hundruð í Seljalandi, Guðrúnu Sigurðardóttur átta hundruð í Kvíanesi, Guðbjörgu Sigurðardóttur fimm hundruð í Ytri-Lambadal og þrjú hundruð í Ytri-Veðrará, Margréti Sigurðardóttur fimm hundruð í Ytri-Lambadal og þrjú hundruð í Ytri-Veðrará og Kristínu Sigurðardóttur sjö hundruð í Innri-Veðrará. Arfleiðslubréfið var þinglesið við manntalsþing 27. júní, 19., 21. og 23 júlí sama ár.[558]

Hinn 27. maí 1867 afsöluðu hjónin Friðrik Verner Gíslason og Guðrún Sigurðardóttir einu hundraði að fornu mati í Kvíanesi í Suðureyrarhreppi til sonar síns og stjúpsonar Jóhannesar Hannessonar í Kvíanesi. Afsalsbréfið var þinglesið 23. júlí 1870.[559]

Landamerkjabréf um umsamin landamerki milli jarðanna Kvíaness og Botns í Súgandafirði er dagsett 24. júní 1889 en það var innkomið til þinglesturs 13. febrúar 1892. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki.
>
> Umsamin landamerki milli Botns og Kvíarness eru: Úr Nautaskálahorninu beint í krókinn á Læknum, sem rennur ofan með Klúkutúninu, og í græna þúfu, sem skorin er upp, og steinn er settur í, en upp úr þessari þúfu verður upphlaðin varða við hentugleika, svo að merkin verði skilmerkilegri.
>
> Súgandafirði 24. júní 1889
>
> Eigendur að jörðinni Kvíanesi: Jóhannes Hannesson Friðrik Gíslason.
>
> Eigendur Botns: Thomas Eiríksson Albert Brynjólfsson Jón Brynjólfsson
>
> Umráðamenn að hálfum Botni: Jóhannes Hannesson Guðm. Ásgrímsson Ól. Lárentíusson Guðm. Guðmundsson[560]

554 Skjal nr. 2(827).
555 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
556 Skjal nr. 2(154).
557 Skjal nr. 2(168).
558 Skjal nr. 2(501).
559 Skjal nr. 2(559).
560 Skjal nr. 2(26).

Landamerkjabréf um landamerki milli jarðanna Kvíaness og Lauga í Súgandafirði er dagsett 24. júní 1889 en það var innkomið til þinglesturs 13. febrúar 1892. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki milli Kvíanes og Lauga í Súgandafirði eru í einstakan klett, sem er kallaður Markklettur, og hefir aldrei orðið ágreiningur um merki þessi.
>
> 24. júní 1889.
>
> Eigendur Kvíaness: Jóhannes Hannesson Friðrik K. Gíslason
>
> Eigandi að Laugum: Hjalti Sveinsson, og fyrir hans hönd ábúandinn: Guðm. Guðmundsson[561]

Með kaupbréfi dagsettu 26. mars 1897 seldi Friðrik V. Gíslason í Kvíanesi tvö hundruð í Kvíanesi í Súgandafirði til Maríasar Þórðarsonar á Vatnsdal. Kaupbréfið var þinglesið 5. júlí sama ár.[562]

Við manntalsþing að Suðureyri 22. júní 1907 var þinglesið afsalsbréf Guðrúnar Sigurðardóttur á tveimur hundruðum í Kvíanesi til Kr. Albertssonar fyrir 450 kr. Afsalsbréfið var dagsett 5. desember 1906.[563]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Kvíanes:

> 7. Kvíanes næsti bær fyrir utan Botn eigendur: Jóhannes Guðmundsson ½ Guðrún Þórðardóttir Suðureyri, ábúendur eigendur: Landamerki, að innan landamerki Botns, að utan Markklettur[564]

Í undirmati II segir að landamerkin séu að innan lækur úr Nautaskál í þúfu á bökkum, en um merkin að utan er vísað í jörð nr. 176 í fasteignamatinu. Jörðin var metin á 1.000 kr. Eigendur hennar voru Jóhannes Guðmundsson og Guðrún Þórðardóttir.[565]

Við uppboðsrétt að Kvíanesi í Súgandafirði 1. júní 1932 var tekið fyrir að halda uppboð á ¼ hlut úr Kvíanesi. Hæstbjóðandi var Ragnhildur Þorvarðsdóttir á Suðureyri, en boð hennar var 850 krónur.[566]

5.22 Botn í Súgandafirði

Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[567]

---

561 Skjal nr. 2(27).
562 Skjal nr. 2(560).
563 Skjal nr. 2(753).
564 Skjal nr. 2(190).
565 Skjal nr. 2(190).
566 Skjal nr. 2(828).
567 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).

Hinn 23. febrúar 1620 seldi Björn Sveinsson bróður sínum, sr. Jóni Sveinssyni, jörðina Botn í Súgandafirði fyrir jörðina Hafnarhólm á Selströnd í Steingrímsfirði.[568]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Súgandafjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Botn í Súgandafirði:

> **Botn.**
>
> Jarðardýrleiki xxiiii hndr., og svo tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn Ástríður Jónsdóttir við Dýrafjörð.
>
> Ábúendur Jón Þorgilsson á x hndr., Grímur Steinsson á vii hndr., Bjarni Þórðarson á vii hndr.
>
> […]
>
> Útigángur mjög lítill á vetur og við lakari kost. Torfrista og stúnga næg. Skógur til kolgjörðar nægur. Móskurður til eldiviðar lakur. Silúngsveiði lítil í Botnsá, brúkast lítt. Grasatekja og hvannatekja hefur verið en er nú eytt.
>
> Engjunum granda skriður úr brattlendi. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum, sem oft verður mein að Vatnsból bregðst um vetur, og er þá óbærilegur vatnsvegur í úthaga. Kirkjuvegur lángur ut supra. Hætt er húsum fyrir stórveðrum og so heyjum.
>
> **Kluka** heita tóftarústir nokkrar, sem hjer liggja um landamót á milli Kvíarness og Botns, og eru munnmæli að hjer hafi að fornu bygð verið, þó þess sjáist nú lítil merki. Ekki má hjer aftur bygð setja fyrir heyskaparleysi.
>
> Ágreiníngur er nokkur um þetta land, og hefur Botns eigandi látið lögfesta þetta land með Botni fyrir nokkrum árum, en þó hefur ekki með lögum reynt verið, hvörjir þetta land eiga með rjettu. En landið brúka Botns ábúendur til beita.[569]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Botns í Súgandafirði metinn 24 hundruð. Eigendur jarðarinnar voru Solveig Ólafsdóttir á Bíldudal og sr. Jón Sigurðsson á Hrafnseyri. Fram kemur að eyðihjáleigan Klukka sé með í matinu.[570]

Við manntalsþing að Suðureyri 12. maí 1815 var upplesið kaupbréf, dagsett 18. apríl 1814, fyrir 12 hundruðum í Botni í Súgandafirði fyrir 96 spesíur annan hluta 12 hundraðanna, en vegna hins hluta þeirra voru greiddir 114 ríkisdali í smápeningum með 15 leiguám fyrir 24 spesíur á þriggja ára fresti. Seljandi var Bogi Benediktsen faktor en kaupandi var Örnólfur Snæbjörnsson.[571]

Við manntalsþingsrétt að Suðureyri 24. maí 1839 var þinglesinn lóðseðill, dagsettur 26. október 1825, hvar Össuri Magnússyni var afhentur föðurarfur Hólmfríðar Örnólfsdóttur, fjögur og hálf hundrað í Botni í Súgandafirði, en Össur var fjárhaldsmaður Hólmfríðar.[572]

---

568 Skjal nr. 2(365).
569 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 134–135, skjal H-12.
570 Skjal nr. 2(110).
571 Skjal nr. 2(829).
572 Skjal nr. 2(830).

Með kaupbréfi dagsettu 20. júní 1843 seldi Benedikt Gabríel Jónsson þrjú hundruð í Botni í Súgandafirði til Sigurðar Jónssonar prófasts á Hrafnseyri. Kaupbréfið var þinglesið 30. júní sama ár.[573]

Við manntalsþingsrétt að Suðureyri 30. júní 1843 var upplesið kaupbréf, dagsett 20. júní sama ár, fyrir þremur hundruðum í Botni í Súgandafirði.[574]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Botn í Súgandafirði metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Þá er talin með hjáleigan Klúla. Í neðanmálsgrein kemur fram að prestur, en eigi sýslumaður, nefni Klúku, sem Árni Magnússon nefni sem eyðihjáleigu.[575]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Botn í Súgandafirði var metin ásamt Klúku á 672 ríkisbankadali.[576]

Friðlýst var fyrir landi Botns við manntalsþing árin 1850, 1851, 1852 og 1853.[577]

Með kaupbréfi, dagsettu 22. júlí 1868, seldi Sæmundur Einarsson sjö hundruð í Botni í Súgandafirði til V. T. Thostrups verslunarfulltrúa. Kaupbréfið var þinglesið 10. júlí 1869.[578]

Hinn 24. júlí 1871 seldi St. P. Stephensen prófastur í Holti 12 hundruð að fornu mati í Botni í Súgandafirði til Brynjólfs Jónssonar hreppstjóra í Bæ í Súgandafirði. Afsalsbréfið var þinglesið 25. ágúst sama dag.[579]

Hinn 21. júlí 1879 gáfu hjónin Sigurður Lárentíusson og Sigríður Árnadóttir börnum sínum, Steindóri, Guðmundi, Jóni, Lárentíusi, Kristjáni, Sigurborgu, Sigurfljóð og Efemíu, sameiginlega átta hundruð í Tannanesi í Önundarfirði, fjögur hundruð í Kirkjubóli í Önundarfirði, tvö hundruð og 30 álnir í Bæ í Súgandafirði, eitt og hálft hundrað í Gelti í Súgandafirði og þrjú hundruð í Botni í Súgandafirði. Gjafabréfið var þinglesið 31. júlí sama ár.[580]

Landamerkjabréf um landamerki milli jarðanna Botns og Gilsbrekku í Súgandafirði er dagsett 22. júní 1889 en það var þinglesið 13. ágúst 1892. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki milli jarðanna Botns og Gilsbrekku í Súgandafirði innan Ísafjarðarsýslu eru í Seltjörn og þaðan beina stefnu upp eptir stóru gili upp á fjallsbrún.
>
> Botni 22. júní 1889.
>
> Tómas Eiríksson Jón Brynjólfsson Alb. Brynjólfsson Eigendur að hálfum Botni.
>
> Jóhannes Hannesson G. Ásgrímsson G. Guðmundsson Ól. Lárentíusson Umráðamenn að hálfum Botni.
>
> Umráðamaður fyrir jörðina Gilsbrekku: Guðmundur Pálsson.[581]

573 Skjal nr. 2(561).
574 Skjal nr. 2(831).
575 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
576 Skjal nr. 2(168).
577 Skjöl nr. 2(832)–2(835).
578 Skjal nr. 2(562).
579 Skjal nr. 2(563).
580 Skjal nr. 2(494).
581 Skjal nr. 2(28).

Landamerkjabréf um umsamin landamerki milli jarðanna Kvíaness og Botns í Súgandafirði er dagsett 24. júní 1889 en það var innkomið til þinglesturs 13. febrúar 1892. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki.
>
> Umsamin landamerki milli Botns og Kvíarness eru: Úr Nautaskálahorninu beint í krókinn á Læknum, sem rennur ofan með Klúkutúninu, og í græna þúfu, sem skorin er upp, og steinn er settur í, en upp úr þessari þúfu verður upphlaðin varða við hentugleika, svo að merkin verði skilmerkilegri.
>
> Súgandafirði 24. júní 1889
>
> Eigendur að jörðinni Kvíanesi: Jóhannes Hannesson Friðrik Gíslason.
>
> Eigendur Botns: Thomas Eiríksson Albert Brynjólfsson Jón Brynjólfsson
>
> Umráðamenn að hálfum Botni: Jóhannes Hannesson Guðm. Ásgrímsson Ól. Lárentíusson Guðm. Guðmundsson[582]

Við manntalsþing að Suðureyri 22. júní 1907 var þinglesin yfirlýsing erfingja Tómasar Eiríkssonar um að Jón Brynjólfsson skipstjóri væri eigandi að níu hundruðum að fornu mati í Botni, metin á 900 kr. Yfirlýsingin var dagsett 3. apríl 1907. Við sama þing var þinglesið afsalsbréf, dagsett 4. apríl 1907, þar sem Jón Brynjólfsson seldi Guðmundi Á. Halldórssyni 12 hundruð að fornu mati í Botni fyrir 1.700 kr.[583]

Hinn 15. september 1908 gerði Jóhann Þórðarson samning við Guðmund Ág. Halldórsson og Guðfinnu Daníelsdóttur um að þau gangi fyrir öllum, að honum undanskyldum, með ábúð á þremur jarðarhundruðum í Botni og að þau gangi fyrir þegar nefnd hundruð verði keypt.[584]

Í undirmati I og II að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki jarðarinnar Botns í Súgandafirði séu þinglesin. Jörðin var metin á 2.380 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[585]

Hinn 1. júní 1932 var settur uppboðsréttur að Botni í Súgandafirði en þar fór fram uppboð á 12 hundruðum að fornu mati í jörðinni Botni, þinglesinni eign Örnólfs Valdimarssonar, kaupmanns á Suðureyri. Hæstbjóðandi var Sigurjón Jónsson bankastjóri, f.h. útibú Landsbankans á Ísafirði, með boð upp á 2.000 kr.[586]

5.23 Gilsbrekka í Súgandafirði

Í máldaga Maríukirkju á Sæbóli, er Árni biskup Helgason setti um 1306, segir að meðal eigna kirkjunnar sé áttungur í Gilsbrekku, þá nefnd Geirsbrekka, ásamt skógum sem fylgdu því landi.[587] Sömu upplýsingar koma fram í máldögum kirkjunnar frá 1367, um 1570 og síðar, biskupsvísitasíum frá 21. ágúst 1639, 27. ágúst 1700, 11. ágúst 1852, 1. ágúst 1896 og prófastsvísitasíum frá 9. september 1829, 14. júlí 1839, 5. ágúst 1852,

582 Skjal nr. 2(26).
583 Skjal nr. 2(753).
584 Skjal nr. 2(386).
585 Skjal nr. 2(191).
586 Skjal nr. 2(836).
587 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 360, skjal nr. 4(234).

30. desember 1853 og 25. ágúst 1885.[588] Þá er í prófastsvísitasíu um Sæbólskirkju frá 6. september 1784 fjallað um kirkjunnar skóg í Súgandafirði.[589] Við aðgæslu kirkjunnar hinn 12. nóvember 1834 kom fram að skógarítakið í Súgandafirði, kallað Sæbólsteigur, væri að mestu runnið skriðum og eytt.[590] Í prófastsvísitasíu frá 2. júní 1851 koma fram sömu upplýsingar um að Sæbólsteigur í Súgandafirði væri að mestu orðin grjótskriða.[591]

Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[592]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Súgandafjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Gilsbrekku í Súgandafirði:

> **Gilsbrecka.**
>
> Jarðardýrleiki iii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn Hólskirkja í Bolúngarvík og proprietarii þar til.
>
> Ábúandinn Sigmundur Árnason.
>
> […]
>
> Útigángur er sæmilegur og í skárra lagi. Skógur til kolgjörðar og eldiviðar nægur. Torfristu á jörðin í Kvíarness land mót skógarítaki, vide supra Kvíarnes. Beit fyrir 30 sauði um vetur heyrist nú að jörðin skuli eiga í Kvíarness land. Ekki hefur það brúkast í manna minni.
>
> Túninu grandar snjóflóð. Engjar eru öngvar nema það lítið, sem hent er innan um skógarrunna. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum. Kirkjuvegur er bæði lángur og torsóktur yfir Súgandafjörð. Hættur er hreppamannaflutníngur fyrir snjóflóðum. Hætt er bænum stórlega fyrir snjóflóðum, og hefur hann einu sinni fyrir þessum snjóflóðum aftekið í manna minni, og urðu bæjarmenn naumlega sjálfbjarga.[593]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 1. maí 1726 var upplesið kaupbréf, dagsett 12. janúar 1726, þar sem Árni Sæmundsson seldi Markúsi Bergssyni sýslumanni hálfa jörðina Hól, 30 hundruð að dýrleika, með hálfum Geirastöðum, hálfum Grundarhóli og hálfum Innri-Búðum. Einnig fékk Markús hálfa Hólskirkju með öllu sem henni fylgdi að hálfu leyti, þ.e. í Geirsbrekku, Landalifur og Keflavík. Á móti lét Markús Árna fá jörðina Ármúla og milligjöf upp á 112 ríkisdali.[594]

---

588 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 228; XV, bls. 574; skjöl nr. 4(234) og 4(158). Einnig skjöl nr. 2(258)–2(260), 2(326), 2(328) og 2(330)–2(333).
589 Skjal nr. 2(325).
590 Skjal nr. 2(327).
591 Skjal nr. 2(329).
592 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).
593 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 135–136, skjal H-12.
594 Skjal nr. 2(738).

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Gilsbrekku í Súgandafirði metinn þrjú hundruð en jörðin var kirkjujörð frá Hóli.[595]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Gilsbrekka í Súgandafirði metin þrjú hundruð að dýrleika og skráð sem Hólskirkjueign.[596]

Hinn 14. júlí 1848 skrifaði sr. Sigurður Jónsson á Hrafnseyri til biskups um skógareignir kirkna í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi. Í bréfinu segir um Sæbólskirkju að hún eigi tiltölu í Gilsbrekkuskógi í Súgandafirði.[597]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Gilsbrekku:

> 6. Gilsbrekka: skógur bætir jórd þessa eigi lítid sem svo lítils hefur verid metin ad fornu, eru þar og slægjur allgódar og útibeit nokkur.[598]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 132 ríkisbankadali.[599]

Hinn 26. júlí 1857 skrifaði Jón Jónsson á Sæbóli til sr. Odds Sveinssonar, prófasts á Hrafnseyri um ítök Sæbólskirkju. Í bréfinu segir Jón að samkvæmt biskupsvísitasíu frá 1790 eigi kirkjan áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skógum þeim sem því landi fylgja og einnig þriðjung í Heiðum. Í framhaldinu segir í bréfinu að honum og öðrum eigendum Sæbóls sé næsta ókunnugt um þessi ítök, en jafnframt óskaði Jón eftir upplýsingum frá prófastsdæminu en annars skrifa biskupi um efnið.[600] Sr. Oddur skrifaði biskupi bréf 22. september 1857 um að Jón hreppstjóri á Sæbóli hafi óskað eftir upplýsingum um ítök Sæbólskirkju.[601]

Hinn 7. september 1874 gaf Guðmundur Árnason í Traðarkoti bróður sínum Árna Árnasyni í Árbæ sex hundruð í Hóli í Bolungarvík með tilheyrandi hlutum í kirkjujörðunum Keflavík og Gilsbrekku gegn því að viðtakandi greiddi allar þær skuldir sem á gefanda hvíldu.[602]

Landamerkjabréf um landamerki milli jarðanna Botns og Gilsbrekku í Súgandafirði er dagsett 22. júní 1889 en það var þinglesið 13. ágúst 1892. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki milli jarðanna Botns og Gilsbrekku í Súgandafirði innan Ísafjarðarsýslu eru í Seltjörn og þaðan beina stefnu upp eptir stóru gili upp á fjallsbrún.
>
> Botni 22. júní 1889.
>
> Tómas Eiríksson Jón Brynjólfsson Alb. Brynjólfsson Eigendur að hálfum Botni.
>
> Jóhannes Hannesson G. Ásgrímsson G. Guðmundsson Ól. Lárentíusson Umráðamenn að hálfum Botni.
>
> Umráðamaður fyrir jörðina Gilsbrekku: Guðmundur Pálsson.[603]

595 Skjal nr. 2(111).
596 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
597 Skjal nr. 2(457).
598 Skjal nr. 2(154).
599 Skjal nr. 2(168).
600 Skjal nr. 2(458).
601 Skjal nr. 2(1036).
602 Skjal nr. 2(564).
603 Skjal nr. 2(28).

Í undirmati I og II að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint að landamerki jarðarinnar Gilsbrekku í Súgandafirði séu að innan Seltjörn en að utan ytra Áreiðargil. Jörðin var metin á 780 kr. og sögð í eyði. Jörðin var í eigu Hólskirkju í Bolungarvík.[604]

5.24 Selárdalur í Súgandafirði

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Súgandafjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Selárdal í Súgandafirði:

> **Selardalur.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr., og svo tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn beneficium Eyri í Skutilsfirði.
>
> Ábúendur Jón Jónsson á ix hndr., Bjarni Jónsson á iii hndr.
>
> […]
>
> Útigángur er við lakari kost og bregst oftlega. Skógur til kolgjörðar og eldiviðar nægur. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Selveiði lítil, hefur áður betri verið, brúkast nú lítt.
>
> Skipsuppsátur og búðarstöðu á jörðin tollfrí á Suðureyri mót skógarítaki, það hefur brúkast átölulaust allt til þessa.
>
> Engjar eru mestan part eyðilagðar fyrir skriðum og snjóflóðum. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum undir mósköflum. Kirkjuvegur lángur og torsóktur yfir Súgandafjörð. Hreppamannaflutníngur lángur og torsóktur.[605]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Selárdals í Súgandafirði metinn 12 hundruð en jörðin var kirkjujörð frá Eyri.[606]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Selárdalur í Súgandafirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem Eyrarkirkjueign.[607]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Selárdal:

> 7. Selárdalur: skógur og beit hæg og sjerlega gód gilda þessa jórd.[608]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 360 ríkisbankadali.[609]

Landamerkjalýsing jarðarinnar Selárdals í Súgandafirði er dagsett 24. nóvember 1891 en hún var innkomin til þinglesturs 6. febrúar 1892. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Selárdal í Suðureyrarhreppi innan Ísafjarðarsýslu.
>
> Landamerki milli Selárdals og Gilsbrekku er djúpt gil, sem kallast Ytra-Áreiðargil, og nemur frá fjallsbrún til fjöru; þar fram undan er stór steinn, sem kallaður er Áreiðarsteinn það fjarar ekki að honum og flæðir ekki yfir hann, nema í stórstraumsflæðar; og milli Selárdals og Norðureyrar er gil, sem kallað er Mígandi eða Mígandisgil. Selárdalur er kirkjujörð Eyrarbrauðs í Skutilsfirði.

604 Skjal nr. 2(192).
605 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 136, skjal H-12.
606 Skjal nr. 2(112).
607 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
608 Skjal nr. 2(154).
609 Skjal nr. 2(168).

> Gjört í Selárdal 24. nóv. 1891.
>
> Eigendur Gilsbrekku:
>
> Fyrir hönd Sigríðar Bjarnadóttur: Ólafur Gissursson. St.G. Stefánsson Jón Mattíasson Á.M. Árnason.
>
> Eigendur Norðureyrar:
>
> Sigurborg Bergsdóttir Ól. Lárentíusson Steindór Sigurðsson G. Ásgrímsson fyrir hönd Kr. Sigurðssonar Jóhannes Hannesson fyrir hönd Sigurfljóðar Sigurðardóttir.[610]

Við aukarétt Ísafjarðarsýslu 1. apríl 1913 var tekið fyrir að dómkveðja matsmenn til meta kirkjujörðina Selárdal til peningaverðs. Matsmennirnir Jóhannes Hannesson og Kristján Kristjánsson voru tilkvaddir.[611]

Hinn 24. september 1913 var tekið fyrir að virða kirkjujörðina Selárdal. Lýsinguna framkvæmdu matsmennirnir Jóhannes Hannesson og Kristján Kristjánsson en samkvæmt henni var hvert jarðarhundrað metið á 50 kr. eða öll 12 jarðarhundruðin á 600 kr. Með jarðarhúsum og leiguám var hún metin á 1.400 kr.[612]

Við aukarétt 16. október 1913 var staðfest matsgjörð fyrir jörðinni Selárdal.[613]

Hinn 16. október 1913 skrifaði sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu til Stjórnarráðs Íslands um að Kristján Halldórsson hafi lagt fram beiðni um kaup á kirkjujörðinni Selárdal.[614]

Í undirmati I og II að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint að landamerki jarðarinnar Selárdals í Súgandafirði séu að innan ytra Áreiðargil en að utan áin Mígandi. Jörðin var metin á 1.120 kr. Jörðin var í eigu Eyrarprestakalls.[615]

Hinn 21. mars 1926 skrifaði Sigurður Samsonarson til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um að fá keypta ábýlisjörð sína, Selárdal í Súgandafirði.[616]

Við aukarétt 13. apríl 1926 voru útnefndir menn til að gera lýsingu á jörðinni Selárdal.[617]

Hinn 30. júní 1926 fór fram lýsing og virðing á kirkjujörðinn Selárdal. Í lýsingunni segir meðal annars að útengi sé fremur lélegt og slægjur reitingslegar, mest séu blettir hér og þar innan um hrískjarr sem vaxi á miklum hluta landeignarinnar upp um miðjar hlíðar. Jörðin var með öllu meðfylgjandi virt á 3.500 kr. Um takmörk jarðarinnar segir eftirfarandi:

> Að utan Mígandisá en að innan ytra-Áreiðargil.[618]

Hinn 25. október 1926 skrifaði Friðbert Guðmundsson, umboðsmaður kirkjujarðarinnar Selárdals, til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þar sem hann vottaði

610 Skjal nr. 2(29).
611 Skjal nr. 2(837).
612 Skjal nr. 2(370).
613 Skjal nr. 2(838).
614 Skjal nr. 2(371).
615 Skjal nr. 2(193).
616 Skjal nr. 2(372).
617 Skjal nr. 2(839).
618 Skjal nr. 2(373).

að öll gögn varðandi sölu jarðarinnar væru sannleikanum samhljóðandi. Hann lagði til að jörðin ætti að seljast samkvæmt virðingargjörð frá 30. júní sama ár.[619]

Með afsalsbréfi dagsettu 8. júní 1927 seldi ráðherra Íslands Sigurði Samsonarsyni jörðina Selárdal.[620]

5.25 Norðureyri við Súgandafjörð

Hinn 23. september 1679 seldu bræðurnir Jón og Ólafur Jónssynir, með samþykki föður síns Jóns Sveinssonar, Sæmundi Magnússyni fjögur hundruð í Norðureyri fyrir fjögur hundruð í Bakka í Dýrafirði.[621]

Hinn 25. apríl 1680 fékk sr. Jón Torfason Sæmundi Magnússyni til eignar fimm hundruð í Kirkjubóli í Skutulsfirði, eitt hundrað og 40 álnir í Fossum og sex hundruð í Fjarðarhorni í Kollafirði í Strandasýslu fyrir átta hundruð í Hamri og fjögur hundruð í Norðureyri.[622]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Súgandafjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Norðureyri við Súgandafjörð:

> **Nordureire.**
>
> Jarðardýrleiki vi hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandi að iiii hndr. Sr. Jón Thorfason að Stað í Súgandafirði. Eigandi að einu hundraði Niculaus Bárðarson að Suðureyri. Eigandi að einu hundraði Jón Þorgilsson að Botni.
>
> Ábúandinn Agnes Halldórsdóttir.
>
> […]
>
> Útigángur á landi lítill og svipull, en í fjörunni í besta lagi. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Eldiviður er tilkeyptur frá Selárdals skógi eður annarsstaðar. Selveiði hefur verið lítil, meinast vera, brúkast ei. Reki hefur ei heppnast í manna minni.
>
> Túninu grandar sandfok. Engjarnar spillast stórlega af skriðum og grjóthruni. Hætt er kvikfje stórlega fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum. Vatnsból er lítið og hættulegt til að sækja fyrir snjóflóðum á vetur. Kirkjuvegur torsóktur yfir Súgandafjörð en ekki mjög lángur. Hreppamannaflutníngur torsóktur. Hætt er bænum mjög so fyrir snjóflóðum, og hefur hann tekið tvisvar í manna minni, en þó menn lífs af komist í hvörtveggja sinn. Oftar hefur á bæinn hlaupið, sem gjört hefur ei alllítinn skaða bæði húsum og heyjum, kvikfjenaði og skipum.
>
> Heimræði er hjer ár um kríng og lendíng góð, og gánga skip ábúandans so mörg sem hann fær við komið. Nú gengur hjer ekkert sökum efnaleysis og fólksfæðu.
>
> Munnmæli eru að bærinn hafi í fyrndinni staðið þar sem nú er stekkur frá Norðureyri, og sjást þar byggíngaleifar af tóftarústum, en ekki sjest þar til girðínga, og segja sömu munnmæli að bærinn hafi þaðan fluttur verið undan skriðum og snjóflóðum, og fyrir því má hjer ei bygð setja.[623]

[619] Skjal nr. 2(374).
[620] Skjal nr. 2(375).
[621] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 171, skjal H-22.
[622] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 169, skjal H-22.
[623] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 137, skjal H-12.

Við manntalsþing að Suðureyri 14. júní 1790 var þinglesið kaupbréf Þorkels Jónssonar fyrir fjórum hundruðum í Norðureyri af Páli Bjarnasyni fyrir 30 ríkisdali, dagsett 17. apríl 1790.[624]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Norðureyrar í Súgandafirði metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var ekkjan Kristín Bergsdóttir.[625]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Norðureyri við Súgandafjörð metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[626]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Norðureyri:

> 3. Nordureÿri: kot þetta er ad sónnu ekki ónotasælt, en vodaverk er þar ad byggja því þrisvar hefur í mannamynnum ordid manntjón þar af skridum á bæ.[627]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 114 ríkisbankadali.[628]

Við manntalsþing að Suðureyri 2. ágúst 1854 var þinglesið afsalsbréf Örnólfs Þorleifssonar fyrir einu hundraði í Norðureyri til Þórarins Einarssonar, dagsett 19. apríl 1854.[629]

Með kaupbréfi dagsettu 30. október 1861 seldi Örnúlfur Þorleifsson eitt hundrað í Norðureyri í Súgandafirði til Laurensiusar Hallgrímssonar á Gelti. Kaupbréfið var þinglesið 8. ágúst 1864.[630]

Með kaupbréfi dagsettu 26. maí 1864 seldi Þorleifur Þorkelsson tvö hundruð í Norðureyri í Súgandafirði til Laurensiusar Hallgrímssonar á Bæ í Súgandafirði. Kaupbréfið var þinglesið 8. ágúst sama ár.[631]

Landamerkjabréf jarðarinnar Norðureyrar í Súgandafirði er dagsett í júnímánuði 1886 en það var innkomið til þinglesturs 13. apríl 1887. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerkjabréf fyrir jörðunni Norðureyri í Súgandafirði innan Suðureyrarhrepps í Ísafjarðarsýslu.
>
> Landamerki jarðarinnar Norðureyrar í Súgandafirði eru: að utanverðu Norðureyrargil (sem ofan er nefnt), og að innan verðu svo nefnd „Mígandisá“ frá fjöru til fjalls.
>
> Norðureyri, í Júním. 1886
>
> Þorvaldur Jónsson handsalar.
>
> Sigurlaug Bergsdóttir sem eigandi að Norðureyri og Gelti.[632]

Hinn 27. maí 1899 gaf Sigurborg Bergsdóttir Guðmundi Ásgrímssyni á Gelti þrjú hundruð í Norðureyri í Suðureyrarhreppi, upp í áfallna skuld við uppihald sitt. Gjafabréfið var þinglesið 13. júlí sama ár.[633]

624 Skjal nr. 2(840).
625 Skjal nr. 2(113).
626 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
627 Skjal nr. 2(155).
628 Skjal nr. 2(168).
629 Skjal nr. 2(841).
630 Skjal nr. 2(566).
631 Skjal nr. 2(565).
632 Skjal nr. 2(30).
633 Skjal nr. 2(567).

Í undirmati I og II að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint að landamerki jarðarinnar Norðureyrar í Súgandafirði séu að innan áin Mígandi en að utan Norðureyrargil. Jörðin var metin á 700 kr. Eigandi hennar var Kristján Sigurðsson.[634]

5.26 Göltur við Súgandafjörð

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[635]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sona hennar Björns og Einars Jónssona þannig að þeir fengu Hól í Bolungarvík, Neðri-Breiðadal, Gölt, Meiri-Hlíð, Bakka, Tungu, Minni-Hlíð, Meira- og Minna-Hraun og Kroppsstaði.[636]

Hinn 10. maí 1558 fóru fram skipti á arfi eftir Þorleif lögmann Jónsson. Í hlut Guðrúnar dóttur hans komu meðal annars jörðin Hóll í Bolungarvík með eftirfarandi útjörðum: Miðdal, Hlíð með Tröð og Búðum, Minni-Hlíð, Tungu, Stærra-Hrauni, Kroppsstöðum, Bakka, Keflavík og Gelti.[637]

Hinn 31. janúar 1563 vitnaði Sigurður Þormóðsson að hann hafi lesið testamenti Solveigar heitinnar Björnsdóttur með hangandi innsiglum. Fram kemur að með því hafi Solveig gefið syni sínum, Þorleifi Pálssyni, jörðina Hól í Bolungarvík með öllum þeim jörðum sem þar lágu í Bolungarvík og Skálavík að tilskilinni jörðinni Gelti í Súgandafirði.[638]

Hinn 18. maí 1662 gerðu Þorlákur Arason og Sigurður Jónsson prestur kunnugt að þeir hefðu verið nærstaddir þegar Guðrún Jónsdóttir sáluga gaf dótturdóttur sinni, Ingibjörgu Magnúsdóttur, jörðina Gölt, 12 hundruð að dýrleika, með samþykki Guðmundar Ásmundssonar eiginmanns Guðrúnar. Þessi gjörningur fór fram í viðurvist Ólafar Guðmundsdóttur og Magnúsar Magnússonar sýslumanns, dóttur og dótturmanns.[639]

Í ódagsettu skjali, sem líklega er frá árinu 1662, samþykkti Ólöf Guðmundsdóttir gjörning um Gölt í Súgandafirði, sem Guðrún Jónsdóttir, móðir hennar, hafði gert við Ingibjörgu dóttur hennar. Ólöf tilskildi þó að hún og Magnús Magnússon eiginmaður hennar mættu hafa byggingarráð á jörðinni þar til þau aflegðu hana fúslega og að Ingibjörg styrkti yngri systkini sín.[640]

634 Skjal nr. 2(194).
635 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).
636 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
637 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 305–307, skjal nr. 4(236)
638 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 46, skjal nr. 4(244).
639 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 165–166, skjal H-22.
640 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 180, skjal H-22.

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Súgandafjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Gölt í Súgandafirði:

> **Gaulltur.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn prófasturinn Sr. Halldór Pálsson að Selárdal.
>
> Ábúendur Jón Sigmundsson á vi hndr., Árni Sigmundsson á vi hndr.
>
> […]
>
> Leigukúgildi i, áður fyrir xiiii árum iii, því fækkað kúgildum og sett niður landskuld að skriða fjell á túnið.
>
> […]
>
> Útigángur svipull á landi en í betra lagi í fjörunni. Torfrista og stúnga engin nýtandi, brúkast. Rekavon lítil og valla teljandi.
>
> Skógarítak mjög lítið hefur jörðunni eignað verið í Selárdals land, þar sem Galtarrípur heitir, það er nú gjöreytt fyrir löngu.
>
> Túninu hafa grandað skriður og tekið af því hjer um þriðjúng. Engjar eru að mestu leyti fyrir skriðum eyðilagðar. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum, sem oft verður mein að. Vatnsból bregðst um vetur og er þá vatnsvegur örðugur. Kirkjuvegur torsóktur yfir Súgandafjörð. Hreppamannaflutníngur ófær til Keflavíkur nema á skipi. Hætt er bænum fyrir snjóflóðum og skriðum, og hefur oftlega á bæinn hlaupið og ekki annað sýnilegra en hann mundi taka, þó hefur það ei skeð híngað til.
>
> Heimræði er hjer og lendíng sæmileg, og gánga hjer skip ábúenda so mörg sem þeir fá við komið.[641]

Við manntalsþing að Suðureyri 27. júní 1791 lögfesti Jón Bjarnason eignarjörð sína Gölt til ystu ummerkja og fyrirbauð öllum að nytja land þeirrar jarðar og haga án síns leyfis.[642]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 18. ágúst 1800 var upplesin brigðalýsing Þorláks Sigurðssonar á þeim jörðum sem faðir hans hafði selt, þ.e. Gelti, Efstabóli, hálfum Furufirði, Skáladal og einu hundraði í Kroppsstöðum.[643]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Galtar í Súgandafirði metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var ekkjan Margrét Guðnadóttir.[644]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Göltur við Súgandafjörð metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[645]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Gölt:

> 8. Göltur: vetrarbeit gód og gánga á sumrum fyrir geldfje bæta ærid jórd þessa, þó hún liggi mjóg undir áföllum.[646]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 360 ríkisbankadali.[647]

---

641 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 138, skjal H-12.
642 Skjal nr. 2(842).
643 Skjal nr. 2(740).
644 Skjal nr. 2(114).
645 Skjal nr. 4(1), bls. 196.
646 Skjal nr. 2(154).
647 Skjal nr. 2(168).

Hinn 21. júlí 1879 gáfu hjónin Sigurður Lárentíusson og Sigríður Árnadóttir börnum sínum, Steindóri, Guðmundi, Jóni, Lárentíusi, Kristjáni, Sigurborgu, Sigurfljóð og Efemíu, sameiginlega átta hundruð í Tannanesi í Önundarfirði, fjögur hundruð í Kirkjubóli í Önundarfirði, tvö hundruð og 30 álnir í Bæ í Súgandafirði, eitt og hálft hundrað í Gelti í Súgandafirði og þrjú hundruð í Botni í Súgandafirði. Gjafabréfið var þinglesið 31. júlí sama ár.[648]

Landamerkjalýsing jarðarinnar Galtar við Súgandafjörð er dagsett 2. apríl 1890 en hún var þinglesin 26. júlí sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Gelti:
>
> Landamerki milli Galtar og Norðureyrar er svokallað Norðureyrargil; milli Galtar og Keflavíkur er Skínandisgil, norðan til við Burstarurð.
>
> Gelti 2. apríl 1890.
>
> Eigandi Norðureyrar: Sigurborg Bergsdóttir.
>
> Eigandi Galtar: Ólafur Lárentíusson.
>
> Eigendur Keflavíkur: Fyrir hönd Sigr. Bjarnadóttur: Ólafur Gissursson. Á.M. Árnason. H. Örnólfsson St.G. Stefánsson. Jón Matthíasson.[649]

Með yfirlýsingu, dagsettri 8. desember 1905, lofaði Pálmi Lárentsíusson að selja eitt og hálft hundrað að fornu mati í Gelti í Súgandafirði til Guðmundar Ásgrímssonar á Gelti en umræddur jarðarpartur var móðurarfur Pálma. Skjalið var þinglesið 7. júlí 1906.[650]

Hinn 3. apríl 1906 seldi Björn Jónsson frá Kinnastöðum, snikkari á Ísafirði, 90 álnir að fornu mati í Gelti í Suðureyrarhreppi til Guðmundar Ásgrímssonar á Gelti. Afsalsbréfið var þinglesið 7. júlí sama ár.[651]

Hinn 7. júní 1906 seldi Þorvaldur Jónsson prestur, fyrir hönd systranna Guðrúnar og Sigríðar Bergsdætra, eitt hundrað í Gelti í Súgandafirði til Guðmundar Ásgrímssonar bónda á Gelti. Afsalsbréfið var þinglesið sama dag.[652]

Við manntalsþing að Suðureyri 22. júní 1907 var þinglesið gjafabréf Guðmundar L. Sigurðssonar til Guðmundar Ásgrímssonar fyrir 3/8 hlutum í hundraði í Gelti fyrir 37 kr. og 50 aura. Gjafabréfið var dagsett 8. maí 1907.[653]

Við manntalsþing að Suðureyri 13. júlí 1914 var þinglesið afsal til G. Guðmundssonar fyrir einu og hálfu hundraði í Gelti, dagsett 9. mars 1914.[654]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að jörðin Göltur hafi nýlega verið seld. Þá segir að engin landamerkjaskrá sé fyrir jörðina, en hún sé ysta jörðin austan til við Súgandafjörð.[655] Í undirmati II segir um landamerkin að þau

[648] Skjal nr. 2(494).
[649] Skjal nr. 2(31).
[650] Skjal nr. 2(569).
[651] Skjal nr. 2(568).
[652] Skjal nr. 2(570).
[653] Skjal nr. 2(753).
[654] Skjal nr. 2(843).
[655] Skjal nr. 2(195).

séu óljós að utan en um merkin að innan er vísað í jörð nr. 183 í fasteignamatinu, þ.e. Norðureyri. Jörðin var metin á 2.630 kr. Eigandi hennar var verslun Á. Ásgeirssonar á Suðureyri.[656]

5.27 Keflavík milli Súgandafjarðar og Skálavíkur

Í máldaga Laurentíusarkirkju í Holti í Önundarfirði, er Oddgeir biskup Þorsteinsson setti um 1377, segir að kirkjan hafi átt sjöttung í hvalreka í Keflavík. Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Vilchins frá um 1397, máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar, biskupsvísitasíum um Holtskirkju í Önundarfirði frá 17. ágúst 1639 og 24. ágúst 1675 og prófastsvísitasíu frá 17. maí 1797.[657] Í skýrslu um tekjur og útgjöld Holtsprestakalls 1849–1853, dagsettri 30. ágúst 1854, segir undir lið um tekjur af ískyldum, ítökum og hlunnindum að sjöttungur hvalreka í Keflavík sé ónotaður.[658]

Í máldaga Þorlákskirkju undir Hrauni í Dýrafirði, er Oddgeir biskups Þorsteinsson setti um 1378, segir meðal annars að kirkjan eigi hálfan reka í Keflavík. Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Vilchins fyrir Hraunskirkju frá um 1397 og máldaga Gísla biskups Jónssonar biskups frá 1570 og síðar.[659] Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Dýrafjarðarhrepp frá 1710 koma fram sömu upplýsingar en þar segir að kirkjan hafi ekki notað rekaítakið.[660]

Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[661]

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[662]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sona hennar Björns og Einars Jónssona þannig að þeir fengu Hól í Bolungarvík, Neðri-Breiðadal, Gölt, Meiri-Hlíð, Bakka, Tungu, Minni-Hlíð, Meira- og Minna-Hraun og Kroppsstaði.[663]

---

656 Skjal nr. 2(195).
657 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 324–325; IV, bls. 141–142; XV, bls. 572–574; skjal nr. 4(233). Einnig skjöl nr. 2(261), 2(263), 2(339) og 2(699).
658 Skjal nr. 2(1039).
659 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 330; IV, bls. 144–145; XV, bls. 577–578; skjal nr. 4(232).
660 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 31–33, skjal H-12.
661 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).
662 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).
663 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).

Hinn 10. maí 1558 fóru fram skipti á arfi eftir Þorleif lögmann Jónsson. Í hlut Guðrúnar dóttur hans komu meðal annars jörðin Hóll í Bolungarvík með eftirfarandi útjörðum: Miðdal, Hlíð með Tröð og Búðum, Minni-Hlíð, Tungu, Stærra-Hrauni, Kroppsstöðum, Bakka, Keflavík og Gelti.[664]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Súgandafjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Keflavík milli Súgandafjarðar og Skálavíkur:

> **Kieflavijk.**
>
> Jarðardýrleiki viii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn Hólskirkja í Bolúngarvík og proprietarii þar til.
>
> Ábúandi Gísli Arnason.
>
> […]
>
> Útigángur í skárra lagi á landi, minni í fjörunni. Torfrista nýtandi en stúnga engin. Lýngrif lítið. Móskurður til eldiviðar lítill. Grasatekja mjög lítil. Selveiði af uppidrápi hefur áður verið, engin í margt ár. Reki hefur verið góður, en nú ei heppnast í margt ár, og naut ábúandi viðrekans, en hvala landsdrottinn þá þar bar upp.
>
> Engjar eru að mestu eyðilagðar fyrir skriðum og snjóflóðum. Hætt er kvikfje og þeim sem það vaktar bæði fyrir grjóthruni og snjóflóðum, og verður oft mein að. Kirkjuvegur bæði lángur og torsóktur til lands og sjóar. Hreppamannaflutníngur torsóktur sem áður segir um Gölt.
>
> Heimræði er hjer árið um kríng, þó lendíng sje bæði stórgrýtt og brimsöm. Skipsuppsátur er mjög ilt, og hafa hjer því tíðum skip farist og brotnað af grjóthruni, og þykir mönnum sýnilegt að fyrir því muni þetta heimræði um síðir af leggjast.[665]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 1. maí 1726 var upplesið kaupbréf, dagsett 12. janúar 1726, þar sem Árni Sæmundsson seldi Markúsi Bergssyni sýslumanni hálfa jörðina Hól, 30 hundruð að dýrleika, með hálfum Geirastöðum, hálfum Grundarhóli og hálfum Innri-Búðum. Einnig fékk Markús hálfa Hólskirkju með öllu sem henni fylgdi að hálfu leyti, þ.e. í Geirsbrekku, Landalifur og Keflavík. Á móti lét Markús Árna fá jörðina Ármúla og milligjöf upp á 112 ríkisdali.[666]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Keflavíkur metinn átta hundruð en jörðin var kirkjujörð frá Hóli.[667]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Keflavík milli Súgandafjarðar og Skálavíkur metin átta hundruð að dýrleika og skráð sem Hólskirkjueign. Í neðanmálsgrein kemur fram að dýrleiki og leigumáli sé hér hafður eftir Árna Magnússyni. Sýslumaður, en eigi prestur, nefni ból þetta, sem líka var byggt árið 1805.[668]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Keflavík:

---

664 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 305–307, skjal nr. 4(236).
665 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 138–139, skjal H-12.
666 Skjal nr. 2(738).
667 Skjal nr. 2(115).
668 Skjal nr. 4(1), bls. 196.

> 4. Kéblavík: sú jórd liggur feikilega afskekt og veldur þad margfaldlegri óhægd og kostnadi á fleiri vegu.[669]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 136 ríkisbankadali.[670]

Friðlýst var fyrir landi Keflavíkur við manntalsþing árin 1850 og 1852.[671]

Hinn 7. september 1874 gaf Guðmundur Árnason í Traðarkoti bróður sínum Árna Árnasyni í Árbæ sex hundruð í Hóli í Bolungarvík með tilheyrandi hlutum í kirkjujörðunum Keflavík og Gilsbrekku gegn því að viðtakandi greiddi allar þær skuldir sem á gefanda hvíldu.[672]

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Hrauns í Keldudal með kirkjujörðinni Saurum, sem dagsett er 20. maí 1886, segir að kirkjan í Hrauni eigi hálfan reka í Keflavík. Landamerkjaskráin var þinglesin við manntalsþing að Meðaldal 6. júlí sama ár.[673]

Í undirmati I og II að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er segir að landamerki jarðarinnar Keflavíkur séu óþekkt. Í undirmati I segir að engin landamerkaskrá sé fyrir hendi. Jörðin var metin á 800 kr. Eigandi hennar var Hólskirkja í Bolungarvík. Jörðin hafði verið í eyði síðustu 15 árin og notuð til beitar og slægna.[674]

5.28 Meiri-Bakki í Skálavík

Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[675]

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[676]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sona hennar Björns og Einars Jónssona þannig að þeir fengu Hól í Bolungarvík, Neðri-Breiðadal, Gölt, Meiri-Hlíð, Bakka, þ.e. Meiri-Bakka, Tungu, Minni-Hlíð, Meira- og Minna-Hraun og Kroppsstaði.[677]

669 Skjal nr. 2(155).
670 Skjal nr. 2(168).
671 Skjöl nr. 2(832) og 2(834).
672 Skjal nr. 2(564).
673 Skjal nr. 2(1033).
674 Skjal nr. 2(196).
675 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).
676 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).
677 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).

Hinn 10. maí 1558 fóru fram skipti á arfi eftir Þorleif lögmann Jónsson. Í hlut Guðrúnar dóttur hans komu meðal annars jörðin Hóll í Bolungarvík með eftirfarandi útjörðum: Miðdal, Hlíð með Tröð og Búðum, Minni-Hlíð, Tungu, Stærra-Hrauni, Kroppsstöðum, Bakka, Keflavík og Gelti.[678]

Með samningi milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar, dagsettum 22. september 1588, taldi Sæmundur til kaups og konumundar við Helenu (Elínu) Magnúsdóttur þrjú hundruð hundraða í jörðum og lausagóssi. Jarðirnar voru meðal annars Hóll í Bolungarvík, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga, Miðdalur, Ós, Hanhóll, Gil, Meiri-Bakki, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhóll. Þar á móti gáfu hjónin Magnús Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir dóttur sinni Helenu hundrað hundraða í jörðum, kúgildum og öðrum peningum að ýmsum jörðum tilgreindum, þar á meðal Sæbóli á Ingjaldssandi, Heydal og Botni í Mjóafirði. Jarðirnar Ós, Minni-Hlíð og Hraun fékk Helena með þeim skilmálum að þær erfðust til barna hennar og Sæmundar.[679]

Hinn 24. september 1697 bað Árni Magnússon á Hóli í Bolungarvík Guðrúnu Eggertsdóttur í Bæ á Rauðasandi eða Helgu systur hennar, að sjá um dótturson sinn, Hannes Hálfdanarson. Árni eignaði Hannesi tvö hundruð í Meiri-Bakka.[680]

Hinn 10. ágúst 1701 seldi Sæmundur Magnússon Páli Torfasyni sýslumanni tvö hundruð í Meiri-Bakka.[681]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Meiri-Bakka í Skálavík:

> **Meire Backe.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr.
>
> Eigendur eru Margret Bergsdóttir í Reykjahlíð að iiii hndr., Páll Torfason að ii hndr., Guðrún Eggertsdóttir í Bæ á Rauðasandi að ii hndr., Bjarni Jónsson á Sandeyri á Snæfjallaströnd og stjúpsonur hans, sonur Jóns Kolbeinssonar, að ii hndr., Þorsteinn Jónsson í Túngu fyrir Dalamynni á Lángadalsströnd að ii hndr.
>
> Ábúendur eru, á pörtum Margretar Bergsdóttur, Páls Torfasonar og Guðrúnar Eggertsdóttur Bjarni Nikulásson, Magnús Björnsson á pörtum Bjarna og Þorsteins.
>
> […]
>
> Fóðrast kunni á heyjum vi kúa þúngi á allri jörðunni, nú þeim mun minna sem partar Páls og Guðrúnar eru í órækt.
>
> Mór er þar í jörðu nægur til eldiviðar. Reka á jörðin fyrir sínu landi. Fjara hjálpar hjer sauðfje þá íslaust er. Engjunum spilla skriður sem á falla. Heimræði er hjer og skipsuppsátur.[682]

Við manntalsþing 1. júní 1711 var tekið fyrir mál þar sem Bjarni Nikulásson fór fram á að sér yrði áfram heimiluð ábúð á Meiri-Bakka, en umboðsmaðurinn sr. Teitur

678 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 305–307, skjal nr. 4(236).
679 Skjal nr. 2(356).
680 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 178, skjal H-22.
681 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 180, skjal H-22.
682 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 140–141, skjal H-12.

Pálsson ætlaði sjálfur að byggja hana og láta Bjarna í té jörðina Breiðaból. Dæmt var að Bjarna ætti áfram að vera heimilt að byggja jörðina Meiri-Bakka.[683]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 1. maí 1726 var upplesið kaupbréf, dagsett 22. nóvember 1725, þar sem sr. Teitur Pálsson seldi Markúsi Bergssyni sýslumanni fjögur hundruð í Meiri-Bakka í Skálavík fyrir 30 ríkisdali.[684]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Meiri-Bakka í Skálavík metinn 12 hundruð. Eigendur jarðarinnar voru Jóhannes Guðmundsson á Hanhóli, Jón Þorlákssson á Minni-Hlíð og ábúandinn Ketill Guðmundsson.[685]

Við manntalsþing að Hóli 30. júní 1814 var þinglesið kaupbréf fyrir þremur hundruðum og 40 álnum í Meiri-Bakka fyrir 27 ríkisdali hvert hundrað. Seljendur voru Magnús Jónsson og systkini hans, en kaupandi Einar Jónsson á Minnihlíð.[686]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Meiri-Bakki í Skálavík metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[687]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Meiri-Bakka:

> 1. Meiri bakki: slægjur gódar og hægar fjórubeit og hægd til sjóabla bæta jórd þessa ekki alllítid.[688]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 480 ríkisbankadali.[689]

Með kaupbréfi dagsettu 8. júlí 1863 seldi Sigmundur Benediktsson eitt hundrað í Meiri-Bakka í Skálavík til Þorláks Einarssonar. Kaupbréfið var þinglesið 9. júlí sama ár.[690]

Við manntalsþing að Hóli 9. júlí 1863 var þinglesið kaupbréf Þ. Einarssonar, dagsett 8. júlí 1863, upp á eitt hundrað í Meiri-Bakka, fyrir 40 ríkisdali.[691]

Við pólitírétt 30. júní 1868 var tekið fyrir skilnaðarmál Einars Einarssonar og Bergljótar Þorsteinsdóttur. Skipting á eignum þeirra var meðal annars þannig að Einar hélt fjórum hundruðum úr Höfðaströnd, jörð sem var nær því óbyggð og einu hundraði úr Meiri-Bakka. Bergljót hélt aftur á móti fjórum og hálfu hundraði úr Breiðabóli. [692]

Með kaupbréfi dagsettu 14. ágúst 1875 seldi Einar Bjarnason eitt hundrað í Meiri-Bakka í Hólshreppi til Kristjáns Kjartanssonar í Hnífsdal. Kaupbréfið var þinglesið á árinu 1876.[693]

Hinn 6. júlí 1881 gaf Einar Einarsson eitt hundrað í Meiri-Bakka í Hólshreppi og þrjú hundruð í Meira-Hrauni í Hólshreppi til Einars Jónssonar á Meiri-Bakka gegn því

683 Skjal nr. 2(851).
684 Skjöl nr. 2(738) og 2(852).
685 Skjal nr. 2(116).
686 Skjal nr. 2(854).
687 Skjal nr. 4(1), bls. 197.
688 Skjal nr. 2(156).
689 Skjal nr. 2(169).
690 Skjal nr. 2(571).
691 Skjal nr. 2(875).
692 Skjal nr. 2(853).
693 Skjal nr. 2(572).

að hann myndi ala önn fyrir gefanda og annast næstu fimm ár. Gjafabréfið var þinglesið 22. júní 1883.[694]

Hinn 25. mars 1882 seldu Magnús Jónsson og Guðni Borgarson 100 álnir í jörðinni Meiri-Bakka til Einars Jónssonar fyrir 150 kr.[695]

Hinn 11. júní 1898 gaf Hildur Guðmundsdóttir Benedikt Bjarnasyni á Minni-Bakka í Skálavík tvö hundruð að fornu mati í Meiri-Bakka í Skálavík. Gjafabréfið var þinglesið 23. júní 1900.[696]

Landamerkjalýsing jarðarinnar Meiri-Bakka í Skálavík er ódagsett en hún var innkomin til þinglesturs 28. júlí 1909. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing á jörðinni Meiribakka liggjandi í Hólshreppi.
>
> Á rennur eftir miðri Skálavík, sem er kölluð Langá og rennur frá fjalli til sjáfar, í henni eru 2 hólmar, þá á Meiribakki, þessi á er landamerki milli Meiribakka, Minnibakka og Breiðabóls.
>
> Í þessa Langá rennur á af fjalli, sem nefnd er Kroppstaðaá, hún er landamerki milli Meiribakka og Kroppstaða.
>
> Enn að vestan verðu er landamerki einn stakur klettur við sjó, norðan til við svonefndar háu Skriður, en vestantil við Mölvík sem kölluð er, beint upp af Klettinum er ytra Skálarhorn, sem kallað er, og á því vörðu broti, í það og Klettinn eru landamerki milli Keflavíkur og Meiribakka.
>
> Eigandi Meiribakka. Einar Jónsson.
>
> Eigandi Meiribakka. Sigurður Pétursson
>
> Eigandi Meiri-bakka Benedikt Bjarnason[697]

Við manntalsþing að Hólshrepps í Bolungarvík 28. maí 1910 var þinglesin landamerkjalýsing Meiri-Bakka, dagsett 28. júlí 1909.[698]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint að landamerki jarðarinnar Meiri-Bakka í Skálavík séu þinglesin. Jörðin var metin á 1.900 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[699]

5.29 Kroppsstaðir í Skálavík

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[700]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sona hennar Björns og Einars Jónssona þannig að þeir fengu Hól í Bolungarvík, Neðri-

694 Skjal nr. 2(573).
695 Skjal nr. 2(75).
696 Skjal nr. 2(574).
697 Skjal nr. 2(32).
698 Skjal nr. 2(855).
699 Skjal nr. 2(197).
700 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).

Breiðadal, Gölt, Meiri-Hlíð, Bakka, Tungu, Minni-Hlíð, Meira- og Minna-Hraun og Kroppsstaði.[701]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Kroppsstaði í Skálavík:

> **Kroppstader.**
>
> Jarðardýrleiki iii hndr.
>
> Eigandi er Bjarni Jón<sson> á Hesteyri í Jökulfjörðum.
>
> Jörðin liggur í eyði og hefur legið síðan bóluna.
>
> […]
>
> Móskurð á jörðin nægiligan. Engjar eru litlar og ljettar. Bakkaslægjur með á hefur áin fordjarfað, brotið og borið á grjót.
>
> Þessi jörð kann vel að byggjast aftur, þá fólkið fjölgar í landinu.[702]

Við manntalsþing að Súðavík 2. júní 1789 var þinglesið kaupbréf Jóns Pálssonar fyrir þremur hundruðum í Kroppsstöðum í Skálavík af Ólafi Svartssyni á móti 24 ríkisdölum, dagsett 25. september 1787.[703]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 18. ágúst 1800 var upplesin brigðalýsing Þorláks Sigurðssonar á þeim jörðum sem faðir hans hafði selt, þ.e. Gelti, Efstabóli, hálfum Furufirði, Skáladal og einu hundraði í Kroppsstöðum.[704]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Kroppsstaða í Skálavík metinn þrjú hundruð. Eigandi jarðarinnar var Jón Þorláksson í Minni-Hlíð.[705]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kroppsstaðir í Skálavík metin 3 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[706]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Kroppsstaði:

> 4. Kroppstadir: kot þetta er hægt og slægjur eptir jardarmegni gódar og gott er þar undir bú[707]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 129 ríkisbankadali.[708]

Hinn 16. september 1863 ánafnaði Árni Árnason í Meiri-Hlíð erfingjum Elínar Jónsdóttur frá Meiri-Hlíð, J. Guðmundssyni og A. Guðmundssyni, einu og hálfu hundraði í Kroppsstöðum og einu og hálfu hundraði í Minni-Hlíð, alls þremur hundruðum, gegn því að fá að sitja í óskiptu búi til dauðadags. Arfleiðslubréfið var þinglesið 30. júní 1868.[709]

701 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
702 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 141, skjal H-12.
703 Skjal nr. 2(856).
704 Skjal nr. 2(740).
705 Skjal nr. 2(118).
706 Skjal nr. 4(1), bls. 197.
707 Skjal nr. 2(156).
708 Skjal nr. 2(169).
709 Skjal nr. 2(577).

Með lóðseðli, dagsettum 8. maí 1886, var staðfest að Margrét Halldórsdóttir fengi tvö hundruð í Kroppsstöðum úr dánarbúi Kristínar Sigurðardóttur í Þjóðólfstungu.[710] Með öðrum lóðseðli frá sama degi var staðfest að Halldóra Halldórsdóttir fengi 102 álnir í Kroppsstöðum úr dánarbúi Kristínar.[711]

Hinn 14. apríl 1889 seldi Magnús Guðmundsson þrjú hundruð í Kroppsstöðum í Skálavík og tvö hundruð í Tröð í Bolungarvík til Kristjáns Halldórssonar húsmanns á Ytri-Búðum gegn því að hann greiddi tilgreinda skuld Magnúsar, myndi ala önn fyrir honum og kosta útför hans. Afsalsbréfið var þinglesið 19. júlí 1890.[712]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Kroppsstaða í Skálavík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 400 kr. Eigandi hennar var Pétur Valentínusson.[713]

Landamerkjalýsing jarðarinnar Kroppsstaða í Skálavík er dagsett 27. júní 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing í Bolungarvík 4. júlí 1922. Á lýsinguna er ritað 27. júní 1921 að enginn af eigendum eða forsvarsmönnum Breiðabóls hafi ritað samþykki sitt á landamerkjaskrána. Efni hennar er svohljóðandi:

> Vér undirritaðir eigendur og umráðamenn, sem nöfn okkar ritum hér undir, erum samþykkir með að rétt landamerki á jörðinni Kroppsstaðir í Skalavík í Holshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu séu eftir því, sem hér greinir:
>
> 1. Milli Kroppsstaða og Meirahrauns er rauður steinn, er stendur á holti í svo kölluðum Kötlum, og sjónhending frá honum í Hraunagarða enda norðan vert við Hraunsá, og aftur upp frá honum í stekk og þaðan beint til brunar, í ytra horn á Kroppsstaðahorni
>
> 2. Milli Meiribakka og Kroppsstaða skilur vatnsfall, er nefnist Kroppsstaðaá er rennur úr svo kallaðri Skál og í Lónsá [svo]
>
> 3. Milli Breiðabóls aðskilur Langá að Gýgjarholti. Þar við taka eyrar, er kallaðar eru Kroppsstaðaeyrar og liggja Breiðabólsmegin fram með ánni að keldu er liggur svona c. 10. metra frá því er Hraunsá fellur í Langá. Takmörk að ofan á greindum eyrum er kelda og lækur er liggja með misjöfnu millibili frá ánni Eyrar þessar, hafa frá ómunatíð fylgt jörðinni Kroppsstaðir, en með hverju móti þær hafa í byrjun fallið undir greinda jörð er eigi hægt að fullyrða hér
>
> Forráðamaður Kroppsstaða
>
> Halldór G.H. Pálmason.
>
> Eigandi Meirahrauns Júlíus Hjaltason
>
> Ábúandi Meiribakka Kristján Erlendsson.
>
> Eigandi Meiribakka Páll Josuason
>
> - - - - - - - - - - - - - Benedikt Bjarnason
>
> Enginn af eigendum eða forsvarsmönnum Breiðabóls hefir ritað samþykki sitt á landamerkjaskrá þessa, en allir aðrir hlutaðeigendur hafa skrifað undir hana.
>
> Bolungarvík 27/6 1921

[710] Skjal nr. 2(579).
[711] Skjal nr. 2(580).
[712] Skjal nr. 2(578).
[713] Skjal nr. 2(199).

Jóhann Bárðarson (hreppstjóri).[714]

Hinn 31. ágúst 1922 var við landamerkjadóm tekinn fyrir ágreiningur um landamerki milli jarðanna Kroppsstaða og Breiðabóls. Sátt náðist um merkin eins og skráð er í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu, en sáttin var þinglesin 3. júlí 1923:

> Sætt:
>
> ~~Þ~~ Tjeðir forráðamenn og eigendur jarðanna Kroppstaða og Breiðabóls urðu ásáttir um að breytta áður þinglesnum landamerkjum tjeðra jarða þannig, að svonefndur Kroppstaðaeyri skulu teljast eign jarðannar Kroppstaða, (~~nefnilega~~) með þeim ummerkjum sem getið er um í merkjalýsingu jarðannar Kroppstaða, nefnilega Breiðabólsmegin framan með ánni, að keldu, er liggur svo sem ca. 10 metra frá því er Hraunsá fellur í Langá. Þaðan bein lína í keldu við ána undir Gýjarholti. Að öðru leyti skulu áður þinglesin merki tjeðrar jarðar ráða.
>
> Ennfremur sættust forráðamenn og eigendur á það að afgirða Kroppstaðareyrar næstkomandi sumar með löggirðingu og kosti forráðamaður Kroppstaða girðinguna að þremur fjórðu pörtum og eigendur Breiðabóls að einum fjórða. Viðhald sameiginlegt að jöfnu. Og er það skilyrði fyrir ofangreindri sætt ~~og~~ að girðing þessi sje sett niður innan hins tiltekna tíma.
>
> Forráðamaður Kroppstaða annast um framkvæmd verksins.
>
> Loks er einnig samkomulag um það, að kostnað við ferð dómara, birtingu á stefnu og rjettargjörð og annan kostnað, svo ~~se~~ sem til fylgdarmanns dómara greiði forráðamaður Kroppstaða að hálfu og eigendur Breiðabóls að hálfu leyti.
>
> Til staðfestu sætt þessari undirskrifa framannefndir forráðamenn og eigendur jarðanna Kroppstaða og Breiðabóls gerð þessa.
>
> Frekara eigi fyrirtekið. Rjetti slitið Oddur Gíslason
>
> Vottar: Jóhannes Kristjánsson Jóhann Bárðason
>
> Ørnólfur Hálfdansson, Kristján Erlendsson, Illugi G. Sigurðsson, Benedikt Bjarnason, Jón S. Magnússon Páll Árnason.[715]

Við manntalsþing Hólshrepps 3. júlí 1923 var þinglesin landamerkjaskrá Kroppsstaða og Breiðabóls frá 31. ágúst 1922. Í dómsmálabókina er færslan um þinglestur landamerkjaskrár Kroppsstaða og Breiðabóls skráð að nýju aftar í bókina, en þar bætt við að landamerkin séu samkvæmt sátt fyrir landamerkjadómi 31. ágúst 1922. Sú færsla er yfirstrikuð í bókinni.[716]

5.30 Meira-Hraun í Skálavík

Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum

714 Skjal nr. 2(34).
715 Skjal nr. 2(35) og 2(863).
716 Skjal nr. 2(850).

Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[717]

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[718]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sona hennar Björns og Einars Jónssona þannig að þeir fengu Hól í Bolungarvík, Neðri-Breiðadal, Gölt, Meiri-Hlíð, Bakka, Tungu, Minni-Hlíð, Meira- og Minna-Hraun og Kroppsstaði.[719]

Hinn 10. maí 1558 fóru fram skipti á arfi eftir Þorleif lögmann Jónsson. Í hlut Guðrúnar dóttur hans komu meðal annars jörðin Hóll í Bolungarvík með eftirfarandi útjörðum: Miðdal, Hlíð með Tröð og Búðum, Minni-Hlíð, Tungu, Stærra-Hrauni, Kroppsstöðum, Bakka, Keflavík og Gelti.[720]

Með samningi milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar, dagsettum 22. september 1588, taldi Sæmundur til kaups og konumundar við Helenu (Elínu) Magnúsdóttur þrjú hundruð hundraða í jörðum og lausagóssi. Jarðirnar voru meðal annars Hóll í Bolungarvík, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga, Miðdalur, Ós, Hanhóll, Gil, Meiri-Bakki, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhóll. Þar á móti gáfu hjónin Magnús Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir dóttur sinni Helenu hundrað hundraða í jörðum, kúgildum og öðrum peningum að ýmsum jörðum tilgreindum, þar á meðal Sæbóli á Ingjaldssandi, Heydal og Botni í Mjóafirði. Jarðirnar Ós, Minni-Hlíð og Hraun fékk Helena með þeim skilmálum að þær erfðust til barna hennar og Sæmundar.[721]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Meira-Hraun í Skálavík:

> **Meira Hraun.**
>
> Jarðardýrleiki vi hndr.
>
> Eigendur eru börn Þorláks Bergssonar á Hrauni á Eyrarbakka.
>
> Ábúandinn Páll Jónsson.
>
> […]
>
> Bænum er hætt fyrir á einni, sem nokkrum sinnum hefur bólgnað upp á túnið og hlaupið inn í bæinn.
>
> **Haugatuns urder** heitir í þessarar jarðar landi, og eru munnmæli að þar hafi bygð staðið, og bærinn þaðan fluttur verið þángað sem nú stendur Meira Hraun. Skyldi þetta

[717] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).
[718] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).
[719] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
[720] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 305–307, skjal nr. 4(236).
[721] Skjal nr. 2(356).

> fyrir lángri æfi skeð vera. Þetta bæjarstæði (ef svo væri) er nú uppblásið og komið í urð og kallast sem sagt er. Er hjer nú öldúngis ekki byggjandi.[722]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Meira-Hrauns í Skálavík metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Ketill Guðmundsson á Meiri-Bakka. Fram kemur að eyðihjáleigan Haugatúnsurðir nýtist sem beitiland.[723]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Meira-Hraun í Skálavík metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var eyðihjáleigan Haugatúnsurðir hér í beitarlandi.[724]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Meira-Hraun:

> 5. Meira hraun: slægjur og hagabeit og landrými er hjer nóglegt, en nokkud er erfidt bædi til lands og sjóar.[725]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 240 ríkisbankadali.[726]

Hinn 6. júlí 1881 gaf Einar Einarsson eitt hundrað í Meiri-Bakka í Hólshreppi og þrjú hundruð í Meira-Hrauni í Hólshreppi til Einars Jónssonar á Meiri-Bakka gegn því að hann myndi ala önn fyrir gefanda og annast næstu fimm ár. Gjafabréfið var þinglesið 22. júní 1883.[727]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Meira-Hrauns í Skálavík er dagsett 6. apríl 1888 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hóli 16. maí sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Meira-hrauni í Skálavík í Hólshreppi innan Ísafjarðarsýslu.
>
> Landareign hennar er nefnilega í Strýtustein rauðan á holtinu við ána, garðsendann ofan til við Katlagarðinn Klukkustekkinn svo nefndan, Hamraenda og hæsta hnúk í Kroppstaðahorninu, allt í beinni línu, ef maður stendur við Strýtusteininn við ána, sem ekki er þarna nema einn tilsögð landamerki milli Kroppstaða og Meirahrauns.
>
> Landamerki milli Meirahrauns og Minnahrauns er nefnilega á, sem rennur frá Göngumannaskörðum, sem rennur ofan svo nefndan Hraunsdal beint til sjóar.
>
> Til staðfestu skrifa allir hlutaðeigendur nöfn sín undir.
>
> Hóli, 6. Apríl 1888.
>
> Eigendur: Bárður Magnússon Einar Jónsson Magnús Guðmundsson Ólafur Guðmundsson[728]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Meira-Hrauns í Skálavík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 720 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[729]

---

722 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 141–142, skjal H-12.
723 Skjal nr. 2(119).
724 Skjal nr. 4(1), bls. 197.
725 Skjal nr. 2(156).
726 Skjal nr. 2(169).
727 Skjal nr. 2(573).
728 Skjal nr. 2(36).
729 Skjal nr. 2(200).

5.31 Minna-Hraun í Skálavík

Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[730]

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[731]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sona hennar Björns og Einars Jónssona þannig að þeir fengu Hól í Bolungarvík, Neðri-Breiðadal, Gölt, Meiri-Hlíð, Bakka, Tungu, Minni-Hlíð, Meira- og Minna-Hraun og Kroppsstaði.[732]

Með samningi milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar, dagsettum 22. september 1588, taldi Sæmundur til kaups og konumundar við Helenu (Elínu) Magnúsdóttur þrjú hundruð hundraða í jörðum og lausagóssi. Jarðirnar voru meðal annars Hóll í Bolungarvík, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga, Miðdalur, Ós, Hanhóll, Gil, Meiri-Bakki, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhóll. Þar á móti gáfu hjónin Magnús Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir dóttur sinni Helenu hundrað hundraða í jörðum, kúgildum og öðrum peningum að ýmsum jörðum tilgreindum, þar á meðal Sæbóli á Ingjaldssandi, Heydal og Botni í Mjóafirði. Jarðirnar Ós, Minni-Hlíð og Hraun fékk Helena með þeim skilmálum að þær erfðust til barna hennar og Sæmundar.[733]

Hinn 2. júní 1701 seldi Magnús Oddsson valdsmanninum Páli Torfasyni Minna-Hraun, þrjú hundruð að dýrleika, fyrir þrjú hundruð í Skarði í Dalasýslu.[734]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Minna-Hraun í Skálavík:

> **Minna Hraun.**
>
> Jarðardýrleiki iii hndr.
>
> Eigandinn Páll Torfason á Núpi í Dýrafirði.
>
> Ábúandinn Ólafur Ólafsson.
>
> […]

730 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).
731 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).
732 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
733 Skjal nr. 2(356).
734 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 180, skjal H-22.

> Vetrarríki er hjer mikið og fannlög.[735]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Minna-Hrauns í Skálavík metinn þrjú hundruð. Eigandi jarðarinnar var ábúandinn Sigmundur Pálsson.[736]

Við manntalsþing að Eyri í Skutulsfirði 22. júlí 1826 var þinglesið afsal, dagsett 16. október 1824, hvar Halldór Þórðarson hreppstjóri seldi 50 álnir í Minna-Hrauni til Johnsens faktors fyrir 24 ríkisdali. Við sama þing var þinglesið afsal frá 8. júlí 1826 hvar Þorsteinn Sigmundsson seldi 70 álnir í Minna-Hrauni til Johnsens faktors fyrri 67 ríkisbankadali og 32 skildinga.[737]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Minna-Hraun í Skálavík metin 3 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[738]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Minna-Hraun:

> 6. Minna hraun: nóglegar slægjur hagi og land nóg mæla yfrid mjóg med þessu koti, er ad fornu hefur ærid lítid verid metid móti gædum sínum.[739]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 162 ríkisbankadali.[740]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Minna-Hrauns í Skálavík er dagsett 2. maí 1888 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hóli 16. maí sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Minnahrauni, liggjandi í Skálavík í Hólshreppi innan Ísafjarðarsýslu.
>
> Landareign hennar að vestanverðu að Meirahraunslandi í miðja Langá, er rennur fram úr Göngumannaskarði og til sjóar, að norðanverðu milli Minna-hrauns og Breiðabóls í læk, sem rennur úr miðri Lambaskál frá fjalli og þvert í á, sem rennur frá Skálavíkurheiði eptir öllum Breiðabólsdal og ofan í áðurgreinda Langá.
>
> Minnahrauni, 2. Maí 1888.
>
> Ólafur Guðmundsson, eigandi
>
> Bárður Magnússon Einar Jónsson eigendur Meirahrauns samþykkir.
>
> Guðmundur Jónsson samþykkur umráðamaður Breiðabóls.
>
> Jón Jónsson á Ytri-Búðum Magnús Jónsson Benedikt Bjarnason samþykkir[741]

Hinn 30. september 1905 seldi Ólafur Guðmundsson á Hóli í Bolungarvík 5,3 hundruð að nýju mati í Minna-Hrauni í Skálavík til Sigurðar Kristjánssonar kaupmanns. Afsalsbréfið var þinglesið 5. júní 1906.[742]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Minna-Hrauns í Skálavík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 250 kr. Eigendur hennar voru Guðbjartur Sigurðsson og Sigurður Sigurðsson.[743]

---

735 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 142, skjal H-12.
736 Skjal nr. 2(120).
737 Skjal nr. 2(857).
738 Skjal nr. 4(1), bls. 197.
739 Skjal nr. 2(156).
740 Skjal nr. 2(169).
741 Skjal nr. 2(37).
742 Skjal nr. 2(581).
743 Skjal nr. 2(201).

5.32 Breiðaból í Skálavík

Í máldaga Jóns kirkju skírara undir Núpi í Dýrafirði, er Þórarinn biskup Sigurðarson setti um 1363, segir að kirkjan eigi tíundu vætt í Breiðabóli í Skálavík.[744] Sömu upplýsingar koma fram í máldögum kirkjunnar frá um 1378, um 1397 og 1570 og síðar, sem og biskupsvísitasíum frá 25. ágúst 1647, 4. september 1689 og 28. ágúst 1725.[745] Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[746]

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[747]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til dóttur hennar Birgittu Jónsdóttur þannig að hún fékk Arnardali, Breiðaból og Bakka.[748]

Hinn 9. mars 1600 vitnuðu Þorleifur Jónsson, Bjarni Bjarnason, Jón Helgason, Bjarni Sigmundsson, Guðmundur Tómasson og Gunnar Bjarnason um landamerki milli Hóls í Bolungarvík og Breiðabóls í Skálavík. Vitnisburður þeirra er svohljóðandi:

> ecki hofum wier vm wora æfi annat heyrt nie vitad vm landamerke j millum Höls j bolungarvik og breidabols j Skælavik, enn j lækinn þann rennr ofan eptter hrÿggnum, vtan til vid Gunnarsvik, og suo einmitt upp j fiallz Nÿpuna. Hef eg adr nefndr Þolleifr Jonsson buit xx. ar vnder meire Hlid, enn viij. ar æ Breidaboli, og werit ij. ar wistfastr æ Holi. Enn eg var xxx. ara gamall, þa eg fyrst kom til bolungar wikr: Wissa eg fyrer full sannindi til, ad Sveinn heitinn Jonsson hiellt þessi landamerki, sæ sem hiellt breidabol fyrer sina eign, ad breidaböl ætti inn j þann læk sem rennr utan til vid Gunnarswik, þar æ kambinum og einmidt upp j fiallid sem þad er hæst, og þau tre sem rako j Gunnarsvik, og æ Þorgeirs waullum, woru aull Hölj eignut: Og beitar fyrer sitt fe bad Sveinn heitenn Jonsson þangat af wmbodz monnum Þorleifs heitins Palssonar: Wissa eg eirnen til sanns ad Sweinn heitjnn Jonsson sem kendr war dunason bad ætid beitar þæ sem æ Holi ætto fyrer ad rada, og woru honum lieder þessir Þorgeirs wellir huert haust, og eckj hefi eg annat heyrt af mier elldri monnum, og er eg nu lxx. at alldri. Swo og hef eg adur greindur biarni biarnason, eckj annat heÿrt halldit wm mina ~~halldit wm mina~~ daga, enn ad breidabol ætti ad læknum sem er wtan til wid Gunnarswik, og suo sagdi mier minn Salugi modurfader Tumas Jonsson, as suo hefdi j sina tid werit halldit, og j tid sinna forelldra. Heyrda eg hann þui opt og osialldan lÿsa, olst hann hier

[744] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 197.
[745] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 330–331; IV, bls. 142–143; XV, bls. 575–576; skjal nr. 2(235). Einnig skjöl nr. 2(255)–2(257).
[746] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).
[747] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).
[748] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).

> upp j þessum badum wÿkum bolungar wik og Skalauÿk, og bio hann hier æ þessum ollum jordum j Skæla wÿk æ breidaboli, meira backa og minna backa ~~j xxxviij. (sic)~~ up j jx. ar. og j bolungarwik xx ar. j Sugandi firdi xxij. ar. swo at allur hanz alldur woru lxxxviij. ar. So og hef eg j Skælawik werit æ þessum jordum breidaboli, meira backa og minna backa j xxxviij. ar, og hef eg nu xvij. um xl. wissa eg til sanns ad Sweinn heitinn Jonsson sat æ breidaboli, og hiellt þad fyrer sina eign, hefdi leÿfi af þeim sem fyrer holi ætto ad rada, fyrer þeim triam sem rak j Gunnars wik jnn j Waullum og aller þeir sem fie sino beitto wr Skalauik j Þorgeirs waullur, hofdo ætid leÿfi þar fyrer af umbodz monnum af Holi, edur sialfum Holz eignar monnum. So og hef eg Jon Helgason heyrt hit sama, um þessi landamerki, og alldri annat enn Holl eige wtj lækinn wtan til wid Gunnars wÿk, og j kambinn þann sem lækurinn rennr æ, og so upp j fiallz brunina þar sem fiallid er hæst, og þetta sagdi mier Thumas heitinn Pælsson, ad suo hefdi hann witad halldit um þessi landamerki, og bio hann langa tíma æ Minna backa, og war hann lx. wetra gamall, hefur og biarni biarnason þessu einatt fyrer mier lÿst, ad þessi wæri landamerki a millum Holz og breidabols sem adr er greint. og eckj hef eg um mina daga, witad hier um annad halldit, og hef eg nu jx. um ~~fertugt (sic)~~ xl. Eg biarni Sigmundson hef og alldri annad witad halldit um þessi landmerki, helldr slikt hid sama witad halldit, sem hier seiger. og hef eg werit wistfastr j Skalauik j samfleÿt xxj. ar, enn nu hef xlj. at alldri. Þetta sama hef eg Gudmundr Thumasson heÿrt og witad halldit um landamerkj millum Holz og breidabols wm mina daga, sidan eg matti muna sem adr er sagt hier fyr og hef eg upalist og leingstum dualist j þeim badum wikum, og lÿsti minn salugi fader fyrer mier til greindra landamerkia Thumas Palson, og bio hann xx vj. ar j Skalawik. og so hafdi halldit werit um þann tima og þad lengr hann mættj til muna. Er eg greindr Gudmundr Thumasson xl. ad alldri. Slikann witnisburd ber eg Gunnar biarnason, ad eg hefi slikt hid sama heÿrt af öllum halldit wm saumo landamerki sem hier er nu fÿrri sagt, enn alldri annars, hef eg j greindri sueit uppalist og var þar j xxxj. ar, og war hwergi annarsstadar wistfastur sidan eg war x. wetra gamall enn æ Breidaboli hia Sweini heitnum Jonssyni og Sueini heitnum er kendr war dunason, og heyrdi eg þa opt þeim landamerkium lÿst sem nu er sagt.[749]

Í registri yfir bréf Holtskirkju frá 17. ágúst 1639 segir frá vitnisburðarbréfum Bjarna Ólafssonar, Jóns Jónssonar og Bjarna Gunnarssonar frá 1599 um tolllaust skip og búðarstöðu Holtskirkju í Skálavík, Breiðabólsmegin, og eldiviðartak í Breiðabólshlíð.[750]

Hinn 24. febrúar 1696 seldi sr. Bjarni Brynjólfsson, svo fremi sem Arnþór Brynjólfsson bróðir hans samþykkti, Páli Torfasyni sýslumanni 11 hundruð í Breiðabóli af 12 hundruðum. Þar á móti galt Páll 12 hundruð í Tungu í Skutulsfirði.[751]

Hinn 2. maí 1696 seldi sr. Bjarni Brynjólfsson sr. Sigurði Jónssyni hálft Breiðaból, 12 hundruð fyrir 12 hundruð í Hrafnabjörgum í Ögursveit. Hvor um sig átti að hafa byggingarráð og uppbera árlega leigur og landskuld af þeirri jörð, sem þeir seldu, á meðan þeim svo um semdi.[752]

Hinn 15. október 1697 gaf Ásta Guðmundsdóttir Ástu Pálsdóttur, dóttur Páls Torfasonar sýslumanns og Gróu Markúsdóttir, tvö hundruð í Breiðabóli, sem hún hafði fengið í tilgjöf frá manni sínum, Þorsteini sáluga Brynjólfssyni. Þetta var bundið því skilyrði, að gjöfin væri ekki á móti lögum og rétti, sr. Bjarni Brynjólfsson gerði ekki

749 Skjal nr. 2(358).
750 Skjal nr. 2(262).
751 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 176–177, skjal H-22.
752 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 175–176, skjal H-22.

tilkall til jarðarpartsins og að Ásta Guðmundsdóttir uppbæri af honum allan ágóða sína lífstíð. Jón Guðmundsson samþykkti ofanskrifaðan gjafargjörning þann 18. febrúar 1698.[753]

Hinn 20. ágúst 1702 fóru fram skipti á 12 hundruðum í Breiðabóli, sem sr. Sigurður Jónsson tók við, og 12 hundruðum í Hrafnabjörgum í Ögursveit. Ekki kemur fram nafn þess sem taka átti við eign í Hrafnabjörgum.[754]

Með skýrslu dagsettri 19. maí 1703 lýsti Sigurður Jónsson því yfir að hann og eiginkona hans, Helga Pálsdóttir væru eigendur að 16 hundruðum í Sveinseyri, fjórum hundruðum í Vatnadal fremri í Súgandafirði, átta hundruðum í Sæbóli í Aðalvík, 12 hundruðum í Breiðabóli í Skálavík og níu hundruðum í Alviðruparti.[755]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Breiðaból í Skálavík:

> **Breidaból.**
>
> Jarðardýrleiki xxiiii hndr.
>
> Eigendur prófasturinn Sra. Sigurður Jónsson í Holti að hálfri, og hefur keypt hana að Sra. Bjarna Brynjólfssyni á Lækjarósi. Páll Torfason að hálfri, og hefur keypt sinn hlut af Arnóri Brynjólfssyni bróður Sra. Bjarna.
>
> Ábúendur eru Nikulás Bjarnason á xii hndr. Sra. Sigurðar, Jón Jónsson á iiii hndr. Páls Torfasonar. Jón Pálsson á öðrum iiii hndr. Páls Torfasonar. Þorsteinn Björnsson á Minna Bakka brúkaðar þriðju iiii hndr. Páls Torfasonar.
>
> […]
>
> Reka á jörðin þar í Skálavík saman við Minna Bakka reka, því túni og engjum er skift milli þessarra jarða, en öðru ekki. Fjaran til beitar er og báðum jörðunum eins heimil, item skipsuppsátur, jafnvel þó það sje í Minna Bakka landi.
>
> Jörðin er víðslæg til engja en engjunum spilla stórum og hafa spilt skriður. Vetrarríki er hjer mikið og snjóþúngi.[756]

Við manntalsþing 1. júní 1711 var tekið fyrir mál þar sem Bjarni Nikulásson fór fram á að sér yrði áfram heimiluð ábúð á Meiri-Bakka, en umboðsmaðurinn sr. Teitur Pálsson ætlaði sjálfur að byggja hana og láta Bjarna í té jörðina Breiðaból. Dæmt var að Bjarna ætti áfram að vera heimilt að byggja jörðina Meiri-Bakka.[757]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 5. júní 1787 var upplesinn vitnisburður um landamerki á Stigahlíð milli Hóls og Breiðabóls frá árinu 1510. Þá var upplesinn vitnisburður Þorláks Kolbeinssonar um sameiginlegan rekarétt Breiðabóls og Minni-Bakka, dagsettur 20. október 1761. Sýslumaður úrskurðaði hins vegar ekkert um það hvort tollver tilheyrði Breiðabóli í landi Minni-Bakka.[758]

---

753 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 178, skjal H-22.
754 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 242–243, skjal H-23.
755 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 253, skjal H-23.
756 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 142–143, skjal H-12.
757 Skjal nr. 2(851).
758 Skjal nr. 2(865).

Við manntalsþing að Hóli 3. ágúst 1801 var upplesið afrit af máldagabréfi um landamerki milli Hóls og Breiðabóls frá 1600 og uppskrifuðu árið 1698.[759]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Breiðabóls í Skálavík metinn 24 hundruð. Eigendur jarðarinnar voru Halldóra Magnúsdóttir á Miðdal og ábúendurnir Árni Magnússon hreppstjóri og Finnbjörn Ólafsson.[760]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 23. maí 1806 lögfestu Árni Magnússon og Finnbjörn Ólafsson jörðina Breiðaból.[761]

Við manntalsþing að Hóli 12. júní 1822 var upplesið afsalsbréf frá 22. desember 1821 þar sem bræðurnir Magnús Árnason og Sæmundur Árnason makaskiptu tveimur hundruðum í Breiðabóli og þremur hundruðum í Hóli í Bolungarvík án millilags.[762]

Við manntalsþing 12. júní 1823 var upplesið afsalsbréf, dagsett 6. nóvember 1822, þar sem Árni Árnason seldi Sæmundi Árnasyni tvö hundruð í Breiðabóli fyrir 50 spesíur.[763]

Við manntalsþing að Eyri 19. júlí 1825 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 21. september 1824, hvar Gestur Helgason á Vatnadal makaskipti sex hundruðum í Breiðabóli til Jóns Jónssonar faktors gegn átta hundruðum í Sæbóli í Aðalvík.[764]

Við manntalsþing að Hóli 3. júlí 1826 var upplesið afsalsbréf frá 25. maí 1825 þar sem Árni Árnason seldi þrjú hundruð í Breiðabóli til bróður síns, Magnúsar Árnasonar á Tungu, fyrir 60 spesíur.[765]

Í sáttagjörð Sæmundar Árnasonar og J. Johnsons frá 10. október 1829 er fjallað um skiptingu reka milli Breiðabóls og Minni-Bakka í Skálavík. Fram kemur að um hálfu þriðja ári fyrr hafi komið upp nýr ágreiningur milli eigenda jarðanna tveggja vegna reka milli Bakkaár og Grunnavíkur fyrir norðan Þórðarkamb fyrir landi Minni-Bakka. Í skjalinu er svo vísað til máldaga og biskupsvísitasía en flest gögnin eigni Breiðabóli rekann á meðan önnur nefna Minni-Bakka. Samkvæmt sáttagjörðinni skyldu 4/5 hlutar rekans á áðurnefndu rekamarki tilheyra Breiðabóli en 1/5 hluti skyldi tilheyra Meiri-Bakka. Þá segir einnig frá verbúð Breiðabólsmanna í landi Minni-Bakka sem þeir muni hafa tollfrítt. Loks segir að ábúandinn á Minni-Bakka skuli vera ákærulaus af hálfu hinna, þótt landseti hans muni jafnvel ekki samþykkja skilmálana. Sáttagjörðin var þinglesin 24. maí 1842.[766]

Við manntalsþing að Hóli 5. júlí 1830 var upplesið afsalsbréf frá 3. maí sama ár þar sem Ámundi Halldórsson seldi sex hundruð í Breiðabóli til Bjarna Bjarnasonar fyrir 80 ríkisbankadali.[767]

[759] Skjal nr. 2(844).
[760] Skjal nr. 2(121).
[761] Skjal nr. 2(741).
[762] Skjal nr. 2(845).
[763] Skjal nr. 2(846).
[764] Skjal nr. 2(749).
[765] Skjal nr. 2(858).
[766] Skjal nr. 2(575).
[767] Skjal nr. 2(847).

Með kaupbréfi dagsettu 21. apríl 1835 seldi Sæmundur Árnason í Fremri-Arnardal 12 hundruð í Breiðabóli í Hólshreppi til Eyjólfs Kolbeinssonar prests á Eyri við Skutulsfjörð sem samstundis framseldi áðurnefnd 12 hundruð til Einar Jónssonar bónda á Meiri-Bakka í Skálavík. Kaupbréfið var þinglesið 3. júlí 1837.[768]

Við manntalsþing að Hóli 3. júlí 1837 var upplesið kaupbréf, dagsett 21. apríl sama ár, þar sem Einar á Meiri-Bakka keypti 12 hundruð í Breiðabóli frá Sæmundi Árnasyni fyrir 192 danskar spesíur.[769]

Við manntalsþing að Hóli 24. maí 1841 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 12. júní 1822, fyrir sex hundruðum í Breiðabóli gegn sex hundruðum í Árbæ án millilags.[770]

Við manntalsþing að Hóli 9. maí 1842 var upplesið bréf um rekarétt Breiðabóls í Skálavík, dagsett 10. október 1826.[771]

Við manntalsþingsrétt að Hóli 4. júlí 1843 var þinglesið að Andrés Jónsson á Breiðabóli sagði lausri ábúð sinni á sex hundruðum sama staðar.[772]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Breiðaból í Skálavík metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[773]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Breiðaból:

> 3. Breidaból: slægjur í betra lagi og landrými gjóra jórdu þá skárri enn ad medaltali, en til sjóar er hún nokkru erfidari enn sumar jardir adrar.[774]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 792 ríkisbankadali.[775] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Breiðabóli breytt í 672 ríkisbankadali.[776]

Við pólitírétt 30. júní 1868 var tekið fyrir skilnaðarmál Einars Einarssonar og Bergljótar Þorsteinsdóttur. Skipting á eignum þeirra var meðal annars þannig að Einar hélt fjórum hundruðum úr Höfðaströnd, jörð sem var nær því óbyggð og einu hundraði úr Meiri-Bakka. Bergljót hélt aftur á móti fjórum og hálfu hundraði úr Breiðabóli. [777]

Með kaupbréfi dagsettu 24. júní 1869 seldu Þorsteinn Bjarnason og Sigmundur Benediktsson þrjú hundruð í Breiðabóli í Skálavík til Sigurðar Þorkelssonar vinnumanns í Görðum.[778]

Með kaupbréfi dagsettu 17. júlí 1869 seldu Sigmundur Benediktsson og Þorsteinn Bjarnason á Breiðabóli þrjú hundruð í Breiðabóli í Hólahreppi til Sigurðar Þorkelssonar á Görðum.[779]

---

768 Skjal nr. 2(582).
769 Skjal nr. 2(859).
770 Skjal nr. 2(848).
771 Skjal nr. 2(860).
772 Skjal nr. 2(861).
773 Skjal nr. 4(1), bls. 197.
774 Skjal nr. 2(156).
775 Skjal nr. 2(169).
776 Skjal nr. 2(164).
777 Skjal nr. 2(853).
778 Skjal nr. 2(585).
779 Skjal nr. 2(584).

Hinn 22. maí 1915 fór fram uppboðsréttur í þinghúsi Hólshrepps þar sem haldið var uppboð á þremur hundruðum að fornu mati í Breiðabóli. Hálfdán Örnólfsson bauð, fyrir hönd Ingimundar Jónssonar á Breiðabóli, 305 kr.[780]

Við manntalsþing Hólshrepps 10. júní 1916 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 13. ágúst 1915, þar sem J. Jónsson keypti þrjú hundruð að fornu mati í Breiðabóli.[781]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Breiðabóls í Skálavík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 3.500 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[782]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Breiðabóls í Skálavík er ódagsett en hún var þinglesin við manntalsþing í Bolungarvík 4. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá jarðarinnar Breiðaból í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.
>
> Jörðin Breiðaból liggur í Skálavík í Hólshreppi og takmarkast af landamerkjum jarðarinnar Meirihlíð í Bolungarvík, af landamerkjum Hóls á Sigahlíð Minnibakka í Skálavík sjóarmegin og Langár, sem eru landamerki Breiðabóls og jarðanna Minnahraun, Kroppsstaðir og Meiribakki, sem liggja hinumegin árinnar.
>
> Landamerkjum jarðarinnar er lýst þannig
>
> 1. Merkin milli Meirihlíðar og Breiðabóls: Hærri kross á Skálavíkurheiði og bein lína úr honum á fjallsbrún Stigahlíðarmegin
>
> Að vestan bein lína úr Hærri krossi á Lambamula.
>
> 2. Merki milli Minnihrauns og Breiðabóls: Lambaskalará frá fjallsbrun í Langá, og ræður Langa sem rennur ofan miðja víkina til sjóar, merkjum úr því
>
> 3. Merkin milli Kroppsstaða og Breiðaból: Langá.
>
> 4. Merkin milli Meiribakka og Breiðabóls: Langá að landamerkjum Minnibakka og Breiðabóls.
>
> 5. Merkin milli Minnibakka og Breiðabóls: Bein lína úr Merkjagarði, sem liggur á milli jarðanna og í fjallsbrún, og úr sama garði í Langá.
>
> 6. Landamerki Breiðabóls á Stigahlíð eru: að almenningum í Gunnarsvík og almenningum í Björtulæki, sem eru landamerki Hóls og þaðan út að Kerlingu, sem skiftir landareign Breiðabóls og Minnibakka á Stigahlíð.
>
> Ítök: Breiðabóli er frjáls grastekja í Minnahraunslandareign gegn vetrarbeit fyrir fe frá Minnahrauni í Breiðabolslandareign.
>
> Í Minnibakka landareign á Breiðaból þessi ítök og hlunnindi: Frjálsa fjörubeit 4/5 úr reka, frítt uppsátur og leyfi til að byggja eitt hús á landareigninni
>
> Gegn þessu á Minnibakki frjálsa sumarbeit fyrir búpening jarðarinnar í breiðabólslandareign.
>
> Eigandi Minnahrauns Júlíus Hjaltason
>
> Eigandi í Breiðabóli Benedikt Bjarnason
>
> Eigandi Minnibakka Benedikt Bjarnason
>
> Eigandi Meiribakka Páll Jósúason
>
> Ábúandi Meiribakka Kristján Erlendsson

[780] Skjal nr. 2(862).
[781] Skjal nr. 2(849).
[782] Skjal nr. 2(202).

Eigandi Breiðabóls Kristján Erlendsson

Eigandi Meirihlíðar Hjálmar Guðmundsson

Eigandi Breiðabóls Örnolfur Hálfdánarson.[783]

Hinn 31. ágúst 1922 fór fram landamerkjadómur Ísafjarðarsýslu þar sem tekinn var fyrir ágreiningur milli jarðanna Kroppsstaða og Breiðabóls. Sátt náðist um merkin og er hún skráð þannig í dóma- og þingbók:

> Tjeðir forráðamenn og eigendur jarðanna Kroppstaða og Breiðabóls urðu ásattir um að breyta aður þinglesnum ~~jarða~~landamerkjum ~~milli~~ tjeðra jarða~~nna~~ þannig, að svonefndar Kroppstaðaeyrar skulu teljast eign jarðarinnar Kroppstaða með þeim ummerkjum sem getið er um í merkjalýsingum jarðarinnar Kroppstaða, nefnilega Breiðabólsmegin framm með ánni að Keldu, er liggur svo sem c. 10 metra frá því er Hraunsá fellur í Langá. ~~Þannig að merkjalínan gegn Breiða Takmörkuð að ofan~~ Þaðan bein lína í Keldu við ána undir Gijarholti. Að öðru leiti skulu áður þinglesin merkji tjeðra jarða ráða.
>
> Enn fremur sættust forráðamenn og eigendur á það að ~~gr. setja girðingu á merki þ.~~ afgirða Kroppstaðaeyrar næstkomandi sumar með löggirðingu og kosti forráðamaður Kroppstaða girðinguna að þremur fjórðu póstum og eigendur Breiðabóls að einum fjórða. Viðhald sameiginlegt að jöfnu og er það skilyrði fyrir ofangreindri sætt að girðing þessi sje sett niður innan hins tiltekins tíma. Forraðamaður Kroppstaða annast um framkvæmd verksins. Loks er ~~það~~ einnig samkomulag um það, að kostnað við ferð dómara, birtingu á stefnu, rjettargjörð og annan kostnað svo sem til fylgdarmanns dómara greiði forráðamaður Kroppstaða að hálfu og eigendur Breiðabóls að hálfu leiti.[784]

Hinn 31. ágúst 1922 var við landamerkjadóm tekinn fyrir ágreiningur um landamerki milli jarðanna Kroppsstaða og Breiðabóls. Sátt náðist um merkin eins og skráð er í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu, en sáttin var þinglesin 3. júlí 1923:

> Sætt:
>
> ~~Þ~~ Tjeðir forráðamenn og eigendur jarðanna Kroppstaða og Breiðabóls urðu ásáttir um að breytta áður þinglesnum landamerkjum tjeðra jarða þannig, að svonefndur Kroppstaðaeyri skulu teljast eign jarðannar Kroppstaða, (~~nefnilega~~) með þeim ummerkjum sem getið er um í merkjalýsingu jarðannar Kroppstaða, nefnilega Breiðabólsmegin framan með ánni, að keldu, er liggur svo sem ca. 10 metra frá því er Hraunsá fellur í Langá. Þaðan bein lína í keldu við ána undir Gýjarholti. Að öðru leyti skulu áður þinglesin merki tjeðrar jarðar ráða.
>
> Ennfremur sættust forráðamenn og eigendur á það að afgirða Kroppstaðareyrar næstkomandi sumar með löggirðingu og kosti forráðamaður Kroppstaða girðinguna að þremur fjórðu pörtum og eigendur Breiðabóls að einum fjórða. Viðhald sameiginlegt að jöfnu. Og er það skilyrði fyrir ofangreindri sætt ~~og~~ að girðing þessi sje sett niður innan hins tiltekna tíma.
>
> Forráðamaður Kroppstaða annast um framkvæmd verksins.
>
> Loks er einnig samkomulag um það, að kostnað við ferð dómara, birtingu á stefnu og rjettargjörð og annan kostnað, svo ~~se~~ sem til fylgdarmanns dómara greiði forráðamaður Kroppstaða að hálfu og eigendur Breiðabóls að hálfu leyti.
>
> Til staðfestu sætt þessari undirskrifa framannefndir forráðamenn og eigendur jarðanna Kroppstaða og Breiðabóls gerð þessa.
>
> Frekara eigi fyrirtekið. Rjetti slitið Oddur Gíslason

[783] Skjal nr. 2(38).
[784] Skjal nr. 2(863).

> Vottar: Jóhannes Kristjánsson Jóhann Bárðason
>
> Ørnólfur Hálfdansson, Kristján Erlendsson, Illugi G. Sigurðsson, Benedikt Bjarnason, Jón S. Magnússon Páll Árnason.[785]

Við manntalsþing Hólshrepps 3. júlí 1923 var þinglesin landamerkjaskrá Kroppsstaða og Breiðabóls frá 31. ágúst 1922. Í dómsmálabókina er færslan um þinglestur landamerkjaskrár Kroppsstaða og Breiðabóls skráð að nýju aftar í bókina, en þar bætt við að landamerkin séu samkvæmt sátt fyrir landamerkjadómi 31. ágúst 1922. Sú færsla er yfirstrikuð í bókinni.[786]

Við manntalsþing Hólshrepps 3. júlí 1923 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 2. júlí sama ár, þar sem Arngrímur Fr. Bjarnason og Bjarni J. Bárðarson seldu Guðbjarti Sigurðssyni nokkra hluti úr jörðinni Breiðabóli í Skálavík.[787]

Hinn 31. maí 1924 skrifuðu Jón S. Magnússon, Guðbjartur Sigurðsson og Benedikt Bjarnason, eigendur og umráðamenn Breiðabóls, að þeir teldu að landamerkjum milli jarðanna Breiðabóls og Hóls í Bolungarvík væri ranglega lýst í landamerkjaskjali Kristjáns Erlendssonar og Örnólfs Hálfdánssonar sem eigenda Breiðabóls, en það skjal var þinglesið við manntalsþing árið 1922. Skjal þremenninganna var þinglesið við manntalsþing í Bolungarvík 4. júlí 1924 en texti þess er svohljóðandi:

> Nokkrir af eigendum jarðarinnar Breiðaból í Hólshreppi, þeir Kristján Erlendsson Meiribakka og Örnólfur Hálfdánsson Breiðabóli Skálavík, hafa á manntalsþingi 1922 látið þinglýsa landamarkabrjefi um landamerki á Stigahlíð milli jarðanna Holl og Breiðabol í Holshreppi.
>
> Hafa þeir tveir einir undirskrifað brjef þetta, en enginn annar af eigendum Breiðabóls og engin af eigendum Hóls. Ákveður brjef þetta að merki milli jarðana á Stigahlíð utanverðri sjeu svonefndir Björtulækir milli Hvassaleitis og Miðleitis.
>
> Við undirritaðir eigendur og umráðamenn Breiðabols teljum að merkjum þessum sje rangt lýst í brjefinu. Teljum við að Holl eigi alla leið út í Gunnarsvík norðanvert í Kerlingunni, og samþykkjum að þinglýst sje brjefi um landamerkin í samræmi við það.
>
> Bolungarvík, 31 maí 1924
>
> Jón S Magnússon J Guðbjartur Sigurðsson
>
> Benedikt Bjarnason
>
> Vottar: Páll Arnason Jón Jónsson[788]

Hinn 15. júní 1940 var tekið fyrir að skipta túni og engjum jarðarinnar Breiðabóls. Eigendur jarðarinnar voru sjö talsins en ekki náðist að upplýsa um eignarhlutföllin þeirra á milli og voru aðilar þá ásáttir um að fresta skiptum.[789]

785 Skjal nr. 2(35).
786 Skjal nr. 2(850).
787 Skjal nr. 2(850).
788 Skjal nr. 2(39).
789 Skjal nr. 2(79).

5.33 Minni-Bakki í Skálavík

Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[790]

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[791]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til dóttur hennar Birgittu Jónsdóttur þannig að hún fékk Arnardali, Breiðaból og Bakka, þ.e. Minni-Bakka.[792]

Hinn 10. maí 1558 fóru fram skipti á arfi eftir Þorleif lögmann Jónsson. Í hlut Guðrúnar dóttur hans komu meðal annars jörðin Hóll í Bolungarvík með eftirfarandi útjörðum: Miðdal, Hlíð með Tröð og Búðum, Minni-Hlíð, Tungu, Stærra-Hrauni, Kroppsstöðum, Bakka, Keflavík og Gelti.[793]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Minni-Bakka í Skálavík:

> **Minne Backe.**
>
> Jarðardýrleiki vi hndr., og svo tíundast hún almennilega.
>
> Jörðin er almennilega haldin að vera frá fornu fimtúngur af Breiðabóls jörðu, og eiga þær báðar saman óskifta úthaga.
>
> Eigandi er Þorsteinn Björnsson og ábúandi hinn sami.
>
> […]
>
> Reka á jörðin fyrir sínu landi saman við Breiðabólsreka, en hvernig þessu rekaskifti sje varið stendur til greina. Eigandi Minna Bakka heldur að Breiðabólsmenn eigi hálfan hvalreka en hann hálfan, og trjárekinn allur fylgi Minna Bakka og segir þetta lánga hefð vera. Heimræði er hjer og skipsuppsátur.
>
> Engjunum spilla skriður ár eftir ár meir og meir. Vetrarhart er hjer eins og á Breiðaból.
>
> Selstöðu á jörðin í Breiðabóls landi eður rjettara að segja í beggja jarðanna óskiftu landi.
>
> Niður við sjóinn í Minna Bakka landi sjest til 7 eður 8 vallgróinna búðatófta, hvar af ein enn nú kallast Holtsmanna skáli og önnur Mýramanna búð. Meinast verbúðir verið hafa, en enginn veit neitt til að segja nær þær hafi brúkaðar verið. Ekki róa hjer um vertíð nema innbyggjendur.

790 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).
791 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).
792 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
793 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 305–307, skjal nr. 4(236).

> Hjer er vel komið til fiskiafla, að því fráteknu, að brim hindrar hjer stórum útróður og lendíng. Kirkjuvegur úr allri Skálavík er mjög erfiður yfir Skálavíkurheiði til Hóls í Bolúngarvík.[794]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 5. júní 1787 var upplesinn vitnisburður um landamerki á Stigahlíð milli Hóls og Breiðabóls frá árinu 1510. Þá var upplesinn vitnisburður Þorláks Kolbeinssonar um sameiginlegan rekarétt Breiðabóls og Minni-Bakka, dagsettur 20. október 1761. Sýslumaður úrskurðaði hins vegar ekkert um það hvort tollver tilheyrði Breiðabóli í landi Minni-Bakka.[795]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Minni-Bakka í Skálavík metinn sex hundruð. Eigendur jarðarinnar voru ábúendurnir Páll Pálsson og Jón Þorkelsson.[796]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 26. júní 1821 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 16. júní sama ár, hvar sr. Jón Matthíasson á Eyri við Skutulsfjörð makaskipti sjö hundruðum í Sæbóli í Aðalvík gegn Minni-Bakka í Skálavík, fjórum hundruðum að dýrleika, við Jóhannes Þórðarson. Með sama bréfi seldi Jóhannes eitt hundrað í nefndu Sæbóli fyrir 12 spesíur.[797]

Við manntalsþing að Hóli 12. júní 1822 var upplesið afsalsbréf frá 8. október 1821 þar sem Jón Pálsson og Bjarni Magnússon seldu tvö hundruð í Minni-Bakka til sr. Jóns Matthíassonar á Eyri við Skutulsfjörð fyrir 30 spesíur eða þeirra virði.[798]

Í sáttagjörð Sæmundar Árnasonar og J. Johnsons frá 10. október 1829 er fjallað um skiptingu reka milli Breiðabóls og Minni-Bakka í Skálavík. Fram kemur að um hálfu þriðja ári fyrr hafi komið upp nýr ágreiningur milli eigenda jarðanna tveggja vegna reka milli Bakkaár og Grunnavíkur fyrir norðan Þórðarkamb fyrir landi Minni-Bakka. Í skjalinu er svo vísað til máldaga og biskupsvísitasía en flest gögnin eigni Breiðabóli rekann á meðan önnur nefna Minni-Bakka. Samkvæmt sáttagjörðinni skyldu 4/5 hlutar rekans á áðurnefndu rekamarki tilheyra Breiðabóli en 1/5 hluti skyldi tilheyra Meiri-Bakka. Þá segir einnig frá verbúð Breiðabólsmanna í landi Minni-Bakka sem þeir muni hafa tollfrítt. Loks segir að ábúandinn á Minni-Bakka skuli vera ákærulaus af hálfu hinna, þótt landseti hans muni jafnvel ekki samþykkja skilmálana. Sáttagjörðin var þinglesin 24. maí 1842.[799]

Í bréfi Benedikts Bjarnasonar á Minni-Bakka í Skálavík til Guðmundar Brynjólfssonar á Mýrum, dagsettu 19. apríl 1839, er fjallað um vergögn Mýrakirkju í landi Minni-Bakka. Benedikt kvaðst ekki geta neitað rétti kirkjunnar eftir máldögum og biskupsvísitasíum og að hann myndi ekki standa í vegi fyrir því að byggt yrði tollver í nafni kirkjunnar. Að því sögðu bætti Benedikt við að hans álit væri að kirkjan gæti ekki byggt eða léð öðrum tollver í landi Minni-Bakka.[800]

---

794 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 143–144, skjal H-12.
795 Skjal nr. 2(865).
796 Skjal nr. 2(117).
797 Skjal nr. 2(744).
798 Skjal nr. 2(845).
799 Skjal nr. 2(575).
800 Skjal nr. 2(235).

Hinn 30. desember 1839 skrifaði Guðmundur Brynjólfsson til biskups um réttindi Mýrakirkju í löndum Þaralátursfjarðar, Minni-Bakka og Garða í Dýrafirði. Í bréfinu kemur fram að Þaralátursfjörður hafi verið í eyði, en Guðmundur spurði einnig hvort Mýrakirkja hefði rétt til tollvers í landi Minni-Bakka en ábúandi þar hafi mælt í mót þegar formaður skipsins réri þaðan í umboði Guðmundar. Þá spurði Guðmundur hvort Mýrakirkja hefði rétt til torfristu í Garðalandi vegna kirkjunnar og heimilisnauðsynja.[801] Hinn 25. mars 1840 skrifaði biskup sr. Sigurði Jónssyni um fyrirspurn Guðmundar um réttindi Mýrakirkju. Í bréfinu óskaði biskups eftir frekari upplýsingum frá sr. Sigurði.[802] Sr. Sigurður svaraði biskupi með bréfi dagsettu 9. október sama ár og sagði ómögulegt að Þaralátursfjörður og tollverið í landi Minni-Bakka væru gengin undan kirkjunni á Mýrum, en þótt Þaralátursfjörður væri í eyði og gæfi ekki arð þá héldi kirkjan eignarhaldi á plássinu. Um torfristuna í Garðalandi vitnaði sr. Sigurður til máldaga sem segði að Mýrakirkja ætti þar torfristu sem vill, en einnig vísaði hann til úrskurðar Þórðar Þorlákssonar biskups frá 31. mars 1695 um að hér ætti að skilja húsatorf en ekki eldiviðartorf.[803] Biskup skrifaði sr. Sigurði að nýju með bréfi dagsettu 19. mars 1841 og sagði að hann vissi ekki betur en að Mýrakirkja hefði fullkominn rétt til óbyggðu jarðarinnar Þaralátursfjarðar og tollversins í landi Minni-Bakka. Um torfristu í landi Garða kvaðst biskup telja að sú brúkun næði einungis til kirkjunnar.[804]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Minni-Bakki í Skálavík metin 6 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[805]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Minni-Bakka:

> 2. Minni bakki: gód fjórubeit og hægd til slægna og sjóarfánga mæla ærid framm med býli þessu, þó árensli á sídarstlidnum vetri hafi tóluverdt spilt grasnýtjum þess~~ar.~~[806]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 228 ríkisbankadali.[807] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Minni-Bakka breytt í 204 ríkisbankadali.[808]

Með kaupbréfi dagsettu 13. ágúst 1867 seldi Þorvarður Þórðarson sex hundruð í Minni-Bakka í Skálavík til verslunarinnar Herra Sass og sona á Ísafirði. Kaupbréfið var þinglesið 14. júní 1869.[809]

801 Skjal nr. 2(459).
802 Skjal nr. 2(460).
803 Skjal nr. 2(461).
804 Skjal nr. 2(462).
805 Skjal nr. 4(1), bls. 197.
806 Skjal nr. 2(156).
807 Skjal nr. 2(169).
808 Skjal nr. 2(164).
809 Skjal nr. 2(576).

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Minni-Bakka í Skálavík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 700 kr. Eigandi hennar var Benedikt Bjarnason.[810]

Landamerkjalýsing jarðarinnar Minni-Bakka í Skálavík er dagsett 5. maí 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing í Bolungarvík 4. júlí 1922. Á lýsinguna er skráð 27. júní 1921 að aðeins tveir af eigendum Breiðabóls og annar af eigendum Meiri-Bakka hafi ritað samþykki sitt á landamerkjaskrána og þá segir að það vanti að lýsa merkjum jarðarinnar á einn veg, þ.e. Stigahlíð. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki fyrir jörðina Minnibakki í Skálavík í Hólshreppi, sem er 6 hundruð að fornu mati samkvæmt lögum 17. mars 1882
>
> Landareign hennar er frá Merkjagarði, sem er milli jarðanna Minnibakka og Breiðabóls upp á fjallsbrún og niður í Langá, sem rennur niður miðjan dalinn til sjávar. Langá skilur einnig merki milli Meiribakka og Minnibakka. Minnibakki á fría sumarbeit á Breiðabóli, en Breiðaból fría fjörubeit.
>
> Jörðin Minnibakki á 1/5 úr öllum reka sem tilheyrir Breiðabóli.
>
> Minnibakka 5. maí 1921
>
> Benedikt Jónsson eigandi jarðarinnar.
>
> Páll Jósúason Meiribakka eigandi að parti.
>
> Jón S. Magnússon eigandi í Breiðabóli.
>
> Halldór H.G. Pálmason forráðamaður að parti í Breiðabóli
>
> Aðeins tveir af eigendum Breiðabóls og annar eigandi Meiribakka hafa ritað samþykki sitt á landamerkjaskrá þessa, einnig vantar að lýsa merkjum jarðarinnar á einn veg (Stigahlíð)
>
> Bolungarvík 27 júní 1921
>
> Jón Barðarson (hreppstjóri)[811]

5.34 Stigahlíð milli Skálavíkur og Bolungarvíkur[812]

Hinn 9. mars 1600 vitnuðu Þorleifur Jónsson, Bjarni Bjarnason, Jón Helgason, Bjarni Sigmundsson, Guðmundur Tómasson og Gunnar Bjarnason um landamerki milli Hóls í Bolungarvík og Breiðabóls í Skálavík. Vitnisburður þeirra er svohljóðandi:

> ecki hofum wier vm wora æfi annat heyrt nie vitad vm landamerke j millum Höls j bolungarvik og breidabols j Skælavik, enn j lækinn þann rennr ofan eptter hrÿggnum, vtan til vid Gunnarsvik, og suo einmitt upp j fiallz Nÿpuna. Hef eg adr nefndr Þolleifr Jonsson buit xx. ar vnder meire Hlid, enn viij. ar æ Breidaboli, og werit ij. ar wistfastr æ Holi. Enn eg var xxx. ara gamall, þa eg fyrst kom til bolungar wikr: Wissa eg fyrer full sannindi til, ad Sveinn heitinn Jonsson hiellt þessi landamerki, sæ sem hiellt breidabol fyrer sina eign, ad breidaböl ætti inn j þann læk sem rennr utan til vid Gunnarswik, þar æ kambinum og einmidt upp j fiallid sem þad er hæst, og þau tre sem rako j Gunnarsvik, og æ Þorgeirs waullum, woru aull Hölj eignut: Og beitar fyrer sitt fe bad Sveinn heitenn Jonsson þangat af wmbodz monnum Þorleifs heitins Palssonar: Wissa eg eirnen til sanns ad Sweinn heitjnn Jonsson sem kendr war dunason bad ætid

[810] Skjal nr. 2(198).
[811] Skjal nr. 2(33).
[812] Sjá einnig kafla 5.40 um Hól í Bolungarvík.

beitar þæ sem æ Holi ætto fyrer ad rada, og woru honum lieder þessir Þorgeirs wellir huert haust, og eckj hefi eg annat heyrt af mier elldri monnum, og er eg nu lxx. at alldri. Swo og hef eg adur greindur biarni biarnason, eckj annat heÿrt halldit wm mina ~~halldit wm mina~~ daga, enn ad breidabol ætti ad læknum sem er wtan til wid Gunnarswik, og suo sagdi mier minn Salugi modurfader Tumas Jonsson, as suo hefdi j sina tid werit halldit, og j tid sinna forelldra. Heyrda eg hann þui opt og osialldan lÿsa, olst hann hier upp j þessum badum wÿkum bolungar wik og Skalauÿk, og bio hann hier æ þessum ollum jordum j Skæla wÿk æ breidaboli, meira backa og minna backa ~~j xxxviij. (sic)~~ up j jx. ar. og j bolungarwik xx ar. j Sugandi firdi xxij. ar. swo at allur hanz alldur woru lxxxviij. ar. So og hef eg j Skælawik werit æ þessum jordum breidaboli, meira backa og minna backa j xxxviij. ar, og hef eg nu xvij. um xl. wissa eg til sanns ad Sweinn heitinn Jonsson sat æ breidaboli, og hiellt þad fyrer sina eign, hefdi leÿfi af þeim sem fyrer holi ætto ad rada, fyrer þeim triam sem rak j Gunnars wik jnn j Waullum og aller þeir sem fie sino beitto wr Skalauik j Þorgeirs waullur, hofdo ætid leÿfi þar fyrer af umbodz monnum af Holi, edur sialfum Holz eignar monnum. So og hef eg Jon Helgason heyrt hit sama, um þessi landamerki, og alldri annat enn Holl eige wtj lækinn wtan til wid Gunnars wÿk, og j kambinn þann sem lækurinn rennr æ, og so upp j fiallz brunina þar sem fiallid er hæst, og þetta sagdi mier Thumas heitinn Pælsson, ad suo hefdi hann witad halldit um þessi landamerki, og bio hann langa tíma æ Minna backa, og war hann lx. wetra gamall, hefur og biarni biarnason þessu einatt fyrer mier lÿst, ad þessi wæri landamerki a millum Holz og breidabols sem adr er greint. og eckj hef eg um mina daga, witad hier um annad halldit, og hef eg nu jx. um ~~fertugt (sic)~~ xl. Eg biarni Sigmundson hef og alldri annad witad halldit um þessi landmerki, helldr slikt hid sama witad halldit, sem hier seiger. og hef eg werit wistfastr j Skalauik j samfleÿt xxj. ar, enn nu hef xlj. at alldri. Þetta sama hef eg Gudmundr Thumasson heÿrt og witad halldit um landamerkj millum Holz og breidabols wm mina daga, sidan eg matti muna sem adr er sagt hier fyr og hef eg upalist og leingstum dualist j þeim badum wikum, og lÿsti minn salugi fader fyrer mier til greindra landamerkia Thumas Palson, og bio hann xx vj. ar j Skalawik. og so hafdi halldit werit um þann tima og þad lengr hann mættj til muna. Er eg greindr Gudmundr Thumasson xl. ad alldri. Slikann witnisburd ber eg Gunnar biarnason, ad eg hefi slikt hid sama heÿrt af öllum halldit wm saumo landamerki sem hier er nu fÿrri sagt, enn alldri annars, hef eg j greindri sueit uppalist og var þar j xxxj. ar, og war hwergi annarsstadar wistfastur sidan eg war x. wetra gamall enn æ Breidaboli hia Sweini heitnum Jonssyni og Sueini heitnum er kendr war dunason, og heyrdi eg þa opt þeim landamerkium lÿst sem nu er sagt.[813]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 22. maí 1719 auglýsti Sigmundur Sæmundsson reka á Stigahlíð, nokkurn part af útlensku skipi í þremur hlutum. Fram kom að það hafi rekið upp á Eiðihlíð og brotnað í stórgrýti. Járn í rekanum var metið 12 fjórðungar.[814]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 5. júní 1787 var upplesinn vitnisburður um landamerki á Stigahlíð milli Hóls og Breiðabóls frá árinu 1510. Þá var upplesinn vitnisburður Þorláks Kolbeinssonar um sameiginlegan rekarétt Breiðabóls og Minni-Bakka, dagsettur 20. október 1761. Sýslumaður úrskurðaði hins vegar ekkert um það hvort tollver tilheyrði Breiðabóli í landi Minni-Bakka.[815]

[813] Skjal nr. 2(358).
[814] Skjal nr. 2(864).
[815] Skjal nr. 2(865).

Með forboði, dagsettu 28. júlí 1876, bönnuðu Tyrfingur Pálmason, Sigurður Þórarinsson, Árni Jónsson og Jón Matthíasson hagagöngu í Stigahlíð nema með gjaldi eða eins og segir í forboðinu:

> Hjermeð gefum við undirskrifaðir til vitundar, öllum þeim mönnum sem láta skepnur sínar á Stigahlíð til hagagöngu að þeir eiga að borga okkur öllum til samans 16 aura fyrir hverja kind sem þeir á hlíðina láta til haga göngu yfir sumarið og hefur enginn heimild til að láta pening sinn þángað nema hann svari ofannefndri borgun, en skyldi nokkur láta hesta á hlíðina, þá hlytur hann að borga 43 aura fyrir hverja viku sem hesturinn er hafður þar og eins fyrir hvorn nautgrip er á hana er látinn.
>
> Þessi borgun áskiljum við, að okkur sje afhent um fjallgöngutíð á ári hverju, þá eigendur taka skepnur sínar af hlíðinni.[816]

Hinn 13. desember 1932 fór fram lögregluréttur þar sem haldin var rannsókn vegna kæru um brot á fjallskilareglugerð Norður-Ísafjarðarsýslu. Ólafur Magnússon, vinnumaður á Hóli, var fyrst yfirheyrður og sagði kæruna rétta. Hann kvaðst ekki fara í göngur í Stigahlíð og að hann hefði tjáð oddvita Hólshrepps slíkts. Þá var Hjálmar Guðmundsson á Meiri-Hlíð yfirheyrður. Hann sagði kæruna rétt að því leyti að hann hafi ekki sent mann í Botnsrétt. Loks var Jóhannes Teitsson, oddviti Hólshrepps, yfirheyrður þar sem hann staðfesti að vitnisburðir Ólafs og Hjálmars væru í meginatriðum í samræmi við samskipti sín við þá.[817]

5.35 Meiri-Hlíð í Bolungarvík

Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[818]

Hinn 2. júlí 1463 seldi Skúli Loptsson jörðina Hlíð í Bolungarvík til Björns Þorleifssonar fyrir jörðina Meira-Vatn í Skagafirði.[819]

Með vitnisburði, dagsettum 13. febrúar 1469, vitnaði Jón Alexíusson um Bolungarvíkurtolla Vatnsfjarðarkirkju þannig að hann hafi afhent Birni Þorleifssyni skipan Kristínar Björnsdóttur um að allir þeir sem vildu róa í Bolungarvík skyldu að frjálsu koma þar að Gregoríusmessu og fara í burt við Michaelsmessu, en vertíð yrði heimil þar á milli og skyldi hver hlutamaður gjalda til kirkjunnar í Vatnsfirði. Þá segir í vitnisburðinum að hver tollmaður skyldiu hafa að frjálsu hrísrif og torfskurð í Skeggjamýri, en annars í Hlíðarjörð ef þar skyldi ekki vinnast.[820]

---

816 Skjal nr. 2(586).
817 Skjal nr. 2(866).
818 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).
819 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 381, skjal nr. 4(201).
820 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 535, skjal nr. 4(202).

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[821]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sona hennar Björns og Einars Jónssona þannig að þeir fengu Hól í Bolungarvík, Neðri-Breiðadal, Gölt, Meiri-Hlíð, Bakka, Tungu, Minni-Hlíð, Meira- og Minna-Hraun og Kroppsstaði.[822]

Hinn 10. maí 1558 fóru fram skipti á arfi eftir Þorleif lögmann Jónsson. Í hlut Guðrúnar dóttur hans komu meðal annars jörðin Hóll í Bolungarvík með eftirfarandi útjörðum: Miðdal, Hlíð með Tröð og Búðum, Minni-Hlíð, Tungu, Stærra-Hrauni, Kroppsstöðum, Bakka, Keflavík og Gelti.[823]

Hinn 26. júlí 1564 vitnaði Jón Höskuldsson um landamerki Hóls og Hlíðar í Bolungarvík og fiskitolla til Vatnsfjarðarkirkju. Vitnisburðurinn er svohljóðandi:

> Svo felldan vitnisburd ber eg Jon Hauskulldsson ad eg er nu siautigi ära gamall madur. og hefi eg leingstum vistfastur verid j Bolungarvik um mïna daga. hefi eg alldrei annad heyrt um mïna daga en su ä sem rennur j mille Höls og Hlïdar j Bolungarvik hafi runnid fyrir ofan Buder og svo ut og framm j Fornärös ad fornu fari. Sagdizt minn fadir Hauskulldur hafa þar og alldrei heyrt tvimæli ä leika um sina daga og var hann lxxx. vetra gamall madr. Svo og sagdi minn fader mier ad hann hefdi leingstum verid hia Husfru Solveigu Biornsdottur. Sagdi hann mier ad svo hefdi þa golldid verid ad til Vatzfiardar hefde ecki golldizt aðrer tollar ur Bolungarvik enn fra skierinu Þiodolfi og til Fornäröss. hefi eg og vitad j aullum fyrrnefndum tima ad ädurnefnder budarmenn og vermenn hafa sialldan edur alldrei annarstadar torf stungid og ristid til sinna buda enn j kringum þær i þeirra leyfi sem rädamenn hafa verid ä Höli. Og til sanninda hier um set eg mitt innsigli fyrir þetta brief er skrifad var a Höli j Bolungarvïk sietta dag og xx Julii. ärum epter gudz burd M. D. lx. iiij.
>
> Fyrirfarande witnisburdur er ordriett skrifadur epter kalfskinnsbrefe med underhangande heilu og læsiligu jnnsigli Jons Hoskulldssonar. þad vottum vier er saman läsum ad Skalhollte þan 16. Decembris Anno 1707. Magnus Markusson. Snorre Jönsson. Þördur Þördarson.[824]

Fimm aðrir vitnisburðir vitnuðu um hið sama.[825]

Með samningi milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar, dagsettum 22. september 1588, taldi Sæmundur til kaups og konumundar við Helenu (Elínu) Magnúsdóttur þrjú hundruð hundraða í jörðum og lausagóssi. Jarðirnar voru meðal annars Hóll í Bolungarvík, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga, Miðdalur, Ós, Hanhóll, Gil, Meiri-Bakki, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhóll. Þar á móti gáfu hjónin Magnús Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir dóttur sinni Helenu hundrað hundraða í jörðum, kúgildum og öðrum peningum að ýmsum jörðum tilgreindum, þar

821 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).
822 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
823 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 305–307, skjal nr. 4(236).
824 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 290–291, skjal nr. 4(203).
825 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 291–294, 299–300, skjal nr. 4(203).

á meðal Sæbóli á Ingjaldssandi, Heydal og Botni í Mjóafirði. Jarðirnar Ós, Minni-Hlíð og Hraun fékk Helena með þeim skilmálum að þær erfðust til barna hennar og Sæmundar.[826]

Í vitnisburði Jóns Stefnissonar, dagsettum 16. febrúar 1589, er fjallað um eigendur ýmissa jarða í Bolungarvík og Skálavík. Í vitnisburðinum segir að Oddur Leppur hafi átt Hól, allar aðrar jarðir í Bolungarvík og allar jarðir í Skálavík, en Guðni Oddsson hafi erft þær allar. Þá segir að Sæunn Guðnadóttir hafi eignast eftir Guðna föður sinn Hól, Meiri-Hlíð og fleiri jarðir í Bolungarvík, en Snjólaug Guðnadóttir hafi eignast Ós í Bolungarvík og aðrar jarðir þar á móts við systur sína.[827]

Í vitnisburði frá 12. júlí 1619 segir að Sæmundur Árnason hafi tilkynnt að hann hafi fyrir löngu sett konu sinni Elínu Magnúsdóttur fyrir hennar föðurleifð og fastaeign sem hún átti í hans garð jarðirnar Hól, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstungu og Ós.[828] Sama kemur fram um jörðina Hól í vitnisburði sr. Halldórs Jónssonar frá 17. ágúst 1619 en sr. Halldór vitnaði einnig að hann hafi heyrt Sæmund spyrja opinbera við brúðkaup hinn 8. ágúst 1619 hvort nokkur hefði heyrt sig gefa jörðina Hól, en því hafi allir neitað.[829] Sama kemur fram í vitnisburði Þórðar Péturssonar frá 18. október 1619.[830]

Með kaupmála, dagsettum 8. ágúst 1619, taldi Sæmundur Árnason syni sínum Magnúsi hundruð hundraða til kaups og konumundar til móts við Sigríði Þorleifsdóttur jarðirnar Hól í Bolungarvík fyrir 80 hundruð, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð fyrir 32 hundruð og Þjóðólfstungu fyrir 12 hundruð. Magnús gaf svo Sigríði Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð í tilgjöf. Hjónin Þorleifur Bjarnason og Elín Benediktsdóttir, foreldrar Sigríðar, tilskildu að tilgjöf Magnúsar til Sigríðar skyldi hverfa til þeirra skilgetinna barna. Á móti gáfu Þorleifur og Elín dóttur sinni Sigríði til ektaskapar móts við Magnús hundrað hundraða í ýmsum jörðum og eignum.[831] Með vitnisburði, dagsettum 16. ágúst 1619, vitnuðu sr. Þorsteinn Oddsson, sr. Halldór Jónsson, Guðmundur Þorleifsson, Þórarinn Grímsson, Snæbjörn Erlendsson og Steinn Böðvarsson að Sæmundur hefði hinn 8. ágúst það ár selt Magnúsi syni sínum jarðinar Hól í Bolungarvík, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð og Þjóðólfstungu í Bolungarvík fyrir jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun og Tungu í Valþjófsdal.[832]

Hinn 5. september 1639 var tekið fyrir mál um fiskitolla í Bolungarvík en málsaðilar voru sr. Jón Arason í Vatnsfirði og Sigríður Þorleifsdóttir á Hóli í Bolungarvík. Magnús Jónsson kom fyrir dóminn fyrir hennar hönd. Lögð voru fram ýmis skjöl Vatnsfjarðarkirkju og dæmt að testamentisbréf Björns Einarssonar væri nýtt og myndugt og mætti ekki raskst. Einnig var dæmt að þau bréf, dómar og skilríki sem

826 Skjal nr. 2(356).
827 Skjal nr. 2(357).
828 Skjal nr. 2(364).
829 Skjal nr. 2(362).
830 Skjal nr. 2(361).
831 Skjal nr. 2(363).
832 Skjal nr. 2(360).

hljóðuðu upp á hið gamla skallabréf og innihéldi að Vatnsfjarðarkirkja ætti allan skreiðartoll í Bolungarvík, væru með öllu ónýt og magtarlaus. Í framhaldinu sættust sr. Jón og Magnús á að Vatnsfjarðarkirkja skyldi héðan í frá hafa tvö tollfrí skip að frjálsu, allt árið um kring, í Meiri-Hlíðarlandi í Bolungarvík fyrir utan Drymblu þar sem Vatnsfirðingabúð hafði að fornu verið, með ristu og stungu þannig að hvorki skyldi skaðast tún eða engjar. Á móti skyldu bréf, dómar og skilríki sem tilheyrðu kirkjunni varðandi alla fiskitolla í Bolungarvík, fyrir utan það sem nú var skráð og sæst á, vera dauð og magtarlaus.[833]

Hinn 19. maí 1651 fór fram arfaskiptagjörningur milli sona Sigríðar Þorleifsdóttur. Skiptin urðu þannig að Björn Magnússon fékk hálfa jörðina Hól í Bolungarvík og hálfa jörðina Þjóðólfstungu. Sigmundur Magnússon fékk jarðirnar Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð og Steig, en Sæmundur Magnússon fékk hálfa jörðina Hól og hálfa jörðina Þjóðólfstungu á móti Birni.[834]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Meiri-Hlíð í Bolungarvík:

> **Meire Hlid.**
>
> Jarðarinnar allrar dýrleiki xxiiii hndr., en heimajörðin sjálf reiknast fyrir xii hndr.
>
> Eigandi að hálfri jörðunni heima og hjáleigum er Sæmundur Magnússon að Hóli í Bolúngarvík. Að hálfri Sigmundur Sæmundsson sonur hans.
>
> Ábúandinn er Sigmundur Sæmundsson.
>
> […]
>
> Jörðunni spilla stórum skriður, sem jafnlega falla á túnið. Engjunum spillir á, sem ber á þær grjót og aur.
>
> Reka á jörðin frá forna árósi (Drimlárósi) til Dunasteins á Stigahlíð.
>
> Um skipsuppsátur og verbúðir í jarðarinnar landi kemur síðar.
>
> **Trød.** Hjáleiga frá Meiri Hlíð reiknuð fjórðúngur jarðarinnar.
>
> Eigendur sömu sem heimajarðarinnar, sinn að hverjum helmíngi.
>
> Ábúandinn Thómas Jónsson.
>
> […]
>
> fyrir 6 árum fjell skriða á túnið,
>
> […]
>
> Túninu spilla stórum skriðum, sem jafnliga áfalla.
>
> Í Meiri Hlíðar landi skamt frá Tröð var fyrir hjer um 15 árum bygt kot, sem kallað var **Hreggnase**, og hjeltst bygðin tvö eður 3 ár.
>
> […]
>
> Ekki verður þetta kot aftur bygt sökum þrönglendis.
>
> **Ytre Buder.** Önnur hjáleiga frá Meiri Hlíð. Reiknast fyrir vi hndr. eður annan fjórðúng jarðarinnar.

[833] Skjöl nr. 2(368) og 2(241).
[834] Skjal nr. 2(369).

> Eigendur sömu sem að Meiri Hlíð.
>
> Hjer hefur að forngildu ekki verið nema einn bær, en fyrir hjer um 30 árum var bygður nýr bær í sama túninu, og láu þá iii hndr. til hvers bæjarins. Þessi nýi bær lagðist í eyði fyrir 4m árum eður 5, og meinast aldrei muni aftur byggjast.
>
> Ábúandi á forna bænum er Þórður Björnsson og nytkar alla hálfa jörðina að fullu. Framar hefur Þórður til leigu túnið sem lá til nýja bæjarins og þriðjúng af engjunum, en tvo parta engjanna, sem láu til nýja bæjarins, hefur til leigu Narfi Þorsteinsson búandi á Heimari Búðum (Hóls hjáleigu).
>
> […]
>
> Narfi geldur ekkert ákvarðað fyrir sinn hlut engjanna heldur kemur það í eina summu með afgjaldi hans af Heimari Búðum (hvar um síðar).
>
> […]
>
> Þegar sá nýi bærinn lagðist í eyði fór í burt ij kúgildi og hafa síðan verið ij kúgildi, og svo er nú.
>
> […]
>
> Engjunum spillir Hólsá.
>
> Í Ytri Búða landi standa verbúðir, sem heyra til Meiri Hlíð. Brúka þær á vorin um vertíð ýmsir menn í kríngum Ísafjarðardjúp, sem híngað senda skip sín til fiskiafla, og gefa hjer toll. Búðirnar, sem uppi eru, eru nú 9, fyrir bóluna voru 12 og fleiri hafa fyrrum verið, gengur þetta upp og niður um búðatöluna eftir því sem skipin aðkoma. Ein af þessum búðum heitir Vatnsfjarðarbúð, því Vatnsfirðíngar eiga hjer frí skipstöðu og búðargjörð. Öngar eru hjer fríar búðir fleiri.[835]

Hinn 30. maí 1783 skrifuðu O. Erlendson og M. Sigmundsson forboð um að nýttar væru svokallaðar Vatnsfjarðar- og Ármúlabúðir þá um vorið í þeirra landi, þ.e. Meiri-Hlíðar, án skriflegs leyfis. Skyldu tollar ekki vera greiddir til þeirra væri uppsátur í þeirra landi fyrirboðið sem og öll rista og stunga til viðhalds á búðunum.[836]

Hinn 29. ágúst 1738 skrifaði Sveinn Sölvason lögmaður Ólafi Gíslasyni Skálholtsbiskupi um vertollamál í Bolungarvík sem hafði verið tekið fyrir á tveimur lögþingsréttum við Öxará. Málsaðilar væru annars vegar sr. Magnús Teitsson í Vatnsfirði og hins vegar Magnús og Bergur Sigmundssynir landeigendur Meiri-Hlíðar. Sveinn fór yfir hvernig dæmt hafði verið nokkrum sinnum um vertolla í Bolungarvík, síðast árið 1639, en ágreiningur um þá væri enn á ný komin til kasta yfirvalda. Sveinn sagði enn fremur að dæmt yrði í málinu við næsta lögþing.[837] Í öðru skjali dagsettu 29. ágúst 1748 skrifaði Sveinn að tvíræðni væri í orðalaginu „Halfa alla Vertolla“ sem gæti annað hvort skilist sem allir tollar úr hálfri víkinni eða hálfir tollar úr allri víkinni. Að hans mati hlyti meiningin að hafa verið sú að taka tolla frá öllum jörðum í víkinni en Vatnsfjarðarprestar hafi heimtað þá alla að norðan og vestanverðu, frá skerinu Þjóðólfi og allt að Drymlu. Um hefð kvað Sveinn hana vissulega vera komna til staðar, ekki síst vegna samnings sr. Jóns Arasonar við eiganda Meiri-Hlíðar.[838]

[835] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, bls. 144–146, skjal H-12.
[836] Skjal nr. 2(243).
[837] Skjal nr. 2(242).
[838] Skjal nr. 2(242).

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Meiri-Hlíðar í Bolungarvík metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Árni Magnússon á Breiðabóli. Fram kemur að hjáleigurnar Tröð og Ytri-Búðir séu með í matinu. Þá segir að eyðihjáleigan Hreggnes sé nýtt sem beitiland.[839]

Hinn 12. júní 1822 fóru fram makaskipti hvar bræðurnir M. Árnason og Árni Árnason á Meiri-Hlíð í Bolungarvík afhentu sex hundruð í Breiðabóli í Skálavík til systur sinnar Ingibjargar Árnadóttur sem afhenti bræðrunum á móti sex hundruð í Árbæ í Hólaþingsókn. Makaskiptabréfið var þinglesið 24. maí 1841.[840]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Meiri-Hlíð í Bolungarvík metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Þar eru einnig skráðar sem hjáleigur Tröð og Ytri-Búðir. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður einn telji Tröð sér sex hundruð og Ytri Búð, sem hann telur hjáleigu frá Árbæ, þrjú hundruð að dýrleika, en í jarðabókunum nefnist þessar tvær jarðir hjáleigur frá Meiri-Hlíð, og telur Árni Magnússon þar að auki eyðihjáleiguna Hreggnasa, sem árið 1805 hafi verið talin með hjáleigunni Ytri-Búðum og höfð þaðan til beitar.[841]

Við manntalsþing að Hóli 7. júní 1848 var þinglesið forboð M. Árnasonar á Tungu og A. Árnasonar á Meiri-Hlíð móti ristu og stungu vermanna í landi þeirra, nema með leyfi þeirra og fyrir sanngjarna greiðslu. Forboðið var dagsett 7. júní 1848.[842]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Meiri-Hlíð:

> 8. Meiri hlíd: slægjur eru gódar og landrými á sumardag nóg, eru þar og heÿgædi mikil og mjólka kýr þar sjerlega vel á vetrum.[843]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 480 ríkisbankadali.[844]

Við manntalsþing 15. maí 1856 var upplesinn gjörningur í svokölluðu búðarmáli er gjörður var í Ögri þann 22. ágúst 1854. Einnig var þinglesið mótmælabréf frá Árna Árnasyni og Magnúsi Árnasyni í Tungu á móti ofannefndri gjörð. Hjálmar Jónsson mótmælti svo mótmælunum. Hið sama fór fram við manntalsþing 17. maí sama ár.[845]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 18. maí 1857 var þinglesið bréf P. Melsteð amtmanns til M. Árnasonar í Þjóðólfstungu, eftir kröfu hans um búðir á Bolungarvíkurmölum.[846]

Í bréfi sr. Þórarins Böðvarssonar í Vatnsfirði til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi, dagsettu 14. janúar 1861, segir frá sátt sem hann náði við eigendur Meiri-Hlíðar í Bolungarvík 14. júlí 1858 um Bolungarvíkurtolla, en sættin hafi síðan verið þinglesin 10. júní 1859. Í bréfi sínu skýrði sr. Þórarinn frá að honum þætti eigendur Meiri-Hlíðar að ýmsu leyti fara gegn sættinni, s.s. með tilliti til yfirráða yfir verstöðinni og tolla. Þá

839 Skjal nr. 2(123).
840 Skjal nr. 2(583).
841 Skjal nr. 4(1), bls. 197.
842 Skjal nr. 2(873).
843 Skjal nr. 2(156).
844 Skjal nr. 2(169).
845 Skjöl nr. 2(911) og 2(912).
846 Skjal nr. 2(913).

hafi eigendur Meiri-Hlíðar rifið niður verbúð sem byggð hafi verið 1859–1860. Sr. Þórarinn óskaði loks eftir því að yfirvöldin tækju málið fyrir og tryggðu réttindi kirkjunnar á Bolungarvíkurmölum.[847]

Með kaupbréfi dagsettu 17. mars 1873 seldi Bergur Árnason í Meiri-Hlíð eitt hundrað að gömlu mati í Meiri-Hlíð í Hólshreppi til Halldórs Magnússonar í Þjóðólfstungu. Kaupbréfið var þinglesið 21. júlí sama ár.[848]

Með kaupbréfi dagsettu 24. desember 1874 seldi Bergur Árnason eitt hundrað og 45 álnir að gömlu mati í Meiri-Hlíð í Hólshreppi til bróður síns Árna Árnasonar í Árbæ.[849]

Hinn 24. júlí 1880 seldi Árni Árnason í Árbæ sex hundruð í Hóli í Hólshreppi og þrjú hundruð í Meiri-Hlíð í Hólshreppi til sonar síns Árna Magnúsar Árnasonar upp í tilgreinda skuld.[850]

Hinn 12. apríl 1881 seldu Bárður, Jón og Árni Magnússynir sex hundruð að fornu mati í Hóli í Hólshreppi, 72 og 2/3 álnir að fornu mati í Árbæ í Hólshreppi og 25 álnir í Meiri-Hlíð í Hólshreppi til Árna Magnúsar Árnasonar í Árbæ. Afsalsbréfið var þinglesið 10. júní sama ár.[851]

Hinn 5. júní 1886 kunngjörði Skúli Thoroddsen sýslumaður Ísafjarðarsýslu í afsalsbréfi að 11 hundruð og 82 álnir að nýju mati í svonefndri Meiri-Hlíðareign (þ.e. Meiri-Hlíð, Ytri-Búðum og Árbæ) hafi á uppboði þann 28. mars 1886 verið seld hæstbjóðanda, Árna Jónssyni verslunarstjóra á Ísafirði. Afsalsbréfið var þinglesið 22. maí 1907.[852]

Landamerkjalýsing jarðarinnar Meiri-Hlíðar í Bolungarvík er dagsett 12. maí 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hóli 19. júlí sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing fyrir jörðina Meirihlíð.
>
> Landamerki á milli Meirihlíðar og Minnihlíðar að heimanverðu: (samhljóða merkjaskrá Minnihlíðar). Að framanverðu (sjá Minnihlíð) á milli Meirihlíðar og Traðar eptir sem Stekkjargil segir frá fjallsbrún og í stóran stein efst í engjunum, og þaðan sjónhending eptir merkjum niður að Hólsá. Reka og tolla að Hólsá. – Landamerki milli Meiri hlíðar og Þjóðólfstungu frá Minnihlíðarmerkjum allan dalinn, eptir því sem Tunguá segir fram á hærri Kross og heim í Þverá.
>
> Bolungarvík 12. maí 1890.
>
> Eigandi og umráðamaður Minnihlíðar: Jón Sæmundsson
>
> Eigandi að 2/3 úr Þjóðólfstungu: Jens Ólafsson.
>
> Sem fjárhaldsmaður Sigríðar dóttur minnar að 1/3: Kr. Halldórsson.
>
> Eigendur að Tröð: Kr. Halldórsson. Sigr. Helgadóttir.
>
> Eigendur að Meiri hlíð: Á.M. Árnason. Jón Þórðarson

847 Skjal nr. 2(468).
848 Skjal nr. 2(588).
849 Skjal nr. 2(589).
850 Skjal nr. 2(590).
851 Skjal nr. 2(591).
852 Skjal nr. 2(594).

fyrir hönd Ásgeirsverzlunar á Ísafirði: Árni Jónsson.[853]

Með kaupbréfi dagsettu 5. nóvember 1890 seldi Árni Jónsson faktor, fyrir hönd verslunar Á. Ásgeirssonar, fjögur og hálft hundrað að fornu mati í Meiri-Hlíð í Hólshreppi til Hálfdánar Örnólfssonar bónda í Meiri-Hlíð.[854]

Hinn 20. janúar 1906 seldi Hálfdán Örnólfsson bóndi í Meiri-Hlíð sex hundruð að fornu mati í Meiri-Hlíð í Hólshreppi til verslunar Á. Ásgeirssonar á Ísafirði. Afsalsbréfið var þinglesið 5. júní sama ár.[855]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Meiri-Hlíðar í Bolungarvík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 18.000 kr. Eigandi hennar var Á. Ásgeirsson Ísafirði.[856]

Við manntalsþing í þinghúsi hreppsins í Bolungarvík 28. júní 1921 var þinglesið afsalsbréf H. Steinthals til Hjálmars Guðmundssonar fyrir Meiri-Hlíð.[857]

5.36 Minni-Hlíð í Bolungarvík

Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[858]

Hinn 2. júlí 1463 seldi Skúli Loptsson jörðina Hlíð í Bolungarvík til Björns Þorleifssonar fyrir jörðina Meira-Vatn í Skagafirði.[859]

Með vitnisburði, dagsettum 13. febrúar 1469, vitnaði Jón Alexíusson um Bolungarvíkurtolla Vatnsfjarðarkirkju þannig að hann hafi afhent Birni Þorleifssyni skipan Kristínar Björnsdóttur um að allir þeir sem vildu róa í Bolungarvík skyldu að frjálsu koma þar að Gregoríusmessu og fara í burt við Michaelsmessu, en vertíð yrði heimil þar á milli og skyldi hver hlutamaður gjalda til kirkjunnar í Vatnsfirði. Þá segir í vitnisburðinum að hver tollmaður skyldiu hafa að frjálsu hrísrif og torfskurð í Skeggjamýri, en annars í Hlíðarjörð ef þar skyldi ekki vinnast.[860]

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni

853 Skjal nr. 2(41).
854 Skjal nr. 2(592).
855 Skjal nr. 2(593).
856 Skjal nr. 2(204).
857 Skjal nr. 2(877).
858 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).
859 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 381, skjal nr. 4(201).
860 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 535, skjal nr. 4(202).

fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[861]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sona hennar Björns og Einars Jónssona þannig að þeir fengu Hól í Bolungarvík, Neðri-Breiðadal, Gölt, Meiri-Hlíð, Bakka, Tungu, Minni-Hlíð, Meira- og Minna-Hraun og Kroppsstaði.[862]

Hinn 10. maí 1558 fóru fram skipti á arfi eftir Þorleif lögmann Jónsson. Í hlut Guðrúnar dóttur hans komu meðal annars jörðin Hóll í Bolungarvík með eftirfarandi útjörðum: Miðdal, Hlíð með Tröð og Búðum, Minni-Hlíð, Tungu, Stærra-Hrauni, Kroppsstöðum, Bakka, Keflavík og Gelti.[863]

Með samningi milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar, dagsettum 22. september 1588, taldi Sæmundur til kaups og konumundar við Helenu (Elínu) Magnúsdóttur þrjú hundruð hundraða í jörðum og lausagóssi. Jarðirnar voru meðal annars Hóll í Bolungarvík, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga, Miðdalur, Ós, Hanhóll, Gil, Meiri-Bakki, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhóll. Þar á móti gáfu hjónin Magnús Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir dóttur sinni Helenu hundrað hundraða í jörðum, kúgildum og öðrum peningum að ýmsum jörðum tilgreindum, þar á meðal Sæbóli á Ingjaldssandi, Heydal og Botni í Mjóafirði. Jarðirnar Ós, Minni-Hlíð og Hraun fékk Helena með þeim skilmálum að þær erfðust til barna hennar og Sæmundar.[864]

Í vitnisburði frá 12. júlí 1619 segir að Sæmundur Árnason hafi tilkynnt að hann hafi fyrir löngu sett konu sinni Elínu Magnúsdóttur fyrir hennar föðurleifð og fastaeign sem hún átti í hans garð jarðirnar Hól, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstungu og Ós.[865] Sama kemur fram um jörðina Hól í vitnisburði sr. Halldórs Jónssonar frá 17. ágúst 1619 en sr. Halldór vitnaði einnig að hann hafi heyrt Sæmund spyrja opinbera við brúðkaup hinn 8. ágúst 1619 hvort nokkur hefði heyrt sig gefa jörðina Hól, en því hafi allir neitað.[866] Sama kemur fram í vitnisburði Þórðar Péturssonar frá 18. október 1619.[867]

Með kaupmála, dagsettum 8. ágúst 1619, taldi Sæmundur Árnason syni sínum Magnúsi hundruð hundraða til kaups og konumundar til móts við Sigríði Þorleifsdóttur jarðirnar Hól í Bolungarvík fyrir 80 hundruð, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð fyrir 32 hundruð og Þjóðólfstungu fyrir 12 hundruð. Magnús gaf svo Sigríði Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð í tilgjöf. Hjónin Þorleifur Bjarnason og Elín Benediktsdóttir, foreldrar Sigríðar, tilskildu að tilgjöf Magnúsar til Sigríðar skyldi hverfa til þeirra skilgetinna barna. Á móti gáfu Þorleifur og Elín dóttur sinni Sigríði til ektaskapar móts við Magnús

861 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).
862 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
863 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 305–307, skjal nr. 4(236).
864 Skjal nr. 2(356).
865 Skjal nr. 2(364).
866 Skjal nr. 2(362).
867 Skjal nr. 2(361).

hundrað hundraða í ýmsum jörðum og eignum.[868] Með vitnisburði, dagsettum 16. ágúst 1619, vitnuðu sr. Þorsteinn Oddsson, sr. Halldór Jónsson, Guðmundur Þorleifsson, Þórarinn Grímsson, Snæbjörn Erlendsson og Steinn Böðvarsson að Sæmundur hefði hinn 8. ágúst það ár selt Magnúsi syni sínum jarðinar Hól í Bolungarvík, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð og Þjóðólfstungu í Bolungarvík fyrir jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun og Tungu í Valþjófsdal.[869]

Hinn 19. maí 1651 fór fram arfaskiptagjörningur milli sona Sigríðar Þorleifsdóttur. Skiptin urðu þannig að Björn Magnússon fékk hálfa jörðina Hól í Bolungarvík og hálfa jörðina Þjóðólfstungu. Sigmundur Magnússon fékk jarðirnar Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð og Steig, en Sæmundur Magnússon fékk hálfa jörðina Hól og hálfa jörðina Þjóðólfstungu á móti Birni.[870]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Minni-Hlíð í Bolungarvík:

> **Minne Hlid.**
>
> Jarðardýrleiki viii hndr.
>
> Eigandinn er Sæmundur Magnússon á Hóli í Bolúngarvík.
>
> Ábúandinn Guðmundur Jónsson.
>
> […]
>
> fyrir hjer um 20 árum var hjer tvíbýli,
>
> […]
>
> Jörðin er þrönglend mjög og mætir ágángi nábúa sinna.[871]

Við heimstefnuþing að Minni-Hlíð í Bolungarvík 11. maí 1714 náðist sátt milli Sæmundar Magnússonar og Sigmundar Sæmundssonar þannig að Sæmundur fékk Sigmundi hálfa Minni-Hlíð. Valgerður Jónsdóttir, kona Sæmundar, fékk honum átta hundruð í Minni-Hlíð og samþykkti um leið sáttagjörðina. Á móti fékk Sæmundur henni átta hundruð í Kirkjubóli í Skutulsfirði. Þá fékk hún önnur tvö hundruð í Kirkjubóli fyrir fjögur hundruð í lausafé og kirkjujörðina Fossa.[872]

Við manntalsþing að Tungu 17. apríl 1721 var þinglesið afrit af kaupbréfi, dagsettu 19. júní 1719, þar sem Sigmundur Sæmundsson seldi Jóni Jónssyni hálfa Minni-Hlíð fyrir 40 ríkisdali.[873]

Við manntalsþing að Tungu 9. apríl 1722 var þinglesin brigð eftir ósk Helgu Þorkelsdóttur vegna jarðarinnar Minni-Hlíðar.[874]

Við manntalsþing að Hóli 4. júní 1722 fór fram sáttargjörð milli Sigmundar Sæmundssonar og Jóns Jónssonar um hvað þeim hafði borið í milli varðandi fjögur

868 Skjal nr. 2(363).
869 Skjal nr. 2(360).
870 Skjal nr. 2(369).
871 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 146–147, skjal H-12.
872 Skjal nr. 2(737).
873 Skjal nr. 2(880).
874 Skjal nr. 2(881).

hundruð í Minni-Hlíð. Jón gaf eftir tilkall í fjögur hundruð í Minni-Hlíð, en Sigmundur fékk Jóni á móti sex hundruð í Miðdal.[875]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Minni-Hlíðar í Bolungarvík metinn átta hundruð. Eigendur jarðarinnar voru Jóhannes Guðmundsson á Hanhóli og ábúandinn Jón Þorláksson.[876]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Minni-Hlíð í Bolungarvík metin átta hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[877]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Minni-Hlíð:

> 7. Minni hlíd: mikil hægd til slægna og heygædi mikil rífka jórd þessa ekki lítid.[878]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 288 ríkisbankadali.[879]

Við manntalsþing að Hóli 9. júlí 1863 var þinglesið kaupbréf Jóns Sæmundssonar upp á tvö hundruð og 80 álnir úr Minni-Hlíð fyrir 133 ríkisdali og 2 skildinga, dagsett 16. nóvember 1861.[880]

Hinn 16. september 1863 ánafnaði Árni Árnason í Meiri-Hlíð erfingjum Elínar Jónsdóttur frá Meiri-Hlíð, J. Guðmundssyni og A. Guðmundssyni, einu og hálfu hundraði í Kroppsstöðum og einu og hálfu hundraði í Minni-Hlíð, alls þremur hundruðum, gegn því að fá að sitja í óskiptu búi til dauðadags. Arfleiðslubréfið var þinglesið 30. júní 1868.[881]

Hinn 20. maí 1871 gaf Árni Árnason í Meiri-Hlíð syni sínum, Bergi Árnasyni í Minni-Hlíð, eitt hundrað í Minni-Hlíð í Hólshreppi. Gjafabréfið var þinglesið 26. júlí sama ár.[882]

Landamerkjalýsing jarðarinnar Minni-Hlíðar í Bolungarvík er dagsett 12. maí 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hóli 19. júlí sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Minni Hlíð
>
> Landamerki á milli Meirihlíðar og Minni hlíðar að heimanverðu: úr stórum steini í bakka á Þjóðólfstunguá, og í svonefnt Veituholt, og þaðan í þúfu í Kaldál og þaðan í tvo steina, sem hvor ber í annan, og sjónhending í Kaldárgil, og eptir því á fjallsbrún. Að framanverðu milli Meiri- og Minni-hlíðar úr rauðum steini við Tunguá, og sjónhending í Mjóateygsgil heimantil við Meiri hlíðar stekk og þaðan á fjallsbrún.
>
> Bolungarvík 12. maí 1890
>
> Eigandi og umráðamaður að Minni hlíð: Jón Sæmundsson. Jón Þórðarson
>
> Á.M. Árnason
>
> Fyrir hönd Ásgeirs verzlunar á Ísafirði

875 Skjal nr. 2(867).
876 Skjal nr. 2(122).
877 Skjal nr. 4(1), bls. 197.
878 Skjal nr. 2(156).
879 Skjal nr. 2(169).
880 Skjal nr. 2(875).
881 Skjal nr. 2(577).
882 Skjal nr. 2(587).

Árni Jónsson[883]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Minni-Hlíðar í Bolungarvík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 2.300 kr. Eigendur hennar voru Hálfdán Örnólfsson og Guðmundur Jóhannesson.[884]

Við manntalsþing í barnaskólanum í Bolungarvík 3. júlí 1929 var þinglesið afsalsbréf Hálfdans Örnólfssonar til Guðmundar Jónssonar fyrir fimm hundruðum í Minni-Hlíð fyrir 2.500 krónur.[885]

5.37 Tröð í Bolungarvík

Hinn 10. maí 1558 fóru fram skipti á arfi eftir Þorleif lögmann Jónsson. Í hlut Guðrúnar dóttur hans komu meðal annars jörðin Hóll í Bolungarvík með eftirfarandi útjörðum: Miðdal, Hlíð með Tröð og Búðum, Minni-Hlíð, Tungu, Stærra-Hrauni, Kroppsstöðum, Bakka, Keflavík og Gelti.[886]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 er fjallað um Tröð í Bolungarvík sem hjáleigu frá Meiri-Hlíð. Þar segir eftirfarandi:

> **Meire Hlid.**
>
> Jarðarinnar allrar dýrleiki xxiiii hndr., en heimajörðin sjálf reiknast fyrir xii hndr.
>
> Eigandi að hálfri jörðunni heima og hjáleigum er Sæmundur Magnússon að Hóli í Bolúngarvík. Að hálfri Sigmundur Sæmundsson sonur hans.
>
> […]
>
> **Trød.** Hjáleiga frá Meiri Hlíð reiknuð fjórðúngur jarðarinnar.
>
> Eigendur sömu sem heimajarðarinnar, sinn að hverjum helmíngi.
>
> Ábúandinn Thómas Jónsson.
>
> […]
>
> fyrir 6 árum fjell skriða á túnið,
>
> […]
>
> Túninu spilla stórum skriðum, sem jafnliga áfalla.
>
> Í Meiri Hlíðar landi skamt frá Tröð var fyrir hjer um 15 árum bygt kot, sem kallað var Hreggnase, og hjeltst bygðin tvö eður 3 ár.
>
> […]
>
> Ekki verður þetta kot aftur bygt sökum þrönglendis.[887]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Meiri-Hlíðar í Bolungarvík metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Árni Magnússon á Breiðabóli. Fram kemur að

883 Skjal nr. 2(40).
884 Skjal nr. 2(203).
885 Skjal nr. 2(879).
886 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 305–307, skjal nr. 4(236).
887 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 144–145, skjal H-12.

hjáleigurnar Tröð og Ytri-Búðir séu með í matinu. Þá segir að eyðihjáleigan Hreggnes sé nýtt sem beitiland.[888]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Meiri-Hlíð í Bolungarvík metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Þar eru einnig skráðar sem hjáleigur Tröð og Ytri-Búðir. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður einn telji Tröð sér sex hundruð og Ytri Búð, sem hann telur hjáleigu frá Árbæ, þrjú hundruð að dýrleika, en í jarðabókunum nefnist þessar tvær jarðir hjáleigur frá Meiri-Hlíð, og telur Árni Magnússon þar að auki eyðihjáleiguna Hreggnasa, sem árið 1805 hafi verið talin með hjáleigunni Ytri-Búðum og höfð þaðan til beitar.[889]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Tröð:

> 9. Tröd: hægar slægjur bæta kot þetta svo ad þad nær nokkru meir enn medaltali.[890]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 192 ríkisbankadali.[891]

Hinn 14. apríl 1889 seldi Magnús Guðmundsson þrjú hundruð í Kroppsstöðum í Skálavík og tvö hundruð í Tröð í Bolungarvík til Kristjáns Halldórssonar húsmanns á Ytri-Búðum gegn því að hann greiddi tilgreinda skuld Magnúsar, myndi ala önn fyrir honum og kosta útför hans. Afsalsbréfið var þinglesið 19. júlí 1890.[892]

Landamerkjalýsing jarðarinnar Traðar í Bolungarvík er dagsett 13. maí 1890 en hún var þinglesin 19. júlí sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki fyrir jörðina Tröð eru að framanverðu úr Stekkjargili að ofan og í stóran stein niðri í engjunum, og þaðan sjónhending ofan í á, og að utanverðu úr stórum steini, er kallast Landísarsteinn, og að neðanverðu í stóran stein í hregnnesa og beina leið í Hólsá.
>
> Bolungarvík 13/5 1890.
>
> Sigríður Helgadóttir
>
> Kr. Halldórsson
>
> Árni Jónsson (Ísafirði)
>
> Á.M. Árnason.[893]

Hinn 9. júní 1892 seldi Sigríður Helgadóttir frá Tröð fjögur hundruð að fornu mati í Tröð í Hólshreppi til Péturs Oddssonar í Bolungarvík. Afsalsbréfið var þinglesið 13. júní 1896.[894]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Traðar í Bolungarvík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 2.400 kr. Eigandi hennar að 2/3 hlutum var Pétur Oddsson en að 1/3 hluta Kristján Halldórsson.[895]

888 Skjal nr. 2(123).
889 Skjal nr. 4(1), bls. 197.
890 Skjal nr. 2(156).
891 Skjal nr. 2(169).
892 Skjal nr. 2(578).
893 Skjal nr. 2(42).
894 Skjöl nr. 2(599) og 2(598).
895 Skjal nr. 2(205).

5.38 Ytri-Búðir í Bolungarvík

Hinn 10. maí 1558 fóru fram skipti á arfi eftir Þorleif lögmann Jónsson. Í hlut Guðrúnar dóttur hans komu meðal annars jörðin Hóll í Bolungarvík með eftirfarandi útjörðum: Miðdal, Hlíð með Tröð og Búðum, Minni-Hlíð, Tungu, Stærra-Hrauni, Kroppsstöðum, Bakka, Keflavík og Gelti.[896]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 er fjallað um Ytri-Búðir sem hjáleigu í landi Meiri-Hlíðar. Þar segir eftirfarandi:

> **Ytre Buder.** Önnur hjáleiga frá Meiri Hlíð. Reiknast fyrir vi hndr. eður annan fjórðúng jarðarinnar.
>
> Eigendur sömu sem að Meiri Hlíð.
>
> Hjer hefur að forngildu ekki verið nema einn bær, en fyrir hjer um 30 árum var bygður nýr bær í sama túninu, og láu þá iii hndr. til hvers bæjarins. Þessi nýi bær lagðist í eyði fyrir 4m árum eður 5, og meinast aldrei muni aftur byggjast.
>
> Ábúandi á forna bænum er Þórður Björnsson og nytkar alla hálfa jörðina að fullu. Framar hefur Þórður til leigu túnið sem lá til nýja bæjarins og þriðjúng af engjunum, en tvo parta engjanna, sem láu til nýja bæjarins, hefur til leigu Narfi Þorsteinsson búandi á Heimari Búðum (Hóls hjáleigu).
>
> […]
>
> Narfi geldur ekkert ákvarðað fyrir sinn hlut engjanna heldur kemur það í eina summu með afgjaldi hans af Heimari Búðum (hvar um síðar).
>
> […]
>
> Þegar sá nýi bærinn lagðist í eyði fór í burt ij kúgildi og hafa síðan verið ij kúgildi, og svo er nú.
>
> […]
>
> Engjunum spillir Hólsá.
>
> Í Ytri Búða landi standa verbúðir, sem heyra til Meiri Hlíð. Brúka þær á vorin um vertíð ýmsir menn í kríngum Ísafjarðardjúp, sem híngað senda skip sín til fiskiafla, og gefa hjer toll. Búðirnar, sem uppi eru, eru nú 9, fyrir bóluna voru 12 og fleiri hafa fyrrum verið, gengur þetta upp og niður um búðatöluna eftir því sem skipin aðkoma. Ein af þessum búðum heitir Vatnsfjarðarbúð, því Vatnsfirðíngar eiga hjer frí skipstöðu og búðargjörð. Öngar eru hjer fríar búðir fleiri.[897]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Meiri-Hlíðar í Bolungarvík metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Árni Magnússon á Breiðabóli. Fram kemur að hjáleigurnar Tröð og Ytri-Búðir séu með í matinu. Þá segir að eyðihjáleigan Hreggnes sé nýtt sem beitiland.[898]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 23. maí 1806 var upplesið afsalsbréf Steinunnar Hallgrímsdóttur til Hallgríms Laurentíussnar fyrir sex hundruðum í Hóli fyrir 120 ríkisdali. Við sama þing var upplesið afsalsbréf Þ. Þorsteinssonar fyrir fjórum hundruðum í Grundarhóli og þremur hundruðum í Ytri-Búðum til Hallgríms fyrir 54

[896] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 305–307, skjal nr. 4(236).
[897] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, bls. 146, skjal H-12.
[898] Skjal nr. 2(123).

ríkisdali. Enn fremur var upplesið afsalsbréf Hallgríms til Esaiasar Laurentíussonar fyrir þremur hundruðum í Hóli fyrir 60 ríkisdali.[899]

Við manntalsþing að Hóli 5. júlí 1830 var upplesið afsalsbréf frá 10. maí sama ár þar sem Friðrik Svendsen kaupmaður seldi þrjú hundruð í Búðum við Bolungarvík til Árna Árnasonar fyrir 60 ríkisbankadali.[900]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 eru Ytri-Búðir skráðar sem hjáleiga frá Meiri-Hlíð í Bolungarvík. Hún er ekki metin sérstaklega en Meiri-Hlíð var metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður einn telji Tröð sér sex hundruð og Ytri Búð, sem hann telur hjáleigu frá Árbæ, þrjú hundruð að dýrleika, en í jarðabókunum nefnist þessar tvær jarðir hjáleigur frá Meiri-Hlíð og telur Árni Magnússon þar að auki eyðihjáleiguna Hreggnasa, sem árið 1805 hafi verið talin með hjáleigunni Ytri-Búðum og höfð þaðan til beitar.[901]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Ytri-Búðir:

> 10. Ytribúdir: ad fornu hefur býli þetta verid bygt úr heimalandi í Meirahlíd, en þeirri jórd hafa heyrt til hálfir vertollar í Bolúngarvík; nú stendur svo á, að rista óll og stúnga til verbúda allra – því Vatnsfjórdur, sem hálfa tollana tekur, leggur ekkert þar til nú um stundir, þó ósanngjarnt sje í meira lagi – er tekin úr Ytribúdalandi og er þad ekki lítill jardusli árlega. Núna eru hinir sómu eigendur ad Meirihlíd og Ytribúdum og báru þeir undir matsmenn, ad þeir álitu hæfilegast ad vertollar nú ÿrdu skírlega lagdir til Ytribúda, sókum þess ad hægra ÿrdi seinna vid ad gjóra, ef skiptíng yrdi á eignum þessum, sem vid má búast. Á þetta fjellust matsmenn algjórlega. Þegar svo var fyrirskilid bæta vertollarnir svo mjóg Ytribúdir, ad sú jórd, þó hún ad ódru leiti sje lítilsháttar og ad óllu atkvædalaus, má eigi vera minna verd enn nú er talid.[902]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 318 ríkisbankadali.[903]

Hinn 20. maí 1852 lögfestu eigendur Árbæjar og Ytri-Búða, Magnús og Árni Árnasynir, land bæjanna og var lögfestan þinglesin 22. maí sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Hér með lögfestum við undirskrifaðir bræður og eigendur Árbæjar og Ytribúða land það alt, sem bæjum þeim að fornu og nýju tilheyrt hefir eptir áður lýstum landamerkjum við jarðamat það, sem konungur vor hefir skipað, og sem við ætíð munum sýna, ef á er leitað; lýsum við löghelgi á þessu landi voru, en óhelgi á öllum þeim áverkum á landi þessu okkar og lóð, sem framdir hafa verið og fremjast mundu – til tekið um ristu torfs og stungu eður og um steinatök og rótun jarðvegs.
>
> Lýsum við þessu fyrir þingheimi öllum í heyranda hljóði, og munum vér fyllilega fylgja forboði þessu að lögmáli réttu.[904]

Við manntalsþing að Hóli 22. maí 1852 var þinglesin lögfesta fyrir landi Árbæjar og Ytri-Búða. Samkvæmt lögfestunni var bannað að nota lönd þessara jarða án leyfis eigenda, en hún var dagsett 20. maí 1852.[905]

---

899 Skjal nr. 2(741).
900 Skjal nr. 2(847).
901 Skjal nr. 4(1), bls. 197.
902 Skjal nr. 2(156).
903 Skjal nr. 2(169).
904 Skjal nr. 2(303).
905 Skjal nr. 2(874).

Í umboði Árna Árnasonar á Meiri-Hlíð til bróður síns Magnúsar, dagsettu 8. júní 1853, vitnast um nokkra einstaklinga sem byggt hafi í leyfisleysi salthús á sameign Árna og Magnúsar, þ.e. Ytri-Búðum og Árbæ.[906] Magnús bað sýslumann um að gera áreið og álíta land og slægjur Árbæjar og Ytri-Búða en þar hafi vottast að landið væri ónógt til að standast jarðarusla sem kæmi til vegna búðabygginga malamanna á Bolungarvíkurmölum. Í framhaldinu, eða 12. júní sama ár, tilkynnti Magnús að engum yrði leyfð rista, stunga eða annað jarðrask í landi Árbæjar og Ytri-Búða. Þá settu þeir bann á byggingu búða á Bolungarvíkurmölum og loks sögðu þeir að hver sem byggt hefði í leyfisleysi yrði að rífa niður bygginguna.[907]

Hinn 28. ágúst 1856 fór fram, að ósk Magnúsar Árnasonar, skoðun á Bolungarvíkurmölum einkum vegna bygginga sem þar væru í óleyfi að mati Magnúsar. Í lýsingu svæðisins segir meðal annars:

> Eptir ósk Sgr. M. Árnasonar í Þjóðólfstungu í Bolungarvík höfum við undirskrifaðir í dag saman komið á Bolungarvíkurmalir, til þess, eptir ósk hans, að yfirskoða og lýsa hverninn á stendur plássi því, er liggur við verbúðum á Bolungarvíkurmölum. Þetta er innan til í hjáleigu landi Árbæjar út að læk nokkrum, Drimlu, kallað; er þetta land auðsjáanlegt slægjuland ofan undir búðarveggi. Frá áðurnefndum læk Drimlu er hjáleiguland Ytribúða og svo að mestu yrkt og slegið ofan að mölum, og sýnist gott gras hafa verið á hvortutveggju.[908]

Hinn 5. júní 1886 kunngjörði Skúli Thoroddsen sýslumaður Ísafjarðarsýslu í afsalsbréfi að 11 hundruð og 82 álnir að nýju mati í svonefndri Meiri-Hlíðareign (þ.e. Meiri-Hlíð, Ytri-Búðum og Árbæ) hafi á uppboði þann 28. mars 1886 verið seld hæstbjóðanda, Árna Jónssyni verslunarstjóra á Ísafirði. Afsalsbréfið var þinglesið 22. maí 1907.[909]

Hinn 1. apríl 1889 seldi Stefán Stefánsson húsmaður á Hóli í Bolungarvík þrjú hundruð að fornu mati í Ytri-Búðum í Hólshrepp til verslunar Á. Ásgeirssonar á Ísafirði. Afsalsbréfið var þinglesið 22. maí 1907.[910]

Landamerkjabréf Ytri-Búða er dagsett 12. maí 1890 en það var þinglesið að Hóli 19. júlí 1890. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki á Ytri-búðum innan Hólshrepps eru að innan verðu til landamerkja Traðar, nfl. í stóran stein með grasi á utan til við Traðartún og stefna ofan að Hólsá hér um bil í Hólsbæ. Að ofanverðu til fjalls, eins og fjallsbrúnir segja. Að utanverðu að svonefndum Dúnasteini í Grjótleiti á Stigahlíð. Að neðan eptir því sem gras segir inn að Drimlulæk og þaðan eptir miðri lænunni í Hólsá innan og ofan holt við Árbæ. – Reki og tollar fylgja Meiri hlíð.
>
> Bolungarvík 12. maí 1890
>
> Eigendur Traðar: Kr. Halldórsson Sigríður Helgadóttir

906 Skjal nr. 2(304).
907 Skjal nr. 2(305).
908 Skjal nr. 2(306).
909 Skjal nr. 2(594).
910 Skjal nr. 2(596).

Fyrir hönd Ásgeirs verzlunar á Ísafirði: Árni Jónsson. – Jón Þórðarson. –[911]

Með byggingarbréfi dagsettu 18. janúar 1915 byggði Sigfús Daníelsson Bárði Jónssyni jörðina Ytri-Búðir frá fardögum 1915.[912]

Í undirmati II að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir um landamerki jarðarinnar Ytri-Búða að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 24.000 kr. Eigandi hennar var verslun Ásgeirs Ásgeirssonar á Ísafirði.[913]

Með kaupsamningi, dagsettum 30. ágúst 1919, keypti Bárður Jónsson sex hundruð að fornu mati í Ytri-Búðum af dánarbúi Sigríðar Marenar Ásgeirsson og Ásgeirs Ásgeirssonar kaupmanns.[914]

Með afsali, dagsettu 20. september 1919, seldi Bárður Jónsson til Hinna sameinuðu íslensku verslana jörðina Ytri-Búðir fyrir 12.000 kr. Allt landið jarðarinnar var selt að undanskildri túnlóð, um 122.703 ferálnir að flatarmáli, og er takmörkum hennar lýst svo í afsalsbréfinu:

> Að innan vegurinn upp með skólanum og húsi templara. Að ofan grjótgarður. Að utan vinkilbeygt framhald af sama grjótgarði og húsmannslóð Rósmundar Pálssonar og enn fremur bein lína úr innra girðingarhorni þeirrar lóðar að neðan, í þoll , sem stendur í „Drimlu“ upp af húseign Arngríms Fr. Bjarnasonar og Sameinuðu verslananna Að neðan bein lína úr þessum þolli í ytri hliðstólpa girðingarhliðs Árbæjartúns á fyrnefndum vegi.[915]

Með kaupsamningi, dagsettum 29. júlí 1927, seldi Pétur Oddsson til hreppsnefndar Hólshrepps hálfa jörðina Grundarhól, að undanskildum rétti Hálfdáns Örnólfssonar á Grundum, býlið Árbæ, að undanskildu lóðarstykki að Drymlulæk og jörðina Ytri-Búðir, að undanskildri túnlóð Bárðar Jónssonar, útmældum lóðum ofanvert við aðalgötu þorpsins og ókeypis afnotum af fiskireit, svonefndum Klepp.[916] Afsalið var dagsett 20. september 1927.[917]

Hinn 8. ágúst 1927 skrifaði Bárður Jónsson til sáttanefndar Hólshrepps og greindi nefndinni frá sölu jarðarinnar Ytri-Búða frá Pétri Oddssyni til Hinna sameinuðu íslensku verslana í Bolungarvík. Bárður kvaðst eiga forkaupsrétt í Ytri-Búðir þar sem hún væri ábúðarjörð sín og fór fram á að málið yrði tekið fyrir hjá sáttanefnd.[918]

Sýslumaður Ísafjarðarsýslu stefndi aðilum til aukaréttar með stefnu dagsettri 18. ágúst 1927, vegna kröfu Bárðar Jónssonar gegn hreppsnefnd Hólshrepps um forkaupsrétt í jörðina Ytri-Búðir.[919] Málið var tekið 3. september sama ár.[920] Fjölmörg skjöl voru framlögð við málið, s.s. sóknarskjöl Bárðar frá 3. september, 6. október, 26.

911 Skjal nr. 2(1031).
912 Skjal nr. 2(387).
913 Skjal nr. 2(345).
914 Skjal nr. 2(388).
915 Skjal nr. 2(389).
916 Skjal nr. 2(390).
917 Skjal nr. 2(395).
918 Skjal nr. 2(391).
919 Skjal nr. 2(392).
920 Skjal nr. 2(883).

nóvember og 10. desember 1927, og varnarskjöl Ingólfs Jónssonar, f.h. hreppsnefndarinnar, frá 23. september, 5. nóvember og 2. desember 1927. Í þeim er greint frá sögu jarðarinnar frá ábúð Bárðar árið 1915, en einkum var deilt um forkaupsrétt, ítaksréttindi og eignarrétt.[921] Málinu var framhaldið fram eftir hausti og vetri 1927.[922]

Hinn 19. október 1927 vottaði Jón J. Fannberg að Bárður Jónsson hafi haft endurgjaldslausa lífstíðarábúð og erfðarétt á beitarafnotum Ytri-Búða samkvæmt afsali frá 20. september 1919.[923] Sama dag vottaði Pétur Oddsson að hann hafi boðið Bárði Jónssyni kaup á landi Ytri-Búða er Hinar sameinuðu íslensku verslanir áttu, sem Pétur síðan keypti, en Bárður hafi hafnað boðinu.[924]

Loks var dæmt í máli Bárðar Jónssonar gegn hreppsnefnd Hólshrepps við aukarétt 10. janúar 1928. Í dómnum kemur fram að Bárður hafi öðlast ábúðarrétt á Ytri-Búðum með byggingarbréfi dagsettu 18. janúar 1915. Honum hélt hann þar til hann varð eigandi jarðarinnar 30. ágúst 1919. Hinn 20. september það ár seldi Bárður jörðina til Hinna sameinuðu íslensku verslana að undanskildri landspildu og áskildi sér um leið rétt til slægna og hagabeitar í hinu afsalaða landi. Kaupandi jarðarinnar seldi hana svo til Péturs Oddssonar vorið 1927 en Bárður gerði þá kröfu um forkaupsrétt. Að áliti réttarins var í greindu afsali Bárðar til Hinna sameinuðu íslensku verslana gætt að öllu því sem gæta þyrfti til að kaupandi hefði ótakmörkuð eignarréttindi á hinni seldu eigna, að öðru leyti en því sem undanskilið er í bréfinu. Stefndi, hreppsnefnd Hólshrepps, var sýknaður af kærum og kröfum Bárðar.[925]

5.39 Þjóðólfstunga/Tunga í Bolungarvík

Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[926]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sona hennar Björns og Einars Jónssona þannig að þeir fengu Hól í Bolungarvík, Neðri-Breiðadal, Gölt, Meiri-Hlíð, Bakka, Tungu, Minni-Hlíð, Meira- og Minna-Hraun og Kroppsstaði.[927]

---

921 Skjöl nr. 2(393)–2(394), 2(396) og 2(399)–2(402).
922 Skjöl nr. 2(884)–2(890).
923 Skjal nr. 2(397).
924 Skjal nr. 2(398).
925 Skjal nr. 2(878).
926 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).
927 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).

Hinn 10. maí 1558 fóru fram skipti á arfi eftir Þorleif lögmann Jónsson. Í hlut Guðrúnar dóttur hans komu meðal annars jörðin Hóll í Bolungarvík með eftirfarandi útjörðum: Miðdal, Hlíð með Tröð og Búðum, Minni-Hlíð, Tungu, Stærra-Hrauni, Kroppsstöðum, Bakka, Keflavík og Gelti.[928]

Með samningi milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar, dagsettum 22. september 1588, taldi Sæmundur til kaups og konumundar við Helenu (Elínu) Magnúsdóttur þrjú hundruð hundraða í jörðum og lausagóssi. Jarðirnar voru meðal annars Hóll í Bolungarvík, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga, Miðdalur, Ós, Hanhóll, Gil, Meiri-Bakki, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhóll. Þar á móti gáfu hjónin Magnús Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir dóttur sinni Helenu hundrað hundraða í jörðum, kúgildum og öðrum peningum að ýmsum jörðum tilgreindum, þar á meðal Sæbóli á Ingjaldssandi, Heydal og Botni í Mjóafirði. Jarðirnar Ós, Minni-Hlíð og Hraun fékk Helena með þeim skilmálum að þær erfðust til barna hennar og Sæmundar.[929]

Í vitnisburði frá 12. júlí 1619 segir að Sæmundur Árnason hafi tilkynnt að hann hafi fyrir löngu sett konu sinni Elínu Magnúsdóttur fyrir hennar föðurleifð og fastaeign sem hún átti í hans garð jarðirnar Hól, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstungu og Ós.[930] Sama kemur fram um jörðina Hól í vitnisburði sr. Halldórs Jónssonar frá 17. ágúst 1619 en sr. Halldór vitnaði einnig að hann hafi heyrt Sæmund spyrja opinbera við brúðkaup hinn 8. ágúst 1619 hvort nokkur hefði heyrt sig gefa jörðina Hól, en því hafi allir neitað.[931] Sama kemur fram í vitnisburði Þórðar Péturssonar frá 18. október 1619.[932]

Með kaupmála, dagsettum 8. ágúst 1619, taldi Sæmundur Árnason syni sínum Magnúsi hundruð hundraða til kaups og konumundar til móts við Sigríði Þorleifsdóttur jarðirnar Hól í Bolungarvík fyrir 80 hundruð, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð fyrir 32 hundruð og Þjóðólfstungu fyrir 12 hundruð. Magnús gaf svo Sigríði Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð í tilgjöf. Hjónin Þorleifur Bjarnason og Elín Benediktsdóttir, foreldrar Sigríðar, tilskildu að tilgjöf Magnúsar til Sigríðar skyldi hverfa til þeirra skilgetinna barna. Á móti gáfu Þorleifur og Elín dóttur sinni Sigríði til ektaskapar móts við Magnús hundrað hundraða í ýmsum jörðum og eignum.[933] Með vitnisburði, dagsettum 16. ágúst 1619, vitnuðu sr. Þorsteinn Oddsson, sr. Halldór Jónsson, Guðmundur Þorleifsson, Þórarinn Grímsson, Snæbjörn Erlendsson og Steinn Böðvarsson að Sæmundur hefði hinn 8. ágúst það ár selt Magnúsi syni sínum jarðinar Hól í Bolungarvík, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð og Þjóðólfstungu í Bolungarvík fyrir jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun og Tungu í Valþjófsdal.[934]

928 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 305–307, skjal nr. 4(236).
929 Skjal nr. 2(356).
930 Skjal nr. 2(364).
931 Skjal nr. 2(362).
932 Skjal nr. 2(361).
933 Skjal nr. 2(363).
934 Skjal nr. 2(360).

Hinn 19. maí 1651 fór fram arfaskiptagjörningur milli sona Sigríðar Þorleifsdóttur. Skiptin urðu þannig að Björn Magnússon fékk hálfa jörðina Hól í Bolungarvík og hálfa jörðina Þjóðólfstungu. Sigmundur Magnússon fékk jarðirnar Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð og Steig, en Sæmundur Magnússon fékk hálfa jörðina Hól og hálfa jörðina Þjóðólfstungu á móti Birni.[935]

Hinn 12. apríl 1674 seldi Bjarni Stullason Sæmundi Magnússyni fjórða part úr Kirkjubóli, hálft áttunda hundrað, og fjórða part úr Kirkjubólskirkjujörðinni Fossum, sem voru tvö hundruð. Á móti seldi Sæmundur Bjarna átta hundruð í Tungu í Bolungarvík.[936]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Tungu í Bolungarvík:

> **Tunga.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr.
>
> Eigendur eru Brynjólfur Bjarnason að viii hndr., Sæmundur Magnússon á Hóli að iiii hndr.
>
> Ábúandi á viii hndr. er eigandinn Brynjólfur, á iiii hndr. Sæmundar Jón Jónsson.
>
> […]
>
> fyrir 20 árum var landskuld af parti Brynjólfs 4 vættir, síðan hafa þar eignarmenn búið. […] Á parti Sæmundar er nú landskuld i vætt, og hefur svo verið í 3 ár. Áður voru 2 vættir, meðan Magnús sál. í Vigur átti jörðina,
>
> […]
>
> Jörðunni er skift eignarskiftum að túni og engjum, og tveir eru bæirnir samfastir.
>
> Engjum beggja partanna spilla skriður til stórskaða. Stórviðri gjöra hjer oft skaða og er þetta snart almenniligt í allri Bolúngarvík, þó það sje ekki hjá hverri jörðu specificerað.[1])
>
> [1]) Utanmáls er bætt við: „Landalifur, vid. infra“ (= sjá síðar).[937]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Þjóðólfstungu í Bolungarvík metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Steinunn Hallgrímsdóttir ekkja.[938]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 23. maí 1806 var upplesið makaskiptabréf milli Steinunnar Hallgrímsdóttur og Hallgríms sonar hennar fyrir jörðunum Tungu í Bolungarvík og sex hundruðum í Botni í Mjóafirði. Við sama þing var upplesið afsalsbréf Benedikts Þórðarsonar til Hallgríms Laurentíussonar á sex hundruðum í Botni fyrir 90 ríkisdali.[939]

Við manntalsþing að Suðureyri 13. ágúst 1821 var þinglesið afsal Indriða Jónssonar á Breiðadal, dagsett 2. mars 1821, fyrir þremur hundruðum í Tungu í Valþjófsdal til Magnúsar Guðmundssonar fyrir 27 danskar spesíur.[940]

---

935 Skjal nr. 2(369).
936 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 169, skjal H-22.
937 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 147, skjal H-12.
938 Skjal nr. 2(124).
939 Skjal nr. 2(741).
940 Skjal nr. 2(745).

Við manntalsþing að Hóli 12. júní 1822 var upplesið afsalsbréf frá 13. október 1821 þar sem Esaias Laurentíusson seldi Magnúsi Árnasyni sex hundruð í Tungu í Bolungarvík fyrir 80 danskar spesíur eða 120 ríkisdali. Við sama þing var upplesið afsalsbréf ekkjunnar Ólafar Hannesdóttur á Gili í Bolungarvík, dagsett 4. nóvember 1821, þar sem hún seldi Guðmundi Bjarnasyni sex hundruð í Tungu fyrir 84 spesíur.[941]

Við manntalsþing að Hóli 14. júní 1824 var þinglesið kaupbréf fyrir tveimur hundruðum í Tungu, dagsett 30. nóvember 1823. Seljandi var Sakarías Hallgrímsson en kaupandi var Magnús Árnason.[942]

Við manntalsþing að Suðureyri 16. júní 1824 var þinglesið kaupbréf fyrir tveimur hundruðum í Tungu, dagsett 1. nóvember 1821, fyrir 32 spesíur. Laurentíus Hallgrímsson var kaupandi en Thorsteinsen sýslumaður seljandi fyrir hönd Pálma Hallgrímssonar í Kaupmannahöfn.[943]

Við manntalsþing að Suðureyri 14. júní 1825 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 28. júlí 1824, hvar Laurentíus Hallgrímsson seldi fjögur hundruð í Tungu í Bolungarvík til Friðriks Svendsens á Flateyri fyrir 180 ríkisbankadali eða 90 danskar spesíur.[944]

Við manntalsþing að Suðureyri 18. júní 1829 var þinglesið kaupbréf, dagsett 20. ágúst 1828, fyrir fjórum hundruðum í Tungu. Fr. Svendsen var seljandi en kaupandi var Magnús Árnason. Kaupverðið var 160 ríkisdalir.[945]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Tunga í Bolungarvík metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[946]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Þjóðólfstunga var metin á 360 ríkisbankadali.[947]

Með bréfi dagsettu 15. maí 1854 bannaði Magnús Árnason í Þjóðólfstungu búðabyggingu á Bolungarvíkurmölum án leyfis. Í bréfinu var meðal annars vísað til gjafabréfs Björns Jórsalafara. Bréfið var upplesið við nokkur manntalsþing árið 1854 og árið 1856.[948]

Við manntalsþing að Súðavík 19. maí 1854 var þinglesið skjal frá Magnúsi Árnasyni á Þjóðólfstungu um bann við búðabyggingu á Bolungarvíkurmölum án byggingarbréfs.[949]

Við manntalsþing 15. maí 1856 var upplesinn gjörningur í svokölluðu búðarmáli er gjörður var í Ögri þann 22. ágúst 1854. Einnig var þinglesið mótmælabréf frá Árna

941 Skjal nr. 2(845).
942 Skjal nr. 2(871).
943 Skjal nr. 2(891).
944 Skjal nr. 2(748).
945 Skjal nr. 2(892).
946 Skjal nr. 4(1), bls. 197.
947 Skjal nr. 2(169).
948 Skjal nr. 2(467).
949 Skjal nr. 2(751).

Árnasyni og Magnúsi Árnasyni í Tungu á móti ofannefndri gjörð. Hjálmar Jónsson mótmælti svo mótmælunum. Hið sama fór fram við manntalsþing 17. maí sama ár.[950]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 18. maí 1857 var þinglesið bréf P. Melsteð amtmanns til M. Árnasonar í Þjóðólfstungu, eftir kröfu hans um búðir á Bolungarvíkurmölum.[951]

Við manntalsþing að Hóli 15. júní 1867 var þinglesið kaupbréf Halldórs Magnússonar, dagsett 14. júní 1867, fyrir sex hundruðum að fornu mati úr Þjóðólfstungu. Kaupverðið var 249 ríkisdalir og fimm mörk og sex og hálfur skildingur. Á þinginu var einnig tilkynnt að þar sem kaupbréf Halldórs væri ónýtt vegna þess að kaupanda og seljanda kom saman um slíkt, þá var þinglýsingunni aflýst.[952]

Með kaupbréfi dagsettu 22. apríl 1871 seldi Magnús Árnason átta hundruð í Þjóðólfstungu í Hólshreppi til sonar síns Kristjáns Magnússonar. Kaupbréfið var þinglesið 26. júlí sama ár.[953]

Landamerkjalýsing jarðarinnar Þjóðólfstungu í Bolungarvík er dagsett 12. maí 1890 en hún var þinglesin 19. júlí sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing á jörðinni Þjóðólfstungu.
>
> Milli Þjóðólfstungu og Meirihlíðar og Minnihlíðar er hin svonefnda Þverá landamerki, sem hefir upptök sín í Mánafellsskál, og rennur í Tunguá, og eptir það ræður Tunguá landamerkjum þangað til hún rennur í Hólsá.
>
> En milli Hóls og Þjóðólfstungu er Hólsá landamerki, sem hefir upptök sín úr vatni, sem liggur norðan til við heiðina Grárou, og heldur áin merkjum ofan í Girðisbrekku; eptir það úr norðari fossi beint í svo nefndan vörðustein, er stendur hæðst á Bungum, og beint úr honum í Bungna-sporðinn, þar sem þær koma saman Hólsá og Litlaá; eptir það ræður Hólsá merkjum þangað sem þær koma saman Hólsá og Tunguá.
>
> Þjóðólfstungu 12. maí 1890.
>
> Eigendur Hóls: fyrir Sigr. Bjarnadóttur: Ólafur Gissursson. Á.M. Árnason. St.G. Stefánsson Jón Matthíasson. Hálfdán Örnólfsson.
>
> Eigendur Þjóðólfstungu: Jens Ólafsson og umráðamaður: Kr. Magnússon.
>
> Sem eigandi Meiri-hlíðar: fyrir hönd Ásgeirsverzlunar á Ísafirði: Árni Jónsson. Sigr. Helgadóttir.
>
> Eigandi Minni-hlíðar: Jón Sæmundsson.[954]

Hinn 21. maí 1896 seldi og afhenti Sigríður Kristjánsdóttir fjögur hundruð að fornu mati í Þjóðólfstungu í Hólshreppi til Jens Ólafssonar bónda í Þjóðólfstungu. Afsalsbréfið var innkomið til þinglýsingar 29. maí sama ár og þinglesið 13. júní sama ár.[955]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Þjóðólfstungu í Bolungarvík að ágreiningur sé um þau við

950 Skjöl nr. 2(911) og 2(912).
951 Skjal nr. 2(913).
952 Skjal nr. 2(893).
953 Skjal nr. 2(600).
954 Skjal nr. 2(43).
955 Skjöl nr. 2(601)–2(603).

jörðina Hól. Jörðin var metin á 3.600 kr. Eigandi hennar var Kristmundur Snæbjörnsson.[956]

5.40 Hóll í Bolungarvík

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið að Hóli í Bolungarvík.[957]

Í máldaga Maríukirkju á Hóli í Bolungarvík, er Jón biskup Halldórsson setti um 1327, segir eftirfarandi:

> Mariu kirkia ä holi j bolungar vijk ä land a lifurkerstodu[m] äene hia osi.
>
> teig j kerrbrecku skog.
>
> beit j kuijarnesshlijd. sextiju saudum.
>
> stodhrossa haga eda grijsa gỳlltar j hraunsdal.[958]

Í máldaga Oddgeirs biskups Þorsteinssonar frá um 1367 segir um kirkju að Hóli í Bolungarvík:

> Mariukirkia a hole j bolungarvijk a land ad lyfurkerstodum j anne.[959]

Í máldaga Vilchins fyrir Hólskirkju í Bolungarvík frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Mariukirkia a Holi j Bolungarvijk æa land ad Lifurkierstodum j änne hia Ose. teig j Geirsbreckuskoga. Stodhrossa haga edur grijsagylltar j Raunsdal.[960]

Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[961]

Hinn 5. apríl 1466 fyrirbauð Björn Þorleifsson tollver í Bolungarvík án síns leyfis.[962]

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[963]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sona hennar Björns og Einars Jónssona þannig að þeir fengu Hól í Bolungarvík, Neðri-

956 Skjal nr. 2(206).
957 *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 14, skjal nr. 4(157).
958 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 616–617, skjal nr. 4(172).
959 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 228, skjal nr. 4(158).
960 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 141, skjal nr. 4(173).
961 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).
962 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 460–461, skjal nr. 4(204).
963 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).

Breiðadal, Gölt, Meiri-Hlíð, Bakka, Tungu, Minni-Hlíð, Meira- og Minna-Hraun og Kroppsstaði.[964]

Árið 1530 var Ólafi Guðmundssyni gefið umboð frá Ögmundi Skálholtsbiskupi fyrir jörðinni Hóli í Bolungarvík og þeim jörðum sem henni fylgdu í þrjú ár.[965]

Hinn 30. júní 1533 var tylftardómur útnefndur á Alþingi af lögmönnunum Erlendi Þorvarðssyni og Ara Jónssyni um kærur Illuga Ólafssonar til Ögmunar biskups um að hann héldi móður sinni Brigit (Bríeti) út af Hóli og Hólseignum í Bolungarvík, en hún hafði talið eignina vera sína erfðaeign eftir Einar Jónsson bróður sinn. Illugi lagði fram skjal en dómurinn mat það ekki hafa afl. Þá kom fyrir dóminn skjal frá Ögmundi biskupi um arftöku eftir Einar heitinn Jónsson sem dómurinn staðfesti og úrskurðaði að Magnús Jónsson, bróðursonur Einars, væri löglegur erfingi. Fram kemur að þau bréf sem Illugi lagði í dóminn væru ónýt og að engu hafandi. Þau skjöl átti Illugi að afhenda biskupi svo þau yrðu lögð í eld og myndu aldrei koma fyrir Lögréttu á ný.[966] Sama dag var útnefndur tylftardómur klerka á Öxarárþingi um ákærur Ögmundar biskups í Skálholti til Sigurðar Ólafssonar fyrir að hafa rægt sig fyrir konungi og fyrir að hafa fullyrt að biskup héldi móti lögum og fyrir sér og systkinum sínum erfðaeign þeirra, þ.e. Hóli í Bolungarvík og Hólseignum. Sigurður var dæmdur til að greiða kostnað biskups og skila öllu sem hann hefði tekið ófrjálsri hendi. Fyrir að hafa rofið dóm og ekki haldið heiður og hlýðni var Sigurður dæmdur fangaður undir skriftir og lausn, hvort hann væri utan kirkju eða innan.[967]

Hinn 2. september 1541 vitnaði Sveinn Jónsson um að Einar heitinn Jónsson hafi lýst því yfir að Þorleifur Pálsson bróðir sinn væri eigandi jarðarinnar Hóls og löglegur erfingi sinn. Hið sama vitnaði Jón Þórarinsson.[968] Sama dag vitnuðu Ólafur Guðmundsson og Tómas Jónsson að Solveig Björnsdóttir hefði gefið Þorleifi Pálssyni syni sínum jörðina Hól í tannfé.[969]

Við tylftardóm 30. júní 1543, sem útnefndur var á Alþingi, var fjallað um ákæru Þorleifs lögmanns Pálssonar til Hóls í Bolungarvík og annarra jarða sem þar lágu, en Ögmundur biskup hafði haldið þeim um nokkur ár. Dæmt var að Hóll með öllum jörðum sem þar fylgdu skyldi vera eign Erlends lögmanns Þorvarðssonar. Jarðirnar í kring eru ekki nafngreindar í skjalinu.[970] Dómurinn var, ásamt tylftardómi frá 30. júní 1533, lesinn, staðfestur og afritaður af fjórum mönnum hinn 11. apríl 1560.[971]

Hinn 10. maí 1558 fóru fram skipti á arfi eftir Þorleif lögmann Jónsson. Í hlut Guðrúnar dóttur hans komu meðal annars jörðin Hóll í Bolungarvík með eftirfarandi

964 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
965 *Íslenzkt fornbréfasafn* IX, bls. 558, skjal nr. 4(205).
966 *Íslenzkt fornbréfasafn* IX, bls. 674–676, skjal nr. 4(237).
967 *Íslenzkt fornbréfasafn* IX, bls. 677–678, skjal nr. 4(238).
968 *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 659–660, skjal nr. 4(239).
969 *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 660–661, skjal nr. 4(239).
970 *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 221–222, skjal nr. 4(240).
971 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 481–482, skjal nr. 4(241).

útjörðum: Miðdal, Hlíð með Tröð og Búðum, Minni-Hlíð, Tungu, Stærra-Hrauni, Kroppsstöðum, Bakka, Keflavík og Gelti.[972]

Hinn 29. júní 1561 fóru fram jarðaskipti þar sem Árni Gíslason seldi Guðrúnu Þorleifsdóttur jarðirnar Stóruborg í Vesturhópi og Stóra-Núp í Núpsdal. Á móti fékk Guðrún Árna jörðina Hól í Bolungarvík með öllum þeim smájörðum sem þar með fylgdu og höfðu skipst til Guðrúnar eftir föður hennar, Þorleif Pálsson. Heiti þeirra jarða koma ekki fram í bréfinu.[973] Guðrún kvittaði Árna um andvirði Hóls hinn 21. júlí 1562 gegn því að hann myndi lúka hirðstjóraskuld hennar.[974]

Hinn 31. janúar 1563 vitnaði Sigurður Þormóðsson að hann hafi lesið testamenti Solveigar heitinnar Björnsdóttur með hangandi innsiglum. Fram kemur að með því hafi Solveig gefið syni sínum, Þorleifi Pálssyni, jörðina Hól í Bolungarvík með öllum þeim jörðum sem þar lágu í Bolungarvík og Skálavík að tilskilinni jörðinni Gelti í Súgandafirði.[975]

Hinn 26. júlí 1564 vitnaði Jón Höskuldsson um landamerki Hóls og Hlíðar í Bolungarvík og fiskitolla til Vatnsfjarðarkirkju. Vitnisburðurinn er svohljóðandi:

> Svo felldan vitnisburd ber eg Jon Hauskulldsson ad eg er nu siautigi ära gamall madur. og hefi eg leingstum vistfastur verid j Bolungarvik um mïna daga. hefi eg alldrei annad heyrt um mïna daga en su ä sem rennur j mille Höls og Hlïdar j Bolungarvik hafi runnid fyrir ofan Buder og svo ut og framm j Fornärös ad fornu fari. Sagdizt minn fadir Hauskulldur hafa þar og alldrei heyrt tvimæli ä leika um sina daga og var hann lxxx. vetra gamall madr. Svo og sagdi minn fader mier ad hann hefdi leingstum verid hia Husfru Solveigu Biornsdottur. Sagdi hann mier ad svo hefdi þa golldid verid ad til Vatzfiardar hefde ecki golldizt aðrer tollar ur Bolungarvik enn fra skierinu Þiodolfi og til Fornäröss. hefi eg og vitad j aullum fyrrnefndum tima ad ädurnefnder budarmenn og vermenn hafa sialldan edur alldrei annarstadar torf stungid og ristid til sinna buda enn j kringum þær i þeirra leyfi sem rädamenn hafa verid ä Höli. Og til sanninda hier um set eg mitt innsigli fyrir þetta brief er skrifad var a Höli j Bolungarvïk sietta dag og xx Julii. ärum epter gudz burd M. D. lx. iiij.
>
> Fyrirfarande witnisburdur er ordriett skrifadur epter kalfskinnsbrefe med underhangande heilu og læsiligu jnnsigli Jons Hoskulldssonar. þad vottum vier er saman läsum ad Skalhollte þan 16. Decembris Anno 1707. Magnus Markusson. Snorre Jönsson. Þördur Þördarson.[976]

Fimm aðrir vitnisburðir vitnuðu um hið sama.[977]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Hólskirkju í Bolungarvík:

> Kirkian ä Hoole i Bolungarvijk ä land ad Lifurkierstød i anne hia Ose. teig i Geirsbreckuskoga. Stodhrossahaga eda grijsagyllttur i Hraunsdal.
>
> […]
>
> Geijrsbrecka kirkiujørd.

[972] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 305–307, skjal nr. 4(236)
[973] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 616–617, skjal nr. 4(242).
[974] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 756–757, skjal nr. 4(243).
[975] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 46, skjal nr. 4(244).
[976] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 290–291, skjal nr. 4(203).
[977] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 291–294, 299–300, skjal nr. 4(203).

> Jtem Kieflavijk. Geijrastader. Grundarholl heimaland.
>
> […]
>
> Jtem jardagotz til tijundar hundrad hundrada og xl^{c}. ad auke gardurenn .x^{c}.[978]

Með samningi milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar, dagsettum 22. september 1588, taldi Sæmundur til kaups og konumundar við Helenu (Elínu) Magnúsdóttur þrjú hundruð hundraða í jörðum og lausagóssi. Jarðirnar voru meðal annars Hóll í Bolungarvík, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga, Miðdalur, Ós, Hanhóll, Gil, Meiri-Bakki, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhóll. Þar á móti gáfu hjónin Magnús Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir dóttur sinni Helenu hundrað hundraða í jörðum, kúgildum og öðrum peningum að ýmsum jörðum tilgreindum, þar á meðal Sæbóli á Ingjaldssandi, Heydal og Botni í Mjóafirði. Jarðirnar Ós, Minni-Hlíð og Hraun fékk Helena með þeim skilmálum að þær erfðust til barna hennar og Sæmundar.[979]

Í vitnisburði Jóns Stefnissonar, dagsettum 16. febrúar 1589, er fjallað um eigendur ýmissa jarða í Bolungarvík og Skálavík. Í vitnisburðinum segir að Oddur Leppur hafi átt Hól, allar aðrar jarðir í Bolungarvík og allar jarðir í Skálavík, en Guðni Oddsson hafi erft þær allar. Þá segir að Sæunn Guðnadóttir hafi eignast eftir Guðna föður sinn Hól, Meiri-Hlíð og fleiri jarðir í Bolungarvík, en Snjólaug Guðnadóttir hafi eignast Ós í Bolungarvík og aðrar jarðir þar á móts við systur sína.[980]

Hinn 9. mars 1600 vitnuðu Þorleifur Jónsson, Bjarni Bjarnason, Jón Helgason, Bjarni Sigmundsson, Guðmundur Tómasson og Gunnar Bjarnason um landamerki milli Hóls í Bolungarvík og Breiðabóls í Skálavík. Vitnisburður þeirra er svohljóðandi:

> ecki hofum wier vm wora æfi annat heyrt nie vitad vm landamerke j millum Höls j bolungarvik og breidabols j Skælavik, enn j lækinn þann rennr ofan eptter hrÿggnum, vtan til vid Gunnarsvik, og suo einmitt upp j fiallz Nÿpuna. Hef eg adr nefndr Þolleifr Jonsson buit xx. ar vnder meire Hlid, enn viij. ar æ Breidaboli, og werit ij. ar wistfastr æ Holi. Enn eg var xxx. ara gamall, þa eg fyrst kom til bolungar wikr: Wissa eg fyrer full sannindi til, ad Sveinn heitinn Jonsson hiellt þessi landamerki, sæ sem hiellt breidabol fyrer sina eign, ad breidaböl ætti inn j þann læk sem rennr utan til vid Gunnarswik, þar æ kambinum og einmidt upp j fiallid sem þad er hæst, og þau tre sem rako j Gunnarsvik, og æ Þorgeirs waullum, woru aull Hölj eignut: Og beitar fyrer sitt fe bad Sveinn heitenn Jonsson þangat af wmbodz monnum Þorleifs heitins Palssonar: Wissa eg eirnen til sanns ad Sweinn heitjnn Jonsson sem kendr war dunason bad ætid beitar þæ sem æ Holi ætto fyrer ad rada, og woru honum lieder þessir Þorgeirs wellir huert haust, og eckj hefi eg annat heyrt af mier elldri monnum, og er eg nu lxx. at alldri. Swo og hef eg adur greindur biarni biarnason, eckj annat heÿrt halldit wm mina ~~halldit wm mina~~ daga, enn ad breidabol ætti ad læknum sem er wtan til wid Gunnarswik, og suo sagdi mier minn Salugi modurfader Tumas Jonsson, as suo hefdi j sina tid werit halldit, og j tid sinna forelldra. Heyrda eg hann þui opt og osialldan lÿsa, olst hann hier upp j þessum badum wÿkum bolungar wik og Skalauÿk, og bio hann hier æ þessum ollum jordum j Skæla wÿk æ breidaboli, meira backa og minna backa ~~j xxxviij. (sic)~~ up j jx. ar. og j bolungarwik xx ar. j Sugandi firdi xxij. ar. swo at allur hanz alldur woru

[978] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 571, skjal nr. 4(206).
[979] Skjal nr. 2(356).
[980] Skjal nr. 2(357).

> lxxxviij. ar. So og hef eg j Skælawik werit æ þessum jordum breidaboli, meira backa og minna backa j xxxviij. ar, og hef eg nu xvij. um xl. wissa eg til sanns ad Sweinn heitinn Jonsson sat æ breidaboli, og hiellt þad fyrer sina eign, hefdi leÿfi af þeim sem fyrer holi ætto ad rada, fyrer þeim triam sem rak j Gunnars wik jnn j Waullum og aller þeir sem fie sino beitto wr Skalauik j Þorgeirs waullur, hofdo ætid leÿfi þar fyrer af umbodz monnum af Holi, edur sialfum Holz eignar monnum. So og hef eg Jon Helgason heyrt hit sama, um þessi landamerki, og alldri annat enn Holl eige wtj lækinn wtan til wid Gunnars wÿk, og j kambinn þann sem lækurinn rennr æ, og so upp j fiallz brunina þar sem fiallid er hæst, og þetta sagdi mier Thumas heitinn Pælsson, ad suo hefdi hann witad halldit um þessi landamerki, og bio hann langa tíma æ Minna backa, og war hann lx. wetra gamall, hefur og biarni biarnason þessu einatt fyrer mier lÿst, ad þessi wæri landamerki a millum Holz og breidabols sem adr er greint. og eckj hef eg um mina daga, witad hier um annad halldit, og hef eg nu jx. um ~~fertugt (sic)~~ xl. Eg biarni Sigmundson hef og alldri annad witad halldit um þessi landmerki, helldr slikt hid sama witad halldit, sem hier seiger. og hef eg werit wistfastr j Skalauik j samfleÿt xxj. ar, enn nu hef xlj. at alldri. Þetta sama hef eg Gudmundr Thumasson heÿrt og witad halldit um landamerkj millum Holz og breidabols wm mina daga, sidan eg matti muna sem adr er sagt hier fyr og hef eg upalist og leingstum dualist j þeim badum wikum, og lÿsti minn salugi fader fyrer mier til greindra landamerkia Thumas Palson, og bio hann xx vj. ar j Skalawik. og so hafdi halldit werit um þann tima og þad lengr hann mættj til muna. Er eg greindr Gudmundr Thumasson xl. ad alldri. Slikann witnisburd ber eg Gunnar biarnason, ad eg hefi slikt hid sama heÿrt af öllum halldit wm saumo landamerki sem hier er nu fÿrri sagt, enn alldri annars, hef eg j greindri sueit uppalist og var þar j xxxj. ar, og war hwergi annarsstadar wistfastur sidan eg war x. wetra gamall enn æ Breidaboli hia Sweini heitnum Jonssyni og Sueini heitnum er kendr war dunason, og heyrdi eg þa opt þeim landamerkium lÿst sem nu er sagt.[981]

Í vitnisburði frá 12. júlí 1619 segir að Sæmundur Árnason hafi tilkynnt að hann hafi fyrir löngu sett konu sinni Elínu Magnúsdóttur fyrir hennar föðurleifð og fastaeign sem hún átti í hans garð jarðirnar Hól, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstungu og Ós.[982] Sama kemur fram um jörðina Hól í vitnisburði sr. Halldórs Jónssonar frá 17. ágúst 1619 en sr. Halldór vitnaði einnig að hann hafi heyrt Sæmund spyrja opinbera við brúðkaup hinn 8. ágúst 1619 hvort nokkur hefði heyrt sig gefa jörðina Hól, en því hafi allir neitað.[983] Sama kemur fram í vitnisburði Þórðar Péturssonar frá 18. október 1619.[984]

Með kaupmála, dagsettum 8. ágúst 1619, taldi Sæmundur Árnason syni sínum Magnúsi hundruð hundraða til kaups og konumundar til móts við Sigríði Þorleifsdóttur jarðirnar Hól í Bolungarvík fyrir 80 hundruð, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð fyrir 32 hundruð og Þjóðólfstungu fyrir 12 hundruð. Magnús gaf svo Sigríði Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð í tilgjöf. Hjónin Þorleifur Bjarnason og Elín Benediktsdóttir, foreldrar Sigríðar, tilskildu að tilgjöf Magnúsar til Sigríðar skyldi hverfa til þeirra skilgetinna barna. Á móti gáfu Þorleifur og Elín dóttur sinni Sigríði til ektaskapar móts við Magnús hundrað hundraða í ýmsum jörðum og eignum.[985] Með vitnisburði, dagsettum 16. ágúst 1619, vitnuðu sr. Þorsteinn Oddsson, sr. Halldór Jónsson, Guðmundur Þorleifsson,

[981] Skjal nr. 2(358).
[982] Skjal nr. 2(364).
[983] Skjal nr. 2(362).
[984] Skjal nr. 2(361)
[985] Skjal nr. 2(363).

Þórarinn Grímsson, Snæbjörn Erlendsson og Steinn Böðvarsson að Sæmundur hefði hinn 8. ágúst það ár selt Magnúsi syni sínum jarðinar Hól í Bolungarvík, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð og Þjóðólfstungu í Bolungarvík fyrir jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun og Tungu í Valþjófsdal.[986]

Í dómsbréfi, dagsettu 25. júlí 1637, segir að við héraðsþing hinn 15. júlí sama ár hafi verið dæmt í máli um fiskitolla í Bolungarvík sem sr. Jón Arason í Vatnsfirði hafði borið fram og óskað dóms. Fram kemur að ágreiningur hafi verið milli Vatnsfjarðarhaldara annars vegar og eigenda Hóls og Óss í Bolungarvík hins vegar um réttindi Vatnsfjarðarkirkju til tollanna. Dæmt var að þeir sem nýttu sér tollverið skyldu greiða tolla til sr. Jóns Arasonar í Vatnsfirði og að Vatnsfjarðarbréf skyldu halda við sinn myndugleika. Dómurinn var lesinn upp á Alþingi 30. júní 1638.[987]

Í biskupsvísitasíu um Hólskirkju í Bolungarvík frá 14. ágúst 1639 segir meðal annars:

> Kjrkjann ä vtan sig efftir þuj sem ad vard komest i þad synne. Geysbrecku J Sógundafyrde iij hndr. og Kieflavÿk viij hndr. Enn huad annad hun ä i fóstu hejma edur annarstadar edur kugilldum edur ódrum gielldum Penÿngum edur daudu [hræ]anlegu vard ecke skÿrsla ä giórd i þad sinne þuj huorke maldagenn kirkjunnar nje ónnur hennar skilrÿke vrdu fyrer hende[988]

Hinn 5. september 1639 var tekið fyrir mál um fiskitolla í Bolungarvík en málsaðilar voru sr. Jón Arason í Vatnsfirði og Sigríður Þorleifsdóttir á Hóli í Bolungarvík. Magnús Jónsson kom fyrir dóminn fyrir hennar hönd. Lögð voru fram ýmis skjöl Vatnsfjarðarkirkju og dæmt að testamentisbréf Björns Einarssonar væri nýtt og myndugt og mætti ekki raskst. Einnig var dæmt að þau bréf, dómar og skilríki sem hljóðuðu upp á hið gamla skallabréf og innihéldi að Vatnsfjarðarkirkja ætti allan skreiðartoll í Bolungarvík, væru með öllu ónýt og magtarlaus. Í framhaldinu sættust sr. Jón og Magnús á að Vatnsfjarðarkirkja skyldi héðan í frá hafa tvö tollfrí skip að frjálsu, allt árið um kring, í Meiri-Hlíðarlandi í Bolungarvík fyrir utan Drymblu þar sem Vatnsfirðingabúð hafði að fornu verið, með ristu og stungu þannig að hvorki skyldi skaðast tún eða engjar. Á móti skyldu bréf, dómar og skilríki sem tilheyrðu kirkjunni varðandi alla fiskitolla í Bolungarvík, fyrir utan það sem nú var skráð og sæst á, vera dauð og magtarlaus.[989]

Hinn 19. maí 1651 fór fram arfaskiptagjörningur milli sona Sigríðar Þorleifsdóttur. Skiptin urðu þannig að Björn Magnússon fékk hálfa jörðina Hól í Bolungarvík og hálfa jörðina Þjóðólfstungu. Sigmundur Magnússon fékk jarðirnar Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð og Steig, en Sæmundur Magnússon fékk hálfa jörðina Hól og hálfa jörðina Þjóðólfstungu á móti Birni.[990]

Í biskupsvísitasíu um Hólskirkju frá 20. ágúst 1700 segir meðal annars:

---

986 Skjal nr. 2(360).
987 Skjal nr. 2(367).
988 Skjal nr. 2(270).
989 Skjöl nr. 2(368) og 2(241).
990 Skjal nr. 2(369).

> Anno Ut Supra d 20 Augusti Visiterud Mariu kyrkia ad Hoole i Bolungarvÿk Hun ä effter visitatiu bökunum Land ad Lifur, kierstód i änne hiä Öse, Teig i geirs brecku Sköga, Stöd Hrossa haga i Hrauns dal, item ä Hun kieflavÿk viij hndr.[991]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Hól í Bolungarvík:

> **Hóll.**
>
> Kirkjustaður og nú annexía til Eyrar í Skutilsfirði. Stundum hefur hjer sjerdeilis prestur verið, og í gamallri tíð hefur þessarri kirkju þjónað prestur á Stað í Súgandafirði.
>
> Jarðardýrleiki er lx hndr. að öllu með heimajörðunni og hjáleigum og reiknast heimajörðin fyrir xxxvi hndr., Grundarhóll fyrir viii hndr., Heimari Búðir fyrir vi hndr., Geirastaðir fyrir vi hndr. Vantar svo iiii hndr. í dýrleika jarðarinnar, sem að vísu hefur altíð fyrir lx hndr. haldin verið, og svo tíundast. Eru gátur að rekinn undir Stigahlíð muni fyrir þau hafa reiknaður verið, eður og Stigahlíð sjálf með öllu.
>
> Eigandi er Sæmundur Magnússon búandi á Hóli, en hefur ánafnað syni sínum Sigmundi xviii hndr. úr heimajörðunni, sem er hún hálf, bíheldur þó þessu um sína lífstíð.
>
> Landskuldarhæð er hjer óviss, því eignarmenn lángvaranliga ábúið hafa, maður eftir mann.
>
> […]
>
> Reka á jörðin fyrir sínu landi og fyrir Stigahlíð.
>
> Jörðin er stórum af sjer gengin frá því sem að fornu var, bæði af uppblæstri landsins, jafnaðarligum skriðuföllum á landið og sjerdeilis sandfoki úr melum fyrir ofan sjóinn, sem sterk norðanveður bera fram eftir syðra dalnum, og eykst þessi spillíng af sandinum meir og meir ár eftir ár. Engjar staðarins á þá síðuna hefur sandurinn svo að segja eyðilagt, sem áður góðar voru, svo að þar sem í manna minni fengust 200 hestar er nú ekki ljár niður borinn.
>
> Selstöðu brúkar jörðin þar sem Landalifur heitir í Lifrardal. Landalifur þessi er Hólskirkju eign, og eru sagnir að þar hafi í fornri tíð (þó löngu fyrir allra manna eður þeirra foreldra minni) bygð verið með þessu nafni, og reiknað fyrir xii hndr. (Ef þessi Landalifur ætti að skrifast svo sem eyðiból, þá ætti hún að standa næst eftir Túngu og fyrir framan Hól). Ekki kann þessi Landalifur að byggjast, því bæði er þar túnstæði lítið, svo misti og þar við staðurinn beit í plátsinu sjer til skaða.
>
> **Myra Hus** hefur hjáleiga heitið bygð úr heimajarðar hlutanum hjer um fyrir 50 árum, voru síðan stundum bygð, láu stundum í eyði, inn til fyrir 6 eður 7 árum, síðan hafa þau í eyði legið.
>
> Landskuld var stundum xx álnir, stundum xxx álnir eftir því sem landsdrottinn ljeði ábúandanum af túni og engjum heimastaðarins,
>
> […]
>
> Ekki kann þessi hjáleiga aftur að byggjast án heimastaðarins skaða, helst síðan staðarins engi tók svo mjög að skemmast.
>
> **Nye bær** hjet önnur hjáleiga bygð af heimahlutanum, þó utangarðs, hjer um fyrir 40 árum. Var stundum bygð og stundum í eyði, hefur nú í 4 ár í eyði legið.
>
> Landskuld var stundum xx álnir, stundum xxx álnir, eftir því sem ábúanda var ljeð af slægjum.
>
> […]

[991] Skjal nr. 2(271).

> Ekki er nema til þrengsla við staðinn að þetta kot aftur byggist.
>
> **Stödlar** hjet þriðja hjáleiga bygð úr heimahlutanum hjer um fyrir 50 árum, hefur nú í eyði legið í 5 ár.
>
> […]
>
> Ekki er nema til ógagns staðnum að þessi hjáleiga aftur byggist.
>
> Heybjörg sú, sem þessar 3 hjáleigur höfðu, fylgja nú heimastaðnum og er reiknuð í því sem um hann er skrifað.
>
> **Heimare Buder.** Hjáleiga frá Hóli, eldri en í manna minni. Reiknuð fyrir vi hndr. úr jörðunni.
>
> Ábúendur Narfi Þorsteinsson og Jón Björnsson, sinn á hverjum helmíngi og sinn í hverjum bæ.
>
> […]
>
> Útheyis slægjur hjáleigunnar eru nú eyddar af sandi, og verður því landsdrottinn að ljá ábúendum af engjum heimastaðarins, og Narfi hefur part úr Ytri Búða engi, sem áður er skrifað.
>
> **Grundarhóll.** Önnur hjáleiga eldri miklu en í manna minni. Reiknuð fyrir viii hndr. úr jörðunni.
>
> Ábúendur Ástríður Jónsdóttir og Oddur Einarsson, sitt á hverjum helmíngi, og svo að fornu.
>
> […]
>
> Engjar hjáleigunnar eru stórum skemdar af sandi, svo verður og hjáleigan fyrir troðníngi af vermönnum, og skaðar það og heybjörgina.
>
> **Geirastader.** Þriðja gömul hjáleiga frá Hóli.
>
> Reiknuð fyrir vi hndr.
>
> Ábúandinn Magnús Steinsson.
>
> […]
>
> Áður en jörðin spiltist, var landskuld 3 vættir á eyri, og 3 kúgildi.
>
> Jörðin hefur legið í eyði í 3 ár, og tók ábúandi hana í auðn í næstu fardögum.
>
> […]
>
> Á tún jarðarinnar hafa fallið og falla skriður, og þar fyrir eyðilagðist mikinn part jörðin, því túnið er svo að segja undirlagt. Svo er og bænum stórum hætt fyrir þessum skriðum. Engjarnar spillast og af skriðum, en sjerdeilis eru þær fordjarfaðar af sandi. Jörðin er svo að segja landlaus orðin, og gengur peníngurinn mest í Heima-Hólslandi. Og sama er það að segja um hinar 2 hjáleigurnar.
>
> Í Heimari Búða landi standa verbúðir, sem tilheyra Hóli, eru þær í eyði vertíða á milli, en um vertíð brúkast þær af ýmsum í kríngum Ísafjarðardjúp, sem híngað senda skip sín til fiskiafla og gefa hjer venjuligan toll. Búðirnar sem nú eru uppi eru 6, en um búðafjöldann stígur upp og niður eftir því sem skipin aðkoma og með þarf.[992]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 1. maí 1726 var upplesið kaupbréf, dagsett 12. janúar 1726, þar sem Árni Sæmundsson seldi Markúsi Bergssyni sýslumanni hálfa jörðina Hól, 30 hundruð að dýrleika, með hálfum Geirastöðum, hálfum Grundarhóli og hálfum Innri-Búðum. Einnig fékk Markús hálfa Hólskirkju með öllu sem henni fylgdi

[992] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 148–151, skjal H-12.

að hálfu leyti, þ.e. í Geirsbrekku, Landalifur og Keflavík. Á móti lét Markús Árna fá jörðina Ármúla og milligjöf upp á 112 ríkisdali.[993]

Í prófastsvísitasíu frá 10. júlí 1783 segir að Hólskirkja haldi öllum sínum eignum og ítökum, en um hálfa Geirastaði sé málið óleyst hjá yfirvöldum.[994]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 4. júní 1785 fór fram uppboð á sex hundraða jarðarparti í Hóli. Parturinn tilheyrði dánarbúi Birgithe en samarfi Laurentíus bauð 12 ríkisdali fyrir hvert hundrað og greiddi strax til sýslumanns.[995]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 5. júní 1787 var upplesinn vitnisburður um landamerki á Stigahlíð milli Hóls og Breiðabóls frá árinu 1510. Þá var upplesinn vitnisburður Þorláks Kolbeinssonar um sameiginlegan rekarétt Breiðabóls og Minni-Bakka, dagsettur 20. október 1761. Sýslumaður úrskurðaði hins vegar ekkert um það hvort tollver tilheyrði Breiðabóli í landi Minni-Bakka.[996]

Við manntalsþing að Hóli 3. ágúst 1801 var upplesið afrit af máldagabréfi um landamerki milli Hóls og Breiðabóls frá 1600 og uppskrifuðu árið 1698.[997]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hóls í Bolungarvík metinn 36 hundruð. Með í matinu voru hjáleigurnar Grundarhóll og Árbær (Heimari-Búðir). Eigendur jarðarinnar voru Árni Magnússon og Jóhannes Guðmundsson á Hanhóli og ábúendurnir Hallgrímur og Esaias Lárentíussynir. Fram kemur að eyðihjáleigan Mýrarhús liggi í landi heimagarðsins og sé þar með talin með í matinu. Þá segir að Nýibær og Stöðlar nýtist sem beitiland en Geirastöðum hafi verið skipt út og sé jörð út af fyrir sig. Loks segir að Landalifur sé eyðijörð tilheyrandi Hólskirkju en að hún geti ekki byggst.[998]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 23. maí 1806 var upplesið afsalsbréf Steinunnar Hallgrímsdóttur til Hallgríms Laurentíussonar fyrir sex hundruðum í Hóli fyrir 120 ríkisdali. Við sama þing var upplesið afsalsbréf Þ. Þorsteinssonar fyrir fjórum hundruðum í Grundarhóli og þremur hundruðum í Ytri-Búðum til Hallgríms fyrir 54 ríkisdali. Enn fremur var upplesið afsalsbréf Hallgríms til Esaiasar Laurentíussonar fyrir þremur hundruðum í Hóli fyrir 60 ríkisdali.[999]

Við manntalsþing að Hóli 15. apríl 1807 var lögð fram brigðalýsing á þremur hundruðum í Hóli af Jóni Jónssyni, fyrir hönd Laurentíusar Hallgrímssonar. Boðnir voru eins margir peningar og Hallgrímur, faðir Laurentíusar, hafði látið út. Þessari brigðalýsingu var umsvifalaust mótmælt með úrskurði sýslumanns, dagsettum 8. desember 1806.[1000]

[993] Skjal nr. 2(738).
[994] Skjal nr. 2(293).
[995] Skjal nr. 2(894).
[996] Skjal nr. 2(865).
[997] Skjal nr. 2(844).
[998] Skjal nr. 2(125).
[999] Skjal nr. 2(741).
[1000] Skjal nr. 2(742).

Við manntalsþing að Hóli 4. júlí 1810 var tekin fyrir stefna, dagsett 10. maí 1810, gegn Hallgrími Laurentíussyni á Hóli sem var sakaður um að taka í forboði nokkra vertolla tilheyrandi Vatnsfjarðarkirkju. Einnig var framlagt eintak af héraðsdómi frá 22. ágúst 1755 um hálfa tolla í Bolungarvík og önnur gögn, s.s. biskupsvísitasíu frá 11. apríl 1783 og héraðsdómur frá 10. júní 1783 sem fjalli um sama efni. Hallgrímur neitaði að hafa tekið nokkurn toll nema af þremur mönnum. Nokkrir einstaklingar voru farnir úr verinu og því ekki hægt að taka af þeim vitnisburði. Því var ekkert ályktað í málinu um sinn.[1001]

Við manntalsþing að Hóli 12. júní 1822 var upplesið afsalsbréf frá 18. febrúar 1822 þar sem Jón Jónsson á Miðdal seldi, f.h. unglingsins Kára Hallgrímssonar, tvö hundruð í Hóli í Bolungarvík til Árna Árnasonar á Meiri-Hlíð fyrir 33 spesíur. Við sama þing var upplesið makaskiptabréf frá 22. desember 1821 þar sem bræðurnir Magnús Árnason og Sæmundur Árnason makaskiptu tveimur hundruðum í Breiðaból og þremur hundruðum í Hóli í Bolungarvík án millilags.[1002]

Við manntalsþing 12. júní 1823 var upplesið afsalsbréf þar sem Esaias Laurentíusson seldi vegna bróðursonar síns, Ívars Hallgrímssonar, tvö hundruð í Hóli í Bolungarvík til Árna Árnasonar fyrir 33 danskar spesíur.[1003]

Við manntalsþing að Hóli 4. júlí 1825 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 18. nóvember 1822, þar sem Hallgrímur Laurentíusson seldi Árna Árnasyni eitt hundrað í Hóli fyrir 16 spesíur. Hallgrímur seldi svo Árna tvö hundruð fyrir 64 ríkisdali, en það bréf var dagsett 29. júní 1825.[1004]

Hinn 6. mars 1839 fóru fram makaskipti hvar Hallgrímur Laurentiusson lagði sex hundruð í Hóli í Bolungarvík í makaskipti móti sex hundruðum í Lónseyri á Snæfjallaströnd úr eigu Páls Halldórssonar í Hnífsdal. Makaskiptabréfið var þinglesið 11. júlí sama ár.[1005]

Við manntalsþingsrétt að Hóli í Bolungarvík 1. júlí 1839 var upplesið makaskiptabréf og afsalsbréf Hallgríms Laurentíussonar fyrir níu hundruðum í Hóli, með hverju bréfi Hallgrímur makaskipti sex hundruðum í Hóli fyrir sex hundruð í Lónseyri án millilags við Pál Halldórsson í Hnífsdal. Hallgrímur seldi Páli einnig þrjú hundruð í Hóli fyrir 489 spesíur eða 96 ríkisbankadali. Bréfið var dagsett 6. mars 1839.[1006]

Við manntalsþingsrétt að Snæfjöllum 2. ágúst 1839 var upplesið makaskiptabréf Páls Halldórssonar og Hallgríms Laurenziussonar á sex hundruðum í Hóli og sex hundruðum í Lónseyri, dagsett 6. mars 1839.[1007]

[1001] Skjal nr. 2(870).
[1002] Skjal nr. 2(845).
[1003] Skjal nr. 2(846).
[1004] Skjal nr. 2(895).
[1005] Skjal nr. 2(604).
[1006] Skjal nr. 2(896).
[1007] Skjal nr. 2(897).

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hóll í Bolungarvík metin 36 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Þar eru einnig skráðar hjáleigurnar Grundarhóll, Árbær (Heimari-Búðir) og Geirastaðir. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon nafngreini einnig hjáleigurnar Nýjabæ og Stöðla, sem báðar hafi verið hafðar til beitarlands árið 1805, og telji hann níu kirkjukúgildi á jörðinni. Sýslumaður einn telur Grundarhól átta hundruð, Árbæ níu hundruð og Geirastaði, er árið 1805 eru sagðir útskiptir sér í lagi, fjögur hundruð að dýrleika.[1008]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hól:

> 2. Hóll: hid forna býli Landalifur, sem optast hefur í eydi leigid og sem matsmónnum virdist ekki byggja meiga med nokkru móti án stórkostlegs skada og tjóns fyrir Hól, er hjer metid med Hól, og má þá segja ad hjer sje á sumardag nægileg og gód beit, en slægjur eru sumar í erfidara lagi og naumast ad stærd eda gædum eptir hinu forna hundradatali. Hægt er hjer til sjóar.[1009]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 1.008 ríkisbankadali.[1010]

Hinn 20. janúar 1854 skrifaði Magnús Árnason til biskups um kúgildaþunga á jörðinni Hóli. Þá sagði Magnús að hjáleigur og aðrar jarðir í Bolungarvík, þ.e. Geirastaðir og Grundarhóll, hafi verið aðskildar frá Hóli án réttar og reglu.[1011] Biskup svaraði Magnúsi með bréfi dagsettu 6. mars sama ár og sagðist ekki geta orðið við því að lækka fjölda kúgilda á Hóli. Þá skipaði hann fyrir að Magnús og sameigendur hans kæmust að því hvenær aðskilnaður hafi orðið milli Grundarhóls, Geirastaða og Hóls.[1012]

Hinn 7. september 1874 gaf Guðmundur Árnason í Traðarkoti bróður sínum Árna Árnasyni í Árbæ sex hundruð í Hóli í Bolungarvík með tilheyrandi hlutum í kirkjujörðunum Keflavík og Gilsbrekku gegn því að viðtakandi greiddi allar þær skuldir sem á gefanda hvíldu.[1013]

Hinn 24. júlí 1880 seldi Árni Árnason í Árbæ sex hundruð í Hóli í Hólshreppi og þrjú hundruð í Meiri-Hlíð í Hólshreppi til sonar síns Árna Magnúsar Árnasonar upp í tilgreinda skuld.[1014]

Hinn 12. apríl 1881 seldu Bárður, Jón og Árni Magnússynir sex hundruð að fornu mati í Hóli í Hólshreppi, 72 og 2/3 álnir að fornu mati í Árbæ í Hólshreppi og 25 álnir í Meiri-Hlíð í Hólshreppi til Árna Magnúsar Árnasonar í Árbæ. Afsalsbréfið var þinglesið 10. júní sama ár.[1015]

Hinn 16. september 1885 skrifaði sr. Þorvaldur Jónsson til biskups með ósk eigenda Hólskirkju um að fá aftur undir kirkjuna jarðirnar Árbæ, Grundarhól og Geirastaði.[1016]

[1008] Skjal nr. 4(1), bls. 197.
[1009] Skjal nr. 2(157).
[1010] Skjal nr. 2(169).
[1011] Skjal nr. 2(463).
[1012] Skjal nr. 2(464).
[1013] Skjal nr. 2(564).
[1014] Skjal nr. 2(590).
[1015] Skjal nr. 2(591).
[1016] Skjal nr. 2(465).

Biskup svaraði sr. Þorvaldi með bréfi dagsettu 23. september sama ár og sagðist engin gögn hafa fundið sem varpað gætu ljósi á hvers vegna jarðirnar Árbær, Grundarhóll og Geirastaðir hafi gengið undan Hólskirkju. Þá kvaðst hann ekki geta gefið von um að nefndar jarðir náist aftur undir kirkjuna.[1017]

Hinn 1. apríl 1889 seldi Árni Jónsson verslunarstjóri, fyrir hönd verslunar Á. Ásgeirssonar á Ísafirði, sex hundruð að fornu mati í Hóli í Hólshreppi til Stefáns Stefánssonar trésmiðs á Hóli. Afsalsbréfið var þinglesið 25. maí sama ár.[1018]

Hinn 3. júlí 1889 seldi Árni Jónsson, fyrir hönd verslunar Á. Ásgeirssonar á Ísafirði, þrjú hundruð að fornu mati í Hóli í Hólshreppi til Hálfdánar Örnólfssonar á Meiri-Hlíð. Afsalsbréfið var þinglesið 19. júlí 1890.[1019]

Í biskupsvísitasíu um Hólskirkju frá 29. júlí 1896 segir að samkvæmt skýrslu eigenda séu nokkrar eignir kirkjunnar, Geirastaðir, Grundarhóll og Árbær, gengnar undan henni án þess hvernig eða hvenær það hafi gerst. Þá segir að landamerkjaskrá hafi ekki fengist samþykkt fyrir kirkjueigninni sökum mótmæla eins gagneiganda.[1020]

Með kaupbréfi dagsettu 18. júní 1898 seldi Stefán Stefánsson trésmiður á Hóli tvö hundruð að fornu mati í Hóli í Hólshreppi til Péturs Oddssonar á Tröð í Bolungarvík. Kaupbréfið var þinglesið 25. júní sama ár.[1021]

Landamerkjabréf um landamerki milli jarðanna Hóls og Grundarhóls í Bolungarvík er dagsett 7. júlí 1904 en það var innkomið til þinglesturs 12. júlí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki milli Hóls og Grundarhóls í Hólshreppi hafa eigendur beggja jarðanna komið sér saman um að væri þannig: úr hvalhaus þeim, sem næstur er Grundunum að innanverðu niður við sjóarkambinn og þaðan beina línu fram í svonefndan Markhrygg framan til við múrhúsin Syðradals megin við Ernirins og úr þeim hrygg bein sjónhending til fjallsbrúnar; á hinn veginn úr djúpum skurðenda við Hólsána fyrir ofan Grundarhól og þaðan beina línu í stein Hólsmegin við uppsprettulind, sem kemur útúr svo nefndum Hrossahjalla neðan undir Ernisfjallinu, og úr þeim steini bein sjónhending í Steinmann, sem er nýpa uppá Ernisröndinni. Enn fremur tilheyrir Grundarhóli engjarimi fram í svokölluðum Hólsengjum, og liggur rimi þessi frá Hólsá og það sem slegið verður uppeptir, með merkjum á báða vegi. Að öðru leyti heldur Hóll öllum gömlum réttindum sínum.
>
> Hóli 7. Júlí 1904.
>
> G. Oddsson. Magnús P. Tyrfingsson
>
> Á.M. Árnason Stefán Stefánsson
>
> Fyrir hönd verzlunar herra kaupm. Á Ásgeirssonar á Ísafirði og erfingja Sigríðar Bjarnadóttur. Árni Árnason.[1022]

[1017] Skjal nr. 2(466).
[1018] Skjal nr. 2(605).
[1019] Skjal nr. 2(606).
[1020] Skjal nr. 2(272).
[1021] Skjal nr. 2(607).
[1022] Skjal nr. 2(44). Sjá einnig skjal nr. 2(1028).

Við manntalsþing að Ytri-Búðum 29. júlí 1904 var þinglesið landamerkjabréf milli Hóls og Grundarhóls, dagsett 7. júlí 1904.[1023]

Við manntalsþing Hólshrepps 16. maí 1908 var þinglesið afsalsbréf G. Oddssonar fyrir tveimur hundruðum í Hóli til Guðmundar Jóhannessonar.[1024]

Við manntalsþing Hólshrepps í Bolungarvík 30. maí 1914 var þinglesinn kaupsamningur um Hól á milli Á. M. Árnasonar og G. Halldórssonar, dagsettur 14. febrúar 1913, fyrir 6.160 krónur.[1025]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Hóls í Bolungarvík að þau séu þinglesin. Þá segir að viðarreki og upprekstur á Stigahlíð gefi af sér árlega. Þá er einnig getið um surtarbrandstekju á Stigahlíð. Jörðin var metin á 13.600 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[1026]

Við manntalsþing Hólshrepps 3. júlí 1923 var þinglesinn sandgræðslusamningur eigenda Hóls og Grundarhóls við oddvita Hólshrepps, dagsettur 2. september 1922.[1027]

Hinn 31. maí 1924 skrifuðu Jón S. Magnússon, Guðbjartur Sigurðsson og Benedikt Bjarnason, eigendur og umráðamenn Breiðabóls, að þeir teldu að landamerkjum milli jarðanna Breiðaból og Hóls í Bolungarvík væri ranglega lýst í landamerkjaskjali Kristjáns Erlendssonar og Örnólfs Hálfdánssonar sem eigenda Breiðabóls, en það skjal var þinglesið við manntalsþing árið 1922. Skjal þremenninganna var þinglesið við manntalsþing í Bolungarvík 4. júlí 1924 en text þess er svohljóðandi:

> Nokkrir af eigendum jarðarinnar Breiðaból í Hólshreppi, þeir Kristján Erlendsson Meiribakka og Örnólfur Hálfdánsson Breiðabóli Skálavík, hafa á manntalsþingi 1922 látið þinglýsa landamarkabrjefi um landamerki á Stigahlíð milli jarðanna Holl og Breiðabol í Holshreppi.
>
> Hafa þeir tveir einir undirskrifað brjef þetta, en enginn annar af eigendum Breiðabóls og engin af eigendum Hóls. Ákveður brjef þetta að merki milli jarðana á Stigahlíð utanverðri sjeu svonefndir Björtulækir milli Hvassaleitis og Miðleitis.
>
> Við undirritaðir eigendur og umráðamenn Breiðabols teljum að merkjum þessum sje rangt lýst í brjefinu. Teljum við að Holl eigi alla leið út í Gunnarsvík norðanvert í Kerlingunni, og samþykkjum að þinglýst sje brjefi um landamerkin í samræmi við það.
>
> Bolungarvík, 31 maí 1924
>
> Jón S Magnússon J Guðbjartur Sigurðsson
>
> Benedikt Bjarnason
>
> Vottar: Páll Arnason Jón Jónsson[1028]

Með kaupsamningi dagsettum 26. ágúst 1927 seldu Helga Ólafsdóttir og dánarbú Magnúsar Tyrfingssonar hlut í jörðinni Hóli í Bolungarvík til hreppsnefndar Hólshrepps.[1029]

[1023] Skjal nr. 2(898).
[1024] Skjal nr. 2(899).
[1025] Skjal nr. 2(900).
[1026] Skjal nr. 2(207).
[1027] Skjal nr. 2(850).
[1028] Skjal nr. 2(39).
[1029] Skjal nr. 2(403).

Hinn 11. desember 1937 krafðist Hólshreppur þess við sýslumann að skipaður yrði landamerkjadómur um land milli hreppsins og jarðarinnar Hóls í Bolungarvík. Fjallað var um svonefnt sandgræðslusvæði í Bolungarvík.[1030]

Jens E. Níelsson vottaði þann 20. júlí 1938 að girðingu hefði verið árlega haldið við af sandgræðslunni frá árinu 1927 til afmörkunar á sandgræðslusvæðinu í Bolungarvík, þ.e ósmegin, fram á fremri bakka lækjarfarvegs í Vatnsnesinu, þar sem saman kæmu ósinn og áin. Frá þeim stað hafi eigendur Hóls, þeir sem þá ættu Vatnsnesið, annast viðhald girðingarinnar um það.[1031] Jón J. Eyfirðingur vottaði 21. júlí 1938 um landskipti innan sandgræðslusvæðisins árið 1927. Þá hafi verið sett niður girðing og taldi Jón hana hafa verið setta niður á réttan máta.[1032] Sama vottaði Bjarni Eiríksson með vitnisburði dagsettum 7. ágúst 1938.[1033] Arngrímur Fr. Bjarnason vottaði 8. ágúst 1938 að takmörkin með girðingunni hafi miðast við horn sandgræðslugirðingarinnar þar sem saman kæmu ós og á, rétt við stíflugarð sem hafi síðar verið gerður.[1034]

Merkjadómur var haldinn 27. og 28. október 1938 í máli hreppsnefndar Hólshrepps gegn Guðmundi Magnússyni um landamerki á sandgræðslusvæði í Syðridal í Bolungarvík. Í sóknarskjali Páls Jónssonar, f.h. Hólshrepps, og varnarskjali Guðmundar kemur fram að ágreiningur var um staðsetningu girðingar til afmörkunar á sandgræðslusvæðinu.[1035]

Hinn 29. október 1938 fór fram merkjadómur Ísafjarðarsýslu þar sem tekið var fyrir mál nr. 1/1938, Hreppsnefnd Hólshrepps, f.h. Hólshrepp eiganda Sandgræðslusvæðisins í Bolungarvík, gegn Guðmundi Magnússyni eiganda Vatnsness úr Hólslandi. Málið varðaði ágreining um landamerki milli hluta Hólshrepps af sandgræðslusvæðinu og hluta Guðmundar. Farið var yfir tildrög málsins þar sem fram kemur að afmarkað svæði frá sandgræðslusvæðinu skyldi girt af samkvæmt kaupsamningi og afsali frá 1927. Ágreiningurinn snérist um hvert væri neðra horn girðingar að framanverðu og frá hvaða horni girðingarinnar bæri að mæla 105 metra langa línu. Farið var yfir gögn sem lögð voru fram í málinu, vitnisburði og kröfur málsaðila. Loks var Guðmundur sýknaður af kröfum hreppsnefndarinnar og eftirfarandi dæmt um landamerkin:

> Landamerkin milli eignarhluta Hólshrepps og eignarhluta Guðmundar Magnússonar í sandgræðslusvæðinu í Bolungavík skulu vera þannig að þau séu bein lína frá endapúnkti 170 m. línunnar mældrar eftir sandgræðslugirðingunni að ofanverðu frá horninu A í endapúnkt 105 m. línunnar mældrar eftir sandgræðslugirðingunni frá horninu C að neðanverðu að fyrnefndum lækarfarvegi.[1036]

[1030] Skjal nr. 2(404).
[1031] Skjal nr. 2(405).
[1032] Skjal nr. 2(406).
[1033] Skjal nr. 2(407).
[1034] Skjal nr. 2(408).
[1035] Skjal nr. 2(409)–2(410).
[1036] Skjal nr. 2(901).

5.40.1 Árbær í Bolungarvík

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hóls í Bolungarvík metinn 36 hundruð. Með í matinu voru hjáleigurnar Grundarhóll og Árbær (Heimari-Búðir). Eigendur jarðarinnar voru Árni Magnússon og Jóhannes Guðmundsson á Hanhóli og ábúendurnir Hallgrímur og Esaias Lárentíussynir. Fram kemur að eyðihjáleigan Mýrarhús liggi í landi heimagarðsins og sé þar með talin með í matinu. Þá segir að Nýibær og Stöðlar nýtist sem beitiland en Geirastöðum hafi verið skipt út og sé jörð út af fyrir sig. Loks segir að Landalifur sé eyðijörð tilheyrandi Hólskirkju en að hún geti ekki byggst.[1037]

Hinn 12. júní 1822 fóru fram makaskipti hvar bræðurnir M. Árnason og Árni Árnason á Meiri-Hlíð í Bolungarvík afhentu sex hundruð í Breiðabóli í Skálavík til systur sinnar Ingibjargar Árnadóttur sem afhenti bræðrunum á móti sex hundruð í Árbæ í Hólaþingsókn. Makaskiptabréfið var þinglesið 24. maí 1841.[1038]

Við manntalsþing að Hóli 24. maí 1841 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 12. júní 1822, fyrir sex hundruðum í Breiðabóli gegn sex hundruðum í Árbæ án millilags.[1039]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er Árbær eða Heimari-Búðir talin upp sem ein af hjáleigum Hóls í Bolungarvík. Hún er ekki metin sérstaklega en jörðin Hóll var metin 36 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður einn telji Árbæ níu hundruð.[1040]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Árbæ:

> 1. Árbær: þetta kot hefur ekkert land nema túnskika og rima einn framm í Hólslandi og verdur einginn peníngur þar haldinn nema 1 kýr, en beit fyrir þá kú hefur kotid í Hólslandi, því þadan er þad ad fornu úrbygt.[1041]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 108 ríkisbankadali.[1042]

Hinn 20. maí 1852 lögfestu eigendur Árbæjar og Ytri-Búða, Magnús og Árni Árnasynir, land bæjanna og var lögfestan þinglesin 22. maí sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Hér með lögfestum við undirskrifaðir bræður og eigendur Árbæjar og Ytribúða land það alt, sem bæjum þeim að fornu og nýju tilheyrt hefir eptir áður lýstum landamerkjum við jarðamat það, sem konungur vor hefir skipað, og sem við ætíð munum sýna, ef á er leitað; lýsum við löghelgi á þessu landi voru, en óhelgi á öllum þeim áverkum á landi þessu okkar og lóð, sem framdir hafa verið og fremjast mundu – til tekið um ristu torfs og stungu eður og um steinatök og rótun jarðvegs.
>
> Lýsum við þessu fyrir þingheimi öllum í heyranda hljóði, og munum vér fyllilega fylgja forboði þessu að lögmáli réttu.[1043]

[1037] Skjal nr. 2(125).
[1038] Skjal nr. 2(583).
[1039] Skjal nr. 2(848).
[1040] Skjal nr. 4(1), bls. 197.
[1041] Skjal nr. 2(157).
[1042] Skjal nr. 2(169).
[1043] Skjal nr. 2(303).

Við manntalsþing að Hóli 22. maí 1852 var þinglesin lögfesta fyrir landi Árbæjar og Ytri-Búða. Samkvæmt lögfestunni var bannað að nota lönd þessara jarða án leyfis eigenda, en hún var dagsett 20. maí 1852.[1044]

Í umboði Árna Árnasonar á Meiri-Hlíð til bróður síns Magnúsar, dagsettu 8. júní 1853, vitnast um nokkra einstaklinga sem byggt hafi í leyfisleysi salthús á sameign Árna og Magnúsar, þ.e. Ytri-Búðum og Árbæ.[1045] Magnús bað sýslumann um að gera áreið og álíta land og slægjur Árbæjar og Ytri-Búða en þar hafi vottast að landið væri ónógt til að standast jarðarusla sem kæmi til vegna búðabygginga malamanna á Bolungarvíkurmölum. Í framhaldinu, eða 12. júní sama ár, tilkynnti Magnús að engum yrði leyfð rista, stunga eða annað jarðrask í landi Árbæjar og Ytri-Búða. Þá settu þeir bann á byggingu búða á Bolungarvíkurmölum og loks sögðu þeir að hver sem byggt hefði í leyfisleysi yrði að rífa niður bygginguna.[1046]

Hinn 28. ágúst 1856 fór fram, að ósk Magnúsar Árnasonar, skoðun á Bolungarvíkurmölum einkum vegna bygginga sem þar væru í óleyfi að mati Magnúsar. Í lýsingu svæðisins segir meðal annars:

> Eptir ósk Sgr. M. Árnasonar í Þjóðólfstungu í Bolungarvík höfum við undirskrifaðir í dag saman komið á Bolungarvíkurmalir, til þess, eptir ósk hans, að yfirskoða og lýsa hverninn á stendur plássi því, er liggur við verbúðum á Bolungarvíkurmölum. Þetta er innan til í hjáleigu landi Árbæjar út að læk nokkrum, Drimlu, kallað; er þetta land auðsjáanlegt slægjuland ofan undir búðarveggi. Frá áðurnefndum læk Drimlu er hjáleiguland Ytribúða og svo að mestu yrkt og slegið ofan að mölum, og sýnist gott gras hafa verið á hvortutveggju.[1047]

Hinn 21. júlí 1868 seldi Guðmundur Árnason í Árbæ og afhenti þrjú hundruð í Árbæ til Jóns Árnasonar á Múla við Ísafjörð. Afsalsbréfið var þinglesið 14. júní 1869.[1048]

Hinn 12. apríl 1881 seldu Bárður, Jón og Árni Magnússynir sex hundruð að fornu mati í Hóli í Hólshreppi, 72 og 2/3 álnir að fornu mati í Árbæ í Hólshreppi og 25 álnir í Meiri-Hlíð í Hólshreppi til Árna Magnúsar Árnasonar í Árbæ. Afsalsbréfið var þinglesið 10. júní sama ár.[1049]

Hinn 16. september 1885 skrifaði sr. Þorvaldur Jónsson til biskups með ósk eigenda Hólskirkju um að fá aftur undir kirkjuna jarðirnar Árbæ, Grundarhól og Geirastaði.[1050] Biskup svaraði sr. Þorvaldi með bréfi dagsettu 23. september sama ár og sagðist engin gögn hafa fundið sem varpað gætu ljósi á hvers vegna jarðirnar Árbær, Grundarhóll og Geirastaðir hafi gengið undan Hólskirkju. Þá kvaðst hann ekki geta gefið von um að nefndar jarðir náist aftur undir kirkjuna.[1051]

[1044] Skjal nr. 2(874).
[1045] Skjal nr. 2(304).
[1046] Skjöl nr. 2(305) og 2(595).
[1047] Skjal nr. 2(306).
[1048] Skjal nr. 2(597).
[1049] Skjal nr. 2(591).
[1050] Skjal nr. 2(465).
[1051] Skjal nr. 2(466).

Hinn 5. júní 1886 kunngjörði Skúli Thoroddsen sýslumaður Ísafjarðarsýslu í afsalsbréfi að 11 hundruð og 82 álnir að nýju mati í svonefndri Meiri-Hlíðareign (þ.e. Meiri-Hlíð, Ytri-Búðum og Árbæ) hafi á uppboði þann 28. mars 1886 verið seld hæstbjóðanda, Árna Jónssyni verslunarstjóra á Ísafirði. Afsalsbréfið var þinglesið 22. maí 1907.[1052]

Í undirmati II að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir um landamerki jarðarinnar Árbæjar að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 8.300 kr. Eigandi hennar var verslun Ásgeirs Ásgeirssonar á Ísafirði.[1053]

Við manntalsþing í þinghúsi Hólshrepps í Bolungarvík 28. júní 1921 var þinglesið byggingarbréf H. Steinthals til H.S.J. verslana hf. fyrir Árbæ.[1054]

Við manntalsþing Hólshrepps 3. júlí 1923 var þinglesin landamerkjaskrá Árbæjar frá 9. september 1922.[1055] Efni hennar er svohljóðandi:

> Tún jarðarinnar liggur ofanvert við BolungarvíkurMalir innanverðar og eru takmörk þess sem hjer segir:
>
> Að sunnanverðu Hólsáin, að austanverðu gatan fyrir ofan verbúðirnar, að norðanverðu svonefndur […] Drimlulækur og að austanverðu merkjalína milli Ytribúðar og Árbæjar eins og hún nú er afmörkuð með skurðum og girðingum. Engjar jarðarinnar eru 78 metrar breiður renningur í Hólsengjum í Tungudal. Liggur hann frá Hólsá og nærsvo langt upp eftir Ernishlíðinni, sem slegið verður. Er […] engjarimi þessi afmarkaður með járnhælum (járngripum) á báðar hliðar.
>
> Bolungavík 9. september. 1922
>
> ~~Eigandi~~ Eigendur Hóls:
>
> (Sign.) Gunnar Halldórsson. Hóli
>
> — " — Stefán G. Stefánsson.
>
> — " — Bjarni Jón Barðason Hóli
>
> — " — Helga Ólafsdóttir. Hóli.
>
> pr. H/f. Hinar sameinuðu ísl. verzl.
>
> Bolunarvík
>
> (Sign.) Jón J Fannberg.[1056]

Með kaupsamningi, dagsettum 29. júlí 1927, seldi Pétur Oddsson til hreppsnefndar Hólshrepps hálfa jörðina Grundarhól, að undanskildum rétti Hálfdáns Örnólfssonar á Grundum, býlið Árbæ, að undanskildu lóðarstykki að Drymlulæk og jörðina Ytri-Búðir, að undanskildri túnlóð Bárðar Jónssonar, útmældum lóðum ofanvert við aðalgötu þorpsins og ókeypis afnotum af fiskireit, svonefndum Klepp.[1057]

[1052] Skjal nr. 2(594).
[1053] Skjal nr. 2(346).
[1054] Skjal nr. 2(877).
[1055] Skjal nr. 2(850).
[1056] Skjal nr. 4(231).
[1057] Skjal nr. 2(390).

5.41 Grundarhóll í Bolungarvík

Með samningi milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar, dagsettum 22. september 1588, taldi Sæmundur til kaups og konumundar við Helenu (Elínu) Magnúsdóttur þrjú hundruð hundraða í jörðum og lausagóssi. Jarðirnar voru meðal annars Hóll í Bolungarvík, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga, Miðdalur, Ós, Hanhóll, Gil, Meiri-Bakki, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhóll. Þar á móti gáfu hjónin Magnús Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir dóttur sinni Helenu hundrað hundraða í jörðum, kúgildum og öðrum peningum að ýmsum jörðum tilgreindum, þar á meðal Sæbóli á Ingjaldssandi, Heydal og Botni í Mjóafirði. Jarðirnar Ós, Minni-Hlíð og Hraun fékk Helena með þeim skilmálum að þær erfðust til barna hennar og Sæmundar.[1058]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 er fjallað um Grundarhól í Bolungarvík sem hjáleigu frá Hóli. Þar segir eftirfarandi:

> **Grundarhóll.** Önnur hjáleiga eldri miklu en í manna minni. Reiknuð fyrir viii hndr. úr jörðunni.
>
> Ábúendur Ástríður Jónsdóttir og Oddur Einarsson, sitt á hverjum helmíngi, og svo að fornu.
>
> […]
>
> Engjar hjáleigunnar eru stórum skemdar af sandi, svo verður og hjáleigan fyrir troðníngi af vermönnum, og skaðar það og heybjörgina.[1059]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 1. maí 1726 var upplesið kaupbréf, dagsett 12. janúar 1726, þar sem Árni Sæmundsson seldi Markúsi Bergssyni sýslumanni hálfa jörðina Hól, 30 hundruð að dýrleika, með hálfum Geirastöðum, hálfum Grundarhóli og hálfum Innri-Búðum. Einnig fékk Markús hálfa Hólskirkju með öllu sem henni fylgdi að hálfu leyti, þ.e. í Geirsbrekku, Landalifur og Keflavík. Á móti lét Markús Árna fá jörðina Ármúla og milligjöf upp á 112 ríkisdali.[1060]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hóls í Bolungarvík metinn 36 hundruð. Með í matinu voru hjáleigurnar Grundarhóll og Árbær (Heimari-Búðir). Eigendur jarðarinnar voru Árni Magnússon og Jóhannes Guðmundsson á Hanhóli og ábúendurnir Hallgrímur og Esaias Lárentíussynir. Fram kemur að eyðihjáleigan Mýrarhús liggi í landi heimagarðsins og sé þar með talin með í matinu. Þá segir að Nýibær og Stöðlar nýtist sem beitiland en Geirastöðum hafi verið skipt út og sé jörð út af fyrir sig. Loks segir að Landalifur sé eyðijörð tilheyrandi Hólskirkju en að hún geti ekki byggst.[1061]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 23. maí 1806 var upplesið afsalsbréf Steinunnar Hallgrímsdóttur til Hallgríms Laurentíussnar fyrir sex hundruðum í Hóli fyrir 120 ríkisdali. Við sama þing var upplesið afsalsbréf Þ. Þorsteinssonar fyrir fjórum

[1058] Skjal nr. 2(356).
[1059] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 150, skjal H-12.
[1060] Skjal nr. 2(738).
[1061] Skjal nr. 2(125).

hundruðum í Grundarhóli og þremur hundruðum í Ytri-Búðum til Hallgríms fyrir 54 ríkisdali. Enn fremur var upplesið afsalsbréf Hallgríms til Esaiasar Laurentíussonar fyrir þremur hundruðum í Hóli fyrir 60 ríkisdali.[1062]

Hinn 15. mars 1834 seldi Eyjólfur Kolbeinsson prestur í Eyrar- og Hólsprestakalli fjögur hundruð í Grundarhóli í Hólssókn til Árna Árnasonar í Meiri-Hlíð í Bolungarvík. Afsalsbréfið var þinglesið 8. september sama ár.[1063]

Við manntalsþing að Hóli 8. september 1834 var þinglesið afsalsbréf sr. Eyjólfs Kolbeinssonar fyrir fjórum hundruðum í Grundarhóli til Árna Árnasonar á Meiri-Hlíð fyrir 32 spesíur.[1064]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Grundarhóll í Bolungarvík ekki metin til hundraða, en hún er skráð sem hjáleiga frá Hóli í Bolungarvík.[1065]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Grundarhól:

> 3. Grundarhóll: þetta kot er einsog Árbær ad fornu bygt úr Hólslandi og alls eru þar sómu gallar sem á Árbæ ~~og~~ nema hvad féinar kindur kynni þar ad meiga hafa.[1066]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 120 ríkisbankadali.[1067]

Hinn 20. janúar 1854 skrifaði Magnús Árnason til biskups um kúgildaþunga á jörðinni Hóli. Þá sagði Magnús að hjáleigur og aðrar jarðir í Bolungarvík, þ.e. Geirastaðir og Grundarhóll, hafi verið aðskildar frá Hóli án réttar og reglu.[1068] Biskup svaraði Magnúsi með bréfi dagsettu 6. mars sama ár og sagðist ekki geta orðið við því að lækka fjölda kúgilda á Hóli. Þá skipaði hann fyrir að Magnús og sameigendur hans kæmust að því hvenær aðskilnaður hafi orðið milli Grundarhóls, Geirastaða og Hóls.[1069]

Við manntalsþing að Hóli 9. júlí 1863 var þinglesið kaupbréf H. Johnsens, dagsett 21. ágúst 1861, fyrir fjórum hundruðum í Grundarhóli að fornu mati fyrir 200 ríkisdali.[1070]

Hinn 30. september 1865 gaf Hjálmar Jónsson timburmaður ekkjunni Arnorínu Ágústu Svendsen fjögur hundruð að gömlu mati í Grundarhóli í Hólshreppi og fjögur hundruð að gömlu mati í Kirkjubóli í Skutulsfirði. Gjafabréfið var þinglesið 20. og 25. júlí 1872.[1071]

Með kaupbréfi dagsettu 15. júní 1872 seldi Arnorína Ágústa Svendsen fjögur hundruð í Kirkjubóli í Skutulsfirði og fjögur hundruð í Grundarhóli í Hólshreppi til Jóns Halldórssonar hreppstjóra á Kirkjubóli. Kaupbréfið var þinglesið 25. júlí sama ár.[1072]

1062 Skjal nr. 2(741).
1063 Skjal nr. 2(608).
1064 Skjal nr. 2(902).
1065 Skjal nr. 4(1), bls. 197.
1066 Skjal nr. 2(157).
1067 Skjal nr. 2(169).
1068 Skjal nr. 2(463).
1069 Skjal nr. 2(464).
1070 Skjal nr. 2(875).
1071 Skjal nr. 2(609).
1072 Skjal nr. 2(610).

Hinn 16. september 1885 skrifaði sr. Þorvaldur Jónsson til biskups með ósk eigenda Hólskirkju um að fá aftur undir kirkjuna jarðirnar Árbæ, Grundarhól og Geirastaði.[1073] Biskup svaraði sr. Þorvaldi með bréfi dagsettu 23. september sama ár og sagðist engin gögn hafa fundið sem varpað gætu ljósi á hvers vegna jarðirnar Árbær, Grundarhóll og Geirastaðir hafi gengið undan Hólskirkju. Þá kvaðst hann ekki geta gefið von um að nefndar jarðir náist aftur undir kirkjuna.[1074]

Skjal um landamerki milli Hóls og Grundarhóls í Bolungarvík er dagsett 7. júlí 1904 en það var innkomið til þinglesturs 12. júlí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki milli Hóls og Grundarhóls í Hólshreppi hafa eigendur beggja jarðanna komið sér saman um að væri þannig: úr hvalhaus þeim, sem næstur er Grundunum að innanverðu niður við sjóarkambinn og þaðan beina línu fram í svonefndan Markhrygg framan til við múrhúsin Syðradals megin við Ernirins og úr þeim hrygg bein sjónhending til fjallsbrúnar; á hinn veginn úr djúpum skurðenda við Hólsána fyrir ofan Grundarhól og þaðan beina línu í stein Hólsmegin við uppsprettulind, sem kemur útúr svo nefndum Hrossahjalla neðan undir Ernisfjallinu, og úr þeim steini bein sjónhending í Steinmann, sem er nýpa uppá Ernisröndinni. Enn fremur tilheyrir Grundarhóli engjarimi fram í svokölluðum Hólsengjum, og liggur rimi þessi frá Hólsá og það sem slegið verður uppeptir, með merkjum á báða vegi. Að öðru leyti heldur Hóll öllum gömlum réttindum sínum.
>
> Hóli 7. Júlí 1904.
>
> G. Oddsson. Magnús P. Tyrfingsson
>
> Á.M. Árnason Stefán Stefánsson
>
> Fyrir hönd verzlunar herra kaupm. Á Ásgeirssonar á Ísafirði og erfingja Sigríðar Bjarnadóttur. Árni Árnason.[1075]

Við manntalsþing að Ytri-Búðum 29. júlí 1904 var þinglesið landamerkjabréf milli Hóls og Grundarhóls, dagsett 7. júlí 1904.[1076]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Grundarhóls í Bolungarvík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 3.400 kr. Eigendur hennar voru verslun Á. Ásgeirssonar á Ísafirði að helmingi en erfingjar Sigríðar Bjarnadóttur frá Ósi að helmingi.[1077]

Við manntalsþing Hólshrepps 3. júlí 1923 var þinglesinn sandgræðslusamningur eigenda Hóls og Grundarhóls við oddvita Hólshrepps, dagsettur 2. september 1922.[1078]

Með kaupsamningi, dagsettum 29. júlí 1927, seldi Pétur Oddsson til hreppsnefndar Hólshrepps hálfa jörðina Grundarhól, að undanskildum rétti Hálfdáns Örnólfssonar á Grundum, býlið Árbæ, að undanskildu lóðarstykki að Drymlulæk og jörðina Ytri-Búðir, að undanskildri túnlóð Bárðar Jónssonar, útmældum lóðum ofanvert við aðalgötu þorpsins og ókeypis afnotum af fiskireit, svonefndum Klepp.[1079]

[1073] Skjal nr. 2(465).
[1074] Skjal nr. 2(466).
[1075] Skjal nr. 2(44). Sjá einnig skjal nr. 2(1028).
[1076] Skjal nr. 2(898).
[1077] Skjal nr. 2(208).
[1078] Skjal nr. 2(850).
[1079] Skjal nr. 2(390).

5.42 Geirastaðir í Bolungarvík

Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[1080]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sonar hennar Jóns Jónssonar þannig að hann fékk alla Eyri í Seyðisfirði, Hól í Önundarfirði, Ós, Gil og Geirastaði.[1081]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 er fjallað um Geirastaði sem hjáleigu frá Hóli í Bolungarvík. Þar segir eftirfarandi:

> **Geirastader**. Þriðja gömul hjáleiga frá Hóli.
>
> Reiknuð fyrir vi hndr.
>
> Ábúandinn Magnús Steinsson.
>
> […]
>
> Áður en jörðin spiltist, var landskuld 3 vættir á eyri, og 3 kúgildi.
>
> Jörðin hefur legið í eyði í 3 ár, og tók ábúandi hana í auðn í næstu fardögum.[1082]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 1. maí 1726 var upplesið kaupbréf, dagsett 12. janúar 1726, þar sem Árni Sæmundsson seldi Markúsi Bergssyni sýslumanni hálfa jörðina Hól, 30 hundruð að dýrleika, með hálfum Geirastöðum, hálfum Grundarhóli og hálfum Innri-Búðum. Einnig fékk Markús hálfa Hólskirkju með öllu sem henni fylgdi að hálfu leyti, þ.e. í Geirsbrekku, Landalifur og Keflavík. Á móti lét Markús Árna fá jörðina Ármúla og milligjöf upp á 112 ríkisdali.[1083]

Við manntalsþing að Hóli 13. apríl 1728 var spurt um klögun gegn Sigmundi Sæmundssyni vegna jarðarverðs á sex hundruðum í Víðidalsá og einu hundraði og 25 álnum í Veðrará. Ólafur Jónsson lögréttumaður kom fram og kvað Sigmund hafa lofað því bréflega að greiða fyrir nefnda parta með þremur hundruðum í Geirastöðum og sjö hundruðum í lausaféfjallað um það að Sigmundur Sæmundsson hafði lofað bréflega að borga andvirði sex hundraða í Víðidalsá og eins hundraðs og 25 álna í Veðrará að hluta til með þrem hundruðum í Geirastöðum. Bar að sækja það til Sigmundar.[1084]

1080 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).
1081 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
1082 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 150, skjal H-12.
1083 Skjal nr. 2(738).
1084 Skjal nr. 2(739). (Sjá einnig: *Til merkis mitt nafn: Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729*, Már Jónsson tók saman, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2002, bls. 337–341).

Við manntalsþing að Þingeyri 8. júní 1793 var þinglesinn kaupmáli Pálma Guðmundssonar á þremur hundruðum í Geirastöðum af Torfa Snæbjörnssyni fyrir 20 ríkisdali. Skjalið var dagsett 26. maí sama ár.[1085]

Við manntalsþing að Hóli 14. maí 1799 varð sú sætt í eignaskiptaþrætu milli Laurentíusar og Pálma Guðmundssonar að Laurentíus lofaði að selja Pálma sín þrjú hundruð í Geirastöðum fyrir 30 ríkisdali og borgaði Pálmi honum upphæðina samstundis, sjö og hálfan ríkisdal.[1086]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 18. ágúst 1800 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 3. ágúst 1799, hvar Sigurður Jónssson seldi Pálma Guðmundssyni sex hundruð í Gili fyrir Geirastaði, sex hundruð, og 15 ríkisdala milligjöf auk bæjarflutnings á Geirastaði.[1087]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er skráð að ekki sé vitað um dýrleika Geirastaða. Eigandi jarðarinnar var Halldóra Magnúsdóttir ekkja á Miðdal.[1088] Í færslu um Hól í Bolungarvík í sama jarðamati segir að Geirastöðum hafi verið skipt út og sé jörð út af fyrir sig.[1089]

Við manntalsþing að Nauteyri 19. maí 1845 var lesið afsalsbréf Bjarna Gíslasonar á Ármúla til Ólafs Jónssonar í Skjaldfönn fyrir fjórum hundruðum í Skjaldfönn, fjórum hundruðum í Geirastöðum og tveimur hundruðum í Miðdal fyrir 280 ríkisbankadali.[1090]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Geirastaðir í Bolungarvík ekki metin til hundraða, en hún er skráð sem hjáleiga frá Hóli í Bolungarvík.[1091]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Geirastaðir var metin á 120 ríkisbankadali.[1092]

Hinn 20. janúar 1854 skrifaði Magnús Árnason til biskups um kúgildaþunga á jörðinni Hóli. Þá sagði Magnús að hjáleigur og aðrar jarðir í Bolungarvík, þ.e. Geirastaðir og Grundarhóll, hafi verið aðskildar frá Hóli án réttar og reglu.[1093] Biskup svaraði Magnúsi með bréfi dagsettu 6. mars sama ár og sagðist ekki geta orðið við því að lækka fjölda kúgilda á Hóli. Þá skipaði hann fyrir að Magnús og sameigendur hans kæmust að því hvenær aðskilnaður hafi orðið milli Grundarhóls, Geirastaða og Hóls.[1094]

Með kaupbréfi dagsettu 1. ágúst 1867 seldu Ásgeir Halldór Ólafsson og Kristján Sigurður Ólafsson fjögur hundruð í Geirastöðum í Hólshreppi til V. T. Thostrups faktors á Ísafirði. Kaupbréfið var þinglesið 30. júní 1868.[1095]

[1085] Skjal nr. 2(868).
[1086] Skjal nr. 2(903).
[1087] Skjal nr. 2(740).
[1088] Skjal nr. 2(126).
[1089] Skjal nr. 2(125).
[1090] Skjal nr. 2(872).
[1091] Skjal nr. 4(1), bls. 197.
[1092] Skjal nr. 2(169).
[1093] Skjal nr. 2(463).
[1094] Skjal nr. 2(464).
[1095] Skjal nr. 2(611).

Við manntalsþing að Hóli 30. júní 1868 var þinglesið kaupbréf V. T. Thostrups, dagsett 1. ágúst 1867, fyrir fjórum hundruðum í Geirastöðum fyrir 150 ríkisdali.[1096]

Hinn 17. október 1873 seldi Jón Guðnason tilgreint stykki úr landi Geirastaða til Brynjólfs Sveinssonar á Geirastöðum. Afmörkun þess er lýst svo í skjalinu:

> En um merki á ofannefndu stykki eru: beina línu að neðanverðu eptir garðinum, frá svokölluðum Landamerkjalæk, milli Miðdals og Geirastaða, út að gamla gilfarveginum, og svo það sem hann heldur uppundir gljúfur á Geirastaðagili, og að framanverðu, beina línu í áðurnefndan merkjalæk ofan að hinni línunni, og skal ofannefndur Brynjólfur Sveinsson, mega nota og brúka þetta stykki sem eign sína, uppfrá þessum degi.[1097]

Hinn 24. janúar 1885 seldi Brynjólfur Sveinsson tilgreint stykki úr Geirastöðum með húsum til Jóhanns Jóhannssonar á Hanhóli. Afsalsbréfið var þinglesið 28. maí 1886, en afmörkun stykkisins er lýst svo í bréfinu:

> Enn ummerki á ofannefndu stykki eru í beina línu að neðanverðu (eptir garðinum) frá svokölluðum landamerkjalæk milli Miðdals og Geirastaða. Út í gamla gilfarveginn, og svo það sem hann heldur upp undir gljúfur á Geirastaðagili, og að framan verðu beina línu í áðurnefndan merkjalæk ofan að hinni línunni, og skal ofannefndur Jóhann Jóhannsson mega nota og brúka þetta stykki sem eign sína upp frá þessum degi.[1098]

Hinn 16. september 1885 skrifaði sr. Þorvaldur Jónsson til biskups með ósk eigenda Hólskirkju um að fá aftur undir kirkjuna jarðirnar Árbæ, Grundarhól og Geirastaði.[1099] Biskup svaraði sr. Þorvaldi með bréfi dagsettu 23. september sama ár og sagðist engin gögn hafa fundið sem varpað gætu ljósi á hvers vegna jarðirnar Árbær, Grundarhóll og Geirastaðir hafi gengið undan Hólskirkju. Þá kvaðst hann ekki geta gefið von um að nefndar jarðir náist aftur undir kirkjuna.[1100]

Landamerkjalýsing jarðarinnar Geirastaða í Bolungarvík er dagsett 19. júlí 1890 en hún var þinglesin sama dag. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing á jörðinni Geirastöðum liggjandi í Hólshreppi innan Ísafjarðarsýslu; milli Miðdals og Geirastaða í svokallað Geirastaðagil í fjallinu, og í læk, sem rennur ofan í vatn.
>
> Milli Hóls- og Geirastaða úr gili í fjallinu ofan í stein á Geirastaðaleiti, merktan G. og H, og þaðan beina línu í fremsta Vatnsneshorn.
>
> Geirastöðum 19. júlí 1890.
>
> Eigendur Hóls: St.G. Stefánsson Jón Matthíasson H. Örnólfsson Á.M. Árnason
>
> Fyrir hönd Sigríðar Bjarnadóttur: Ólafur Gissursson
>
> Sigurður Þórarinsson
>
> Gísli Árnason[1101]

[1096] Skjal nr. 2(876).
[1097] Skjal nr. 2(612).
[1098] Skjal nr. 2(613).
[1099] Skjal nr. 2(465).
[1100] Skjal nr. 2(466).
[1101] Skjal nr. 2(45).

Við manntalsþing að Ytri-Búðum 22. maí 1907 var þinglesið afsalsbréf skiptaráðandans til Á. Ásgeirssonar fyrir fjórum hundruðum í Geirastöðum, dagsett 10. janúar 1889, fyrir 324 krónur.[1102]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Geirastaða í Bolungarvík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 500 kr. Eigandi hennar var verslun Á. Ásgeirssonar á Ísafirði.[1103]

5.43 Miðdalur í Bolungarvík

Hinn 16. febrúar 1449 seldi Bessi Einarsson með samþykki konu sinnar, Sæunnar Guðnadóttur, jarðirnar Hól í Bolungarvík, Miðdal, Tungu í Bolungarvík, Minni- og Meiri-Hlíð, kallaðar tvær Hlíðir í bréfinu, Meira- og Minna-Hraun, kallaðar tvö Hraun, Meiri- og Minni-Bakka, kallaðar tveir Bakkar, Breiðaból, Keflavík og Botn í Súgandafirði til Einars Þorleifssonar. Þá reiknaði Bessi kirkjunnar eign á fyrrnefndum Hóli jörðina Lifur, Geirastaði og Geirsbrekku í Súgandafirði. Einar lét á móti jarðir í Skagafirði.[1104]

Hinn 10. maí 1558 fóru fram skipti á arfi eftir Þorleif lögmann Jónsson. Í hlut Guðrúnar dóttur hans komu meðal annars jörðin Hóll í Bolungarvík með eftirfarandi útjörðum: Miðdal, Hlíð með Tröð og Búðum, Minni-Hlíð, Tungu, Stærra-Hrauni, Kroppsstöðum, Bakka, Keflavík og Gelti.[1105]

Með samningi milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar, dagsettum 22. september 1588, taldi Sæmundur til kaups og konumundar við Helenu (Elínu) Magnúsdóttur þrjú hundruð hundraða í jörðum og lausagóssi. Jarðirnar voru meðal annars Hóll í Bolungarvík, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga, Miðdalur, Ós, Hanhóll, Gil, Meiri-Bakki, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhóll. Þar á móti gáfu hjónin Magnús Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir dóttur sinni Helenu hundrað hundraða í jörðum, kúgildum og öðrum peningum að ýmsum jörðum tilgreindum, þar á meðal Sæbóli á Ingjaldssandi, Heydal og Botni í Mjóafirði. Jarðirnar Ós, Minni-Hlíð og Hraun fékk Helena með þeim skilmálum að þær erfðust til barna hennar og Sæmundar.[1106]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Miðdal í Bolungarvík:

> **Mydalur**, aðrir kalla **Middal.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr.
>
> Eigandi er að hálfri jörðunni stjúpsonur Sigmundar Sæmundssonar í Meirihlíð, sonur Magnúsar Bergssonar úngur, að nafni Kolbeinn. Að hálfri börn Þorláks sál. Bergssonar að Hrauni á Eyrarbakka.

[1102] Skjal nr. 2(904).
[1103] Skjal nr. 2(209).
[1104] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 753–756, skjal nr. 4(160).
[1105] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 305–307, skjal nr. 4(236).
[1106] Skjal nr. 2(356).

> Ábúendur Jón Jónsson og Jón Stephansson, sinn á hverri hálfri.
>
> […]
>
> Síðan bóluna hefur landskuld verið 4 vættir eftir alla jörðina, og hafa þó ábúendur þar fyrir utan í þessu sama kaupi til nytja haft ii hndr. í Gili. Nú eftirkomandi á landskuld Jóns Stefánssonar að vera lx álnir í landaurum, og kemur þar í með i hndr. af Gili. Jóns Jónssonar eftirkomandi landskuld á að vera l álnir, því hann hefur nú ekkert af Gili.
>
> Leigukúgildi hafa til forna verið v, sitt iij hjá hverjum ábúanda (hjer hefur lángvaranliga tvíbýli verið),
>
> […]
>
> Silúngsveiði hefur gagnleg verið í Syðradalsvatni (Mýdalsvatni) og í gamla daga yfirvættis góð. Síðan hefur þessi veiði smámsaman rjenað og er nú að litlum notum.
>
> Engjum spilla skriður. Sandfok hefur og aftekið nokkurn hlut túnsins og engjanna og ágjörist þetta árliga.[1107]

Við manntalsþing að Hóli 4. júní 1722 fór fram sáttargjörð milli Sigmundar Sæmundssonar og Jóns Jónssonar um hvað þeim hafði borið í milli varðandi fjögur hundruð í Minni-Hlíð. Jón gaf eftir tilkall í fjögur hundruð í Minni-Hlíð, en Sigmundur fékk Jóni á móti sex hundruð í Miðdal.[1108]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Miðdals í Bolungarvík metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Halldóra Magnúsdóttir.[1109]

Við manntalsþing að Hóli 14. júní 1824 var þinglesið kaupbréf fyrir fjórum hundruðum í Miðdal. Seljandi var Magnús Sigurðsson en kaupandi var Ólafur Jónsson fyrir 16 spesíur og 46 ríkisbankadali í vörureikningi. Bréfið var dagsett 4. október 1823. Við sama þing kom fram að Magnúsi Sigurðssyni, sem sóað hafði eigum sínum nærri fjórum hundruðum í Miðdal, var þannig ráðstafað að Magnús Árnason í Tungu tók hann til sín en fékk með honum 60 álnir af jörðinni Miðdal árlega.[1110]

Við manntalsþing að Nauteyri 19. maí 1845 var lesið afsalsbréf Bjarna Gíslasonar á Ármúla til Ólafs Jónssonar í Skjaldfönn fyrir fjórum hundruðum í Skjaldfönn, fjórum hundruðum í Geirastöðum og tveimur hundruðum í Miðdal fyrir 280 ríkisbankadali.[1111]

Við manntalsþing á Hóli 14. maí 1847 var lesið upp afsalsbréf frá Ólafi Jónssyni, dagsett 14. maí 1847, fyrir tveimur hundruðum í Miðdal til M. Árnasonar.[1112]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Miðdalur í Bolungarvík metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[1113]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Miðdal:

> 4. Mídalur: tún er þar tóluverdt undirorpid sandfoki og hamlar þad þessari jórd frá ad ná midlúngstali.[1114]

[1107] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 151–152, skjal H-12.
[1108] Skjal nr. 2(867).
[1109] Skjal nr. 2(127).
[1110] Skjal nr. 2(871).
[1111] Skjal nr. 2(872).
[1112] Skjal nr. 2(905).
[1113] Skjal nr. 4(1), bls. 197.
[1114] Skjal nr. 2(157).

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 312 ríkisbankadali.[1115]

Hinn 29. október 1875 fóru fram makaskipti hvar Helgi Einarsson á Borg, fyrir hönd Halldóru Ólafsdóttur, afhenti þrjú hundruð að fornu mati í Miðdal í Hólshreppi til Sigurðar Þórarinssonar á Hóli en fékk á móti tvö hundruð í Látrum í Reykjarfjarðarhreppi. Makaskiptabréfið var þinglesið á árinu 1876.[1116]

Hinn 13. mars 1892 seldi Friðfinnur Kjærnested húsmaður á Ísafirði sex hundruð að fornu mati í Miðdal í Hólshreppi til Skúla Thoroddsens sýslumanns á Ísafirði.[1117]

Við manntalsþing fyrir Hólshrepp 15. júní 1911 var þinglesið afsalsbréf Sigurðar Þórarinssonar fyrir þremur hundruðum úr Miðdal. Bréfið var dagsett 25. febrúar 1911, en kaupverðið var 850 krónur.[1118]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Miðdals í Bolungarvík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 1.700 kr. Eigandi hennar var verslun Á. Ásgeirssonar á Ísafirði að hálfu en Skúli Thoroddsen að hálfu.[1119]

Landamerkjaskrá Miðdals í Bolungarvík er dagsett 28. ágúst 1922 og var þinglesin 3. júlí 1923. Efni hennar er svohljóðandi:

> Jörðin Miðdalur liggur í Syðridal og takmarkast af landarmerkjum jarðarinnar Hannhóll, af landamerkjum jarðarinnar Geirastaðir Syðridals ~~vant~~ vatns og loks fjallsbrúninni milli Syðra-Tungudals og er landamerkjunum lýst þannig: a. Stór steinn, svonefndur Haugur, á leytinu milli Hannhóls og Miðdals og ~~beinlína~~ bein lína frá steini þessum i mosadý niður við vatnið.
>
> b. Frá Haug bein sjó[n]hending i vörðu utan til á svonefndri M~~a~~[o]ðbrekkubrún, þaðan bein lína í stóran flatan stein framanverðu við Miðselsholt og frá þeim steini önnur lína bein á ~~Hlett~~ Klett. sem Svarti – skúti er nefndur og sama lína afram beint á fjals brún.
>
> 2. Merkin milli Miðdals og Geirastaða: Uppskorinn lækur framanverðu við Geirstaðaroddu og sem hann vísar á Geirastaðargil og eptir því á fjallsbrún.
>
> 3. Fjallsbrúnin eins og aður segir milli dalana
>
> 4. Vatnið frá Geirstaðamerkjum að merkjum Hannhols sem aður var lýst.
>
> Gjört i Bolungarvik 28 agust 1922
>
> Eigendur og forráðamenn Miðdals: Eigendur og forraðamenn Hanhóls:
> Bárður Jónsson Guðmundur Jónsson
> Bergur Kristjánsson Bárður Jónsson
> (handsalað)
> Eigandi Geir[a]staða Ólafur Árnason
> Guðmundur Örnólfsson
>
> Að allir rjettir aðiljar hafi undirskrifan ofanritaða lan[d]amerkjaskrá vottast hjer með
>
> Bolungarvík 29 ágúst 1922

[1115] Skjal nr. 2(169).
[1116] Skjal nr. 2(614).
[1117] Skjal nr. 2(615).
[1118] Skjal nr. 2(906).
[1119] Skjal nr. 2(210).

Jóh. Bárðason

(hreppstjóri)[1120]

Við manntalsþing Hólshrepps 3. júlí 1923 var þinglesin áðurnefnd landamerkjaskrá Miðdals frá 28. ágúst 1922.[1121]

5.44 Hanhóll í Bolungarvík

Í *Fornbréfasafni* koma fyrir tvö bréf sem skýra frá því að Björn Þorleifsson hafi selt ýmsar jarðir til Eyjólfs Arnfinnssonar gegn öðrum jörðum til Björns. Annað bréfið er dagsett 18. apríl 1434, en hitt er dagsett 19. apríl 1467. Hvort skjalið sé réttara eða hvort um mistök er að ræða, þá eru meðal tilgreindra jarða í báðum bréfunum jarðirnar Ós, Gil og Hanhóll í Bolungarvík.[1122]

Hinn 9. júní 1461 seldu Einar Markússon og Gró Jónsdóttir Ólöfu Loptsdóttur og Birni Þorleifssyni jörðina Arnardal hinn meiri að frá teknum sex hundruðum sem áður voru seld Jóni Erlingssyni fyrir jörðina Hanhól í Bolungarvík.[1123]

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[1124]

Með samningi milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar, dagsettum 22. september 1588, taldi Sæmundur til kaups og konumundar við Helenu (Elínu) Magnúsdóttur þrjú hundruð hundraða í jörðum og lausagóssi. Jarðirnar voru meðal annars Hóll í Bolungarvík, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga, Miðdalur, Ós, Hanhóll, Gil, Meiri-Bakki, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhóll. Þar á móti gáfu hjónin Magnús Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir dóttur sinni Helenu hundrað hundraða í jörðum, kúgildum og öðrum peningum að ýmsum jörðum tilgreindum, þar á meðal Sæbóli á Ingjaldssandi, Heydal og Botni í Mjóafirði. Jarðirnar Ós, Minni-Hlíð og Hraun fékk Helena með þeim skilmálum að þær erfðust til barna hennar og Sæmundar.[1125]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Hanhól í Bolungarvík:

Hanhóll.

Jarðardýrleiki xii hndr.

Eigandinn er úngur piltur, Ko<l>beinn í Meirihlíð, sonur Magnúsar Bergssonar.

Ábúendur Jón Jónsson eldri og Jón Jónsson yngri, sinn á hverjum helmingi.

[1120] Skjal nr. 29(2).
[1121] Skjal nr. 2(850).
[1122] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 539–540, og V, bls. 477–478; skjöl nr. 4(207) og 4(208).
[1123] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 231–233, skjal nr. 4(209).
[1124] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).
[1125] Skjal nr. 2(356).

> […]
>
> Silúngsveiði hefur hjer verið í Syðradalsvatni og á, sem í vatnið rennur, en er nú að litlu gagni.
>
> Vetrarríki er hjer meir en annarstaðar í Bolúngarvík.
>
> Túninu spillir sandur, sem áfýkur, og er fyrir sjónum, að sú spillíng muni þó með tíðinni meiri verða. Á engjarnar ber á ein grjót og aur, item tekur í burtu hey, þá vatnavextir á þeim tímum í hana koma.
>
> **Vatnzhus** heita skamt frá túninu á Hanhóli niður við Syðradalsvatn. Þar sjer til húsagarðs og bygðarleifa gamalla, en enginn man þar bygt verið hafa. Sagnir eru komnar frá eldri mönnum, að þetta hafi verið hjáleiga frá Hanhóli (það er í Hanhóls landi), og hafi þá Mýdalur engin jörð verið sjer í lagi, heldur alt Hanhólsland það sem nú eru þessar tvær jarðir. Síðan hafi Vatnshús þótt standa ofnærri Hanhóli og þar fyrir eyðilögð verið, en bygðin flutt þaðan þángað sem nú stendur Mýdalur. Ekki kann þetta kot aftur að byggjast sökum þrönglendis og væntandi ágángs af peníngi þeirra, er þar skyldu byggja.[1126]

Við héröðsþing 13. júní 1719 var Sigmundi Sæmundssyni stefnt til að auglýsa hvað hann hafði fengið með Kolbeini Magnússyni í hans umboðsfé. Fram kom á þinginu að hann hafði fengið 12 hundruð í jörðinni Hanhól.[1127]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hanhóls í Bolungarvík metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Jóhannes Guðmundsson. Fram kemur að eyðihjáleigan Vatnshús sé með í matinu.[1128]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hanhóll í Bolungarvík metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var eyðihjáleigan Vatnshús talin á engjum jarðar þessarar.[1129]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Hanhóll var metin á 372 ríkisbankadali.[1130]

Með kaupbréfi dagsettu 18. júlí 1855 seldi Jón Þorlákssson sex hundruð í Hanhóli í Hólshreppi til Jóhanns Jónssonar. Kaupbréfið var þinglesið 9. júlí 1863.[1131]

Við manntalsþing að Hóli 9. júlí 1863 var þinglesið kaupbréf, dagsett 18. júlí 1855, upp á sex hundruð úr Hanhóli til Jóhanns Jónssonar fyrir kaupverðið 264 ríkisdali.[1132]

Með kaupbréfi dagsettu 6. febrúar 1868 seldi Þorvaldur Jónsson héraðslæknir, fyrir hönd Eyjólfs Jónssonar prests á Melgraseyri, sex hundruð í Gili í Hólshreppi og þrjú hundruð að fornu mati í Hanhól í Hólshreppi til Sigríðar Bjarnadóttur á Ósi. Kaupbréfið var þinglesið 30. júní sama ár.[1133]

1126 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 152, skjal H-12.
1127 Skjal nr. 2(907). (Sjá einnig: *Til merkis mitt nafn: Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729*, Már Jónsson tók saman, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2002, bls. 148–150).
1128 Skjal nr. 2(128).
1129 Skjal nr. 4(1), bls. 197.
1130 Skjal nr. 2(169).
1131 Skjal nr. 2(616).
1132 Skjal nr. 2(875).
1133 Skjal nr. 2(617).

Við manntalsþing að Hóli 30. júní 1868 var þinglesið kaupbréf Sigríðar Bjarnadóttur upp á sex hundruð í Gili og þrjú hundruð í Hanhóli fyrir 525 ríkisdali. Kaupbréf var dagsett 6. febrúar 1868.[1134]

Hinn 29. desember 1868 seldi Bergþór Jónsson á Arnadal þrjú hundruð að fornu mati í Hanhól í Hólshreppi til Halldórs Halldórssonar á Ósi í Bolungarvík. Afsalsbréfið var þinglesið 14. júní 1869.[1135]

Hinn 28. júní 1878 seldi Jóhann Jónsson á Hanhóli og afsalaði sér tveimur hundruðum í Hanhóli í Hólshreppi til sonar síns Jóhanns Jóhannssonar. Afsalsbréfið var þinglesið á árinu 1878.[1136]

Hinn 28. júní 1878 seldi Jóhann Jónsson á Hanhóli og afsalaði sér tveimur hundruðum í Hanhóli í Hólshreppi til vinnumanns síns Bárðar Jónssonar á Hanhóli. Afsalsbréfið var þinglesið á árinu 1878.[1137]

Hinn 8. maí 1881 seldi Jóhann Jónsson á Hanhóli tvö hundruð í Hanhóli í Hólshreppi til Jóhanns Bjarnasonar vinnumanns á Hanhóli fyrir áfallið fjögurra ára kaup hans.[1138]

Við manntalsþing Hólshrepps 10. júní 1916 var þinglesið gjafabréf, dagsett 24. september 1915, þar sem Ól. St. Jónsson gaf Ólafi Árnasyni á Gili hlut í jörðinni Hanhól.[1139]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Hanhóls í Bolungarvík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 3.000 kr. Eigendur hennar voru Kristín Pálsdóttir, Sigríður Össurardóttir, Guðmundur Jónsson og Bárður Jónsson.[1140]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hanhóls er dagsett 28. ágúst 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

> Jörðin Hanhóll liggur í Syðridal í Hólshreppi og takmarkast: af landamerkjum jarðarinnar Gils, sem er innar í dalnum, jarðarinnar Miðdalur, sem er niður í dalnum, syðri enda Syðradalsvatns og loks fjallsbrún (?) þeirri er skilur dalinn frá fjallinu því er Grárófa nefnist og er landamerkjum jarðarinnar lýst þannig: A. Styðsta lína er dregin verður frá vatninu í Gils á svo nefndan „Pirrapitt“ B. Gils-á frá þeirri línu og þar til hún sameinast á þeirri, sem Tröll-á og Foss-á mynda í sameiningu. C. Gils-á þaðan upp til fjalls og þar til hún endar við sameiningu Litluár og Surtarbrandsár. D. Surtarbrandsá þaðan að upptökum og þaðan bein sjónhending á Fjallsbrún. Merkin milli Hanhóls og Miðdals: A. Stór steinn (svo nefndur Haugur) á leitinu milli (Hanhóls og Miðdals)bæjanna og bein lína frá honum á mosadý við vatnið þar niðurundan. B. Frá Haug bein sjónhending í vörðu utan til á svonefndu Moðbrekkubrún þaðan bein lína í stóran flatan stein framan verðu við Miðselsholt og frá honum önnur bein lína í klett, sem Svarti-skúti, er nefndur og sama lín[a] áfram á fjallsbrún. 3. Fjallsbrúnin milli

[1134] Skjal nr. 2(876).
[1135] Skjal nr. 2(618).
[1136] Skjal nr. 2(619).
[1137] Skjal nr. 2(620).
[1138] Skjal nr. 2(621).
[1139] Skjal nr. 2(849).
[1140] Skjal nr. 2(211).

> tilgreindra merkja og 4 Vatnið frá mosadýinu og í línunni um „Pirrapitt“, sem að ofan um getur.[1141]

Með afsalsbréfi dagsettu 19. júní 1939 seldi Hjörtur Sturlaugsson Jarðakaupasjóði ríkisins jörðina Hanhól I og II fyrir 9.977,78 kr. Afsalið var móttekið til þinglýsingar 16. ágúst sama ár.[1142] Hirti var svo byggð jörðin Hanhóll með byggingarbréfi dagsettu 4. júní 1940. Í byggingarbréfinu er fjallað um landamerki jarðarinnar og vísað í landamerkjabréf frá 28. ágúst 1922 en hún er svohljóðandi í byggingarbréfinu:

> Jörðin Hanhóll liggur í Syðridal í Hólshreppi og takmarkast: af landamerkjum jarðarinnar Gils að framan, jarðarinnar Miðdals að utan, syðri enda Syðradalsvatns og loks fjallsbrún þeirri, er skilur dalinn frá fjallinu því, er Grárófa nefnist, og er landamerkjum jarðarinnar lýst þannig: a, Stysta lína er dregin verður frá vatninu í Gilsá um svonefndan „Pirrapytt“. b, Gilsá frá þeirri línu og þar til hún sameinsta á þeirri, er Tröllá og Fossá mynda í sameiningu. c, Gilsá þaðan upp til fjalls og þar til hún endar við sameiningu Litluár og Surtarbrandsár. d, Surtarbrandsá þaðan að upptökum og þaðan bein sjónhending á fjallsbrún. Merkin milli Hanhóls og Miðdals: a, Stór steinn (svonefndur Haugur) á leitinu milli Hanhóls og Miðdals og bein lína frá honum á mosadý við vatnið þar niðurundan. b, Frá „Haug“ bein sjónhending í vörðu utan til á svonefndri Moðbrekkubrún, þaðan bein lína í stóran flatan stein framanverðu við Miðselsholt og frá honum önnur bein lína í Klett, sem Svartiskúti er nefndur og sama lína áfram á fjallsbrún. 3. Fjallsbrúnin milli tilgreindra merkja og 4. Vatniðs frá mosadýinu og í línu um „Pirrapytt“ sem að ofan um getur.[1143]

Sömu upplýsingar koma fram í byggingarbréfi frá 5. apríl 1944 þegar Hannibal Guðmundssyni var byggð jörðin Hanhóll.[1144]

Með afsalsbréfi dagsettu 18. október 1955 seldi ríkissjóður jörðina Hanhól til Hannibals Guðmundssonar fyrir 8.500 kr. Afsalsbréfið var móttekið til þinglýsingar 7. desember sama ár.[1145]

5.45 Gil í Bolungarvík

Í *Fornbréfasafni* koma fyrir tvö bréf sem skýra frá því að Björn Þorleifsson hafi selt ýmsar jarðir til Eyjólfs Arnfinnssonar gegn öðrum jörðum til Björns. Annað bréfið er dagsett 18. apríl 1434, en hitt er dagsett 19. apríl 1467. Hvort skjalið sé réttara eða hvort um mistök er að ræða, þá eru meðal tilgreindra jarða í báðum bréfunum jarðirnar Ós, Gil og Hanhóll í Bolungarvík.[1146]

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[1147]

[1141] Skjal nr. 2(411).
[1142] Skjal nr. 2(1012).
[1143] Skjal nr. 2(1013).
[1144] Skjal nr. 2(1014).
[1145] Skjal nr. 2(1015).
[1146] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 539–540, og V, bls. 477–478; skjöl nr. 4(207) og 4(208).
[1147] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sonar hennar Jóns Jónssonar þannig að hann fékk alla Eyri í Seyðisfirði, Hól í Önundarfirði, Ós, Gil og Geirastaði.[1148]

Með samningi milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar, dagsettum 22. september 1588, taldi Sæmundur til kaups og konumundar við Helenu (Elínu) Magnúsdóttur þrjú hundruð hundraða í jörðum og lausagóssi. Jarðirnar voru meðal annars Hóll í Bolungarvík, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga, Miðdalur, Ós, Hanhóll, Gil, Meiri-Bakki, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhóll. Þar á móti gáfu hjónin Magnús Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir dóttur sinni Helenu hundrað hundraða í jörðum, kúgildum og öðrum peningum að ýmsum jörðum tilgreindum, þar á meðal Sæbóli á Ingjaldssandi, Heydal og Botni í Mjóafirði. Jarðirnar Ós, Minni-Hlíð og Hraun fékk Helena með þeim skilmálum að þær erfðust til barna hennar og Sæmundar.[1149]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Gil í Bolungarvík:

> **Gil.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr.
>
> Eigandi að x hndr. er Páll Torfason undir Núpi og hefur þau fengið af Markúsi Bergssyni, en Markús af Bergi Benedixsyni föður sínum. Að ii hndr. eru börn Þorláks Bergssonar á Hrauni á Eyrarbakka.
>
> Ábúendur Nikulás Bjarnason á iiii hndr., Björn Ketilsson á vi hndr. Þau ii hndr. er Þorláksbörnum tilheyra hafa næst fyrirfaranda ár bygð verið með Mýdal sem áður segir, og enn nú nytkar sá eini ábúandi í Mýdal það eina hundraðið hjer af, en það annað leigir ábúandinn á Geirastöðum.
>
> […]
>
> Af einu hundraði barna Þorláks, sem Magnús á Geirastöðum yrkir, eru x álnir.
>
> […]
>
> Silúngsveiði hefur góð verið í Syðradalsvatni og ánni, sem í það rennur, en er nú nær að engu gagni.
>
> Hætt er peningi fyrir grjóthruni úr fjalli. Skriður spilla engjunum ár eftir ár. Túnið brýtur á og spillir engjunum, brýtur þær og ber á aur og sand.[1150]

Við manntalsþing að Þingeyri 8. júní 1793 var upplesið kaupbréf Pálma Guðmundssonar, dagsett 4. apríl sama ár, fyrir sex hundruðum í Hvammi af Ólafi Sveinssyni fyrir 45 ríkisdali. Við sama þing var upplesið annað kaupbréf Pálma frá 28. apríl sama ár fyrir sex hundruðum í Brekku í Sandasókn af Jóni Jónssyni fyrir 60 ríkisdali. Enn fremur var þinglesinn makaskiptagjörningur á sömu jarðarpörtum Pálma og Minni-Garði við Torfa Snæbjörnsson gegn jarðarpörtum hans í Bolungarvík, 12 hundruðum í Ósi og sex hundruðum í Gili með 15 ríkisdala millilagi. Einnig voru þinglesin tvö kaupbréf varðandi Hvamm í Dýrafirði. Annað var dagsett 6. maí 1793 þar

[1148] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
[1149] Skjal nr. 2(356).
[1150] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 152–153, skjal H-12.

sem Greipur Ólafsson keypti eitt hundrað í Hvammi af systrum sínum, Þóru og Guðrúnu Ólafsdætrum, fyrir átta ríkisdali. Hitt var dagsett 13. maí sama ár þar sem Jón Bjarnason keypti sex hundruð í Hvammi af Henkel kaupmanni fyrir sjö ríkisdali hvert hundrað.[1151] Áðurnefndur makaskiptagjörningur milli Pálma Guðmundssonar og Torfa Snæbjörnssonar frá 26. maí 1793 var einnig þinglesin við manntalsþing í Ísafjarðarkaupstað 17. júní það ár, en þar segir að hálf jörðin Geirastaðir hafi einnig gengið til Torfa fyrir 20 ríkisdali.[1152]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 18. ágúst 1800 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 3. ágúst 1799, hvar Sigurður Jónssson seldi Pálma Guðmundssyni sex hundruð í Gili fyrir Geirastaði, sex hundruð, og 15 ríkisdala milligjöf auk bæjarflutnings á Geirastaði.[1153]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Gils í Bolungarvík metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Pálmi Guðmundsson á Ósi.[1154]

Hinn 19. júní 1805 seldi Pálmi Guðmundsson sex hundruð í neðri bænum á Gili í Syðradal í Hólssókn til systursonar síns Guðmundar Bjarnasonar. Afsalsbréfið var þinglesið í Landsyfirrétti 11. ágúst 1806.[1155]

Við manntalsþing að Hóli 4. júlí 1810 var þinglesið gjafabréf Pálma Guðmundssonar fyrir sex hundruðum í Gili til Guðmundar Bjarnasonar, dagsett 19. júní 1805.[1156]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Gil í Bolungarvík metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[1157]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Gil var metin á 360 ríkisbankadali.[1158]

Með kaupbréfi dagsettu 6. febrúar 1868 seldi Þorvaldur Jónsson héraðslæknir, fyrir hönd Eyjólfs Jónssonar prests á Melgraseyri, sex hundruð í Gili í Hólshreppi og þrjú hundruð að fornu mati í Hanhól í Hólshreppi til Sigríðar Bjarnadóttur á Ósi. Kaupbréfið var þinglesið 30. júní sama ár.[1159]

Við manntalsþing að Hóli 30. júní 1868 var þinglesið kaupbréf Sigríðar Bjarnadóttur upp á sex hundruð í Gili og þrjú hundruð í Hanhóli fyrir 525 ríkisdali. Kaupbréf var dagsett 6. febrúar 1868.[1160]

Með kaupbréfi dagsettu 7. september 1870 seldi Bergþór Jónsson sex hundruð að gömlu mati í Gili í Bolungarvík til Guðmundar Brynjólfssonar á Mýrum í Dýrafirði.[1161]

[1151] Skjal nr. 2(868).
[1152] Skjal nr. 2(869).
[1153] Skjal nr. 2(740).
[1154] Skjal nr. 2(129).
[1155] Skjal nr. 2(622).
[1156] Skjal nr. 2(870).
[1157] Skjal nr. 4(1), bls. 197.
[1158] Skjal nr. 2(169).
[1159] Skjal nr. 2(617).
[1160] Skjal nr. 2(876).
[1161] Skjal nr. 2(623).

Landamerkjalýsing jarðarinnar Gils í Bolungarvík er dagsett í september 1885 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hóli 28. maí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing fyrir jörðunni Gili í Hólshrepp innan Ísafjarðarsýslu.
>
> Landamerki milli Gils og Óss eru: Núp[s]kambur að ofan og merkisgarður að neðan framan til við Seljaholt; milli Gils og Hanhóls: Surtarbrandsá að ofan, en Gilsá að neðan, nema svokallaður Gilsoddi að Pirrapytt fylgir Gili eins og verið hefir.
>
> Gjört að Gili í Septembermánuði 1885
>
> Eigandi Gils: Ólafur Gissursson
>
> Eigendur Óss: Fyrir hönd Guðnýjar Guðmundsdóttur: Ólafur Gissursson
>
> Fyrir hönd Guðmundar Sturlusonar og sameiganda hans: Grímur Jónsson
>
> Eigendur Hanhóls: Fyrir hönd Sigríðar Bjarnadóttur Ólafur Gissursson
>
> Bárður Jónsson
>
> Jóhann Bjarnason
>
> Jóhann Jóhannsson[1162]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Gils í Bolungarvík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 3.000 kr. Eigandi hennar var Kristín Pálsdóttir.[1163]

Við manntalsþing í Hólshrepps í Bolungarvík 28. júní 1921 var þinglesið afsalsbréf Ingólfs Árnasonar til Árna E. Árnasonar fyrir einu og 1/5 hluta í hundraði í Gili.[1164]

5.46 Ós í Bolungarvík

Í *Fornbréfasafni* koma fyrir tvö bréf sem skýra frá því að Björn Þorleifsson hafi selt ýmsar jarðir til Eyjólfs Arnfinnssonar gegn öðrum jörðum til Björns. Annað bréfið er dagsett 18. apríl 1434, en hitt er dagsett 19. apríl 1467. Hvort skjalið sé réttara eða hvort um mistök er að ræða, þá eru meðal tilgreindra jarða í báðum bréfunum jarðirnar Ós, Gil og Hanhóll í Bolungarvík.[1165]

Með skiptabréfi Sólveigar Björnsdóttur frá 17. janúar 1495 gaf hún sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum jörðina Hól í Bolungarvík með þeim jörðum sem henni fylgdu, þar á meðal Meiri- og Minni-Hlíð, Hanhól, Gil, Ós, Meira- og Minna-Hraun, Breiðaból, Kroppsstaði, Meiri- og Minni-Bakka, Keflavík og Gölt.[1166]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til sonar hennar Jóns Jónssonar þannig að hann fékk alla Eyri í Seyðisfirði, Hól í Önundarfirði, Ós, Gil og Geirastaði.[1167]

Með samningi milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar, dagsettum 22. september 1588, taldi Sæmundur til kaups og konumundar við Helenu (Elínu)

[1162] Skjal nr. 2(46).
[1163] Skjal nr. 2(212).
[1164] Skjal nr. 2(877).
[1165] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 539–540, og V, bls. 477–478; skjöl nr. 4(207) og 4(208).
[1166] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 242–247, skjal nr. 4(164).
[1167] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).

Magnúsdóttur þrjú hundruð hundraða í jörðum og lausagóssi. Jarðirnar voru meðal annars Hóll í Bolungarvík, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga, Miðdalur, Ós, Hanhóll, Gil, Meiri-Bakki, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhóll. Þar á móti gáfu hjónin Magnús Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir dóttur sinni Helenu hundrað hundraða í jörðum, kúgildum og öðrum peningum að ýmsum jörðum tilgreindum, þar á meðal Sæbóli á Ingjaldssandi, Heydal og Botni í Mjóafirði. Jarðirnar Ós, Minni-Hlíð og Hraun fékk Helena með þeim skilmálum að þær erfðust til barna hennar og Sæmundar.[1168]

Í vitnisburði Jóns Stefnissonar, dagsettum 16. febrúar 1589, er fjallað um eigendur ýmissa jarða í Bolungarvík og Skálavík. Í vitnisburðinum segir að Oddur Leppur hafi átt Hól, allar aðrar jarðir í Bolungarvík og allar jarðir í Skálavík, en Guðni Oddsson hafi erft þær allar. Þá segir að Sæunn Guðnadóttir hafi eignast eftir Guðna föður sinn Hól, Meiri-Hlíð og fleiri jarðir í Bolungarvík, en Snjólaug Guðnadóttir hafi eignast Ós í Bolungarvík og aðrar jarðir þar á móts við systur sína.[1169]

Í vitnisburði frá 12. júlí 1619 segir að Sæmundur Árnason hafi tilkynnt að hann hafi fyrir löngu sett konu sinni Elínu Magnúsdóttur fyrir hennar föðurleifð og fastaeign sem hún átti í hans garð jarðirnar Hól, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstungu og Ós.[1170] Sama kemur fram um jörðina Hól í vitnisburði sr. Halldórs Jónssonar frá 17. ágúst 1619 en sr. Halldór vitnaði einnig að hann hafi heyrt Sæmund spyrja opinbera við brúðkaup hinn 8. ágúst 1619 hvort nokkur hefði heyrt sig gefa jörðina Hól, en því hafi allir neitað.[1171] Sama kemur fram í vitnisburði Þórðar Péturssonar frá 18. október 1619.[1172]

Í dómsbréfi, dagsettu 25. júlí 1637, segir að við héraðsþing hinn 15. júlí sama ár hafi verið dæmt í máli um fiskitolla í Bolungarvík sem sr. Jón Arason í Vatnsfirði hafði borið fram og óskað dóms. Fram kemur að ágreiningur hafi verið milli Vatnsfjarðarhaldara annars vegar og eigenda Hóls og Óss í Bolungarvík hins vegar um réttindi Vatnsfjarðarkirkju til tollanna. Dæmt var að þeir sem nýttu sér tollverið skyldu greiða tolla til sr. Jóns Arasonar í Vatnsfirði og að Vatnsfjarðarbréf skyldu halda við sinn myndugleika. Dómurinn var lesinn upp á Alþingi 30. júní 1638.[1173]

Í vitnisburði Þorvarðar Sigurðssonar sem líklega er frá 1707 segir frá verstöðu Ögurkirkju undir Kálfadal á Óshlíð, í landi jarðarinnar Óss. Þorvarður kvaðst hafa verið formaður á skipi Magnúsar Jónssonar, eiganda Ögurs, en skipið hafi gengið frá nefndri verstöðu. Svipaðan vitnisburð gáfu Jón Sigurðsson og Jón Þórðarson 5. maí 1707 um tollver Ögurkirkju í Kálfadal en þeir sögðu einnig að tollver Ögurkirkju í Hnífsdalslandi, kallað í Römnum, hafi verið notað átölulaust.[1174]

[1168] Skjal nr. 2(356).
[1169] Skjal nr. 2(357).
[1170] Skjal nr. 2(364).
[1171] Skjal nr. 2(362).
[1172] Skjal nr. 2(361).
[1173] Skjal nr. 2(367).
[1174] Skjal nr. 2(240).

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Bolungarvíkurhrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Ós í Bolungarvík:

> **Os.**
>
> Jarðardýrleiki xxiiii hndr.
>
> Eigandinn er Páll Torfason undir Núpi og hefur jörðina keypt af Markúsi Bergssyni, en Markús erfði eftir föður sinn Berg.
>
> Ábúendur Ketill Jónsson og Snæbjörn Kolbeinsson, sinn á hverri hálfri.
>
> Landskuld hefur verið frá fornu 10 vættir á eyri inn til fyrir þrimur árum, þá fjell stór skriða á túnið,
>
> […]
>
> Silúngsveiði hefur verið í ósnum, en tíðkast nú ekki. Reka á jörðin fyrir sínu landi og inn með Ósshlíð til landamerkjanna. Móskurð til eldiviðar á jörðin ekki og verður hann að kaupast í annarra manna landi.
>
> Túninu hafa stórum grandað skriðuföll, og liggur þess hluti undir eyðileggíngu af gili einu, sem þar árennur í vatnavöxtum. Sandur spillir og túninu sem þar áfýkur. Engjarnar eru stórum skemdar af sandfoki og skriðum.
>
> Í Ósslandi undir Ósshlíð milli Óss og Hnífsdals heitir **Kálfadalur**. Þar er verstaða, og standa nú 6 búðir, en ein, hin 7unda, er nýlega af grjóthruni aftekin, þángað fara um vertíð ýmsir menn úr fjörðunum fyrir sunnan Ísafjarðardjúp og liggja þar til fiskiafla og gefa toll, að fráteknum skipi frá Ögri og skipi frá Eyri í Seyðisfirði, þessi tvö eru tollfrí. Tollurinn er almenniliga i ríxdalur specie eftir skipshöfn, hvert sem gánga áttæringar eður sexæringar. Til forna hefur tollurinn verið 10 fiskar af hverjum róðrarmanni.
>
> Ekki er hjer plátsið stærra en upp verði sett 8 skip, og þó er plátsið ærið þröngt til vergagna fyrir þau. Hætt er hjer bæði skipum og búðum fyrir grjóthruni úr hlíðinni og hefur nokkrum sinnum skaði að orðið.[1175]

Við héröðsþing 15. júní 1720 var tekið fyrir mál um hvalreka á Óshlíð. Ólafur Jónsson stefndi Snæbirni Pálssyni til að heyra vitnisburði um sína frómlegu meðferð á þeim hval sem uppkom á Óshlíð. Vitnisburðir voru teknir og málinu að því loknu frestað.[1176]

Við manntalsþing að Þingeyri 8. júní 1793 var upplesið kaupbréf Pálma Guðmundssonar, dagsett 4. apríl sama ár, fyrir sex hundruðum í Hvammi af Ólafi Sveinssyni fyrir 45 ríkisdali. Við sama þing var upplesið annað kaupbréf Pálma frá 28. apríl sama ár fyrir sex hundruðum í Brekku í Sandasókn af Jóni Jónssyni fyrir 60 ríkisdali. Enn fremur var þinglesinn makaskiptagjörningur á sömu jarðarpörtum Pálma og Minni-Garði við Torfa Snæbjörnsson gegn jarðarpörtum hans í Bolungarvík, 12 hundruðum í Ósi og sex hundruðum í Gili með 15 ríkisdala millilagi. Einnig voru þinglesin tvö kaupbréf varðandi Hvamm í Dýrafirði. Annað var dagsett 6. maí 1793 þar sem Greipur Ólafsson keypti eitt hundrað í Hvammi af systrum sínum, Þóru og Guðrúnu Ólafsdætrum, fyrir átta ríkisdali. Hitt var dagsett 13. maí sama ár þar sem Jón Bjarnason

[1175] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 153–154, skjal H-12.

[1176] Skjal nr. 2(908). (Sjá einnig: *Til merkis mitt nafn: Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729*, Már Jónsson tók saman, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2002, bls. 183–186).

keypti sex hundruð í Hvammi af Henkel kaupmanni fyrir sjö ríkisdali hvert hundrað.[1177] Áðurnefndur makaskiptagjörningur milli Pálma Guðmundssonar og Torfa Snæbjörnssonar frá 26. maí 1793 var einnig þinglesin við manntalsþing í Ísafjarðarkaupstað 17. júní það ár, en þar segir að hálf jörðin Geirastaðir hafi einnig gengið til Torfa fyrir 20 ríkisdali.[1178]

Við manntalsþing að Hóli 3. ágúst 1801 var upplesið afsalsbréf, dagsett 26. maí 1800, þar sem Sigurður Jónsson seldi sex hundruð í Ósi í Bolungarvík til Pálma Guðmundssonar fyrir 72 ríkisdali.[1179]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Óss í Bolungarvík metinn 24 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Pálmi Guðmundsson. Fram kemur að eyðihjáleigan Kroppur sé með í matinu og þá segir að jörðinni tilheyri lítið fiskiver sem kallist Kálfadalur.[1180]

Með kaupbréfi dagsettu 31. maí 1804 seldi Halldóra Magnúsdóttir á Miðdal sex hundruð í Ósi í Bolungarvík til piltsins Guðmundar Bjarnasonar á Ósi. Kaupbréfið var þinglesið í Landsyfirrétti 11. ágúst 1806.[1181]

Við manntalsþing að Hóli 4. júlí 1810 var þinglesið afsalsbréf fyrir jörðinni Ós. Halldóra Magnúsdóttir seldi sex hundruð í Ósi til Guðmundar Bjarnasonar fyrir 60 ríkisdali. Bréfið var dagsett 31. maí 1804 og hafði verið uppáskrifað í Landsyfirrétti 11. ágúst 1806.[1182]

Við manntalsþing að Hóli 11. júlí 1811 var þinglesið kaupbréf fyrir sex hundruðum í Ósi fyrir 150 ríkisdali. Seljandi var Guðmundur Bjarnason en kaupandi var Hallgrímur Laurentíusson.[1183]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Ós í Bolungarvík metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var eyðihjáleigan Kroppur talin í engjum jarðarinnar og Kálfadalur, sem Árni Magnússon eyðihjáleigu, er kallað fiskiver og guldust þar í búðar- eða vertolla fimm ríkisdalir árlega.[1184]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Ós:

> 5. Ós: þar er tún frábærlega ónýtt og slægjur feikilega erfidar og fólkskýlar, þó þær sjeu allgódar, og annad mælir naumast med jórd þeirri, svo hundradahárri, en ad hún er nærsta hæg til sjóar.[1185]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 456 ríkisbankadali.[1186]

[1177] Skjal nr. 2(868).
[1178] Skjal nr. 2(869).
[1179] Skjal nr. 2(844).
[1180] Skjal nr. 2(130).
[1181] Skjal nr. 2(624).
[1182] Skjal nr. 2(870).
[1183] Skjal nr. 2(909).
[1184] Skjal nr. 4(1), bls. 197.
[1185] Skjal nr. 2(157).
[1186] Skjal nr. 2(169).

Við manntalsþing að Hóli 22. maí 1852 var þinglesið kaupbréf Elíasar á Skjaldfönn fyrir sex hundruðum í Ósi fyrir 126 spesíur, dagsett 19. október 1850.[1187]

Landamerkjalýsing jarðarinnar Óss í Bolungarvík er dagsett í september 1885 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hóli 28. maí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing fyrir jörðunni Ósi í Hólshreppi innan Ísafjarðarsýslu.
>
> Landamerki milli Óss og Hnífsdals eru: tindur sá, er Ari nefnist, að ofan, en Nöðrulækir að neðan, og milli Óss og Gils Núpskambur að ofan og merkisgarður að neðan framan til við Seljaholt.
>
> Gjört að Ósi í Septembermánuði 1885.
>
> Eigendur Óss:
>
> Fyrir hönd Guðnýjar Guðmundsdóttur: Ólafur Gissursson.
>
> Fyrir hönd Guðmundar Sturlusonar og sameigenda hans: Grímur Jónsson
>
> Eigendur Hnífsdals:
>
> Fyrir hönd Halldórs Jónssonar og Kristjönu Kjartansdóttur (bæði til heimilis í Hrauni): Guðmundur Jónsson.
>
> Kristján Kjartansson.
>
> Sigríður Øssursdóttir
>
> Eigandi Gils: Ólafur Gissursson[1188]

Við aukarétt 17. apríl 1912 voru dómkvaddir menn til að meta jörðina Ós.[1189]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Óss í Bolungarvík að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 3.400 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[1190]

Hinn 21. júní 1923 óskaði Guðbergur Þórðarson, eigandi ¾ hluta í jörðinni Ósi í Bolungarvík, að jörðin Ós yrði mæld og henni skipt.[1191]

Hinn 30. júní 1923 fóru fram skipti á túni og engjum jarðarinnar Óss en eigendur hennar voru Guðbergur Þórðarson að 18 hundruðum að fornu mati, Pálmi Guðmundsson að fjórum hundruðum og Hálfdán Örnólfsson að tveimur hundruðum. Guðbergur krafist skiptanna og krafðist þess einnig að stykki Pálma, sem var samkvæmt útmælingu 12.238 fermetrar að stærð, yrði skipt með túni jarðarinnar. Þar sem útmælingunni hafði ekki verið mótmælt á þeim tíma gátu landskiptamenn ekki orðið við kröfum Guðbergs, sem þá óskaði þess að landskiptunum yrði frestað þar til úrskurðað hefði verið um rétt Pálma til að halda umræddri lóð.[1192]

Við manntalsþing Hólshrepps 3. júlí 1923 var þinglesið afsal, dagsett 30. júní 1923, hvar Kr. Guðmundsdóttir og S. Guðmundsson seldu Pálma Guðmundssyni tvö hundruð í Ósi.[1193]

[1187] Skjal nr. 2(874).
[1188] Skjal nr. 2(104).
[1189] Skjal nr. 2(910).
[1190] Skjal nr. 2(213).
[1191] Skjal nr. 2(449).
[1192] Skjal nr. 2(80).
[1193] Skjal nr. 2(850).

Hinn 19. júlí 1924 fóru fram skipti á túni og engjum jarðarinnar Óss. Ágreiningur um ræktunarlóð Pálma Guðmundssonar var þá fallinn niður. Túnið var fyrst mælt með húsagrunnum og matjurtargörðum og hlaut Guðbergður Þórðarson 35.424 fermetra í sinn hlut, Pálmi Guðmundsson 7.872 fermetra og Páll Haraldsson 3.936 fermetra. Skiptin fóru svo þannig fram:

> Var túninu skift með beinum línum upp til fjalls frá Ósnum. Hlaut Pálmi 56,25 metra breiðan renning inst frá hinu forna túngarðsbroti, sem takmarkar túnið að innanverðu. Næst hlaut Páll Haraldsson 25,5 metra breiðan renning mælt út frá ytri takmörkum Pálma, en Guðbergur alt, sem eftir var norður úr. Merkjalínur þessar voru vandlega afmarkaðar með þollum.
>
> Gata var ekki mæld af, en allir eigendur skuldbundu sig til að sjá fyrir, að minsta kosti tveggja metra breiðri götu, annaðhvort þar sem götuslóðinn nú er, eða eftir ~~ær~~ Ós-bakkanum
>
> Næst var skift 10710 fermetra svæði óræktuðu milli ræktunarlóðar Pálma og túnsins, sem með skiftagerð úttektarmanna Hólshrepps dags. 22. júní 1922 hafði verið skift úr óræktuðu sameignar landi jarðarinnar móti lóðarstykki, sem Pálmi hafði fengið útmælt og ræktað.
>
> Hafði Palmi, síðan nefnd skifti fóru fram, keypt 2 hndr. í jörðinni og bar því hluti af stykkinu að tiltölu. Var stykki þessu einnig skift með beinum samhliða línum frá Ósnum til fjalls, og fjekk Pálmi 11 metra breiðan renning áfastan við túnstykki það, sem honum var mælt í dag. Þá var Páli mældur 11 metra breiður renningur næst innan við renning Pálma, en Guðbergur hlaut það sem þá var eftir inn að fyrnefndri ræktunarlóð Pálma.
>
> Að lokum var skift öðru stykki, sem einnig hafði verið mælt úr, móti nefndri ræktunarlóð Pálma, samkvæmt sömu skiftagerð úttektarmannanna. Með því stykki var einnig skift ca 18000 fermetra eingjastykki, þríhyrndu, er oftnefnd skiftagerð hafði skilið eftir meðfram hliðarfótunum. Kom því til skifta öll spildan frá ræktunarlóð Pálma að línu frá Illukeldu við Saurhyl við Ósinn og til fjalls í fyrsta Klettagilið innan við Óshvilftina, alt stykkið frá Ósnum upp í hliðarfætur, svo langt sem slegið verður. Af stykki þessu bar Pálma einnig hlutfallslegur partur fyrir nefnd 2 hundruð.
>
> Stykki þessu var einnig skift með beinum línum, frá Ósnum upp til fjalls.
>
> Hlaut Pálmi 120 metra breitt stykki yst frá Pönnulæk og inn, Páll 30 metra breiðan renning þvert yfir stykkið innst við merkin, en Guðbergur alt miðbikið. Merkjalínur þessar voru einnig afmarkaðar með þollum og vörðu inst í hliðarfótunum.
>
> Nokkuð af slægjum jarðarinnar lá enn undir snjó, og var því ákveðið að fresta frekari skiftum á eingjunum um óákveðinn tíma.[1194]

Hinn 20. ágúst 1924 var tekið fyrir að halda áfram skiptum á slægjulandi jarðarinnar Óss sem frestað hafði verið 19. júlí sama ár. Við skiptin voru tekin fyrir svæðin Kroppmýrar, slægjulandið þar inn af inn að Seljaá, svæðið frá Seljaá að innstu merkjum jarðarinnar gagnvart jörðinni Gili, neðri Seljadalur og hærri Seljadalur. Skiptin fóru þannig fram:

> Fyrst voru teknar til skifta svonefndar „Kroppmýrar“ frá línu úr „Saurhyl til fjalls, sem hætt var við í fyrri skiftunum, og alt inn í ~~að~~ innri jaðarinn á oddanum við „Opnuna“, „Grjótnesinu“, alt svæðið frá ánni og vatninu upp í hlíð, svo langt, sem slegið verður.

[1194] Skjal nr. 2(81).

Takmarkalínan á innanverðu þessu svæði liggur um tvö jarðföst björg niður undan svo nefndum „Gyltukvammi“ og er í þá meitlaðir rómversku tölustafirnir I. og II. I í þann neðri en II í þann efri.

Svæði þessu er skift með beinum samhliða línum frá ánni upp til fjalls. Fjekk Páll Haraldsson 25 metra breiðan renning ýst við merkin. Pálmi Guðmundsson 150 metra breitt stykki innst, en Guðbergur Þórðarson alt miðbikið. Báðar þessar merkjalínur voru afmarkaðar með þollum og vörðum

Næst var tekið fyrir skifti á slægjulandinu inn með hlíðinni frá innri merkjunum á fyr nefndu stykki og inn að Seljaá. Af svæði þessu hlaut Guðbergur alt stykkið milli Mærðarár og Seljaár. Palmi ca. 100 metra breitt stykki út frá Mærðará að línu úr stórum sljettum steini fremst í vatnsbakkanum ~~og~~ og upp í oddmyndaðan stein uppi í hlíðarfótunum. Þessir steinar eru merktir með rómversku ~~bók~~tölustöfunum I og II. Sá neðri með I en sá efri með II. Næst fjekk Páll ca 220 metra langt stykki út með hlíðinni að lækjarsprænu, er rennur í vatnið og að Kistumynduðu bjargi hátt í hlíðarfótunum. Heldur Páll þannig einni graslænunni af fjósum við þessi merki. Svo hefur Pálmi ca 500 metra langt stykki sem eftir er út að merkjunum í Gjótnesinu.

Þá var svæðið frá Seljaá inn að innstu merkjum jarðarinnar (Milli Gils og Óss) frá vatni og upp úr upp á hvarf, tekið til skifta.

Af svæði þessu fjekk Guðbergur stykkið frá ánni og inn að beinni línu úr litlum gulleitum steini á bakkanum við vatnið utanvert við Seljaoddann, í stóran stein í dældinni innanvert við Seljaholtið og þaðan áfram í stórt jarðfast bjarg uppi á hvarfinu. Í alla þessa merkjasteina eru meitlaðir rómversku tölustafirnir I, II og III. I í þann neðsta og III. í þann efsta. Pálmi fjekk stykkið næst fyrir innan Guðberg að línu úr ytra horninu á Seljaoddanum fremst og í stóran hrufóttan stein á melbarðinu inn og niður af Seljatóftinni og þaðan til fjalls eftir beinni áframhaldandi línu. Páll hlaut stykkið þar fyrir innan inn að merkjum Óss og Gils.

Þá var skift svonefndum neðri Seljadal, Kinninni austanvert við ána frá hvarfinu og upp að lægri girðisbrekku. Af stykki þessu skyldi Pálmi hafa tunguna syðst við ána norður að allstórum læk, „Skjóðuhvilftarlæk,“ er rennur niður Kinnina. Páll rimann frá þeim læk að öðrum litlum rjett fyrir norðan, en Guðbergur alt stykkið þar fyrir norðan norður úr. Lækir þessir, eins og þeir liðast niður Kinnina, eru merkjalínur milli stykkjanna. Varða er hlaðin við norðari lækinn til að auðkenna hann frá lækjarfarveg rjett fyrir norðan, er var þar þegar skiftin fóru fram.

Að lokum var hærri Seljadalnum skift, svæðinu milli lægri og hærri „Girðisbrekku“ og framdalnum. Af þessu væði hlaut Páll alt stykkið norðan við Skjóðuhvilftarlæk, það stykki frá neðri Girðisbrekku og upp í Skjóðuhvilft, eða svo langt, sem slegið verður.

Pálmi hlaut stykkið frá Skjóðuhvilftarlæk milli Girðisbrekkanna, suður að beinni línu úr flötum móleitum steini á neðri Girðisbrekku í stort oddmyndað bjarg í þeirri efri fbeint uppaf og er það norðanvert við litla lækjarsprænu. Í merkjasteina þessa eru meitlaðir rómversku tölustafirnir I og II. I í þann heimri en II í þann fremri. Stykkið milli brekkanna vestur úr og allan framdalinn hlaut Guðbergur.[1195]

5.47 Neðri-Hnífsdalur

Hinn 19. september 1562 endurnýjuðu sr. Jón Þórðarson og Jón Þorsteinsson gjörning sem fram hafði farið um fimm árum áður um að Jón Þorsteinsson keypti af sr. Jóni alla jörðina Stærri-Hnífsdal.[1196]

[1195] Skjal nr. 2(82).
[1196] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 15–16, skjal nr. 4(246).

Fimmtudaginn næsta eftir Maríumessu á Lönguföstu árið 1590 vitnaði Jón Stefnisson að þegar Guðrún heitin Björnsdóttir hefði selt Þórði heitnum Einarssyni sex hundruð í Hnífsdal, þá skyldi Ögurkirkja eiga tolllaust skip í Hnífsdal.[1197]

Í vitnisburði Orms Jónssonar frá 14. janúar 1592 segir að hinn 6 september, líklega árið áður, hafi hann heyrt samning Magnúsar Jónssonar og Jóns Þorsteinssonar þar sem sá síðarnefndi hafi lofað að Ögurkirkja skyldi ævinlega eiga tollfrítt, áttært skip í Ísafirði, menn í Hnífsdal og búð og hjall í landi Hnífsdals.[1198]

Hinn 15. apríl 1618 meðkenndi Þorsteinn prestur Jónsson að hann hefði selt Ara bónda Magnússyni Neðri-Hnífsdal, 24 hundruð að dýrleika. Vald og ofsókn var um þessa jörð að mati Þorsteins. Ari skyldi á móti gefa jörðina Hlíð í Álftafirði, 18 hundruð að dýrleika og Sæból í Aðalvík, 16 hundruð að dýrleika, eða önnur 16 hundruð í Tungu í Skutulsfirði, ef Sæból fengist ekki.[1199]

Hinn 3. maí 1622 seldi sr. Þorsteinn Jónsson Ara Magnússyni föðurleifð sína, hálfan Hnífsdal, 12 hundruð að dýrleika. Einnig seldi sr. Þorsteinn hálfan Hnífsdal sem bróðir hans Tumas hafði erft eftir föður sinn og fengið Þorsteini til eignar með þeim skilyrðum að hálflendan gengi ekki af honum með lögum. Á móti gaf Ari sr. Þorsteini Hlíð í Álftafirði, 18 hundruð að dýrleika, fyrir hlut sr. Þorsteins í Hnífsdal en 16 hundruð í Tungu í Skutulsfirði fyrir hlutinn sem Tumas fékk sr. Þorsteini bróður sínum.[1200]

Hinn 16. apríl 1626 seldi Ari Magnússon Sæmundi Árnasyni jörðina Meiri-Hnífsdal, 24 hundruð að dýrleika, með öllu nema vergögnum sem Ögurkirkja ætti í sömu jörð. Einnig seldi Ari Sæmundi hálft fjórtánda hundrað í jörðinni Gljúfurá. Á móti gaf Sæmundur Ara jarðirnar Látur í Aðalvíkursveit, 24 hundruð að dýrleika, Dvergastein í Álftafirði og 28 hundruð í jörðinni Eyri í Önundarfirði.[1201]

Hinn 17. apríl 1626 seldi Ari Magnússon, vegna systur sinnar, Elenar Magnúsdóttur, Sæmundi Árnasyni Meiri-Hnífsdal, 24 hundruð að dýrleika, og 13½ hundrað í Gljúfurá fyrir Látur í Mjóafirði, 24 hundruð að dýrleika, Dvergastein, 18 hundruð að dýrleika og 10 hundruð í Eyri í Önundarfirði og þar til í flytjandi eyri fyrir tvö og hálft hundrað í Gljúfurá. En vegna þess að Ari fór á mis við sjávargæði og tolla í Hnífsdal, hlaut hann tvö tollfrí skip í Bolungarvík eða Óshlíð.[1202]

Hinn 6. október 1667 gaf Sæmundur Odsson, með skriflegu samþykki föður síns, Odds Þorleifssonar, festarmey sinni Salvöru Vigfúsdóttur í tilgjöf Neðri-Hnífsdal, 30 hundruð að dýrleika, Fremri-Hnífsdal, 12 hundruð og Bakka í Hnífsdal, átta hundruð, samkvæmt kaupmálabréfi.[1203]

[1197] Skjal nr. 2(240).
[1198] Skjal nr. 2(240).
[1199] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 159, skjal H-22.
[1200] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 160, skjal H-22.
[1201] Skjal nr. 2(240).
[1202] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 162–163, skjal H-22.
[1203] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 166, skjal H-22.

Í vitnisburði Þorvarðar Sigurðssonar sem líklega er frá 1707 segir frá verstöðu Ögurkirkju undir Kálfadal á Óshlíð, í landi jarðarinnar Óss. Þorvarður kvaðst hafa verið formaður á skipi Magnúsar Jónssonar, eiganda Ögurs, en skipið hafi gengið frá nefndri verstöðu. Svipaðan vitnisburð gáfu Jón Sigurðsson og Jón Þórðarson 5. maí 1707 um tollver Ögurkirkju í Kálfadal en þeir sögðu einnig að tollver Ögurkirkju í Hnífsdalslandi, kallað í Römnum, hafi verið notað átölulaust.[1204]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Neðri-Hnífsdal:

> **Hnifsdalur Nedre.**
>
> Jörðin er alls xxiiii hndr. að dýrleika. Reiknast heimajörðin fyrir xvi hndr., Búð, hjáleiga frá jörðunni, fyrir iiii hndr., Hraun, önnur hjáleiga, fyrir iiii hndr.
>
> Eigandi er Sölvör Vigfússdóttir á Staðarstað.
>
> Ábúendur Ásmundur Ketilsson á vii hndr., Jón Jónsson á vi hndr., Jón Þórðarson á iii hndr.
>
> […]
>
> Eru sagnir að ábúendur hafi keypt kúgildi af landsdrotni og rekagangið með,
>
> […]
>
> Móskurð á jörðin nokkurn en ekki nógan. Reka á jörðin fyrir sínu landi, en er nú í lánga tíð ekki að stóru gagni. Ef nokkuð ræki, þá tilheyrir það nú landsdrotni en leigulíða ekki.
>
> Túninu hefur skriða spilt fyrrum, er og hætt að oftar falli. Engjunum spilla skriður stórum árlega og hafa þriðjúng þeirra burttekið. Hagar jarðarinnar eru stórliga af skriðum skemdir. Torfrista er hjer mjög lítil.
>
> **Bud.** Hjáleiga frá Hnífsdal, meinast hjer um 100 ára gömul.
>
> Ábúandinn Þorleifur Bjarnason.
>
> […]
>
> Tún hjáleigunnar er spilt af skriðu. Engjarnar eru af skriðum til helmínga fordjarfaðar.
>
> **Hraun.** Önnur hjáleiga frá Hnífsdal.
>
> Ábúandinn Jón Petursson.
>
> […]
>
> Túninu hefur skriða spilt fyrir nokkrum árum. A engjarnar hefur og skriða fallið og þeim spilt. Eldivið og torfristu vantar hjáleiguna eins og heimajörðina.
>
> Útræði er hjer í Hnífsdal og verstaða. Þrjár vermanna búðir hafa hjer staðið, eru nú í eyði. Þeir sem þær brúkuðu guldu venjuligan vertoll, og fjell hann í landsdrottins hlut.
>
> Seljadalur heitir (aðrir kalla Hömludal) í Hnífsdals landi undir Ósshlíð, þar eru tvenn skipsuppsátur, kallast annað Rómur, en annað Selvör. I Rómnum eru 3 vermannabúðir, aðrar 3 eru af grjóti afteknar. Í Selvör 2. Vermenn sem þessar búðir brúka gefa landsdrotni sömuleiðis venjuligan toll. Í Rómnum er háski fyrir búðirnar sökum grjóthruns úr fjalli.

[1204] Skjal nr. 2(240).

> Ögurs eigendur þykjast eiga frí skipstöðu og búðarstæði í Rómnum, en Hnífsdals eigendur játa því ekki, og er hjer um í process, og ekki enn nú útkljáð, nokkrir ætla að þetta frí búðarstæði muni vera eiga heima hjá Hnífsdal við Bakkabúð.[1205]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Neðri-Hnífsdals metinn 24 hundruð. Með í matinu voru hjáleigurnar Búð, Hraun og Augnavellir. Eigandi jarðarinnar var ábúandinn Jón Jónsson.[1206]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Neðri-Hnífsdalur metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að hjáleigur þær, sem Árni Magnússon, Búð og Hraun, sem báðar eru taldar árið 1805, og Augnavellir, sem þá líka er talin byggð, séu nú hvorki nefndar af sýslumanni né presti.[1207]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Neðri-Hnífsdalur var metin á 448 ríkisbankadali.[1208]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 19. maí 1857 var þinglesin krafa Jóns Ebeneserssonar hreppstjóra um áttæringstollver í Hnífsdal eftir biskupsvísitasíu Helga Thordersens. Bréfið var dagsett 12. maí 1857, en Ólafur Halldórsson í Hnífsdal mótmælti efni þess fyrir hönd viðkomandi jarðeigenda.[1209]

Hinn 20. maí 1864 fór fram áreið þar sem tekið var fyrir að skoða stykki meðfram sjó í Hnífsdal og við land Bakka. Áreiðin var þinglesin 31. maí sama ár en henni er lýst svo í afsals- og veðmálabók:

> En svo er lanzlagi háttað að ofannefd á skilur alt ofanað sjó Hnífsdalsland frá Bakkalandi, en langsmeð sjónum er flatur hryggur, nokkuð hár langsmeð Hnífsdalsvík í lögum einsog fleigur er ræktaður var og gjörður að túnbletti af Halldóri heitnum Pállssyni ábúanda Hnífsdals og eiganda að 6/16 pörtum af honum. Fyrir ofan þenna hrygg er lá læggst í miðju, en hæðst í báða enda einkum þann sem lengra er frá ánni. Hryggur, þessi er gegnum skorinn af optnefndri á og sjest framhald hryggsins norðanvert við ána – sem fellur í djúpum farveg til sjóar – og með vott af lægð fyrir ofan sig, sem verður því minni sem lengra dregur burtu frá henni. Báðu megin við ána var á fleiri stöðum grafið ofaní hryggin og eins í lægðina fyrir ofan, og fanst hvergi annað en fjörugrjót, sem reyndar í lægðinni, þar sem hún var dýpst, og vatn opt stendur í var talsvert rauðleitt einsog sjest opt í árfarvegum. Hinum megin við Bakkaland á Hnífsdalur einnig land, og er þar hlaðinn garður, sem sjest ennþá glöggt beint til sjóar. Frá hryggnum og að garðinum eru ekki nema nokkrir faðmar, og eru þar háir bakkar með bröttum klettum og stórgrýti undir, og er alls ómøgulegt að lenda nokkru skipi við Bakkaland nema við hrygginn sem kallast „stekkir“. Samkvæmt øllu því hjer tilfærda getum við ekki álitið þá optnefndu lægð fyrir ofan „stekkina gamlan árfarveg og heldur ekki stekkina sjálfa ødruvísi en skapaða smátt og smátt af sjóarafli og sjóróti og að endingu stekkina ekki tilheyrandi Hnífsdal heldur Bakka, þar þeir liggja þvert fyrir Bakkalandi langsmeð sjónum og hamla, ef þeir falla undan Bakka frá að ná að sjó.[1210]

[1205] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 155–157, skjal H-12.
[1206] Skjal nr. 2(131).
[1207] Skjal nr. 4(1), bls. 197.
[1208] Skjal nr. 2(170).
[1209] Skjal nr. 2(916).
[1210] Skjal nr. 2(625).

Við manntalsþing að Eyri í Skutulsfirði 31. maí 1864 var þinglesin áreið á land Bakka og Hnífsdals frá 20. maí 1864. Ólafur Halldórsson, eigandi sex hundraða í Hnífsdal, mótmælti áreiðinni.[1211]

Skýrsla um landamerki jarðarinnar Neðri-Hnífsdals er dagsett 26. maí 1886 en hún var innkomin til þinglesturs 28. janúar 1892. Efni hennar er svohljóðandi:

> Skýrsla um landamerki jarðarinnar Neðri-Hnífsdals í Eyrarhreppi, 16 hndr. að dýrleika f.m. samkvæmt lögum 17. marz 1882.
>
> Landareign Neðri-Hnífsdals er frá ánni út að Nöðrulækjum á Óshlíð að neðan og í svokallaðan Ara að ofan og fram í Hraungil, að frátöldu Búðartúni og slægjum frá því út að Skarfaskeri og Stöðlaparti svo kölluðum upp af Hnífsdalstúni, (og einnig á Hnífsdalur á Eyrarhlíð frá gömlum garði, sem liggur úr Bakkarönd niður til sjóar að utanverðu til fjalls og fjöru og í hæðsta fjallstind að ofan upp af miðleitisgili beint niður til sjóar; 1/5 af ofangreindu haglendi og fjöru tilheyrir Búð. Slægjuland Neðri-Hnífsdals er svo kallað „land“ fram með ánni að norðanverðu upp að vörslugarði fram í ár krók móts við Bakkabæ og upp í „ausubakka“. Ennfremur frá merkjagarði Hrauns fram með ofangreindri á fram að merkjaskurði milli fremri Hnífsdals og neðri-Hnífsdals og upp að gömlum heybandsvegi.
>
> Hnífsdal 26. maí 1886.
>
> Kr. Kristjánsdóttir. Halldór Jónsson Eigendur Hnífsdals.
>
> Samþykkir: Kr. Kjartansson. Þorv. Sigurðsson Guðm. Pálsson
>
> Eigendur Óss: Fyrir hönd Guðnýjar Guðmundsdóttur: Ólafur Gissursson.
>
> Fyrir Kaupstaðinn T. Markússon.[1212]

Hinn 20. maí 1895 arfleiddi Margrét Kjartansdóttir ekkja á Hrauni fósturson sinn Kjartan Þorvarðarson að fjórum hundruðum að fornu mati í Hrauni í Eyrarhreppi og fjórum hundruðum að fornu mati í Neðri-Hnífsdal. Arfleiðslubréfið var þinglesið 24. maí sama ár.[1213]

Með kaupbréfi dagsettu 26. febrúar 1896 seldi Þorvaldur Jónsson læknir, fyrir hönd Magnúsar Samúelssonar og Reykhólahrepps í Barðastrandarsýslu, eitt og hálft hundrað að fornu mati í Neðri-Hnífsdal til Páls Halldórssonar í Hnífsdal.[1214]

Með lóðseðli, dagsettum 26. febrúar 1896, fékk Elísabet Kjartansdóttir þrjú hundruð að fornu mati í Neðri-Hnífsdal úr dánarbúi Kristjönu Kjartansdóttur. Lóðseðillinn var þinglesinn 6. júlí 1898.[1215]

Hinn 26. febrúar 1896 seldi Þorvaldur Jónsson læknir, í umboði Magnúsar Samúelssonar og Reyhólahrepps, eitt hundrað og 60 álnir að fornu mati í Neðri-Hnífsdal í Eyrarhreppi til Páls Halldórssonar útvegsbónda í Hnífsdal.[1216]

Með kaupbréfi dagsettu 4. maí 1896 seldi Margrét Kjartansdóttir þrjú hundruð að fornu mati í Heimbæ í Neðri-Hnífsdal til Valdemars Þorvarðarsonar bónda í Heimabæ

[1211] Skjal nr. 2(917).
[1212] Skjal nr. 2(48).
[1213] Skjal nr. 2(626).
[1214] Skjal nr. 2(628).
[1215] Skjal nr. 2(630).
[1216] Skjal nr. 2(631).

í Hnífsdal. Kaupbréfið var innkomið til þinglýsingar 8. júní sama ár og þinglesið 13. júní.[1217]

Hinn 30. maí 1902 seldi Kjartan Þorvarðsson fjögur hundruð að fornu mati í Neðri Hnífsdal í Eyrarhreppi til Helgu Jóakimsdóttur ekkju í Neðri Hnífsdal. Afsalsbréfið var þinglesið 24. júní sama ár.[1218]

Við manntalsþing að Hauganesi 2. júní 1906 var þinglesið heimildarbréf Guðmundar Sveinssonar fyrir þremur hundruðum að fornu mati í Heimabæ.[1219]

Hinn 30. mars 1919 óskuðu eigendur jarðanna Búðar og Heimabæjar í Hnífsdal eftir því við sýslumann að framkvæmd yrðu skipti á allri fjöru fyrir neðan götu innan frá Hnífsdalsá og út að svokölluðu Skarfaskeri.[1220]

Með bréfi dagsettu 5. júlí 1920 lýsti Hálfdán Hálfdánarson í Búð í Hnífsdal framferði landskiptamanna við útmælingu og bannaði hann frekari landskipti.[1221]

Hinn 21. júlí 1920 fóru fram landskipti milli Neðri-Hnífsdals og hálfrar Búðar í Hnífsdal. Óskað hafði verið eftir skiptum á allri fjörulóð fyrir neðan götu frá Hnífsdalsá og út að svokölluðu Skarfaskeri. Útskrift úr landamerkjabók Ísafjarðarsýslu um landamerki Neðri-Hnífdals og Búðar frá 26. maí 1886 var höfð til hliðsjónar. Eigendur Neðri-Hnífsdals voru sex talsins og skiptist jörðin niður í þrjú býli í eigu þeirra, þ.e. fyrsta býli í eigu Valdimars Þorvarðssonar, annað býli í eigu Halldórs Pálssonar, Hjartar Guðmundssonar og Páls Pálssonar og þriðja býli í eigu Guðmundar Sveinssonar og Kjartans Guðmundssonar. Í landskiptabók er skráð að lóðin hafi skipst þannig:

> 1. Býli Guðmundar Sveinssonar fær í sinn hlut frá Hnífsdalsá 103 álnir út með stígnum og er þar settur niður merkjaþollur no. 1, stykki þetta er að flatarmáli 2634 ferálnir.
>
> 2. Býli Valdimars Þorvarðssonar fær í sinn hlut 139 álnir meðfram stígnum að læk sem rennur 25 álnum fyrir utan fiskverkunarpall hans, sem merktur er á uppdrættinum „V. Þ.“, stykki þetta er að flatarmáli 1934 ferálnir.
>
> 3. Býli þeirra Halldórs Pálssonar, Páls Pálssonar og Hjartar Guðmundssonar fær í sinn hlut frá fyrnefndum læk að merkjaþolli nº 2 sem er við annan læk 197 álnum utar við stíginn. Stykki þetta er að flatarmáli 1288 ferálnir.
>
> 4. Stykkið frá merkjaþolli nº 2 að merkjaþolli nº 3, sem er settur niður 507 álnum utar með stígnum, fellur í hlut Búðar. Stykki þetta er að flatarmáli 5766 ferálnir, þaraf 2886 ferálnir uppsáturslóð og 2880 ferálnir fiskireitur
>
> 5. Frá merkjaþolli nº 3 fær býli Valdimars Þorvarðssonar 290 álnir útmeð stígnum og er þar settur niður merkjaþollur nº 4. Stykki þetta er að flatarmáli 4842 ferálnir. (Fiskireitur.)
>
> 6. Frá merkjaþolli nº 4 fær býli Guðmundar Sveinssonar 100 álnir útmeð stígnum og er þar settur niður merkjaþollur nº 5. Stykki þetta er að flatarmáli 2896 ferálnir.
>
> 7. Frá merkjaþolli nº 5 fær sameiginlegt býli þeirra Halldórs Pálssonar, Páls Pálssonar og Hjartar Guðmundssonar, út að Skarfaskeri, þaraf er 145 álnir strandlengis, eða 4624 ferálnir fiskireitur, en það sem þar er framyfir talið ónothæft.

[1217] Skjöl nr. 2(627) og 2(629).
[1218] Skjal nr. 2(632).
[1219] Skjal nr. 2(918).
[1220] Skjal nr. 2(412).
[1221] Skjal nr. 2(413).

> Breiddartakmörk hins skifta lands er að neðan venjuleg stórstraumsflóðlína og að ofan ræður neðri rönd stígsins sem er áætlaður 4 álna breiður.[1222]

Að lokum var skráð að samkvæmt landamerkjabréfi milli Hrauns og Neðri-Hnífsdals ætti Hraun rétt til uppsáturs fyrir eitt skip. Ákveðið var að sú uppsátursló kæmi á það svæði sem Guðmundur Sveinsson hafði hlotið við skiptin, einkum vegna þess að hans býli hlaut stærst uppsátursland. Eftir skiptin var lóð hans býlis 5.530 ferálnir að stærð, lóð býlis Valdimars Þorvarðssonar 6.776 ferálnir, lóð býlis Halldórs Pálssonar, Páls Pálssonar og Hjartar Guðmundssonar 5.912 ferálnir og lóð Búðar 5.766 ferálnir.[1223]

Fundir voru haldnir hjá sáttanefnd dagana 23. ágúst og 10. september 1920 vegna landskiptagjörðar milli Búðar og Heimabæjar. Sáttakæra var lögð fram ásamt fyrirkalli og þá var skiptagjörðin frá 21. júlí 1920 lesin upp á fundinum. Á framhaldsfundi 10. september 1920 var málinu vísað til dómstóla.[1224] Málið var tekið fyrir að nýju hjá sáttanefnd Eyrarhrepps 26. september 1921. Sáttatilraunir reyndust árangurslausar og var málinu vísað til dómstóla.[1225]

Við aukarétt 28. janúar 1922 var tekið fyrir mál eigenda Búðar í Hnífsdal gegn eigendum Heimabæjar í Hnífsdal um landskipti sem fram fóru 21. júlí 1920. Dæmt var í málinu 5. júlí sama ár. Í dómnum kemur fram að landskipti höfðu farið fram á jörðinni Búð fyrir neðan götu, innan frá Hnífsdalsá og út að svokölluðu Skarfaskeri. Hálfdán Hálfdánsson og Sigríður Össursdóttir fóru fram á að landskiptagerðin yrði dæmd ógild þar sem hún skipti landi milli eigenda og ábúanda Heimabæjar (Neðri-Hnífsdals) og jarðarinnar Búðar. Einnig gerðu þau kröfu um að Búð yrði dæmd sem einkalandareign allt svæðið frá túni jarðarinnar út að Skarfaskeri. Stefnandi hélt því meðal annars fram að hann hafi ekki verið boðaður til skiptanna. Farið var yfir málsatvik, þar sem fjallað var um landskiptin sem framkvæmd voru 21. júlí 1920, en ljóst var að landskiptamenn hafi ekki boðað eigendur og ábúendur til að vera við skiptin. Um réttarkröfuna um einkalandareign Búðar er vísað í landamerkjaskrár beggja jarðanna, Neðri-Hnífsdals og Búðar, báðar dagsettar 26. maí 1886. Efni þeirra var borið saman, sérstaklega um fjöruréttindi. Þá kom fram að jörðin Búð hafi verið lögð til sem hjálenda frá höfuðbýlinu Neðri-Hnífsdal og því ósennilegt að hjálendan hafi öðlast fjöruréttindi hlutfallslega í stærra mæli við höfuðbýlið. Landskiptin voru að lokum dæmd ógild, en stefndu voru sýknaðir af kröfu um einkalandareign Búðar. [1226]

Við manntalsþing að Hnífsdal 3. júlí 1922 var þinglesið afsal Jóns Jónssonar fyrir Hnífsdal til Th. S. Kjarvals, dagsett 15. nóvember 1921, fyrir 2.000 krónur. Þá var einnig þinglesið vottorð Kj. B. Guðmundssonar um eignarétt P. Pálssonar á einu og hálfu hundraði að fornu mati í Neðri-Hnífsdal, dagsett 20. desember 1921. Enn fremur var þinglesið vottorð um eignarétt Hj. Guðmundssonar á tveimur hundruðum að fornu

[1222] Skjal nr. 2(83).
[1223] Skjal nr. 2(83).
[1224] Skjal nr. 2(415).
[1225] Skjal nr. 2(416).
[1226] Skjal nr. 2(925)–2(926).

mati í sömu jörð, dagsett 20. desember 1921. Loks var þinglesið vottorð um eignarrétt H. Pálssonar á tveimur hundruðum að fornu mati í jörðinni, dagsett sama dag.[1227]

Með bréfi dagsettu 16. júní 1924 krafðist Valdimar Þorvarðsson við sýslumann að settur yrði landamerkjadómur í kjölfar dóms Hæstaréttar um Búð og Neðri-Hnífsdal.[1228]

Við aukarétt 11. júní 1932 voru dómkvaddir menn til að framkvæma mat á landi undir og umhverfis bryggju í Skeljavík eða á um 15 þúsund fermetra landi jarðanna Neðri-Hnífsdals og Búðar.[1229]

Hinn 1. september 1934 óskaði Valdimar Þorvarðsson, eigandi sex hundraða í Heimabæ, eftir því við sýslumann að framkvæmd yrði áreið á jarðarhluta Páls Pálssonar í Heimabæ.[1230]

Hinn 7. júní 1935 fóru landeigendur Heimabæjar fram á það við sýslumann að fram færu landskipti á jörðinni Heimabæ í Hnífsdal að undanteknu beitarlandi.[1231]

Hinn 17. september 1935 var tekið fyrir að skipta jörðinni Heimabæ (Neðri-Hnífsdal), öðru en beitilandi og fjörulóðum. Við skiptin var meðal annars lagt fram skýrslu um landamerki Neðri-Hnífsdals frá 26. maí 1886 og útskrift af skýrslu um landamerki Búðar frá sama degi. Skiptunum var frestað þar sem ekki lá fyrir mæling á landinu sem skipta átti.[1232] Skiptunum var framhaldið 11. júní. Lagt var fram kort yfir það land sem tekið var til skipta, en það var teiknað af Pálma Einarssyni ráðunaut Búnaðarfélags Íslands. Eigendur samþykktu að undanskilja landskiptunum húslóðir, fiskreitasvæði og garða. Takmörk þeirrar spildu, sem var samtals um 14.400 fermetrar að stærð, var eftirfarandi:

> A. Spilda utan Heimabæjarlækjar út að Búðartuni. Frá ytritakmörkum á túnlóð Páls Pálssonar (næst Buðstúni) meðfram túngirðingu hans, Hjartar Guðmundssonar og Ólafs Tryggvasonar að neðan innað Heimabæjarlæk. Þessi landspilda er ca 1400 m^2
>
> B. Spilda innan Heimabæjarlækjar inn að Hnífsdalsá, sem takmarkast svo
>
> Að utan Heimabæjarlækur, að innan Hnífsdalsá, að ofan bein ~~san~~ lína frá norðvesturhorni á Kotgerði ~~Valdim Þorvarðssonar~~ Páls Pálssonar út í Heimabæjarlæk, neðan brekkuhúsa. og að framan frá fyrgreindu kálgarðshorni bein lína sem næst því í suður við hornið á bílskúr Valdim B. Valdim. niður í Hnífsdalsá, í þoll sem settur er þar niður og merktur rómaversktala IV.[1233]

Eigendur voru einnig sammála um að sú lóð yrði sameiginleg eignarlóð allra eigenda Heimabæjar. Skráð er í landskiptabók að túnlóðirnar væru 15,8 hektarar að stærð en engjarnar, óræktaða landið framan Hrauntúns, að frádregnum fyrirhuguðum ræktunarvegi, væru 23,47 hektarar að stærð. Mælt var upp hve mikið hver og einn eigandi fengi í hekturum talið af engjum og túnum. Í fyrstu var gert grein fyrir hvernig

[1227] Skjal nr. 2(921).
[1228] Skjal nr. 2(424).
[1229] Skjal nr. 2(927).
[1230] Skjal nr. 2(425).
[1231] Skjal nr. 2(426).
[1232] Skjal nr. 2(84).
[1233] Skjal nr. 2(85).

skiptingu túnlóða væri háttað. Nákvæm lýsing þeirra er færð inn í landskiptabók og er hún svohljóðandi:

> Skiptum við svo landinu þannig.
>
> A. Túnlóðir 1. Páll Pálsson fær túnspildu sem liggur að takmörkum Búðartúns að austan og nær frá þeim meðfram girðingu hans að neðan inn að kálgarði utan og ofan Heimabæjarvarar, þaðan uppmeð kalgarðinum að austan í girðingarstaur upp á brekkunni og svo meðfram þeirri girðingu inn að ~~syðri~~ vestra hliðstólpa hans framundan íbúðarhúsi Ólafs Tryggvasonar, þaðan beina línu í þoll upp við girðingarnar, sem merktur er nr. I. Landspilda þessi er 1,22 ha.
>
> 2. Ólafur Tryggvason fær landspildu næst Páli frá þolli nr I inn að þolli nr. II og er hún 78 m. breið að ofan. Frá þeim þolli bein lína í girðingarhorn, áður Páls Pálssonar, þaðan meðfram þeirri girðingu bein lína í þoll nr. V. Síðan bein lína frá miðju íbúðarhúsi~~nu~~ Hjartar og Ólafs á brekkunni niður í þoll sem merktur er nr. III. Loðin 0,91 ha að stærð
>
> 3. Hjörtur Guðmundsson fær landspildu næst Ólafi og takmarkast að austan af ~~því~~ tuni hans ofan og neðan af girðingu og að vestan af Heimabæjarvegi og girðingu Loðin er 1,27 ha að stærð
>
> 4. Valdimar Þorvarðsson fær spildu, sem takmarkast af takmörkum húslóðanna að austan (spilda B.), Hraunsvegi að norðan, fyrirhuguðum ræktunarvegi að sunnan og girðingu við tún Einars Steindórssonar að vestan. Þessi spilda er 2,64 ha.
>
> 5. Einar Steindórsson fær spildu, sem takmarkast af girðingu Valdim. Þorvarðssonar að austan niður að fyrirhuguðum vegi, meðfram honum niður að takmörkum húslóðanna, þaðan eins og þau takmörk segja niður í gamla árfarveginn í þoll nr. IIII, þaðan meðfram ánni í þoll sem merktur er nr. VI í svonefndu „landi“ frá honum bein lína til norðurs í þoll merktan nr. VII, þaðan bein lína í norðvestur í þoll merktan nr. VIII, þaðan eins og girðingin liggur til fjalls og upp að girðingu, sem er neðan Hraunsvegar. Þetta land er 4,76 ha.
>
> 6. Valdimar Þorvarðsson fær spildu, sem takmarkast af fyrnefndu landi Einars að austan niður að þolli nr. ~~VIII~~ IX., þaðan í þoll nr. X, þaðan bein lína niður að á í þoll nr. XI, þaðan ~~í þoll nr. XII~~ alla leið meðfram ánni í þoll nr. XII, þaðan í þoll nr. XIII, þaðan bein lína til fjalls meðfram skurði Páls Pálssonar og í þoll nr. XIV. Landstærð 2,90 ha
>
> 7. Hjörtur Guðmundsson fær landspildu sem liggur að túni Einars Steindórssonar að austan niður að á við þoll nr. VI þaðan fram með ánni í þoll nr. XV., þaðan til fjalls bein lína í þoll nr. XVI. Þessi spilda er 0,52 ha.
>
> 8. Ólafur Tryggvason fær landspildu sem takmarkast með ánni milli þolla nr. XI og XV. og að ofan milli þolla nr. X. IX. og XVI. Þessi landspilda er 0,80 ha.
>
> 9. Páll Pálsson fær spildu, sem takmarkast af landi Valdimars að austan við þolla nr. XII, XIII og XIV., meðfram anni fram að skarnporti, sem tilheyrir Búð meðfram þeim landamerkjum upp að landamerkjum Hrauns og meðfram þeim í þoll nr. XIV. Þessi landspilda er 0,71 ha.
>
> B. Engjar (óræktað land)
>
> 1. Hjörtur Guðmundsson fær land næst Hraunstúni meðfram ánni í þoll sem merktur er nr. XVII og þaðan til fjalls bein lína upp að fyrirhuguðum vegi í þoll merktan XVIII þaðan meðfram veginum að neðan út að Hraunsgirðingu Þetta land er 0,92 ha.
>
> 2. Ólafur Tryggvason fær stykki næst Hraunstuni ofan fyrirhugaðs vegar fram í þoll merktan XIX þaðan til fjalls í þoll nr. XX. Þetta land er 1,22 ha.
>
> 3. Páll Pálsson fær stykki sem takmarkast að austan af landi Olafs og Hjartar meðfram ánni að neðan í þoll nr. XXI, þaðan til fjalls upp að girðingu í þoll nr. XXII. Þetta land er 1,86 ha.

> 4. Valdimar Þorvarðsson fær land sem takmarkast að austan af landi Páls meðfram ánni að neðan í þoll nr. XXIII þaðan til fjalls upp að girðingu í þoll merktan XXIV. Þetta land er 4,7 ha.
>
> 5. Einar Steindórsson fær land sem takmarkast að austan af landi Valdimars, að neðan mefram ánni í þoll ~~nr~~ merktan XXV, þaðan til fjalls uppað girðingu í þoll nr. XXVI Þetta land er 6,1 ha.
>
> 6. Ólafur Tryggvason fær land, sem takmarkaast að austan af landi Einars að neðan með anni í þoll nr. XXVII, þaðan til fjalls upp að girðingu í þoll nr. XXVIII. Þetta land er 1,85 ha.
>
> 7. Hjörtur Guðmundsson fær land, sem takmarkast að austan af landi Ólafs að neðan mefram ánni í þoll nr. XXIX, þaðan til fjalls í þoll nr. XXX. Þetta land er 2,2 ha
>
> 8. Valdimar Þorvarðsson fær land sem takmarkast af landi Hjartar að austan, að neðan medfram ánni fram að landamerkjum Fremri-Hnífsdals í þoll merktan nr. XXXI þaðan til fjalls í þoll merktan XXXII. og þaðan í norðvesturhorn á girðingu um land Hjartar. Þetta land er 4,5 ha.
>
> Túnin nytja eigendur yfirstandandi sumar svo sem verið hefur og koma skiptin ekki að því leyti til framkvæmda fyr en í haust.[1234]

Hinn 13. maí 1936 var framkvæmd mæling á útlandi jarðarinnar Heimabæjar. Búnaðarfélag Íslands framkvæmdi mælinguna og reyndist landið vera alls 23,9 hektarar.[1235]

Við manntalsþing að Hnífsdal 27. júní 1936 fékk Páll Pálsson annars vegar bókað að þeir Einar Steindórsson og Valdimar Þorvarðsson hafi ekki haft heimild til að leigja Fiskimálanefnd hluta Páls af lóðarspildu á Völlum á Eyrarhlíð. Hins vegar fengu þeir Einar og Valdimar bókað að þeir teldu sig hafa haft heimild til þess að hagnýtta lóðarspilduna á Eyrarhlíð þar sem Páll hefði áður aukið við tún sitt úr óskiptu beitarlandi.[1236]

Hinn 29. maí 1953 var tekið fyrir að skipta svokölluðum Völlum í landi Heimabæjar í Hnífsdal. Fram kemur að landið hafi verið sameiginlegt beitiland eigenda jarðarinnar. Eftir að hafa gengið um landið komu skiptanefnd og jarðeigendur sér saman um að landið skyldi vera óskipt og leigt sameiginlega undir fiskhjalla.[1237]

5.47.1 Búð í Hnífsdal

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Búð í Hnífsdal:

> **Bud.** Hjáleiga frá Hnífsdal, meinast hjer um 100 ára gömul.
>
> Ábúandinn Þorleifur Bjarnason.
>
> […]
>
> Tún hjáleigunnar er spilt af skriðu. Engjarnar eru af skriðum til helmínga fordjarfaðar.[1238]

[1234] Skjal nr. 2(85).
[1235] Skjal nr. 2(427).
[1236] Skjal nr. 2(910).
[1237] Skjal nr. 2(86).
[1238] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 156, skjal H-12.

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Neðri-Hnífsdals metinn 24 hundruð. Með í matinu voru hjáleigurnar Búð, Hraun og Augnavellir. Eigandi jarðarinnar var ábúandinn Jón Jónsson.[1239]

Ekki er fjallað um Búð í Hnífsdal í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 en í neðanmálsgrein fyrir Neðri-Hnífsdal segir að Búð, sem áður hafi verið talin hjáleiga frá Neðri-Hnífsdal, sé nú hvorki nefnd af sýslumanni né presti.[1240]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Búð:

> 1. Búd: hægd til sjóar og notagædi til beitar mæla nokkud framm med koti. þessu eptir hundradatali.[1241]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 120 ríkisbankadali.[1242] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Búð breytt í 96 ríkisbankadali.[1243]

Hinn 7. júlí 1876 fóru fram makaskipti hvar Kristján Árnason og Guðmundur Pálsson afhentu tvö hundruð í Búð í Hnífsdal til Kristjáns Kjartanssonar í Búð en fengu á móti tvö hundruð í Fremri-Hnífsdal. Makaskiptabréfið var þinglesið á árinu 1876.[1244]

Skýrsla um landamerki jarðarinnar Búðar í Eyrarhreppi er dagsett 26. maí 1886 en hún var innfærð í landamerkjabók 26. júlí 1920. Efni hennar er svohljóðandi:

> Skýrsla um landamerki jarðarinnar Búð í Eyrarhreppi 4 hndr. f.m. að dýrleika samkvæmt lögum 17. marz 1882. Jörðinni Búð heyrir til frá túni og að Skarfaskeri sem slægjur eiga að heita. Stöðlapartur heirir og til Búð en er þó ofan til við Heimabæ. Skarnpartur heirir og til jörðinni Búð, en er þó ofanundan Hrauni upp að holtum og ofan að á líka heirir til ofangreindri jörð en er þó í Bakkalandi. Lambhagastikki að nafni Slægjur heyra nú ekki jörðinni meiri til en beit og öll önnur hlunnindi á hún að tiltölu jafnt Heimabæ
>
> Búð 26 Maí 1886
>
> Kristján Kjartansson Sigríður Øssursdóttir eigendur
>
> Kristja[na] Kjartansdóttir Halldór Jónsson Þorvarður Sigurðsson
>
> Fyrir hönd Guðnýjar Guðmundsdóttir Ólafur Gissursson[1245]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er ekkert tilgreint um landamerki jarðarinnar Búðar í Hnífsdal. Jörðin var metin á 4.400 kr. Eigendur hennar voru Guðmundur Sveinsson og Sigríður Össurardóttir.[1246]

Hinn 30. mars 1919 óskuðu eigendur jarðanna Búðar og Heimabæjar í Hnífsdal eftir því við sýslumann að framkvæmd yrðu skipti á allri fjöru fyrir neðan götu innan frá Hnífsdalsá og út að svokölluðu Skarfaskeri.[1247]

[1239] Skjal nr. 2(131).
[1240] Skjal nr. 4(1), bls. 197.
[1241] Skjal nr. 2(158).
[1242] Skjal nr. 2(170).
[1243] Skjal nr. 2(165).
[1244] Skjal nr. 2(633).
[1245] Skjal nr. 2(50).
[1246] Skjal nr. 2(215).
[1247] Skjal nr. 2(412).

Með bréfi dagsettu 5. júlí 1920 lýsti Hálfdán Hálfdánarson í Búð í Hnífsdal framferði landskiptamanna við útmælingu og bannaði hann frekari landskipti.[1248]

Með samningi dagsettum 6. júlí 1920 leigði Hálfdán Hálfdánarson verslunarfélagin Kjartani & Jóni í Hnífsdal landsvæði í svokölluðum Bug í jörðinni Búð í Hnífsdal. Svæðið var afmarkað þannig:

> Klettar þeir sem standa í fjörunni að innan, en að ofan sem að fjalli snýr: efsta fiskireitsbrún, sem nú er lögð, og frá þeirri brún bein lína í ytri brún aurskriðu og þaðan bein sjónhending í stóran stein, sem stendur á klöpp í fjörunni og með sjó flóðlína.[1249]

Hinn 21. júlí 1920 fóru fram landskipti milli Neðri-Hnífsdals og hálfrar Búðar í Hnífsdal. Óskað hafði verið eftir skiptum á allri fjörulóð fyrir neðan götu frá Hnífsdalsá og út að svokölluðu Skarfaskeri. Útskrift úr landamerkjabók Ísafjarðarsýslu um landamerki Neðri-Hnífdals og Búðar frá 26. maí 1886 var höfð til hliðsjónar. Eigendur Neðri-Hnífsdals voru sex talsins og skiptist jörðin niður í þrjú býli í eigu þeirra, þ.e. fyrsta býli í eigu Valdimars Þorvarðssonar, annað býli í eigu Halldórs Pálssonar, Hjartar Guðmundssonar og Páls Pálssonar og þriðja býli í eigu Guðmundar Sveinssonar og Kjartans Guðmundssonar. Í landskiptabók er skráð að lóðin hafi skipst þannig:

> 1. Býli Guðmundar Sveinssonar fær í sinn hlut frá Hnífsdalsá 103 álnir út með stígnum og er þar settur niður merkjaþollur no. 1, stykki þetta er að flatarmáli 2634 ferálnir.
>
> 2. Býli Valdimars Þorvarðssonar fær í sinn hlut 139 álnir meðfram stígnum að læk sem rennur 25 álnum fyrir utan fiskverkunarpall hans, sem merktur er á uppdrættinum „V. Þ.“, stykki þetta er að flatarmáli 1934 ferálnir.
>
> 3. Býli þeirra Halldórs Pálssonar, Páls Pálssonar og Hjartar Guðmundssonar fær í sinn hlut frá fyrnefndum læk að merkjaþolli nº 2 sem er við annan læk 197 álnum utar við stíginn. Stykki þetta er að flatarmáli 1288 ferálnir.
>
> 4. Stykkið frá merkjaþolli nº 2 að merkjaþolli nº 3, sem er settur niður 507 álnum utar með stígnum, fellur í hlut Búðar. Stykki þetta er að flatarmáli 5766 ferálnir, þaraf 2886 ferálnir uppsáturslóð og 2880 ferálnir fiskireitur
>
> 5. Frá merkjaþolli nº 3 fær býli Valdimars Þorvarðssonar 290 álnir útmeð stígnum og er þar settur niður merkjaþollur nº 4. Stykki þetta er að flatarmáli 4842 ferálnir. (Fiskireitur.)
>
> 6. Frá merkjaþolli nº 4 fær býli Guðmundar Sveinssonar 100 álnir útmeð stígnum og er þar settur niður merkjaþollur nº 5. Stykki þetta er að flatarmáli 2896 ferálnir.
>
> 7. Frá merkjaþolli nº 5 fær sameiginlegt býli þeirra Halldórs Pálssonar, Páls Pálssonar og Hjartar Guðmundssonar, út að Skarfaskeri, þaraf er 145 álnir strandlengis, eða 4624 ferálnir fiskireitur, en það sem þar er framyfir talið ónothæft.
>
> Breiddartakmörk hins skifta lands er að neðan venjuleg stórstraumsflóðlína og að ofan ræður neðri rönd stígsins sem er áætlaður 4 álna breiður.[1250]

Að lokum var skráð að samkvæmt landamerkjabréfi milli Hrauns og Neðri-Hnífsdals ætti Hraun rétt til uppsáturs fyrir eitt skip. Ákveðið var að sú uppsáturslóð kæmi á það svæði sem Guðmundur Sveinsson hafði hlotið við skiptin, einkum vegna þess að hans

[1248] Skjal nr. 2(413).
[1249] Skjal nr. 2(414).
[1250] Skjal nr. 2(83).

býli hlaut stærst uppsátursland. Eftir skiptin var lóð hans býlis 5.530 ferálnir að stærð, lóð býlis Valdimars Þorvarðssonar 6.776 ferálnir, lóð býlis Halldórs Pálssonar, Páls Pálssonar og Hjartar Guðmundssonar 5.912 ferálnir og lóð Búðar 5.766 ferálnir.[1251]

Fundir voru haldnir hjá sáttanefnd dagana 23. ágúst og 10. september 1920 vegna landskiptagjörðar milli Búðar og Heimabæjar sem fram fór 21. júlí 1920. Sáttakæra var lögð fram ásamt fyrirkalli og þá var skiptagjörðin frá 21. júlí 1920 lesin upp á fundinum. Á framhaldsfundi 10. september 1920 var málinu vísað til dómstóla.[1252] Málið var tekið fyrir að nýju hjá sáttanefnd Eyrarhrepps 26. september 1921. Sáttatilraunir reyndust árangurslausar og var málinu vísað til dómstóla.[1253]

Málið var nokkrum sinnum tekið fyrir hjá sýslumanni og fjölmörg skjöl voru lögð við málið, s.s. sóknarskjöl eigenda Búðar frá 12. nóvember 1921, 12. janúar, 28. janúar 1922 og 27. maí 1922 og varnarskjöl vegna Neðri-Hnífsdals, dagsett 12. desember 1921, 28. janúar og 6. maí 1922.[1254] Við málið var meðal annars rætt um landamerkjabréf jarðanna frá 1886 og svo virðist sem deilt hafi verið um legu jarðanna. Í sóknarskjali vegna Búðar, dagsettu 12. nóvember 1921, segir að ekki hafi verið hægt að skilja texta landamerkjabréfanna öðruvísi en að Búð ætti land frá fjallsrótum, þ.e. skriðum, og niður í stórstraumsflæðarmál.[1255] Í varnarskjali vegna Neðri-Hnífsdals, dagsettu 12. desember 1921, er skýrt frá sögu jarðarinnar, sem sagt er að hafi verið aðaljörðin í Hnífsdal og úr henni hafi Búð verið stofnuð. Þar sem engin gögn lægu fyrir um hvenær það hafi átt sér stað, væri eðlilegt að telja Búð sem hjáleigu Neðri-Hnífsdals þar til landamerkjaskrár jarðanna hefðu verið samdar árið 1886.[1256]

Dæmt var í málinu 5. júlí sama ár. Í dómnum kemur fram að landskipti höfðu farið fram á jörðinni Búð fyrir neðan götu, innan frá Hnífsdalsá og út að svokölluðu Skarfaskeri. Hálfdán Hálfdánsson og Sigríður Össursdóttir fóru fram á að landskiptagerðin yrði dæmd ógild þar sem hún skipti landi milli eigenda og ábúanda Heimabæjar (Neðri-Hnífsdals) og jarðarinnar Búðar. Einnig gerðu þau kröfu um að Búð yrði dæmd sem einkalandareign allt svæðið frá túni jarðarinnar út að Skarfaskeri. Stefnandi hélt því meðal annars fram að hann hafi ekki verið boðaður til skiptanna. Farið var yfir málsatvik, þar sem fjallað var um landskiptin sem framkvæmd voru 21. júlí 1920, en ljóst var að landskiptamenn hafi ekki boðað eigendur og ábúendur til að vera við skiptin. Um réttarkröfuna um einkalandareign Búðar er vísað í landamerkjaskrár beggja jarðanna, Neðri-Hnífsdals og Búðar, báðar dagsettar 26. maí 1886. Efni þeirra var borið saman, sérstaklega um fjöruréttindi. Þá kom fram að jörðin Búð hafi verið lögð til sem hjálenda frá höfuðbýlinu Neðri-Hnífsdal og því ósennilegt að hjálendan hafi öðlast fjöruréttindi hlutfallslega í stærra mæli við höfuðbýlið.

[1251] Skjal nr. 2(83).
[1252] Skjal nr. 2(415).
[1253] Skjal nr. 2(416).
[1254] Skjöl nr. 2(417)–2(423) og 2(925).
[1255] Skjal nr. 2(417).
[1256] Skjal nr. 2(418).

Landskiptin voru að lokum dæmd ógild, en stefndu voru sýknaðir af kröfu um einkalandareign Búðar. [1257]

Með bréfi dagsettu 16. júní 1924 krafðist Valdimar Þorvarðsson við sýslumann að settur yrði landamerkjadómur í kjölfar dóms Hæstaréttar um Búð og Neðri-Hnífsdal.[1258]

Við aukarétt 11. júní 1932 voru dómkvaddir menn til að framkvæma mat á landi undir og umhverfis bryggju í Skeljavík eða á um 15 þúsund fermetra landi jarðanna Neðri-Hnífsdals og Búðar.[1259]

5.48 Hraun í Hnífsdal

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Hraun í Hnífsdal:

> **Hraun.** Önnur hjáleiga frá Hnífsdal.
>
> Ábúandinn Jón Petursson.
>
> […]
>
> Túninu hefur skriða spilt fyrir nokkrum árum. A engjarnar hefur og skriða fallið og þeim spilt. Eldivið og torfristu vantar hjáleiguna eins og heimajörðina.[1260]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Neðri-Hnífsdals metinn 24 hundruð. Með í matinu voru hjáleigurnar Búð, Hraun og Augnavellir. Eigandi jarðarinnar var ábúandinn Jón Jónsson.[1261]

Ekki er fjallað um Hraun í Hnífsdal í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 en í neðanmálsgrein fyrir Neðri-Hnífsdal segir að Hraun, sem áður hafi verið talin hjáleiga frá Neðri-Hnífsdal, sé nú hvorki nefnd af sýslumanni né presti.[1262]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hraun:

> 2. Hraun: tún allgott og ad tiltölu stórt og slægjur vid tún notagódar bæta allmikid býli þetta, er ad fornu, einsog líka Búd hefur verid úrskipt úr Nedrahnífsdalslandi.[1263]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 164 ríkisbankadali.[1264]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hrauns í Hnífsdal er dagsett 26. maí 1886 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hnífsdal 15. maí 1888. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Hrauni í Hnífsdal í Eyrarhreppi innan Ísafjarðarsýslu.
>
> Landareign þess er í Hraungil að utan til niður að Hnífsdals slægjupörtum, hliðin þaðan fram að Markgili er niður úr miðri Lambaskál frá fjallsbrún niður að gamla Heybandsvegi með þeim slægjum, sem eru á því stykki; ennfremur á jörðin Hraun slægjuland frá vörzlugarði heimabæjar niður á svokallað Ausubakkaholt og fram að vörzlugarði á Fitarparti og Fitarpartinn niður í á, en jörðin Búð í Hnífsdal á svokallaðan Skarnpart, er liggur niður undan túninu við ána.

[1257] Skjal nr. 2(926).
[1258] Skjal nr. 2(424).
[1259] Skjal nr. 2(927).
[1260] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 156–157, skjal H-12.
[1261] Skjal nr. 2(131).
[1262] Skjal nr. 4(1), bls. 197.
[1263] Skjal nr. 2(158).
[1264] Skjal nr. 2(170).

> Ennfremur á Hraun uppsátur fyrir eitt skip tolllaust við sjóinn í neðri Hnífsdals lendingu, en ekki Búðar.
>
> Hrauni, 26. Maí 1886.
>
> Eigandi: Halldór Jónsson
>
> Sem land eiga að eru: Kristjana Kjartansdóttir Sigríður Øssursdóttir Guðmundur Pálsson Kristján Kjartansson.[1265]

Hinn 20. maí 1895 arfleiddi Margrét Kjartansdóttir ekkja á Hrauni fósturson sinn Kjartan Þorvarðarson að fjórum hundruðum að fornu mati í Hrauni í Eyrarhreppi og fjórum hundruðum að fornu mati í Neðri-Hnífsdal. Arfleiðslubréfið var þinglesið 24. maí sama ár.[1266]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Hrauns í Hnífsdal að þau hafi verið þinglesin. Jörðin var metin á 2.000 kr. Eigandi hennar var Kjartan Þorvarðsson.[1267]

5.49 Bakki í Hnífsdal

Hinn 26. september 1620 endurnýjaði Sæmundur Árnason kaup þau er hann gerði við hjónin Ólaf Pétursson og Guðrúnu Jónsdóttur fyrir sjö árum um kaup á Nesi, 16 hundruð að dýrleika. Einnig seldi Guðrún, með samþykki eiginmanns síns Sæmundar, sex hundruð í Bakka í Hnífsdal.[1268]

Hinn 6. október 1667 gaf Sæmundur Odsson, með skriflegu samþykki föður síns, Odds Þorleifssonar, festarmey sinni Salvöru Vigfúsdóttur í tilgjöf Neðri-Hnífsdal, 30 hundruð að dýrleika, Fremri-Hnífsdal, 12 hundruð og Bakka í Hnífsdal, átta hundruð, samkvæmt kaupmálabréfi.[1269]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Bakka í Hnífsdal:

> **Backe.**
>
> Jarðardýrleiki viii hndr.
>
> Eigandinn Sölvör Vigfússdóttir fyrrskrifuð.
>
> Ábúendur Ísleikur Bjarnason á v hndr., Bjarni Sigmundsson á iii hndr.
>
> […]
>
> Jörðin er slægnalítil item hagaþröng og liggur uppá nábúum sínum.
>
> Skipsuppsátur hefur jörðin í Neðra Hnífsdals landi, þar sem Bakkabúð heitir, þegar ábúendur eru megnugir að eiga skip, og hefur það þar tolllaust gengið.
>
> **Midhus** heitir í Bakkalandi. Eru munnmæli þar hafi bygð verið, en svo er það fyrir löngu, að enginn veit þar neitt frekara til að segja. Meira er hjer þrönglendi en þetta kot verði aftur bygt.

[1265] Skjal nr. 2(51).
[1266] Skjal nr. 2(626).
[1267] Skjal nr. 2(216).
[1268] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 160, skjal H-22.
[1269] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 166, skjal H-22.

> **Lamba Veller** heita fyrir innan Bakka (landið er eignað Neðra Hnífsdal). Þar segja menn að bær hafi staðið, og sjer þar til girðínga nokkurra, en hverki hefur þar bygt verið í þeirra manna minni, er nú lifa, eður þeirra foreldra. Er og líkast ef þar hefur bygð verið, þá hafi hún miklu fyrri eyðst. Ekki verður hjer bygt, því ekki er um kríng nema hrjóstur og slægjur alls engar.[1270]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Bakka í Hnífsdal metinn átta hundruð. Eigandi jarðarinnar var Jón Jónssonar í Neðri-Hnífsdal. Fram kemur að eyðihjáleigurnar Miðhús og Lambavellir hafi verið nýttar sem beitiland.[1271]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Bakki í Hnífsdal metin 8 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að eyðihjáleigurnar Miðhús og Lambavelli voru árið 1805 hafðar hér til beitar. Þá segir að sýslumaður einn telji Bakka aðeins 6 hundruð að dýrleika.[1272]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Bakka:

> 3. Bakki: móskurdur allgódur gerir býli þetta litlu skárra enn í medallagi.[1273]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 180 ríkisbankadali.[1274]

Hinn 20. maí 1864 fór fram áreið þar sem tekið var fyrir að skoða stykki meðfram sjó í Hnífsdal og við land Bakka. Áreiðin var þinglesin 31. maí sama ár en henni er lýst svo í afsals- og veðmálabók:

> En svo er lanzlagi háttað að ofannefd á skilur alt ofanað sjó Hnífsdalsland frá Bakkalandi, en langsmeð sjónum er flatur hryggur, nokkuð hár langsmeð Hnífsdalsvík í lögum einsog fleigur er ræktaður var og gjörður að túnbletti af Halldóri heitnum Pállssyni ábúanda Hnífsdals og eiganda að 6/16 pörtum af honum. Fyrir ofan þenna hrygg er lá læggst í miðju, en hæðst í báða enda einkum þann sem lengra er frá ánni. Hryggur, þessi er gegnum skorinn af optnefndri á og sjest framhald hryggsins norðanvert við ána – sem fellur í djúpum farveg til sjóar – og með vott af lægð fyrir ofan sig, sem verður því minni sem lengra dregur burtu frá henni. Báðu megin við ána var á fleiri stöðum grafið ofaní hryggin og eins í lægðina fyrir ofan, og fanst hvergi annað en fjörugrjót, sem reyndar í lægðinni, þar sem hún var dýpst, og vatn opt stendur í var talsvert rauðleitt einsog sjest opt í árfarvegum. Hinum megin við Bakkaland á Hnífsdalur einnig land, og er þar hlaðinn garður, sem sjest ennþá glöggt beint til sjóar. Frá hryggnum og að garðinum eru ekki nema nokkrir faðmar, og eru þar háir bakkar með bröttum klettum og stórgrýti undir, og er alls ómøgulegt að lenda nokkru skipi við Bakkaland nema við hrygginn sem kallast „stekkir“. Samkvæmt øllu því hjer tilfærda getum við ekki álitið þá optnefndu lægð fyrir ofan „stekkina gamlan árfarveg og heldur ekki stekkina sjálfa ødruvísi en skapaða smátt og smátt af sjóarafli og sjóróti og að endingu stekkina ekki tilheyrandi Hnífsdal heldur Bakka, þar þeir liggja þvert fyrir Bakkalandi langsmeð sjónum og hamla, ef þeir falla undan Bakka frá að ná að sjó.[1275]

Við manntalsþing að Eyri í Skutulsfirði 31. maí 1864 var þinglesin áreið á land Bakka og Hnífsdals frá 20. maí 1864. Ólafur Halldórsson, eigandi sex hundraða í Hnífsdal, mótmælti áreiðinni.[1276]

[1270] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 158, skjal H-12.
[1271] Skjal nr. 2(133).
[1272] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1273] Skjal nr. 2(158).
[1274] Skjal nr. 2(170).
[1275] Skjal nr. 2(625).
[1276] Skjal nr. 2(917).

Landamerkjalýsing jarðarinnar Bakka í Hnífsdal er ódagsett en hún var þinglesin við manntalsþing að Hnífsdal 29. maí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing fyrir jörðunni Bakka í Hnífsdal innan Eyrarhrepps.
>
> Landamerki fyrir jörðina Bakka í Hnífsdal, sem er að dýrleika 6 hndr. að fornu mati: Milli Bakka og Fremri Hnífsdals er svokallaður Merkjalækur, en milli Bakka og Neðri Hnífsdals er áin til sjávar, en að innan eða sunnarverðu er Bakka-röndin að ofan, en að neðanverðu er gamall merkjagarður.
>
> Í Bakka-landi á jörðin Búð í Hnífsdal slægjupart, er nefnist Lambhagapartur.
>
> Eigandi: Þorvarður Sigurðsson
>
> Kristjana Kjartansdóttir, eigandi Neðri Hnífsdals.
>
> Halldór Jónsson, eigandi Hrauns.
>
> Guðmundur Pálsson, eigandi Fremri Hnífsdals
>
> Kristján Kjartansson Sigríður Øssursdóttir eigendur að Búð[1277]

Við aukarétt 12. október 1914 voru Guðmundur Sveinsson og Ásmundur Ásmundsson kvaddir til að virða til peningaverðs ársleigu jarðræktarlands með húsi sem Jónas Þorvarðarson hafði byggði í landi Bakka samkvæmt leigusamningi dagsettum 30. september 1906.[1278]

Hinn 5. nóvember 1915 var ráðgert að gera eignarnám á lóð í landi Bakka. Fyrirhugað var að gera hana að verslunarlóð. Áður en gjörðin byrjaði var verslunarstæðið í Bakkalandi skoðað og hið umbeðna lóðarsvæði. Að lokum var ákveðið að fresta eignarnáminu.[1279] Málið var tekið fyrir að nýju hjá lögreglustjóra 8. nóvember 1915. Farið var yfir aðstæður í Hnífsdal, hversu margar jarðir þar væru, hve margir bátar réru þaðan og hversu margir fastakaupmenn væru þar staddir svo fátt eitt sé nefnt. Með hliðsjón af síðastnefnda atriðinu þótt ekki knýjandi almenningsþörf fyrir því að taka umbeðna fjörulóð eignarnámi. Eignarnámsskilyrði samkvæmt 50 gr. stjórnarskrárinnar væru því eigi fyrir hendi og var eignarnámið ekki framkvæmt.[1280]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Bakka í Hnífsdal að þau hafi verið þinglesin. Jörðin var metin á 16.000 kr. Eigandi hennar var Jónas Þorvarðsson. Fram kemur í matinu að Búð i Hnífsdal hafi átt ítak í slægjulandi jarðarinnar, í svo kölluðum Lambhaga.[1281]

5.50 Fremri-Hnífsdalur

Hinn 12. nóvember 1566 fóru fram jarðaskipti milli Gróu Þorleifsdóttur og Mangúsar Jónssonar þannig að Gróa seldi Magnúsi alla jörðina Heydal í Móafirði fyrir alla jörðina

[1277] Skjal nr. 2(52).
[1278] Skjal nr. 2(922).
[1279] Skjal nr. 2(923).
[1280] Skjal nr. 2(924).
[1281] Skjal nr. 2(217).

Fremri-Hnífsdal.[1282] Jón Gíslason, maður Gróu, samþykkti jarðaskiptin 23. nóvember 1556.[1283]

Fimmtudaginn næsta eftir Maríumessu á Lönguföstu árið 1590 vitnaði Jón Stefnisson að þegar Guðrún heitin Björnsdóttir hefði selt Þórði heitnum Einarssyni sex hundruð í Hnífsdal, þá skyldi Ögurkirkja eiga tolllaust skip í Hnífsdal.[1284]

Í vitnisburði Orms Jónssonar frá 14. janúar 1592 segir að hinn 6 september, líklega árið áður, hafi hann heyrt samning Magnúsar Jónssonar og Jóns Þorsteinssonar þar sem sá síðarnefndi hafi lofað að Ögurkirkja skyldi ævinlega eiga tollfrítt, áttært skip í Ísafirði, menn í Hnífsdal og búð og hjall í landi Hnífsdals.[1285]

Hinn 3. maí 1622 seldi sr. Þorsteinn Jónsson Ara Magnússyni föðurleifð sína, hálfan Hnífsdal, 12 hundruð að dýrleika. Einnig seldi sr. Þorsteinn hálfan Hnífsdal sem bróðir hans Tumas hafði erft eftir föður sinn og fengið Þorsteini til eignar með þeim skilyrðum að hálflendan gengi ekki af honum með lögum. Á móti gaf Ari sr. Þorsteini Hlíð í Álftafirði, 18 hundruð að dýrleika, fyrir hlut sr. Þorsteins í Hnífsdal en 16 hundruð í Tungu í Skutulsfirði fyrir hlutinn sem Tumas fékk sr. Þorsteini bróður sínum.[1286]

Hinn 6. október 1667 gaf Sæmundur Odsson, með skriflegu samþykki föður síns, Odds Þorleifssonar, festarmey sinni Salvöru Vigfúsdóttur í tilgjöf Neðri-Hnífsdal, 30 hundruð að dýrleika, Fremri-Hnífsdal, 12 hundruð og Bakka í Hnífsdal, átta hundruð, samkvæmt kaupmálabréfi.[1287]

Í vitnisburði Þorvarðar Sigurðssonar sem líklega er frá 1707 segir frá verstöðu Ögurkirkju undir Kálfadal á Óshlíð, í landi jarðarinnar Óss. Þorvarður kvaðst hafa verið formaður á skipi Magnúsar Jónssonar, eiganda Ögurs, en skipið hafi gengið frá nefndri verstöðu. Svipaðan vitnisburð gáfu Jón Sigurðsson og Jón Þórðarson 5. maí 1707 um tollver Ögurkirkju í Kálfadal en þeir sögðu einnig að tollver Ögurkirkju í Hnífsdalslandi, kallað í Römnum, hafi verið notað átölulaust.[1288]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Fremri-Hnífsdal:

> **Hnifsdalur fremre.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr.
>
> Eigandinn Sölvör Vigfúsdóttir á Staðarstað.
>
> Ábúendur Jón Örnólfsson, Jón Arason á helmíngnum hver.
>
> […]
>
> Grasatekja lítilfjörleg. Skógur hefur gagnligur verið, er nú svo að segja eyddur, brúkast þó til lítillrar kolgjörðar af ábúendum, en ekki svo mikill að öðrum verði ljeður. Móskurður tekur mjög svo að eyðast, og verður sverði að brenna.

[1282] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 547–548, skjal nr. 4(247).
[1283] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 548–549, skjal nr. 4(247).
[1284] Skjal nr. 2(240).
[1285] Skjal nr. 2(240).
[1286] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 160, skjal H-22.
[1287] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 166, skjal H-22.
[1288] Skjal nr. 2(240).

> Hætt er hjer útigángs peníngi fyrir snjóskriðum á vetur. Grjótskriður hafa engjunum spilt. Torfrista er slæm og lítil.
>
> Hjáleiga nafnlaus hefur hjer verið utan túns, en það fyrir allra manna minni sem nú lifa, og veit því enginn um hennar afgift. Ekki kynni hún aftur að byggjast án skaða heimajarðarinnar, því slægjur eru engar að missa.[1289]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Fremri-Hnífsdals metinn 12 hundruð. Eigendur jarðarinnar voru Jón Jónssonar í Neðri-Hnífsdal og ábúandinn Tyrfingur Pétursson. Fram kemur að með í matinu sé einnig eyðihjáleiga en hún er ónafngreind.[1290]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 14. mars 1812 var upplesin brigðalýsing á sex hundruðum í Fremri-Hnífsdal, dagsett 12. sama mánaðar.[1291]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Fremri-Hnífsdalur metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var ein ónefnd eyðihjáleiga talin hér með.[1292]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Fremri-Hnífsdalur var metin á 336 ríkisbankadali.[1293]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 19. maí 1857 var þinglesin krafa Jóns Ebeneserssonar hreppstjóra um áttæringstollver í Hnífsdal eftir biskupsvísitasíu Helga Thordersens. Bréfið var dagsett 12. maí 1857, en Ólafur Halldórsson í Hnífsdal mótmælti efni þess fyrir hönd viðkomandi jarðeigenda.[1294]

Hinn 20. maí 1864 fór fram áreið þar sem tekið var fyrir að skoða stykki meðfram sjó í Hnífsdal og við land Bakka. Áreiðin var þinglesin 31. maí sama ár en henni er lýst svo í afsals- og veðmálabók:

> En svo er lanzlagi háttað að ofannefd á skilur alt ofanað sjó Hnífsdalsland frá Bakkalandi, en langsmeð sjónum er flatur hryggur, nokkuð hár langsmeð Hnífsdalsvík í lögum einsog fleigur er ræktaður var og gjörður að túnbletti af Halldóri heitnum Pállssyni ábúanda Hnífsdals og eiganda að 6/16 pörtum af honum. Fyrir ofan þenna hrygg er lá læggst í miðju, en hæðst í báða enda einkum þann sem lengra er frá ánni. Hryggur, þessi er gegnum skorinn af optnefndri á og sjest framhald hryggsins norðanvert við ána – sem fellur í djúpum farveg til sjóar – og með vott af lægð fyrir ofan sig, sem verður því minni sem lengra dregur burtu frá henni. Báðu megin við ána var á fleiri stöðum grafið ofaní hryggin og eins í lægðina fyrir ofan, og fanst hvergi annað en fjörugrjót, sem reyndar í lægðinni, þar sem hún var dýpst, og vatn opt stendur í var talsvert rauðleitt einsog sjest opt í árfarvegum. Hinum megin við Bakkaland á Hnífsdalur einnig land, og er þar hlaðinn garður, sem sjest ennþá glöggt beint til sjóar. Frá hryggnum og að garðinum eru ekki nema nokkrir faðmar, og eru þar háir bakkar með bröttum klettum og stórgrýti undir, og er alls ómögulegt að lenda nokkru skipi við Bakkaland nema við hrygginn sem kallast „stekkir“. Samkvæmt öllu því hjer tilfærda getum við ekki álitið þá optnefndu lægð fyrir ofan „stekkina gamlan árfarveg og heldur ekki stekkina sjálfa ødruvísi en skapaða smátt og smátt af sjóarafli og sjóróti og að

[1289] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 157–158, skjal H-12.
[1290] Skjal nr. 2(132).
[1291] Skjal nr. 2(743).
[1292] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1293] Skjal nr. 2(170).
[1294] Skjal nr. 2(916).

> endingu stekkina ekki tilheyrandi Hnífsdal heldur Bakka, þar þeir liggja þvert fyrir Bakkalandi langsmeð sjónum og hamla, ef þeir falla undan Bakka frá að ná að sjó.[1295]

Við manntalsþing að Eyri í Skutulsfirði 31. maí 1864 var þinglesin áreið á land Bakka og Hnífsdals frá 20. maí 1864. Ólafur Halldórsson, eigandi sex hundraða í Hnífsdal, mótmælti áreiðinni.[1296]

Hinn 7. júlí 1876 fóru fram makaskipti hvar Kristján Árnason og Guðmundur Pálsson afhentu tvö hundruð í Búð í Hnífsdal til Kristjáns Kjartanssonar í Búð en fengu á móti tvö hundruð í Fremri-Hnífsdal. Makaskiptabréfið var þinglesið á árinu 1876.[1297]

Hinn 15. desember 1882 fékk Sigríður Kristjánsdóttir fjögur hundruð í Fremri-Hnífsdal við arfskipti eftir Sigríði Kjartansdóttur. Þetta var staðfest með arleiðslubréfi.[1298]

Skýrsla um landamerki jarðarinnar Fremri-Hnífsdals er dagsett 26. maí 1886 en hún var þinglesin við manntalsþing að Hnífdsal 29. maí sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Skýrsla um landamerki á jörðunni Fremri Hnífsdal í Eyrarhrepp, sem er að dýrleika 12 hndr. að f.m. (Samkvæmt lögum 17. Marz 1882).
>
> Landareign hennar er frá Marksgili niður úr Lambaskál miðri og niður í merkjaskurð beint niður í á að norðanverðu árinnar, og svo dalinn fram á fremstu fjallabrúnir niður að Merkjalæk, er liggur niður úr Þórishnúk að vestanverðu heilt niður í Hnífsdalsá.
>
> Fremri Hnífsdal, 26. Maí 1886
>
> Eigendur: Guðmundur Pálsson og Kristján Kjartansson
>
> Þorvarður Sigurðsson, eigandi Bakka
>
> Halldór Jónsson, eigandi Hrauns
>
> Kristjana Kjartansdóttir, eigandi Neðri Hnífsdals[1299]

Við manntalsþing að Hauganesi 4. júní 1910 var þinglesið afsalsbréf frá Elínu Össurardóttur vegna dánarbús manns hennar til eigenda Fremri-Hnífsdals, dagsett 19. desember 1898, fyrir 315 krónur.[1300]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Fremri-Hnífsdals að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 3.600 kr. Eigendur hennar voru Kjartan Guðmundsson og Ingimar Bjarnason.[1301]

Við manntalsþing að Hnífsdal 3. júlí 1922 var þinglesið afsal Jóns Jónssonar fyrir Hnífsdal til Th. S. Kjarvals, dagsett 15. nóvember 1921, fyrir 2.000 krónur. Þá var einnig þinglesið vottorð Kj. B. Guðmundssonar um eignarétt P. Pálssonar á einu og hálfu hundraði að fornu mati í Neðri-Hnífsdal, dagsett 20. desember 1921. Enn fremur var þinglesið vottorð um eignarétt Hj. Guðmundssonar á tveimur hundruðum að fornu

[1295] Skjal nr. 2(625).
[1296] Skjal nr. 2(917).
[1297] Skjal nr. 2(633).
[1298] Skjal nr. 2(634).
[1299] Skjal nr. 2(49).
[1300] Skjal nr. 2(919).
[1301] Skjal nr. 2(214).

mati í sömu jörð, dagsett 20. desember 1921. Loks var þinglesið vottorð um eignarrétt H. Pálssonar á tveimur hundruðum að fornu mati í jörðinni, dagsett sama dag.[1302]

Við manntalsþing að Hnífsdal 27. júní 1936 fékk Páll Pálsson annars vegar bókað að þeir Einar Steindórsson og Valdimar Þorvarðsson hafi ekki haft heimild til að leigja Fiskimálanefnd hluta Páls af lóðarspildu á Völlum á Eyrarhlíð. Hins vegar fengu þeir Einar og Valdimar bókað að þeir teldu sig hafa haft heimild til þess að hagnýtta lóðarspilduna á Eyrarhlíð þar sem Páll hefði áður aukið við tún sitt úr óskiptu beitarlandi.[1303]

5.51 Eyri í Skutulsfirði

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið að Eyri í Skutulsfirði.[1304]

Í máldaga Maríukirkju á Eyri í Skutulsfirði, er Árni biskup Þorlákssson setti um 1286, segir að kirkjan eigi tvo hluti í heimalandi. Enn fremur segir:

> torf skurd af ij lutumm j attfedmmijngi: j tunngu lannd:[1305]

Í máldaga kirkjunnar á Eyri í Skutulsfirði, er Jón biskup Halldórsson setti 1. september 1333, er getið um skilmála milli séra Marteins Þórarinssonar og Jóns Þorvaldssonar á Kirkjubóli um söng, tíundir og lýsitoll.[1306]

Í máldaga Oddgeirs biskups Þorsteinssonar frá um 1367 segir meðal annars um kirkju að Eyri í Skutulsfirði:

> Mariukirkia a Eyre j skutulsfirde. a heimaland alltt kyr xiij og lx asaudar. gelldneyta kugillde. cc voru edur voru vird. pallbord iiij storkerold j jordu.[1307]

Í máldaga Vilchins fyrir Eyrarkirkju í Skutulsfirði frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Mariukirkia a Eyri j Skutilsfirdi oc hins heilaga Jons postula æ heimaland allt.
>
> […]
>
> Skogur j Tungulandi. firir ofann þveræ. torfskurd ij hluter attfedmings.
>
> Almenningsskogur er þorkell prestur gaf slijkt sem Tungv bar vid Kirkiubolsmenn.[1308]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Eyrarkirkju við Skutulsfjörð:

> Kirkian ä Eyre i Skutulzfirdi ä ij jarder. Haffrafell og Selärdal. aff annare .v. ærgilldi. enn annare .x. aurar i landskylld. Skog i Tungudal fyrer offann Thuerä. Torffskurd tueir hluter ättfednings almennings skogar er Thorkell prestur gaff slijktt sem Tungu bar ä motz vid Kirkiubolsmenn.

[1302] Skjal nr. 2(921).
[1303] Skjal nr. 2(910).
[1304] *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 14, skjal nr. 4(157).
[1305] *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 260, skjal nr. 4(174).
[1306] *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 700, skjal nr. 4(175).
[1307] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 228, skjal nr. 4(158).
[1308] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 140–141, skjal nr. 4(176).

> […]
>
> Jtem jardagotz hundrad hundrada og xxvj hundrud betur.[1309]

Í biskupsvísitasíu um Eyrarkirkju við Skutulsfjörð frá 13. ágúst 1639 segir meðal annars:

> Anno 1639 13 Augusti Aa Ejre J Skutulsfyrde Kirkjann a Ejre i Skutulsfyrde sem er Beneficii ä hejmaland allt hun ä og tvær Jarder, sem er haffell viij hndr. ad dÿrlejka og gjelldst aff x aura landskylld. Og Selardalur xij hndr. liggjande i Súgandafyrde sem nu leigest fyrer 80 älner. Jtem ä kirkjann Skog i Tungulande fyrer offan Þuerä. Torfskurd tuejr hluter ättfedmÿngs. Almennÿngsskogur er Þorkell Prestur gaff slykt sem Tungu bar til möts vid kirkjuböls menn.[1310]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Eyri við Skutulsfjörð:

> **Eyre.**
>
> Kirkjustaður og beneficium.
>
> Jarðardýrleiki er óviss, því staðurinn tíundast öngvum, en munnmæli eru að þetta hafi að fornu 24 hndr. jörð kölluð verið.
>
> Ábúandinn staðarhaldarinn Sr. Teitur Pálsson.
>
> […]
>
> Torfrista og stúnga lök. Hrísrif og lýngrif lítið.
>
> Selstöðu á staðurinn í Hafrafells landi. Skóg í Túngulandi á staðurinn fyrir ofan Þverá, hann er nú mjög eyddur og brúkast því lítt. Torfskurð tvo hluti áttfeðmíngs í Túngulandi á staðurinn, hann er nú eyddur og brúkast ei. Svörður brúkast til eldiviðar, sem fæst hjer heima með móskurði af kirkjujörðunni Hafrafelli, sem erfitt er til að sækja.
>
> Engjar hafa spilst af skriðum og grjóthruni og fyrir því eyðilagðar til þriðjúnga. Úthagar eru og mjög víða í hrjóstur komnir fyrir skriðum og grjóthruni.
>
> Rekavon hvals og viða í minna lagi. Selveiði hefur verið mjög lítil.
>
> Vatnsból bregðst í hörðum vetrum, og er þá lángur vatnsvegur í úthaga.
>
> Heimræði er hjer ár um kríng nema á vorin, þá gánga skip staðarhaldarans út á Óshlíð, venjulega fyrir vissan vertoll. Heima gengur hjer eitt skip, sjaldan fleiri, sem staðarhaldarinn á. Inntökuskip 2 hafa hjer verið oftlega á vetur innan úr firðinum, en engin búðarstaða, því að skipverjar sóktu híngað frá heimilum sínum. Vertollur var fyrst einn sá besti fiskur af hverjum róðri, sem á skip kom, síðan var fjórðúngur af hverjum manni, sem á skipunum reri, en síðan bóluna hefur þessi verstaða ekki brúkast.
>
> **Steckianes,** hjáleiga af heimastaðnum, bygð í úthögum hjer um fyrir 12 árum.
>
> Ábúandinn Jón Petursson.
>
> […]
>
> Kostir og ókostir sem áð<ur> segir um heimastaðinn, hvað sem landinu viðvíkur, en af ítökum eður sjáfarhlunnindum hefur hjáleigan ekkert, og ágáng líður hjáleigan með heimastaðnum af búfje nágranna á tvær hendur.[1311]

[1309] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 570, skjal nr. 4(177).
[1310] Skjal nr. 2(273).
[1311] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 159–160, skjal H-12.

Í biskupsvísitasíu um Eyrarkirkju frá 3. september 1749 segir að meðal eigna hennar sé jörðin Fossar, átta hundruð að dýrleika, sem þá sé að nýju komin undir kirkjuna samkvæmt samningi frá 1735.[1312] Sömu upplýsingar kom fram í prófastsvísitasíu frá 12. júní 1773.[1313] Sömu upplýsingar koma fram í prófastsvísitasíu frá 27. júní 1798 og í úttekt frá 12. júlí 1810 en í vísitasíunni segir að kirkjujörðin Fossar hafi spillst verulega af fjallskriðum og vatnságangi.[1314]

Hinn 18. september 1790 fóru fram makaskipti á Skutulsfjarðareyri, eign Eyrarkirkju við Skutulsfjörð, og jörðinni Brekku á Ingjaldssandi, 48 hundruð að dýrleika. Um afmörkum Skutulsfjarðareyrar var farið eftir útmælingu frá árinu 1787. Makaskiptabréfið var upplesið við lögþingsréttinn við Öxará 20. júlí 1791.[1315]

Í prófastsvísitasíu um Eyrarkirkju við Skutulsfjörð frá 1. júní 1795 kemur fram að árið 1790 hafi jörðinni Brekku á Ingjaldssandi verið bætt við prestakallið.[1316]

Hinn 28. febrúar 1799 gaf Ingibjörg Runólfsdóttir systursyni sínum, Runólfi Erlendssyni kapelán í Gufudal, fjögur og hálft hundruð í Eyri í Skutulsfirði. Gjafabréfið var þinglesið í Landsyfirrétti 11. október 1802.[1317]

Hinn 31. júlí 1801 fór fram mæling á afmörkun Ísafjarðarkaupstaðar gagnvart prestssetrinu Eyri við Skutulsfjörð. Mælingin var framkvæmd í samræmi við tilskipun frá 25. ágúst 1799 en tekið var fyrir að mæla pláss sem sýslumaðurinn Jón Arnórsson hafði látið mæla 24. apríl 1787, sem þá var grunnur að viðkomandi kaupstað. Mælt var þvermál svæðsins og reyndist það vera, líkt og við áðurnefnda mælingu árið 1787, 192 álnir að lengd frá suðri til norðurs, þ.e. milli svokallaðar Eyrar og Prestabugtarinnar, en allt svæðið mældist 400.725 ferálnir að stærð.[1318]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Eyrar við Skutulsfjörð metinn 24 hundruð en jörðin var eign Eyrarkirkju. Fram kemur að eyðihjáleigan Stekkjanes sé með í matinu.[1319]

Hinn 22. nóvember 1826 skrifaði sr. Eyjólfur Kolbeinsson á Eyri til biskups um landþrengsli í Skutulsfirði en fjörðurinn væri svo þétt setinn af bæjum að bændur freistuðust til að hagnýta sér land annarra. Þá sagði sr. Eyjólfur að enginn þættist vita um landamerki, einkum milli Eyrar og Hnífsdals. Þá sagði sr. Eyjólfur frá jörðunum Seljalandi og Tungu, en í dal sem tilheyri þeirri síðarnefndu sé skógarpartur kirkjunnar. Um skóginn og yrkingu hans komst sr. Eyjólfur svo að orði:

> Á hina Síduna inn til Fiardarins, er næsta jörd Seljaland, hvar ríger ábúendur eru enn Penings Margar í landkreppu, nema Fialldal uppaf bænum, sem Þar liggur Skáhalt, enn til láglendis er annar dalur Skógi vaxinn annars vegar, sá dalur heyrir til jordunni Tungu

[1312] Skjal nr. 2(274).
[1313] Skjal nr. 2(294).
[1314] Skjal nr. 2(296)–2(297).
[1315] Skjal nr. 2(236)– 2(237). Sjá einnig skjal nr. 4(154), bréf danska rentukammersins til sýslumanns, dags. 25. ágúst 1789, um fyrirhuguð makaskipti.
[1316] Skjal nr. 2(295).
[1317] Skjal nr. 2(635).
[1318] Skjal nr. 2(469).
[1319] Skjal nr. 2(134).

> og heitir Tungu dalur í hönum midium er Kirkiunnar Skógar Partur, sá Skógur nær upp á Nedre brún Seljalandsdals, og þessvegna yrkia Selialands menn hlífdarlaust þann Skóg ad ofanverdu ofann í Hlíd, þar sem mér er þó sagt, að Kirkiann ége allann Skóg í þeim Parti sínum hærra sem lægra.[1320]

Svo kirkjan myndi ekki tapa sínum rétti, óskaði sr. Eyjólfur eftir upplýsingum um landamerki heimalands Eyrar og kirkjueignir.[1321]

Hinn 16. október 1834 fór fram mat á prestssetrinu Eyri í Skutulsfirði. Skoðað var tún jarðarinnar og vatnsáleiðslu. Í fyrstu var kannað 16.530 ferfaðma svæði sem hafði þornað upp, en þar væri skurður sem kæmi í veg fyrir vatnsflóð. Í framhaldinu var heyskapur kannaður og hvernig honum myndi vinda fram með tilliti til búfjárhalds jarðarinnar. Að lokum var kálgarður jarðarinnar kannaður, um 600 ferfaðmar að stærð.[1322]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Eyri í Skutulsfirði metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem beneficium. Þá er Stekkjanes skráð sem hjáleiga. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var hjáleigan talin í eyði. Þar er einnig vísað í neðanmálsgrein fyrir jörðina Brekku á Ingjaldssandi, en þar segir að með konungsúrskurði 22. febrúar 1792 hafi verið makaskipt á jörðunum, s.s. Brekku á Ingjaldssandi fyrir land Eyrarkirkju í Skutulsfirði, það sem Ísafjarðarverslunarstaður standi á.[1323]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Eyri í Skutulsfirði var metin ásamt Stakkanesi á 336 ríkisbankadali.[1324]

Í biskupsvísitasíu um Eyrarkirkju frá 8. júlí 1852 segir frá almenningsskógi sem Þorkell prestur gaf en að enginn viti deili á því ítaki.[1325]

Í úttekt Eyrarkirkju frá 24. júlí 1866 eru upptaldar kirkjujarðir hennar og kúgildi þeirra, Brekka á Ingjaldssandi, Selárdalur, Fossar, Hafrafell og Stakkanes, sem byggt var af heimalandi.[1326]

Hinn 13. mars 1867, á fundi bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, reyndu bæjarstjórn annars vegar og presturinn á Eyri í Skutulsfirði að koma sér saman um landamerki milli kaupstaðarins í Skutulsfirði og prestssetursins Eyrar. Útmælingin frá 31. júlí 1801 var skoðuð og kom mönnum saman um að yfirlíta landamerki sem þar er getið um. Um skoðunina og merkin milli kaupstaðarins og prestssetursins segir eftirfarandi í fundargerð:

> Við mælingu þessa fanst það að þvermál Tangans eptir ámynstu brjefi tekið 1½ Alin inn undir norðvesturhorni Skúrinnar sem byggt er uppad Clausens pakkhúsi við fjørðinn og þvert að pollinum þar sem styzt er yfrum Tangann verður kringum 238 alnir, en sem ekki átti að vera lengri enn 192 álnir. Ennfremur var skoðuð og mæld

[1320] Skjal nr. 2(472).
[1321] Skjal nr. 2(472).
[1322] Skjal nr. 2(928).
[1323] Skjal nr. 4(1), bls. 194, 198.
[1324] Skjal nr. 2(170).
[1325] Skjal nr. 2(275).
[1326] Skjal nr. 2(298).

> vegalengdin frá þessari línu upp þangað sem kirkjan 1801 stóð (í gafl hennar) og sem átti eptir brjefum að vera 496 alnir og fanst sú vegalengd ad stemma í þverlínuna þarsem hún fer frammhjá miðri Skúrinni.
>
> Jafnvel þó að menn kæmust að raun um að flatarmálið á Kaupstaðarlóðinni fyrir neðan þessa línu ekki yrði meira enn 232 000 □ álnir í stað þess það eptir tjeðri mælingu átti að vera 400 725 □ álnir, hver rírnun alveg er óskiljanleg og gagnstæð reynnslu kunnugra og elstu manna hjer í byggðarlaginu, þá af því hin umgetna þverlína á þeim stað sem hið áðurnefnda útmælingarbrjef af 1801 umgetur að myndir takmørkin, kemst næst optnefndu brjefi og hinu forna 192 álna þvermáli var samþykkt af prestinum að Eyri og bæjarstjórn Isafjarðar uppá væntanlegt samþykki viðkomandi æðri yfirvalda: að takmörkin milli kaupstaðarins og Prestsetursins skyldi vera bein lína dregin frá Norðurstrønd Tangans 1½ alin inná útnorðurhorn skúrsins yfirum Tangann niðurað Pollinum og er þeirri hún pollmegin 417 álnir frá landsuðurhorni nyju kirkjunnar[1327]

Hinn 29. nóvember 1866 skrifaði sr. Þórarinn Böðvarsson til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi um þá hugmynd að íbúar verslunarstaðar Skutulsfjarðar fengju prestssetrið Eyri með Stakkanesi til yrkingar og umráða, en þeir hafi fengið Vett nokkurn til að mæla stærð kaupstaðarins. Sr. Þórarinn hafði átt samtal við íbúa staðarins og í framhaldinu farið að kanna landamerkin, en við þá athugun hafi hann komist að því að land sem talið var að heyri kaupstaðnum tilheyri réttilega Eyrarkirkju. Sr. Þórarinn sagði það svæði allt vera milli húsa stórkaupmannsins Clausens og túns prestssetursins.[1328]

Hinn 24. júní 1867 skrifaði sr. Þórarinn Böðvarsson til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi um landamerki milli kaupstaðarins í Skutulsfirði og prestsseturs Eyrar. Í bréfinu segir sr. Þórarinn frá samþykkt um landamerkin sem framkvæmd var 13. mars sama ár, en þar hafi presturinn á Eyri nauðugur skrifað undir samþykktina. Sr. Þórarinn sagði að í samþykktinni væri nokkuð hallað á rétt prestakallsins og vísaði svo í útmælinguna frá 31. júlí 1801. Að mati sr. Þórarins væri ljóst að húsin við syðri bugtina, sem einnig þekktist sem Pollur eða Eyrarbugt, og nyrðri bugtina, þ.e. Prestabugt, séu hin réttu merki. Sr. Þórarinn tilgreindi ýmis önnur atriði í bréfinu þar sem honum fannst að ákvörðuð afmörkun bæjarstjórnar færi á skjön við útmælinguna 1801, en taldi stiftsyfirvöld þurfa að leiða málið til lykta ef þau teldu að merkjalínan ætti að vera ofan eða vestan til við efstu eða vestustu hús Efstakaupstaðar.[1329]

Hinn 20. júní 1871 seldi Árni Böðvarsson prófastur á Eyri og afhenti samkvæmt leyfi konungs, Eyri í Skutulsfirði til bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar. Í afsalsbréfinu segir að með fylgi kirkja og landareign sem lýst er svo:

> frá landamerkjum Hnífsdals ~~að utan~~ inst inná Torfnes fyrir utan Stakkanes með öllum hlunnindum og rjettindum sem tjedri jörðu tilheyrir til lands og sjáfar fjalls og fjöru.[1330]

Hinn 27. febrúar 1872 er af stiftsyfirvöldunum yfir Íslandi bætt við afsalsbréfið nánari útlistun á afmörkun á eigninni gagnvart Stakkanesi:

> Samkvæmt þeim myndugleika sem Stiptsyfirvöldum er ~~gefin~~ veittur með allra hæstum úrskurði af 10. jan. 1871 samþykkist hjermeð framan ritað afsalsbrjef, að því viðbættu,

[1327] Skjal nr. 2(473).
[1328] Skjal nr. 2(475).
[1329] Skjal nr. 2(474).
[1330] Skjal nr. 2(636).

> að takmörkin milli lands þess sem kaupstaðnum er afhendt og Stakkanes eptir samningi þarum milli sóknarprestsins og bæjarstjórnarinnar frá 17. Okt. f.á., er hjermeð af oss samþykkist skuli vera: þar sem vík sú skerst lengst inn í landið innanvert við Torfnes, þaðan beina stefnu til fjalls, eptir jarðgrónum steina eða skriðuhrygg, sem stefnir á þann ynnsta tind Gleiðarhjalla eða þar niðrundan liggjandi skriðu, alt í beina stefnu hvað við annað, og skulu báðir málspartar hlaða 2 landamerkja vörður, sem bæði sýna mörkin og stefnu merkjanna til fjalls.[1331]

Við manntalsþing á Ísafirði 21. október 1872 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 20. júní 1871, þar sem presturinn á Eyri við Skutulsfjörð afsalaði prestssetrinu Eyri til Ísafjarðarkaupstaðar fyrir árlega 150 ríkisdala borgun. Afsalsbréfið var samþykkt af stiftsyfirvöldum Íslands 27. febrúar 1872.[1332]

Hinn 1. ágúst 1896 seldi sr. Þorvaldur Jónsson, með samþykki konungs, hjáleiguna Stakkanes, tilheyrandi Eyrarkirkju eða Eyrarprestakalli, til Ísafjarðarkaupstaðar fyrir 200 kr. árlegu gjaldi til prestakallsins.[1333]

Við aukarétt 5. desember 1908 voru dómkvaddir matsmenn til að meta afgjöld prestsseturs og ítaka er prestur kynni að nota. Fyrir Eyrarprestakall voru kvaddir Árni Sveinsson og Jón P. Gunnarsson, fyrir Ögurþing voru kvaddir Vernharð Einarsson og Einar Þorsteinsson og fyrir Vatnsfjarðarprestakall voru kvaddir Halldór Gunnarsson og Ólafur Jónsson.[1334]

Við manntalsþing Ísafjarðarkaupstaðar 12. júní 1909 var þinglesið erfðafestubréf fyrir túnbletti í Eyrarlandseign handa Eyjólfi Bjarnasyni, dagsett 25. apríl 1899.[1335]

5.51.1 Stakkanes í Skutulsfirði

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 er fjallað um Stakkanes sem hjáleigu frá Eyri við Skutulsfjörð. Þar segir eftirfarandi:

> **Steckianes,** hjáleiga af heimastaðnum, bygð í úthögum hjer um fyrir 12 árum.
>
> Ábúandinn Jón Petursson.
>
> […]
>
> Kostir og ókostir sem áð<ur> segir um heimastaðinn, hvað sem landinu viðvíkur, en af ítökum eður sjáfarhlunnindum hefur hjáleigan ekkert, og ágáng líður hjáleigan með heimastaðnum af búfje nágranna á tvær hendur.[1336]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Eyrar við Skutulsfjörð metinn 24 hundruð en jörðin var eign Eyrarkirkju. Fram kemur að eyðihjáleigan Stekkjanes sé með í matinu.[1337]

[1331] Skjal nr. 2(636).
[1332] Skjal nr. 2(929).
[1333] Skjal nr. 2(239).
[1334] Skjal nr. 2(930).
[1335] Skjal nr. 2(931).
[1336] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 160, skjal H-12.
[1337] Skjal nr. 2(134).

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Eyri í Skutulsfirði var metin ásamt Stakkanesi á 336 ríkisbankadali.[1338]

Með kaupbréfi dagsettu 18. september 1885 seldi Guðmundur Guðmundsson íbúðarhús sitt og meðfylgjandi lóð á Stakkanesi í Skutulsfirði til Halldórs Jónssonar frá Svarthamri í Álftafirði.[1339]

Með kaupbréfi dagsettu 1. ágúst 1896 seldi Þorvaldur Jónsson sóknarprestur í Eyrar- og Hólssóknum, fyrir hönd konungs, eign Eyrarkirkju jörðina Stakkanes í Eyrarsókn til bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar sem keypti fyrir hönd bæjarins. Kaupbréfið var þinglesið 26. júní 1897.[1340]

Við manntalsþing á Ísafirði 29. júní 1903 var þinglesið afsalsbréf, dagsett sama dag, fyrir lóðarbletti á Stakkanesi til Sigurðar A. Kristjánssonar. Kaupverðið var 70 krónur.[1341]

5.52 Seljaland í Skutulsfirði

Hinn 9. apríl 1595 vitnuðu sr. Magnús Jónsson, Halldór Stefánsson og Jón Þormóðsson að þeir hefðu heyrt vitnisburð Guðrúnar Guðmundardóttur um landamerki milli Tungu í Skutulsfirði og Seljalands, landamerki sem maður hennar hafði haldið í 20 ár sem þau bjuggu þar og tengdafaðir hennar þar á undan. Samkvæmt vitnisburðinum lýsti Guðrún merkjunum svo:

> J fyrstu ætti Tunga j myrarseyluna sem er fyrer framan tungardinn ä Selialandi, og sion hending i þa iij. steina sem standa upp j múlanum, hvor upp af odrum. og þegar madur stædi á hladinu i Tungu, hia efri dyrunum, þa ætti Tunga svo langt fram eptter hafn brun, sem sjá mætti mann á hesti.[1342]

Hinn 5. júlí 1672 seldi Páll Torfason, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, Birni Magnússyni sýslumanni hálft Svínavatn, allar jarðirnar Torfastaði og Barkastaði í Svartárdal, hálft Gil í Borgarsveit og hálfa Gaukstaði, 10 hundruð að dýrleika. Hér á móti greiddi Björn Magnússon Arnardalina báða, Tungu í Skutulsfirði, Seljaland í Skutulsfirði og Kleifar í Skötufirði, sex hundruð að dýrleika.[1343]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Seljaland í Skutulsfirði:

> **Selialand.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn Páll Thorfason að Núpi í Dýrafirði.
>
> Ábúendur Bjarni Eyjólfsson á vii hndr., Hallur Brandsson á v hndr.
>
> […]

[1338] Skjal nr. 2(170).
[1339] Skjal nr. 2(637).
[1340] Skjal nr. 2(586).
[1341] Skjal nr. 2(721).
[1342] Skjal nr. 2(71).
[1343] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 168, skjal H-22.

> Skógur til kolgjörðar og eldiviðar ennþá bjarglegur. Grasastekja lítil. Torfrista og stúnga engin nýtandi, en verður þó að brúkast.
>
> Túnið hefur spilst af Seljalandsá, sem borið hefur á það grjót og gjört sjer gegnum það farveg. Engjar hafa spilst stórlega af skriðum, sem að enn nú áeykst árlega meir og meir. Landið er bæði lítið og hrjóstrugt, og gengur búfje mjög upp á nágrönnum en geldst þó ei beitartollur. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir Seljalandsá í vatnagángi þó að því hafi ekki híngað til stórskaði orðið.
>
> Heimræði er hjer á sumur og haust en sjaldan á öðrum tímum ársins til gagnsmuna, og gánga þá annarsstaðar skip heimamanna, annaðhvört á Eyri eður annarsstaðar þar sem þeir fá því fyrirkomið.[1344]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Seljalands í Skutulsfirði metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var ekkjan Ellen Jónsdóttir á Meiri-Hlíð.[1345]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 13. júlí 1818 var haldið uppboð á sex hundruðum í Seljalandi og þau slegin hæstbjóðanda Hinrik Sigurðssyni ábúanda á Seljalandi fyrir 20 lýsistunnur og tvo potta.[1346]

Við manntalsþing að Eyri 2. ágúst 1822 var þinglesið kaupbréf Helgu Árnadóttur fyrir þremur hundruðum í Seljalandi til Hinriks Sigurðssonar, fyrir 60 spesíur.[1347]

Hinn 22. nóvember 1826 skrifaði sr. Eyjólfur Kolbeinsson á Eyri til biskups um landþrengsli í Skutulsfirði en fjörðurinn væri svo þétt setinn af bæjum að bændur freistuðust til að hagnýta sér land annarra. Þá sagði sr. Eyjólfur að enginn þættist vita um landamerki, einkum milli Eyrar og Hnífsdals. Þá sagði sr. Eyjólfur frá jörðunum Seljalandi og Tungu, en í dal sem tilheyrði þeirri síðarnefndu væri skógarpartur kirkjunnar.[1348]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Seljaland í Skutulsfirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[1349]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Seljaland:

> 4. Seljaland: tún gott og vel ræktad med gardi og sljettunum bæta jórd þessa svo ad hún nú náir meira enn medaltali og má ná ef vanhirdíng spillir ekki, en eigi má þar telja adra kosti[1350]
>
> […]
>
> Þrætuland þad sem matid er milli Seljalands og Túngu, nær frá Seljalandstúni og til Kornustadaár.[1351]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 408 ríkisbankadali. Vegna þrætulands milli Seljalands og Tungu var 30 ríkisbankadölum bætt við mat

[1344] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 160–161, skjal H-12.
[1345] Skjal nr. 2(135).
[1346] Skjal nr. 2(934).
[1347] Skjal nr. 2(746).
[1348] Skjal nr. 2(472).
[1349] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1350] Skjal nr. 2(158).
[1351] Skjal nr. 2(159).

Seljalands.[1352] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Seljalandi breytt í 384 ríkisbankadali.[1353]

Hinn 10. febrúar 1862 ánafnaði Málfríður Jónsdóttir á Seljalandi börnum sínum jarðarhluta eftir sinn dag með eftirfarandi hætti: Hinriki Sigurðssyni átta hundruð í Seljalandi, Guðrúnu Sigurðardóttur átta hundruð í Kvíanesi, Guðbjörgu Sigurðardóttur fimm hundruð í Ytri-Lambadal og þrjú hundruð í Ytri-Veðrará, Margréti Sigurðardóttur fimm hundruð í Ytri-Lambadal og þrjú hundruð í Ytri-Veðrará og Kristínu Sigurðardóttur sjö hundruð í Innri-Veðrará. Arfleiðslubréfið var þinglesið við manntalsþing 27. júní, 19., 21. og 23 júlí sama ár.[1354]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 27. júní 1862 var þinglesið testimenti ekkjunnar Málfríðar Jónsdóttur, dagsett 10. febrúar 1862, þar sem hún arfleiddi Hinrik Sigurðsson borgara að átta hundruðum úr Seljalandi.[1355]

Landamerkjabréf jarðarinnar Seljalands er dagsett 7. júní og 11. júlí 1884 en það var þinglesið við manntalsþing í Hnífsdal 14. júlí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerkjabréf fyrir jörðunni Seljalandi í Eyrarhreppi.
>
> Landamerki milli Seljalands og Tungu eru af undirskrifuðum samþykkt þannig: Um 60 faðma frá Seljalandstúngarði rennur lítill lækur niður í Langá (það er þvermerki), við upptök hans er varða, klappað á L.M., upp af henni er stór steinn í múlanum, klappað á L.M. Frá þessum steini skal ríðandi maður fara eptir brúninni fram að Bunuá, og skal hann alltaf sjá á elzta Tungubæ (samanber Langa í krókum). Eptir það skiptir Bunuá londum til fjalls.
>
> Seljalandi, 7. Júní 1884
>
> Halldór Halldórsson fyrir hönd M. Jochumssonar, eiganda Seljalands.
>
> Helgi Sölfason, eigandi Tungu.
>
> Jón Jónsson, fyrir hönd Jens Guðmundssonar á Brekku.
>
> Fyrir hönd kirkjunnar: Þorvaldur Jónsson Þorvarður Sigurðsson. Guðmundur Sveinsson.
>
> Landamerki milli Seljalands og Stakkaness eru: Næsti lækur við Grænagarð allt til sjóar, og er honum sleppir hið svonefnda Merkjagil allt til fjalls.
>
> Ísafirði, 11. Júlí 1884.
>
> Fyrir hönd kirkjunnar: Þorvaldur Jónsson
>
> - - - - - - - - M. Jochumssonar H. Halldórsson ábúandi.[1356]

Með kaupbréfi dagsettu 19. október 1896 seldi Magnús Jochumsson kaupmaður á Ísafirði jörðina Seljaland í Eyrarhreppi til bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar. Kaupbréfið var þinglesið 26. júní 1897.[1357]

[1352] Skjal nr. 2(170).
[1353] Skjal nr. 2(165).
[1354] Skjöl nr. 2(501) og 2(946).
[1355] Skjal nr. 2(935).
[1356] Skjal nr. 2(54).
[1357] Skjal nr. 2(639).

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Seljalands í Skutulsfirði að þau hafi verið þinglesin. Jörðin var metin á 12.000 kr. Eigandi hennar var Ísafjarðarkaupstaður. Þá segir að jörðin sé áföst við bæjarland Ísafjarðarkaupstaðar.[1358]

5.53 Tunga í Skutulsfirði

Hinn 30. nóvember 1505 vitnaði Guðmundur Auðunarson um að Kirkjubólsmenn í Skutulsfirði hefðu notað Tunguskóg í Botnsdal til kolagjörðar og skógarhöggs sem var eign kirkjunnar eða jarðarinnar.[1359]

Hinn 27. mars 1508 vitnaði Þorlákur Auðunarson um eignarhald Kirkjubólskirkju á skóginum í Botnsdal í Tungulandi í Skutulsfirði með eftirfarandi afmörkun:

> millum goto þeirrar sem fram ligr med þeirre æ sem framan rennr epter bozdal og svo fyrir framan sialfa kringlumẏre. stodo þar þa merkebiarker. og suo a lagan hialla up under hlidinne. la þæa gata framarliga vm þann hialla heim med hlidinne fyrir ofan huita riodr og suo heim j petursriodr og þar þuert ofan huita riodr og suo heim j petursriodur og þar þuert ofan at tungusele[1360]

Hinn 3. apríl 1508 vitnaði sr. Guðmundur Ólafsson um að Þorlákur Auðunarson hefði selt sér jörðina Tungu í Skutulsfirði með þeim ítökum sem Kirkjuból átti í skóg sem þar var eða eins og lýst er í skjalinu:

> liggur fram med þeirre æ sem framan rennur epter bozdal og so fyrir framan kringlumyri og so ä hialla þann er liggur vpp med hlijdinne og j gǫtur þær er liggia med hlijdinne fyrir ofan huijtariodur og suo heim j peturzriodur og þar þüert ofan ad tungüseli.[1361]

Guðmundur seldi svo Tumasi Jónssyni jörðina Tungu að fráskildum skógarparti Kirkjubóls.[1362]

Hinn 9. apríl 1595 vitnuðu sr. Magnús Jónsson, Halldór Stefánsson og Jón Þormóðsson að þeir hefðu heyrt vitnisburð Guðrúnar Guðmundardóttur um landamerki milli Tungu í Skutulsfirði og Seljalands, landamerki sem maður hennar hafði haldið í 20 ár sem þau bjuggu þar og tengdafaðir hennar þar á undan. Samkvæmt vitnisburðinum lýsti Guðrún merkjunum svo:

> J fyrstu ætti Tunga j myrarseyluna sem er fyrer framan tungardinn ä Selialandi, og sion hending i þa iij. steina sem standa upp j múlanum, hvor upp af odrum. og þegar madur stædi á hladinu i Tungu, hia efri dyrunum, þa ætti Tunga svo langt fram eptter hafn brun, sem sjá mætti mann á hesti.[1363]

Í skjalabók Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmis eru færð inn afrit af vitnisburðum um skógarítak Kirkjubóls í landi Tungu í Skutulsfirði. Vitnisburðir eru fimm talsins, frá árunum 1505, 1508 og 1597, en í þeim segir:

1358 Skjal nr. 2(218).
1359 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 806, skjal nr. 4(210).
1360 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 198–199, skjal nr. 4(211).
1361 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 200–201, skjal nr. 4(212).
1362 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 200–201, skjal nr. 4(212).
1363 Skjal nr. 2(71).

Svofelldann vittnessburd ber eg þorlakur audunarson, ad Skögur Sä Sem liggur i Botzdal i Tungu Jórd sem sem liggur j Skutuls fÿrde j Eÿrar kÿrkjusökn var halldinn fullkomleg eign kjrkjubölz, millum götu þejrrar, sem frammliggur […] Med þeirre ä, sem framann rennur effter Botnzdal, og so fyrer framan Siälfa krÿnglumÿre, Stödu þar þä merke biarker og svo ä lägann hialla vpp vnder hlÿdinne, lä þä gata framarlega, vmm þann hialla, hejm med hlÿdinne fyrer ofann hnÿta Riödur, og Svo hejm i Peturs riödur, og þar þvert ofann ad tungusele, sagde mier mödur mÿn Valgierdur Sigmundar döttur, ad audunn grÿmsson fader minn, hefde ridid ä þennann Skög, og Sagt Sr Jngemunde Borgarsÿne, og Jöne Sigmundssine brödur Sÿnum, og Sier, þesse Ørnefne, og Skogareign kirkjuboolz, og bad hana ad Sejgia Sonum Synum, ad þennan Skög ættu kirkjubols menn j tungu Jórd, ätte fÿrsagdur audun þä tungu, ätta eg Jórdina tungu xl vetur, og hejrda eg alldre þar tvÿmæle ä, og alldre annad enn kirkjubol ætte þennann skög[1364]

[…]

Suofelldann vitnissburd, ber eg Gudmundur prestur ölafsson ad þorlakur audunnarson Sellde mier Jórdina tungu, er liggur i Skutulsfÿrde, j Eÿrar kÿrkiusokn, til fullrar eignar med þessum itókum, ad kikiuböl ætte Skög þann er liggur framm med þeirre ä, sem framan rennur effter botnsdal, og So fyrer framan krÿnglumÿre, og So a hialla þann er liggur vpp med hlÿdinne, og j [g]ótur þær ed liggia med hlÿdinne, fÿrer ofann hnÿta riödur, [og] So hejm i Peturs riódur, og þvert ofann ad tungusele, […] So fellda eg fÿrrnefndur, gudmundur öläfsson, Jórdina [Tun]gu i Skutuls fÿrde Tumäse Jönssÿne ad fraskilldum [Tun]gu parte kirkjuböls, og So hiellt fÿrrnefndur Tumas J. S. [þennan skog] fullkomlega eign kirkiuböls þä hann bio ä kirkiuböle enn eg i tungu, og alldrei heirda eg fÿrrnefndur gudmundur ölafsson, vppa xx vetur edur leingur, þad tvÿmæliss orka, annad enn þesse skögur være fullkomleg eign kirkiubools

[…]

Þad gióre eg gudmundur audunarson, gödum mónnum viturlegt, med þessu mÿnu opnu briefe, ad eg medkiennunst, ad eg hefe vistfastur vered, vngur og gamall hiä faudur mÿnum, og Minna Vegna Siälfs i tungu i Skutulzf. So og medkiennunst eg, ad eg vissa kirkjuboolzmenn, hafa og hallda kÿrkiunnar eign, eda Jardarinnar, þar kolagiórd og Skögar hógg, Sem þeir villdu, i tungu skög, i Botnzdal, framm frä Eÿrar skögie, og alldrei hefe eg hier nockud tuÿmæle äheÿrt[1365]

[…]

Þad medkienne eg Biarne Gunnarson fÿrer eynum og Sier hvórium, sem þetta mitt medkiennÿngarbrief siä edur heÿra, ad eg, frä þuj fÿrst kunne ad skÿnia, og þar til eg var xviij vetra gamall, Var eg vistfastur j tungu i Skutuls fÿrde, og visse alldrei nie heird[e] nockur tvÿmæle äleÿka, ad kÿrkiubool i sómu svei[t j] Skutulsfÿrde, ætte ecke allann Skog, frä Peturs [Riödre] sem er vppfra tungu sele, og framm i krÿnglu Mÿ[re] So heÿrda eg ódrum Mónnum bannad, ad hóggva þennann Skög frá tungu, og hier effter vil eg Sveria, ef þurfa þiker.

[…]

Þad Med kiennum vier effter skrifader menn, öläfur þördarson, og Eÿrikur Jönsson, ad vid vorum stadder med ódrum gödum mónnum, i Skögenum fyrer framan tungu, i Skutuls fÿrde og var ockur Sagt til þejrra Ørnefna, Jnnann hvórra ad kjrkjuböl j Sómu Sveit, ætte shög i tungu lande, heirdum vid PieturzRiödur nefndt, fÿrer ofann tungusel, j hvóriu ad stæde eirn stejrn, kalladur grästeirn, fyrer vtann gilid, og krÿnglumÿre, sem er þar fyrer framan, So og heirdum vid Biórn Gunnarz Son, þuj lÿsa fÿrer ockur, ad þä

[1364] Skjal nr. 2(301).
[1365] Skjal nr. 2(302).

> hann var vppvaxande og fullordinn madur ä kÿrkiubole, ad greindur skögur hafe höggvinn vered, frä kjrkjuböle[1366]

Hinn 15. apríl 1618 meðkenndi Þorsteinn prestur Jónsson að hann hefði selt Ara bónda Magnússyni Neðri-Hnífsdal, 24 hundruð að dýrleika. Vald og ofsókn var um þessa jörð að mati Þorsteins. Ari skyldi á móti gefa jörðina Hlíð í Álftafirði, 18 hundruð að dýrleika og Sæból í Aðalvík, 16 hundruð að dýrleika, eða önnur 16 hundruð í Tungu í Skutulsfirði, ef Sæból fengist ekki.[1367]

Hinn 3. maí 1622 seldi sr. Þorsteinn Jónsson Ara Magnússyni föðurleifð sína, hálfan Hnífsdal, 12 hundruð að dýrleika. Einnig seldi sr. Þorsteinn hálfan Hnífsdal sem bróðir hans Tumas hafði erft eftir föður sinn og fengið Þorsteini til eignar með þeim skilyrðum að hálflendan gengi ekki af honum með lögum. Á móti gaf Ari sr. Þorsteini Hlíð í Álftafirði, 18 hundruð að dýrleika, fyrir hlut sr. Þorsteins í Hnífsdal en 16 hundruð í Tungu í Skutulsfirði fyrir hlutinn sem Tumas fékk sr. Þorsteini bróður sínum.[1368]

Hinn 5. júlí 1672 seldi Páll Torfason, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, Birni Magnússyni sýslumanni hálft Svínavatn, allar jarðirnar Torfastaði og Barkastaði í Svartárdal, hálft Gil í Borgarsveit og hálfa Gaukstaði, 10 hundruð að dýrleika. Hér á móti greiddi Björn Magnússon Arnardalina báða, Tungu í Skutulsfirði, Seljaland í Skutulsfirði og Kleifar í Skötufirði, sex hundruð að dýrleika.[1369]

Hinn 24. febrúar 1696 seldi sr. Bjarni Brynjólfsson, svo fremi sem Arnþór Brynjólfsson bróðir hans samþykkti, Páli Torfasyni sýslumanni 11 hundruð í Breiðabóli af 12 hundruðum. Þar á móti galt Páll 12 hundruð í Tungu í Skutulsfirði.[1370]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Tungu í Skutulsfirði:

> **Tunga.**
>
> Hjer hefur verið bænhús.
>
> Jarðardýrleiki xxiiii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn Páll Thorfason áðurnefndur.
>
> Ábúendur Þorlákur Jónsson á x hndr., Snæbjörn Bjarnason á vii hndr., Sigurður Egilsson á vii hndr.
>
> […]
>
> Skógur til kolgjörðar og eldiviðar nægur. Torfrista og stúnga engin nýtileg. Grasatekja lítil, valla teljandi.
>
> Engið hefur fordjarfað Túnguá með grjóts og sands áburði til stórskaða. Hætt er kvikfje fyrir Túngá og Úlfsá, sem oft verður mein að.
>
> **Kornastader.** Fornt eyðiból hjer í landinu, og sjást hjer ljós byggíngamerki af tóftarústum og túngarðsleifum, en ekki vita menn annað til þess að hjer hafi bygð verið,

[1366] Skjal nr. 2(301).
[1367] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 159, skjal H-22.
[1368] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 160, skjal H-22.
[1369] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 168, skjal H-22.
[1370] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 176–177, skjal H-22.

> en hvað sýnilegt er á þessum byggíngaleifum og líklegt er af nafninu sjálfu. Ekki má hjer aftur byggja því heimajörðin má ekki heyskaparins án vera.[1371]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Tungu í Skutulsfirði metinn 24 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Thorlacius kaupmaður á Bíldudal, Páll Halldórsson á Neðri-Arnardal og Jón Þorvaldsson á Eyri. Meðfylgjandi í matinu var eyðihjáleigan Kornastaðir.[1372]

Við manntalsþing að Eyri 2. ágúst 1822 var þinglesið kaupbréf C. Orm, dagsett 20. ágúst 1821, þar sem hann seldi Hinrik Sigurðssyni á Seljalandi sex hundruð í jörðinni Tungu í Skutulsfirði fyrir 360 ríkisbankadali.[1373]

Hinn 22. nóvember 1826 skrifaði sr. Eyjólfur Kolbeinsson á Eyri til biskups um landþrengsli í Skutulsfirði en fjörðurinn væri svo þétt setinn af bæjum að bændur freistuðust til að hagnýta sér land annarra. Þá sagði sr. Eyjólfur að enginn þættist vita um landamerki, einkum milli Eyrar og Hnífsdals. Þá sagði sr. Eyjólfur frá jörðunum Seljalandi og Tungu, en í dal sem tilheyrði þeirri síðarnefndu væri skógarpartur kirkjunnar. Um skóginn og yrkingu hans komst sr. Eyjólfur svo að orði:

> Á hina Síduna inn til Fiardarins, er næsta jörd Seljaland, hvar ríger ábúendur eru enn Penings Margar í landkreppu, nema Fialldal uppaf bænum, sem Þar liggur Skáhalt, enn til láglendis er annar dalur Skógi vaxinn annars vegar, sá dalur heyrir til jordunni Tungu og heitir Tungu dalur í hönum midium er Kirkiunnar Skógar Partur, sá Skógur nær upp á Nedre brún Seljalandsdals, og þessvegna yrkia Selialands menn hlífdarlaust þann Skóg ad ofanverdu ofann í Hlíd, þar sem mér er þó sagt, að Kirkiann ége allann Skóg í þeim Parti sínum hærra sem lægra.[1374]

Svo kirkjan myndi ekki tapa sínum rétti, óskaði sr. Eyjólfur eftir upplýsingum um landamerki heimalands Eyrar og kirkjueignir.[1375]

Við manntalsþing að Ögri 12. júlí 1830 var þinglesið afsal, dagsett 18. júní sama ár, þar sem Kristján Guðmundsson í Vigur seldi eitt hundrað og 96 álnir í Tungu í Skutulsfirði, vegna myndlings hans Kristínar Pálsdóttur á Arnardal, til Sigurðar Hinrikssonar á Seljalandi fyrir 27 danskar spesíur.[1376]

Við manntalsþing að Súðavík 2. júlí 1831 var þinglesið kaupbréf þar sem Ólafur Thorlacius seldi 12 hundruð í Tungu fyrir 200 spesíur til Magnúsar Jónssonar. Kaupbréfið var dagsett 13. desember 1830.[1377]

Með yfirlýsingu, dagsettri 4. júní 1836, fór Guðmundar Pálssonar fram á að innleysa til sín fjögur hundruð og 24 álnir úr Tungu sem seld höfðu verið Sigurði Hinrikssyni á Seljalandi án sinnar vitundar. Umræddur jarðarpartur hafði verið arfhluti úr dánarbúi Páls Halldórssonar föður Guðmundar, en hann hafði fallið til systra hans, Sigríðar,

[1371] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 161–162, skjal H-12.
[1372] Skjal nr. 2(136).
[1373] Skjal nr. 2(746).
[1374] Skjal nr. 2(472).
[1375] Skjal nr. 2(472).
[1376] Skjal nr. 2(750).
[1377] Skjal nr. 2(752).

Ingibjargar og Kristínar, við skiptin árið 1829. Yfirlýsingin var þinglesin 4. júní 1836.[1378]

Við manntalsþing að Eyri í Skutulsfirði 4. júní 1836 var upplesin auglýsing bóndans Guðmundar Pálssonar á Arnardal þar sem hann lýsti því yfir að hann hefði á manntalsþingi 1834 lýst yfir brigðum á fjórum hundruðum og 24 álnum í Tungu, en hundruðin hafi verið seld án vitneskju hans til Sigurðar Hinrikssonar á Seljalandi fyrir 66 spesíur og 2 rigsort.[1379]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Tunga í Skutulsfirði metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var eyðihjáleigan Kornastaðir talin hér með.[1380]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Tungu:

> 5. Túnga: vídlendi til beitar og móskurdur nægur til fjalla bæta einkum þessa jórdu.[1381]
>
> […]
>
> Þrætuland þad sem matid er milli Seljalands og Túngu, nær frá Seljalandstúni og til Kornustadaár.[1382]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 816 ríkisbankadali. Vegna þrætulands milli Tungu og Seljalands var 24 ríkisbankadölum bætt við mat Tungu.[1383] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Tungu breytt í 768 ríkisbankadali.[1384]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 19. maí 1857 var þinglesið umráðabréf Magnúsar Jónssonar á Arngerðareyri, dagsett 8. febrúar 1857, til A. A. Johnsens borgara fyrir 12 hundruðum í Tungu í Skutulsfirði um leið og hann með sama bréfi gaf dótturbörnum sínum, Magnúsi og Sigríði, börnum sr. Arnórs Jónssonar í Vatnsfirði, sex hundruð í sömu jörð. P. Guðmundsen faktor lagði fram skrifleg mótmæli, skrifuð í dag, gegn áðurnefndum umráðum og kvaðst halda sér til umráða eftir bréfi því er Magnús Jónsson hafði gefið sér yfir téðri jörð Tungu, dagsettu 18. júlí 1853. A. A. Johnsen svaraði þessu að hann héldi sér til áðurnefnds bréfs Magnúsar.[1385]

Með kaupbréfi dagsettu 28. júlí 1863 seldi Friðrik Verner Gíslason tvö hundruð í Tungu í Skutulsfirði til Helga Sölvasonar bónda í Tungu. Kaupbréfið var þinglesið 22. júlí 1864.[1386]

[1378] Skjal nr. 2(640).
[1379] Skjal nr. 2(936).
[1380] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1381] Skjal nr. 2(158).
[1382] Skjal nr. 2(159).
[1383] Skjal nr. 2(170).
[1384] Skjal nr. 2(165).
[1385] Skjal nr. 2(916).
[1386] Skjal nr. 2(641).

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 22. júlí 1865 var þinglesið kaupbréf Helga Sölvasonar í Tungu, dagsett 28. júlí 1863, fyrir tveimur hundruðum úr Tungu, með bæjarhúsum, fyrir 226 ríkisdali.[1387]

Með ódagsettu makaskiptabréfi skiptu Ólína Kristín Þorsteinsdóttir og Magnús Arnórsson á Neðri-Bakka í Langadal á sex hundruðum í Tungu fyrir Dalamynni, sem Ólína afhenti Magnúsi, og sex hundruðum í Tungu í Skutulsfirði, sem Magnús afhenti Ólínu. Makaskiptabréfið var þinglesið 3. ágúst 1870.[1388]

Hinn 27. mars 1875 seldi Magnús Jochumsen á Ísafirði sjö hundruð í Tungu í Skutulsfirði til Jóns Halldórssonar hreppstjóra á Kirkjubóli. Afsalsbréfið var þinglesið 4. september sama ár.[1389]

Hinn 8. janúar 1879 makaskiptu sr. Árni Böðvarsson á Eyri við Skutulsfjörð og Jón Halldórsson, hreppstjóri í Eyrarhreppi, jörðunum Fossum, 5,5, hundruð að dýrleika, og 7,36 hundruðum í Tungu. Makaskiptabréfið var samþykkt af Stifsyfirvöldunum yfir Íslandi 4. mars 1879 og þinglesið við manntalsþing Eyrarhrepps 23. júní 1880.[1390]

Með kaupbréfi dagsettu 20. ágúst 1892 seldu Guðmundur Sveinsson, Sigurður Sveinsson, Guðmundur Oddsson og Sigurður Þorvarðsson þrjú hundruð að fornu mati í Tungu í Skutulsfirði til Vilhjálms P. Pálssonar. Kaupbréfið var þinglesið 30. júní 1893.[1391]

Með kaupbréfi dagsettu 6. júní 1895 seldi Helgi Sölvason í Tungu í Skutulsfirði tvö hundruð að fornu mati í Tungu í Skutulsfirði til Páls Halldórssonar skipherra og Halldórs Ágúst Halldórssonar á Ísafirði. Kaupbréfið var þinglesið 6. júlí 1898.[1392]

Með kaupbréfi dagsettu 5. ágúst 1896 seldi Guðmundur Jónsson bóndi í Stóra-Laugardal í Tálknafirði sex hundruð að fornu mati í Tungu í Skutulsfirði til Guðmundar Oddssonar bónda á Hafrafelli. Kaupbréfið var þinglesið 26. júní 1897.[1393]

Hinn 7. júní 1902 byggði Jón Halldórsson á Kirkjubóli syni sínum Páli H. Jónssyni á Kirkjubóli jörðina Kirkjuból í Skutulsfirði, tuttugu hundruð og 40 álnir að dýrleika, en með fylgdu skógarítök í Tunguskógi í Skutulsfirði og slægjulandið Breiðamýri í Fossalandareign. Byggingarbréfið var þinglesið 29. júní 1903.[1394]

Hinn 12. október 1903 seldi Kristjana Elíasardóttir ekkjufrú á Ísafirði tvö hundruð að fornu mati í Tungu í Eyrarhreppi til Jóns Ólafssonar bónda í Tungu. Afsalsbréfið var þinglesið 23. júlí 1904.[1395]

[1387] Skjal nr. 2(937).
[1388] Skjal nr. 2(642).
[1389] Skjal nr. 2(643).
[1390] Skjöl nr. 2(238) og 2(644).
[1391] Skjal nr. 2(645).
[1392] Skjal nr. 2(647).
[1393] Skjal nr. 2(646).
[1394] Skjal nr. 2(674).
[1395] Skjal nr. 2(648).

Við manntalsþing að Hauganesi 23. júlí 1904 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 12. október 1903, fyrir tveimur hundruðum í Tungu, með timburhúsi og fleiru. Kaupverðið var 1.500 krónur. Seljandi var Kristjána Ólafsdóttir en kaupandi Jón Ólafsson.[1396]

Við manntalsþing að Hauganesi 4. júní 1910 voru þinglesin vottorð þeirra Jóns Halldórssonar, Guðmundar Sveinssonar, Péturs Oddssonar og Jóns Halldórssonar um landamerki kirkjuskógsins í Tungulandi.[1397]

Landamerkjabréf jarðarinnar Tungu í Skutulsfirði er ódagsett en er líklega frá árinu 1909. Á skjalið eru skráð vottorð manna, dagsett 26. apríl 1909, 26. júlí 1909, 14. ágúst 1909 og 23. september 1909, meðal annars um landamerki svonefnds Kirkjuskógs í landi Tungu. Landamerkjabréfið var innkomið til þinglesturs 4. júní 1910. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki jarðarinnar Tungu við Skutulsfjörð eru: Að innanverðu milli Tungu og Hafrafells ræður Úlfsá landamerkjum frá fjöru til Fjalls. Að utanverðu milli Tungu og Seljalands eru þessi landamerki:
>
> Um 60 faðma frá Seljalandstungarði rennur lítill lækur niður í Langa (það eru þvermerki) við upptok hans er varða, klappað á L.M. upp af henni er stór steinn í Mulanum klappað á LM. Frá þessum steini skal ríðandi maður fara eftir brúninni fram að Bunná og skal hann altaf sjá elsta Tungubæ (samanber Langa í Króknum) eftir það skiptir Búná löndum til fjalls.
>
> Landamerki hins svonefnda Kirkjuskógs innan Tungulands sem eru eign Eyrar og Hólsprestakalls eru að utanverðu Bunná að innanverðu Selskriða.
>
> fyrir hönd Eyrar og Holsprestakalls
>
> Þorvaldur Jonsson sóknarprestur
>
> Ég undirritaður sem hefi lengi átt heimili í Tungu við Skutulsfjörð og átt morg ár nokkurn hluta af henni votta hérmeð, að eg hefi frá fyrsta alltaf heyrt langamerki hins svonefnda Kirkjuskógs, sem er eign Eyrar og Holsprestakalls og liggur innan landamerkja nefndrar jarðar Tungu væru talin þessi: Að utanverðu Bunná að innanverðu svonefnd Selskriða allt svæðið frá fjallsbrún niður á láglendi.
>
> Þessu til staðfestu nafn mitt Naustum 26. Julí 1909
>
> Vottar. Jón Halldórsson fyrv. hreppstjori handsalað.
>
> Jón Halldórsson yngri
>
> Jón Jónsson
>
> Eg undirskrifaður sem lengi hefi verið bondi á Tungu votta hérmeð að framangreind landamerki Kirkjuskogsins hafa jafnan verið talin þessi sem að ofan eru greind.
>
> Naustum 26 Julí 1909
>
> Jón Jonsson
>
> Hérmeð votta eg undirskrifaður sem er fæddur og uppalinn í Skutulsfirði, að eg hefi alltaf heyrt að landamerki hins svonefnda Kirkjuskogs innan Tungulands í Skutulsfirði væru að utanverðu Bunná að innanverðu svonefnd Selskriða.
>
> Ísafirði 14. agust 1909
>
> Jon Halldorsson

[1396] Skjal nr. 2(938).
[1397] Skjal nr. 2(919).

> Eg undirritaður Guðm. Sveinsson kaupm. Hnífsdal, sem er uppalinn í Tungu og Hafrafelli votta hérmeð, að ég hefi ekki heyrt annars getið en að landamerki svonefnds Kirkjuskógs væru, að utanverðu Bunná að innanverðu Selskriða.
>
> Hnífsdal 26 apríl 1909
>
> Guðm. Sveinsson
>
> Eg undirritaður sem er uppalinn á Hafrafelli hefi ekki heyrt annars getið en þau landamerki sem að ofan er getið seu rétt
>
> Bolungavík 23/9 1909
>
> Pétur Oddson
>
> Rétt Eptirrit staðfestir
>
> Magnús Torfason[1398]

Dagsetning þinglesturs skjalsins er á nokkru reiki miðað við hvaða upplýsingar eru skráðar á það. Á spássíu er dagsetningin skráð sem „6-4 09“ en ekkert manntalsþing fór fram hjá sýslumannsembætti Ísafjarðarsýslu 6. apríl 1909. Hinn 4. júní 1909 fór hins vegar fram manntalsþing Eyrarhrepps en engar upplýsingar eru þar skráðar um þinglestur á landamerkjabréfi Tungu. Líklegra er að skjalið hafi verið þinglesið við manntalsþing Eyrarhrepps 4. júní 1910. Röð landamerkjabréfa í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu, eins og þau eru færð inn í tímaröð eftir þinglestur, styrkir sömuleiðis þá ályktun. Í landamerkjabók sýslunnar yfir landamerkjabréf sem þinglesin voru á þessum árum er fært inn landamerkjabréf Minni-Bakka, innkomið eftir að manntalsþinginu 4. júní 1909 er lokið. Í framhaldinu er færður inn texti áðurnefnds landamerkjabréfs Tungu, þ.e. innkomið 4. júní 1910. Við manntalsþing að Hauganesi 4. júní 1910 voru þinglesin vottorð þeirra Jóns Halldórssonar, Guðmundar Sveinssonar, Péturs Oddssonar og Jóns Halldórssonar um landamerki kirkjuskógsins í Tungulandi, að öllum líkindum þeir sömu og koma fram í landamerkjabók með lýsingu landamerkja Tungu.[1399]

Hinn 7. júní 1910 lýstu eigendur jarðarinnar Tungu í Skutulsfirði yfir mótmælum um að Eyrarkirkja í Skutulsfirði ætti skóg samkvæmt eignarskjali sem þinglesið var við manntalsþing 4. júní sama ár, en samkvæmt því næði skógarítakið frá Brunná og fram að Selskriðu. Í yfirlýsingu sinni sögðu eigendur Tungu eftirfarandi:

> Við höfum heyrt að kirkjan ætti rima í skóginum, sem nær frá Bunná að svonefndu Volabergi, og viljum við aðeins viðurkenna rima þenna, sem eign kirkjunnar, geti hún sýnt skilríki fyrir eignarrétti sínum.
>
> Gjört á Ísafirði 7. júní 1910
>
> Ólöf Sveinsdóttir Vilhjálmur Pálsson Rósmundur Jónsson.
>
> Vitundarvottar: Ólafur Jónsson F. Thordarsen[1400]

[1398] Skjal nr. 2(1032).
[1399] Skjal nr. 2(919).
[1400] Skjal nr. 2(53).

Við manntalsþing að Hauganesi 9. júní 1911 voru þinglesin mótmæli gegn eignarrétti Eyrarkirkju á skógi í Tungulandi.[1401]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Tungu í Skutulsfirði að þau hafi verið þinglesin. Jörðin var metin á 8.600 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[1402]

5.54 Hafrafell í Skutulsfirði

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Hafrafell í Skutulsfirði:

> **Hafrafell.**
>
> Jarðardýrleiki viii hndr., og so tíundast.
>
> Eigandinn beneficium Eyri í Seyðisfirði.
>
> Ábúendur Þórður Pálsson á tveim pörtum, Jón Þorkelsson á þriðjúngnum.
>
> Landskuld iii vættir fiska í kaupstað, sem betalast eftir proportion. Áður að fornu hefur landskuld verið iiii vættir, og fjell þá ein niður fyrir selstöðu og móskurð, sem staðurinn brúkaði í þessarar jarðar landi.
>
> […]
>
> Torfrista bjargleg, stúnga næg. Móskurður til eldiviðar nægur.
>
> Engjar hafa verið votsóktar, en missa nú vatnið og spretta ei síðan. Hætt er kvikfje fyrir afætudýjum og so fyrir grjóthruni og skriðum úr fjalli.
>
> Heimræði er hjer um sumur og haust er hvörki vor nje vetur.[1403]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hafrafells í Skutulsfirði metinn átta hundruð. Jörðin var kirkjujörð frá Eyri.[1404]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hafrafell í Skutulsfirði metin átta hundruð að dýrleika og skráð sem Eyrarkirkjueign.[1405]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hafrafell:

> 1. Hafrafell: tún í rírara lagi og grýtt og slægna kostir ekki gódir hamla býli þessu frá ad ná sinníngsjórdum, ad fornu hundradatali.[1406]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 208 ríkisbankadali. Þrætuland milli Fossa og Kirkjubóls var metið á 12 ríkisbankadali.[1407]

Landamerkjabréf jarðarinnar Hafrafells í Skutulsfirði er dagsett 18. júlí 1908 en það var innkomið til þinglesturs 23. júlí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki Hafrafells
>
> Að innanverðu milli Kirkjubóls og Hafrafells eru þessi landamerki:

[1401] Skjal nr. 2(920).
[1402] Skjal nr. 2(219).
[1403] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 162, skjal H-12.
[1404] Skjal nr. 2(137).
[1405] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1406] Skjal nr. 2(159).
[1407] Skjal nr. 2(170).

> Varða fyrir ofan eldiviðar eða urðagötu svonefnda, sem farin er út og inn með hlíðinni og þaðan bein stefna ofan í læk þann, sem rennur í sjóinn skamt frá fjarðarhorninu. Frá svonefndri Vörðu að ofan bein sjónhending upp í fjallsbrún.
>
> Að utanverðu milli Tungu og Hafrafells skiptir Úlfsá landamerkjum frá fjalli til fjöru.
>
> Ísafirði 18. júlí 1908
>
> Þessu til staðfestu nöfn undirritaðra
>
> Þorvaldur Jónsson Sóknarprestur
>
> Jón Halldórsson P.H. Jónsson (eigendur Kirkjubóls
>
> Ólöf Sveinsdóttir Eigandi í nokkrum parti í Tungu
>
> Rósmundur Jónsson eigandi í nokkrum parti í Tungu
>
> Vilhjálmur Pálsson Tungu
>
> Eigandi í nokkrum parti í Tungu
>
> Jón Jónsson Naustum.[1408]

Hinn 2. apríl 1908 skrifaði Ólöf Sveinsdóttir til Stjórnarráðs Íslands um að fá að kaupa ábýlisjörð sína Hafrafell.[1409]

Við aukarétt 15. júlí 1908 voru Kjartan B. Guðmundsson, hreppstjóri í Hnífsdal, og Jónas Þorvarðsson oddviti dómkvaddir til að lýsa og meta jarðirnar Engidal og Hafrafell.[1410]

Í minnisblaði Stjórnarráðs Íslands frá 13. júlí 1909 segir að jörðin Hafrafell hafi verið virt á 2.500 kr. en óljóst er hvort sýslunefnd Ísafjarðarsýslu hafi samþykkt að selja jörðina eða hvort sölunni hafi verið frestað. Þá segir að vegna nálægðar við Ísafjarðarkaupstað muni jörðin að öllum líkindum hækka í verði. Loks er skráð að ekki verði gefinn kostur á sölu jarðarinnar auk þess sem engin kaupbeiðni frá ábúanda liggi fyrir.[1411]

Hinn 5. febrúar 1910 skrifaði Ólöf Sveinsdóttir til Stjórnarráðs Íslands um að fá að kaupa ábýlisjörð sína Hafrafell.[1412]

Í minnisblaði Stjórnarráðs Íslands frá 3. maí 1910 um mat á jörðunum Hafrafelli og Engidal kemur fram að hálf jörðin Engidalur sé virt á 2.000 kr. Um Hafrafell segir að nú séu lögboðin skjöl komin fram viðvíkjandi jörðina og einnig segir að hæfilegt söluverð hennar sé 2.500 kr.[1413]

Við manntalsþing að Hauganesi 9. júní 1911 var þinglesið afsalsbréf Ólafar Sveinsdóttur fyrir Hafrafelli, dagsett 16. júlí 1910. Kaupverðið var 2.500 kr.[1414]

[1408] Skjal nr. 2(55).
[1409] Skjal nr. 2(376).
[1410] Skjal nr. 2(939).
[1411] Skjal nr. 2(377).
[1412] Skjal nr. 2(378).
[1413] Skjal nr. 2(379).
[1414] Skjal nr. 2(920).

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Hafrafells í Skutulsfirði að þau hafi verið þinglesin. Jörðin var metin á 3.300 kr. Eigandi hennar var Ólöf Sveinsdóttir.[1415]

5.55 Engidalur í Skutulsfirði

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Engidal í Skutulsfirði:

> **Eingedalur.**
>
> Jarðardýrleiki xviii <hndr.>, og so tíundast presti og fátækum.
>
> Eigandinn beneficium Holt í Önundarfirði.
>
> Ábúendur Þorvaldur Þorsteinsson á vi hndr., Sigurður Þórðarson á vi hndr., Ólafur Jóhansson á vi hndr.
>
> […]
>
> Torfrista lök, stúnga næg. Móskurður til eldiviðar so sem þrotinn. Grasatekja lítil.
>
> Skipsstöðu á jörðin í Kirkjubóls land og hefur þar brúkast átölulaust. Kirkjuból á beit þar á mót í Engidals landi.
>
> Túnið hefur spilst af vatni, sem hlaupið hefur undir völlinn og spýtt upp stórum jarðstykkjum. Engjar spillast af jarðföllum og skriðum og Engidal<s>á, sem ber á þær grjót og sand. Hætt er kvikfje fyrir ám og torfgröfum, sem oft verður mein að. Hætt er bænum fyrir skriðufalli, þó hefur það ekki híngað til mein gjört.[1416]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Engidals í Skutulsfirði metinn 18 hundruð. Jörðin var kirkjujörð frá Holti í Önundarfirði.[1417]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Engidalur í Skutulsfirði metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem Holtskirkjueign.[1418]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Engidal:

> 6. Eingidalur: Þad mikill og afbragdshægur móskurdur og slægjur í betra lagi prýda jórd þessa ekki alllítid, er þar og hagarými gott.[1419]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 648 ríkisbankadali.[1420]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Engidals í Skutulsfirði er dagsett 27. maí 1890 en hún var innkomin til þinglesturs 28. apríl 1891. Efni hennar er svohljóðandi:

> Skrá yfir landamerki Engidals í Eyrarhreppi, sem er eign Holtskirkju í Ønundarfirði.
>
> Merkin eru þessi: Svo nefndur Kuldaklettur í neðri fjallsbrúninni, þaðan beint ofan í stein sem stendur á bala niðri á engjunum og þaðan þráðbeint ofan í ána, er ræður landamerkjum í dalnum.
>
> Holti 27 maí 1890

[1415] Skjal nr. 2(220).
[1416] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 162–163, skjal H-12.
[1417] Skjal nr. 2(138).
[1418] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1419] Skjal nr. 2(158).
[1420] Skjal nr. 2(170).

Janus Jónsson.[1421]

Við aukarétt 15. júlí 1908 voru Kjartan B. Guðmundsson, hreppstjóri í Hnífsdal, og Jónas Þorvarðsson oddviti dómkvaddir til að lýsa og meta jarðirnar Engidal og Hafrafell.[1422]

Við aukarétt 22. febrúar 1909 voru Jónas Þorvarðsson á Bakka og Guðmundur Jónsson á Brekku dómkvaddir til að lýsa og meta hálflendu Engidals í Skutulsfirði.[1423]

Í minnisblaði Stjórnarráðs Íslands frá 3. maí 1910 um mat á jörðunum Hafrafelli og Engidal kemur fram að hálf jörðin Engidalur sé virt á 2.000 kr. Um Hafrafell segir að nú séu lögboðin skjöl komin fram viðvíkjandi jörðina og einnig segir að hæfilegt söluverð hennar sé 2.500 kr.[1424]

Við manntalsþing að Hauganesi 9. júní 1911 var þinglesið afsalsbréf Magnúsar Magnússonar fyrir hálfum Engidal, dagsett 8. október 1910. Kaupverðið var 2.000 kr.[1425]

Í minnisblaði Stjórnarráðs Íslands, dagsettu 25. júlí 1912, um fyrirhugaða sölu á helmingi Engidals segir að hálflendan sé virt á 2.100 kr.[1426]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Engidals í Skutulsfirði að þau hafi verið þinglesin. Jörðin var metin á 4.800 kr. Eigendur hennar voru Jónatan Jensson og Magnús Magnússon.[1427]

Við aukarétt 24. mars 1930 voru Sigurjón Jónsson útibússtjóri og Jón Þ. Ólafsson trésmiður útnefndir til að virða vatnsréttindi í Ytri- og Innri-Selám í Engidal.[1428]

5.56 Fossar í Skutulsfirði

Hinn 12. apríl 1674 seldi Bjarni Stullason Sæmundi Magnússyni fjórða part úr Kirkjubóli, hálft áttunda hundrað, og fjórða part úr Kirkjubólskirkjujörðinni Fossum, sem voru tvö hundruð. Á móti seldi Sæmundur Bjarna átta hundruð í Tungu í Bolungarvík.[1429]

Hinn 25. apríl 1680 fékk sr. Jón Torfason Sæmundi Magnússyni til eignar fimm hundruð í Kirkjubóli í Skutulsfirði, eitt hundrað og 40 álnir í Fossum og sex hundruð í Fjarðarhorni í Kollafirði í Strandasýslu fyrir átta hundruð í Hamri og fjögur hundruð í Norðureyri.[1430]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Fossa í Skutulsfirði:

[1421] Skjal nr. 2(56).
[1422] Skjal nr. 2(939).
[1423] Skjal nr. 2(940).
[1424] Skjal nr. 2(379).
[1425] Skjal nr. 2(920).
[1426] Skjal nr. 2(380).
[1427] Skjal nr. 2(221).
[1428] Skjal nr. 2(941).
[1429] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 169, skjal H-22.
[1430] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 169, skjal H-22.

> **Fossar.**
>
> Jarðardýrleiki viii hndr., og so tíundast presti og fátækum.
>
> Eigandinn hálfkirkjan að Kirkjubóli og proprietarii þar til.
>
> Ábúendur Bjarni Skúlason á iiii hndr., Jón Áranson á iiii hndr.
>
> Landskuld engin þetta ár, því jörðin hefur legið í eyði 6 ár,
>
> […]
>
> Torfrista og stúnga engin nýtandi. Móskurður til eldiviðar er bjarglegur en bágborinn til að sækja. Lýngrif lítið. Silúngsveiði hefur verið lítil í Kirkjubólsá, en engin í nokkur ár.
>
> Túninu hefur Fossá stórlega spilt með grjótsáburði. Enginu grandar grjóthrun og skriður úr brattlendi. Hætt er bænum fyrir Fossá, og hefur hún gengið so að hönum, að hús hafa naumlega orðið varin.[1431]

Við heimstefnuþing að Minni-Hlíð í Bolungarvík 11. maí 1714 náðist sátt milli Sæmundar Magnússonar og Sigmundar Sæmundssonar þannig að Sæmundur fékk Sigmundi hálfa Minni-Hlíð. Valgerður Jónsdóttir, kona Sæmundar, fékk honum átta hundruð í Minni-Hlíð og samþykkti um leið sáttagjörðina. Á móti fékk Sæmundur henni átta hundruð í Kirkjubóli í Skutulsfirði. Þá fékk hún önnur tvö hundruð í Kirkjubóli fyrir fjögur hundruð í lausafé og kirkjujörðina Fossa.[1432]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 koma engar upplýsingar fram um dýrleika Fossa í Skutulsfirði en jörðin var eyðijörð í eigu Eyrarkirkju og nýtt af ábúendunum á Kirkjubóli í Skutulsfirði. Fram kemur að jörðin hafi skemmst og verið eyðilögð af skriðuföllum og að hún geti ekki byggst upp.[1433]

Hinn 12. desember 1840 skrifuðu Jón Bjarnason og Sölvi Sveinsson um að sr. Eyjólfur Kolbeinsson á Eyri hafi ætlað sér að taka til kirkjunnar slægjulandið Breiðumýri vegna þess að það myndi tilheyra kirkjujörðinni Fossum. Jón og Sölvi sögðu það hins vegar tilheyra Kirkjubóli í Skutulsfirði en óskuðu eftir ályktun biskups.[1434] Sr. Eyjólfur skrifaði biskupi um málið með bréfi dagsettu 16. desember 1841, en þar kemur fram að jörðin Fossar hafi verið í eyði í átta ár og um þann tíma hafi Kirkjubólsbændur nýtt hana sem selstöðu. Þá sagði sr. Eyjólfur að bóndinn á Fossum þyrfti nú á Breiðumýri að halda sem Kirkjubólsmenn hafi nýtt til slægna. Um afstöðu Breiðumýrar sagði sr. Eyjólfur:

> Ecki hafa heldur Kyrkjubóls menn viljad géfa mer til vitundar, hvar á þeir bigga Tilkall sitt til þessa slæuparts sem liggur i midre Fossa landeígn fram til Fjalls og ecke er ad sjá á allre afstödu og Landamerkium enn ad sje Fossum ad öllu leite tilheyrandi.[1435]

Biskup svaraði sr. Eyjólfi með bréfi dagsettu 2. apríl 1842 en kvaðst engin gögn hafa fundið um landamerki jarðarinnar Fossa, en varðandi Breiðumýri hafi verið goldið til prestsins á Eyri á meðan jörðin Fossar lá í eyði og því hafi Kirkjubólsábúandi ekki haft

[1431] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 163–164, skjal H-12.
[1432] Skjal nr. 2(737).
[1433] Skjal nr. 2(139).
[1434] Skjal nr. 2(476).
[1435] Skjal nr. 2(477).

hana fría til brúkunar. Þá sagði biskup að aðilar þyrftu að koma sér saman um lyktir málsins þar sem engin gögn finndust við embættið eða væru lögð fram af þeim. Að öðrum kosti þyrftu aðilar að taka saman skriflega vitnisburði leggja málið fyrir eiðfast þing.[1436] Biskup lagði hið sama til í bréfi til Jóns Bjarnasonar og Sölva Sveinssonar, dagsettu 2. apríl 1842.[1437]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Fossar í Skutulsfirði metin átta hundruð að dýrleika og skráð sem Eyrarkirkjueign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 hafi jörðin verið í eyði af skriðum og landbroti af á og að hún sé brúkuð af Kirkjubólsbændum, enda telji hinar eldri jarðabækur hana kirkjujörð frá Kirkjubóli í Skutulsfirði, sem sé bændaeign.[1438]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Fossa:

> 2. Fossar: árensli hættulegt af á á tún og ef til vill bæ med grjóti spillir koti þessu ærid, er þar og vetrarríki mikid.[1439]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 168 ríkisbankadali.[1440]

Með bréfi dagsettu 18. september 1850 skrifaði sr. Hálfdán Einarsson á Eyri í Skutulsfirði til biskups um Breiðumýri. Sr. Hálfdán kvaðst leggja með bréfinu biskupsbréf Steingríms Jónssonar biskups um Breiðumýri, en kvaðst búast við að kirkjan á Eyri væru búin að missa Breiðumýri undan Fossum vegna langvarandi ásælni nábúanna á Kirkjubóli og afskiptaleysis fjárhaldsmanna kirkjunnar, sérstaklega þar sem óljóst væri hvenær og hvernig jörðin Fossar hafi orðið Eyrarkirkjueign.[1441]

Hinn 5. maí 1876 skrifaði Þorvarður Þórðarson á Fossum til sr. Árna Böðvarssonar á Ísafirði um byggingarskilmála sína á jörðinni Fossum og hvort landið Breiðamýri tilheyrði Fossum eða Kirkjubóli.[1442] Sr. Árni skýrði stiftsyfirvöldunum yfir Íslandi frá erindi Þorvarðar og leitaði álits þeirra á málinu.[1443]

Hinn 8. janúar 1879 makaskiptu sr. Árni Böðvarsson á Eyri við Skutulsfjörð og Jón Halldórsson, hreppstjóri í Eyrarhreppi, jörðunum Fossum, 5,5, hundruð að dýrleika, og 7,36 hundruðum í Tungu. Makaskiptabréfið var samþykkt af Stifsyfirvöldunum yfir Íslandi 4. mars 1879 og þinglesið við manntalsþing Eyrarhrepps 23. júní 1880.[1444]

Hinn 7. júní 1902 byggði Jón Halldórsson á Kirkjubóli syni sínum Páli H. Jónssyni á Kirkjubóli jörðina Kirkjuból í Skutulsfirði, tuttugu hundruð og 40 álnir að dýrleika, en með fylgdu skógarítök í Tunguskógi í Skutulsfirði og slægjulandið Breiðamýri í Fossalandareign. Byggingarbréfið var þinglesið 29. júní 1903.[1445]

1436 Skjal nr. 2(478).
1437 Skjal nr. 2(479).
1438 Skjal nr. 4(1), bls. 198.
1439 Skjal nr. 2(159).
1440 Skjal nr. 2(170).
1441 Skjal nr. 2(480).
1442 Skjal nr. 2(481).
1443 Skjal nr. 2(482).
1444 Skjöl nr. 2(238) og 2(644).
1445 Skjal nr. 2(674).

Hinn 17. nóvember 1904 seldi Jón Halldórsson hreppstjóri á Kirkjubóli sex hundruð að fornu mati í Fossum í Eyrarhreppi til verslunar Á. Ásgeirssonar á Ísafirði. Afsalsbréfið var þinglesið 14. júní 1905.[1446] Með skjali dagsettu 23. desember 1904 gerði Jón leiðréttingu á dýrleika jarðarinnar Fossa sem hafi verið ranglega færður inn í afsalsbréfið frá 17. nóvember sama ár. Jón sagði að rangt hefði verið skráð að dýrleikinn væri fimm hundruð að fornu mati, en hið rétta væri að dýrleikinn væri átta hundruð eða fimm og hálft hundrað að nýju mati. Leiðréttingin var þinglesin 2. júní 1906.[1447]

Við manntalsþing að Hauganesi 14. júní 1905 var þinglesið afsalsbréf Jóns Halldórssonar til verslunar Á. Ásgeirssonar fyrir jörðinni Fossum. Afsalsbréfið var dagsett 17. nóvember 1904 en kaupverðið var 1.400 kr.[1448]

Hinn 27. desember 1905 seldi Árni Jónsson forstjóri verslunar Á. Ásgeirssonar átta hundruð að fornu mati en fimm og hálft hundrað að nýju mati í Fossum í Skutulsfirði til Guðmundar Bjarna Árnasonar bónda á Fossum. Afsalsbréfið var þinglesið 2. júní 1906.[1449]

Við manntalsþing að Hauganesi 2. júní 1906 var þinglesið afsalsbréf Árna Jónssonar til G. B. Árnasonar fyrir Fossum. Afsalsbréfið var dagsett 27. desember 1905 en kaupverðið var 1.400 kr. Við sama þing var þinglesin yfirlýsing Jóns Halldórssonar um sömu jörð, dagsett 23. desember 1904.[1450]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Fossa í Skutulsfirði að þau hafi verið þinglesin. Jörðin var metin á 3.300 kr. Eigandi hennar var Guðmundur B. Árnason.[1451]

5.57 Kirkjuból í Skutulsfirði

Árið 1333 vígði Jón biskup Halldórsson kirkju á Kirkjubóli í Skutulsfirði. Í vígslumáldaganum segir að kirkjan eigi land at Fossum og tvö kúgildi.[1452] Máldaginn var staðfestur af Þórarni biskupi í Skálholti hinn 17. ágúst 1364.[1453]

Í máldaga Oddgeirs biskups Þorsteinssonar frá um 1367 er fjallað um Maríukirkju á Kirkjubóli í Skutulsfirði, en að honum beri saman við Vilchins-bók.[1454]

Í máldaga Vilchins fyrir Kirkjubólskirkju í Skutulsfirði frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Mariukirkja a Kirkiuboli j Skutilsfirdi oc hins heilaga Jons postula æa þuilijkann maldaga, ad þar skal syngia annan hvern dag helgann. og hinn fiorda hvern ottusong.
>
> […]

[1446] Skjal nr. 2(649).
[1447] Skjal nr. 2(650).
[1448] Skjal nr. 2(958).
[1449] Skjal nr. 2(651).
[1450] Skjal nr. 2(918).
[1451] Skjal nr. 2(222).
[1452] *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 699–700, skjal nr. 4(178).
[1453] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 198–199, skjal nr. 4(179).
[1454] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 229, skjal nr. 4(158).

> Hun a land ad Forsum.[1455]

Hinn 26. maí 1436 beiddist Hákon Jónsson til Odds Vigfússonar um jörðina Kirkjuból, en Oddur hafði gert tilkall í hana á meðan Hákon sat jörðina.[1456]

Hinn 17. júní 1442 haldlögðu Vigfús og Sveinbjörn Oddsyni Hákoni Jónssyni til fullrar eignar gegn lausafé það tilkall til Kirkjubóls sem þeir erfðu eftir föður sinn Odd.[1457]

Hinn 30. október 1501 seldi Sturla Þórðarson Narfa Jónssyni alla jörðina Kirkjuból í Skutulsfirði fyrir aðrar jarðir.[1458]

Hinn 30. nóvember 1505 vitnaði Guðrmundur Auðunarson um að Kirkjubólsmenn í Skutulsfirði hefðu notað Tunguskóg í Botnsdal til kolagjörðar og skógarhöggs sem var eign kirkjunnar eða jarðarinnar.[1459]

Hinn 27. mars 1508 vitnaði Þorlákur Auðunarson um eignarhald Kirkjubólskirkju á skóginum í Botnsdal í Tungulandi í Skutulsfirði með eftirfarandi afmörkun:

> millum goto þeirrar sem fram ligr med þeirre æa sem framan rennr epter bozdal og svo fyrir framan sialfa kringlumẏre. stodo þar þa merkebiarker. og suo a lagan hialla up under hlidinne. la þæa gata framarliga vm þann hialla heim med hlidinne fyrir ofan huita riodr og suo heim j petursriodr og þar þuert ofan huita riodr og suo heim j petursriodur og þar þuert ofan at tungusele[1460]

Hinn 3. apríl 1508 vitnaði sr. Guðmundur Ólafsson um að Þorlákur Auðunarson hefði selt sér jörðina Tungu í Skutulsfirði með þeim ítökum sem Kirkjuból átti í skóg sem þar var eða eins og lýst er í skjalinu:

> liggur fram med þeirre æa sem framan rennur epter bozdal og so fyrir framan kringlumyri og so ä hialla þann er liggur vpp med hlijdinne og j gòtur þær er liggia med hlijdinne fyrir ofan huijtariodur og suo heim j peturzriodur og þar þüert ofan ad tungüseli.[1461]

Guðmundur seldi svo Tumasi Jónssyni jörðina Tungu að fráskildum skógarparti Kirkjubóls.[1462]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um hálfkirkjuna á Kirkjubóli í Skutulsfirði:

> Hälffkirkian ä Kirkiubole i Skutulzfirdi ä land ad Fossum og tekst aff .iiij. ærgijlldi i landskijlld.
>
> […]
>
> Jtem Jørdinn .xxx^{c}.[1463]

[1455] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 139–140, skjal nr. 4(180).
[1456] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 556–557, skjal nr. 4(213).
[1457] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 628, 654, skjal nr. 4(214).
[1458] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 587–589, skjal nr. 4(215).
[1459] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 806, skjal nr. 4(210).
[1460] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 198–199, skjal nr. 4(211).
[1461] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 200–201, skjal nr. 4(212).
[1462] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 200–201, skjal nr. 4(212).
[1463] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 569–570, skjal nr. 4(181).

Í skjalabók Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi er fært inn afrit af kaupbréfi um hlut í jörðinni Kirkjubóli. Þar segir að sunnudaginn næsta fyrir Maríumessu, á lönguföstu um veturinn árið 1572, hafi Guðmundur Jónsson selti bróður sínum Sveini Jónssyni hálft hið fjórða hundrað og fimm aura í Kirkjubóli. Sveinn gaf Guðmundi á móti þrjú málnytukúgildi, þrjá gelda sauði og sex fjórðunga smjörs. Landamerkjum Kirkjubóls er lýst í bréfinu en um þau segir:

> j hamarenn þann sem nædst er Merar bäs, Jnnann til, og so Siön hendÿng ä fiall upp, og i gard þann er geingur i fiall upp, og ur þejm sama gardenum, rietta siön hendÿng uppa fialled, og yfer Eÿre þä, er Marg Eÿre heiter, og i þa þria stackgarda, er standa fÿrer ofann Eÿrena, og So Sionhendÿng ur Stackgordunum og i þann læk, sem rennur ofann vndann fiallinu[1464]

Hinn 12. janúar 1578 upplagði Páll Sveinsson hálft hið áttunda hundrað í jörðinni Kirkjubóli við föður sinn Svein Jónsson og bróður, Bjarna Sveinsson. Sveinn lét Pál hafa á móti 10 hundruð í peningum.[1465]

Hálfkirkja var á Kirkjubóli árið 1583 og einnig er hennar getið í vístasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar árið 1653.[1466]

Í skjalabók Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmis eru færð inn afrit af vitnisburðum um skógarítak Kirkjubóls í landi Tungu í Skutulsfirði. Vitnisburðir eru fimm talsins, frá árunum 1505, 1508 og 1597, en í þeim segir:

> Svofelldann vittnessburd ber eg þorlakur audunarson, ad Skögur Sä Sem liggur i Botzdal i Tungu Jórd sem sem liggur j Skutuls fÿrde j Eÿrar kÿrkjusökn var halldinn fullkomleg eign kjrkjubölz, millum götu þejrrar, sem frammliggur […] Med þeirre ä, sem framann rennur effter Botnzdal, og so fyrer framan Siälfa krÿnglumÿre, Stödu þar þä merke biarker og svo ä lägann hialla vpp vnder hlÿdinne, lä þä gata framarlega, vmm þann hialla, hejm med hlÿdinne fyrer ofann hnÿta Riödur, og Svo hejm i Peturs riödur, og þar þvert ofann ad tungusele, sagde mier mödur mÿn Valgierdur Sigmundar döttur, ad audunn grÿmsson fader minn, hefde ridid ä þennann Skög, og Sagt Sr Jngemunde Borgarsÿne, og Jöne Sigmundssine brödur Sÿnum, og Sier, þesse Ørnefne, og Skogareign kirkjuboolz, og bad hana ad Sejgia Sonum Synum, ad þennan Skög ættu kirkjubols menn j tungu Jórd, ätte fÿrsagdur audun þä tungu, ätta eg Jórdina tungu xl vetur, og hejrda eg alldre þar tvÿmæle ä, og alldre annad enn kirkjubol ætte þennann skög[1467]
>
> […]
>
> Suofelldann vitnissburd, ber eg Gudmundur prestur ölafsson ad þorlakur audunnarson Sellde mier Jórdina tungu, er liggur i Skutulsfÿrde, j Eÿrar kÿrkiusokn, til fullrar eignar med þessum itókum, ad kikiuböl ætte Skög þann er liggur framm med þeirre ä, sem framan rennur effter botnsdal, og So fyrer framan krÿnglumÿre, og So a hialla þann er liggur vpp med hlÿdinne, og j [g]ótur þær ed liggia med hlÿdinne, fÿrer ofann hnÿta riödur, [og] So hejm i Peturs riódur, og þvert ofann ad tungusele, […] So fellda eg fÿrrnefndur, gudmundur öläfsson, Jórdina [Tun]gu i Skutuls fÿrde Tumäse Jönssÿne ad fraskilldum [Tun]gu parte kirkjuböls, og So hiellt fÿrrnefndur Tumas J. S. [þennan skog] fullkomlega eign kirkiuböls þä hann bio ä kirkiuböle enn eg i tungu, og alldrei

[1464] Skjal nr. 2(299).
[1465] Skjal nr. 2(300).
[1466] Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* II, bls. 230, skjal H-21.
[1467] Skjal nr. 2(301).

> heirda eg fÿrrnefndur gudmundur ölafsson, vppa xx vetur edur leingur, þad tvÿmæliss orka, annad enn þesse skögur være fullkomleg eign kirkiubools
>
> […]
>
> Þad gióre eg gudmundur audunarson, gödum mónnum viturlegt, med þessu mÿnu opnu briefe, ad eg medkiennunst, ad eg hefe vistfastur vered, vngur og gamall hiä faudur mÿnum, og Minna Vegna Siälfs i tungu i Skutulzf. So og medkiennunst eg, ad eg vissa kirkjuboolzmenn, hafa og hallda kÿrkiunnar eign, eda Jardarinnar, þar kolagiórd og Skögar hógg, Sem þeir villdu, i tungu skög, i Botnzdal, framm frä Eÿrar skögie, og alldrei hefe eg hier nockud tuÿmæle äheÿrt[1468]
>
> […]
>
> Þad medkienne eg Biarne Gunnarson fÿrer eynum og Sier hvórium, sem þetta mitt medkiennÿngarbrief siä edur heÿra, ad eg, frä þuj fÿrst kunne ad skÿnia, og þar til eg var xviij vetra gamall, Var eg vistfastur j tungu i Skutuls fÿrde, og visse alldrei nie heird[e] nockur tvÿmæle äleÿka, ad kÿrkiubool i sómu svei[t j] Skutulsfÿrde, ætte ecke allann Skog, frä Peturs [Riödre] sem er vppfra tungu sele, og framm i krÿnglu Mÿ[re] So heÿrda eg ódrum Mónnum bannad, ad hóggva þennann Skög frá tungu, og hier effter vil eg Sveria, ef þurfa þiker.
>
> […]
>
> Þad Med kiennum vier effter skrifader menn, öläfur þördarson, og Eÿrikur Jönsson, ad vid vorum stadder med ódrum gödum mónnum, i Skögenum fyrer framan tungu, i Skutuls fÿrde og var ockur Sagt til þejrra Ørnefna, Jnnann hvórra ad kjrkjuböl j Sómu Sveit, ætte shög i tungu lande, heirdum vid PieturzRiödur nefndt, fÿrer ofann tungusel, j hvóriu ad stæde eirn stejrn, kalladur grästeirn, fyrer vtann gilid, og krÿnglumÿre, sem er þar fyrer framan, So og heirdum vid Biórn Gunnarz Son, þuj lÿsa fÿrer ockur, ad þä hann var vppvaxande og fullordinn madur ä kÿrkiubole, ad greindur skögur hafe hóggvinn vered, frä kjrkjuböle[1469]

Hinn 1. apríl 1674 seldi Magnús Magnússon Sæmundi Magnússyni fjórða part í Kirkjubóli í Skutulsfirði fyrir Vog í Dalasýslu, 12 hundruð að dýrleika.[1470]

Hinn 12. apríl 1674 seldi Bjarni Stullason Sæmundi Magnússyni fjórða part úr Kirkjubóli, hálft áttunda hundrað, og fjórða part úr Kirkjubólskirkjujörðinni Fossum, sem voru tvö hundruð. Á móti seldi Sæmundur Bjarna átta hundruð í Tungu í Bolungarvík.[1471]

Hinn 25. apríl 1680 fékk sr. Jón Torfason Sæmundi Magnússyni til eignar fimm hundruð í Kirkjubóli í Skutulsfirði, eitt hundrað og 40 álnir í Fossum og sex hundruð í Fjarðarhorni í Kollafirði í Strandasýslu fyrir átta hundruð í Hamri og fjögur hundruð í Norðureyri.[1472]

Hinn 14. maí 1702 seldi Snorri Jónsson Sæmundi Magnússyni, með samþykki konu sinnar, Ástríðar Jónsdóttur, 10 hundruð í Kirkjubóli í Skutulsfirði, en áskildi sér og konu sinni allan ágóða af þessum jarðarparti og að búa á honum allt sitt líf. Á móti seldi Sæmundur Snorra 10 hundruð í Hóli í Finnmörk í Dalasýslu, en féllst á að uppbera

[1468] Skjal nr. 2(302).
[1469] Skjal nr. 2(301).
[1470] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 168, skjal H-22.
[1471] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 169, skjal H-22.
[1472] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 169, skjal H-22.

landskuld og leigur eins lengi og hjónin hefðu afgift af fyrrnefndum 10 hundruðum í Kirkjubóli.[1473]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Kirkjuból í Skutulsfirði:

> **Kirkiubol.**
>
> Hjer er hálfkirkja og embættað þegar að heimamenn gánga til sacramentis.
>
> Jarðardýrleiki xxx hndr. á allri jörðunni með hjáleigunni Seljabrekku, sem talin er iiii hndr. af jarðardýrleikanum.
>
> Eigandinn að xviii hndr. í heimajörðunni Sæmundur Magnússon að Hóli í Bolúngavík eður Sigmundur Sæmundsson hans sonur eður báðir þeir. En Jóni Jónssyni í Hnífsdal neðra eru pantsett af Sigmundi v hndr. af þessum áðurnefndum xviii hndr. Eigandi að viii hndr. Ástríður Jónsdóttir að Grundarhóli í Bolúngarvík.
>
> Ábúendur á parti Sæmundar Bjarni Ketilsson á viii hndr., Þorsteinn Jónsson á v hndr., Jón Jóhansson á v hndr.
>
> […]
>
> Ábúandi á parti Ástríðar Jón Bjarnason.
>
> […]
>
> Torfrista lítt nýtandi, stúnga bjargleg. Móskurður til eldiviðar hefur verið, er nú að kalla þrotinn, brúkast þó alt til þessa. Silúngsveiði lítil og valla teljandi í Kirkjubólsá. Skógarítak til kolgjörðar á jörðin í Túngulandi takmarkað, þar sem kallast Seljaleiti, það er nú mjög eytt en brúkast þó.
>
> Túnið spillist af skriðum til stórskaða. Engjarnar hafa spilst af skriðum í sama máta, og eyðilagt af þeim hjer um þriðja partinn. Hætt er kvikfjenaði fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum á vetur þegar að fjörðinn ísar. Hreppamannaflutníngur lángur að Arnardal. Ekki er bænum óhætt fyrir snjóflóðum.
>
> **Seliabrecka.** Eyðihjáleiga, hefur í auðn legið síðan bóluna.
>
> Dýrleikinn iiii hndr., og er það áður talið heimajörðunni.
>
> Eigandinn að ii hndr. Sæmundur Magnússon ut supra. Eigandi að ii hndr. Ástríður Jónsdóttir ut supra.
>
> […]
>
> Túnið var lítið, nú að mestu eyðilagt vegna skriðufalls. Engið er eyðilagt fyrir skriðum.
>
> Bærinn stóð framan á einum háum bakka, sem uppblæs meir og meir, og er nú bæjarstæðið sjálft tekið til að hrynja og bæjartóftirnar alt ofan í fjöru, og má því ekki aftur byggja.
>
> Landið brúka heimabændur til beita og gjalda þar þó ekkert fyrir auk ákveðinna heimajarðarinnar skulda.[1474]

Við heimstefnuþing að Minni-Hlíð í Bolungarvík 11. maí 1714 náðist sátt milli Sæmundar Magnússonar og Sigmundar Sæmundssonar þannig að Sæmundur fékk Sigmundi hálfa Minni-Hlíð. Valgerður Jónsdóttir, kona Sæmundar, fékk honum átta hundruð í Minni-Hlíð og samþykkti um leið sáttagjörðina. Á móti fékk Sæmundur

[1473] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 169, skjal H-22.
[1474] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 164–165, skjal H-12.

henni átta hundruð í Kirkjubóli í Skutulsfirði. Þá fékk hún önnur tvö hundruð í Kirkjubóli fyrir fjögur hundruð í lausafé og kirkjujörðina Fossa.[1475]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Kirkjubóls í Skutulsfirði metinn 26 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Bjarni Jónsson á Sandeyri. Fram kemur að eyðihjáleigan Seljabrekka hafi verið nýtt sem beitiland.[1476]

Hinn 23. ágúst 1832 seldi Kjartan Jónsson fimm hundruð og 80 álnir í Kirkjubóli við Skutulsfjörð til Jens Jacobs Benediktsens kaupmanns. Afsalsbréfið var þinglesið 2. september 1834.[1477]

Hinn 31. desember 1833 fóru fram makaskipti hvar Jens Jacob Benediktsen á Ísafirði skipti á fimm hundruðum og 80 álnum í Kirkjubóli í Skutulsfirði og sex hundruðum í Grafargili í Valþjófsdal sem voru í eigu Sölva Sveinssonar á Kirkjubóli. Makaskiptabréfið var þinglesið 2. september 1834.[1478]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 2. september 1834 var þinglesið makaskiptabréf á fimm hundruðum og 80 álnum í Kirkjubóli í Skutulsfirði. Bréfið var útgefið af J. Benediktsen og dagsett 31. desember 1833. Einnig var útgefið kaupbréf fyrir sama jarðarparti af Kjartani Jónssyni til Benediktsens kaupmanns, dagsett 23. ágúst 1832.[1479]

Við manntalsþingsrétt að Þórustöðum 27. maí 1835 var upplesið makaskiptabréf Sölva Sveinssonar til J. J. Benediktsens kaupmanns fyrir sex hundruðum í Grafargili í Valþjófsdal gegn fimm hundruðum og 80 álnum í Kirkjubóli í Skutulsfirði.[1480]

Með kaupbréfi dagsettu 2. júlí 1836 seldi Jón Bjarnason eitt hundrað í Kirkjubóli í Skutulsfirði til sonar síns Bjarna Jónssonar með sömu skilmálum og Jón hafði áður selt Bjarna fimm hundruð í sömu jörð. Kaupbréfið var þinglesið 12. júlí 1837.[1481]

Við manntalsþing að Mýrum 12. júlí 1837 var þinglesið kaupbréf Jóns Bjarnasonar á Sæbóli fyrir einu hundraði í Kirkjubóli í Skutulsfirði fyrir 10 spesíur danskar, af föður sínum Bjarna Jónssyni á Kirkjubóli. Bréfið var dagsett 2. júlí 1836.[1482]

Hinn 12. desember 1840 skrifuðu Jón Bjarnason og Sölvi Sveinsson um að sr. Eyjólfur Kolbeinsson á Eyri hafi ætlað sér að taka til kirkjunnar slægjulandið Breiðumýri vegna þess að það myndi tilheyra kirkjujörðinni Fossum. Jón og Sölvi sögðu það hins vegar tilheyra Kirkjubóli í Skutulsfirði en óskuðu eftir ályktun biskups.1483 Sr. Eyjólfur skrifaði biskupi um málið með bréfi dagsettu 16. desember 1841, en þar kemur fram að jörðin Fossar hafi verið í eyði í átta ár og um þann tíma hafi Kirkjubólsbændur nýtt hana sem selstöðu. Þá sagði sr. Eyjólfur að bóndinn á

[1475] Skjal nr. 2(737).
[1476] Skjal nr. 2(140).
[1477] Skjal nr. 2(652).
[1478] Skjöl nr. 2(653)–2(654).
[1479] Skjal nr. 2(942).
[1480] Skjal nr. 2(788).
[1481] Skjal nr. 2(655).
[1482] Skjal nr. 2(943).
[1483] Skjal nr. 2(476).

Fossum þyrfti nú á Breiðumýri að halda sem Kirkjubólsmenn hafi nýtt til slægna. Um afstöðu Breiðumýrar sagði sr. Eyjólfur:

> Ecki hafa heldur Kyrkjubóls menn viljad géfa mer til vitundar, hvar á þeir bigga Tilkall sitt til þessa slæuparts sem liggur i midre Fossa landeígn fram til Fjalls og ecke er ad sjá á allre afstödu og Landamerkium enn ad sje Fossum ad öllu leite tilheyrandi.[1484]

Biskup svaraði sr. Eyjólfi með bréfi dagsettu 2. apríl 1842 en kvaðst engin gögn hafa fundið um landamerki jarðarinnar Fossa, en varðandi Breiðumýri hafi verið goldið til prestsins á Eyri á meðan jörðin Fossar lá í eyði og því hafi Kirkjubólsábúandi ekki haft hana fría til brúkunar. Þá sagði biskup að aðilar þyrftu að koma sér saman um lyktir málsins þar sem engin gögn finndust við embættið eða væru lögð fram af þeim. Að öðrum kosti þyrftu aðilar að taka saman skriflega vitnisburði leggja málið fyrir eiðfast þing.[1485] Biskup lagði hið sama til í bréfi til Jóns Bjarnasonar og Sölva Sveinssonar, dagsettu 2. apríl 1842.[1486]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kirkjuból í Skutulsfirði metin 26 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 hafi eyðihjáleigan Seljabrekka verið höfð hér til beitar.[1487]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Kirkjuból:

> 7. Kirkjuból: hjer einkar gódur móskurdur og tún sljett sem bæta jórd þessa frammyfir medaljardir:[1488]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 832 ríkisbankadali.[1489]

Með bréfi dagsettu 18. september 1850 skrifaði sr. Hálfdán Einarsson á Eyri í Skutulsfirði til biskups um Breiðumýri. Sr. Hálfdán kvaðst leggja með bréfinu biskupsbréf Steingríms Jónssonar biskups um Breiðumýri, en kvaðst búast við að kirkjan á Eyri væru búin að missa Breiðumýri undan Fossum vegna langvarandi ásælni nábúanna á Kirkjubóli og afskiptaleysis fjárhaldsmanna kirkjunnar, sérstaklega þar sem óljóst væri hvenær og hvernig jörðin Fossar hafi orðið Eyrarkirkjueign.[1490]

Með kaupbréfi dagsettu 8. nóvember 1856 seldi Magnús Jónsson húsmaður á Arngerðareyri fyrir hönd systranna Gróu og Maríu Sölvadætra ekkjunni Guðrúnu Helgadóttur á Kirkjubóli 97½ alin í jörðinni Kirkjubóli í Skutulsfirði.[1491]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 2. júlí 1858 var þinglesið kaupbréf, dagsett 8. nóvember 1856, þar sem seld voru 97 og hálf alin í Kirkjubóli fyrir 19 og hálfa spesíu og lausafé fyrir 32 ríkisdali. Fram kemur að þetta tiltekna kaupbréf hafi

[1484] Skjal nr. 2(477).
[1485] Skjal nr. 2(478).
[1486] Skjal nr. 2(479).
[1487] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1488] Skjal nr. 2(158).
[1489] Skjal nr. 2(170).
[1490] Skjal nr. 2(480).
[1491] Skjal nr. 2(656).

verið ólöglegt, ef amtsleyfi hafi ekki verið fengið fyrir sölunni, sem ekki var að sjá á bréfinu. Af þeim sökum mótmælti sýslumaður gildugleika kaupbréfsins.[1492]

Við aukarétt 13. febrúar 1860 var tekið fyrir mál Jóns Halldórssonar á Kirkjubóli gegn Bjarna Kolbeinssyni formanni vegna lóðarskemmda. Sættir komust á um greiðslu skaðabóta.[1493]

Við manntalsþing að Þórustöðum 21. júlí 1862 var þinglesið leyfisbréf madömu Þ. Eyjólfsdóttur á Kirkjubóli fyrir því að 15 hundruð í jörðinni Kirkjubóli skyldu standa áfram sem hluti fyrir sýslugjöldunum.[1494]

Með kaupbréfi dagsettu 18. september 1863 seldi Magnús Þorvarðarson á Kirkjubóli fjögur hundruð í Kirkjubóli í Skutulsfirði til Hjálmars Johnsens. Kaupbréfið var þinglesið 31. maí 1864.[1495]

Við manntalsþing að Eyri í Skutulsfirði 31. maí 1864 var þinglesið kaupbréf H. Johnsens borgara frá 18. september 1863 fyrir fjórum hundruðum í Kirkjubóli fyrir 208 ríkisdali.[1496]

Hinn 30. september 1865 gaf Hjálmar Jónsson timburmaður ekkjunni Arnorínu Ágústu Svendsen fjögur hundruð að gömlu mati í Grundarhóli í Hólshreppi og fjögur hundruð að gömlu mati í Kirkjubóli í Skutulsfirði. Gjafabréfið var þinglesið 20. og 25. júlí 1872.[1497]

Hinn 11. október 1865 veitti Þóra Katrín Eyjólfsdóttir Guðbjarti Jónssyni skipstjóri fullt umboð til að taka leigur af Kirkjubóli í Skutulsfirði og til að selja hlut sinn í jörðinni.[1498] Með kaupbréfi dagsettu 4. nóvember 1865 seldi Guðbjartur Jónsson skipstjóri, fyrir hönd Þóru Katrínar Eyjólfsdóttur, fimmtán hundruð og 40 álnir í Kirkjubóli í Eyrarhreppi til V. T. Thostrups faktors á Ísafirði.[1499]

Með kaupbréfi dagsettu 5. nóvember 1865 seldi V. T. Thostrup, faktor á Ísafirði, Jóni Halldórssyni á Kirkjubóli með fyrsta innlausnarrétti á fimmtán hundruðum og 40 álnum í Kirkjubóli í Skutulsfirði gegn því að Jón greiddi umsamið verð þann 31. júlí 1868. Kaupbréfið var þinglesið 22. maí 1866.[1500]

Með forboðið, dagsettu 30. apríl 1866, bönnuðu Jón Halldórsson og Magnús Þorvarðarson alla grjóttöku úr landi Kirkjubóls í Skutulsfirði án þeirra leyfis þar eð nefnd jörð væri ekki almenningur. Forboðið var þinglesið 22. maí sama ár.[1501]

Við manntalsþing að Eyri 22. maí 1866 var þinglesið kaupbréf V. T. Thostrups, dagsett 4. nóvember 1865, fyrir 15 hundruðum og 40 álnum úr Kirkjubóli, fyrir 1.000

[1492] Skjal nr. 2(944).
[1493] Skjal nr. 2(945).
[1494] Skjal nr. 2(946).
[1495] Skjal nr. 2(657).
[1496] Skjal nr. 2(918).
[1497] Skjal nr. 2(609).
[1498] Skjal nr. 2(659).
[1499] Skjal nr. 2(658).
[1500] Skjal nr. 2(660).
[1501] Skjal nr. 2(661).

ríkisdali ásamt kvittun með sömu dagsetningu. Einnig var þinglesin fullmakt fyrir seljanda að jörðinni Kirkjubóli, dagsett 11. október 1865. Þá var þinglesin innlausn á Kirkjubóli á þriggja ára fresti milli V. T. Thostrups eiganda og J. Halldórssonar ábúanda, dagsett 4. nóvember 1855. Að endingu var þinglesið forboð frá ábúendum Kirkjubóls um að taka berlestagrjót á Kirkjubólshlíð. Forboðið var dagsett 30. apríl 1866.[1502]

Með kaupbréfi dagsettu 22. september 1866 seldi William Theobald Thostrup 15 hundruð og 40 álnir í Kirkjubóli í Skutulsfirði til Guðmundar Brynjólfssonar á Mýrum. Kaupbréfið var þinglesið 26. júní 1894.[1503]

Hinn 22. september 1868 seldi Guðmundur Brynjólfsson 15 hundruð og 40 álnir í Kirkjubóli í Skutulsfirði til Jóns Halldórssonar á Kirkjubóli. Afsalsbréfið var þinglesið 26. júní 1894.[1504]

Með kaupbréfi dagsettu 26. september 1869 seldi Magnús Þorvarðarson á Kirkjubóli fjögur hundruð í Kirkjubóli í Skutulsfirði til V. T. Thostrups verslunarfulltrúa. Kaupbréfið var þinglesið 16. júní sama ár.[1505]

Með kaupbréfi dagsettu 15. júní 1872 seldi Arnorína Ágústa Svendsen fjögur hundruð í Kirkjubóli í Skutulsfirði og fjögur hundruð í Grundarhóli í Hólshreppi til Jóns Halldórssonar hreppstjóra á Kirkjubóli. Kaupbréfið var þinglesið 25. júlí sama ár.[1506]

Með kaupbréfi dagsettu 31. október 1877 seldi Magnús Þorvarðarson í Seljabrekkunaustum tvö hundruð að fornu mati í Kirkjubóli í Skutulsfirði til Vilhelm Holm verslunarstjóra á Ísafirði. Kaupbréfið var þinglesið 26. júní 1894.[1507]

Með kaupbréfi dagsettu 29. nóvember 1873 seldi Guðmundur Sölvason 92 álnir í Kirkjubóli í Skutulsfirði til Jóns Jónssonar á Kirkjubóli. Kaupbréfið var þinglesið 13. júlí 1874.[1508]

Með kaupbréfi dagsettu 29. júlí 1875 seldi Magnús Þorvarðsson eitt hundrað og átta álnir í Kirkjubóli í Skutulsfirði ásamt verbúð í svokölluðum Naustum til Jóns Halldórssonar. Kaupbréfið var þinglesið á skrifstofu sýslunnar en þinglýsingardags er ekki getið.[1509]

Hinn 5. maí 1876 skrifaði Þorvarður Þórðarson á Fossum til sr. Árna Böðvarssonar á Ísafirði um byggingarskilmála sína á jörðinni Fossum og hvort landið Breiðamýri tilheyrði Fossum eða Kirkjubóli.[1510] Sr. Árni skýrði stiftsyfirvöldunum yfir Íslandi frá erindi Þorvarðar og leitaði álits þeirra á málinu.[1511]

[1502] Skjal nr. 2(947).
[1503] Skjal nr. 2(667).
[1504] Skjal nr. 2(668).
[1505] Skjal nr. 2(662).
[1506] Skjal nr. 2(610).
[1507] Skjal nr. 2(669).
[1508] Skjal nr. 2(663).
[1509] Skjal nr. 2(664).
[1510] Skjal nr. 2(481).
[1511] Skjal nr. 2(482).

Með kaupbréfi dagsettu 31. október 1877 seldi Magnús Þorvarðsson á Seljabrekkunaustum tvö hundruð að fornu mati í Kirkjubóli í Skutulsfirði til Vilh. Hólm á Ísafirði. Kaupbréfið var þinglesið 29. júlí 1878.[1512]

Hinn 3. október 1882 fékk Ólöf Sölvadóttir í Tungu með arfleiðslubréfi 95 álnir í Kirkjubóli í Skutulsfirði eftir foreldra sína og H. Magnússon fékk 47 álnir í sömu jörð.[1513]

Landamerkjabréf jarðarinnar Kirkjubóls í Skutulsfirði er dagsett í maí og júní 1884 en það var þinglesið við manntalsþing í Hnífsdal 14. júlí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerkjabréf fyrir jörðunni Kirkjubóli í Eyrarhreppi.
>
> Landamerki milli jarðarinnar Kirkjubóls og Arnardals neðri eru: Innsti kletturinn í svokölluðum Stóru-Básum á Kirkjubólshlíð við sjóinn, þaðan uppí stóran stein jarðfastan spölkorn fyrir ofan þjóðveginn, og síðan beina sjónhending í fjallsbrún.
>
> Í lok Maímánaðar 1884.
>
> Samþykkir jarðeigendur: Jón Halldórsson Kirkjubóli K. Sæmundsson Arnardal.
>
> Landamerki milli jarðanna Kirkjubóls og Fossa eru þessi: Svokallaður Svarti-Bakki við ána, síðan lækur og dý, þaðan sjónhending beint í fjallsbrún.
>
> Í Júnímánuði 1884.
>
> Samþykkir: Jón Halldóssson eigandi Kirkjubóls og Fossa.
>
> Landamerki milli jarðanna Kirkjubóls og Engidals eru þessi: Svo nefndur Kuldaklettur í neðri fjallsbrúninni, þaðan beint ofan í stein, sem stendur á bala niðri í engjunum og þaðan þráðbeint ofan í ána, er ræður landamerkjum í dalnum.
>
> Í Júnímánuði 1884
>
> Samþykkir: Sveinn Ólafsson. Jón Halldórsson Kirkjubóli. Guðný Ámundadóttir Engidal
>
> Landamerki milli jarðanna Kirkjubóls og Hafrafells eru: varða fyrir ofan Eldiviðar- eða Urðagötu svonefnda, sem farin er út og inn með hlíðinni, og þaðan bein stefna ofan í læk þann, sem rennur í sjóinn skammt frá fjarðarhorninu. Frá nefndri vörðu að ofan bein sjónhending upp í fjallsbrún.
>
> Í Júnímánuði 1884.
>
> Samþykkir Jón Halldórsson Kirkjubóli Þorvaldur Jónsson sóknarprestur.[1514]

Með kaupbréfi dagsettu 17. janúar 1891 seldi Sumarliði Magnússon 47 álnir í Kirkjubóli í Skutulsfirði til Jóns Halldórssonar á Kirkjubóli. Kaupbréfið var þinglesið 26. júní 1894.[1515]

Með kaupbréfi dagsettu 11. júní 1894 seldi Jón Halldórsson á Kirkjubóli fimm hundruð að fornu mati í Kirkjubóli í Skutulsfirði til sonar síns Páls Jónssonar. Kaupbréfið var þinglesið 26. júní sama ár.[1516]

[1512] Skjal nr. 2(665).
[1513] Skjal nr. 2(666).
[1514] Skjal nr. 2(57).
[1515] Skjal nr. 2(670).
[1516] Skjal nr. 2(671).

Með kaupbréfi dagsettu 4. febrúar 1897 seldu Jón Halldórsson hreppstjóri á Kirkjubóli og Jón Jónsson húsmaður á Seljalandi 21/26 hluta úr Skipeyri í landi Kirkjubóls í Eyrarhreppi til Þorvaldur Jónssonar prófasts á Ísafirði, fyrir hönd verslunar Á. Ásgeirssonar á Ísafirði. Kaupbréfið var þinglesið 26. júní sama ár.[1517]

Hinn 12. febrúar 1897 seldi P.H. Jónsson tvö og hálft hundrað að fornu mati í Kirkjubóli í Skutulsfirði, svokallaða Skipeyri, til Skúla Thoroddsens á Ísafirði. Afsalsbréfið var þinglesið 3. júlí 1899.[1518]

Hinn 7. júní 1902 byggði Jón Halldórsson á Kirkjubóli syni sínum Páli H. Jónssyni á Kirkjubóli jörðina Kirkjuból í Skutulsfirði, tuttugu hundruð og 40 álnir að dýrleika, en með fylgdu skógarítök í Tunguskógi í Skutulsfirði og slægjulandið Breiðamýri í Fossalandareign. Byggingarbréfið var þinglesið 29. júní 1903.[1519]

Við manntalsþing að Hauganesi 18. maí 1907 var þinglesið afsalsbréf Páls H. Jónssonar og Jóns Halldórssonar til Jóns Jónssonar fyrir lóðarstykki á Naustunum, 2.500 faðmar fyrir 135 krónur, dagsett 1. ágúst 1906.[1520]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Kirkjubóls í Skutulsfirði að þau hafi verið þinglesin. Jörðin var metin á 9.500 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[1521]

Hinn 9. júlí 1919 gerðu Þórarinn Tulinius, f.h. Hinna íslensku verslana, og Tryggvi Pálsson með sér samning um landamerki á Skipeyri. Fram kemur að samningurinn gilti ekki fyrir þriðja eiganda í Skipeyri. Landamerkjunum svo lýst í skjalinu:

> úr svonefndum „Snarhól“ beina sjónhending út í Seljabrekkuhorn, að innan úr „Snarhól“ í Innstahóp og þaðan til sjáfar.[1522]

Hinn 14. mars 1923 bað Tryggvi Á. Pálsson sýslumann um að útnefndir yrðu menn til að virða eignarjörð sína Kirkjuból í Skutulsfirði.[1523]

Hinn 23. september 1919 afsalaði Tryggvi Pálsson til Hinna sameinuðu íslensku verslana strandlengju í landi Kirkjubóls. Afmörkun svæðisins er svo lýst í afsalsbréfinu:

> Að innan frá svonefndri Skipeyri og að utan að svokallaðri „Káldáreyri“, á öllu svæðinu fimtíu faðma til fjalls frá stórstraumsflóðmáli auk fjörunnar fyrir nefndu stykki eins og hún er mest við stórstraumsfjöru og þar með fylgjandi öll rjettindi til sjávar.
>
> Innan þessara takmarka eru undanskildar sölunni þær lóðir, sem áður eru orðnar lögleg eign Jóns Jónssonar húsmanns á Seljabrekkunaustum og Jóns Halldórssonar samastaðar með þeim takmörkum skyldum og rjettindum, sem heimildarbrjef þeirra kunna að innihalda.[1524]

[1517] Skjal nr. 2(672).
[1518] Skjal nr. 2(673).
[1519] Skjal nr. 2(674).
[1520] Skjal nr. 2(948).
[1521] Skjal nr. 2(223).
[1522] Skjal nr. 2(428).
[1523] Skjal nr. 2(450).
[1524] Skjal nr. 2(429).

Með afsali dagsettu 24. október 1919 seldi H. Steinthal til Hinna sameinuðu íslensku verslana 21/26 hluta úr Skipeyri.[1525]

Með kaupsamningi dagsettum 21. apríl 1927 seldu Hinar sameinuðu íslensku verslanir til bæjarstjórnar Ísafjarðar Neðstakaupstað, Skipeyri og annað á strandlengju í Kirkjubólshlíð. Afmörkun er færð inn í samninginn um Neðstakaupstað og þá eru talin upp húseignir sem þar stóðu. Um Skipeyri er vísað í eignarskjal frá 24. október 1919 um 21/26 hluta í eyrinni og loks segir um Kirkjubólshlíð, svokallaðar Naustir, byggi á eignarskjali frá 23. september 1919. Þar inni var strandlengjan frá Skipeyri og út að Kaldáreyri. Kaupverðið var 135 þús.kr.[1526]

Hinn 31. mars 1928 vottaði Sæmundur Ásgeirsson á Naustum um landspildu á Kirkjubólshlíð frá Skipeyri út að Kaldáreyri að það land væri slægnalaust. Landið væri þó fullgott til beitar fyrir kindur og stórgripi.[1527]

Við aukarétt Ísafjarðarkaupstaðar 6. mars 1928 var tekið fyrir mál Kristjönu Sigurðardóttur á Kirkjubóli gegn bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar vegna Hafnarjóðs Ísafjarðar. Ágreiningurinn snérist um forkaupsréttindi í Skipseyri og landspildu á Kirkjubólshlíð. Oddur Gíslason sýslumaður var sömuleiðis oddviti bæjarstjórnarinnar og vék því sæti í málinu.[1528] Málið var tekið fyrir að nýju við aukarétt 20. apríl 1928 þar sem það var lagt upp til dóms.[1529] Við aukarétt 19. maí 1928 var málinu svo vísað frá. Rétturinn komst að þeirri niðurstöðu að forkaupsréttur væri ekki útilokaður, en hann þyrfti að reka fyrir Eyrarhreppi, varnarþingi eignarinnar Kirkjubóls.[1530] Á fundi sáttanefndar Eyrar- og Hólssókna 18. júní 1928 var málið tekið fyrir þar sem Kristjana Sigurðardóttir krafðist þess að bæjarstjórn Ísafjarðar viðurkenndi forkaupsrétt hennar á eignum í landi Kirkjubóls í Skutulsfirði sem bæjarstjórnin hafði keypt. Sáttatilraun var árangurslaus og var málinu vísað til dómstóla.[1531] Málinu var svo framhaldið hjá sýslumanni Ísafjarðarsýslu 13., 14. og 15. júní 1929.[1532] Fjölmörg skjöl voru framlögð, s.s. sóknarskjöl dagsett 13. júní og 10. júlí 1929 og varnarskjöl 14. júní og 18. júlí 1929.[1533] Sýslumaður dæmdi í málinu 5. september sama ár og sýknaði bæjarstjórnina af kröfum Kristjönu. Í dómnum segir að sannað sé að málið hafið verið orðið fyrnt og þá var sýslumaður sammála kröfum hins stefnda um að Kristjana hafi ekki getað sett fram forkaupsrétt þar sem hún hafi ekki verið ábúandi, heldur eiginmaður hennar.[1534]

Tryggva Á. Pálssyni og Kristjönu Sigurðardóttur var hinn 4. nóvember 1936 stefnt fyrir rétt vegna skaðabóta til Þorsteins Kjarvals út af sölu á landspildu á Kirkjubólshlíð.

[1525] Skjal nr. 2(430).
[1526] Skjal nr. 2(432).
[1527] Skjal nr. 2(433).
[1528] Skjöl nr. 2(949)–2(950).
[1529] Skjal nr. 2(951).
[1530] Skjal nr. 2(952).
[1531] Skjal nr. 2(446).
[1532] Skjöl nr. 2(953)–2(955).
[1533] Skjöl nr. 2(434)–2(437).
[1534] Skjal nr. 2(956).

Tryggvi og Kristjana höfðu, með samningi dagsettum 5. mars 1935, makaskipt til Þorsteins svokallaðri Ytri-Kirkjubólshlíð, landspildu milli fjalls og fjöru sem takmarkaðist að utan af landamerkjum milli Kirkjubóls og Neðri-Arnardals en að innan af innri takmörkum eignarlóðar Þorsteins, sjónhending í hafnarmerkjastein upp af lóðinni og til fjalls í ytri rönd Naustahvilftar og þaðan í skarð í fjallsbrúninni. Einnig seldu þau Þorsteini landspildu milli fjalls og fjöru sem takmarkaðist að utan af innri lóðarmörkum Þorsteins en að innan sjóhending úr innri rönd Naustahvilftar, úr ysta gili í Hófstrengjum beina línu í stóran stein á Seljabrekku, er merktur var með þremur járnboltum og síðan heitir Merkjasteinn. Þorsteinn hafi svo byrjað að nytja landið en þegar salan hafi verið auglýst hafi honum borist erindi frá bæjarstjóranum á Ísafirði um að hann hafi ranglega eignað sér land við Sundin Naustamegin, en því svæði hafi Þorsteinn afsalað frá sér 23. september 1919 til Hinna sameinuðu íslensku verslana.[1535] Útnefndir voru þeir Matthías Ásgeirsson og Alfons Gíslason til að meta til peningaverðs tjón það sem Þorsteinn Kjarval taldi sig hafa orðið fyrir.[1536]

Landamerkjabréf um merki milli Kirkjubóls og Kirkjubæjar í Skutulsfirði er dags. 1. júlí 1940 og því var þinglýst 19. ágúst 1943. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki milli Kirkjubóls og nýbýlisins Kirkjubæjar, skulu vera eins og hér segir:
>
> Að sunnan eða innan, er það girðing sú, bein lína frá fjallshlíð ofan með innri (syðri) enda Tjarnarinnar ofan að vegi. Að vestan meðfram veginum, til norðurs, eins og girðing sú, sem nu er nær og áfram beina línu, úr þessari girðingu, út að læk þeim, sem rennur niður með stórum steini í fjörunni, svo nefndum „Þránd“ beina línu til fjalls c. 60 m., en þó svo hátt, að landið nái því að verða sú stærð sem tiltekin er í erfðafestu samningi býlisins. Að austan lína meðfram fjallshlíðinni frá um-getum merkjum, að utan, í efra horn á suðurgirðingu.
>
> Svo nefnt Höfðatún fylgir býlinu og afmarkað er af girðingu, sem í kringum það er. Stærð túns þessa er innifalið í hinu umgetna landa, sem skal vera að stærð 10 ha.
>
> Til staðfestu nafn mitt undirritað.
>
> Kirkjubóli 1. júlí 1940.
>
> Kristjana Sigurðardóttir.
>
> Kristján Söebeck
>
> Kirkjubæ.
>
> Ólafur Tryggvason.
>
> Kirkjubóli.

[1535] Skjal nr. 2(438).
[1536] Skjal nr. 2(439).

5.57.1 Kirkjubær í Skutulsfirði

Hinn 2. maí 1923 veitti Tryggvi Pálsson leyfi til Guðmundar Bjarna Árnasonar á Fossum til að hafa fulla heimild til þurrabúðarlóðanna Kirkjubæjar og Höfða. Fram kemur að Kirkjubær yrði þaðan í frá erfðafestuland.[1537]

Landamerkjabréf um merki milli Kirkjubóls og Kirkjubæjar í Skutulsfirði er dags. 1. júlí 1940 og því var þinglýst 19. ágúst 1943. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki milli Kirkjubóls og nýbýlisins Kirkjubæjar, skulu vera eins og hér segir:
>
> Að sunnan eða innan, er það girðing sú, bein lína frá fjallshlíð ofan með innri (syðri) enda Tjarnarinnar ofan að vegi. Að vestan meðfram veginum, til norðurs, eins og girðing sú, sem nu er nær og áfram beina línu, úr þessari girðingu, út að læk þeim, sem rennur niður með stórum steini í fjörunni, svo nefndum „Þránd“ beina línu til fjalls c. 60 m., en þó svo hátt, að landið nái því að verða sú stærð sem tiltekin er í erfðafestu samningi býlisins. Að austan lína meðfram fjallshlíðinni frá um-getum merkjum, að utan, í efra horn á suðurgirðingu.
>
> Svo nefnt Höfðatún fylgir býlinu og afmarkað er af girðingu, sem í kringum það er. Stærð túns þessa er innifalið í hinu umgetna landa, sem skal vera að stærð 10 ha.
>
> Til staðfestu nafn mitt undirritað.
>
> Kirkjubóli 1. júlí 1940.
>
> Kristjana Sigurðardóttir.
>
> Kristján Söebeck
>
> Kirkjubæ.
>
> Ólafur Tryggvason.
>
> Kirkjubóli.

5.58 Neðri-Arnardalur við Skutulsfjörð (Heimabær)

Hinn 18. maí 1460 seldi Einar Markússon Jóni Erlingssyni sex hundruð í Neðri-Arnardal. Landamerkjum, rekum og fleiru er svo lýst í skjalinu:

> Jnn yfer merarbæs at ofæru þeirre er þar er næst ok fram ad langa hrýgg firir nedan dalenn minna ok at þueræ þeirre at næst er arnardalnum minna j mille ok murtaselia ok jnn at brudarhamre j mille sudawikr ok arnardals. sagdizst fýr nefndr einar markusson huorke hafa sellt ne gefid nockorum manne j þessu greindu takmarke nema adr greindum jone ellingssyne fýr greind sex hundrut j þesse jordu arnardal.
>
> Jtem sellde opt nefndr einar [med samþýcke gro jonsdottr konu sinnar) tittnefndum jone þratt nefndan jardar part wndan sier ok sinum erfingium enn under jon ok hans erfingia med ollum þeim gognum ok giædum. Rekum ok hlunendum bædi til fiallz ok fioru jafnwel ok þæ peninga sem finnazst kann j jordu edr æ sem jordunne hefur fýlgt at fornu ok nýigio ok hann hefur fremszt ordit at eigandi j millum fyr greindra takmarka. Skyllde þratt nefndr jon hafa tueggia manna jferd j saulfafioru enn einar sex manna jferd ok þeir at auke sem saul fæera wndan sio eitt skip j arnarnese ok skal jon taka alla tolla af þui huerso marger sem æ roa ok þar med navst ok kro ok hiall. hier j mote skal einar hafa þriu skip ok taka alla tolla af þeim ok þar med þria hialla ok þriu naust ok þriar krær. Hafde jon j sinn hlut j taudum partenn nordr fra fioslæk jnnan gardz

[1537] Skjal nr. 2(431).

> allan wpp ok ofan fios [med haugstad) ok gard nordr fra med ollum wnderstaudum. badstofu ok forbadstofu þar wm þuert sudr ýfer hus þat sem næst er heimelikt) med þeim grund[uoll) sem þar til heýrer enn einar allar ædrar) taudr ok hus. skal þat hafa huor af selum sem drepid geta ok skal jon hafa wte eitt neth enn einar þriv neth ok þar leggia sem will af huors hendi. skal jon hafa enn fiorda part ollum Reka ok suo af flutningshuaulum.[1538]

Hinn 9. júní 1461 seldu Einar Markússon og Gró Jónsdóttir Ólöfu Loptsdóttur og Birni Þorleifssyni jörðina Arnardal hinn meiri, að fráteknum sex hundruðum sem áður voru seld Jóni Erlingssyni, fyrir jörðina Hanhól í Bolungarvík. Landamerkjum Arnardals er þannig lýst í bréfinu:

> enn oppt nefndur einar sagde þesse landamerke æ jordune ad brvdarhamre j mille sudavikur ok arnardals enn j mille kirkiubols ok arnardals jnn ad steinenum firer jnan sialfan merarbas. en æ mille arnardalana nedan fra sionvm skilur langahryg(g)ur. þa æ enn minne arnardaluren fram þadan ad þvera firer nedan mvrtasel.[1539]

Hinn 27. desember 1474 samþykktu Ingibjörg Hákonardóttir og Erlingur Jónsson sonur hennar sölu Jón Erlingssonar á jarðarparti í Neðri-Arnardal til Halldórs Hákonarsonar, bróður Ingibjargar.[1540]

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til dóttur hennar Birgittu Jónsdóttur þannig að hún fékk Arnardali, Breiðaból og Bakka.[1541]

Hinn 5. júlí 1672 seldi Páll Torfason, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, Birni Magnússyni sýslumanni hálft Svínavatn, allar jarðirnar Torfastaði og Barkastaði í Svartárdal, hálft Gil í Borgarsveit og hálfa Gaukstaði, 10 hundruð að dýrleika. Hér á móti greiddi Björn Magnússon Arnardalina báða, Tungu í Skutulsfirði, Seljaland í Skutulsfirði og Kleifar í Skötufirði, sex hundruð að dýrleika.[1542]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Neðri-Arnardal við Skutulsfjörð:

> **Arnardalur nedre.**
>
> Bænhús er hjer, en ekki hefur hjer messa súngin verið í manna minni.
>
> Þessari jörðu er sundur skift í 3 bæi, og er heimabærinn helmíngur allrar jarðarinnar, hinir bæirnir tveir er annar helmíngurinn, fjórðúngur allrar jarðarinnar hvör um sig, og hafa þeir sín nöfn út af, en heimabærinn beheldur bæjarnafninu.
>
> Jörðin er öll xxiiii hndr. að dýrleika, en heimabærinn xii hndr. og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn áðurnefndur Páll Torfason.
>
> Ábúendur Jón Jónsson á vi hndr., Hlaðgerður Gunnarsdóttir á vi hndr.
>
> […]
>
> **Ytrehus,** og so kallaður **Arabær.** Þetta er fjórði partur jarðarinnar, hefur í fyrstu verið hjáleiga, bygð úr heimatúninu fyrir 18 árum, að öllu leyti óúrskift, nema hvað leiguliðar deila sín í milli.

[1538] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 210–211, skjal nr. 4(216).
[1539] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 231–233, skjal nr. 4(209).
[1540] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 772–773, skjal nr. 4(217).
[1541] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
[1542] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 168, skjal H-22.

Dýrleikinn vi hndr., og so tíundast.

Ábúandinn Ari Sigmundsson.

[…]

Fremrehus. Þetta er sá þriðji bærinn bygður fyrir manna minni við heimatúnið, og er þessi og so talin fjórðúngur allrar jarðarinnar, að dýrleika vi hndr., og so tíundast.

Ábúandinn Jón Bjarnason.

[…]

Torfrista og stúnga engin nýtileg. Hrísrif og lýngrif lítið. Silúngsveiði lítil í Arnardalsá. Grasatekja lítil. Rekavon lítil, heppnast sjaldan, og nýtur landsdrottinn þess, ef nokkuð uppber. Sölvafjara næg fyrir heimamenn, brúkast þó ei. Utigángur í fjörunni í betra lagi. Selstöðu brúkar jörðin í Fremra Arnardals landi, vide supra Fremra Arnardal.

Túnið er mjög hart og graslítið. Engjar hafa mjög fordjarfast af skriðum og Arnardalsá með landbroti og grjóts og sands áburði. Kirkjuvegur torsóktur þegar að amar yfir Skutilsfjörð.

Heimræði er hjer ár um kríng og lendíng góð, og gánga skip ábúanda so mörg sem þeir fá við komið.

Trader heitir ein búð, sem engin grasnyt fylgir, bygð fyrir 7 eða 8 árum inn frá heimatúninu skamt frá sjónum, þar sem ekki hafði bygð verið.

[…]

Skip landsdrottins gengur hjer eitt árið um kríng á sjálfs hans kost, en ekki eru ábúendur skyldugir á því að róa nema Ari, og er hann formaðurinn og tekur hann formannskaup so sem þeir verða ásáttir. Stundum hafa hjer gengið fleiri skip landsdrottins.

Skatnanes. Verstaða hjer í landinu og er hjer ein búð, og gengið áður eitt skip með venjulegum vertolli, sem var ii fjórðúngar af hverjum manni, sem á skipinu reru.

Arnarnes. Önnur verstaða. Þar hafa verið 3 búðir, nú eru tvær affallnar, ein stendur eftir. Þar gengu flest iii skip en eitt í fyrra vor. Vertollur sem áður segir 2 fjórðúngar fiska af hverjum manni, sem á skipunum reru, hálfu minna þá lítið aflaðist.

Bjarnareyre. Þriðja verstaða. Þar hafa verið 2 búðir, sem af eru fallnar. Fyrir nokkrum árum gengu hjer ii skip, þegar búðirnar voru uppi, með sama vertoll og áður segir.

Hafner. Fjórða verstaða. Þar hafa verið iiii búðir eður v, og hefur skip fylgt hverri að fornu. Ekki hafa hjer gengið utan 2 skip í 20 ár og stundum ekki utan eitt. Vertollur er hinn sami, 2 fjórðúngar fiska af hverjum manni þegar vel aflaðist, ella einn fjórðúngur þá lítið fiskaðist.

Skipverjarnir sjálfir bygðu upp þessar búðir á sinn kost, en höfðu af landinu hnaus og torf og til eldiviðar það sem þeir gátu nýtt sjer þar nálægt af hrísi eður litlu lýngi.[1543]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Neðri-Arnardals í Skutulsfirði metinn 24 hundruð. Með í matinu voru hjáleigurnar Ytri-Hús og Fremri-Hús en eigandi jarðarinnar var Jón Ásgeirsson prófastur.[1544]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 18. júlí 1823 var upplesið afsal, dagsett 17. maí 1819, þar sem Ólafur Matthíasson seldi fimm hundruð og 30 álnir í Arnardal við Skutulsfjörð til Páls Halldórssonar hreppstjóra fyrir 210 ríkisbankadali.[1545]

[1543] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 166–169, skjal H-12.
[1544] Skjal nr. 2(141).
[1545] Skjal nr. 2(959).

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Neðri-Arnardalur við Skutulsfjörð metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon hér hjáleigur, Ytrahús eða Árbæ og Fremrahús, sem báðar voru í byggð árið 1805, en nú sé hvorug nefnd.[1546]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Neðri-Arnardal og Ytri-Hús:

> 4. Arnardalur nedri og Ytrihús: þar er einkum til baga, slægna – og eldividar leysí mikid og árensli á úthaga spilla mjóg kostum þessarar jardar sem ekki eru adrir enn heimrædi og nokkur fjórubeit.[1547]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 288 ríkisbankadali. Þá segir að jörðin Ytri-Arnardalshús hafi verið metin á 145.[1548]

Með kaupbréfi dagsettu 14. ágúst 1879 seldi Halldór Halldórsson bóndi í Arnardal fjögur hundruð að fornu mati í Neðri-Arnardal í Eyrarhreppi til M. P. Riis verslunarfulltrúa á Ísafirði.[1549]

Með kaupbréfi dagsettu 20. nóvember 1879 seldi M. P. Riis verslunarfulltrúi á Ísafirði fjögur hundruð að fornu mati í Neðri-Arnardal í Eyrarhreppi til Katarínusar Sæmundssonar í Arnardal.[1550]

Með kaupbréfi dagsettu 19. mars 1884 seldi Halldór Halldórsson í Arnardal stykki af túni Arnardals neðst við sjó, 40 álnir að lengd og 15 álnir að breidd, til Jens Arnbjörnssonar.[1551]

Landamerkjalýsing jarðarinnar Neðri-Arnardals er dagsett 12. júlí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing í Hnífsdal 8. júní 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing jarðarinnar Arnardals neðri í Eyrarhreppi.
>
> Hér með kunngjörast landamerki jarðarinnar Arnardals neðri:
>
> 1, Milli Súðavíkur og Arnardals er svo kallaður Brúðarhamar (klettur, sem liggur í sjó fram) í Súðavík innan til við svo kallað Bjarg í fjallsbrún.
>
> 2, Milli Arnardals efri og Arnardals neðri er steinn stór við ána (Arnardalsá), sem kallast Murti, og er fremur Arnardals megin við ána fram á móti svo kölluðum Dýrahrygg. Þessi merki ná þar þvert upp og að svo kölluðum Brúnagötum uppi á brúnabörðunum þar langt fram göturnar og eptir svo kölluðum Langahjalla fram í dalbotn (eða svokallaða Skák), og að neðanverðu er svokallaður Langihryggur landamerki milli téðra jarða, og á neðri Arnardalur að Langahrygg fremur Arnardalsmegin við ána.
>
> 3, Milli Kirkjubóls og Arnardals neðri er merki svokallaður Stóri-Bás (innsti kletturinn af Stóru-Básum á Kirkjubólshlíð, og þar þvert upp í fjallsbrún.
>
> Arnardal, 12. Júlí 1884.

[1546] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1547] Skjal nr. 2(159).
[1548] Skjal nr. 2(170).
[1549] Skjal nr. 2(675).
[1550] Skjal nr. 2(676).
[1551] Skjal nr. 2(677).

> Katarínus Sæmundsson. Hjalti Sveinsson Súðavík Jón Sigurðsson Jón Sæmundsson Jón Halldórsson Kirkjubóli Guðjón Jónsson.
>
> Vér áður taldir vonum eptir, að þeir, er eiga land að okkar landi, hjálpi til að klöppuð verði nöfn á, þar sem steinar eru landamerki.[1552]

Hinn 2. mars 1886 seldi Jón Halldórsson í Arnardal fimm hundruð að fornu mati í Neðri-Arnardal í Eyrarhreppi til Teits Jónssonar gestgjafa á Ísafirði.[1553]

Hinn 27. júlí 1886 gaf Katarínus Sæmundsson bóndi í Arnardal syni sínum Guðmundi Sigurgeiri Katarínussyni tvö hundruð að fornu mati í Neðri-Arnardal.[1554]

Hinn 27. júlí 1886 gaf Katarínus Sæmundsson bóndi í Arnardal syni sínum Sæmundi Katarínussyni tvö hundruð að fornu mati í Neðri-Arnardal.[1555]

Hinn 23. desember 1886 kunngjörði Skúli Thoroddsen sýslumaður Ísafjarðarsýslu með afsalsbréfi að fimm hundruð að fornu mati í Neðri-Arnardal í Eyrarhreppi hafi á uppboði þann 23. nóvember 1886 verið seld hæstbjóðanda, Jóni Sigurðssyni bónda í Arnardal.[1556]

Hinn 21. júlí 1887 seldi K. Sæmundsson fjögur hundruð að fornu mati í Neðri-Arnardal til Árna Jónssonar, sem keypti fyrir hönd verslunar Á. Ásgeirssonar á Ísafirði. Seljandi hafði áður gefið sonum sínum, Guðmundi og Sæmundi, nefnd hundruð með gjafabréfum dagsettum 27. júlí 1886. Afsalsbréfið var innkomið til þinglýsingar 14. maí 1888.[1557]

Með byggingarbréfi, dagsettu 21. júlí 1887 veitti Árni Jónsson faktor á Ísafirði Katarínusi Sæmundssyni bónda í Arnardal ábýlisrétt á 10 hundruðum í Arnardal. Byggingarbréfið var þinglesið 15. maí 1888.[1558]

Landamerkjabréf um landamerki milli jarðanna Neðri-Arnardals og Fremri-Arnardals við Skutulsfjörð er dagsett 14. maí 1890 en það var þinglesið 16. maí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki milli Arnardals fremri og Arnardals neðri.
>
> Arnardalur fremri á að neðanverðu úr ánni beina leið í neðri brún á Langahrigg upp í fjallsbrún, svo frameptir ánni í stein, svo kallaðan „Murtu“ við ána; frá Murtu sjónhending upp í Brúnagötur, eptir Brúnagötuꝛ í Þverá, frá Þverá eptir Langahjalla fram í dalbotn og upp á fjalls brún og heim eptir fjallsbrúninni gengt Langahrygg.
>
> Arnardal fremri 14/5 1890
>
> Jón Sæmundsson Katarínus Sæmundsson
>
> Árni Jónsson fyrir hönd Asgeirsverzlunar á Ísafirði
>
> Hildur Jakobsdóttir handsalað
>
> Jón Sigurðsson Sveinb. Einarsson

[1552] Skjal nr. 2(58).
[1553] Skjal nr. 2(680).
[1554] Skjal nr. 2(678).
[1555] Skjal nr. 2(679).
[1556] Skjal nr. 2(681).
[1557] Skjal nr. 2(683).
[1558] Skjal nr. 2(682).

Halldór Halldórsson

Bárður Hagalín Jóhannesson[1559]

Með kaupbréfi dagsettu 20. janúar 1892 seldi Árni Jónsson faktor, fyrir hönd verslunar Á. Ásgeirssonar, 12 hundruð að fornu mati í Neðri-Arnardal til Gests Guðmundssonar á Gesthúsum á Snæfjallaströnd. Kaupbréfið var þinglesið 3. júlí 1899.[1560]

Hinn 12. maí 1892 seldi Hildur Jakobsdóttir ekkja í Arnardal tvö hundruð að fornu mati í Neðri-Arnardal til verslunar Leonh Tangs á Ísafirði. Afsalsbréfið var þinglesið 24. maí sama ár.[1561]

Hinn 16. maí 1892 seldi Sophus J. Nielsen, fyrir hönd verslunar Leonh Tangs á Ísafirði, tvö hundruð að fornu mati í Neðri-Arnardal til Jóns Sigurðssonar í Arnardal. Afsalsbréfið var þinglesið 24. maí sama ár.[1562]

Við manntalsþing að Hauganesi 9. júní 1911 var þinglesið afsalsbréf Guðmundar Gestssonar fyrir sex hundruðum í Arnardal, dagsett 22. október 1910. Kaupverðið var 1.800 kr.[1563]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Neðri-Arnardals við Skutulsfjörð (Heimabæjar) að þau hafi verið þinglesin. Þá segir að jörðin hafi átt upprekstrarland en haft af því engar tekjur. Jörðin var metin á 5.800 kr. en að meðtöldum Ytri-Húsum og Fremri-Húsum var matið samtals 9.600 kr. Eigendur jarðarinnar voru nokkrir.[1564]

Hinn 14. mars 1936 seldi Sigurður Þorvarðsson Sveini Sigurðssyni 12 hundruð í jörðinni Neðri-Arnardal (Heimabæ) fyrir 10 þús.kr.[1565]

Hinn 5. ágúst 1940 voru tekin fyrir landskipti milli Heimabæjar, Fremri-Húsa og Ytri-Húsa í Arnardal. Eigendur þeirra voru Sveinn Sigurðsson eigandi Heimabæjar, Hermann Þorsteinsson eigandi Fremri-Húsa og Höskuldur Árnason eigandi Ytri-Húsa. Eigendur voru sammála um að skipta upp þessu landi:

> Að innan takmarkast landið af Miðbás og upp í hlíðina eins og ræktanlegt land nær, út með hlíðinni fyrir rönd inn að Langahrygg. Þaðan ræður Arnardalsá fram í Rauðholt austan árinnar, þar upp í hlíðina eins og engjar og ræktanlegt land nær, út með hlíðinni alt til sjávar við Arnarnestá. Þaðan ræður stórstraumsfæðarmál inn að Miðbás Ennfremur komi til skifta uppsátur. Á landi því sem framan greinir koma einnig til skifta allar þeirra búðarlóðir. Alt land utan þessara takmarkalínu verður eigi tekið til skifta við þessi landaskifti.[1566]

[1559] Skjal nr. 2(59).
[1560] Skjal nr. 2(686).
[1561] Skjal nr. 2(684).
[1562] Skjal nr. 2(685).
[1563] Skjal nr. 2(920).
[1564] Skjöl nr. 2(224) og 2(347).
[1565] Skjal nr. 2(440).
[1566] Skjal nr. 2(87).

Ákvarðanir um hvað teldist ræktanlegt land fólu aðilar Pálma Einarssyni, ráðunaut Búnaðarfélagi Íslands, að ákveða. Ákveðið var að hann myndi mæla og kortleggja framanskráð land og var skiptunum frestað að sinni.[1567]

Hinn 7. september 1945 var fram haldið skiptum á jörðunum Ytri-Húsum, Heimabæ og Fremri-Húsum í Arnardal sem hófust 5. ágúst 1940. Fyrir fundinum lá kort yfir landið sem skipta átti. Unnið var að mælingu og merkingu landsins 7., 9. og 12. september og lauk þeim þann dag. Skiptin urðu eftirfarandi:

> Fyrst var skift landi öllu austan Arnardalsár, þannig:
>
> Ytrihús fær land frá Arnarnestá að girðingu á túnamotum Ytrihúsa og Heimabæjar beina línu frá sjó, eftir girðingunni og í þoll ca 220 m. fyrir ofan Heimabæjartún, er þollurinn merktur I. Stærð landsins er ca 9,36 ha.
>
> Heimabær fær land frá landi Ytrihúsa að ánni og upp með henni að girðingu á túnamotum Heimabæjar og Fremrihúsa og beinni línu í stefnu þeirrar girðingar í þoll I áður nefndan Stærð ca 7,49 ha
>
> Fremrihús fær land frá landi Heimabæjar fram með ánni að fremri (syðri) girðingu nýbýlsins Holt, og beina sjónhendingu í þoll merktan II, sem er ca 116 m. fyrir ofan girðinguna Stærð ca 18,25 ha.
>
> Heimabær fær land þaðan ca 670 m fram með ánni í þolla merkta III Stærð ca 30,82 ha.
>
> Ytrihús fær land það ca 350 m fram með ánni í þolla merkta IV Stærð ca 10,92 ha.
>
> Fremrihús fær land þaðan ca 240 m fram í þolla merkta V Stærð ca 6,48 ha
>
> Ytrihús fær land þaðan ca 120 m. fram í þolla merkta VI Stærð ca. 3,0 ha
>
> Heimabær fær land þaðan ca 1410 m. fram í þolla merkta VII Stærð ca 15.62 ha
>
> Fremrihús fær land þaðan ca 280 m. fram í þolla merkta VIII. Stærð ca 5,04 ha
>
> Ytrihús fær land þaðan fram í Rauðholt. Stærð ca 4.33 ha
>
> Merkjaþollar merktir III til VIII eru tveir af hverkju merki og eru landamerkjalínur bein sjónhending milli þollanna sem hafa sama merki stendur annar við ána en hinn efst í landinu sem skift hefir verið.
>
> Þá hefir öllu landi austan árinnar verið skift.
>
> Áskilið er af ollum landeigendum að gata eða vegur megi liggja um allt hið skifta land
>
> Því næst var skift öllu landi vestan árinnar þannig:
>
> Heimabær fær land frá ánni inn með fjörunni í þoll ~~IV~~ merktan IV. þaðan sjónhending í þoll merktan V. sem er við ána. Í þessu landi fá hinar jarðirnar land upp af vörunum að Ísafjarðarvegi takmarkast það land frá austri til vesturs þannig:
>
> Ytrihús fær land upp af miðvör frá þollum merktum I ~~og~~ vestur að þollum merktum II
>
> Fremrihús fær land upp af syðstuvör frá þollum merktum II vestur að þollum merktum III
>
> Þollar þessi eru tveir af hverju merki og stendur annar við sjóinn en hinn við veginn áðurnefndan
>
> Stærð Heimabæjarlands er ca 4,34 ha
>
> Stærð Ytrihúsalands „ „ 0.27 ha

[1567] Skjal nr. 2(87).

> Stærð Fremrihúslands „ „ 0.27 „
>
> Ytrihús fær þá land frá þollum merktum IV og V áður nefndum ca 100 m. vestur að þollum merktum VI og VII. Er þollur VI við sjóinn en þollur VII ca 320 m ofar Stærð ca 3.2 ha
>
> Fremri-hús fær land frá þessu landi Ytrihúsa ca 226 m vestur að þollum merktum VIII og IX. Er þollur VIII við sjóinn en þollur IX í beinni línu við þolla merkta V og VII áðurnefnda Stærð ca 7.23 ha
>
> ~~Heimabær fær land frá þessu landi Fremrihúsa vestur að Miðbás Stærð ca 10.6 ha~~
>
> Ytrihús fær land frá þessu landi Fremrihúsa ca 145 m. vestur að þollum merktum X stendur annar við sjóinn en hinn efst í því skifta landi. Stærð ca 4,2 ha.
>
> Heimabær fær land þaðan vestur að Miðbás Stærð ca 10.6 ha.
>
> Þá er komið að innstu takmörkum landsins sem skifta skal. Er þá eftir landið fram með ánni að vestan frá þolli merktum V áður nefndum, og er því skift þannig:
>
> Ytrihús fær land frá beinni línu eftir þollum merktum V, VII og IX áður nefndum fram með ánni ca 290 m. að þollum ~~XI~~ merktum XI Stærð ca 7,5 ha
>
> Heimabær fær land þaðan ca 690 m. að þollum merktum XII Stærð ca 15,87 ha.
>
> Fremrihús fær land þaðan og að Langahrygg Stærð 5,76 ha
>
> Merkjaþollar þessir eru tveir með hvoru merki og er annar við ána en hinn efst í hinu skifta landi þá hefir öllu landi verið skift sem ákveðið var þegar skifti hófust. Allt land utan þessara takmarka sem nefnd hafa verið hér að framan og tilheyra nefndum jörðum er óskift, svo sem beitarland og fjara utan takmarkana.[1568]

5.58.1 Fremri-Hús í Arnardal við Skutulsfjörð

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 er fjallað um Fremri-Hús sem bæ sem byggður var við heimatún Neðri-Arnardals. Þar segir eftirfarandi:

> **Fremrehus.** Þetta er sá þriðji bærinn bygður fyrir manna minni við heimatúnið, og er þessi og so talin fjórðúngur allrar jarðarinnar, að dýrleika vi hndr., og so tíundast.
>
> Ábúandinn Jón Bjarnason.
>
> […]
>
> Torfrista og stúnga engin nýtileg. Hrísrif og lýngrif lítið. Silúngsveiði lítil í Arnardalsá. Grasatekja lítil. Rekavon lítil, heppnast sjaldan, og nýtur landsdrottinn þess, ef nokkuð uppber. Sölvafjara næg fyrir heimamenn, brúkast þó ei. Utigángur í fjörunni í betra lagi. Selstöðu brúkar jörðin í Fremra Arnardals landi, vide supra Fremra Arnardal.
>
> Túnið er mjög hart og graslítið. Engjar hafa mjög fordjarfast af skriðum og Arnardalsá með landbroti og grjóts og sands áburði. Kirkjuvegur torsóktur þegar að amar yfir Skutilsfjörð.
>
> Heimræði er hjer ár um kríng og lendíng góð, og gánga skip ábúanda so mörg sem þeir fá við komið.[1569]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Neðri-Arnardals í Skutulsfirði metinn 24 hundruð. Með í matinu voru hjáleigurnar Ytri-Hús og Fremri-Hús en eigandi jarðarinnar var Jón Ásgeirsson prófastur.[1570]

[1568] Skjal nr. 2(88).
[1569] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 167–168, skjal H-12.
[1570] Skjal nr. 2(141).

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 14. mars 1812 var upplesið kaupbréf, dagsett 2. september 1811, fyrir fimm hundruðum í Fremri-Húsum í Arnardal fyrir 160 ríkisdali. Seljandi var Ólafur Matthíasson en kaupandi var Jón Jónsson faktor.[1571]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 segir í neðanmálsgrein um jörðina Fremri-Arnardal að Árni Magnússon hafi talið með henni hjáleiguna Fremrahús. Hún er ekki metin sérstaklega í *Jarðatali* Johnsens en jörðin Fremri-Arnardalur var metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[1572]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Fremri-Arnardalshús var metin á 145 ríkisbankadali.[1573]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Neðri-Arnardals við Skutulsfjörð að þau hafi verið þinglesin. Þá segir að jörðin hafi átt upprekstrarland en haft af því engar tekjur. Jörðin var metin með Ytri-Húsum, Fremri-Húsum og Heimabæ á 9.600 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[1574] Þá er í fasteignamatinu einnig tekin fyrir jörðin Fremri-Hús en um landamerki hennar segir að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 2.300 kr. Eigandi hennar var Jóhanna Þorleifsdóttir. Fram kemur að jörðin var með upprekstrarland en engar tekjur.[1575]

Við manntalsþing að Hnífsdal 3. júlí 1922 var þinglesið byggingarbréf Katarínusar Jónssonar á Fremri-Húsum í Arnardal frá Jóhönnu Þorleifsdóttur, dagsett 31. janúar 1920. Þessu byggingarbréfi mótmælti Kjartan B. Guðmundsson hreppstjóri, sem umboðsmaður Halldórs Jónssonar og einnig með skírskotun til mótmæla sem fram voru komin á skiptafundi vegna dánarbús Jóhönnu Þorleifsdóttur.[1576]

Hinn 5. ágúst 1940 voru tekin fyrir landskipti milli Heimabæjar, Fremri-Húsa og Ytri-Húsa í Arnardal. Eigendur þeirra voru Sveinn Sigurðsson eigandi Heimabæjar, Hermann Þorsteinsson eigandi Fremri-Húsa og Höskuldur Árnason eigandi Ytri-Húsa. Eigendur voru sammála um að skipta upp þessu landi:

> Að innan takmarkast landið af Miðbás og upp í hlíðina eins og ræktanlegt land nær, út með hlíðinni fyrir rönd inn að Langahrygg. Þaðan ræður Arnardalsá fram í Rauðholt austan árinnar, þar upp í hlíðina eins og engjar og ræktanlegt land nær, út með hlíðinni alt til sjávar við Arnarnestá. Þaðan ræður stórstraumsfæðarmál inn að Miðbás Ennfremur komi til skifta uppsátur. Á landi því sem framan greinir koma einnig til skifta allar þeirra búðarlóðir. Alt land utan þessara takmarkalínu verður eigi tekið til skifta við þessi landaskifti.[1577]

Ákvarðanir um hvað teldist ræktanlegt land fólu aðilar Pálma Einarssyni, ráðunaut Búnaðarfélagi Íslands, að ákveða. Ákveðið var að hann myndi mæla og kortleggja framanskráð land og var skiptunum frestað að sinni.[1578]

[1571] Skjal nr. 2(743).
[1572] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1573] Skjal nr. 2(170).
[1574] Skjal nr. 2(224).
[1575] Skjal nr. 2(348).
[1576] Skjal nr. 2(921).
[1577] Skjal nr. 2(87).
[1578] Skjal nr. 2(87).

Hinn 7. september 1945 var fram haldið skiptum á jörðunum Ytri-Húsum, Heimabæ og Fremri-Húsum í Arnardal sem hófust 5. ágúst 1940. Fyrir fundinum lá kort yfir landið sem skipta átti. Unnið var að mælingu og merkingu landsins 7., 9. og 12. september og lauk þeim þann dag. Skiptin urðu eftirfarandi:

> Fyrst var skift landi öllu austan Arnardalsár, þannig:
>
> Ytrihús fær land frá Arnarnestá að girðingu á túnamotum Ytrihúsa og Heimabæjar beina línu frá sjó, eftir girðingunni og í þoll ca 220 m. fyrir ofan Heimabæjartún, er þollurinn merktur I. Stærð landsins er ca 9,36 ha.
>
> Heimabær fær land frá landi Ytrihúsa að ánni og upp með henni að girðingu á túnamotum Heimabæjar og Fremrihúsa og beinni línu í stefnu þeirrar girðingar í þoll I áður nefndan Stærð ca 7,49 ha
>
> Fremrihús fær land frá landi Heimabæjar fram með ánni að fremri (syðri) girðingu nýbýlsins Holt, og beina sjónhendingu í þoll merktan II, sem er ca 116 m. fyrir ofan girðinguna Stærð ca 18,25 ha.
>
> Heimabær fær land þaðan ca 670 m fram með ánni í þolla merkta III Stærð ca 30,82 ha.
>
> Ytrihús fær land það ca 350 m fram með ánni í þolla merkta IV Stærð ca 10,92 ha.
>
> Fremrihús fær land þaðan ca 240 m fram í þolla merkta V Stærð ca 6,48 ha
>
> Ytrihús fær land þaðan ca 120 m. fram í þolla merkta VI Stærð ca. 3,0 ha
>
> Heimabær fær land þaðan ca 1410 m. fram í þolla merkta VII Stærð ca 15.62 ha
>
> Fremrihús fær land þaðan ca 280 m. fram í þolla merkta VIII. Stærð ca 5,04 ha
>
> Ytrihús fær land þaðan fram í Rauðholt. Stærð ca 4.33 ha
>
> Merkjaþollar merktir III til VIII eru tveir af hverkju merki og eru landamerkjalínur bein sjónhending milli þollanna sem hafa sama merki stendur annar við ána en hinn efst í landinu sem skift hefir verið.
>
> Þá hefir öllu landi austan árinnar verið skift.
>
> Áskílið er af ollum landeigendum að gata eða vegur megi liggja um allt hið skifta land
>
> Því næst var skift öllu landi vestan árinnar þannig:
>
> Heimabær fær land frá ánni inn með fjörunni í þoll ~~IV~~ merktan IV. þaðan sjónhending í þoll merktan V. sem er við ána. Í þessu landi fá hinar jarðirnar land upp af vörunum að Ísafjarðarvegi takmarkast það land frá austri til vesturs þannig:
>
> Ytrihús fær land upp af miðvör frá þollum merktum I ~~og~~ vestur að þollum merktum II
>
> Fremrihús fær land upp af syðstuvör frá þollum merktum II vestur að þollum merktum III
>
> Þollar þessi eru tveir af hverju merki og stendur annar við sjóinn en hinn við veginn áðurnefndan
>
> Stærð Heimabæjarlands er ca 4,34 ha
>
> Stærð Ytrihúsalands „ „ 0.27 ha
>
> Stærð Fremrihúslands „ „ 0.27 „
>
> Ytrihús fær þá land frá þollum merktum IV og V áður nefndum ca 100 m. vestur að þollum merktum VI og VII. Er þollur VI við sjóinn en þollur VII ca 320 m ofar Stærð ca 3.2 ha

> Fremri-hús fær land frá þessu landi Ytrihúsa ca 226 m vestur að þollum merktum VIII og IX. Er þollur VIII við sjóinn en þollur IX í beinni línu við þolla merkta V og VII áðurnefnda Stærð ca 7.23 ha
>
> ~~Heimabær fær land frá þessu landi Fremrihúsa vestur að Miðbás Stærð ca 10.6 ha~~
>
> Ytrihús fær land frá þessu landi Fremrihúsa ca 145 m. vestur að þollum merktum X stendur annar við sjóinn en hinn efst í því skifta landi. Stærð ca 4,2 ha.
>
> Heimabær fær land þaðan vestur að Miðbás Stærð ca 10.6 ha.
>
> Þá er komið að innstu takmörkum landsins sem skifta skal. Er þá eftir landið fram með ánni að vestan frá þolli merktum V áður nefndum, og er því skift þannig:
>
> Ytrihús fær land frá beinni línu eftir þollum merktum V, VII og IX áður nefndum fram með ánni ca 290 m. að þollum ~~XI~~ merktum XI Stærð ca 7,5 ha
>
> Heimabær fær land þaðan ca 690 m. að þollum merktum XII Stærð ca 15,87 ha.
>
> Fremrihús fær land þaðan og að Langahrygg Stærð 5,76 ha
>
> Merkjaþollar þessir eru tveir með hvoru merki og er annar við ána en hinn efst í hinu skifta landi þá hefir öllu landi verið skift sem ákveðið var þegar skifti hófust. Allt land utan þessara takmarka sem nefnd hafa verið hér að framan og tilheyra nefndum jörðum er óskift, svo sem beitarland og fjara utan takmarkana.[1579]

5.59 Fremri-Arnardalur við Skutulsfjörð

Hinn 26. ágúst 1511 var eignum Sólveigar Björnsdóttur skipað og skipt til dóttur hennar Birgittu Jónsdóttur þannig að hún fékk Arnardali, Breiðaból og Bakka.[1580]

Hinn 5. júlí 1672 seldi Páll Torfason, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, Birni Magnússyni sýslumanni hálft Svínavatn, allar jarðirnar Torfastaði og Barkastaði í Svartárdal, hálft Gil í Borgarsveit og hálfa Gaukstaði, 10 hundruð að dýrleika. Hér á móti greiddi Björn Magnússon Arnardalina báða, Tungu í Skutulsfirði, Seljaland í Skutulsfirði og Kleifar í Skötufirði, sex hundruð að dýrleika.[1581]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Skutulsfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Fremri-Arnardal við Skutulsfjörð:

> **Arnardalur fremre.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn Páll Torfason að Núpi í Dýrafirði.
>
> Ábúendur Jón Jónsson á vi hndr., Þorlákur Magnússon á vi hndr.
>
> […]
>
> Torfrista og stúnga engin nýtanleg. Lýngrif og fjalldrapi lítið til eldiviðar. Silúngsveiði lítil í Arnardalsá. Grasatekja valla teljandi.
>
> Munnmæli eru að jörðin eigi 6 vikna beit fyrir 60 fjár í Neðri Arnardals fjöru, og hafi Neðri Arnardalur átt að hafa selstöðu aftur í þessarar jarðar landi. Selstaðan brúkast en beitin ei.
>
> Engjarnar hafa spilst stórlega af grjóts áburði úr Arnardalsá so og af smáskriðum úr brattlendi. Vatnsból bregðst á vetur, og er þá erfiður vatnsvegur. Kirkjuvegur oft

[1579] Skjal nr. 2(88).
[1580] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 358–360, skjal nr. 4(165).
[1581] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 168, skjal H-22.

> torsóktur yfir Skutulsfjörð. Hreppamannaflutníngur að Kirkjubóli lángur og leiður. Hætt er bænum fyrir snjóflóðum og hefur þetta snjóflóð fyrir 9 árum tekið 3 bæjarhúsið, þó grandaði ei fólkinu.[1582]

Við manntalsþing að Þingeyri 2. maí 1800 var upplesin skrifleg eftirgjöf Jóns Eggertssonar á Álftamýri, dagsett 17. ágúst 1799, á brigðarétti hans til Torfa Grímssonar vegna hálflendunnar Fremri-Arnardals fyrir útborgaða 10 ríkisdali.[1583]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Fremri-Arnardals í Skutulsfirði metinn 12 hundruð. Eigendur jarðarinnar var Valgerður Markúsdóttir á Garðstöðum í Ögursveit og Pétur Sigurðsson á Lambadal.[1584]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 26. júní 1821 var upplesið afsal, dagsett 20. febrúar sama ár, hvar Pétur Sigurðsson á Hjarðardal seldi sex hundruð í Fremri-Arnardal til Johnsens faktors á Ísafirði fyrir 48 spesíur og 120 ríkisdali gamla smácourant.[1585]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 18. júlí 1823 var upplesið afsal, dagsett 17. maí 1819, þar sem Ólafur Matthíasson seldi fimm hundruð og 30 álnir í Arnardal við Skutulsfjörð til Páls Halldórssonar hreppstjóra fyrir 210 ríkisbankadali.[1586]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Fremri-Arnardalur við Skutulsfjörð metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon taldi hér með hjáleigurnar Ytrahús eða Árbæ og Fremrahús.1587

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Fremri-Arnardal:

> 3. Arnardalur fremri: slægnaleysi og tóluverdt vetrarríki eru jórd þessari ekki lítid til meins.[1588]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 288 ríkisbankadali.[1589]

Við manntalsþing að Eyri í Skutulsfirði 24. maí 1852 var þinglesið afsalsbréf þar sem A. Halldórsson seldi Fremri-Arnardalshús, fimm hundruð, til Þorleifs Helgasonar fyrir 250 ríkisbankadali.[1590]

Með byggingarbréfi, dagsettu 18. maí 1871, byggði Sæmundur Árnason í Arnardal syni sínum Jóni Sæmundssyni í Arnardal níu og hálft hundrað í Fremri-Arnardal í Eyrarhreppi frá fardögum 1871. Byggingarbréfið var innkomið til þinglesturs 2. janúar 1895 og þinglesið 24. maí sama ár.[1591]

[1582] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 166, skjal H-12.
[1583] Skjal nr. 2(957).
[1584] Skjal nr. 2(142).
[1585] Skjal nr. 2(744).
[1586] Skjal nr. 2(959).
[1587] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1588] Skjal nr. 2(159).
[1589] Skjal nr. 2(170).
[1590] Skjal nr. 2(960).
[1591] Skjöl nr. 2(687)–2(688).

Með kaupbréfi dagsettu 19. mars 1884 seldi Halldór Halldórsson í Arnardal stykki af túni Arnardals neðst við sjó, 40 álnir að lengd og 15 álnir að breidd, til Jens Arnbjörnssonar.[1592]

Með byggingarbréfi, dagsettu 21. júlí 1887 veitti Árni Jónsson faktor á Ísafirði Katarínusi Sæmundssyni bónda í Arnardal ábýlisrétt á 10 hundruðum í Arnardal. Byggingarbréfið var þinglesið 15. maí 1888.[1593]

Landamerkjabréf um landamerki milli jarðanna Neðri-Arnardals og Fremri-Arnardals við Skutulsfjörð er dagsett 14. maí 1890 en það var þinglesið 16. maí sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki milli Arnardals fremri og Arnardals neðri.
>
> Arnardalur fremri á að neðanverðu úr ánni beina leið í neðri brún á Langahrigg upp í fjallsbrún, svo frameptir ánni í stein, svo kallaðan „Murtu“ við ána; frá Murtu sjónhending upp í Brúnagötur, eptir Brúnagötur í Þverá, frá Þverá eptir Langahjalla fram í dalbotn og upp á fjalls brún og heim eptir fjallsbrúninni gengt Langahrygg.
>
> Arnardal fremri 14/5 1890
>
> Jón Sæmundsson Katarínus Sæmundsson
>
> Árni Jónsson fyrir hönd Asgeirsverzlunar á Ísafirði
>
> Hildur Jakobsdóttir handsalað
>
> Jón Sigurðsson Sveinb. Einarsson
>
> Halldór Halldórsson
>
> Bárður Hagalín Jóhannesson[1594]

Með kaupbréfi, dagsettu 11. júní 1898, seldi Jón Sæmundsson húsmaður á Ísafirði fimm hundruð og 90 álnir að fornu mati í Fremri-Arnardal til Valdemars Jónssonar. Kaupbréfið var þinglesið 6. júlí sama ár.[1595]

Hinn 12. október 1904 seldi Sæmundur Katarínusson húsmaður í Arnardal 30 álnir að fornu mati í Fremri-Arnardal til Valdemars Jónssonar. Afsalsbréfið var þinglesið 14. júní 1905.[1596]

Við manntalsþing að Hauganesi 14. júní 1905 var þinglesið afsalsbréf Sæmundar Katarínussonar til Valdimars Jónssonar fyrir 30 álnum að fornu mati í Fremri-Arnardal, dagsett 12. október 1904. Kaupverðið var 70 kr.[1597]

Við manntalsþing að Hauganesi 9. júní 1911 var þinglesið afsalsbréf Guðmundar Gestssonar fyrir sex hundruðum í Arnardal, dagsett 22. október 1910. Kaupverðið var 1.800 kr.[1598]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Fremri-Arnardals við Skutulsfjörð að þau séu ágreiningslaus.

[1592] Skjal nr. 2(677).
[1593] Skjal nr. 2(682).
[1594] Skjal nr. 2(59).
[1595] Skjal nr. 2(689).
[1596] Skjal nr. 2(690).
[1597] Skjal nr. 2(958).
[1598] Skjal nr. 2(920).

Jörðin var metin á 3.200 kr. Eigendur hennar voru Guðmundur S. Katarínusson og Guðmundur Gestsson.[1599]

5.60 Súðavík í Álftafirði

Í sálugjafarbréfi Björns Einarssonar Jórsalafara frá 1405 er minnst á Súðavíkurkirkju og þá er hálfkirkja í Súðavík nefnd í tylftardómi Stefáns biskups Jónssonar gegn Birni Guðnasyni árið 1515. Þar var einnig sögð hálfkirkja í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar og þá er í biskupsvísitasíu árið 1639 Súðavík sögð vera hálfkirkjujörð.[1600]

Í sálugjafabréfi, dagsettu 25. júlí 1405, gaf Björn Einarsson kirkjunni í Súðavík eftirfarandi:

> Jtem gefur ek kirkiunne j sudawijk Raptwidarhaugg ok kolagerðar j svarfhols skog j alptafirði suo mikith sem suðawik þarfuazst til buneytnar arligha.[1601]

Í skrá yfir jarðir Kristínar Björnsdóttur, dagsettri 3. maí 1458, kemur fram að meðal eigna hennar var jörðin Súðavík, 30 hundruð að dýrleika.[1602]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um hálfkirkjuna í Súðavík:

> Hälffkirkian i Sudavijk ä itøk i Suarffholsskog raptthaug[g] og kolagiørd til allrar Buneyslu
>
> […]
>
> Jtem er Jordinn .xxx^{c}.[1603]

Hinn 5. nóvember 1604 seldi Ari Magnússon sr. Sveini Símonarsyni 10 hundruð í Arnarnúpi og Skálará, átta hundruð að dýrleika, með samþykki Ragnheiðar Pálsdóttur konu sinnar. Á móti greiddi Sveinn með sjö hundruðum í Súðavík og sex hundruðum í Seljalandi. Einnig seldi sr. Sveinn konu sinni til fullrar eignar 13 hundruð í Arnarnúpi fyrir áðurskrifaða parta í Súðavík og Seljalandi, sem voru eignir hennar. Í tilgjöf hennar gaf Sveinn Ragnheiði 17 hundruð í Arnarnúpi með því skilyrði að allur Arnarnúpur skyldi hverfa til erfingja þeirra, sem þau kynnu að eignast.[1604]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Eyrarsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Súðavík í Álftafirði:

> **Sudawijk.**
>
> Hálfkirkja er hjer og embætti flutt þegar að heimafólk gengur til sacramentis.
>
> Jarðardýrleiki xxx hndr. með báðum hjáleigunum Tröð og Saurum, sem hvor fyrir sig er haldin fimtúngur allrar jarðarinnar. Tíundast heimajörðin því fyrir xviii hndr. fjórum tíundum.

[1599] Skjal nr. 2(225).
[1600] Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* II, bls. 236–237, skjal H-21.
[1601] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 700–703, skjal nr. 4(159).
[1602] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 160–164, skjal nr. 4(161).
[1603] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 569, skjal nr. 4(182).
[1604] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 158, skjal H-22.

Eigandinn landþíngsskrifarinn Sigurður Sigurðsson.

Ábúandinn Sigfús Jónsson.

[…]

Torfrista og stúnga hefur verið næg en eyðist mjög. Svörður brúkast mikinn part til eldiviðar. Rifhrís lítið í snarbrattri fjallshlíð út frá bænum, sem mjög bágt er til að sækja. Grasatekja hefur verið lítil en nú eydd. Reki hefur ei heppnast so menn til viti. Hrokkelsatekja lítil og valla teljandi.

Skipsuppsátur og búðarstöðu er sagt að jörðin eigi í Arnardalslandi þar sem Hafnir eru kallaðar, en ekki hefur það brúkast í margt ár, en áður er sagt það hafi brúkast átölulaust. Skógarítak til kolgjörðar á jörðin í Svarfhólsland, það er nú mjög eytt og brúkast því lítt. Þar í mót á Svarfhóll hjer skipsuppsátur og búðarlán um vetur.

Túninu grandar vatnságángur, sem jetur úr rótina. Enginu granda smálækir og aurskriður úr snarbröttu fjalli, sem bera á slægjulandið leir og grjót til stórskaða og eyðileggíngar. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum undir mósköflum á vetur og hefur oft að þessu stór skaði að orðið. Kirkjuvegur torsóktur yfir Álftafjörð og so bágur þegar á land kemur til Eyrar að sækja yfir einn háls, sem þrútna yfir svell úr uppgöngum. Hætt er húsum fyrir stórviðrum af útvestri.

Heimræði er hjer ár um kríng, nema um vortímann, og lendíng góð, og gengur hjer <eitt skip ábúanda> eður tvö. Fleiri mætti gánga, ef ábúandi væri svo fólkmargur.

Traud. Hjáleiga bygð fyrir manna minni við heimatúnið, úrdeild einasta að túni og engjum, öðru landi óskift, og er þessi hjáleiga talin fimti partur allrar jarðarinnar, að dýrleika vi hndr., og so tíundast.

Ábúandinn Jón Þorláksson.

[…]

Kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina, því hjáleigan nýtur allra hlunninda eftir tiltölu.

Saurar. Önnur hjáleiga so sem haldin hefur verið lánga tíma, en heyrst hefur að þetta skuli hafa verið að fornu jörð útaf fyrir sig, og hafi þá Súðavík með Tröð verið xxiiii hndr., en nú er þessi hjáleiga talin fimtúngur allrar jarðarinnar og í fyrirsvari talin með heimajörðunni, óskift að túni og engjum, að dýrleika vi hndr., og svo tíundast.

Ábúandinn Eiríkur Ólafsson.

[…]

Það sem meira er af kvikfje fóðraðist næstliðið ár af tilfengnum heyjum af Hlíð, sem þá var í eyði.

Kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina, nema hvað túnið spillist hjer meir af vatnsaga, sem jetur úr því rótina til merkilegs skaða, og vatnsból bregðst hjer oftlega um vetur. En hlunninda allra nýtur hjáleigan eftir tiltölu sem áður segir um Tröð.

Búðarnes heitir eitt nes hjer út með sjónum, þar sjást litlar tóftarrústir, og eru munnmæli að þar hafi í fyrndinni verið einn fátækur maður við graslausa sjóbúð, og hafi þar verið myrtur, og síðan húsið niðurfallið og aldrei síðan uppbygt.[1605]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Súðavíkur í Álftafirði metinn 18 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Magnús Ólafsson á Hvítanesi.[1606] Í sama jarðamati segir í færslu um Saura í Álftafirði að þrjár áðurnefndar jarðir í jarðamatinu, þ.e.

[1605] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 170–172, skjal H-12.
[1606] Skjal nr. 2(144).

Súðavík, Tröð og Saurar, nýti sameiginlega eyðidalinn Súðavíkurdal til töku á fjallagrösum.[1607]

Við manntalsþing að Hóli í Bolungarvík 23. maí 1806 var upplesið afsalsbréf Magnúsar Ólafssonar til Örnólfs Snæbjörnssonar á sjö hundruðum í Súðavík fyrir 18 ríkisdali hvert hundrað.[1608]

Við manntalsþing að Hóli 15. apríl 1807 var þinglesið makaskipta- og afsalsbréf Þorsteins Péturssonar í Súðavík fyrir átta hundruðum í Suðureyri á móti sjö hundruðum í Súðavík, en hann seldi tvö hundruð á 28 ríkisdali til Örnólfs Snæbjörnssonar á Ósi.[1609]

Við manntalsþing að Súðavík 16. mars 1812 var þinglesið kaupbréf fyrir þremur hundruðum og 40 álnum í Súðavík fyrir 53 ríkisdali 32 skildinga. Seljandi var Einar Magnússon en kaupandi Þorsteinn Pétursson. Kaupbréfið var dagsett 22. desember 1806.[1610]

Við manntalsþing að Stað 2. ágúst 1841 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 12. júní, þar sem Gísli Jónsson makaskipti við Hallgrím Laurentíusson sex hundruðum í Súðavík á móti sex hundruðum í Lónseyri, með milligjöf af 26 spesíum af hendi Hallgríms til Gísla.[1611]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Súðavík í Álftafirði metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon telji þessa jörð, með Tröð og Saurum, 35 hundruð að dýrleika.[1612]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Súðavík var metin á 540 ríkisbankadali.[1613] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Súðavík breytt í 576 ríkisbankadali.[1614]

Við manntalsþing að Súðavík 27. maí 1852 voru upplesnir vitnisburðir Karvels Jónssonar á Sveinshúsum og Gunnlaugs bónda á Svarfhóli, dagsettir 9. ágúst 1851, um landamerki milli Súðavíkur og Traðar á Súðavíkurdal. Eigandi Súðavíkur, Magnús Jónsson, mótmælti þeim og bannaði brúkun dalsins frá Tröð að öðru en kúabeit frá Djúpagili til Skákarskarðs utan til við ána.[1615]

Við manntalsþing að Súðavík 25. maí 1853 var þinglesin lögfesta fyrir Súðavíkurlandi, dagsett 28. maí 1852. Enginn mótmælti lögfestunni á þinginu.[1616]

Við manntalsþing að Súðavík 19. maí 1854 voru þinglesin mótmæli Guðmundar á Uppsölum, dagsett 18. júní 1853, gegn lögfestu fyrir Súðavík sem upp var lesin á manntalsþingi þar á undan í Súðavík. Magnús Jónsson í Súðavík hafði gegnmæli við

[1607] Skjal nr. 2(145).
[1608] Skjal nr. 2(741).
[1609] Skjal nr. 2(742).
[1610] Skjal nr. 2(961).
[1611] Skjal nr. 2(976).
[1612] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1613] Skjal nr. 2(171).
[1614] Skjal nr. 2(166).
[1615] Skjal nr. 2(969).
[1616] Skjal nr. 2(970).

þessu og sömuleiðis Guðmundur Arason í Eyrardal, sem erfingi Sæmundar bróður síns, þar sem hann taldi að málið hafi verið sætt við nefndan Guðmund og væri því óviðkomandi Guðmundi á Uppsölum.[1617]

Hinn 27. nóvember 1857 seldi Magnús Jónsson eignarjörð sína, 17 hundruð í Súðavík, til A. A. Johnsens fyrir 566 spesíur og átta mörk. Kaupbréfið var þinglesið við manntalsþingsrétt að Súðavík 5. júlí 1858. Með í kaupunum fylgdu öll gögn og gæði til lands og sjávar sem fylgt höfðu og fylgja báru, að fráteknum 35 föðmum sem Magnús hafði eftirlátið Guðmundi Arasyni í Eyrardal sem lýst er svo í kaupbréfinu:

> nl. ofar nefnda fadm á Breidd er liggia í sokolludum Sauradal firir nedann sokallad leiti[1618]

Við manntalsþing að Súðavík 5. júlí 1858 var þinglesið kaupbréf, dagsett 21. nóvember 1857, þar sem Magnús Jónsson frá Brekku seldi A. A. Johnsen borgara 17 hundruð í Súðavík fyrir 566 spesíur og átta skildinga.[1619]

Með kaupbréfi dagsettu 16. mars 1859 seldi Þórður Magnússon í Súðavík sex hundruð í Súðavík í Álftafirði til Guðmundar Brynjólfssonar hreppstjóra á Mýrum í Dýrafirði. Kaupbréfið var þinglesið 17. júní sama ár.[1620]

Við manntalsþing að Súðavík 17. júní 1859 var þinglesið kaupbréf frá Þórði Magnússyni til Guðmundar Brynjólfssonar fyrir sex hundruðum í Súðavík, dagsett 16. mars 1859.[1621]

Með kaupbréfi dagsettu 18. júlí 1863 seldi Magnús Jónsson á Neðri-Bakka eitt hundrað í Súðavík til Hjálmars Jónssonar timbursmiðs. Kaupbréfið var þinglesið 4. ágúst 1864.[1622]

Við manntalsþing að Súðavík 4. ágúst 1864 var þinglesið kaupbréf Hjálmars Johnsens frá 18. júlí 1863 fyrir einu hundraði í Súðavík. Kaupverðið var 88 ríkisdalir.[1623]

Hinn 23. september 1864 gerðu Guðmundur Arason, Jón Arason, Guðni Brynjólfsson og Arngrímur Jónsson með sér samning um að Eyrardalsbræður, Guðmundur og Jón, fengju fjórða part úr Súðavíkurdal handa Tröð eða eins og samningurinn ber með sér:

> Svolátandi samning gjördum við undirskrifadir okkar í milli að við Eyrardals bræður uppástöndum, að fá fjórða part úr Súðavíkurdal handa Tröð, með því móti að við gefum eptir það stykki sem Magnús Jónsson gaf okkur til skiptis, þó svo að við hljótum það hálft í okkar part, ennfremur lofum við að Karvel Jónsson fái eldiviðar skurð í okkar stykki, ennfremur að Súðavík fái eldiviðarpart næstann okkar parti að heimanverdu án skiptis; Hvað slæur áhrærir uppástöndum við að skipt verði í júnímánudi; sömuleidis

[1617] Skjal nr. 2(751).
[1618] Skjöl nr. 2(70) og 2(702).
[1619] Skjal nr. 2(971).
[1620] Skjal nr. 2(703).
[1621] Skjal nr. 2(978).
[1622] Skjal nr. 2(704).
[1623] Skjal nr. 2(977).

> lofum við að Súðavík hafi fríann og frjálsan veg á dalinn þó svo að okkar hjáliggjandi jardir skemmist ekki, með því móti að okkar peningur hafi frjálsan haga á dalinn.[1624]

Við manntalsþing að Súðavík 26. júlí 1865 var þinglesinn kaupsamningur, dagsettur 23. september 1864, milli flestra eigenda Súðavíkur annars vegar og eigenda Traðar hins vegar um brúkun á Súðavíkurdal.[1625]

Með kaupbréfi dagsettu 25. ágúst 1890 seldi Arngrímur Vídalín Jónsson í Hjarðardal sex hundruð að fornu mati í Súðavík í Álftafirði til Hjalta Sveinssonar í Súðavík. Kaupbréfið var þinglesið 1. júní 1892.[1626]

Landamerkjabréf jarðarinnar Súðavíkur í Álftafirði er dagsett 26. ágúst 1890 en það var innkomið til þinglesturs sama dag. Efni þess er svohljóðandi:

> Jörðin Súðavík á land frá stálþráðgirðingunni, sem að skilur túnin Tröð og Súðavík, sjónhending eptir vörðunum, sem standa í beinni línu upp eptir engjunum, og frá þeim sjónhendingu eptir skriðuskurðinum næsta fyrir innan lækinn í Traðarupsunum beint uppá fjallsbrún.
>
> Að utanverðu á Súðavík land útað svo kölluðum Brúðarhamri, sem er klömp næst fyrir innan svokallaða „Götu“ á Súðavíkurhlíð beina sjónhendingu upp á fjallsbrún.
>
> Súðavík 26. ág. 1890.
>
> Hjalti Sveinsson. Á. Sveinsson
>
> Guðm. Arason. Jón Sigurðsson.
>
> Fyrir hönd Ásgeirsverzlunar á Ísafirði: Á. Jónsson
>
> Hildur Jakobsdóttir. Sveinbjörn Einarsson.[1627]

Hinn 9. október 1890 seldi Guðrún Jónsdóttir ekkja á Mýrum þrjú hundruð að fornu mati í Súðavík í Súðavíkurhreppi til Skúla Thoroddsens sýslumanns á Ísafirði. Afsalsbréfið var þinglesið 24. júlí 1893.[1628]

Með kaupbréfi dagsettu 2. apríl 1892 seldi Árni Sveinsson kaupmaður á Ísafirði þrjú hundruð að fornu mati í Súðavík í Súðavíkuhreppi til Jóns Guðmundssonar á Eyri.[1629]

Með kaupbréfi dagsettu 29. júní 1894 seldi Hjalti Sveinsson í Súðavík sex hundruð að fornu mati í Súðavík í Súðavíkurhreppi til Friðriks Guðjónssonar. Kaupbréfið var þinglesið 5. júlí sama ár.[1630]

Við manntalsþing að Súðavík 7. júní 1913 var þinglesið afsalsbréf Á. J. Ásgeirssonar fyrir tveimur hundruðum að fornu mati í Súðavík. Bréfið var dagsett 5. mars 1913.[1631]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Súðavíkur í Álftafirði að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á

[1624] Skjal nr. 2(692).
[1625] Skjal nr. 2(972).
[1626] Skjal nr. 2(706).
[1627] Skjal nr. 2(61).
[1628] Skjal nr. 2(707).
[1629] Skjal nr. 2(705).
[1630] Skjal nr. 2(708).
[1631] Skjal nr. 2(979).

9.430 kr. Eigendur hennar voru nokkrir. Fram kemur að jörðin var með upprekstur í sveitaralmenning í Hestfirði.[1632]

Hinn 12. september 1926 vottuðu Þórður Hannibalsson og Sveinn Jensson að þeir hafi mælt upp engjastykki í Súðavík milli Friðriks Guðjónssonar og Jóns Jónssonar.[1633]

Hinn 18. febrúar 1927 vottaði Jens Hólmgeirsson að stykki sem hann plægði fyrir Jón Jónsson í Súðavík, á svonefndum Höfða hafi verið slægjuland áður en það var brotið til ræktunar. Umrætt stykki hafi verið um 1.200 ferfaðmar að stærð.[1634]

Hinn 21. maí 1927 fór fram landmerkjadómur þar sem tekið var fyrir mál Jóns Jónssonar gegn Friðriki Guðjónssyni um afmörkun á eignum þeirra í jörðinni Súðavík. Fram kom að mælt hafði verið upp engjastykki milli eigna Jóns og Friðriks. Sátta var leitað og reyndist það árangurslaust og í framhaldinu voru skipaðir menn í dóm. Nokkur vitni voru yfirheyrð og þá var lagður fram samningur allra eigenda Súðavíkur frá 24. maí 1924. Enn fremur var gengið með vitnum á vettvang. Að lokum náðist sátt þannig að fram skyldu fara eigendaskipti á allri Súðavík þannig að mæld yrðu tún og engjar, hvert í sínu lagi. Sömuleiðis var ákveðið að landskiptabréf frá 1895 skyldi lagt til grundvallar varðandi gamla túnið.[1635]

Hinn 11. nóvember 1951 fóru fram landskipti milli Gríms Jónssonar og Sigríðar Jónsdóttur á eign þeirra, jörðinni Súðavík. Fram kemur í landskiptabók að óljóst var hvert eignarhlutfall Sigríðar væri í jörðinni en tekið var fyrir að safna upplýsinga um það og annað sem jörðinni tengist. Mæld voru upp fjölmörg lóð á jörðinni. Skiptunum var svo frestað en framhaldið 20. nóvember sama ár. Þá var mælt upp tún og engjar. Skiptin voru ekki kláruð og í landskiptabók er skráð að landskiptanefnd hafi komið saman til fundar 22. nóvember 1952 til að ganga endanlega frá skiptunum. Í millitíðinni hafi Sigríður hins vegar selt Grími eignarhluta sinn og því kæmi ekki til landskipta.[1636]

5.61 Tröð í Álftafirði

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Eyrarsókn frá 1710 er fjallað um Tröð sem hjáleigu frá Súðavík. Þar segir eftirfarandi:

> **Traud.** Hjáleiga bygð fyrir manna minni við heimatúnið, úrdeild einasta að túni og engjum, öðru landi óskift, og er þessi hjáleiga talin fimti partur allrar jarðarinnar, að dýrleika vi hndr., og so tíundast.
>
> Ábúandinn Jón Þorláksson.
>
> […]
>
> Kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina, því hjáleigan nýtur allra hlunninda eftir tiltölu.[1637]

[1632] Skjal nr. 2(227).
[1633] Skjal nr. 2(441).
[1634] Skjal nr. 2(442).
[1635] Skjal nr. 2(980).
[1636] Skjal nr. 2(89).
[1637] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 171, skjal H-12.

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er er dýrleiki Traðar í Álftafirði metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var M. Ólafsson.1638 Í sama jarðamati segir í færslu um Saura í Álftafirði að þrjár áðurnefndar jarðir í jarðamatinu, þ.e. Súðavík, Tröð og Saurar, nýti sameiginlega eyðidalinn Súðavíkurdal til töku á fjallagrösum.[1639]

Við manntalsþing að Súðavík 16. mars 1812 var þinglesið kaupbréf fyrir Tröð, sex hundruðum fyrir 144 ríkisdali. Seljandi var Magnús Ólafsson en kaupandi Þorsteinn Pétursson. Kaupbréfið var dagsett 18. desember 1807.[1640]

Við manntalsþing að Mosvöllum 3. júlí 1819 var þinglesið afsalsbréf þar sem Jón Gíslason afsalaði frá sér fimm hundruðum í Tröð til Daniels Steenbachs fyrir 150 ríkisdali. Bréfið var dagsett 6. október 1818.[1641]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Tröð í Álftafirði metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[1642]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Tröð:

> 1. Tród: eptir hundradatali er kot þetta hægt til slægna og notagott.[1643]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 192 ríkisbankadali.[1644]

Við manntalsþing að Súðavík 27. maí 1852 voru upplesnir vitnisburðir Karvels Jónssonar á Sveinshúsum og Gunnlaugs bónda á Svarfhóli, dagsettir 9. ágúst 1851, um landamerki milli Súðavíkur og Traðar á Súðavíkurdal. Eigandi Súðavíkur, Magnús Jónsson, mótmælti þeim og bannaði brúkun dalsins frá Tröð að öðru en kúabeit frá Djúpagili til Skákarskarðs utan til við ána.[1645]

Hinn 23. september 1864 gerðu Guðmundur Arason, Jón Arason, Guðni Brynjólfsson og Arngrímur Jónsson með sér samning um að Eyrardalsbræður, Guðmundur og Jón, fengju fjórða part úr Súðavíkurdal handa Tröð eða eins og samningurinn ber með sér:

> Svolátandi samning gjördum við undirskrifadir okkar í milli að við Eyrardals bræður uppástöndum, að fá fjórða part úr Súðavíkurdal handa Tröð, með því móti að við gefum eptir það stykki sem Magnús Jónsson gaf okkur til skiptis, þó svo að við hljótum það hálft í okkar part, ennfremur lofum við að Karvel Jónsson fái eldiviðar skurð í okkar stykki, ennfremur að Súðavík fái eldiviðarpart næstann okkar parti að heimanverdu án skiptis; Hvað slæur áhrærir uppástöndum við að skipt verði í júnímánudi; sömuleidis lofum við að Súðavík hafi fríann og frjálsan veg á dalinn þó svo að okkar hjáliggjandi jardir skemmist ekki, með því móti að okkar peningur hafi frjálsan haga á dalinn.[1646]

1638 Skjal nr. 2(143).
1639 Skjal nr. 2(145).
1640 Skjal nr. 2(961).
1641 Skjal nr. 2(973).
1642 Skjal nr. 4(1), bls. 198.
1643 Skjal nr. 2(160).
1644 Skjal nr. 2(171).
1645 Skjal nr. 2(969).
1646 Skjal nr. 2(692).

Við manntalsþing að Súðavík 26. júlí 1865 var þinglesinn kaupsamningur, dagsettur 23. september 1864, milli flestra eigenda Súðavíkur annars vegar og eigenda Traðar hins vegar um brúkun á Súðavíkurdal.[1647]

Hinn 26. mars 1866 gaf Guðrún Jónsdóttir syni sínum Guðmundi Arasyni í Eyrardal 12 hundruð að fornu mati í Eyrardal, sex hundruð í Hlíð og þrjú hundruð í Tröð.[1648]

Með kaupbréfi dagsettu 13. desember 1876 seldi Guðmundur Arason húslóð með aðgangi að fjöru úr landi Traðar til Sigfúsar Einarssonar á Tröð. Kaupbréfið var þinglesið 9. júlí 1877.[1649]

Með kaupbréfi dagsettu 23. mars 1878 seldi Valgerður Matthíasdóttir lóð úr landi Traðar til Bjarna Jónssonar á Saurum. Kaupbréfið var þinglesið 16. júlí sama ár.[1650]

Hinn 15. janúar 1880 gaf Valgerður Matthíasdóttir Hjalta Sveinssyni þrjú hundruð að fornu mati í Tröð gegn því að Hjalti sæi fyrir þörfum hennar til dauðadags og kostaði útför hennar. Gjafabréfið var þinglesið 15. júní sama ár.[1651]

Með kaupbréfi dagsettu 23. maí 1885 seldi Guðmundur Arason í Eyrardal 27 álnir í Tröð í Súðavíkurhreppi til Bjarna Jónssonar. Kaupbréfið var þinglesið 9. júní sama ár.[1652]

Hinn 28. júlí 1888 seldi Guðmundur Bjarnason bóndi í Eyrardal 100 ferfaðma veitustykki úr landi Traðar í Álftafirði. Kaupsamningurinn var þinglesinn 3. júní 1889 en í honum er stykkinu lýst svo:

> stykkið liggur innan girðingar áfast við Traðar- og Súðavíkurtún; merkið að ofanferðu er gegnt efra horni á móhústóft og beina línu, sem girðingin vísar út að Súðavíkurtúni, og er sú lína 38 faðmar; að utanverðu bein lína ofan að túnmerki er 23 faðmar; að neðanverðu jafnt og ofan 38 faðmar; að innanverðu fylgir merkið læk þeim, er rennur ofan með ytri-rönd á áðurnefndri móhústóft ofan að túnmerki, og er sú lína bein 30 faðmar.[1653]

Með kaupbréfi dagsettu 14. apríl 1890 seldi Guðmundur Arason bóndi í Eyrardal eitt hundrað af túninu á Tröð í Súðavíkurhreppi, svokallað „Fremsta hundrað“, ásamt fjárhúsi til Bjarna Jónssonar hreppstjóra á Tröð.[1654]

Landamerkjabréf jarðarinnar Traðar í Álftafirði er dagsett 25. ágúst 1890 en það var innkomið til þinglesturs sama dag. Efni þess er svohljóðandi:

> Jörðin Tröð á land frá stálþráðgirðingunni, er skilur túnin Tröð og Súðavík, sjónhendingu frá girðingunni eptir vörðum, er standa í beinni línu neðan engjarnar, og frá þeim sjónhendingu eptir skriðu skurði uppí fjallsbrún, og fram í mitt Traðargil; enn fremur stykkið á Sauradal frá miðju Djúpagili fram að Þverá, sjónhendingu eptir ánni upp í Skákarskarð á Sauradal.
>
> Eyrardal 25. ág. 1890

[1647] Skjal nr. 2(972).
[1648] Skjal nr. 2(693).
[1649] Skjal nr. 2(695).
[1650] Skjal nr. 2(696).
[1651] Skjal nr. 2(697).
[1652] Skjal nr. 2(698).
[1653] Skjal nr. 2(700).
[1654] Skjal nr. 2(701).

> Guðmundur Arason
>
> Hjalti Sveinsson
>
> Á. Sveinsson.[1655]

Við manntalsþing að Tröð 14. júní 1907 var þinglesið afsalsbréf Guðmundar G. Guðmundssonar á Tröð fyrir grunnlóð til stúkunnar „Ísland“ Nº. 118. Kaupverðið var 120 krónur og dagsetning afsalsbréfsins var 15. desember 1906.[1656]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Traðar í Álftafirði að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 2.680 kr. Eigendur hennar voru nokkrir. Fram kemur að jörðin var með upprekstur í sveitaralmenning í Hestfirði.[1657]

Við uppboðsrétt Ísafjarðarsýslu 27. júní 1925 var tekið fyrir að halda þriðja nauðungaruppboð á jörðinni Tröð, tveimur hundruðum að fornu mati. Eigandi var Ásgeir J. Ásgeirsson. Hæstbjóðandi var Magnús Thorsteinsson fyrir hönd útibús Íslandsbanka fyrir 2.000 krónur. Hann krafðist þess að sér yrði úthlutuð lóðin sem ófullnægðum veðhafa.[1658]

5.62 Saurar í Álftafirði

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Eyrarsókn frá 1710 er fjallað um Saura sem hjáleigu frá Súðavík. Þar segir eftirfarandi:

> **Saurar.** Önnur hjáleiga so sem haldin hefur verið lánga tíma, en heyrst hefur að þetta skuli hafa verið að fornu jörð útaf fyrir sig, og hafi þá Súðavík með Tröð verið xxiiii hndr., en nú er þessi hjáleiga talin fimtúngur allrar jarðarinnar og í fyrirsvari talin með heimajörðunni, óskift að túni og engjum, að dýrleika vi hndr., og svo tíundast.
>
> Ábúandinn Eiríkur Ólafsson.
>
> […]
>
> Það sem meira er af kvikfje fóðraðist næstliðið ár af tilfengnum heyjum af Hlíð, sem þá var í eyði.
>
> Kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina, nema hvað túnið spillist hjer meir af vatnsaga, sem jetur úr því rótina til merkilegs skaða, og vatnsból bregðst hjer oftlega um vetur. En hlunninda allra nýtur hjáleigan eftir tiltölu sem áður segir um Tröð.[1659]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Saura í Álftafirði metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var M. Ólafsson. Fram kemur að þrjár áðurnefndar jarðir í jarðamatinu, þ.e. Súðavík, Tröð og Saurar, nýti sameiginlega eyðidalinn Súðavíkurdal til töku á fjallagrösum.[1660]

1655 Skjal nr. 2(60).
1656 Skjal nr. 2(974).
1657 Skjal nr. 2(226).
1658 Skjal nr. 2(975).
1659 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 171–172, skjal H-12.
1660 Skjal nr. 2(145).

Við manntalsþing að Súðavík 11. apríl 1817 var upplesið afsal fyrir þremur hundruðum í Saurum. Jón Einarsson og Halldór Þórðarson afhentu þau til ekkjunnar Guðrúnar Magnúsdóttur, en afsalið var dagsett 11. apríl 1817.[1661]

Við manntalsþing að Súðavík 13. júlí 1819 var þinglesið afsalsbréf Einars Péturssonar og Jóns Grímssonar, dagsett 2. apríl 1818, fyrir tveimur hundruðum og 60 álnum í Saurum til Bjarna Jónssonar á Súðavík fyrir 30 spesíur.[1662]

Við manntalsþing að Súðavík 19. júlí 1823 var þinglesið afsali var Bjarni Jónsson seldi þrjú og hálft hundrað í Saurum til móður sinnar Guðrúnar Magnúsdóttur fyrir 259 og hálfa spesíu. Kaupbréfið var dagsett 28. júní 1823.[1663]

Við manntalsþing að Súðavík 20. júlí 1826 var þinglesið kaupbréf, dagsett 2. janúar 1826, þar sem Þórður Þorsteinsson seldi eitt og hálft hundrað í Saurum fyrir 23 spesíur til Magnúsar Jónssonar. Þá var þinglesið makaskiptabréf þar sem Guðrún Magnúsdóttir makaskipti við son sinn Magnús Jónsson á Tröð þremur og hálfu hundraði í Saurum á móti þremur hundruðum í Hlíðarkoti með 10 spesía millilagi. Makaskiptabréfið var dagsett 18. febrúar 1824.[1664]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Saurar í Álftafirði metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 segi að Súðavík, Tröð og Saurar yrki allar saman eyðidalinn Súðavíkurdal og að þar sé grasatekja. Þá segir að Árni Magnússon einn nefni eyðihjáleiguna Búðarnes.[1665]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Saura:

> 2. Saurar: tún stórt og grasgefid mælir í meira lagi framm med býli þessu.[1666]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 204 ríkisbankadali.[1667]

Við manntalsþing að Súðavík 20. maí 1857 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 18. maí 1857, hvar Magnús Jónsson á Arngerðareyri og Báður Jónsson á Kálfavík makaskiptu fjórum hundruðum í Hjaltabakka á Langadal og sex hundruðum í Saurum í Álftafirði.[1668]

Landamerkjabréf jarðarinnar Saura í Álftafirði er dagsett 18. ágúst 1890 en það var innkomið til þingleturs 25. ágúst sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Jörðin Saurar á land frá miðju Djúpagili á Sauradal og ofan utan til með Eyrardalsá í sjó út í mitt Traðargil, er vísar frá fjallsbrún til fjöru.
>
> Eyrardal 18. ág. 1890.
>
> Guðmundur Arason
>
> Hjalti Sveinsson[1669]

[1661] Skjal nr. 2(981).
[1662] Skjal nr. 2(962).
[1663] Skjal nr. 2(747).
[1664] Skjal nr. 2(963).
[1665] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1666] Skjal nr. 2(160).
[1667] Skjal nr. 2(171).
[1668] Skjal nr. 2(982).
[1669] Skjal nr. 2(62).

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Saura í Álftafirði að þau séu frá Traðargili að Djúpagili. Jörðin var metin á 2.450 kr. Eigendur hennar voru Jón Guðmundsson og Magnús Guðmundsson. Fram kemur að jörðin var með upprekstur í Hestfirði.[1670]

5.63 Eyrardalur í Álftafirði

Í skrá yfir jarðir Kristínar Björnsdóttur, dagsettri 3. maí 1458, kemur fram að meðal eigna hennar var jörðin Eyrardalur, 12 hundruð að dýrleika.[1671]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Eyrarsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Eyrardal í Álftafirði:

> **Eyrardalur.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr., og svo tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn kóngleg Majestat, og er þessi ein af þeim sem kallast Álftafjarðar jarðir og Jón Magnússon í Búðardal hafði í forlenîng nokkur ár til alþingis 1709, síðan vita menn ekki hvör þær hefur forpaktað.
>
> Ábúandi á hálfri jörðunni Bjarni Gunnarsson. Ábúandi á hinum helmíngnum Þorvaldur Jónsson.
>
> […]
>
> Fóðrast kann á allri jörðunni ii kýr, hvað sem meira er framfærist á tilfengnum heyjum af Hlíð.
>
> Torfrista og stúnga bjargleg. Lýngrif, fjalldrapi og rifhrís til eldiviðar bjar<g>legt. Grasatekja lítil. Reki hefur ei heppnast í manna minni nema einn hvalur. Silúngsveiði hefur verið lítil í Eyrardals<á>, nú engin í nokkur ár. Hrokkelsatekja lítil og valla teljandi.
>
> Túninu grandar Eyrardalsá með landbroti. Engjarnar spillast af fjalldrapa, sem vex í þeim. Kirkjuvegur oftlega torsóktur yfir Álftafjörð, og so bæjarleið þegar á land er komið.
>
> Heimræði er hjer ár um kríng nema á vorin, og hefur hjer gengið eitt skip ábúanda, en nú ekkert sökum efnaleysis.[1672]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Eyrardals í Álftafirði metinn 12 hundruð en jörðin var konungsjörð.[1673]

Við manntalsþingsrétt að Súðavík 6. apríl 1840 voru konungsjarðirnar Eyrardalur og Seljaland í Álftafirði boðnar upp. Hæstbjóðandi í Eyrardal var ábúandi hennar, Ari Guðmundsson, með boð upp á 16 og hálfa spesíu hvert hundrað. Hæstbjóðandi í Seljaland var sr. Magnús Þórðarson með boð upp á 22 og hálfa spesíu hvert hundrað.[1674] Jarðirnar voru aftur boðnar upp við manntalsþingsrétt 8. júlí 1842 en engar upplýsingar eru skráðar í dóma- og þingbók hvort einhver hafi boðið í þær.[1675]

[1670] Skjal nr. 2(228).
[1671] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 160–164, skjal nr. 4(161).
[1672] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 172–173, skjal H-12.
[1673] Skjal nr. 2(146).
[1674] Skjal nr. 2(964).
[1675] Skjal nr. 2(965).

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Eyrardalur í Álftafirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að jörðin, sem áður var meðal hinna svokölluðu Álftafjarðarjarða, sé nú samkvæmt skýrslu sýslumannsins frá 1845 seld.[1676]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Eyrardal:

> 1. Eyrardalur: Slægnaleysi hamlar jórd þeirri frá ad ná mídlúngsverdi og hardskerpla til beitar á sumardag.[1677]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 324 ríkisbankadali.[1678]

Hinn 26. mars 1866 gaf Guðrún Jónsdóttir syni sínum Guðmundi Arasyni í Eyrardal 12 hundruð að fornu mati í Eyrardal, sex hundruð í Hlíð og þrjú hundruð í Tröð.[1679]

Með leigusamningi dagsettum 15. mars 1883 leigði Guðmundur Arason á Eyrardal Mons Larsen og co. tilgreinda lóð á svokallaðri Langeyri í landi Eyrardals. Svæðinu er lýst svo í afsals- og veðmálabók:

> innsta stykkið af hinni svokölluðu Langeyri að innanverðu eins og eyrin segir og hálendið byrjar og ofan í oddann að sjó, á breidd 90 – níutíu álnir[1680]

Landamerkjabréf jarðarinnar Eyrardals í Álftafirði er dagsett 18. ágúst 1890 en það var innkomið til þinglesturs 25. ágúst sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Jörðin Eyrardalur á land frá Þórðarsteinum, er standa á bökkunum milli Hlíðar og Langeyrar; frá þeim upp að Randarsteini, og frá honum beint upp á fjallsbrún út að Eyrardalsá, er rennur ofan fyrir utan Eyrardalstún fram með ánni að innanverðu fram í ártungur, og þaðan vestan til upp með Þverá upp í Skákarskarð (sic!) á Sauradal.
>
> Eyrardal 18. ág. 1890.
>
> Guðmundur Arason
>
> Gunnlaugur Gunnlaugsson (handsalað)
>
> Hjalti Sveinsson.[1681]

Með kaupbréfi dagsettu 22. desember 1896 seldi Magnús Guðmundsson bóndi á Saurum fjögur hundruð að fornu mati í Saurum í Álftafirði til Jóns Guðmundssonar. Kaupbréfið var þinglesið 28. júní 1897.[1682]

Hinn 10. febrúar 1898 seldi Olaf Amlie lóð og hvalstöð á Langeyri í Álftafirði til Carl David Dietrich. Afsalsbréfið var þinglesið 21. júní sama ár.[1683]

Hinn 26. október 1899 seldi Ari Guðmundsson í Gimli í Manitoba í Kanada fjögur hundruð í Eyrardal og tvö hundruð í Hlíð, báðum í Súðavíkurhreppi, til Jóns Guðmundssonar á Eyrardal. Afsalsbréfið var þinglesið 18. júní 1900.[1684]

[1676] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1677] Skjal nr. 2(161).
[1678] Skjal nr. 2(171).
[1679] Skjal nr. 2(693).
[1680] Skjal nr. 2(710).
[1681] Skjal nr. 2(63).
[1682] Skjal nr. 2(709).
[1683] Skjal nr. 2(711).
[1684] Skjal nr. 2(712).

Hinn 29. ágúst 1904 seldi Ari Guðmundsson í Gimli í Manitoba í Kanada þrjú hundruð í jörðinni Eyrardal, sem hann fékk í arf eftir móður sína Guðrúnu Magnúsdóttur frá Eyrardal, til Jóns Guðmundssonar bónda í Eyrardal. Afsalsbréfið var þinglesið 16. júní 1905.[1685]

Við manntalsþing að Tröð 16. júní 1905 var þinglesið afsalsbréf Ara Guðmundssonar til Jóns Guðmundssonar fyrir þremur hundruðum í Eyrardal. Afsalsbréfið var dagsett 29. ágúst 1904, en kaupverðið var 450 kr.[1686]

Hinn 28. mars 1906 seldi Haakon Aaset í Kristjaníu í Noregi hvalveiðistöð og meðfylgjandi lóð á Langeyri í Álftafirði til Marcusar C. Bull. Afsalsbréfið var þinglesið 13. júní sama ár.[1687]

Hinn 12. desember 1906 seldi Árni Jónsson verslunarstjóri á Ísafirði, fyrir hönd M. C. Bull hvalveiðimanns í Kristjaníu í Noregi, þann hluta Langeyrar í Álftafirði sem var í eigu M.C. Bull ásamt húsum og öllu naglföstu á umræddri landareign til Árna Sveinssonar kaupmanns á Ísafirði. Afsalsbréfið var þinglesið 14. júní 1907.[1688]

Við manntalsþing í Ísafjarðarkaupstað 24. júní 1911 var þinglesið erfðafestubréf, dagsett 25. apríl 1899, til Ólafs Halldórssonar fyrir landi í Eyrardal. Við sama þing var þinglesinn kaupsamningur milli Sigurjóns Jónssonar og Ólafs Halldórsonar, dagsettur 4. mars 1911, fyrir landi í Eyrardal.[1689]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Eyrardals í Álftafirði að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 5.480 kr. Eigandi hennar var Jón Guðmundsson. Fram kemur að jörðin var með upprekstur í sveitaralmenning í Hestfirði.[1690]

5.64 Hlíð í Álftafirði

Hinn 15. apríl 1618 meðkenndi Þorsteinn prestur Jónsson að hann hefði selt Ara bónda Magnússyni Neðri-Hnífsdal, 24 hundruð að dýrleika. Vald og ofsókn var um þessa jörð að mati Þorsteins. Ari skyldi á móti gefa jörðina Hlíð í Álftafirði, 18 hundruð að dýrleika og Sæból í Aðalvík, 16 hundruð að dýrleika, eða önnur 16 hundruð í Tungu í Skutulsfirði, ef Sæból fengist ekki.[1691]

Hinn 3. maí 1622 seldi sr. Þorsteinn Jónsson Ara Magnússyni föðurleifð sína, hálfan Hnífsdal, 12 hundruð að dýrleika. Einnig seldi sr. Þorsteinn hálfan Hnífsdal sem bróðir hans Tumas hafði erft eftir föður sinn og fengið Þorsteini til eignar með þeim skilyrðum að hálflendan gengi ekki af honum með lögum. Á móti gaf Ari sr. Þorsteini Hlíð í

[1685] Skjal nr. 2(713).
[1686] Skjal nr. 2(983).
[1687] Skjal nr. 2(714).
[1688] Skjal nr. 2(715).
[1689] Skjal nr. 2(984).
[1690] Skjal nr. 2(229).
[1691] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 159, skjal H-22.

Álftafirði, 18 hundruð að dýrleika, fyrir hlut sr. Þorsteins í Hnífsdal en 16 hundruð í Tungu í Skutulsfirði fyrir hlutinn sem Tumas fékk sr. Þorsteini bróður sínum.[1692]

Hinn 16. febrúar 1682 fékk Magnús Magnússon Þorsteini Jónssyni til eignar hálfan Bólstað, fjögur hundruð að dýrleika, en fyrir þessa hálflendu hafði Magnús gefið hálft fimmta hundrað í Neðribrekku í Dalasýslu. Hér í mót gaf Þorsteinn Magnúsi fjórða part í Hlíð við Álftafjörð, hálft fimmta hundrað að dýrleika.[1693]

Hinn 10. september 1688 handsöluðu Þorsteinn og Þórður Jónssynir Sveini Jónssyni bróður sínum að hann og bróðir hans Jón Jónsson eignuðust og uppbæru 10 aura í jörðinni Ófeigsfirði, er þeim til erfða féll eftir móður þeirra, Sigríði Sveinsdóttur. Einnig féll þeim eitt hundrað í jörðinni Hlíð í Álftafirði.[1694]

Hinn 11. júní 1698 seldi Guðmundur Tómasson Ólafi Árnasyni lögréttumanni allan erfðahluta sinn, hálft fimmta hundrað í Hlíð í Álftafirði. En ef meinbugir myndu reynast á þessu kaupi, svo að það aftur gengi, myndi Guðmundur áskilja sér af Ólafi tvö hundruð í Marðareyri og hálft þriðja hundrað í annarri jörð.[1695]

Hinn 18. október 1701 seldi Jón Tómasson, með samþykki konu sinnar Margrétar Jónsdóttur, Ólafi Árnasyni hálft annað hundrað í Hlíð í Álftafirði.[1696]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Eyrarsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Hlíð í Álftafirði:

> **Hlijd.**
>
> Þessari jörðu er sundur skift í tvo bæi, sem báðir standa innan garða.
>
> Jarðardýrleiki xviii hndr., xii hndr. stærri bærinn, vi hndr. sá minni, og so tíundast iiii tíundum.
>
> Eigandinn að xii hndr., það er stærri bærinn, erfingjar sáluga Magnúsar Magnússonar að Eyri í Seyðisfirði. Eigandi að vi hndr., það er minni bærinn, Ólafur Árnason að Höfðaströnd við Jökulfjörður.
>
> Ábúandi á ix hndr. á stærra bænum Bjarni Jónsson.
>
> […]
>
> Ábúandi á iii hndr. á stærra bænum enginn, en til slægna brúkar þau Þorvaldur Jónsson að Eyrardal og geldur þar fyrir 20 álnir. Betalast í landaurum. Áður bygðust þessi iii hndr. eftir proportion við hin níu. Ábúandi á minna bænum Jörundur Jónsson.
>
> […]
>
> Torfrista og stúnga bjargleg. Rif<h>rís til kolgjörðar og eldiviðar bjarglegt alt til þessa. Selveiði gagnvæn þá vel er að sókt. Reki hefur ekki heppnast í manna minni. Skelfisksfjara lítil.
>
> Engjar spillast af skriðum úr brattlendi. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum. Vatnsból bregðst bæði sumar og vetur, og er þá mjög erfiður vatnsvegur í úthaga. Kirkjuvegur sem áður segir um Eyrardal.
>
> Heimræði sem áður segir um Eyrardal, og gengur hjer og ekkert skip.

[1692] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 160, skjal H-22.
[1693] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 187–188, skjal H-22.
[1694] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 189, skjal H-22.
[1695] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 178, skjal H-22.
[1696] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 178, skjal H-22.

> **Breckusteckur,** forn eyðihjáleiga, hefur ei bygst í manna minni, og vita menn ekki heldur hvörjir byggíngarkostir verið hafi eður hvað fóðrast kunni. Ekki má aftur byggja fyrir heyskaparleysi.[1697]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hlíðar í Álftafirði metinn 18 hundruð. Eigendur jarðarinnar voru Jón Einarsson á Hafnardal og ábúandinn Sigríður Gísladóttir ekkja. Með í matinu var hjáleigan Hlíðarkot. Þá segir að eyðihjáleigan Brekkustekkur hafi verið nýtt sem beitiland.[1698]

Við manntalsþing að Súðavík 23. mars 1814 var þinglesið kaupbréf fyrir sex hundruðum í Hlíðarkoti fyrir 60 ríkisdali. Bréfið var dagsett 14. mars 1814, en kaupandi var Þorsteinn í Súðavík og seljandi Hallfríður Jónsdóttir á Saurum.[1699]

Við manntalsþing að Súðavík 13. júlí 1819 var þinglesið afsalsbréf þar sem Björn Pétursson og Einar Pétursson afsöluðu sér sex hundruðum í Hlíðarkoti til bræðranna Magnúsar og Karvels Jónssona, fyrir 72 spesíur. Bréfið var dagsett 3. apríl 1818.[1700]

Við manntalsþing að Súðavík 20. júlí 1826 var þinglesið makaskiptabréf þar sem Guðrún Magnúsdóttir makaskipti við son sinn Magnús Jónsson á Tröð þremur og hálfu hundraði í Saurum á móti þremur hundruðum í Hlíðarkoti með 10 spesía millilagi. Makaskiptabréfið var dagsett 18. febrúar 1824.[1701]

Við manntalsþing að Súðavík 4. júní 1835 var þinglesið kaupbréf fyrir sex hundruðum í Hlíð, dagsett 8. ágúst 1834.[1702]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hlíð í Álftafirði metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður telji sex hundruð af dýrleikanum á kotinu, sem fyrst er nefnt árið 1805. *Jarðabók* Árna og Páls nefni þar á móti eyðihjáleiguna Brekkustekk, sem árið 1805 var höfð til beitarlands.[1703]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hlíð:

> 2-3. Hlíð- og Hlíðarkot: þar er geisilega landljett og ljeligt til beitar.[1704]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 288 ríkisbankadali.[1705]

Friðlýst var fyrir landi Hlíðar í Álftafirði við manntalsþing árin 1850, 1851, 1852 1854 og 1855 og tilgreint var að friðlýst hafi verið eftir landamerkjum við manntalsþingið 1853.[1706]

Við manntalsþing að Súðavík 26. júlí 1865 var þinglesið kaupbréf Jóns Matthíassonar, dagsett 15. nóvember 1864, fyrir þremur hundruðum í Hlíðarkoti fyrir 180 ríkisdali.[1707]

[1697] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 173–174, skjal H-12.
[1698] Skjal nr. 2(147).
[1699] Skjal nr. 2(985).
[1700] Skjal nr. 2(962).
[1701] Skjal nr. 2(963).
[1702] Skjal nr. 2(986).
[1703] Skjal nr. 4(1), bls. 198.
[1704] Skjal nr. 2(161).
[1705] Skjal nr. 2(171).
[1706] Skjöl nr. 2(751), 2(966), 2(967), 2(969), 2(970), 2(987).
[1707] Skjal nr. 2(972).

Hinn 26. mars 1866 gaf Guðrún Jónsdóttir syni sínum Guðmundi Arasyni í Eyrardal 12 hundruð að fornu mati í Eyrardal, sex hundruð í Hlíð og þrjú hundruð í Tröð.[1708]

Landamerkjabréf jarðarinnar Hlíðar í Álftafirði er dagsett 18. ágúst 1890 en það var innkomið til þinglesturs 25. ágúst sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Jörðin Hlíð á land frá miðjum merkishrygg, milli Dvergasteins og Hlíðar, er vísar frá fjallsbrún ofan í miðja Pottvík, og þaðan beint í sjó út að Þórðarsteinum, er standa á bökkunum milli Hlíðar og Langeyrar; frá þeim upp að „Randarsteini“, er stendur uppi á hjöllunum, og frá honum beint upp á fjallsbrún.
>
> Eyrardal 18. ág. 1890.
>
> Guðm. Arason
>
> Gunnlaugur Gunnlaugsson (handsalað)
>
> Hjalti Sveinsson.[1709]

Hinn 26. október 1899 seldi Ari Guðmundsson í Gimli í Manitoba í Kanada fjögur hundruð í Eyrardal og tvö hundruð í Hlíð, báðum í Súðavíkurhreppi, til Jóns Guðmundssonar á Eyrardal. Afsalsbréfið var þinglesið 18. júní 1900.[1710]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Hlíðar í Álftafirði að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 4.555 kr. Eigendur hennar voru nokkrir. Fram kemur að jörðin var með upprekstur í sveitaralmenning.[1711]

Við manntalsþing að Súðavík 29. júní 1922 var þinglesið afsal Hafliða Hjálmarssonar til Guðmundar og Sveinbjörns Þórðarsona fyrir þremur hundruðum og 1/3 hlut úr hundraði í Hlíð í Álftafirði. Afsalið var dagsett 3. júní 1922.[1712]

5.65 Dvergasteinn í Álftafirði

Í skrá yfir jarðir Kristínar Björnsdóttur, dagsettri 3. maí 1458, kemur fram að meðal eigna hennar var jörðin Dvergasteinn, 16 hundruð að dýrleika.[1713]

Hinn 29. ágúst 1619 taldi Þorleifur Bjarnason Oddi syni sínum hundrað hundraða í jörðunum Borg í Borgarfirði, 80 hundruð, Rauðanesi, 30 hundruð, Hvítuhlíð, 12 hundruð auk málnytukúgilda og annarra þarflegra peninga. Á móti gaf Sæmundur Árnason dóttur sinni, Guðrúnu, Snældubeinsstaði, 30 hundruð, Hrímsstaði í Borgarfirði, 16 hundruð, fjögur hundruð í Norðurá í Borgarfirði og 10 hundruð í Dvergasteini í Álftafirði. Hjónin Sæmundur og Elín lofuðu að selja Guðrúnu dóttur sinni þau átta hundruð sem umfram voru þessi 10 hundruð í Dvergasteini, fyrir þau átta hundruð í Haukadal, sem Gísli Árnason föðurbróðir hennar hafði gefið henni.[1714]

[1708] Skjal nr. 2(693).
[1709] Skjal nr. 2(64).
[1710] Skjal nr. 2(712).
[1711] Skjal nr. 2(230).
[1712] Skjal nr. 2(988).
[1713] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 160–164, skjal nr. 4(161).
[1714] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 47–48, skjal H-22.

Hinn 16. apríl 1626 seldi Ari Magnússon Sæmundi Árnasyni jörðina Meiri-Hnífsdal, 24 hundruð að dýrleika, með öllu nema vergögnum sem Ögurkirkja ætti í sömu jörð. Einnig seldi Ari Sæmundi hálft fjórtánda hundrað í jörðinni Gljúfurá. Á móti gaf Sæmundur Ara jarðirnar Látur í Aðalvíkursveit, 24 hundruð að dýrleika, Dvergastein í Álftafirði og 28 hundruð í jörðinni Eyri í Önundarfirði.[1715]

Hinn 17. apríl 1626 seldi Ari Magnússon, vegna systur sinnar, Elenar Magnúsdóttur, Sæmundi Árnasyni Meiri-Hnífsdal, 24 hundruð að dýrleika, og 13½ hundrað í Gljúfurá fyrir Látur í Mjóafirði, 24 hundruð að dýrleika, Dvergastein, 18 hundruð að dýrleika og 10 hundruð í Eyri í Önundarfirði og þar til í flytjandi eyri fyrir tvö og hálft hundrað í Gljúfurá. En vegna þess að Ari fór á mis við sjávargæði og tolla í Hnífsdal, hlaut hann tvö tollfrí skip í Bolungarvík eða Óshlíð.[1716]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Eyrarsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Dvergastein í Álftafirði:

> **Dvergasteinn.**
>
> Hefur í eyði legið síðan bóluna.
>
> Jarðardýrleiki xviii hndr., og so tíundaðist 4 tíundum meðan bygt var.
>
> Eigandinn landþingsskrifarinn Sigurður Sigurðsson.
>
> […]
>
> Torfrista og stúnga næg. Elt er sverði. Rifhrís mjög lítið til eldiviðarstyrks. Grasatekja lítil.
>
> Engjar spillast af skriðum úr brattlendi. Hætt er kvikfje á vetur að hrapa úr snarbrattri fjallshlíð, sem leggur í svell og harðfenni, sem oft varð mein að. Kirkjuvegur bæjarleið lengri en áður segir um Hlíð og mjög torsóktur, einkanlega á vetur, yfir Álftafjörð.
>
> Heimræði hefur hjer verið þó það hafi verið mjög erfitt til að sækja fyrir lángræði, stundum ófært fyrir ísum, sem leggur á Álftafjörð, og brúkaðist þetta heimræði því lítt.[1717]

Við manntalsþing að Súðavík 16. júní 1790 var upplesið kaupbréf Illuga Jónssonar fyrir sex hundruðum í Dvergasteini af Magnúsi Ólafssyni fyrir 60 ríkisdali. Kaupbréfið var dagsett 14. janúar 1786.[1718]

Við manntalsþing að Þingeyri 27. júní 1796 var upplesið kaupbréf Jóns Jónssonar fyrir sex hundruðum í Dvergasteini og Pálma fyrir sex hundruðum í Brekku, en eftirnafn er ekki tilgreint. Kaupbréfið var dagsett 17. ágúst 1795.[1719]

Með kaupbréfi dagsettu 13. júlí 1801 seldi Magnús Ólafsson átta hundruð í Dvergasteini í Álftafirði til Jóns Jónssonar faktors í Ísafjarðarkaupstað. Kaupbréfið var þinglesið í Landsyfirrétti 6. júlí 1807.[1720]

[1715] Skjal nr. 2(240).
[1716] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 162–163, skjal H-22.
[1717] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 174–175, skjal H-12.
[1718] Skjal nr. 2(989).
[1719] Skjal nr. 2(990).
[1720] Skjal nr. 2(716).

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Dvergasteins í Álftafirði metinn 18 hundruð. Eigendur jarðarinnar voru Johnsen faktor sem átti 2/3 hluta og Pálmi Guðmundsson á Ósi sem var eigandi 1/3 hluta jarðarinnar.[1721]

Við manntalsþing að Suðureyri 21. júní 1805 var upplesin brigðalýsing Bjarna Jónssonar, dagsett 19. ágúst 1804, á sex hundruðum í Dvergasteini sem faðir hans hafði selt Jóni heitnum Bjarnasyni á Gelti en voru ekki í hönd ekkju hans, Margrétar Guðnadóttur. Pálmi Guðmundsson hafði eignina í sínum höndum eftir makaskipti á þeim og 12 hundruðum í Furufirði og kvað brigðalýsinguna ekki löglega og lýsti því fyrirfram að hann myndi vegna sín og Margrétar áfrýja mögulegum undirréttardómi.[1722]

Við manntalsþing að Súðavík 1. júlí 1821 var þinglesið afsal, dagsett 7. nóvember 1820, hvar Hallgrímur Laurentíusson seldi þrjú hundruð í Dvergasteini til Magnúsar Jónssonar á Tröð fyrir 103 ríkisdali og 64 skildinga eftir þess árs kapítalstaxta.[1723]

Við manntalsþing að Eyri 2. ágúst 1822 voru þinglesin makaskipti, dagsett 12. júní 1822, á þremur hundruðum Thorstensens sýslumanns í Dvergasteini og þremur hundruðum Jóns Jónssonar faktors í Tungu í Valþjófsdal án millilags.[1724]

Við manntalsþing að Eyri 19. júlí 1825 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 13. september 1824, hvar Jón Jónsson faktor makaskipti fjórum hundruðum í Kroppstöðum í Önundarfirði til Magnúsar Jónssonar á Tröð gegn þremur hundruðum í Dvergasteini.[1725]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Dvergasteinn í Álftafirði metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að kotið sé ekki nefnt í jarðabókunum, en sýslumaður telur það vera sex hundruð úr Dvergasteini.[1726]

Við aukarétt 3. mars 1849 var tekið var fyrir mál Matthíasar Halldórssonar á Dvergasteini gegn Magnúsi Jónssyni í Súðavík fyrir fornan útburð af jörðu og vanhaldnar vættir út af því. Úrskurðað var að Magnús skyldi borga Matthíasi fjóra ríkisbankadali.[1727]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Dvergastein:

> 3. 4. Dvergasteinn: slægjur og gódur sumarhagi valda því ad jórd þessi er í skárra lagi metin; hid sama er og ad seigja um Dvergasteinskot sem ad óllu má heita 1/3 jardarinnar.[1728]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 384 ríkisbankadali.[1729]

Friðlýst var fyrir landi Dvergasteins við manntalsþing árin 1850 og 1851.[1730]

[1721] Skjal nr. 2(116).
[1722] Skjal nr. 2(991).
[1723] Skjal nr. 2(992).
[1724] Skjal nr. 2(746).
[1725] Skjal nr. 2(749).
[1726] Skjal nr. 4(1), bls. 199.
[1727] Skjal nr. 2(993).
[1728] Skjal nr. 2(160).
[1729] Skjal nr. 2(171).
[1730] Skjöl nr. 2(966)–2(967).

Hinn 26. ágúst 1851 fór fram áreið og skoðunargjörð á landamerki á Dvergasteinsdal milli jarðanna Svarthamars og Dvergasteins í Álftafirði. Viðstaddir voru Rósinkrans Hafliðason á Svarthamri, sá er æskti áreiðarinnar, Einar Jónsson og Ólafur Ólafsson, eigendur Dvergasteins og Dvergasteinskots og ábúendurnir Jón Jónsson og Bjarni Jónsson. Hinir dómkvöddu áreiðarmenn voru af sýslumanni hvattir til að segja hvað þeim sýndist greinilegast um landamerki á dalnum milli téðra jarða. Álit þeirra er fært inn í dóma- og þingbók Ísafjarðarsýslu og er svohljóðandi:

> Jón Þórarinsson og Bjarni Jónsson sögdu einardlega meiníngu sína þannig: ad þeim síndist ad Landamerki sjeu deililegust, hátt og Lágt í Þverá, sem mönnum sínist heldur skáhöll fremst á dalnum uppá Dvergasteins Land, en allir sjá ad fremst á dalnum er tjed á vatnsmest og einlægust. Hinir Gunnlögur Gunnlögsson og Þorgils Bjarnason alitu þarámóti sanngjarnast ad Landamerki sjeu Svarthamars meigin vid þrætulandid Ártúngur sokalladar, og er þad helsta ástæda þeirra: 1. ad eptir þeim merkjum sje beinust lína frá því dalshorni til sjóar, 2. ad litlar tjarnir tvær sjeu uppúr dalshorni þar, uppundir hædstu egg, er þeir álíti ad vatnsfarvegur liggi nidurúr.
>
> Annars sjá menn ad margir Lækjir eru fremst á dalnum er loks falla allir í eina á, þegar leingra kjemur, enn öllum áreidarmönnum kjemur saman um ad einn farvegur liggi sosem leingst og hjerumbil beinast frammí dalshorn þetta.[1731]

Með kaupbréfi dagsettu 28. júlí 1857 seldi A. A. Johnsen átta hundruð í Dvergasteini í Álftafirði til Guðmundar Arasonar í Eyrardal. Kaupbréfið var þinglesið 5. júlí 1858.[1732]

Við manntalsþing að Súðavík 5. júlí 1858 var þinglesið kaupbréf, dagsett 28. júlí 1857, þar sem A. A. Johnsen borgari seldi Guðmundi Arasyni átta hundruð í Dvergasteini fyrir 556 dali reiðu myntar.[1733]

Með kaupbréfi dagsettu 18. júní 1874 seldi Gísli Bjarnason á Hamri fjögur hundruð í Dvergasteini til Guðmundar Arasonar. Kaupbréfið var þinglesið 27. júní sama ár.[1734]

Hinn 20. október 1874 fóru fram makaskipti hvar Guðlaug Káradóttir í Ögri afhenti sex hundruð að fornu mati í Dvergasteinskoti til Guðmundar Bárðarsonar í Kálfavík en fékk á móti þrjú hundruð að fornu mati í Eyri og þrjú hundruð að fornu mati í Kálfavík.[1735]

Hinn 10. nóvember 1874 fóru fram makaskipti hvar Hjalti Sveinsson afhenti þrjú hundruð að fornu mati í Kleifum í Skötufirði til Guðmundar Bárðarsonar í Kálfavík en fékk á móti þrjú hundruð í Dvergasteinskoti í Álftafirði.[1736]

Með kaupbréfi dagsettu 24. febrúar 1875 seldi Guðmundur Bárðarson þrjú hundruð að fornu mati í Dvergasteinskoti til Hjalta Sveinssonar.[1737]

Landamerkjabréf jarðarinnar Dvergasteins í Álftafirði er dagsett 18. ágúst 1890 en það var innkomið til þinglesturs 25. ágúst sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

[1731] Skjal nr. 2(968).
[1732] Skjal nr. 2(717).
[1733] Skjal nr. 2(971).
[1734] Skjal nr. 2(718).
[1735] Skjal nr. 2(719).
[1736] Skjal nr. 2(721).
[1737] Skjal nr. 2(720).

> Jörðin Dvergasteinn á land utan til uppmeð Dvergasteinsá upp í ártungu, og þaðan liggja merkin neðan með vestari ánni upp á Dalabrekkur, og þaðan eptir vörðum, er standa í beinni línu upp á fjallsbrún; frá þessum merkjum út í miðjan „merkishrygg“ á milli Dvergasteins og Hlíðar, er vísar frá fjallsbrún ofan í miðja Pottvík.
>
> Eyrardal 18. ág. 1890.
>
> Guðm. Arason
>
> Ásgeir Ásgeirsson
>
> Gunnlaugur Gunnlaugsson (nafnið handsalað)
>
> Hjalti Sveinsson.[1738]

Með lóðseðli dagsettum 8. mars 1892 var staðfest að Guðrún Guðmundsdóttir á Dvergasteini fengi fjögur hundruð að fornu mati í Dvergasteini úr dánarbúi föður síns, Guðmundar Árnasonar á Eyrardal. Lóðseðillinn var þinglesinn 9. júní 1896.[1739]

Hinn 30. apríl 1894 skuldbatt Hjalti Sveinsson sig og lofaði að selja sex hundruð og 34 álnir að nýju mati í Dvergasteinskoti til Péturs Herlofsen konsúls. Jörðin var veðsett Sparisjóðnum á Ísafirði með fyrsta veðrétti og lofaði Hjalti að innleysa veðið gengju kaupin eftir. Skjalið var þinglesið 5. júlí sama ár.[1740] Með afsalsbréfi dagsettu 31. desember 1894 seldi Hjalti 6,34 hundruð að nýju mati í Dvergasteinskoti til Péturs konsúls í Kristjaníu í Noregi.[1741] Afsalsbréfið var innkomið til þinglesturs 3. janúar 1895.[1742]

Landamerkjabréf milli jarðanna Dvergasteins og Dvergasteinskots er dagsett 26. febrúar 1896. Það var innkomið til þinglesturs 22. júní sama ár og þinglesið 28. júní 1897.[1743] Efni þess er svohljóðandi:

> Að innanverðu skiptir hins svo kallaða Dvergasteins á löndum milli Svarthamars og Dvergasteins-kotsins en að norðanverðu skiptir lágin sem liggur ofan tunið skamt norðan við bæinn á Dvergasteinskoti landi millum jarðanna Dvergasteins og Dvergasteinskotsins þaðan alla leið til sjávar rjett innan við stóran stein sem þar er í fjörunni. Þessi skipti vottum vjer undirskrifaðir rjett að vera en nú í dag er ekki hægt að sjá skipti á engjum eða úthaga.
>
> Dvergasteini 26. Febr. 1896
>
> Bjarni Þorgilsson n.ds. Þorsteinn Bjarnason
>
> Friðrik Guðmundsson n.ds. Hjalti Sveinsson n.ds.
>
> Þessi ofanrituðu landamerki bæði innan og norðan við túnið eru glögg og ohrekjandi fyrir aldurssakir, allt í sjó fram. Auðsjáanlega hefur fyrrum lækur myndað þessa lag sem skiptir löndunum og þá að líkindum kallaður merkalækur.[1744]

Með samningi dagsettum 10. ágúst 1896 seldu Jón Guðmundsson í Eyrardal, Friðrik Guðmundsson á Dvergasteini og Sigríður Guðmundsdóttir í Hlíð part úr landi Dvergasteins til P. Herlofsens konsúls. Kaupbréfið var þinglesið 28. júní 1897 en Jón

[1738] Skjal nr. 2(65).
[1739] Skjal nr. 2(725).
[1740] Skjal nr. 2(722).
[1741] Skjal nr. 2(724).
[1742] Skjal nr. 2(723).
[1743] Skjöl nr. 2(726) og 2(728).
[1744] Skjal nr. 2(728).

skráði að þar sem hann hafi ekki enn fengið eignarrétt yfir Dvergasteinspartinum þá myndi samningurinn eingöngu gilda um fyrirhugaðan part hans á Dvergasteini. Partinum er svo lýst í samningnum:

> sem liggur rjett norðanvert við land Dvergasteinskotsins niðurvið sjóinn. Þessi partur takmarkast af eptirfylgjandi merkjum að innanverðu sjávarmegin frá hinum stóra steini, sem stendur inn við P. Herlofsons bryggju þaðan til norðvesturs 65 al. breitt eptir merkjum á milli jarðanna að niðurreknum sverum hæl~~um~~ þar frá í beinni línu til norðurs að uppsettu merki á sama hátt 88 al. langt, og frá því merki beina línu til austurs allt til sjávar sömu stefnu eptir rjettvísandi kompás og bryggju P. Herlofsonar liggur 50 al. breitt[1745]

Hinn 28. júní 1897 lýsti Guðmundur Bárðarson því yfir að samkvæmt samningnum frá 10. ágúst 1896 seldi Guðrún Magnúsdóttir ekkja í Eyrardal og afhenti eignarhlut sinn í Dvergasteini til Péturs Herlofsens konsúls. Yfirlýsingin var þinglesin sama dag.[1746] Eigninni var afsalað til Péturs Herlofsens 28. júní 1897.[1747]

Hinn 2. febrúar 1901 gaf Sigríður Guðmundsdóttir á Dvergasteini bindindisfélaginu Morgunstjörnunni í Álftafirði 400 ferhyrningsfaðma lóð í landi Dvergasteins. Útmæling lóðarinnar hafði ekki farið fram. Gjafabréfið var þinglesið 20. maí sama ár.[1748]

Með kaupbréfi dagsettu 19. maí 1901 seldu systkinin Magnús, Sigríður og Guðrún Guðmundsbörn, fyrir hönd móður sinnar Guðrúnar Magnúsdóttur í Eyrardal, fjögur hundruð í Dvergasteini til Peters Herlofsonar á Dvergasteini. Kaupbréfið var þinglesið 20. maí sama ár.[1749]

Með kaupbréfi dagsettu 29. júní 1901 seldi Sigríður Guðmundsdóttir fjögur hundruð í Dvergasteini til P. Herlofsonar konsúls á Dvergasteini. Kaupbréfið var þinglesið 23. júní 1902.[1750]

Með kaupbréfi dagsettu 31. ágúst 1901 seldu Magnús, Friðrik og Sigríður Guðmundarbörn fjögur hundruð í Dvergasteini í Súðavíkurhrepp, úr dánarbúi móður sinnar, til Péturs Herlofssonar hvalveiðimanns á Dvergasteini. Kaupbréfið var þinglesið 23. júní 1902.[1751]

Með afsali dagsettu 20. nóvember 1915 seldi Jón S. Edwald til S. Hansens, kaupmanns í Reykjavík, Emils Rökstads, lýsiskaupmanns í Reykjavík og Lyders Hojdaals, kaupmanns í Vestmannaeyjum, hálfa Dvergasteinseyri, hálft Dvergasteinskot, hálft hús og mannvirki á Eyrinni og eignir í Svarthamarslandi sem tilheyrðu Dvergasteinseyri.[1752]

[1745] Skjöl nr. 2(727) og 2(729).
[1746] Skjal nr. 2(730).
[1747] Skjal nr. 2(731).
[1748] Skjal nr. 2(732).
[1749] Skjal nr. 2(733).
[1750] Skjal nr. 2(734).
[1751] Skjal nr. 2(735).
[1752] Skjal nr. 2(443).

Við manntalsþing að Tröð 26. júní 1916 var þinglesið afsal uppboðshaldara til Jóns S. Edwalds, dagsett 4. nóvember 1915, fyrir hálfu Dvergasteinskoti með hvalstöð fyrir 4.080 kr. Við sama þing var þinglesið afsal áðurnefnds Jóns til H. S. Hanssonar og fleiri aðila fyrir sömu eign, dagsett 20. nóvember 1915, sömuleiðis fyrir 4.080 kr.[1753]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Dvergasteins í Álftafirði að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 7.780 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[1754]

Hinn 6. ágúst 1929 fóru fram skipti á engjum milli jarðanna Dvergasteins og Dvergasteinskots. Gengið var á merki og engjapartar hvorrar jarðar athugaðir að gæðum, legu og breidd. Lagt var áherslu á að skipta engjum sem lágu næst fyrir neðan brekkubrún, frá Dvergasteinsá og út með urðarfótum út að Hlíðarlandi. Um beitiland og slægjuland segir eftirfarandi í landskiptabók:

> Land þad er liggur fyrir ofan brekkubrún út og inn eftir því sem lína vísar miðað við merkjasteina á Brekkurönd, sem vörðu er hlaðið á, skal teljast beitiland beggja jarðanna eftir hundraðahæð. Slægjuland alt sem er utan þeirra takmarka er hér að ofan eru nefnd, skal fylgja hverri jörð fyrir sig, eftir sömu merkjum og hér til hafa verið.[1755]

Loks var engjunum skipt þannig:

> Kotið á land frá Dvergasteinsá útað fyrnefndum tveimur samliggjandi steinum, þaðan sjónhendingu uppi stein í brekkuröndinni, er vörðu er hlaðið á ofavert við dálitla rauða (aur)skriðu. Þaðan á Dvergasteinn alt land – undanskilinni „Myri“ út að vörðsluskurði er liggur (~~niður utanvert við afgirt stykki fyrir utan „Mýri~~)“ frá sjó og beint upp. 160 faðma fyrir utan Myri:
>
> Þaðan á Kotið 2 parta úr miðjum skurði 80 faðma. úteftir.
>
> Loks á Dvergasteinn þaðan 1 ½ part út að landamerkjum Hlíðar.[1756]

5.66 Svarthamar í Álftafirði

Í skrá yfir jarðir Kristínar Björnsdóttur, dagsettri 3. maí 1458, kemur fram að meðal eigna hennar var jörðin Svarthamar, 12 hundruð að dýrleika.[1757]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Eyrarsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Svarthamar í Álftafirði:

> **Svarthamar.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigan<di> kóngleg Majestat, og er þessi ein af Álftafjarðar jörðum, sem áður segir um Eyrardal.
>
> Ábúandinn Svartsson.
>
> […]

[1753] Skjal nr. 2(994).
[1754] Skjal nr. 2(231).
[1755] Skjal nr. 2(90).
[1756] Skjal nr. 2(90).
[1757] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 160–164, skjal nr. 4(161).

> Torfrista og stúnga bjargleg. Fjalldrapi og lýng til eldiviðarstyrks lítið, brúkast sjaldan. Grasatekja lítil. Selveiði lítil og valla teljandi. Reki hefur hjer ei heppnast í manna minni. Sölvafjara lítil, brúkast ei. Skógarhögg til kolgjörðar og eldiviðar hefur þessi jörð brúkað lángvarandi af kóngsjörðunni Seljalandi. En Seljaland aftur þar í mót hefur brúkað engispart á þessari jörðu.
>
> Túninu grandar skriður úr brattlendi. Enginu grandar í sama máta skriður úr brattlendi, sem áeykst árlega. Kirkjuvegur lángur og torsóktur yfir Álftafjörð. Ekki þykir mönnum öldúngis óhætt bænum fyrir skriðufalli, þó hefur það híngað til ekki að meini orðið.
>
> Heimræði er hjer og lendíng góð en brúkast lítt sökum óbærilegs lángræðis. Eitt skip gengur ábúandans, og aldrei hafa fleiri gengið so menn viti.[1758]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Svarthamars í Álftafirði metinn 12 hundruð en jörðin er konungsjörð. Fram kemur að jörðin átti skógarrétt í konungsjörðinni Seljalandi gegn heyslætti.[1759]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Svarthamar í Álftafirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem Álftafjarðarjörð.[1760]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Svarthamar:

> 4. Svarthamar: þar er mjóg hætt vid árensli og vetrarríki er mikid og landlítid.[1761]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 300 ríkisbankadali.[1762] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Svarthamri breytt í 336 ríkisbankadali.[1763]

Hinn 26. ágúst 1851 fór fram áreið og skoðunargjörð á landamerki á Dvergasteinsdal milli jarðanna Svarthamars og Dvergasteins í Álftafirði. Viðstaddir voru Rósinkrans Hafliðason á Svarthamri, sá er æskti áreiðarinnar, Einar Jónsson og Ólafur Ólafsson, eigendur Dvergasteins og Dvergasteinskots og ábúendurnir Jón Jónsson og Bjarni Jónsson. Hinir dómkvöddu áreiðarmenn voru af sýslumanni hvattir til að segja hvað þeim sýndist greinilegast um landamerki á dalnum milli téðra jarða. Álit þeirra er fært inn í dóma- og þingbók Ísafjarðarsýslu og er svohljóðandi:

> Jón Þórarinsson og Bjarni Jónsson sögdu einardlega meiníngu sína þannig: ad þeim síndist ad Landamerki sjeu deililegust, hátt og Lágt í Þverá, sem mönnum sínist heldur skáhöll fremst á dalnum uppá Dvergasteins Land, en allir sjá ad fremst á dalnum er tjed á vatnsmest og einlægust. Hinir Gunnlögur Gunnlögsson og Þorgils Bjarnason alitu þarámóti sanngjarnast ad Landamerki sjeu Svarthamars meigin vid þrætulandid Ártúngur sokalladar, og er þad helsta ástæda þeirra: 1. ad eptir þeim merkjum sje beinust lína frá því dalshorni til sjóar, 2. ad litlar tjarnir tvær sjeu uppúr dalshorni þar, uppundir hædstu egg, er þeir álíti ad vatnsfarvegur liggi nidurúr.
>
> Annars sjá menn ad margir [Lækjir] eru fremst á dalnum er loks falla allir í eina á, þegar leingra kjemur, enn öllum áreidarmönnum kjemur saman um ad einn farvegur liggi sosem leingst og hjerumbil beinast frammí dalshorn þetta.[1764]

[1758] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 175–176, skjal H-12.
[1759] Skjal nr. 2(117).
[1760] Skjal nr. 4(1), bls. 199.
[1761] Skjal nr. 2(161).
[1762] Skjal nr. 2(171).
[1763] Skjal nr. 2(166).
[1764] Skjal nr. 2(968).

Við manntalsþing að Súðavík 27. maí 1852 var upplesin lögfesta fyrir landamerkjum konungsjarðanna Hattardölum, Seljalandi og Svarthamri frá sama degi og þingið var haldið. Matthías Ásgeirsson óskaði eftir fresti til að mótmæla hvað áhrærir Eyrarkirkju.[1765]

Með afsali dagsettu 20. nóvember 1915 seldi Jón S. Edwald til S. Hansens, kaupmanns í Reykjavík, Emils Rökstads, lýsiskaupmanns í Reykjavík og Lyders Hojdaals, kaupmanns í Vestmannaeyjum, hálfa Dvergasteinseyri, hálft Dvergasteinskot, hálft hús og mannvirki á Eyrinni og eignir í Svarthamarslandi sem tilheyrðu Dvergasteinseyri.[1766]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Svarthamars í Álftafirði að þau séu þinglesin. Fram kemur að jörðin átti upprekstur á sveitarafrétt. Jörðin var metin á 1.700 kr. Eigandi hennar var Landsjóður.[1767]

Við aukarétt Ísafjarðarsýslu 2. maí 1927 var tekið fyrir að dómkveðja menn til að gera lýsingu á jörðinni Svarthamri og meta til peningaverðs. Rétturinn útnefndi þá Björn Jóhannsson kennara í Tröð og Jón Jónsson kaupmann í Súðavík.[1768]

Við aukarétt 24. júní 1927 voru útnefndir menn til að meta jörðina Svarthamar.[1769]

Hinn 4. september 1938 fór fram skoðun á girðingum á Svarfhóli, meðal annars landamerkjagirðingum milli Svarthamars og Svarfhóls. Í skjalinu kemur fram að landamerkjagirðingin hefur verið um 720 metra löng en henni hafi verið illa við haldið.[1770]

Hinn 14. júní 1952 fór fram úttekt á Svarfhóli. Í skjali um úttektina er einkum fjallað um hús og mannvirki en einnig landamerkjagirðingu gagnvart jörðinni Svarthamri. Þar segir að við Merkjagil á landamerkjum jarðanna séu leifar af u.þ.b. 600 metra langri girðingu sem gengið hafi frá sjó og upp í fjall, en hún hafi verið um 30 ára gömul.[1771] Hinn 9. nóvember sama ár fór fram álagsúttekt á Svarfhóli. Þar segir um landamerkjagirðinguna að hún sé vegna vöntunar á viðhaldi nálega horfin að vír og staurum.[1772]

5.67 Svarfhóll í Álftafirði[1773]

Í skrá yfir jarðir Kristínar Björnsdóttur, dagsettri 3. maí 1458, kemur fram að meðal eigna hennar var jörðin Svarfhóll, fjögur hundruð að dýrleika.[1774]

[1765] Skjal nr. 2(969).
[1766] Skjal nr. 2(443).
[1767] Skjal nr. 2(232).
[1768] Skjal nr. 2(995).
[1769] Skjal nr. 2(996).
[1770] Skjal nr. 2(1017).
[1771] Skjal nr. 2(1020).
[1772] Skjal nr. 2(1021).
[1773] Svarfhóll er einnig til umfjöllunar í máli nr. 5/2021 og í kafla 5.30 í úrskurði þess máls er m.a. að finna umfjöllun um heimildir sem varða einungis þann hluta jarðarinnar sem þar er til umfjöllunar.
[1774] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 160–164, skjal nr. 4(161).

Hinn 2. ágúst 1514 úrskurðaði Jón lögmaður Sigmundsson Narfa Jónssyni til eignar jarðirnar Svarfhól í Álftafirði og Dynjanda í Grunnavík.[1775]

Hinn 12. febrúar 1676 greindi Gissur Sveinsson, bróðir Brynjólfs biskups Sveinssonar, frá jarðagóssi sínum og fasteignakaupum. Eftir foreldra sína fékk hann meðal annars Arnarnúp, Nauteyri, Botn í Dýrafirði og hálft fimmta hundrað í Gljúfurá. Í arf eftir bróður sinn, Magnús Gissurarson, fékk hann Hrafnabjörg, tólf hundruð, og keypti meðal annars átta eða níu hundruð í Klukkulandi af Magnúsi Jónssyni fyrir sex hundruð í Svarfhóli og þrjú hundruð í lausafé, en þennan part í Svarfhóli átti Margrét Jónsdóttir, kona Gissurar. Þann átta hundruða part í Klukkulandi, sem Gissur meðtók vegna Margrétar, fékk hann meistara Brynjólfi. Þegar sr. Jón Jónsson giftist Halldóru Jónsdóttur gaf Gissur honum hálft níunda hundrað í Gljúfurá. Nauteyri seldi Gissur Bjarna Sigurðssyni fyrir Hofsstaði í Þorskafirði. Brynjólfur Sveinsson fékk meðal annars í fasteign Þorfinnsstaði. Í arf eftir Magnús Gissurarson fékk Brynjólfur Selvoga.[1776]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Eyrarsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Svarfhól í Álftafirði:

> **Svarfhóll.**
>
> Munnmæli segja að hjer hafi að fornu bænhús verið, og sjest þar enn til tóftar og kirkjugarðs í túninu þar sem Kirkjutúnga heitir.
>
> Þessari jörðu er sundur skift í tvo bæi, eður so sem lítið kot af heimajörðunni, sem kallast Svarfhólshús. Er talið i hndr. úr allri jörðunni.
>
> Jarðardýrleiki xxiiii hndr., og so tíundast iii tíundum, kirkju, presti og fátækum.
>
> Eigandinn kóngleg Majestat, og hefur þessi jörð lángvarandi verið lögð prestinum, sem þjónar þessari sókn og Ögurssókn, til uppheldis, hefur hann og öll byggíngarráð.
>
> Ábúandi á ix hndr. Tumas Einarsson. Ábúandi á öðrum ix hndr. Magnús Indriðason. Ábúandi á vi hndr. með Svarfhólshúsum Halldór Halldórsson.
>
> […]
>
> Skógur til raftviðar lítill, en til kolgjörðar og eldiviðar nægur. Torfrista og stúnga grýtt og sendin. Grasatekja lítil. Selveiði lítil og valla teljandi. Skipsuppsátur um vetur og húslán fyrir þá menn sem á róa. Það hefur áður brúkast átölulaust, en nú ekki fyrir fólksleysi.
>
> Silúngsveiði hefur áður brúkast frá þessari jörðu í Fjarðará. Þar á Hattardalur öðrum megin en Seljaland annars vegar, og hefur ei verið öldúngis ágreiníngslaust um þessa veiði, hún hefur nú ei brúkast í nokkur ár. Selstöðu á jörðin með tilliggjandi landi framanvert við Seljalands land. Hún hefur áður brúkast jafnan átölulaust en nú ekki sökum fólksfæðu í nokkur ár.
>
> Túninu grandar skriður úr brattlendi. Enginu í sama máta til stórskaða og eyðileggíngar. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum, sje ei með góðri gætni við varðað. Kirkjuvegur hálf þíngmannaleið og torsóktur, einkanlega á vetur.
>
> **Svarfshols hus,** bygð við heimatúnið hjer um fyrir 30 árum, og er talið i hndr. úr heimajörðunni. Þetta býli er áður talið með allri jörðunni bæði til skulda og heyskapar.

[1775] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 502–503, skjal nr. 2(249).
[1776] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 169–170, skjal H-22.

> Ekki er þessum bæjarhúsum óhætt fyrir skriðufalli úr brattlendi, þó hefur það hingað <til> ekki að stórmeini orðið.[1777]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Svarfhóls í Álftafirði metinn 24 hundruð. Ekki koma fram upplýsingar um eiganda jarðarinnar en hún var notuð af prestum á Eyri og í Ögri.[1778]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Svarfhóll í Álftafirði metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem lénsjörð Ögurþingaprests. Í neðanmálsgrein kemur fram að *Jarðabók* Árna og Páls geti hér um eyðihjáleigu, Svarfhólshús.[1779]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Svarfhól:

> 5. Svarfhóll: vetraraþýngsli mikil baga mjóg svo þessa jórd sem þó er ad ódru leiti dáindis jórd.[1780]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 624 ríkisbankadali.[1781]

Hinn 26. maí 1871 fór fram áreið og skoðunargjörð vegna landamerkja Minni-Hattardals við Svarfhól og Seljaland í Álftafirði. Skoðunargjörðin var þinglesin 1. júlí sama ár en álit áreiðarmanna hljóðar svo:

> Areiðarmennirnir álíta alla þá vitnisburði um landamerki milli Svarfhólls og Hattardalls minna sem þeir hafa heyrt og sjeð alveg ómerka og þýðingarlausa þar þeir gangi hver á móti öðrum og hver hafi brúkað þá vitnisburði sem honum hafa helzt verið í hag af viðkomendum, en þeim þykir mest líkindi til einsog líka landslagið bendir til þess, að Hattardalur minni eigi alt land sín megin einsog Langá segir frá fjalli til fjöru. Þetta framanskrifað er því ófrávíkjanlegt álit áreiðarmanna og undirskrifa það til staðfestu.[1782]

Landamerkjabréf jarðarinnar Svarfhóls í Álftafirði er dagsett 18. júlí 1890 en það var innkomið til þinglesturs 25. september 1890. Efni þess er svohljóðandi:

> Svarfhóll í Súðavíkurhreppi í Ísafjarðarsýslu, sem er ljensjörð prestsins í Øgurþingum og 20,6 hndr. nýtt mat, á land frá fjöru til fjalls frá Merkigili milli Svarthamars og Svarfhóls inn að Seljalandsá, er rennur ofan með Seljalandstúni að utanverðu. Einnig land allt vestanmegin fjarðarár frá Vatnagiljum þ.e. Valagiljum og sem vötnum hallar frá jökli. Óskipt upprekstrarland á móts við Minni Hattardal austanmegin Fjarðarár eður Klifhlíð alla frá Fellshálsskarði út í Fjarðarhorn. Slægjubletti þá, sem eru á sameignarlandi þessu notar Hattardalur annað árið en Svarfhóll hitt.
>
> Reka, landshlut og fjörunytjar á landi þessu eiga jarðirnar til helminga.
>
> Vigur 18 Júlí 1890
>
> Sigurður Stefánsson (prestur til Øgurþinga)
>
> Samþykkur: Skúli Thoroddsen umboðsmaður Hattardals.[1783]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Svarfhóls í Álftafirði að þau séu þinglesin. Fram kemur að

[1777] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 176–177, skjal H-12.
[1778] Skjal nr. 2(150).
[1779] Skjal nr. 4(1), bls. 199.
[1780] Skjal nr. 2(161).
[1781] Skjal nr. 2(171).
[1782] Skjal nr. 2(736).
[1783] Skjal nr. 2(66).

jörðin átti upprekstur á sveitarafrétt. Einnig er fjallað um ítak í hálfri Klifhlíð í Seljalandi. Jörðin var metin á 4.430 kr. Eigandi hennar var Prestlaunasjóður.[1784]

Með bráðabirgðaerfðafestusamningi, dagsettum 3. apríl 1937, byggði Torfi Hjartarson sýslumaður, f.h. Kirkjujarðasjóðs, jörðina Svarfhól til Jóns Andrésssonar á erfðafestu samkvæmt lögum nr. 8/1936.[1785]

Hinn 4. september 1938 fór fram skoðun á girðingum á Svarfhóli, meðal annars landamerkjagirðingum milli Svarthamars og Svarfhóls. Í skjalinu kemur fram að landamerkjagirðingin hefur verið um 720 metra löng en henni hafi verið illa við haldið.[1786]

Með byggingarbréfi dagsettu 3. október 1938 var jörðin Svarfhóll byggð Jóni Andréssyni. Um landamerki hennar er vísað í landamerkjabréf frá 18. júlí 1890.[1787]

Hinn 6. mars 1944 leigði sýslumaður Ísafjarðarsýslu bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar jörðina Svarfhól.[1788]

Hinn 14. júní 1952 fór fram úttekt á Svarfhóli. Í skjali um úttektina er einkum fjallað um hús og mannvirki en einnig landamerkjagirðingu gagnvart jörðinni Svarthamri. Þar segir að við Merkjagil á landamerkjum jarðanna séu leifar af u.þ.b. 600 metra langri girðingu sem gengið hafi frá sjó og upp í fjall, en hún hafi verið um 30 ára gömul.[1789] Hinn 9. nóvember sama ár fór fram álagsúttekt á Svarfhóli. Þar segir um landamerkjagirðinguna að hún sé vegna vöntunar á viðhaldi nálega horfin að vír og staurum.[1790]

Með byggingarbréfi dagsettu 10. júní 1953 byggði umboðsmaður þjóðjarða Svarfhól til Ólafs Gíslasonar. Um landamerki er vísað í landamerkjabréf frá 18. júlí 1890.[1791]

Hinn 1. febrúar 1961 afsalaði landbúnarráðherra, f.h. ríkissjóðs Íslands, jörðinni Svarfhóli til Ólafs Gíslasonar fyrir 18.000 kr.[1792]

5.68 Seljaland í Álftafirði

Í skrá yfir jarðir Kristínar Björnsdóttur, dagsettri 3. maí 1458, kemur fram að meðal eigna hennar var jörðin Seljaland, 12 hundruð að dýrleika.[1793]

Hinn 5. nóvember 1604 seldi Ari Magnússon sr. Sveini Símonarsyni 10 hundruð í Arnarnúpi og Skálará, átta hundruð að dýrleika, með samþykki Ragnheiðar Pálsdóttur konu sinnar. Á móti greiddi Sveinn með sjö hundruðum í Súðavík og sex hundruðum í Seljalandi. Einnig seldi sr. Sveinn konu sinni til fullrar eignar 13 hundruð í Arnarnúpi

[1784] Skjal nr. 2(233).
[1785] Skjal nr. 2(1016).
[1786] Skjal nr. 2(1017).
[1787] Skjal nr. 2(1018).
[1788] Skjal nr. 2(1019).
[1789] Skjal nr. 2(1020).
[1790] Skjal nr. 2(1021).
[1791] Skjal nr. 2(1022).
[1792] Skjal nr. 2(1023).
[1793] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 160–164, skjal nr. 4(161).

fyrir áðurskrifaða parta í Súðavík og Seljalandi, sem voru eignir hennar. Í tilgjöf hennar gaf Sveinn Ragnheiði 17 hundruð í Arnarnúpi með því skilyrði að allur Arnarnúpur skyldi hverfa til erfingja þeirra, sem þau kynnu að eignast.[1794]

Hinn 12. apríl 1616 seldi Ari Magnússon Sveini Andréssyni Kvíanes fyrir 12 hundruð þótt jörðin væri aðeins metin á átta hundruð. Á móti gaf Sveinn fimm hundruð í Gljúfurá og þrjú hundruð í Seljalandi, með samþykki konu sinnar. Að auki átti Ari að eiga tiltölu og lofun fyrir því sem Sveinn þóttist eiga í þremur hundruðum í Seljalandi. Þá átti Sveinn að greiða Ara 30 vættir fiska í kaupstað, því að Kvíanes væri betri en partar Sveins og einnig vegna þess að á þessum parti Gljúfurár væru nokkur spjöll. Hinn 7. júní 1703 lýsti Erlingur Sigfússon því yfir að hann hefði erft hálft Kvíanes eftir föður sinn, Sigfús Sveinsson, sem hefði keypt það af Þorláki Arasyni fyrir sex hundruð í Minni-Hattardal.[1795]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Eyrarsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Seljaland í Álftafirði:

> **Selialand.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn kóngleg Majestat, og er þessi ein af þeim sem kallast Álftafjarðar jarðir, sem áður segir um Eyrardal.
>
> Ábúandinn Eyjólfur Jónsson.
>
> […]
>
> Skógur til kolgjörðar og eldiviðar nægur. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Silúngsveiði hefur verið gagnvæn í nokkrum smáam og í einu stöðuvatni upp frá Álftafjarðarbotni, hún fer nú mjög til rýrðar og brúkast því lítt. Grasatekja lítil og valla teljandi.
>
> Engjatak á jörðin í Svarthamars land í takmörkuðu plátsi, það hefur brúkast átölulaust, en í haust eð var fjell skriða yfir þennan engjapart, so hann er nú fyrir því allur óslægur.
>
> Enginu grandar Valagilsá með landbroti og grjóts og sands áburði til stórskaða, so og jetur þar vatn úr rótina allvíða. Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum og afætudýjum, sem oft verður mein að. Kirkjuvegur sem áður segir um Svarfhól. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórveðrum.[1796]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Seljalands í Álftafirði metinn 12 hundruð en jörðin var konungsjörð. Fram kemur að jörðin átti rétt til heys í konungsjörðinni Svarthamri gegn skógarrétti.[1797]

Við manntalsþingsrétt að Súðavík 6. apríl 1840 voru konungsjarðirnar Eyrardalur og Seljaland í Álftafirði boðnar upp. Hæstbjóðandi í Eyrardal var ábúandi hennar, Ari Guðmundsson, með boð upp á 16 og hálfa spesíu hvert hundrað. Hæstbjóðandi í Seljaland var sr. Magnús Þórðarson með boð upp á 22 og hálfa spesíu hvert hundrað.[1798]

[1794] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 158, skjal H-22.
[1795] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 159, skjal H-22.
[1796] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 177–178, skjal H-12.
[1797] Skjal nr. 2(151).
[1798] Skjal nr. 2(964).

Jarðirnar voru aftur boðnar upp við manntalsþingsrétt 8. júlí 1842 en engar upplýsingar eru skráðar í dóma- og þingbók hvort einhver hafi boðið í þær.[1799]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Seljaland í Álftafirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem Álftafjarðarjörð.[1800]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Seljaland:

> 5. Seljaland: Skógur er þar nægur og kostgott undir bú og gagn mikid af peningi óllum.[1801]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 408 ríkisbankadali.[1802]

Við manntalsþing að Súðavík 27. maí 1852 var upplesin lögfesta fyrir landamerkjum konungsjarðanna Hattardölum, Seljalandi og Svarthamri frá sama degi og þingið var haldið. Matthías Ásgeirsson óskaði eftir fresti til að mótmæla hvað áhrærir Eyrarkirkju.[1803]

Hinn 26. maí 1871 fór fram áreið og skoðunargjörð vegna landamerkja Minni-Hattardals við Svarfhól og Seljaland í Álftafirði. Skoðunargjörðin var þinglesin 1. júlí sama ár en álit áreiðarmanna hljóðar svo:

> Areiðarmennirnir álíta alla þá vitnisburði um landamerki milli Svarfhólls og Hattardalls minna sem þeir hafa heyrt og sjeð alveg ómerka og þýðingarlausa þar þeir gangi hver á móti öðrum og hver hafi brúkað þá vitnisburði sem honum hafa helzt verið í hag af viðkomendum, en þeim þykir mest líkindi til einsog líka landslagið bendir til þess, að Hattardalur minni eigi alt land sín megin einsog Langá segir frá fjalli til fjöru. Þetta framanskrifað er því ófrávíkjanlegt álit áreiðarmanna og undirskrifa það til staðfestu.[1804]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Seljalands í Álftafirði að þau séu þinglesin. Fram kemur að jörðin átti upprekstur í sveitarafrétt. Jörðin var metin á 2.220 kr. Eigandi hennar var Landsjóður.[1805]

Við aukarétt 15. júní 1928 voru útnefndir menn til að gera lýsingu á jörðinni Seljalandi.[1806]

Við aukarétt 26. júní 1928 var staðfest mat á jörðinni Seljalandi.[1807]

Við manntalsþing að Tröð 22. júní 1929 var þinglesið afsal Stjórnarráðs Íslands fyrir jörðinni Seljalandi til Guðna Einarssonar, dagsett 8. apríl 1929.[1808]

[1799] Skjal nr. 2(965).
[1800] Skjal nr. 4(1), bls. 199.
[1801] Skjal nr. 2(160).
[1802] Skjal nr. 2(171).
[1803] Skjal nr. 2(969).
[1804] Skjal nr. 2(736).
[1805] Skjal nr. 2(234).
[1806] Skjal nr. 2(997).
[1807] Skjal nr. 2(998).
[1808] Skjal nr. 2(999).

5.69 Eignir og réttindi kirkna

5.69.1 Kirkjubólskirkja í Valþjófsdal

Sveinn biskup Pétursson skipaði hálfkirkju að Kirkjubóli í Valþjófsdal árið 1467, en þremur árum síðar setti hann alkirkju þar.[1809] Í máldaga segir m.a.:

> j fyrrgreindri jordu æ kirckiuboli þar j heimalandi. v. kugilldi og einn tolfæringh med ræ og reida og hier med hundradz eignn j skoginum æ Eyre j fyrr skrifudum Aunundarfirdi. elldividar staudu a kalfeyre til þess er hann mæ vel fluttur verda heim til tijttnefndz kirkiubolz og þar til þeirra hrossa beit æ hueriu ære sem greindur elldividur er æ fluttur til adur nefndrar kalfeyrar suo leinge sem þar stendur þorf til.[1810]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Kirkjuból í Valþjófsdal:

> Kirkian i Valthioffsdal ä .xij[c]. jørd.
>
> […]
>
> j[c]. i Skóge ä Saudanese.[1811]

Í biskupsvísitasíu um Kirkjubólskirkju í Valþjófsdal frá 19. ágúst 1639 segir meðal annars:

> Wtan kirkiu xij hndr. Jórdenn i Mosdal og effter Biskups Suejnz breffe viij hndr. i hejmalande, enn huad me[i]ra er loffar Bjórn Snæbjórnsson Jardarjnnar ejgande skyrslu ä ad gjóra, eff eiga mætte.[1812]

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 6. september 1689 og 26. ágúst 1725 en í þeirri fyrrnefndu segir einnig að kirkjan eigi tvö hundruð í skóginum á Sauðanesi.[1813] Sömu upplýsingar koma einnig fram í kirkjustól Kirkjubólskirkju frá 1742–1811.[1814]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir m.a. um Kirkjuból í Valþjófsdal:

> Skógarítak lítið er kirkjunni eignað á Sauðanesi (milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar) þar sem Barðsurðir heita, en sá skógur er nú í manna minni gjöreyddur.[1815]

Í prófastsvísitasíu frá 8. nóvember 1793 segir að Kirkjubólskirkja haldi sínum eignum og ítökum en ítakið á Sauðanesi hafi komið til lítilla nota.[1816]

[1809] Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* II, bls. 219, skjal H-21. Sjá einnig *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 491, 579–580; skjöl nr. 4(200) og 4(183).
[1810] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 579–580, skjal nr. 4(183).
[1811] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 574, skjal nr. 4(184).
[1812] Skjal nr. 2(694).
[1813] Skjal nr. 2(694).
[1814] Skjal nr. 2(1035).
[1815] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 95–97, skjal H-12.
[1816] Skjal nr. 2(1040).

Í prófastsvísitasíu um Kirkjubólskirkju frá 17. júlí 1855 er vísað til biskupsvísitasíu Hannesar Finnssonar biskups sem segi að kirkjan eigi 12 hundruð í jörð en að sú jörð sé ekki tilgreind. Þá segir að skógurinn á Sauðanesi sé gjörsamlega eyddur.[1817]

5.69.2 Vatnsfjarðarkirkja við Ísafjarðardjúp

Hinn 9. október 1391 handlagði Sigurður Þórðarson til Björns Einarssonar þriðjung af fiskitollum í Bolungarvík sem hann hafði fengið frá erfingjum Einars Eiríkssonar.[1818]

Með vitnisburði, dagsettum 13. febrúar 1469, vitnaði Jón Alexíusson um Bolungarvíkurtolla Vatnsfjarðarkirkju þannig að hann hafi afhent Birni Þorleifssyni skipan Kristínar Björnsdóttur um að allir þeir sem vildu róa í Bolungarvík skyldu að frjálsu koma þar að Gregoríusmessu og fara í burt við Michaelsmessu, en vertíð yrði heimil þar á milli og skyldi hver hlutamaður gjalda til kirkjunnar í Vatnsfirði. Þá segir í vitnisburðinum að hver tollmaður skyldiu hafa að frjálsu hrísrif og torfskurð í Skeggjamýri, en annars í Hlíðarjörð ef þar skyldi ekki vinnast.[1819]

Hinn 26. júlí 1564 vitnaði Jón Höskuldsson um landamerki Hóls og Hlíðar í Bolungarvík og fiskitolla til Vatnsfjarðarkirkju. Vitnisburðurinn er svohljóðandi:

> Svo felldan vitnisburd ber eg Jon Hauskulldsson ad eg er nu siautigi ära gamall madur. og hefi eg leingstum vistfastur verid j Bolungarvik um mïna daga. hefi eg alldrei annad heyrt um mïna daga en su ä sem rennur j mille Höls og Hlïdar j Bolungarvik hafi runnid fyrir ofan Buder og svo ut og framm j Fornärös ad fornu fari. Sagdizt minn fadir Hauskulldur hafa þar og alldrei heyrt tvimæli ä leika um sina daga og var hann lxxx. vetra gamall madr. Svo og sagdi minn fader mier ad hann hefdi leingstum verid hia Husfru Solveigu Biornsdottur. Sagdi hann mier ad svo hefdi þa golldid verid ad til Vatzfiardar hefde ecki golldizt aörer tollar ur Bolungarvik enn fra skierinu Þiodolfi og til Fornäröss. hefi eg og vitad j aullum fyrrnefndum tima ad ädurnefnder budarmenn og vermenn hafa sialldan edur alldrei annarstadar torf stungid og ristid til sinna buda enn j kringum þær i þeirra leyfi sem rädamenn hafa verid ä Höli. Og til sanninda hier um set eg mitt innsigli fyrir þetta brief er skrifad var a Höli j Bolungarvïk sietta dag og xx Julii. ärum epter gudz burd M. D. lx. iiij.
>
> Fyrirfarande witnisburdur er ordriett skrifadur epter kalfskinnsbrefe med underhangande heilu og læsiligu jnnsigli Jons Hoskulldssonar. þad vottum vier er saman läsum ad Skalhollte þan 16. Decembris Anno 1707. Magnus Markusson. Snorre Jönsson. Þördur Þördarson.[1820]

Fimm aðrir vitnisburðir vitnuðu um hið sama.[1821]

Í dómsbréfi, dagsettu 25. júlí 1637, segir að við héraðsþing hinn 15. júlí sama ár hafi verið dæmt í máli um fiskitolla í Bolungarvík sem sr. Jón Arason í Vatnsfirði hafði borið fram og óskað dóms. Fram kemur að ágreiningur hafi verið milli Vatnsfjarðarhaldara annars vegar og eigenda Hóls og Óss í Bolungarvík hins vegar um réttindi Vatnsfjarðarkirkju til tollanna. Dæmt var að þeir sem nýttu sér tollverið skyldu

[1817] Skjal nr. 2(1041).
[1818] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 463, skjal nr. 4(220).
[1819] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 535, skjal nr. 4(202).
[1820] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 290–291, skjal nr. 4(203).
[1821] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 291–294, 299–300, skjal nr. 4(203).

greiða tolla til sr. Jóns Arasonar í Vatnsfirði og að Vatnsfjarðarbréf skyldu halda við sinn myndugleika. Dómurinn var lesinn upp á Alþingi 30. júní 1638.[1822]

Hinn 5. september 1639 var tekið fyrir mál um fiskitolla í Bolungarvík en málsaðilar voru sr. Jón Arason í Vatnsfirði og Sigríður Þorleifsdóttir á Hóli í Bolungarvík. Magnús Jónsson kom fyrir dóminn fyrir hennar hönd. Lögð voru fram ýmis skjöl Vatnsfjarðarkirkju og dæmt að testamentisbréf Björns Einarssonar væri nýtt og myndugt og mætti ekki raskst. Einnig var dæmt að þau bréf, dómar og skilríki sem hljóðuðu upp á hið gamla skallabréf og innihéldi að Vatnsfjarðarkirkja ætti allan skreiðartoll í Bolungarvík, væru með öllu ónýt og magtarlaus. Í framhaldinu sættust sr. Jón og Magnús á að Vatnsfjarðarkirkja skyldi héðan í frá hafa tvö tollfrí skip að frjálsu, allt árið um kring, í Meiri-Hlíðarlandi í Bolungarvík fyrir utan Drymblu þar sem Vatnsfirðingabúð hafði að fornu verið, með ristu og stungu þannig að hvorki skyldi skaðast tún eða engjar. Á móti skyldu bréf, dómar og skilríki sem tilheyrðu kirkjunni varðandi alla fiskitolla í Bolungarvík, fyrir utan það sem nú var skráð og sæst á, vera dauð og magtarlaus.[1823]

Í biskupsvísitasíu frá 4. ágúst 1790 segir að Vatnsfjarðarkirkja eigi hálfa vertolla í Bolungarvík samkvæmt gjafabréfi Björns Einarssonar Jórsalafara sem hafi síðast verið staðfest 11. apríl 1783.[1824]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Vatnsfjarðarsveit frá 1710 segir m.a. um Vatnsfjörð við Ísafjarðardjúp:

> Skipsstöður 2 á staðurinn í Hólslandi í Bolúngarvík og verbúðarstöðu þar með, og brúkast þetta ítak frá staðnum átölulaust.[1825]

Hinn 29. ágúst 1738 skrifaði Sveinn Sölvason lögmanns Ólafi Gíslasyni Skálholtsbiskupi um vertollamál í Bolungarvík sem hafði verið tekið fyrir á tveimur lögþingsréttum við Öxará. Málsaðilar væru annars vegar sr. Magnús Teitsson í Vatnsfirði og hins vegar Magnús og Bergur Sigmundssynir landeigendur Meiri-Hlíðar. Sveinn fór yfir hvernig dæmt hafði verið nokkrum sinnum um vertolla í Bolungarvík, síðast árið 1639, en ágreiningur um þá væri enn á ný komin til kasta yfirvalda. Sveinn sagði enn fremur að dæmt yrði í málinu við næsta lögþing.1826 Í öðru skjali dagsettu 29. ágúst 1748 skrifaði Sveinn að tvíræðni væri í orðalaginu „Halfa alla Vertolla“ sem gæti annað hvort skilist sem allir tollar úr hálfri víkinni eða hálfir tollar úr allri víkinni. Að hans mati hlyti meiningin að hafa verið sú að taka tolla frá öllum jörðum í víkinni en Vatnsfjarðarprestar hafi heimtað þá alla að norðan og vestanverðu, frá skerinu Þjóðólfi og allt að Drymlu. Um hefð kvað Sveinn hana vissulega vera komna til staðar, ekki síst vegna samnings sr. Jóns Arasonar við eiganda Meiri-Hlíðar.[1827]

[1822] Skjal nr. 2(367).
[1823] Skjöl nr. 2(368) og 2(241).
[1824] Skjal nr. 2(282).
[1825] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 214–215, skjal H-12
[1826] Skjal nr. 2(242).
[1827] Skjal nr. 2(242).

Hinn 30. maí 1783 skrifuðu O. Erlendson og M. Sigmundsson forboð um að nýttar væru svokallaðar Vatnsfjarðar- og Ármúlabúðir þá um vorið í þeirra landi, þ.e. Meiri-Hlíðar, án skriflegs leyfis. Skyldu tollar ekki vera greiddir til þeirra væri uppsátur í þeirra landi fyrirboðið sem og öll rista og stunga til viðhalds á búðunum.[1828]

Við manntalsþing að Hóli 4. júlí 1810 var tekin var fyrir stefna, dagsett 10. maí 1810, gegn Hallgrími Laurentíussyni á Hóli sem var sakaður um að taka í forboði nokkra vertolla tilheyrandi Vatnsfjarðarkirkju. Einnig var framlagt eintak af héraðsdómi frá 22. ágúst 1755 um hálfa tolla í Bolungarvík og önnur gögn, s.s. biskupsvísitasíu frá 11. apríl 1783 og héraðsdómur frá 10. júní 1783 sem fjalli um sama efni. Hallgrímur neitaði að hafa tekið nokkurn toll nema af þremur mönnum. Nokkrir einstaklingar voru farnir úr verinu og því ekki hægt að taka af þeim vitnisburði. Því var ekkert ályktað í málinu um sinn.[1829]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er fjallað um 13 prestaköll í Ísafjarðarsýslu. Eitt þeirra er Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp. Þar segir meðal annars:

> Reka-, skógar- og önnur-ítök eptir biskups vísitazíu 4. Aug. 1790, eru flest fjarlæg og bágt að nota, en af þeim eru vertollar í Bolúngarvík og hvalreki, til jafnaðar tuttugasta hvert ár (og má meta hvorttveggja 1 h. 60 al.–2 h. á landvísu, mér skilst árlega) einna helzt teljandi.[1830]

Hinn 14. júlí 1858 náðist sátt milli sr. Þórarins Böðvarssonar í Vatnsfirði annars vegar og bræðranna Magnúsar Árnasonar í Þjóðólfstungu og Árna Árnasonar á Meiri-Hlíð um vertolla á Bolungarvíkurmölum. Sáttin hlaut samþykki stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi 11. október 1858 og var þinglesin 10. júní 1859, en hún er í fjórum liðum og hljóðar svo:

> 1. Að eigendr Bolungavíkurmala viðurkenni og lofi að halda gjafabrjef Bjarnar Jórsala fara, með dómum þeim sem útaf því hafa gengið, og þar á meðal gjöri þá sem samin var í Øgri 22 ágúst 1854. að því leyti sem hún snertir rjettindi Vatnsfjarðarkirkju, og að þeir þessvegna framvegis taki sjer ekki neitt fyrir hendr viðvíkjandi verstöðunni í Bolungavík, án samþykkis kirkjuráðandans í Vatnsfirði, sem reglulegs sameignarmanns að vertollunum.
>
> 2. Að burt rýmt sje af Bolungavíkurmölum þeim geymsluhúsum og hjöllum sem vertollur er ekki afgoldinn nema þeir eigendur sjálfir nauðsynlega með þurfa til eigin brúkunar.
>
> 3. Að um búðarstæði sje engum neitað meðan búðir verði settar á því svæði: frá Hólsá og útað Stígahlíð með sjó fram eins og Drymlutjörn ræður, eptir samkomulagi sameignarmanna, eða álíti sýslumanns og tveggja óviðkomandi manna.
>
> 4. Að eigendur Meiri hlíðar leggi til tvöfalt þak á hverja búð, þegar hún byggist í fyrsta sinn af nýju, en eitt þak á hverjum átta árum á allar búðirnar bæði þær sem hafa verið og bygðar verða og til ⸗ veggjanna nauðsynlegt verkefni, – en þó má ei rista nje stínga annarstaðar enn jarðareigendr vísa á – án nokkurs endurgjalds annars enn tollsins.[1831]

[1828] Skjal nr. 2(243).
[1829] Skjal nr. 2(870).
[1830] Skjal nr. 4(1), bls. 209.
[1831] Skjal nr. 2(109).

Í bréfi sr. Þórarins Böðvarssonar í Vatnsfirði til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi, dagsettu 14. janúar 1861, segir frá sátt sem hann náði við eigendur Meiri-Hlíðar í Bolungarvík 14. júlí 1858 um Bolungarvíkurtolla, en sættin hafi síðan verið þinglesin 10. júní 1859. Í bréfi sínu skýrði sr. Þórarinn frá að honum þætti eigendur Meiri-Hlíðar að ýmsu leyti fara gegn sættinni, s.s. með tilliti til yfirráða yfir verstöðinni og tolla. Þá hafi eigendur Meiri-Hlíðar rifið niður verbúð sem byggð hafi verið 1859–1860. Sr. Þórarinn óskaði loks eftir því að yfirvöldin tækju málið fyrir og tryggðu réttindi kirkjunnar á Bolungarvíkurmölum.[1832]

Í skýrslu, dagsettri 8. apríl 1878, um tekjur og útgjöld Vatnsfjarðarprestakalls 1872–1878 er m.a. fjallað um ítök og hlunnindi kirkjunnar, annars vegar í notkun og hins vegar ónotuð. Meðal ítaka og hlunninda í notkun voru hálfir vertollar í Bolungarvík.[1833] Í svipaðri skýrslu um tekjur og útgjöld prestakallsins 1893–1898 koma fram sömu upplýsingar.[1834]

Í prófstsvísitasíu um Vatnsfjarðarkirkju frá 17. júlí 1913 kemur fram að kirkjan hafi haldið öllum sínum eignum nema tveimur jörðum sem höfðu verið seldar. Þá segir að vertollar gjaldist skilvíslega af Bolungarvík.[1835]

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er tilgreint um landamerki jarðarinnar Vatnsfjarðar við Ísafjarðardjúp að þau séu þinglesin. Jörðin var metin á 28.000 kr. Eigandi hennar var Vatnsfjarðarkirkja.[1836] Þá er einnig í undirmati I tilgreint ítak Vatnsfjarðarkirkju á Mölum í Bolungarvík. Þar segir að árlega séu greiddir hálfir tollar eða 720 kr. og sem hálf grunnleiga. Ítakið var tekið á 14.000 kr.[1837]

Hinn 2. apríl 1921 skrifaði sr. Páll Ólafsson í Vatnsfirði til biskups um fyrirhugað eignarnám í landi Bolungarvíkur, sem væri fyrir sveitarfélagið Hólshrepp, en lýsti því að Vatnsfjarðarkirkja myndi við hugsanlegt eignarnám á réttindum sínum á Bolungarvíkurmölum tapa umtalsverðum hagnaði.[1838]

[1832] Skjal nr. 2(468).
[1833] Skjal nr. 2(1037).
[1834] Skjal nr. 2(1038).
[1835] Skjal nr. 2(322).
[1836] Skjal nr. 2(1034).
[1837] Skjal nr. 2(1034).
[1838] Skjal nr. 2(483).

6 SJÓNARMIÐ AÐILA

6.1 Íslenska ríkið

Hér verður fyrst gerð grein fyrir almennum sjónarmiðum íslenska ríkisins en sjónarmiðum sem varða hvert kröfusvæði sérstaklega eru síðan gerð skil í undirköflum.

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því að þau svæði sem gerðar eru kröfur til teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á svæði 10B séu heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, og önnur atriði sem gerð er grein fyrir í umfjöllun um hvert svæði fyrir sig. Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til almennra niðurstaða óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

Af hálfu ríkisins er byggt á því að þegar vísað er í fjallsbrún eða fjallsbrúnir sé átt við frambrún fjalls þar sem skörp skil eru oft í hæðarlínum s.s. frambrún kletta eða önnur skýr skil, nema annað sé tekið fram. Í slíkum tilvikum séu landfræðilegar aðstæður oft með þeim hætti að innan fjallsbrúnar/fjallsbrúna, þ.e. ofan á fjalli, liggi tiltölulega flatlent svæði eða skýrt afmarkað. Þegar landamerkjum sé lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall sé almennt litið svo á að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim sé lýst hér að framan, milli slíkra merkja. Sé merkjum ekki lýst lengra, séu landamerkjalýsingar óskýrar, séu landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að svæði séu t.d. lítt aðgengileg, lítt gróin eða í töluverðri hæð sé víða gerð krafa um að slíkt land, ofan fjallsbrúna, verði lýst þjóðlenda.

Í nokkrum kröfulýsingum sé þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Það sé gert þegar fyrir liggi að um jörð sé að ræða en landamerkjalýsing liggi ekki fyrir, er óljós eða óskýr og ekki hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta og ekki hægt að finna skýra landfræðilega afmörkun sem hægt hafi verið að styðja kröfulínu við. Hæðarlína hafi þá jafnan verið valin með hliðsjón af þekktum punkti eða punktum í merkjalýsingu og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag.

Um lagarök er af hálfu ríkisins vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998 auk 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, meginreglna um eignarráð fasteignaeigenda, almennra reglna samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986 auk ýmissa eignaréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

Um málsástæður og heimildir er í greinargerð íslenska ríkisins vísað til kröfulýsingar, dags. 15. september 2020, og sögulegrar greinargerðar Þjóðskjalasafns Íslands. Jafnframt sé byggt á því að þau landsvæði sem kröfur ríkisins ná til séu svæði utan eignarlanda og því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Þá sé byggt á nýlegum rannsóknum á grundvelli samstarfsverkefnis Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar Háskólans, Landsvirkjunar, Jöklarannsóknafélags Íslands,

Landmælinga Íslands og Náttúrustofu Suðausturlands þar sem íslenskir jöklar hafi verið rannsakaðir m.t.t. þeirra breytinga sem hafi átt sér stað. Niðurstöður rannsóknanna megi sjá á islenskirjoklar.is. Innan kröfusvæðisins muni hafa verið að finna tvö jökla, hvor um sig 0,6 km2, í fjalllendinu á milli Fossa annars vegar og Svarfhóls og Svarthamars hins vegar.

6.1.1 Klofningsheiði

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Klofningsheiði* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum Neðri-Breiðadals, Fremri-Breiðadals, Selakirkjubóls, Kaldár, Hóls, Garða, Hvilftar, Eyrar, Staðar, Vatnadals, Bæjar, Kvíaness, Botns og Ytri-Veðrará. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé líklega lægst í um 500m hæð en líklega hæst í um 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Þá sé einnig miðað að hluti svæðisins hafi ekki verið nytjaður eða nýttur með öðrum hætti.

Í greinargerð íslenska ríkisins kemur fram að ábúendur jarðarinnar á Stað í Súgandafirði geri athugasemdir við kröfulýsingu íslenska ríkisins á kröfusvæðinu, m.a. að hún gangi gegn byggingarbréfi jarðarinnar. Með bréfi Ríkiseigna, nú Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir, dags. 17. mars 2021, sé tekið undir sjónarmið ábúenda. Að mati íslenska ríkisins sé litið svo á að með framangreindu bréfi felist kröfulýsing, eða a.m.k. mótmæli við kröfu íslenska ríkisins. Í greinargerðinni er bent á að þinglýstur eigandi jarðarinnar Staðar sé Ríkissjóður Íslands. Að mati íslenska ríkisins geti ábúendur jarðar hvorki gert kröfu um beinan eignarrétt jarðar til handa eiganda hennar né mótmælt kröfu íslenska ríkisins þar sem þeir eigi ekki beina, sérstakra og lögvarða hagsmuni, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 409/2009, enda séu réttindi ábúenda bundin við nýtingu jarðarinnar samkvæmt ábúðarsamningi. Þrátt fyrir framangreint sé óskað eftir rannsókn óbyggðanefndar á því hvort um þjóðlendu eða eignarland sé að ræða.

6.1.2 Kroppstaðafjall

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Kroppstaðafjall* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum Efstabóls, Korpudals, Kirkjubóls, Tannaness, Innri-Veðrarár, Ytri-Veðrarár, Tungu, Hafrafells, Efri-Engidals og Svarfhóls. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé líklega lægst í um 550m hæð en líklega hæst í um 850m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Þá sé einnig miðað að hluti svæðisins hafi ekki verið nytjaður eða nýttur með öðrum hætti.

6.1.3 Gilsbrekkuheiði Ísafirði

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Gilsbrekkuheiði Ísafirði* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum Botns, Gilsbrekku, Selárdals, Norðureyrar, Galtar og Keflavíkur. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé líklega lægst í um 450m hæð en líklega hæst í tæplega 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Þá sé einnig miðað að hluti svæðisins hafi ekki verið nytjaður eða nýttur með öðrum hætti.

6.1.4 Gilsbrekkuheiði Bolungarvík

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Gilsbrekkuheiði Bolungarvík* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum Meiri-Bakka, Kroppsstaða, Meira-Hrauns, Minna-Hrauns, Breiðabóls, Meiri-Hlíðar, Þjóðólfstungu, Hóls og Grundarhóls, Geirastaða, Miðdals og Hanhóls, Gils og Tungu. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé í rúmlega 500 um 650m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

6.1.5 Bolafjall og Stigahlíð

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Bolafjall og Stigahlíð* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum Minni-Bakka, Meiri-Hlíðar og Traðar. Ekki sé tekið mið af þeim hluta lýsingar Breiðabóls sem lýsi fjallstoppi Bolafjalls og Stigahlíð innan jarðarinnar enda lýsi aðrar jarðir ekki svæðum á fjallstoppi eða Stigahlíð innan jarða. Þá séu almenningar í Stigahlíð austan merkja Breiðabóls. Bent er á að fjallstoppurinn sé í rúmlega 550m hæð ofan kletta og Stigahlíðin hinum megin fjalls án tengsla við jörðina Breiðaból að öðru leyti. Miðað sé við landfræðilega legu kröfusvæðis og að land innan þess hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti enda um að ræða land brattlendi að hluta og hásléttu fjalls ofan kletta í um 550m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Stigahlíðin sé lítt gróið brattlendi og á köflum snarbrattir klettar.

6.1.6 Arafjall, Hádegisfjall og Heiðnafjall

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Arafjall, Hádegisfjall og Heiðnafjall* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum Fremri-Hnífsdals, Neðri Hnífsdals, Óss og Gils. Þá sé einnig miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og að hluti þess hafi ekki verið nytjaður eða nýttur með öðrum hætti.

6.1.7 Búðarfjall

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Búðarfjall* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum Fremri-Hnífsdals, Neðri Hnífsdals, Óss og Gils. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé um 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

6.1.8 Breiðafell og Eyrarfjall

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Breiðafell og Eyrarfjall* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum Bakka, Seljalands, Gils og Fremri-Hnífsdals. Ekki liggi fyrir jarðabréf fyrir Eyri og taki kröfulýsing mið af lýsingu landamerkja Eyrar í kaupbréfi frá 7. júní 1884. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé í um 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

6.1.9 Ernir og Kirkjubólsfjall

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Ernir og Kirkjubólsfjall* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum Neðri- og Fremri Arnardals, Kirkjubóls, Fossa og Engidals. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé í um 600–800m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

6.1.10 Ufs, Súðavíkurfjall, Traðarhyrna og Sauratindar

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Ufs, Súðavíkurfjall, Traðarhyrna og Sauratindar* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum Súðavíkur, Traðar og Saura. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé í um 500m til rúmlega 800m hæð, gróðursnautt, umkringt brattlendi og líklega lítt nytjað.

6.1.11 Dvergasteinsfjall og Svarthamar

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Dvergasteinsfjall og Svarthamar* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum Saura, Eyrardals, Hlíðar, Dvergasteins, Svarthamars og Svarfhóls. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé að mestu í um 700–900m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins

Hér verður gerð grein fyrir sjónarmiðum gagnaðila íslenska ríkisins. Í þeim tilvikum þar sem sami lögmaður gætir hagsmuna vegna margra jarða er fyrst getið sameiginlegra sjónarmiða vegna viðkomandi jarða en sjónarmiðum sem varða hverja jörð sérstaklega eru svo gerð skil í undirköflum, eftir því sem við á.

6.2.1 Hvilft, Garðar og Eyri í Önundarfirði; Bær, Vatnadalur, Kvíanes, Selárdalur og Göltur í Súgandafirði; Meiri-Bakki, Minni-Bakki, Kroppsstaðir, Meira-Hraun og Minna-Hraun í Skálavík; Hlíðartorfa, Þjóðólfstunga, Hóll, Geirastaðir, Miðdalur, Hanhóll, Gil og Ós í Bolungarvík; Neðri-Hnífsdalur, Bakki og Hraun í Hnífsdal; Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Neðri-Engidalur, Fossar, Kirkjuból og Arnardalstorfa í Skutulsfirði

Hér verður fyrst gerð grein fyrir sameiginlegum sjónarmiðum þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem eru eigendur Hvilftar, Garða og Eyrar í Önundarfirði; Bæjar, Vatnadals, Kvíaness, Selárdals og Galtar í Súgandafirði; Meiri-Bakka, Minni-Bakka, Kroppsstaða, Meira-Hrauns og Minna-Hrauns í Skálavík; Hlíðartorfu, Þjóðólfstungu, Hóls, Geirastaða, Miðdals, Hanhóls, Gils og Óss í Bolungarvík; Neðri-Hnífsdals, Bakka og Hrauns í Hnífsdal; Eyrar, Seljalands, Tungu, Hafrafells, Neðri-Engidals, Fossa, Kirkjubóls og Arnardalstorfu í Skutulsfirði en sjónarmiðum sem varða hverja jörð sérstaklega eru síðan gerð skil í undirköflum.

Af hálfu framangreindra gagnaðila íslenska ríkisins er á því byggt að þar sem að því fari fjarri að kröfur aðila fari saman hljóti ólíkur skilningur þeirra á hugtakinu fjallsbrún að skýra mismun í kröfugerðum hvors um sig. Landeigendur telji að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeigenda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga.

Íslenska ríkið hafi áður deilt við landeigendur um túlkun á hugtakinu fjallsbrún fyrir óbyggðanefnd, t.a.m. í málinu nr. 3–4/2004 um Kjalarnes og Kjós n.t.t. um landamerki á fjallinu Esju. Um þetta segi í úrskurði nefndarinnar á bls. 151:

> Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álitaefni hvernig túlka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknum stað, t.d. í klettabrún. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar. […] Hér skal þess getið að í svari Gunnlaugs Ingólfssonar, fræðimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðanefndar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dæmum í seðlasafni Orðabókar Háskólans megi ráða að fjallsbrún geti bæði verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknum stað.

Með heildstæðu mati á landamerkjabréfum umhverfis Esjuna hafi óbyggðanefnd hafnað skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og þá niðurstöðu hafi íslenska ríkið ekki borið undir dómstóla og hafi því sætt sig við.

Svo hafi háttað í máli nr. 3–4/2004, að skammt hafi verið á milli byggða þótt fjallið hafi skilið á milli auk þess sem sum landamerkjabréf lýsi merkjum nánar en eingöngu með tilvísun í fjallsbrún. Samkvæmt lýsingum í landamerkjabréfum jarðanna nái landamerki þeirra á fjall upp og það sama eigi við um aðliggjandi jarðir.

Í fyrrgreindum úrskurði óbyggðanefndar auk annarra úrskurða, t.d. í máli nr. 2/2005, hafi slíkar sambærilegar lýsingar sínu hvoru megin fjallgarðs verið túlkaðar þannig að jarðir lægju þar saman:

> Í þeim landamerkjabréfum sem að framan er vísað til er landamerkjum milli jarða oftast lýst að vatnaskilum í Smjörfjöllum eða að merki nái að fjallsbrún. Í öðrum tilvikum er vísað til upptaka áa sem liggja upp í Smjörfjöllum við sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðar. […] Í vesturhlíðum Smjörfjalla liggja jarðir í Vopnafjarðarhreppi. Eins og fram kemur í umfjöllun um þær jarðir í máli nr. 3/2005 er þeim, líkt og þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar, lýst upp til fjallanna, gjarnan að vatnaskilum. Af því verður ráðið að jarðir í Vopnafjarðarhreppi og í Jökulsárhlíð liggi saman í Smjörfjöllum.

Íslenska ríkið hafi ákveðið að una þessum úrskurði.

Landeigendur telji því að aðstæður allar í málum nr. 3–4/2004 og 2/2005 séu öldungis sambærilegar við þær aðstæður sem uppi séu í því máli sem hér er til úrlausnar og eigi bágt með að skilja kröfur íslenska ríkisins með hliðsjón af fyrri úrskurðum óbyggðanefndar og fyrri afstöðu ríkisins til þeirra.

Landeigendur telji að túlkun íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og orðalaginu til fjalls skýri mismuninn á kröfugerðum aðila, en landeigendur álíti að með hvoru tveggja sé átt við hæsta hluta fjalls eða vatnaskil, en íslenska ríkið virðist leggja þann skilning í orðalagið að það merki efstu klettabrún fjalls sem sjáanleg sé neðan frá láglendi jarðar.

Skilningur landeigenda styðjist við málvenju á svæðinu sem hægt sé að finna stað í allmörgum gögnum málsins. Sem dæmi megi nefna orðalag í landamerkjabréfi Arnarness í Dýrafirði, en þar segi:

> Að innanverðu milli Arnarness og Gerðhamra ræður áin fram eptir dalnum síðan eptir læknum í miðjum tungunum á dalnum, sem hann rennur, og svo sem áin ræður fyrir ofan tungurnar og eptir lægstu heiðinni allt út á hæðstu heiði; en þaðan sem brúnir ráða.

Málvenja þessi sé gömul og megi sjá henni bregða fyrir í mun eldri skjölum, t.a.m. vitnisburði frá 9. mars 1600 þar sem fimm menn beri um landamerki Breiðabóls í Skálavík og Hóls í Bolungarvík. Í vitnisburði eins þeirra segi um merkin:

> So og hef eg Jon Helgason heyrt hit sama, um þessi landamerki, og alldri annat enn Holl eige wtj lækinn wtan til wid Gunnars wÿk, og j kambinn þann sem lækurinn rennr æ, og so upp j fiallz brunina þar sem fiallid er hæst …

Gagnstætt því sem haldið sé fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins séu ekki heimildir um annað en að jarðirnar hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og

aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja þeirra hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildi um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn bendi til annars en að land jarðanna hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.

Landeigendur leggi áherslu á að þegar óbyggðanefnd meti hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varði núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðji tilkall þeirra til beinna eignarrétta innan ummerkja jarðarinnar.

Landeigendur telji ljóst að land jarðanna eins og þeim sé lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæli því að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðanna verði dregin í efa.

Landeigendur vísi til þess að frá öndverðu hafi lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðaþáttar Grágásar segi:

> Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja …

Í 3. kapítula landsbrigðaþáttar segi um merkjagöngu:

> Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nóttum fyrir. […] Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjárgangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki.

Sambærilegt ákvæði sé í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar hafi bréfun landakaupa verið lögskyld. Merkjalýsingar sé þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafi. Merkjagangan, sem hafi farið fram eftir kaup, hafi haldið þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.

Það hafi fyrst verið við setningu landamerkjalaga árið 1882, með lögum nr. 5/1882, og síðar árið 1919, með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld hafi haft frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því sé staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða hafi ekki orðið til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggi kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eigi í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins hafi komið landeigendum á óvart þar sem þeir hafi athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft sé í huga að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu

jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu.

Landeigendur telji að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði sé einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Telji landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest sé í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan hafi verið rakið séu landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafi undir höndum, sem sanni beinan eignarrétt þeirra.

Landeigendur haldi því og fram að eftir að ríkisvald hafi stofnast hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur telji ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa sé fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minni á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hafi verið þinglýst athugasemdalaust.

Landeigendur hafi þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafi aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Þá beri átelja skort á samræmi í kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendur í Barðastrandarsýslu (Svæði 10C) og Strandasýslu (Svæði 10A) annars vegar og Ísafjarðarsýslu hins vegar. Í fyrrgreindu sýslunum tveimur hafi verið afar takmarkaðar þjóðlendukröfur gerðar en handan sýslumarka séu gerðar einhverjar þær umfangsmestu þjóðlendukröfur sem sést hafa í nokkurri sýslu.

Þó hátti svo til að lýsing landamerkja, stærð jarða, staðhættir aðrir og gróðurfar séu með mjög áþekkum hætti í sýslunum öllum. Að áliti landeigenda séu slík vinnubrögð til þess fallin að mismuna landeigendum eftir því hvar þeir búi og hver lýsir kröfum f.h. íslenska ríkisins hverju sinni, en slíkt eigi auðvitað ekki að viðgangast í nútíma réttarríki.

Til vara byggi landeigendur kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Landeigendur krefjast þess að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess að kröfur íslenska ríkisins á svæði 10B séu óhóflegar og verulega úr samræmi við

kröfugerðir þess undanfarin ár auk þess sem stór hluti kröfugerðarinnar sé í fullkomnu ósamræmi við niðurstöður dómstóla og óbyggðanefndar í sambærilegum málum.

Um lagarök er af hálfu framangreindra landeigenda vísað til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar, jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991, landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki, laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978, þjóðminjalaga nr. 52/1969, laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni, stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu, laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim, þjóðlendulaga nr. 58/1998, laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu og mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr, laga nr. 91/1991.

6.2.1.1 Hvilft með Görðum í Önundarfirði

Af hálfu eiganda jarðarinnar Hvilftar með Görðum í Önundarfirði er byggt á því að Hvilft sé forn jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*, en allt land jarðarinnar sé innan landnáms Önundar sem hafi numið Önundarfjörð allan.

Þótt jörðin sé forn komi hún lítt við sögu í rituðum heimildum fyrr en eftir 1400 og þó reglulega síðan.

Jörðin Garðar hafi frá öndverðu verið hluti af Hvilft, en hafi verið skipt úr landi jarðarinnar í byrjun 19. aldar, sem sjálfstæðri jörð. Einhvern tíma um miðja 20. öld hafi eignarhald jarðanna komist á sömu hendur og hafi þær í kjölfarið verið sameinaðar. Krafa landeiganda feli því í sér land beggja jarðanna eins og því sé lýst í landamerkjabréfum þeirra.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á Eyrarfjalli, Klofningsheiði, Garðafjalli og Grímsdalsheiði, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Vísað er til þess að gæði Sauðaness hafi verið eftirsótt og um miðja 19. öld hafi verið rekið dómsmál milli eiganda Hvilftar, annars vegar og eiganda Eyrar, hins vegar, þar sem úrlausnarefnið hafi m.a. verið réttur Hvilftar til beitar á Sauðanesi, þ.e. í eignarlandi Eyrar. Hafi eigandi Hvilftar gert þá kröfu að réttur Hvilftarmanna til beitar á nesinu, utan við Klofningshrygg, yrði staðfestur með dómi. Kröfu sína hafi hann stutt með þeim rökum að kirkjan á Hvilft hefði forðum átt 5 hundruð í Eyrarjörðinni og í skjóli þeirrar eignar hefði falist réttur til beitar á Sauðanesinu. Dómur hafi verið kveðinn upp 12. mars 1852 og hafi krafa Hvilftarmanna um staðfestingu á beitarrétti verið tekin þar til greina. Ekki virðist sem dómi þessum hafi verið áfrýjað til Landsyfirréttar og standi því óhaggaður sem og réttaráhrif hans.

Íslenska ríkið virðist raunar ekki átta sig á því að Sauðanes sé nafnið á fjallinu sem skilji að Öndundar- og Súgandafjörð efalaust vegna hinnar góðu fjárbeitar sem þar hafi verið og raunar sé enn. Kunni þessi misskilningur einnig að skýra hvers vegna kröfur séu settar fram á þann hátt sem gert sé.

Landeigendur bendi á að skv. heimildum hafi jarðirnar Hvilft og Garðar verið forðum ein jörð, en hafi verið aðskildar sjálfstæðar jarðir um tíma. Nú hafi jarðirnar verið sameinaðar að nýju og sé því krafa gerð í einu lagi og byggð á landamerkjabréfum hvorrar jarðar um sig.

Eldra landamerkjabréf Garða sé dagsett 27. maí 1890, en þar segi:

> Milli Garða og Hóls ræður Hólsá milli fjalls og fjöru.
>
> Milli Garða og Hvylftar ræður Garðalækur að neðan, og þá úr honum í stóran stein á engjunum þaðan á Barðhorn og úr Barðhorninu til norðurs á fjallsbrún.

Eldra landamerkjabréf Hvilftar sé dagsett 27. maí 1890, en þar segi:

> Landamerki milli Eyrar og Hvylftar í Mosvallahreppi í Ísafjarðarsýslu, ræður landamerkja lækur að neðanverðu, sem rennur úr gömlum mógröfum og þaðan í grænt dý, og svo sjónhending á fjallsbrún. Ennfremur á jörðin eptir undirrjettardómi 2/5 hluta af Kálfeyrar vertollum, og svo til beitar á Sauðanesi utan Klofningshrygg sumar og vetur fyrir sinn pening. Milli Garða og Hvylftar ræður Garða lækur að neðan, og þá úr honum í stóran stein á engjunum, þaðan í barðhorn og úr barðhorninu til norðurs í fjallsbrún.

Í báðum tilfellum hafi verið gerð ný landamerkjabréf árið 1921 og virðist íslenska ríkið byggja á því að með yngri landamerkjabréfum jarðanna hafi verið aukið einhliða við land þeirra. Þessari staðhæfingu íslenska ríkisins sé harðlega mótmælt af hálfu landeigenda, enda sé í hvoru tveggja bréfanna verið að lýsa nákvæmlega sömu línunni.

Landeigendur telji sem fyrr að túlkun íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og orðalaginu til fjalls skýri mismuninn á kröfugerðum aðila, en landeigendur álíti að með hvoru tveggja sé átt við hæsta hluta fjalls eða vatnaskil, en íslenska ríkið virðist leggja þann skilning í orðalagið, að það merki efstu klettabrún fjalls sem sjáanleg sé neðan frá láglendi jarðar. Skilningur landeigenda styðjist við málvenju á svæðinu sem hægt sé að finna stað í allmörgum gögnum málsins og fái skilningur landeigenda jafnframt stuðning í heimildum sem varði jörðina Hvilft beint, sbr. framangreind skiptagerð sem síðan hafi verið staðfest með dómi undirréttar.

6.2.1.2 Eyri í Önundarfirði

Af hálfu eiganda jarðarinnar Eyrar í Önundarfirði er byggt á því að Eyri sé landnámsjörð, en allt land jarðarinnar sé innan landnáms Önundar sem hafi numið Önundarfjörð allan.

Þótt jörðin sé landnámsjörð komi hún lítt við sögu í rituðum heimildum fyrr en eftir 1400 og þó reglulega síðan. Þar sem stutt sé til fengsælla fiskimiða frá landi jarðarinnar hafi myndast þar snemma verstöðvar og þurrabúðir. Á tanganum í landi jarðarinnar hafi

síðan risið bærinn Flateyri. Forveri eiganda, Flateyrarhreppur, hafi eignast Flateyrartanga og jörðina Eyri með kaupsamningi við Landsbanka Íslands árið 1934.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á Eyrarfjalli og Sauðanesi (Klofningsheiði), en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Krafan byggi á landamerkjabréfum jarðarinnar, sem stuðning fái í eldri heimildum, þar á meðal forboði Eyrareigenda, dags. 2. júlí 1826, sem leggi bann við tiltekinni nýtingu á Sauðanesi.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.3 Bær í Vatnadal og Vatnadalur í Súgandafirði

Af hálfu eiganda jarðanna Bæjar í Vatnadal og Vatnadals í Súgandafirði er byggt á því að jarðirnar séu fornar jarðir þótt ekki sé þeirra getið í *Landnámu*. Allt land jarðanna sé innan landnáms Hallvarðar súganda, sem hafi numið Súgandafjörð allan.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðanna á Sunddalshorni og Sauðanesi (Klofningsheiði), en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfulýsing jarðanna beggja sé byggð á landamerkjabréfum þeirra sem samræmist ágætlega fornum heimildum um merki þeirra. Í kaupbréfi um Bæ frá 22. febrúar 1460 segi um landamerki milli jarðanna:

> ad þessum landamerkium. ad Sunddalsaa so langt sem hun fellur til ur Vatne og til gards þess er giordur er mille Vatnadals og bæar. bädu meigenn aar sem gardurenn syner.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.4 Kvíanes í Súgandafirði

Af hálfu eiganda jarðarinnar Kvíaness í Súgandafirði er byggt á því að Kvíanes sé forn jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Hallvarðar súganda, sem hafi numið Súgandafjörð allan.

Elsta varðveitta heimild um jörðina Kvíanes sé máldagi Hólskirkju í Bolungarvík frá árinu 1327, en í honum sé tekið fram að kirkjan á Hóli eigi 60 sauða beit á Kvíaneshlíð.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á Grímsdalsheiði, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfulýsing jarðarinnar sé byggð á landamerkjabréfum jarðarinnar á móti Botni og Laugum.

Landamerkjabréf milli jarðanna Kvíaness og Botns sé dagsett 24. júní 1889, en þar segi:

> Umsamin landamerki milli Botns og Kvíarness eru: Úr Nautaskálahorninu beint í krókinn á Læknum, sem rennur ofan með Klúkutúninu, og í græna þúfu, sem skorin er upp, og steinn er settur í, en upp úr þessari þúfu verður upphlaðin varða við hentugleika, svo að merkin verði skilmerkilegri.

Landamerkjabréf um landamerki milli jarðanna Kvíaness og Lauga sé dagsett 24. júní 1889, en þar segi:

> Landamerki milli Kvíanes og Lauga í Súgandafirði eru í einstakan klett, sem er kallaður Markklettur, og hefir aldrei orðið ágreiningur um merki þessi.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.5 Selárdalur í Súgandafirði

Af hálfu eiganda jarðarinnar Selárdals í Súgandafirði er byggt á því að Selárdalur sé forn jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Hallvarðar súganda, sem hafi numið Súgandafjörð allan.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á því sem kallað er Gilsbrekkuheiði, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfulýsing jarðarinnar sé byggð á landamerkjabréfi hennar, dags. 24. nóvember 1891, en þar segi:

> Landamerki milli Selárdals og Gilsbrekku er djúpt gil, sem kallast Ytra-Áreiðargil, og nemur frá fjallsbrún til fjöru; þar fram undan er stór steinn, sem kallaður er Áreiðarsteinn það fjarar ekki að honum og flæðir ekki yfir hann, nema í stórstraumsflæðar; og milli Selárdals og Norðureyrar er gil, sem kallað er Mígandi eða Mígandisgil. Selárdalur er kirkjujörð Eyrarbrauðs í Skutilsfirði.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.6 Göltur við Súgandafjörð

Af hálfu eigenda jarðarinnar Galtar við Súgandafjörð er byggt á því að Göltur sé forn jörð þótt hennar sé ekki getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Hallvarðar súganda, sem hafi numið Súgandafjörð allan.

Elsta skriflega heimild um jörðina sé í testamentisbréfi Sólveigar Björnsdóttur á Skarði frá árinu 1495 og hennar sé getið alloft síðan í fornbréfasafni, einkum í tengslum við erfðadeilur og jarðir sem fylgt hafi Hóli í Bolungarvík.

Þjóðlendukröfur séu gerðar í hluta jarðarinnar á fjallinu Gelti, en samkvæmt kröfulýsingu íslenska ríkisins sé kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfulýsing jarðarinnar sé byggð á landamerkjabréfi hennar, dags. 2. apríl 1890, en þar segi:

> Landamerki milli Galtar og Norðureyrar er svokallað Norðureyrargil; milli Galtar og Keflavíkur er Skínandisgil, norðan til við Burstarurð.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.7 Meiri-Bakki í Skálavík

Af hálfu eiganda jarðarinnar Meiri-Bakka í Skálavík er byggt á því að Meiri-Bakki sé gömul jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Hallvarðs súganda, sem hafi numið Súgandafjörð og Skálavík til Stiga.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á fjallgarðinum milli jarðarinnar og lands Keflavíkur, Norðureyrar og Kroppsstaða, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfulýsing sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar sem sé ódagsett en þinglýst þann 28. júlí 1909. Í bréfinu segi meðal annars:

> Á rennur eftir miðri Skálavík, sem er kölluð Langá og rennur frá fjalli til sjáfar, í henni eru 2 hólmar, þá á Meiribakki, þessi á er landamerki milli Meiribakka, Minnibakka og Breiðabóls.
>
> Í þessa Langá rennur á af fjalli, sem nefnd er Kroppstaðaá, hún er landamerki milli Meiribakka og Kroppstaða.
>
> Enn að vestan verðu er landamerki einn stakur klettur við sjó, norðan til við svonefndar háu Skriður, en vestantil við Mölvík sem kölluð er, beint upp af Klettinum er ytra Skálarhorn, sem kallað er, og á því vörðu broti, í það og Klettinn eru landamerki milli Keflavíkur og Meiribakka.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.8 Minni-Bakki í Skálavík

Af hálfu eiganda jarðarinnar Minni-Bakka í Skálavík er byggt á því að Minni-Bakki sé gömul jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáma Hallvarðs súganda, Þuríðar sundafyllis og Völu-Steins.

Þjóðlendukröfur séu gerðar í hluta jarðarinnar á Bolafjalli og Stigahlíð og virðist ólíkur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún skýra mismun í kröfugerðum hvorra um sig. Landeigendur telji að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeigenda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga.

Landeigandi hafi talið í öndverðu að kröfulýsing íslenska ríkisins næði ekki inn á land jarðarinnar en í ljósi gagna, sem hafi komið í ljós við kerfisbundna gagnaöflun, hafi annað komið á daginn.

Kröfugerð sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 5. maí 1921, en þar segi:

> Landareign hennar er frá Merkjagarði, sem er milli jarðanna Minnibakka og Breiðabóls upp á fjallsbrún og niður í Langá, sem rennur niður miðjan dalinn til sjávar. Langá skilur einnig merki milli Meiribakka og Minnibakka. Minnibakki á fría sumarbeit á Breiðabóli, en Breiðaból fría fjörubeit.
>
> Jörðin Minnibakki á 1/5 úr öllum reka sem tilheyrir Breiðabóli.

Í athugasemdum hreppstjóra Hólshrepps við landamerkjabréfið komi eftirfarandi fram:

> Aðeins tveir af eigendum Breiðabóls og annar eigandi Meiribakka hafa ritað samþykki sitt á landamerkjaskrá þessa, einnig vantar að lýsa merkjum jarðarinnar á einn veg (Stigahlíð)

Varðandi merki jarðarinnar á Stigahlíð sé byggt á vitnisburði fjölmargra aðila um landamerki Breiðabóls og Hóls á Stigahlíð frá 9. mars 1600, en þar segi:

> … enn Holl eige wtj lækinn wtan til wid Gunnars wÿk, og j kambinn þann sem lækurinn rennr æa, og so upp j fiallz brunina þar sem fiallid er hæst …

Ástæðan fyrir því að vitnisburðurinn lúti að landamerkjum Breiðabóls og Hóls en ekki Minni-Bakka og Hóls sé sú að Minni-Bakki hafi lengst af virst vera hjáleiga frá Breiðabóli og komi það meðal annars fram í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1710.

Í umfjöllun *Jarðabókar* Árna og Páls komi fram að Minni-Bakki hafi frá fornu verið fimmtungur af Breiðabóli, en jafnframt að ágreiningur sé um skipti á reka fyrir landi torfunnar, en Breiðaból eigi ekki land að sjó eftir að Minni-Bakka hafi verið skipt út úr landinu.

Deilan um rekann hafi verið sett niður með sáttagjörð frá 10. október 1829 þar sem niðurstaðan hafi verið sú að 4/5 hluti rekans skyldi tilheyra Breiðabóli en 1/5 skyldi tilheyra Minni-Bakka og sé niðurstaðan staðfest í landamerkjabréfi jarðarinnar.

Skiptingin samræmist og því sem fram komi í *Jarðabók* Árna og Páls að Minni-Bakki hafi forðum verið fimmtungur Breiðabólsjarðarinnar.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.9 Kroppsstaðir í Skálavík

Af hálfu eiganda jarðarinnar Kroppsstaða í Skálavík er byggt á því að Kroppsstaðir séu gömul jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Hallvarðs súganda sem hafi numið Súgandafjörð og Skálavík til Stiga.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á fjallgarðinum milli jarðarinnar og Súgandafjarðar en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfugerð sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 27. júní 1921, en þar segi:

> 1. Milli Kroppsstaða og Meirahrauns er rauður steinn, er stendur á holti í svo kölluðum Kötlum, og sjónhending frá honum í Hraunagarða enda norðan vert við Hraunsá, og aftur upp frá honum í stekk og þaðan beint til brunar, í ytra horn á Kroppsstaðahorni
>
> 2. Milli Meiribakka og Kroppsstaða skilur vatnsfall, er nefnist Kroppsstaðaá er rennur úr svo kallaðri Skál og í Lónsá …

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.10 Meira-Hraun í Skálavík

Af hálfu eiganda jarðarinnar Meira-Hrauns í Skálavík er byggt á því að Meira-Hraun sé gömul jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Hallvarðs súganda sem hafi numið Súgandafjörð og Skálavík til Stiga.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á fjallgarðinum milli jarðarinnar Tungudals og Súgandafjarðar en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfugerð sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 6. apríl 1888, en þar segi:

> Landareign hennar er nefnilega í Strýtustein rauðan á holtinu við ána, garðsendann ofan til við Katlagarðinn Klukkustekkinn svo nefndan, Hamraenda og hæsta hnúk í Kroppstaðahorninu, allt í beinni línu, ef maður stendur við Strýtusteininn við ána, sem ekki er þarna nema einn tilsögð landamerki milli Kroppstaða og Meirahrauns.
>
> Landamerki milli Meirahrauns og Minnahrauns er nefnilega á, sem rennur frá Göngumannaskörðum, sem rennur ofan svo nefndan Hraunsdal beint til sjóar.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.11 Minna-Hraun í Skálavík

Af hálfu eiganda jarðarinnar Minna-Hrauns í Skálavík er byggt á því að Minna-Hraun sé gömul jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Hallvarðs súganda sem hafi numið Súgandafjörð og Skálavík til Stiga.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á fjallgarðinum milli jarðarinnar Tungudals, þ.m.t. Lambamúli og Deilir, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfugerð sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 2. maí 1888, en þar segi:

> Landareign hennar að vestanverðu að Meirahraunslandi í miðja Langá, er rennur fram úr Göngumannaskarði og til sjóar, að norðanverðu milli Minna-hrauns og Breiðabóls í læk, sem rennur úr miðri Lambaskál frá fjalli og þvert í á, sem rennur frá Skálavíkurheiði eptir öllum Breiðabólsdal og ofan í áðurgreinda Langá.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.12 Hlíðartorfa í Bolungarvík

Af hálfu eiganda jarðarinnar Hlíðartorfu í Bolungarvík er byggt á því að Hlíðartorfan sé forn þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land torfunnar sé innan landnáms Þuríðar sundafyllis og Völu-Steins.

Torfuna hafi myndað í öndverðu Meiri- og Minni-Hlíð, Tröð og Ytri-Búðir. Minni-Hlíð hafi fengið sjálfstæði áður en jarðabókin hafi verið skráð árið 1710, en á þeim tíma hafi bæði Tröð og Ytri-Búðir verið hjáleigur frá Meiri-Hlíð. Þegar landamerki jarða innan torfunnar hafi verið skráð hafi sama staða verið uppi jafnvel þótt merkjum beggja hjáleiganna hafi verið lýst.

Íslenska ríkið virðist raunar ekki þekkja landamerkjabréf Ytri-Búða, sbr. bls. 135 í kröfulýsingu, og stöðvar upptalningu landamerkjabréfa eftir að Traðar sé getið.

Þar sem íslenska ríkinu virðist hafa verið ókunnugt um tilvist landamerkjabréfs Ytri-Búða sé kannski ekkert undarlegt að gerðar séu kröfur í land torfunnar á Stigahlíð.

Landamerkjabréf Ytri-Búða lýsi merkjum alla leið í Dunu(Dísar)stein í Gráleiti á Stigahlíð og liggi merkin þaðan þvert yfir fjallið til þess að sameinast öðru landi torfunnar handan þess.

Hér virðist, sem víða annars staðar á svæðinu, aðilar vera á öndverðum meiði hvað varði túlkun á hugtakinu fjallsbrún. Landeigandi telji að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeiganda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga og allra Bolvíkinga.

Krafan sé gerð vegna torfunnar allrar að frátaldri Minni-Hlíð, en torfuna myndi Meiri-Hlíð og hinar fornu hjáleigur Tröð og Ytri-Búðir. Í landamerkjabók N-Ísafjarðarsýslu komi fram að Tröð og Ytri-Búðir séu enn flokkaðar sem hjáleigur frá Meiri-Hlíð jafnvel þótt landamerkjabréf hafi verið gerð sérstaklega vegna hverrar jarðar innan torfunnar.

Bréfið sé nr. 147 í landabréfabók sýslunnar og dagsett 12. maí 1890 og sé krafan byggð á því ásamt landamerkjabréfum Meiri-Hlíðar og Traðar.

Í landamerkjabréfi Ytri-Búða segi um merki jarðarinnar:

> Landamerki á Ytri-Búðum innan Hólshrepps eru að innan verðu til landamerkja Traðar, nfl. í stóran stein með grasi á utan til við Traðartún og stefnu bein að Hólsá hér um bil í Hólsbæ. Að ofan verðu til fjalls, eins og fjallsbrúnir segja. Að utan verðu að svonefndum Dúnasteini í Grjótleiti á Stigahlíð. að neðan eptir því sem gras segir um að Drimlulæk og þaðan eptir miðri lænunni í Hólsá innan og ofan halt við Árbæ. Reki og tollar fylgja Meiri hlíð.

Landamerkjabréf Traðar sé dagsett 13. maí 1890, en þar segi:

> Landamerki fyrir jörðina Tröð eru að framanverðu úr Stekkjargili að ofan og í stóran stein niðri í engjunum, og þaðan sjónhending ofan í á, og að utanverðu úr stórum steini, er kallast Landísarsteinn, og að neðanverðu í stóran stein í hregnnesa og beina leið í Hólsá.

Landamerkjabréf Meiri-Hlíðar sé dagsett 12. maí 1890, en þar segi:

> Landamerki á milli Meirihlíðar og Minnihlíðar að heimanverðu: (samhljóða merkjaskrá Minnihlíðar). Að framanverðu (sjá Minnihlíð) á milli Meirihlíðar og Traðar eptir sem Stekkjargil segir frá fjallsbrún og í stóran stein efst í engjunum, og þaðan sjónhending eptir merkjum niður að Hólsá. Reka og tolla að Hólsá. – Landamerki milli Meiri hlíðar og Þjóðólfstungu frá Minnihlíðarmerkjum allan dalinn, eptir því sem Tunguá segir fram á hærri Kross og heim í Þverá.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.13 Þjóðólfstunga í Bolungarvík

Af hálfu eigenda jarðarinnar Þjóðólfstungu í Bolungarvík er byggt á því að Þjóðólfstunga sé gömul jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þuríðar sundafyllis og Völu-Steins.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á fjallgarðinum milli jarðarinnar og Súgandafjarðar auk Skálavíkur, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfugerð sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 12. maí 1890, en þar segi:

> Milli Þjóðólfstungu og Meirihlíðar og Minnihlíðar er hin svonefnda Þverá landamerki, sem hefir upptök sín í Mánafellsskál, og rennur í Tunguá, og eptir það ræður Tunguá landamerkjum þangað til hún rennur í Hólsá.
>
> En milli Hóls og Þjóðólfstungu er Hólsá landamerki, sem hefir upptök sín úr vatni, sem liggur norðan til við heiðina Grárou, og heldur áin merkjum ofan í Girðisbrekku; eptir það úr norðari fossi beint í svo nefndan vörðustein, er stendur hæðst á Bungum, og beint úr honum í Bungna-sporðinn, þar sem þær koma saman Hólsá og Litlaá; eptir það ræður Hólsá merkjum þangað sem þær koma saman Hólsá og Tunguá.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.14 Hóll í Bolungarvík

Af hálfu eiganda jarðarinnar Hóls í Bolungarvík er byggt á því að Hólstorfan sé forn þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land torfunnar sé innan landnáms Þuríðar sundafyllis og Völu-Steins.

Heimildir um landamerki Hóls séu af skornum skammti og raunar virðist engar lýsingar á heildarlandamerkjum jarðarinnar hafa varðveist.

Hóll hafi þó mest verið jörð og höfuðból í Bolungarvík frá því elstu heimildir greini og jafnvel til þessa dags. Hólshreppur hafi dregið nafn sitt af jörðinni og þar hafi sóknarkirkja verið um aldir.

Í jarðabókinni sem tekin sé saman fyrir Hólshrepp sumarið 1710 hafi Hóll verið metinn á 60 hundruð með hjáleigum. Heimajörðin hafi talist 36 hundruð, en hjáleigurnar Grundarhóll, Geirastaðir og Heimari-Búðir samtals 20 hundruð. Höfundur jarðabókarinnar álíti að þau 4 hundruð sem upp á vantar kunni að vera Stigahlíð sjálf með öllu.

Til sé landamerkjabréf sem lýsi merkjum milli Hóls og Grundarhóls, en eins og fyrr hafi verið sagt hafi ekkert bréf varðveist, að því er virðist, sem lýsi jörðinni í heild sinni. Til þess að ráða gátuna þurfi að rannsaka landamerkjabréf þeirra jarða í hreppnum sem lýsi merkjum á móti Hóli, heimildir eins og jarðabókina sem fyrr hafi verið vikið að, heimildir um nýtingu landgæða jarðarinnar, s.s. surtarbrands, auk viðhorfa íslenska ríkisins til eignarréttarlegrar stöðu jarðarinnar, sem einkum liggi fyrir varðandi Bolafjall. Niðurstaða þessarar rannsóknar bendi til þess að land jarðarinnar hafi snemma verið skilið sundur af Hlíðartorfu, þ.e. Meiri- og Minnihlíð, Tröð og Ytri-Búðum, jafnvel Þjóðólfstungu líka. Merkjum jarðarinnar sé þess vegna lýst í tvennu lagi og sé leitast við að færa rök fyrir lýsingunni eins og heimildir frekast leyfi.

Í landamerkjabréfi Þjóðólfstungu sé frá því greint að Hólsá ráði merkjum á móti Hóli með þeirri undantekningu að land Hóls nái á kafla yfir ána og að þeim stað þar sem Litlaá falli í Hólsá, en þaðan ráði hún áfram til sjávar. Í landamerkjabréfi Geirastaða sé greint frá landamerkjum á móti Hóli. Fyrsti hluti kröfunnar sé grundvallaður á lýsingu fyrrnefndra landamerkjabréfa.

Krafa á Stigahlíð og Bolafjalli byggi á eftirfarandi röksemdum:

Þann 4. júlí 1922 hafi verið þinglýst ódagsettu landamerkjabréfi Breiðabóls í Skálavík. Bréfið greini frá landamerkjum jarðarinnar á Stigahlíð á svofelldan hátt:

> 6. Landamerki Breiðabóls á Stigahlíð eru: að almenningum í Gunnarsvík og almenningum í Björtulæki, sem eru landamerki Hóls og þaðan út að Kerlingu, sem skiftir landareign Breiðabóls og Minnibakka á Stigahlíð.

Í bréfinu komi fram að landamerki Hóls liggi við Björtulæki, sem falli niður Stigahlíð og til sjávar milli Miðleitis og Hvassaleitis. Ef þessa lýsingu ætti að leggja til grundvallar lægi land Hóls á Stigahlíð milli Dunusteins og Björtulækja.

Réttum tveimur árum eftir þinglýsingu hins fyrrnefnda landamerkjabréfs hafi athugasemd annarra eigenda og umráðamanna Breiðabóls verið þinglýst, sem dagsett sé 31. maí 1924, en þar segi:

> Nokkrir af eigendum jarðarinnar Breiðaból í Hólshreppi, þeir Kristján Erlendsson Meiribakka og Örnólfur Hálfdánsson Breiðabóli Skálavík, hafa á manntalsþingi 1922 látið þinglýsa landamarkabrjefi um landamerki á Stigahlíð milli jarðanna Holl og Breiðabol í Holshreppi. Hafa þeir tveir einir undirskrifað brjef þetta, en enginn annar af eigendum Breiðabóls og engin af eigendum Hóls. Ákveður brjef þetta að merki milli jarðana á Stigahlíð utanverðri sjeu svonefndir Björtulækir milli Hvassaleitis og Miðleitis.
>
> Við undirritaðir eigendur og umráðamenn Breiðabols teljum að merkjum þessum sje rangt lýst í brjefinu. Teljum við að Holl eigi alla leið út í Gunnarsvík norðanvert í Kerlingunni, og samþykkjum að þinglýst sje brjefi um landamerkin í samræmi við það.

Svo virðist sem fyrrgreindum athugasemdum hafi ekki verið mótmælt og byggi landeigandi kröfu sína á þeirri lýsingu landamerkja Hóls sem þar komi fram, þ.e. að Hóll eigi land á Stigahlíð frá landamerkjum Ytri-Búða á Dunusteini og í Kerlingu norðanverða.

Innan kröfulýsingar landeiganda sé svonefnd Breiðhilla, en þar hafi um aldir verið grafið til surtarbrands, sem nýttur hafi verið sem eldsneyti. Hafi þessi auðlind verið nýtt eftir aðstæðum hverju sinni og síðast í kolakreppum þeim sem fylgt hafi heimstyrjöldunum tveimur.

Það sé því rangt sem fram komi í kröfulýsingu íslenska ríkisins á bls. 179, að hið umkrafða land hafi ekkert verið nýtt.

Landeigandi setji fram varakröfu á Bolafjalli sem taki til þess lands sem leigt hafi verið íslenska ríkinu um áratugaskeið, sbr. síðari umfjöllun, en landeigandi telji að sömu sjónarmið eigi þar við og hafi ráðið úrslitum í Hæstaréttarmálum nr. 617/2012 (Hellisheiði) og 94/2017 (Hvassafellsdalur).

Þar sem utanríkisráðuneytið f.h. Varnarmálastofnunar hafi verið með land innan hins umkrafða svæðis á leigu síðan árið 1985, sbr. fskj. nr. 4, og greitt af því árlega leigu án þess að hafa gert nokkurn fyrirvara við greiðslu leigunnar síðan lög nr. 58/1998 um þjóðlendur o.fl. hafi verið sett, sé það álit landeiganda að kröfur fjármálaráðherra um þjóðlendu innan svæðisins séu algerlega ósamrýmanlegar afstöðu utanríkisráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds íslenska ríkisins. Þegar af þeirri ástæðu beri að hafna kröfu um þjóðlendu innan svæðisins.

Mörk hins leigða svæðis hafi breyst frá því leigusamningurinn var gerður árið 1985 og séu nú skilgreind í Auglýsingu nr. 720/2015, sbr. fskj. nr. 5.

Þá virðist hér sem víða annars staðar á svæðinu vera ágreiningu er varði túlkun á hugtakinu fjallsbrún. Landeigandi telji að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeiganda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga og allra Bolvíkinga.

Af gögnum málsins verði ráðið að eignarhald á jörðum í Hólshreppi hinum forna hafi löngum verið á fárra höndum. Þannig hafi nær allar jarðir í hreppnum verið seldar í einu lagi þann 16. febrúar 1449 og samkvæmt vitnisburði frá árinu 1589 hafi eignarhald allra jarða í hreppnum verið á einni hendi um tíma en þær síðan deilst milli erfingja eigandans áður en vitnisburðurinn hafi verið gefinn.

Það liggi í hlutarins eðli að deilur séu óþarfar eða í það minnsta einfalt að setja niður þegar eignarhald sé allt á einni hendi og því fáar heimildir um landamerkjadeilur í Hólshreppi fyrr en um miðja 16. öld.

Til sé vitnisburður um landamerki Hóls og Hlíðar frá 26. júlí 1564.

Þá virðist að komið hafi upp deila um landamerki Hóls og Breiðabóls á Stigahlíð einhvern tíma undir lok 16. aldar og af því tilefni hafi verið aflað vitnisburða um merkin, sem gefinn hafi verið af sex nafngreindum mönnum þann 9. mars árið 1600.

Landamerkjabréf fyrir Hólsjörðina hafi ekki komið í leitirnar, en fram komi í biskupsvísitasíu Hólskirkju frá 29. júlí 1896 að landamerkjabréf hafi ekki fengist samþykkt sökum mótmæla eins gagneiganda.

Hins vegar megi ráða hver landamerki Hóls séu af samanburði við landamerkjabréf aðliggjandi jarða og aðrar heimildir um landamerki þeirra, eins og farið sé yfir í kröfulýsingu landeiganda.

Breyting á kröfugerð landeiganda eigi rætur að rekja til nýrrar kröfulýsingar vegna Minni-Bakka í Skálavík og séu kröfur vegna jarðanna tveggja samræmdar, eins og þær beri með sér.

Eigendur Hóls hafi farið með eignarráð á Stigahlíð og Bolafjalli um langan aldur eins og glöggt komi fram í gögnum málsins, t.a.m.:

Í forboði dagsettu 28. júlí 1876 hafi nafngreindir eigendur Hóls bannað hagagöngu á Stigahlíð án greiðslu. Eins og sjáist í fasteignamatinu 1916, sbr. hér á eftir, hafi fjáreigendur í Bolungarvík hlýtt forboðinu, enda fái eigendur Hóls umtalsverðar tekjur af upprekstri á Stigahlíð.

Í gerðabók fasteignamatsnefndarinnar frá 1916 komi fram í mati einstakra hluta torfunnar undir c-lið, *Önnur jarðargæði og hlunnindi,* að Surtarbrandstekja sé í Stigahlíð (og Erni í einu tilfelli), viðarreki og upprekstur á Stigahlíð séu tekjugefandi skv. matinu og myndi þannig hluta skattstofns.

Eftir að sveitarfélagið hafi eignast jörðina hafi það farið með öll eignarráð hennar og ráðstafað þeim eins og hún sé öll beinum eignarrétti undirorpin. Sem dæmi megi nefna að sveitarfélagið hafi leigt varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins rúmlega 7

hektara landspildu uppi á Bolafjalli með samningi, dags. 20. júní 1985, undir ratstjárstöð sem enn sé rekin á fjallinu. Landspildan auk helgunarsvæðis vegarins að spildunni hafi verið skilgreint sem öryggissvæði, sbr. m.a. auglýsingu nr. 720/2015.

Á öryggissvæði ratsjárstöðvarinnarinnar á Bolafjalli fari utanríkisráðherra með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála, sbr. skipulagsreglugerð og 8. gr. skipulagslaga.

Í ljósi þess að skipulagsvaldið á svæðinu sé tvískipt hafi sveitarfélagið og Utanríkisráðuneytið ráðist sameiginlega í gerð deiliskipulags á svæðinu árið 2018, sbr. framlagða greinargerð með deiliskipulagi og uppdrátt með samþykktu deiliskipulagi.

Í kafla 2.2. í skipulagsgeinargerðinni komi fram að sveitarfélagið sé eigandi hins deiliskipulagða lands en innan þess sé afmarkað öryggissvæði ratsjárstöðvarinnar.

Skipulagið hafi verið auglýst eins og lög geri ráð fyrir og hafi talist endanlega samþykkt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda, þann 28. júní 2021.

Á engum tíma á meðan deiliskipulagsferlið hafi verið í gangi hafi utanríkisráðherra hreyft mótmælum við því að sveitarfélagið væri eigandi landsins og engar athugasemdir hafi borist eftir að deiliskipulagstillagan hafi verið auglýst sem drógu í efa eignarrétt sveitarfélagsins að landinu, hvorki frá opinberum aðilum né einkaaðilum.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.15 Geirastaðir í Bolungarvík

Af hálfu eigenda jarðarinnar Geirastaða í Bolungarvík er byggt á því að Geirastaðir séu gömul jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þuríðar sundafyllis og Völu-Steins.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á fjallgarðinum milli jarðarinnar og Tungudals, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Jörðin hafi áður verið hjáleiga frá Hóli og hluti þeirrar jarðar. Í bréfaskiptum Magnúsar Árnasonar og biskupsins yfir Íslandi í ársbyrjun 1854 komi fram hjá Magnúsi að hann hafi álitið að hjáleigur Hóls, Geirastaðir og Grundarhóll, hafi verið aðskildar frá Hóli án réttar og reglu. Biskup leggi fyrir Magnús og aðra eigendur Hóls að komast að því hvenær aðskilnaður hafi orðið með jörðunum. Hinn 17. október 1873 kaupi ábúandinn á Geirastöðum tilgreindan hluta jarðarinnar sem raunar virðist vera stór hluti hennar eins og henni sé lýst síðar í landamerkjabréfi.

Kröfugerð sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 19. júlí 1890, en þar segi:

> Landamerkjalýsing á jörðinni Geirastöðum liggjandi í Hólshreppi innan Ísafjarðarsýslu; milli Miðdals og Geirastaða í svokallað Geirastaðagil í fjallinu, og í læk, sem rennur ofan í vatn.
>
> Milli Hóls- og Geirastaða úr gili í fjallinu ofan í stein á Geirastaðaleiti, merktan G. og H, og þaðan beina línu í fremsta Vatnsneshorn.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.16 Miðdalur í Bolungarvík

Af hálfu eigenda jarðarinnar Miðdals í Bolungarvík er byggt á því að Miðdalur sé gömul jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þuríðar sundafyllis og Völu-Steins.

Miðdalur hafi sennilega legið undir jörðina Hól í öndverðu, en orðið sjálfstæð jörð snemma. Því sé ranglega haldið fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins að landamerkjabréf jarðarinnar liggi ekki fyrir. Landamerkjabréfið sé dagsett 28. ágúst 1922 og þinglýst árið eftir. Bréfið lýsi merkjum jarðarinnar vel. Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á fjallgarðinum milli jarðarinnar og Tungudals, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfugerð sé byggð á fyrrnefndu landamerkjabréfi jarðarinnar, en þar segi:

> Miðdalur liggur í Syðridal og takmarkast af landamerkjum jarðarinnar Hanhóls, af landamerkjum jarðarinnar Geirastaðir í Syðridal vatns- og loks fjallsbrúninni milli Syðra-Tungudals og er landamerkjunum lýst þannig: a. Stór steinn / svonefndur Haugur, á leytinu milli Hanhóls og Miðdals og bein lína frá steini þessum í mosadý niður við vatnið. b. Frá Haug bein sjónhending í vörðu utan til á svonefndri moðbrekkubrún, þaðan bein lína í stóran flatan stein framanverðu við miðselsholt og frá þeim steini önnur lína bein á Klett sem Svarti-skúti er nefndur og sama lína beint á fjals brún.
>
> 2. merkin milli Miðdals og Geirastaða, uppskorinn lækur framanverðu við Geirastaðaodda og sem hann vísar á Geirastaðagil og eptir því á fjallsbrún.
>
> 3. Fjallsbrúnin eins og áður segir milli dalana
>
> 4. Vatnið frá Geirastaðamerkjum að merkjum Hanhóls sem áður var lýst.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.17 Hanhóll í Bolungarvík

Af hálfu eiganda jarðarinnar Hanhóls í Bolungarvík er byggt á því að Hanhóll sé gömul jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þuríðar sundafyllis og Völu-Steins.

Hanhóll hafi sennilega legið undir jörðina Hól í öndverðu, en orðið sjálfstæð jörð snemma. Því sé ranglega haldið fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins að landamerkjabréf jarðarinnar liggi ekki fyrir. Landamerkjabréfið sé dagsett 28. ágúst 1922 og þinglýst árið eftir. Bréfið lýsi merkjum jarðarinnar vel og undir það riti eigendur Gils og Miðdals. Þá hafi núverandi eigandi jarðarinnar hlutast til um að hnitsetja landamerki hennar í samræmi við lýsingu landamerkjabréfsins.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á fjallgarðinum milli jarðarinnar og Tungudals og Súgandafjarðar, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfugerð sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 28. ágúst 1922, en þar segi:

> Jörðin Hanhóll liggur í Syðridal í Hólshreppi og takmarkast: af landamerkjum jarðarinnar Gils, sem er innar í dalnum, jarðarinnar Miðdalur, sem er niður í dalnum, syðri enda Syðradalsvatns og loks fjallsbrún þeirri er skilur dalinn frá fjallinu því er Grárófa nefnist og er landamerkjum jarðarinnar lýst þannig: A. Styðsta lína er dregin verður frá vatninu í Gils á svo nefndan „Pirrapitt“ B. Gils-á frá þeirri línu og þar til hún sameinast á þeirri, sem Tröll-á og Foss-á mynda í sameiningu. C. Gils-á þaðan upp til fjalls og þar til hún endar við sameiningu Litluár og Surtarbrandsár. D. Surtarbrandsá þaðan að upptökum og þaðan bein sjónhending á Fjallsbrún. Merkin milli Hanhóls og Miðdals: A. Stór steinn (svo nefndur Haugur) á leitinu milli (Hanhóls og Miðdals)bæjanna og bein lína frá honum á mosadý við vatnið þar niðurundan. B. Frá Haug bein sjónhending í vörðu utan til á svonefndu Moðbrekkubrún þaðan bein lína í stóran flatan stein framan verðu við Miðselsholt og frá honum önnur bein lína í klett, sem Svarti-skúti, er nefndur og sama lín[a] áfram á fjallsbrún. 3. Fjallsbrúnin milli tilgreindra merkja og 4 Vatnið frá mosadýinu og í línunni um „Pirrapitt“, sem að ofan um getur.

Með fyrrgreindum merkjum hafi jörðin verið seld Jarðakaupasjóði ríkisins þann 19. júní 1939 og byggð til ábúðar í kjölfarið. Með sömu merkjum hafi hún verið seld af ríkissjóði til föður núverandi eiganda þann 18. október 1955.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.18 Gil í Bolungarvík

Af hálfu eigenda jarðarinnar Gil í Bolungarvík er byggt á því að Gil sé gömul jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þuríðar sundafyllis og Völu-Steins.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á fjallgarðinum milli jarðarinnar og Hnífsdals og Súgandafjarðar, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfugerð sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar frá september 1885, en þar segi:

> Landamerki milli Gils og Óss eru: Núp[s]kambur að ofan og merkisgarður að neðan framan til við Seljaholt; milli Gils og Hanhóls: Surtarbrandsá að ofan, en Gilsá að neðan, nema svokallaður Gilsoddi að Pirrapytt fylgir Gili eins og verið hefir.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.19 Ós í Bolungarvík

Af hálfu eiganda jarðarinnar Óss í Bolungarvík er byggt á því að Ós sé gömul jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þuríðar sundafyllis og Völu-Steins.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á fjallgarðinum milli jarðarinnar og Selja- og Hnífsdals, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfugerð sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar frá september 1885, en þar segi:

> Landamerki milli Óss og Hnífsdals eru: tindur sá, er Ari nefnist, að ofan, en Nöðrulækir að neðan, og milli Óss og Gils Núpskambur að ofan og merkisgarður að neðan framan til við Seljaholt.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.20 Neðri-Hnífsdalur, Bakki og Hraun í Hnífsdal

Af hálfu eigenda jarðanna Neðri-Hnífsdals, Bakka og Hrauns í Hnífsdal er byggt á því að Neðri-Hnífsdalur sé forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í *Landnámu*, en allt land jarðarinnar sé innan landnáms Helga Hrólfssonar, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu *Landið og Landnáma*.

Elsta heimild sem enn hafi fundist um jörðina sé frá árinu 1562, en ganga megi út frá því sem vísu að jörðin hafi stofnast miklu fyrr.

Hjáleigubúskapur hafi lengi verið stundaður á jörðinni og hafi þar lengi verið tvær hjáleigur, annars vegar Búð og hins vegar Hraun. Heimajörðin hafi lengi gengið undir nafninu Heimabær. Hjáleigunum hafi verið skipt úr út heimajörðinni með sérstökum merkjum. Búð tilheyri sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ og falli innan kröfulýsingarinnar en eigi ekki land á hinu umdeilda svæði. Hraun sé í einkaeigu.

Bakki hafi lengi verið sjálfstæð jörð en hafi komist í eigu sveitarfélagsins Eyrarhrepps, forvera Ísafjarðarbæjar, með afsali dagsettu 26. maí 1962.

Samkvæmt kröfulýsingu íslenska ríkisins sé kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því sé undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Nærtækasta skýringin sé ólíkur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún. Landeigandi telji að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeiganda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga.

Kröfugerð sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar Neðri-Hnífsdals, dags. 26. maí 1886, en þar segi:

> Landareign Neðri-Hnífsdals er frá ánni út að Nöðrulækjum á Óshlíð að neðan og í svokallaðan Ara að ofan og fram í Hraungil, að frátöldu Búðartúni og slægjum frá því út að Skarfaskeri og Stöðlaparti svo kölluðum upp af Hnífsdalstúni, (og einnig á Hnífsdalur á Eyrarhlíð frá gömlum garði, sem liggur úr Bakkarönd niður til sjóar að utanverðu til fjalls og fjöru og í hæðsta fjallstind að ofan upp af miðleitisgili beint niður til sjóar; 1/5 af ofangreindu haglendi og fjöru tilheyrir Búð. Slægjuland Neðri-Hnífsdals er svo kallað „land“ fram með ánni að norðanverðu upp að vörslugarði fram í ár krók móts við Bakkabæ og upp í „ausubakka“. Ennfremur frá merkjagarði Hrauns fram með ofangreindri á fram að merkjaskurði milli fremri Hnífsdals og neðri-Hnífsdals og upp að gömlum heybandsvegi.

Kröfugerðin sé í öðru lagi byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar Hrauns, dags. 26. maí 1886, en þar segi m.a.:

> Landareign þess er í Hraungil að utan til niður að Hnífsdals slægjupörtum, hlíðin þaðan fram að Markgili er niður úr miðri Lambaskál frá fjallsbrún niður að gamla Heybandsvegi …

Kröfugerðin sé í þriðja lagi byggð á landamerkjabréfi Bakka og Fremri-Hnífsdals, en í landamerkjabréfi hinnar síðarnefndu jarðar segi um merkin við Bakka:

> … niður að Merkjalæk, er liggur úr Þórishnúk að vestanverðu heilt niður í Hnífsdalsá.

Varðandi mörk svæðisins á móti Eyri í Skutilfirði komi fram í bréfi Neðri-Hnífsdals að jörðin eigi land frá sjó um Miðleitisgil og í hæðsta fjallstind. Lýsingin samræmist vel lýsingu á landamerkjum Fremri-Hnífsdals sem geti þess að landamerki móti Bakka liggi niður úr Þórishnúk að vestanverðu heilt niður í Hnífsdalsá, líkt og fyrr hafi verið getið. Þórishnúkur, sem einnig sé nefndur Þórólfshnúkur og þannig almennt merktur á kortum, sé hæsti hluti fjallgarðsins á milli Hnífdals og Skutilsfjarðar.

Þá sé vísað til þess að í uppdrætti danska herforingjaráðsins hafi mörk Ísafjarðarkaupstaðar verið eins og þau hafi verið þá skilgreind dregin á kortið, en kaupstaðurinn hafi verið stofnaður úr landi jarðarinnar Eyrar í Skutilsfirði. Merki kaupstaðarlandsins séu dregin uppi á háfjallinu og liggi línan um fyrrnefndan Þóris- eða Þórólfshnúk.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir jarðir á svæðinu.

6.2.1.21 Eyri í Skutilsfirði ásamt Stakkanesi

Af hálfu eiganda jarðarinnar Eyrar í Skutulsfirði ásamt Stakkanesi er byggt á því að Eyri sé forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í *Landnámu*, en allt land jarðarinnar sé innan landnáms Helga Hrólfssonar, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu *Landið og Landnáma*.

Á Eyri hafi snemma risið kirkja og tengist elstu heimildir um jörðina gerð máldaga hennar. Eyri hafi orðið kirkjustaður áður en Vilkinsmáldagi hafi verið skráður árið 1397, en þar komi í fyrsta skipti fram í rituðum heimildum að kirkjan eigi heimajörðina alla.

Í kjölfar afnáms einokunarverslunar hafi verið sett lög um verslun á Íslandi. Samkvæmt lögunum skyldu stofnaðir sex kaupstaðir og hafi Ísafjarðarkaupstaður verið einn þeirra og risið upphaflega í Eyrarlandi. Kaupstaðurinn hafi vaxið og dafnað með tímanum og nái nú yfir land fleiri jarða í Eyrarhreppi hinum forna.

Þann 24. apríl 1787 hafi sýslumaður mælt út lóð hins nýja kaupstaðar á Skutilsfjarðareyri. Lóðin hafi verið 400.725 ferálnir að flatarmáli, sem jafngildi um 158.000 m^2, og hafi náð yfir alla eyrina frá Suðurtanga að Prestabugt, en hafi takmarkast að ofan við línu, sem dregin hafi verið 96 álnir (um 60 metra) neðan við neðsta fjárhús Eyrarprests.

Konungur hafi keypt lóðina árið 1790 og lagt til kaupstaðarins, sem hafi þó dugað skammt því árið 1870 hafi landþröng verið orðin svo tilfinnanleg í kaupstaðnum að leitast hafi verið eftir því að kaupa alla jörðina Eyri. Samningur um kaup á Eyri, að undanskildu Stakkanesi, milli bæjarstjórnarinnar og Eyrarklerks, hafi verið undirritaður þann 7. maí 1870, samþykktur af stiftamtmanni og biskupi, þann 27. febrúar 1872 og þinglýst síðar það ár.

Í kaupbréfinu segi um merki hins selda lands:

> … alt Eyrarland frá Hnífsdals landareign innst inn á Torfnes fyrir utan Stakkanes … Enn það stykki af Eyrarlandi sem er fyrir innan Torfnesið innað Seljalands landareign undanskil jeg og áskil mjer …

Ekki hafi það tekið kaupstaðinn nema rúma tvo áratugi að vaxa upp úr Eyrarlandinu því árið 1896 hafi bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar keypt bæði Stakkanes og Seljaland.

Rétt sé það sem fram komi í kröfulýsingu íslenska ríkisins að ekki hafi varðveist landamerkjabréf Eyrar með Stakkanesi og sé skýringin líklega sú að jörðin Eyri hafi verið tekin undir kaupstaðinn rúmum 10 árum áður en landamerkjalög hafi verið sett á Íslandi. Eins og fram komi í tilvitnuðum texta kaupbréfsins takmarkist jörðin af merkjum Hnífsdals annars vegar og Seljalands hins vegar. Landamerkjabréf beggja Hnífsdalsjarða og Seljalands hafi varðveist og byggist kröfulýsing landeiganda einkum á þeim lýsingum sem þar komi fram. Samkvæmt kröfulýsingu íslenska ríkisins sé kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því sé undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Nærtækasta skýringin sé ólíkur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún. Landeigandi telji að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeiganda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga.

Um landamerki Hnífsdals á móti Eyrarjörðinni segi í landamerkjabréfi Neðri-Hnífsdals:

> … og einnig á Hnífsdalur á Eyrarhlíð frá gömlum garði, sem liggur úr Bakkarönd niður til sjóar að utanverðu til fjalls og fjöru og í hæðsta fjallstind að ofan upp af miðleitisgili beint niður til sjóar

Um landamerki Stakkaness (hjáleigu Eyrar) á móti Seljalandi segi í landamerkjabréfi Seljalands:

> Næsti lækur við Grænagarð allt til sjóar, og er honum sleppir hið svonefnda Merkjagil allt til fjalls.
>
> Landamerkjabréf Fremri-Hnífsdals sem þess að landamerki Hnífsdalsbæjanna liggi niður úr Þórishnúk að vestanverðu heilt niður í Hnífsdalsá. Þórishnúkur, sem einnig er nefndur Þórólfshnúkur og þannig almennt merktur á kortum, er hæsti hluti fjallgarðsins á milli Hnífdals og Skutilsfjarðar.

Þá sé vísað til þess að í uppdrætti danska herforingjaráðsins hafi mörk Ísafjarðarkaupstaðar verið eins og þau voru þá skilgreind dregin á kortið, en kaupstaðurinn hafi verið stofnaður úr landi jarðarinnar Eyrar í Skutilsfirði. Merki kaupstaðarlandsins séu dregin uppi á háfjallinu og liggi línan um fyrrnefndan Þóris- eða Þórólfshnúk.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.22 Seljaland í Skutulsfirði

Af hálfu eiganda jarðarinnar Seljalands í Skutulsfirði er byggt á því að Seljaland sé forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í *Landnámu*, en allt land jarðarinnar sé innan landnáms

Helga Hrólfssonar, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu *Landið og Landnáma*.

Árið 1896 hafi bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar keypt jörðina og standi bærinn að hluta til í landi jarðarinnar.

Samkvæmt kröfulýsingu íslenska ríkisins sé kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því er undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Nærtækasta skýringin sé ólíkur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún. Landeigandi telji að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeiganda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga.

Eins og fram komi í kröfulýsingu jarðarinnar byggi kröfugerðin á landamerkjabréfi torfunnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða og annara heimilda um landamerki.

Landamerkjabréf jarðarinnar sé dagsett 7. júní og 11. júlí 1884, en þar segi:

> Landamerki milli Seljalands og Tungu eru af undirskrifuðum samþykkt þannig: Um 60 faðma frá Seljalandstúngarði rennur lítill lækur niður í Langá (það er þvermerki), við upptök hans er varða, klappað á L.M., upp af henni er stór steinn í múlanum, klappað á L.M. Frá þessum steini skal ríðandi maður fara eptir brúninni fram að Bunuá, og skal hann alltaf sjá á elzta Tungubæ (samanber Langa í krókum). Eptir það skiptir Bunuá londum til fjalls.
>
> Landamerki milli Seljalands og Stakkaness eru: Næsti lækur við Grænagarð allt til sjóar, og er honum sleppir hið svonefnda Merkjagil allt til fjalls.

Í undirmati I að fasteignamati Norður-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 sé tilgreint um landamerki jarðarinnar að þau hafi verið þinglesin. Jörðin hafi verið metin á 12.000 kr. og eigandi hennar Ísafjarðarkaupstaður. Þá segi að jörðin sé áföst við bæjarland Ísafjarðarkaupstaðar.

Mörk bæjarlandsins eins og það hafi verið skilgreint þá hafi verið dregin á kort danska herforingjaráðsins árið 1913 og merki gagnvart Seljalandi liggi upp á háfjallið.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.23 Tunga í Skutilsfirði

Af hálfu eiganda jarðarinnar Tungu í Skutulsfirði er byggt á því að Tunga sé forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í *Landnámu*, en allt land jarðarinnar sé innan landnáms Helga Hrólfssonar, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu *Landið og Landnáma*.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hafi keypt jörðina í nokkrum skrefum á árunum 1917 til 1976 og standi bærinn að hluta til í landi jarðarinnar.

Þjóðlendukröfur séu gerðar í hluta jarðarinnar á Þverfjalli, Búrfelli og Kistufelli, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Nærtækasta skýringin sé ólíkur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún. Landeigandi telji að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeiganda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga.

Í ódagsettu landamerkjabréfi jarðarinnar, líklega frá árinu 1909, segi um landamerki jarðarinnar:

> Að innanverðu milli Tungu og Hafrafells ræður Úlfsá landamerkjum frá fjöru til Fjalls. Að utanverðu milli Tungu og Seljalands eru þessi landamerki:
>
> Um 60 faðma frá Seljalandstungarði rennur lítill lækur niður í Langá (það eru þvermerki), við upptök hans er varða, klappað á L.M., upp af henni er stór steinn í mulanum, klappað á L.M. Frá þessum steini skal ríðandi maður fara eftir brúninni fram að Bunuá, og skal hann alltaf sjá á elsta Tungubæ (samber Langa í krókum) eftir það skiptir Bunuá löndum til fjalls.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.24 Hafrafell í Skutulsfirði

Af hálfu eiganda jarðarinnar Hafrafells í Skutulsfirði er byggt á því að Hafrafell sé forn jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*, en allt land jarðarinnar sé innan landnáms Helga Hrólfssonar, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu *Landið og Landnáma*.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á fjallgarðinum á vatnaskilum við Önundarfjörð, en samt er skv. kröfulýsingu íslenska ríkisinskröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu. Samkvæmt lýsingu landamerkjabréfs jarðarinnar nái landamerki hennar á fjall upp og það sama eigi við um jarðir í Önundarfirði handan fjallgarðsins.

Eins og fram komi í kröfulýsingu jarðarinnar byggi kröfugerðin á landamerkjabréfi jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða og annara heimilda um landamerki.

Landamerkjabréf jarðarinnar sé dagsett 18. júlí 1908, en þar segi:

> Að innanverðu milli Kirkjubóls og Hafrafells eru þessi landamerki:
>
> Varða fyrir ofan eldiviðar eða urðagötu svonefnda, sem farin er út og inn með hlíðinni og þaðan bein stefna ofan í læk þann, sem rennur í sjóinn skamt frá fjarðarhorninu. Frá svonefndri Vörðu að ofan bein sjónhending upp í fjallsbrún.
>
> Að utanverðu milli Tungu og Hafrafells skiptir Úlfsá landamerkjum frá fjalli til fjöru.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.25 Neðri-Engidalur í Skutulsfirði

Af hálfu eigenda jarðarinnar Neðri-Engidals í Skutulsfirði er byggt á því að Engidalur sé forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í *Landnámu*, en allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þórólfs brækis, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu *Landið og Landnáma*.

Jörðin hafi lengst af verið í eigu kirkjunnar í Holti í Önundarfirði og tengist elstu heimildir um jörðina máldaga kirkjunnar.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á fjallgarðinum móti Önundarfirði en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu

rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Nærtækasta skýringin sé ólíkur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún. Landeigandi telji að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeigenda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga. Samkvæmt lýsingu landamerkjabréfs jarðarinnar nái landamerki hennar á fjall upp og það sama eigi við um aðliggjandi jarðir.

Eins og fram komi í kröfulýsingu jarðarinnar byggi kröfugerðin á landamerkjabréfi jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða og annara heimilda um landamerki.

Landamerkjabréf jarðarinnar sé dagsett 27. maí 1890, en þar segi:

> Skrá yfir landamerki Engidals í Eyrarhreppi, sem er eign Holtskirkju í Ønundarfirði.
>
> Merkin eru þessi: Svo nefndur Kuldaklettur í neðri fjallsbrúninni, þaðan beint ofan í stein sem stendur á bala niðri á engjunum og þaðan þráðbeint ofan í ána, er ræður landamerkjum í dalnum.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.26 Fossar í Skutulsfirði

Af hálfu eigenda jarðarinnar Fossa í Skutulsfirði er byggt á því að Fossar séu forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í *Landnámu*, en allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þórólfs brækis, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu *Landið og Landnáma*.

Fossar hafi lengst af verið í eigu Kirkjubólsbónda og tengist elstu heimildir um jörðina máldaga kirkjunnar þar sem eignarhaldsins sé getið.

Á síðari tímum hafi eigendur Fossa selt hluta úr jörðinni og sérstakar fasteignir jafnvel verið stofnaðar um þá hluta. Engu að síður sé sú leið farin hér að lýsa heildar ummerkjum jarðarinnar eins og þeim sé lýst í landamerkjabréfi hennar áður en nokkur úrskipting fór fram.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á fjallgarðinum móti Önundar- og Álftafirði, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Nærtækasta skýringin sé ólíkur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún. Landeigandi telji að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeigenda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga. Samkvæmt lýsingu landamerkjabréfs jarðarinnar nái landamerki hennar á fjall upp og það sama eigi við um aðliggjandi jarðir.

Landamerkjabréf jarðarinnar hafi ekki komið í leitirnar, en krafan byggi á lýsingu landamerkja aðliggjandi jarða.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls sem dagsett sé í maí og júní árið 1884 sé greint svo frá landamerkjum jarðarinnar móti Fossum:

> Landamerki milli jarðanna Kirkjubóls og Fossa eru þessi: Svokallaður Svarti-Bakki við ána, síðan lækur og dý, þaðan sjónhending beint í fjallsbrún.

Í landamerkjabréfi Engidals sem dagsett sé 27. maí 1890, segi um landamerki á dalnum:

> Skrá yfir landamerki Engidals í Eyrarhreppi, sem er eign Holtskirkju í Ønundarfirði.
>
> … þaðan þráðbeint ofan í ána, er ræður landamerkjum í dalnum.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.27 Kirkjuból í Skutulsfirði

Af hálfu eiganda jarðarinnar Kirkjubóls í Skutulsfirði er byggt á því að Kirkuból sé forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í *Landnámu*, en allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þórólfs bræki, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu *Landið og Landnáma*.

Eins og nafnið gefi til kynna hafi kirkja verið byggð á jörðinni og tengist elstu skjallegu heimildir um jörðina máldaga hennar sem ritaður hafi verið árið 1333.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hafi keypt jörðina árið 1946 og hafi það reynst forsjálni því bærinn hafi teygt sig þangað og standi á hluta jarðarinnar.

Þjóðlendukröfur séu gerðar í hluta jarðarinnar á Erni og Kirkjubólsfjalli, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Nærtækasta skýringin sé ólíkur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún. Landeigandi telji að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeiganda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga. Samkvæmt lýsingu landamerkjabréfs jarðarinnar nái landamerki hennar á fjall upp og það sama eigi við um jarðir á Arnardalstorfu handan fjallgarðsins.

Eins og fram komi í kröfulýsingu jarðarinnar byggi kröfugerðin á landamerkjabréfi jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða og annara heimilda um landamerki.

Landamerkjabréf jarðarinnar sé dagsett í maí og júní 1884, en þar segi:

> Landamerki milli jarðarinnar Kirkjubóls og Arnardals neðri eru: Innsti kletturinn í svokölluðum Stóru-Básum á Kirkjubólshlíð við sjóinn, þaðan uppí stóran stein jarðfastan spölkorn fyrir ofan þjóðveginn, og síðan beina sjónhending í fjallsbrún.
>
> Landamerki milli jarðanna Kirkjubóls og Fossa eru þessi: Svokallaður Svarti-Bakki við ána, síðan lækur og dý, þaðan sjónhending beint í fjallsbrún.
>
> Landamerki milli jarðanna Kirkjubóls og Engidals eru þessi: Svo nefndur Kuldaklettur í neðri fjallsbrúninni, þaðan beint ofan í stein, sem stendur á bala niðri í engjunum og þaðan þráðbeint ofan í ána, er ræður landamerkjum í dalnum.
>
> Landamerki milli jarðanna Kirkjubóls og Hafrafells eru: varða fyrir ofan Eldiviðar- eða Urðagötu svonefnda, sem farin er út og inn með hlíðinni, og þaðan bein stefna ofan í læk þann, sem rennur í sjóinn skammt frá fjarðarhorninu. Frá nefndri vörðu að ofan bein sjónhending upp í fjallsbrún.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.1.28 Arnardalstorfa í Skutulsfirði

Af hálfu eigenda jarðarinnar Arndardalstorfu í Skutulsfirði er byggt á því að Arnardalur sé forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í *Landnámu*, en allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þórólfs bræki, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu *Landið og Landnáma*.

Arnardals sé getið í Fóstbræðra sögu og þar hafi þeir atburðir gerst sem leitt hafi til þess að Þórmóði Bersasyni hafi verið gefið viðurnefnið Kolbrúnarskáld.

Þann 9. júní 1461 hafi verið gert kaupbréf um hluta af Neðri-Arnardal og landamerkjum lýst þannig að inn með Djúpi ætti jörðin land að Brúðarhamri, en inn með Skutilsfirði að steininum fyrir innan Merarbás. Langihryggur skildi svo land jarðanna tveggja sem þá voru á dalnum frá sjó.

Þjóðlendukröfur séu gerðar í hluta jarðarinnar á Erni, Kirkjubólsfjalli, Ufs, Súðavíkurfjalli, Traðarhyrnu og Sauratindum, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Nærtækasta skýringin sé ólíkur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún. Landeigandi telji að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeigenda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga. Samkvæmt lýsingu landamerkjabréfs jarðarinnar nái landamerki hennar á fjall upp og það sama eigi við um aðliggjandi jarðir.

Eins og fram komi í kröfulýsingu jarðarinnar byggi kröfugerðin á landamerkjabréfi torfunnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða og annara heimilda um landamerki.

Landamerkjabréf Neðri-Arnardals sé dagsett 12. júlí 1884, en þar segi:

> 1, Milli Súðavíkur og Arnardals er svo kallaður Brúðarhamar (klettur, sem liggur í sjó fram) í Súðavík innan til við svo kallað Bjarg í fjallsbrún.
>
> 2, Milli Arnardals efri og Arnardals neðri er steinn stór við ána (Arnardalsá), sem kallast Murti, og er fremur Arnardals megin við ána fram á móti svo kölluðum Dýrahrygg. Þessi merki ná þar þvert upp og að svo kölluðum Brúnagötum uppi á brúnabörðunum þar langt fram göturnar og eptir svo kölluðum Langahjalla fram í dalbotn (eða svokallaða Skák), og að neðanverðu er svokallaður Langihryggur landamerki milli téðra jarða, og á neðri Arnardalur að Langahrygg fremur Arnardalsmegin við ána.
>
> 3, Milli Kirkjubóls og Arnardals neðri er merki svokallaður Stóri-Bás (innsti kletturinn af Stóru-Básum á Kirkjubólshlíð, og þar þvert upp í fjallsbrún.

Landamerkjabréf milli Arnardals fremri og Arnardals neðri er dagsett 14. maí 1890, en þar segir:

> Arnardalur fremri á að neðanverðu úr ánni beina leið í neðri brún á Langahrigg upp í fjallsbrún, svo frameptir ánni í stein, svo kallaðan „Murtu“ við ána; frá Murtu sjónhending upp í Brúnagötur, eptir Brúnagötur í Þverá, frá Þverá eptir Langahjalla fram í dalbotn og upp á fjalls brún og heim eptir fjallsbrúninni gengt Langahrygg.

Landamerkjalýsing torfunnar sé skýr og samsvari vel heimildum um landamerki jarðarinnar frá 15. öld sem fyrir liggi í málinu.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Hvilft/Garða hér að framan.

6.2.2 Botn í Súgandafirði, Fremri-Breiðadalur, Neðri-Breiðadalur, Hóll, Kaldá og Selakirkjuból í Önundarfirði, og Kvíanes og Norðureyri í Súgandafirði

Hér verður gerð grein fyrir sameiginlegum sjónarmiðum þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem eru eigendur jarðanna Botns í Súgandafirði; Fremri-Breiðadals, Neðri-Breiðadals, Hóls, Kaldár og Selakirkjubóls í Önundarfirði; og Kvíaness og Norðureyrar í Súgandafirði. Af hálfu þeirra er byggt á því að það veki óhjákvæmilega eftirtekt að í kröfugerð lögmanns fjármálaráðherra skuli ekki einu orði að því vikið að Dynjandisheiði og fjalllendisvíðáttan suður af Dynjandisvogi í Arnarfirði eigi að teljast þjóðlenda. Það fyrsta sem í hug komi, sé hvort máli skipti þegar ríkið sjálft eigi í hlut, en Dynjandi sé ríkisjörð. Náttúrvættið, fossinn fagri falli fram af klettabrún fjalllendisvíðáttunnar þar sem áin sem hann sé í, eigi sitt vatnasvið. En klettabrún sem blasi við af bæjarhlaði kjósi lögmaður fjármálaráðherra að kalla fjallsbrún í kröfugerð sinni, þar sem aðrar jarðir en Dynjandi eigi í hlut. Merkjabréf jarða fyrir vestan vísi hins vegar almennt til hábrúnar hvers fjalls með orðinu fjallsbrún, en ekki klettabrúnar svo sem hún blasi við frá bæjarhlaði. En í nefndri kröfugerð sé ekki orði vikið að merkjabréfi Dynjanda, sem sé frá 21. maí 1922, né heldur að fjalllendisvíðáttunni að baki Dynjandisfossi.

Í fjalllendinu sem umlyki Súgandafjörð, Önundarfjörð, Dýrafjörð og Arnarfjörð séu hvorki afréttir né almenningar, heldur hafi búfénaður um aldir gengið til beitar í heimalöndum jarða. Það hafi ekki tíðkast að reka búfénað til fjalla, hvað þá að flytja, nema þá í heimalönd annarra jarða á grundvelli samnings eða sérstakrar heimildar. Búfénaði sé einfaldlega hleypt út fyrir garð eða upp fyrir girðingu og gangi svo upp syllurnar, mjög hátt upp ef því sé að skipta, yfir fjöll milli héraða. Kostir búfjárbeitar til háfjalla felist í því að þar gefst nýgresi fram á haust eftir því sem snjólínan hopi þegar líði á sumarið. Þessi staðreynd og þessir búskaparhættir séu einkennandi fyrir þessi svæði. Vænstu dilkarnir komi af háfjalli, enda gangi þeir að ferskgresi fram á haust. Þess vegna séu fjöllin mikilvægur og órjúfanlegur hluti hverrar jarðar og gömlu jarðarmötin hafi mjög tekið af þessu mið. Jarðir sem séu landlitlar niður við sjó hafi verið metnar til tuga kýrverða eða jarðarhundraða vegna fjallanna sem þeim tilheyri, tilheyri sem heimalönd þótt hátt gnæfi.

Úr þessu umhverfi hafi prófessor Ólafur Lárusson (1885–1961) verið runninn, hann hafi verið frá Selárdal í Arnarfirði. Þegar Samband vestfirskra átthagafélaga hafi staðið fyrir útgáfu Sóknarlýsinga Vestfjarða árið 1952 hafi hann ritað formála. Upp í formálann hafi hann tekið spurningarnar sem landlýsingarnefndin, sem Jónas Hallgrímsson hafi átt frumkvæði að stofnun á og setið í, hafi sent sóknarprestum þann 30. apríl 1839. Spurningu nr. 32 um afréttarlönd hvað hafi varðað heimasveit pról. Ólafs Lárussonar sjálfs hafi verið svarað með þessum orðum: Afréttarlönd eru hér engin og ganga skepnur í dalbotnum og hér og hvar um fjöllin milli sóknanna. Hliðstæð svör hafi borist hvaðan æfa að á Vestfjörðum, enda á almennu vitorði. Pról. Ólafur Lárusson

hefði aldrei játað kröfugerð lögmanns fjármálaráðherra, sem sæti því meiri furðu sem oftar sé í henni vísað til Sóknarlýsinga Vestfjarða. Í sóknarlýsingunum sé sá grunntónn sleginn sem sérstök áhersla sé á lögð hér að framan og sé í gagngerri mótsögn við þá klettabrúnakröfugerð sem í nefndri kröfulýsingu sé sett fram. Kröfugerð lögmanns fjármálaráðherra sé enda í fullkominni mótsögn við almennt viðtekin vestfirsk viðhorf, vitund og viðmið.

Í ritinu *Landið og Landnáma* eftir Harald Matthíasson, I. bindi bls. 52 segi:

> „Landamerki þau er Landnáma segir frá, eiga að mestu við byggðir og má þar venjulega átta sig á mörkum. Hitt er meiri vafa bundið, hvernig mörk hafa legið til fjalla. Er Landnáma mjög fáorð um það og nefnir það venjulega alls ekki og verður þá að styðjast við líkur.

Allvíða á landinu hagi þannig til, að ekki sé mjög mikil óbyggð að baki byggðar, svo að auðsætt virðist að landnám nái saman. Þannig sé t.d. um Snæfellsnes, Dali Vestfjörðu, Skaga, hálendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu, Tjörnes, Melrakkasléttu, Austfjörðu og víðar. Þarna hljóti landnámin að hafa náð saman uppi á hálendinu, land hafi verið numið milli fjalls og fjöru, einnig þar sem háfjöll eða jöklar séu skammt að baki byggðar, t.d. í Austur-Skaftafellssýslu og undir Eyjafjöllum.“

Óvíða á landinu eigi þessi orð betur við en um fjalllendið sem umlyki Súgandafjörð, Önundarfjörð, Dýrajörð og Arnarfjörð. Frá aldaöðli hafi merki milli héraða, sókna og jarða miðast við vatnaskil til fjalla. Vatnaskilin þar vestra hafi aldrei verið talin vera á einhvers konar eyðu eða einskis manns landi.

Í lögbók þjóðveldistímans og í lögbókum upphafsára konungsdóms á Íslandi, sé og gengið út frá merkjum á vatnaskilum milli héraða sókna og jarða. Þessi merki séu talin glögg frá náttúrunnar hendi. Svo glögg að eigi hafi þurft að ganga á þau við merkjaumfjöllun eða í viðskiptum þar sem hafi reynt á merki á fjöllum.

Í klettabrúnakenningu lögmanns fjármálaráðherra felist og sú órökræna fjarstæða að ókleifur hamarinn og klettabeltin séu af landnemum og landeigendum talin meira virði en flatlendið ofan þeirra. Hér hafi hagkvæmnissjónarmið ráðið merkjatilgreiningu en tilgangurinn ekki verið það eignarafsal, sem felist í því sem lögmaður fjármálaráðherra haldi fram.

Vitundin um þýðingu vatnaskila og undanþágan frá skyldunni til að ganga á merki hafi verið svo greipt í vitund manna, sérstaklega fyrir vestan, að út frá henni hafi jafnan verið gengið sem staðreynd. Ákvæði merkjabréfa gerðra á grundvelli landamerkjalaga bæði frá 1882 og 1919 beri þetta með sér og byggi raunar á þessu sem forsendu. Þetta skýri hvers vegna oft hafi verið látið nægja að lýsa merkjum í tilteknum klett í klettabrún en nefna ekki sérstaklega hvað við taki ofan hans. Reglan um merki á vatnaskilum hafi verið undirliggjandi forsenda slíkra lýsinga, greipt í vitundina, þannig að kletturinn sem nefndur hafi verið markaði línuna áfram að vatnaskilum þó ekki væru þau alltaf nefnd. Þýðing tilgreiningarinnar á klettinum hafi ekki verið að takmarka eignarhaldið við ókleifan hamarinn, að eigna jörð ónýtanlegan klettavegg og afsala með

tilgreiningunni tilkalli til alls ofan hans, eins og haldið sé fram með klettabrúnakenningu lögmanns fjármálaráðherra. Nei, um kennimarkið skyldi línan dregin að vatnaskilum og óþarft að tiltaka það sérstaklega.

Við gerð landamerkjabréfa upp úr 1882 hafi nýting fossafls til framleiðslu rafmagns ekki verið ofarlega í huga landeigenda. Hún hafi ekki getað verið það enda fyrirbrigðið ekki þekkt. Ofan túna hafi það verið beitarnotin sem mesta þýðingu hafi haft, beitarnot í heimalöndum sem oft liggi hátt fyrir vestan og aðstaðan gjörólík sameiginlegum afréttum á víðáttum Suðurlands svo dæmi sé tekið. Stundum hafi nýtanlegar slægjur verið þar efra og svo hafi gefið þar tínslu berja og grasa. Þessi staða hafi verið breytt 1919 við gildistöku nýju merkjalaganna. Tilkoma rafurmagnsins hafi markað þáttaskil.

Þegar merkjalýsing Dynjanda hafi verið færð í letur á árinu 1922 hafi verið framkomin álit meiri- og minnihluta Fossanefndar sem skipuð hafi verið 1917 og skammt til gildistöku vatnalaga nr. 15/1923, sem hafi leyst af hólmi fossalögin frá 1907.

Þá hafði það og gerst árið 1919 að Dansk-Islandsk Anlægsselskap a/s hafi keypt af Theodóru Thoroddsen, sem þá hafi setið í óskiptu búi eftir látinn eiginmann sinn Skúla Thoroddsen alþingismann, allt vatnsafl frá eignarjörð búsins, Dynjanda, aðeins að fráteknu neysluvatni til heimilisþarfa á bænum. Tveimur árum fyrr hafi Kristján Torfason kaupmaður á Sólbakka keypt allt vatnsafl í Mjólkurám og Hofsá. Tilefnið hafi verið námuvinnsla í fjallinu ofan Flateyrar, en réttindin hafi hann selt 1919 til sama félags og keypt réttindin af Theodóru Thoroddsen.

Þróun mála á upphafsárum 20. aldar hafi þannig verið mönnum áminning um aðgæslu við gerð landamerkjabréfa og þótt vitneskjan um merki á vatnaskilum væri á almennu vitorði hvort sem þeirra væri getið eður ei, hafi þau nú verið nefnd berum orðum til frekara öryggis. Tilefnið hafi verið nýting vatnsafls til raforkuframleiðslu.

Merkjalýsing Dynjanda hljóði:

> Að norðanverðu: Úr Meðalnestá og austur í Glámufjallgarð, austur eftir Meðalnesfjalli eftir því sem vötnum hallar að Dynjandavog. – Að sunnanverðu: Þverbein sjónhending á fjall upp úr svonefndri Deild á Urðarhlíð, því næst austur eftir fjallinu austur á Glámufjallgarð, eftir því sem vötnum hallar að Dynjandi vog.

Jörðin Dynjandi skeri sig ekki úr, frá öðrum jörðum í Arnarfirði, Dýrafirði, Önundarfirði og Súgandafirði þegar litið sé til staðhátta, landshaga og mögulegra landsnytja, fyrir rafvæðingu. En merkjabréf hennar skeri sig úr, ásamt nokkrum öðrum merkjabréfum raunar og það eigi sér þá skýringu sem rakin sé hér að framan. Sem aftur varpi ljósi á og undirstriki alveg sérstaklega, að það geti ekki orðið grundvöllur þess að lýsa hluta nærliggjandi jarða þjóðlendur af þeirri ástæðu að merkjabréf þeirra hafi verið gerð fyrir tilkomu rafmagns. Vatnaskilin séu nefnd í merkjabréfi Dynjanda; ekki sem einhver nýlunda, heldur til frekara öryggis og til áréttingar. Sem ekki geti orðið tilefni gagnályktunar þess efnis, að um aðrar jarðir á kröfusvæði 10B skuli vatnaskil ekki hafa sömu þýðingu, en slíka og ótæka gagnályktun megi lesa af kröfugerð lögmanns fjármálaráðherra.

6.2.3 Kirkjuból, Efstaból og Kroppstaðir í Korpudal, Innri-Veðrará í Önundarfirði, Keflavík milli Súgandafjarðar og Skálavíkur, og Dvergasteinn, Svarfhóll og Svarthamar í Álftafirði

Hér verður fyrst gerð grein fyrir sameiginlegum sjónarmiðum gagnaðila íslenska ríkisins sem eru eigendur Kirkjubóls, Efstabóls og Kroppstaða í Korpudal, Innri-Veðrarár í Önundarfirði, Keflavíkur milli Súgandafjarðar og Skálavíkur, og Dvergasteins, Svarfhóls og Svarthamars í Álftafirði en sjónarmiðum sem varða hverja jörð sérstaklega eru síðan gerð skil í undirköflum.

Af hálfu eigenda jarðanna er þjóðlendukröfu íslenska ríkisins mótmælt, enda sé með henni gerð krafa um að hluti jarðanna verði úrskurðaður þjóðlenda. Landeigendur byggi á því að um sé að ræða svæði sem hafi verið numið í öndverðu og sé innan landamerkja jarðanna.

Landeigendur byggi þannig á því að sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið hafi verið til forna sé ekki minna en það land sem þeir telji til eignarréttinda yfir í dag. Þá sýni önnur gögn fram á að umrætt land hafi alltaf verið háð einkaeignarrétti og að sá eignarréttur hafi flust aðila á milli með hefðbundnum hætti. Í samræmi við það hafi aldrei verið litið svo á að umrætt land hafi verið talið til almennings, afréttar eða annars konar svæðis utan eignarlanda sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

Landeigendur byggi á því að við landnám hafi verið stofnað til beins eignarréttar yfir ágreiningslandinu. Engin gögn liggi fyrir um að sá beini eignarréttur hafi fallið niður heldur þvert á móti megi rekja það eignarhald óslitið allt frá landnámi og til vorra daga, sbr. gildandi landamerkjabréf og önnur skjöl sem komið hafi í leitirnar við kerfisbundna gagnaöflun. Landeigendur byggi á því að rekja megi eignarhald óslitið allt frá landnámi til vorra daga. Ágreiningslandið sé þannig undirorpið eignarrétti landeiganda og verði ekki af þeim tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Svo virðist sem kröfugerð íslenska ríkisins byggist aðallega á því að með því að lýsa merkjum til fjalls eða á fjallsbrún hafi menn ætlað sér að undanskilja efsta hluta viðkomandi fjalls. Raunar sýnist kröfugerð íslenska ríksins á öllu svæði 10B grundvallast að miklu leyti á þessu.

Í þessu sambandi sé áréttað að íslenska ríkið hafi áður deilt við landeigendur um túlkun á þessu atriði fyrir óbyggðanefnd. Um þetta hafi t.a.m. verið fjallað í úrskurði óbyggðanefndar frá 31. maí 2006 í sameinuðu máli nr. 3–4/2004 (Kjalarnes og Kjós). Þar hafi verið deilt um túlkun á hugtakinu *fjallsbrún* í tengslum við landamerki á Esjunni. Um þetta segi í úrskurði nefndarinnar:

> Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álitaefni hvernig túlka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknum stað, t.d. í klettabrún. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar.

> Hér skal þess getið að í svari Gunnlaugs Ingólfssonar, fræðimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðanefndar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dæmum í seðlasafni Orðabókar Háskólans megi ráða að fjallsbrún geti bæði verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknum stað.

Eftir heildstætt mat á landamerkjabréfum jarða umhverfis Esjuna hafi óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið fjallsbrún í umræddum landamerkjalýsingu vísaði til þeirra hluta Esjunnar sem hæstir væru og vötnum halli frá. Við matið hafi m.a. verið litið til þess að skammt væri milli byggða þó fjallið skildi á milli. Túlkun íslenska ríkisins hafi þar með verið hafnað og þá niðurstöðu hafi ríkið sætt sig við.

Á sambærilegt álitaefni hafi reynt í úrskurði óbyggðanefndar frá 29. maí 2007 í máli nr. 2/2005 (Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð). Niðurstaða óbyggðanefndar hafi þar verið hin sama, þ.e. að túlka bæri landamerkjalýsingar jarða umhverfis Smjörfjöll þannig að þau næðu saman í Smjörfjöllum, en þar hafi merkjum víða verið lýst að fjallsbrún eða að upptökum áa. Túlkun íslenska ríkisins hafi þar með verið hafnað á ný og þá niðurstöðu hafi ríkið einnig sætt sig við.

Þær aðstæður sem uppi hafi verið í framangreindum málum séu að öllu leyti sambærilegar þeim aðstæðum sem uppi séu í máli þessu, fyrir utan að fjarlægðir séu styttri í þessu máli ef eitthvað sé, sem bendi enn frekar til þess að merki jarða nái saman á vatnaskilum. Þannig sé á því byggt að hafna beri túlkun íslenska ríkisins á landamerkjabréfum jarða á Vestfjörðum með sama hætti og óbyggðanefnd hafi áður hafnað sambærilegri túlkun ríkisins.

Að öllu framangreindu virtu beri að hafna þjóðlendukröfu ríkisins.

Landeigendur byggi á því að nýting landsins, lega þess og staðhættir almennt styðji stöðu þess sem eignarlands og sé hagnýting og ráðstöfun þeirra og forvera þeirra á ágreiningslandinu til marks um að þar sé enga þjóðlendu að finna. Ágreiningssvæðið hafi alla tíð verið nýtt af eigendum og ábúendum jarðanna með þeim hætti sem mögulegt sé, m.a. til upprekstrar og beitar, veiði, berjatínslu o.fl. Í því sambandi sé áréttað að enginn annar en eigendur og ábúendur hafi haft heimild til nýtingar jarðarinnar. Þá sé einnig bent á að engir afréttir eða almenningar séu á svæðinu heldur sé aðeins um heimalönd jarða að ræða. Sé því sjálfgefið að landeigendur mótmæli öllum kröfum ríkisins um þjóðlendur innan landamerkja þess lands sem þeir telji til beinna eignarréttinda yfir. Sérstaklega sé mótmælt staðsetningu einstakra örnefna í kröfulýsingu íslenska ríkisins.

6.2.3.1 Kirkjuból í Korpudal

Af hálfu eiganda jarðarinnar Kirkjubóls í Korpudal er byggt á því að í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands sé gerð grein fyrir heimildum um landnám á svæðinu. Þar segi að í *Landnámu* sé þess getið að Önundur Víkingsson hafi numið Önundarfjörð allan. Landeigandi byggi á því að sá hluti kröfusvæðis ríkisins sem hann geri kröfu til hafi verið innan upphaflegs landnáms Önundar og að hann hafi þannig

verið numinn í öndverðu. Ekkert bendi enda til þess að við landnám hafi umrætt ágreiningssvæði á Kroppstaðafjalli verið undanskilið og raunar mæli staðhættir og landslag á svæðinu mjög gegn því.

Í greinargerð íslenska ríkisins segi að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því svæði sem hér sé til umfjöllunar hafi fyrst og fremst verið stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, þ.m.t. Kirkjubóls. Þannig virðist íslenska ríkið fyrst og fremst byggja á því að umrætt svæði sé utan landamerkja jarðarinnar. Þessu mótmæli landeigandi sem byggi á því að ágreiningssvæðið sé þvert á móti innan merkja hennar.

Landamerkjabréf Kirkjubóls sé dagsett 18. ágúst 1889 og hafi verið þinglýst 27. maí 1890. Þar sé merkjum jarðarinnar lýst svo:

> Að utanverðu er merkið á læk, er rennur niður utan til við svonefndan Urðarhrygg og ofan í Korpu. Svo aptur fyrir vestan Korpu er merkið út að sjó eins og land nær að Korglænu að austan. Fyrir vestan Korglænu tekur svonefndur Flagspartur við, og merkið að honum að utan liggur á lænu mjög litla bæði að utan og vestan þar til svonefndur Fremstipartur tekur við, og þá liggur merkið á honum vestur í Hestá. Þar til svo nefndur Krossakrókur tekur við, sem er partur frá Vífilsmýrum Þá liggur merkið á honum alla leið inneptir og enda á Hestárbakka.
>
> Að innan er merkið eins og Fremstipartr til segir. – frá Hestá þvert yfir upp til Korpu. Aptur liggur merkið neðan milli Kroppstaða og Kirkjubóls upp af nefndu merki á Fremstapartinum að innan í 3 steina á Alabrekkum og þaðan eptir Stórholtið í lækjarfarveg, sem er innan til við svonefndan Bæjarhrygg. Kirkjubóli tilheyrir dalurinn Kirkjubólsmegin til eignar og umráða frá Þverá fram úr til fjalls.

Merkjum jarðarinnar sé samkvæmt þessu lýst í tvennu lagi.

Í fyrsta lagi sé um að ræða það land jarðarinnar sem sé vestan við land Kroppstaða. Því sé lýst í landamerkjabréfinu að utanverðu, eða vestanverðu, um læk sem renni utan til við Urðarhrygg og ofan í Korpu. Það séu merki gagnvart Tannanesi og lýsing þeirra sé í samræmi við landamerkjabréf Tannaness frá 12. febrúar 1921, þar sem merkjum gagnvart Kirkjubóli sé lýst ofan af fjalli um læk sem renni utantil við svokallaða Kirkjubólsurð og eftir honum að Korpu. Að innanverðu, eða austanverðu, sé merkjum Kirkjubóls gagnvart Kroppstöðum lýst eftir línu sem dregin sé úr Hestá yfir í Korpu og þaðan í 3 steina á Álabrekkum og þaðan eftir Stórholtinu í lækjarfarveg sem sé innan til við Bæjarhrygg, sem gangi upp á Kirkjubólsfjall á milli Urðarskálar og Kroppstaðaskálar, sbr. einnig landamerkjabréf Kroppstaða frá 21. janúar 1921 þar sem segi að umræddum lækjarfarvegi innan til við svonefndan Bæjarhrygg sé fylgt til fjalls.

Samkvæmt þessu sé þessum hluta merkja Kirkjubóls lýst um læki og hryggi í fjallinu til fjalls á Kirkjubólsfjalli, svo sem fært hafi verið inn á kröfulínukort málsins í samræmi við hnitsetta uppdrætti sem landeigandi hafi látið gera og hafi fylgt kröfulýsingu vegna jarðarinnar.

Í öðru lagi sé um að ræða það land jarðarinnar sem sé austan við Efstaból, sem liggi austan við land Kroppstaða, þ.e. innar í Korpudalnum. Því sé lýst svo í landamerkjabréfinu að Kirkjubóli tilheyri dalurinn Kirkjubólsmegin, þ.e. norðan Korpu, „til eignar og umráða frá Þverá fram úr til fjalls“.

Að mati landeiganda verði umrædd lýsing á merkjum Kirkjubóls í Korpudal ekki skilin öðruvísi en svo að jörðinni tilheyri allt land í dalnum norðan árinnar Korpu frá Þverá og til fjalls. Annars vegar austur Korpudalinn fram til upptaka Korpu á vatnaskilum á Álftafjarðarheiði, sbr. einnig landamerkjabréf fyrir Hestsjarðirnar frá 20. mars 1921 þar sem merkjum þeirra gagnvart Kirkjubóli sé lýst um Korpu í Korpudal. Hins vegar norður til fjalls á Kroppstaðafjalli og Veturlandafjalli, að vatnaskilum eins og vötnum halli að Korpudal.

Samkvæmt því nái þessir tveir hlutar lands jarðarinnar saman á Kroppstaðafjalli og allt það svæði sem gerð sé krafa um vegna Kirkjubóls sé innan landamerkja jarðarinnar.

Framangreind merki eigi sér jafnframt stoð í eldri heimildum. Fyrir liggi landamerkjalýsing á landi Kirkjubóls, Kroppstaða og Efstabóls frá 9. apríl 1610 þar sem merkjum jarðanna sé lýst með efnislega sama hætti og í landmerkjabréfi Kirkjubóls sem áður sé getið.

Landeigendur hafi alla tíð þurft að nýta allt land jarðarinnar, þ.m.t. á efst á fjallinu. Eftir því sem líði á sumarið og gróður glæðist ofar í fjallinu færi fé sig ofar og lækki sig svo aftur þegar kólna taki að hausti á ný. Enginn munur sé að þessu leyti á því landi jarðarinnar sem sé innan og utan kröfusvæðis ríkisins. Hið sama eigi við um önnur not, svo sem rjúpnaveiði og tínslu fjallagrasa og berja, sem í gegnum tíðina hafi skipt miklu máli fyrir landeigendur á Vestfjörðum. Ekki síst þar sem vetur hafi oft verið harðir og erfitt hafi getað verið að sækja aðföng annars staðar frá. Af þeim sökum skipti miklu máli að nýta öll þau gæði sem landið hafi gefið af sér.

Þá hafi núverandi landeigandi og faðir hans á undan honum framleitt rafmagn fyrir bæinn og þá starfsemi sem þar hafi verið í gegnum tíðina með litlum vatnsaflsvirkjunum í landi jarðarinnar. Fyrsta virkjunin hafi verið byggð árið 1936, sú næsta um miðja síðustu öld og sú nýjasta hafi verið tekin í notkun fyrr á þessu ári. Vatnasvið umræddra virkjana teygi sig inn á kröfusvæði ríkisins og þessi nýting landeigenda hafi farið fram í krafti eignarhalds þeirra á ágreiningssvæðinu.

Umrædd nýting sé hvað sem öðru líði þannig að hún uppfylli skilyrði eignarhefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905. Landeigendur hafi í mörg hundruð ár haft öll umráð jarðarinnar eins sem hún sé afmörkuð hér og nýtt þau í góðri trú, en elsta skjal sem geti jarðarinnar sé frá 9. apríl 1610. Öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu hefðanda sé þannig fullnægt. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist á landinu, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

6.2.3.2 Efstaból í Korpudal

Af hálfu eiganda jarðarinnar Efstabóls í Korpudal er byggt á því að í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands sé gerð grein fyrir heimildum um landnám á svæðinu. Þar segi að í *Landnámu* sé þess getið að Önundur Víkingsson hafi numið Önundarfjörð allan. Landeigandi byggi á því að sá hluti kröfusvæðis ríkisins sem hann

geri kröfu til hafi verið innan upphaflegs landnáms Önundar og að hann hafi þannig verið numinn í öndverðu. Ekkert bendi enda til þess að við landnám hafi umrætt ágreiningssvæði á Kroppstaðafjalli verið undanskilið og raunar mæli staðhættir og landslag á svæðinu mjög gegn því.

Í greinargerð íslenska ríkisins segi að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því svæði sem hér sé til umfjöllunar hafi fyrst og fremst verið stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, þ.m.t. Efstabóls. Þannig virðist íslenska ríkið fyrst og fremst byggja á því að umrætt svæði sé utan landamerkja jarðarinnar. Þessu mótmæli landeigandi sem byggi á því að ágreiningssvæðið sé þvert á móti innan merkja hennar.

Landamerkjabréf Efstabóls sé dagsett 4. apríl 1889 og hafi verið þinglýst 18. júlí sama ár. Þar sé merkjum jarðarinnar lýst svo:

> Landamerki fyrir jörðina Efstaból í Önundafirði eru þessi, eptir því sem eg veit frekast: Að utanverðu er merkislá fer [svo] Korpu, og neðan til fjalls; þetta eru merki milli Kroppstaða og Efstabóls; svo að neðanverðu, heldur Korpa við, og það fram úr, milli þorpsjarðanna og Efstabóls. Og svo er að framanverðu gamall áarfarvegur rétt fyrir framan Þverá, sem merkið er sagt í milli Korpudals og Efstabóls, og þar með frí beit á Korpudal frá Efstabóli, eptir því, sem elstu menn muna.

Samkvæmt landamerkjabréfinu séu merki milli Kroppstaða og Efstabóls í svokallaða Merkislá og þaðan til fjalls. Merki milli Efstabóls og Korpudals, þ.e. þess hluta Kirkjubóls sem sé í norðanverðum dalnum, séu um gamlan árfarveg rétt framan við Þverá. Að mati landeiganda verði að túlka merkjalýsinguna þannig að merkin liggi frá umræddum árfarvegi á austurmerkjum jarðarinnar á fjall upp og að merkjunum milli Kroppstaða og Efstabóls á Kirkjubólsfjalli.

Framangreind merki eigi sér jafnframt stoð í eldri heimildum. Fyrir liggi landamerkjalýsing á landi Kirkjubóls, Kroppstaða og Efstabóls frá 9. apríl 1610 þar sem merkjum jarðanna sé lýst með efnislega sama hætti og í landmerkjabréfi Efstabóls.

Af kröfulínukorti málsins megi ráða að skörun milli kröfulínu landeiganda Efstabóls vegna jarðarinnar og kröfulínu íslenska ríkisins sé ekki mikil. Engu að síður sé skörun þar á milli þar sem íslenska ríkið hafi ákveðið að aðlaga ekki kröfulínu sína að kröfu landeiganda, þrátt fyrir að hún byggi á skýru orðalagi í landamerkjabréfi jarðarinnar.

Landeigandi byggi á því að horfa þurfi til landamerkja Kirkjubóls, Kroppstaða og Efstabóls í sameiningu, enda séu jarðirnar tengdar auk þess sem land Kirkjubóls umlyki land Kroppstaða og Efstabóls á Kirkjubólsfjalli. Um umfjöllun um merki Kirkjubóls og Efstabóls vísist til kröfulýsinga og greinargerða vegna þeirra jarða.

Landeigendur hafi alla tíð þurft að nýta allt land jarðarinnar, þ.m.t. á efst á fjallinu. Eftir því sem líði á sumarið og gróður glæðist ofar í fjallinu færi fé sig ofar og lækki sig svo aftur þegar kólna taki að hausti á ný. Enginn munur sé að þessu leyti á því landi jarðarinnar sem sé innan og utan kröfusvæðis ríkisins. Hið sama eigi við um önnur not, svo sem rjúpnaveiði og tínslu fjallagrasa og berja, sem í gegnum tíðina hafi skipt miklu máli fyrir landeigendur á Vestfjörðum. Ekki síst þar sem vetur hafi oft verið harðir og

erfitt hafi getað verið að sækja aðföng annars staðar frá. Af þeim sökum skipti miklu máli að nýta öll þau gæði sem landið hafi gefið af sér.

Umrædd nýting sé hvað sem öðru líði þannig að hún uppfylli skilyrði eignarhefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905. Landeigendur hafi í mörg hundruð ár haft öll umráð jarðarinnar eins sem hún sé afmörkuð hér og nýtt þau í góðri trú, en elsta skjal sem geti jarðarinnar er frá 2. desember 1600. Öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu hefðanda sé þannig fullnægt. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist á landinu, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

6.2.3.3 Kroppstaðir í Korpudal

Af hálfu eiganda jarðarinnar Kroppstaða í Korpudal er byggt á því að í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands sé gerð grein fyrir heimildum um landnám á svæðinu. Þar segi að í *Landnámu* sé þess getið að Önundur Víkingsson hafi numið Önundarfjörð allan. Landeigandi byggi á því að sá hluti kröfusvæðis ríkisins sem hann geri kröfu til hafi verið innan upphaflegs landnáms Önundar og að hann hafi þannig verið numinn í öndverðu. Ekkert bendi enda til þess að við landnám hafi umrætt ágreiningssvæði á Kroppstaðafjalli verið undanskilið og raunar mæli staðhættir og landslag á svæðinu mjög gegn því.

Í greinargerð íslenska ríkisins segi að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því svæði sem hér sé til umfjöllunar hafi fyrst og fremst verið stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, þ.m.t. Kroppstaða. Þannig virðist íslenska ríkið fyrst og fremst byggja á því að umrætt svæði sé utan landamerkja jarðarinnar. Þessu mótmæli landeigandi sem byggi á því að ágreiningssvæðið sé þvert á móti innan merkja hennar.

Landamerkjabréf Kroppstaða sé dagsett 21. janúar 1921 og hafi verið innkomið til þinglýsingar 24. ágúst sama ár. Þar sé merkjum jarðarinnar lýst svo:

> Merki milli Kroppstaða og Kirkjubóls eru 3 steinar á Álabrekkunum, og úr þeim yfir Stórholtið í lækjarfarveg sem er innan til við svo nefndan Bæjarhrygg, og eftir honum til fjalls. Aftur liggur merkið frá fyrnefndum steinum í Álabrekkunum, beint yfir að Hestá í auðkendann jarnstólpa, sem rekinn er niður á eystri árbakkanum. Eftir það ræður Hestá merkjum inn að Breiðeyri, að undann skildum litlum eyrartanga sem er frá Vífilsmýrum, og er hann fráskilinn Kroppstaðalandi, með girðingu.
>
> Merki milli Kroppstaða og Efstabóls, eru í svokallaða Merkislá er liggur frá Korpu beina línu til fjalls, Kroppstaðamegin í svokallaða tvísteina.
>
> Landamerki fyrir neðan Korpu eru eftir gömlum farveg, sem Korpa hefur áður runnið í, og skiftir hann því merkjum milli Kroppstaða, og Hests, og er hann óslitinn yfir í Hestá.
>
> Neðst er fyrnefndur áarfarvegur einnig merki á milli Kroppstaðaengjanna annars vegar og áðurnefndrar Breiðeyrar frá Hóli hins vegar og endar sem fyr er sagt við Hestá.

Samkvæmt landamerkjabréfinu séu merki milli Kroppstaða og Kirkjubóls eftir læk innan til við svonefndan Bæjarhrygg og eftir honum til fjalls á Kirkjubólsfjalli. Merki

milli Kroppstaða og Efstabóls séu í svokallaða Merkislá sem liggi frá Korpu og beina línu til fjalls í svokallaða tvísteina á Kirkjubólsfjalli.

Framangreind merki eigi sér jafnframt stoð í eldri heimildum. Fyrir liggi landamerkjalýsing á landi Kirkjubóls, Kroppstaða og Efstabóls frá 9. apríl 1610 þar sem merkjum jarðanna sé lýst með efnislega sama hætti og í landmerkjabréfi Kroppstaða.

Af kröfulínukorti málsins megi ráða að skörun milli kröfulínu landeiganda Kroppstaða vegna jarðarinnar og kröfulínu íslenska ríkisins sé ekki mikil. Engu að síður sé skörun þar á milli þar sem íslenska ríkið hafi ákveðið að aðlaga ekki kröfulínu sína að kröfu landeiganda, þrátt fyrir að hún byggi á skýru orðalagi í landamerkjabréfi jarðarinnar.

Landeigandi byggi á því að horfa þurfi til landamerkja Kirkjubóls, Kroppstaða og Efstabóls í sameiningu, enda séu jarðirnar tengdar auk þess sem land Kirkjubóls umlyki land Kroppstaða og Efstabóls á Kirkjubólsfjalli. Um umfjöllun um merki Kirkjubóls og Efstabóls vísist til kröfulýsinga og greinargerða vegna þeirra jarða.

Landeigendur hafi alla tíð þurft að nýta allt land jarðarinnar, þ.m.t. á efst á fjallinu. Eftir því sem líði á sumarið og gróður glæðist ofar í fjallinu færi fé sig ofar og lækki sig svo aftur þegar kólna taki að hausti á ný. Enginn munur sé að þessu leyti á því landi jarðarinnar sem sé innan og utan kröfusvæðis ríkisins. Hið sama eigi við um önnur not, svo sem rjúpnaveiði og tínslu fjallagrasa og berja, sem í gegnum tíðina hafi skipt miklu máli fyrir landeigendur á Vestfjörðum. Ekki síst þar sem vetur hafi oft verið harðir og erfitt hafi getað verið að sækja aðföng annars staðar frá. Af þeim sökum hafi skipt miklu máli að nýta öll þau gæði sem landið hafi gefið af sér.

Umrædd nýting sé hvað sem öðru líði þannig að hún uppfylli skilyrði eignarhefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905. Landeigendur hafi í mörg hundruð ár haft öll umráð jarðarinnar eins sem hún sé afmörkuð hér og nýtt þau í góðri trú, en elsta skjal sem geti jarðarinnar er frá 9. apríl 1610. Öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu hefðanda sé þannig fullnægt. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist á landinu, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

6.2.3.4 Innri-Veðrará í Önundarfirði

Af hálfu eigenda jarðarinnar Innri-Veðrarár er byggt á því að í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands sé gerð grein fyrir heimildum um landnám á svæðinu. Þar segi að í *Landnámu* sé þess getið að Önundur Víkingsson hafi numið Önundarfjörð allan. Landeigendur byggi á því að sá hluti kröfusvæðis ríkisins sem þeir geri kröfu til hafi verið innan upphaflegs landnáms Önundar og að hann hafi þannig verið numinn í öndverðu. Ekkert bendi enda til þess að við landnám hafi umrætt ágreiningssvæði á Kroppstaðafjalli verið undanskilið og raunar mæli staðhættir og landslag á svæðinu mjög gegn því.

Í greinargerð íslenska ríkisins segi að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því svæði sem hér sé til umfjöllunar hafi fyrst og fremst verið stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, þ.m.t. Innri-Veðrarár. Þannig virðist íslenska ríkið fyrst og fremst byggja á því að umrætt svæði sé utan landamerkja jarðarinnar. Þessu mótmæli landeigendur sem byggi á því að ágreiningssvæðið sé þvert á móti innan merkja hennar.

Landamerkjabréf Veðrarár-Innri, eða Innri-Veðrarár eins og jörðin er líka nefnd í heimildum, sé dagsett 22. janúar 1888 og því hafi verið þinglýst 18. júlí 1889. Þar sé merkjum jarðarinnar lýst svo:

> Að utanverðu er merkið í svonefndan Skriðutanga, og liggur það beint upp frá honum til fjalls.
>
> En að innanverðu liggur merkið út Skeiðiskrók, og í svonefndan merkistein, og þar upp af er gamalt merki upp hækkað er vísar landamerkið beint til fjalls. Jafnadalur telst með innan þessara takmarka.

Samkvæmt landamerkjabréfinu liggi merki jarðarinnar á fjall upp sitt hvoru megin við Jafnadal, að utanverðu eða vestanverðu í Skriðutanga og þaðan beint til fjalls og að innanverðu eða austanverðu úr Skeiðiskrók í merkistein og þaðan beint til fjalls. Sérstaklega sé tekið fram að Jafnadalur teljist innan merkja jarðarinnar.

Að mati landeigenda beri að túlka orðalagið til fjalls svo að merkin liggi eftir hæsta hluta fjallanna sem umlykja Jafnadal, á vatnaskilum, eins og almennt sé á Vestfjörðum. Fjöllin umhverfis Jafnadal myndi enda skýr náttúruleg merki um land jarðarinnar.

Landeigendur hafi alla tíð þurft að nýta allt land jarðarinnar, þ.m.t. á efst á fjallinu. Eftir því sem líði á sumarið og gróður glæðist ofar í fjallinu færi fé sig ofar og lækki sig svo aftur þegar kólna taki að hausti á ný. Enginn munur sé að þessu leyti á því landi jarðarinnar sem sé innan og utan kröfusvæðis ríkisins. Hið sama eigi við um önnur not, svo sem rjúpnaveiði og tínslu fjallagrasa og berja, sem í gegnum tíðina hafi skipt miklu máli fyrir landeigendur á Vestfjörðum. Ekki síst þar sem vetur hafi oft verið harðir og erfitt hafi getað verið að sækja aðföng annars staðar frá. Af þeim sökum hafi skipt miklu máli að nýta öll þau gæði sem landið hafi gefið af sér.

Umrædd nýting sé hvað sem öðru líði þannig að hún uppfylli skilyrði eignarhefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905. Landeigendur hafi í mörg hundruð ár haft öll umráð jarðarinnar eins sem hún sé afmörkuð hér og nýtt þau í góðri trú, en elsta skjal sem geti jarðarinnar sé dagsett 10. febrúar 1569. Öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu hefðanda sé þannig fullnægt. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist á landinu, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

6.2.3.5 Keflavík milli Súgandafjarðar og Skálavíkur

Af hálfu eiganda jarðarinnar Keflavíkur er byggt á því að í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands sé gerð grein fyrir heimildum um landnám á svæðinu. Þar segi að í *Landnámu* sé þess getið að Hallvarður súgandi hafi numið Súgandafjörð og Skálavík til Stiga. Með Stiga muni vera átt við Stigahlíð. Landeigandi byggi á því að sá

hluti kröfusvæðis ríkisins sem hann geri kröfu til hafi verið innan upphaflegs landnáms Hallvarðar og að hann hafi þannig verið numinn í öndverðu. Ekkert bendi enda til þess að við landnám hafi umrætt ágreiningssvæði í Keflavík verið undanskilið og raunar mæli staðhættir og landslag á svæðinu mjög gegn því.

Í greinargerð íslenska ríkisins segi að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því svæði sem hér sé til umfjöllunar hafi fyrst og fremst verið stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, þ.m.t. Keflavíkur. Þannig virðist íslenska ríkið fyrst og fremst byggja á því að umrætt svæði sé utan landamerkja jarðarinnar. Þessu mótmæli landeigandi sem byggi á því að ágreiningssvæðið sé þvert á móti innan merkja jarðarinnar.

Ekki hafi fundist landamerkjabréf fyrir Keflavík í landamerkjabók sýslunnar. Hins vegar sé merkjum jarðarinnar að hluta lýst í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða, þ.e. Galtar í Súgandafirði og Meiri-Bakka í Skálavík.

Landamerkjabréf Meiri-Bakka í Skálavík sé ódagsett en hafi verið innkomið til þinglýsingar 28. júlí 1909. Þar sé merkjum gagnvart Keflavík lýst svo:

> Enn að vestan verðu er landamerki einn stakur klettur við sjó, norðan til viðsvonefndar háu Skriður, en vestantil við Mölvík, sem kölluð er, beint upp af Klettinum er ytra Skálarhorn, sem kallað er, og á því vörðu broti, í það og Klettinn eru landamerki milli Keflavíkur og Meiribakka.

Samkvæmt landamerkjabréfinu liggi merkin úr tilteknum kletti við sjó og upp í Ytriskálarhorn, sem sé á norðanverðu fjallinu Öskubak. Þannig sé ljóst að merkjum sé lýst frá sjó og til fjalls á Öskubak.

Landamerkjabréf Galtar sé dagsett 2. apríl 1890 og hafi verið þinglýst 26. júlí sama ár. Þar sé merkjum milli Galtar og Keflavíkur lýst svo:

> milli Galtar og Keflavíkur er Skínandisgil, norðan til við Burstarurð.

Merkjum milli jarðanna sé lýst um Skínandisgil sem sé gil norðan til í svonefndri Galtarnípu. Af þessari lýsingu sé ljóst að hún hafi ekki að geyma tæmandi lýsingu á landamerkjum jarðanna en gilið liggi frá sjó og til fjalls og því ljóst að með lýsingunni sé merkjum lýst til fjalls.

Landamerkjabréfin hafi samkvæmt þessu ekki að geyma tæmandi lýsingu á heildarmerkjum jarðarinnar. Við aðstæður sem þessar hafi óbyggðanefnd slegið því föstu að nauðsynlegt sé að líta til annarra atriða við mat á afmörkun viðkomandi jarðar, svo sem annarra skjala sem geymi lýsingar á merkjum jarðarinnar, upplýsinga um staðhætti og gróðurfar, heimilda um merki aðliggjandi jarða, örnefnaskráa og eftir atvikum annarra atriða sem haft geti þýðingu, sbr. t.d. úrskurði óbyggðanefndar 22. desember 2020 í máli nr. 3/2020 (Skálmardalsheiði og hluti Þingmannaheiðar) og 15. ágúst 2019 í máli nr. 3/2018 (Eyrarbotn). Í fyrrnefnda úrskurðinum segi þannig:

> Það athugast þó að í því tilviki sem hér er til skoðunar er landamerkjalýsing í landamerkjabréfi takmörkuð og óumdeilt er að hún lýsi einungis hluta merkja jarðarinnar en ekki heildarmerkjum hennar. Í slíkum tilvikum er því nauðsynlegt að líta til annarra atriða og gagna, svo sem staðhátta, heimilda um merki aðliggjandi jarða, örnefnaskráa og eftir atvikum annarra atriða.

Í tilviki Keflavíkur myndi fjallgarðurinn umhverfis víkina skýr náttúruleg skil. Telja verði líklegt að af þeim sökum hafi ekki verið talið nauðsynlegt við gerð landamerkjabréfanna að afmarka merki milli jarðanna nánar, enda væri augljóst að fjöllin sem liggi milli jarðanna afmarki land þeirra. Í því sambandi sé á því byggt að miða beri við hæstu punkta á vatnaskilum, sem almennt ráði merkjum milli jarða til fjalla á Vestfjörðum. Ekkert bendi enda til þess að landeigendur í gegnum tíðina hafi undanskilið fjallstoppana, svo sem íslenska ríkið virðist byggja á.

Í örnefnaskrá fyrir Keflavík sem Kristján G. Þorvaldsson hafi skráð segi berum orðum að mikið af landi Keflavíkur séu gróðurlaus fjöll sem séu með snarbröttum skriðum og klettum í sjó fram. Grashillur séu þó á stöku stað, sérstaklega að vestanverðu. Þá sé í örnefnaskránni lýst ýmsum örnefnum á fjöllunum og fjallstoppunum í kringum Keflavík, sem bendi til þess að litið hafi verið svo á að þau væru innan merkja jarðarinnar.

Allt styðji þetta við að merki jarðarinnar, sem sé lýst til fjalla, fylgi svo vatnaskilum á fjöllunum umhverfis víkina. Í samræmi við þetta hafi landeigandi látið útbúa nákvæma uppdrætti sem sýni landamerki jarðarinnar gagnvart nágrannajörðunum Meiri-Bakka og Gelti, í samstarfi við landeigendur þeirra jarða, sem sýni skýrt þann skilningi landeigenda að merki jarðanna fylgi fjallaskilum á fjöllunum umhverfis Keflavík. Uppdrættir þessir hafi verið lagðir fram í málinu samhliða kröfulýsingu vegna jarðarinnar.

Þar sem undirlendi jarðarinnar sé ekki mjög mikið hafi landeigendur alla tíð þurft að nýta allt land jarðarinnar, þ.m.t. á efst á fjallinu. Eftir því sem líði á sumarið og gróður glæðist ofar í fjallinu færi fé sig ofar og lækki sig svo aftur þegar kólna taki að hausti á ný. Enginn munur sé að þessu leyti á því landi jarðarinnar sem sé innan og utan kröfusvæðis ríkisins. Hið sama eigi við um önnur not, svo sem rjúpnaveiði og tínslu fjallagrasa og berja, sem í gegnum tíðina hafi skipt miklu máli fyrir landeigendur og ábúendur á jörðinni. Ekki síst þar sem jörðin sé afskaplega afskekkt og erfitt hafi getað verið að sækja aðföng annars staðar frá. Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segi þannig um Keflavík: „sú jórd liggur feikilega afskekt og veldur þad margfaldlegri óhægd og kostnadi á fleiri vegu.“ Af þeim sökum hafi skipt miklu máli að nýta öll þau gæði sem landið hafi gefið af sér.

Umrædd nýting sé hvað sem öðru líði þannig að hún uppfylli skilyrði eignarhefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905. Landeigendur hafi í mörg hundruð ár haft öll umráð jarðarinnar eins sem hún sé afmörkuð hér og nýtt þau í góðri trú, en elsta skjal sem geti jarðarinnar sé dagsett 16. febrúar 1449. Öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu hefðanda sé þannig fullnægt. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist á landinu, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

6.2.3.6 Dvergasteinn í Álftafirði

Af hálfu eigenda jarðarinnar Dvergasteins í Álftafirði er byggt á því að í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands sé gerð grein fyrir heimildum um landnám á svæðinu. Þar segi að í *Landnámu* sé þess getið að Eyvindur kné og Þuríður rúmgylta hafi numið Álftafjörð og Seyðisfjörð. Landeigendur byggi á því að sá hluti kröfusvæðis ríkisins sem þeir geri kröfu til hafi verið innan upphaflegs landnáms Eyvindar og Þuríðar og að hann hafi þannig verið numinn í öndverðu. Ekkert bendi enda til þess að við landnám hafi umrætt ágreiningssvæði á og við Dvergasteinsfjall verið undanskilið og raunar mæli staðhættir og landslag á svæðinu mjög gegn því.

Í greinargerð íslenska ríkisins segi að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því svæði sem hér sé til umfjöllunar hafi fyrst og fremst verið stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, þ.m.t. Dvergasteins, Svarthamars og Svarfhóls. Þannig virðist íslenska ríkið fyrst og fremst byggja á því að umrætt svæði sé utan landamerkja jarðanna. Þessu mótmæli landeigendur sem byggi á því að ágreiningssvæðið sé þvert á móti innan merkja þeirra.

Landamerkjabréf Dvergasteins sé dagsett 18. ágúst 1890 og hafi verið innkomið til þinglesturs 25. ágúst sama ár. Þar sé merkjum jarðarinnar lýst svo:

> Jörðin Dvergasteinn á land utan til uppmeð Dvergasteinsá upp í ártungu, og þaðan liggja merkin neðan með vestari ánni upp á Dalabrekkur, og þaðan eptir vörðum, er standa í beinni línu upp á fjallsbrún; frá þessum merkjum út í miðjan „merkishrygg“ á milli Dvergasteins og Hlíðar, er vísar frá fjallsbrún ofan í miðja Pottvík.

Landamerkjabréfið lýsi merkjum að sunnanverðu gagnvart Svarthamri um Dvergasteinsá, sem renni um Dvergasteinsdal, en samkvæmt lýsingunni fylgi merkin vestari ánni upp á fjallsbrún. Samkvæmt greinargerð íslenska ríkisins sé punktur nr. 4 á kröfulínu ríkisins í Dvergasteinsá við fjallsbrún. Rétt sé að árétta að Dvergasteinsá sé ekki á þeim stað sem punktur nr. 4 er staðsettur, þar sé raunar engin á, heldur sé punkturinn staðsettur ofarlega í miðjum Dvergasteinsdal. Athugasemdum hafi áður verið komið á framfæri við lögmann íslenska ríkisins um þetta atriði en þrátt fyrir það hafi línan ekki verið lagfærð.

Landeigendur byggi á því að með *fjallsbrún* í landamerkjalýsingunni sé átt við efst á fjallinu við vatnaskil og að jörðin liggi þar saman við merki jarðarinnar Fossa í Engidal í Skutulsfirði. Það sé í fullu samræmi við kröfugerð eigenda þeirrar jarðar fyrir óbyggðanefnd í máli þessu. Þannig liggi merkin um vestari farveg Dvergasteinsár og upp á vatnaskil.

Landamerkjabréfið lýsi því svo að farið sé frá þessum efsta punkti að sunnanverðu og út í miðjan merkishrygg milli Dvergasteins og Hlíðar, sem vísi frá fjallsbrún ofan í miðja Pottvík. Þessi lýsing verði ekki túlkuð öðruvísi en svo að merkin liggi frá vatnaskilum ofan Dvergasteinsár, eftir vatnaskilum á Dvergasteinsfjalli að umræddum merkishrygg í hlíðinni á Dvergasteinsfjalli og þaðan til sjávar í Pottvík, sbr. orðalagið „frá þessum merkjum út í miðjan „merkishrygg“ á milli Dvergasteins og Hlíðar“. Orðið *út* vísi hér greinilega til þess að merkin fari út fjallið, þ.e. Dvergasteinsfjall.

Að mati landeigenda sé landamerkjabréfið þannig alveg skýrt um að vatnaskil ráði merkjum jarðarinnar á fjalli frá Dvergasteinsá og að merkishrygg á Dvergasteinsfjalli. Þannig sé ljóst að kröfusvæðið vegna Dvergasteins sé allt innan þinglýstra merkja jarðarinnar og þar sé enga þjóðlendu að finna.

Þar sem undirlendi jarðarinnar sé ekki mikið hafi landeigendur alla tíð þurft að nýta allt land jarðarinnar, þ.m.t. á efst á fjallinu. Eftir því sem líði á sumarið og gróður glæðist ofar í fjallinu færi fé sig ofar og lækki sig svo aftur þegar kólna taki að hausti á ný. Enginn munur sé að þessu leyti á því landi jarðarinnar sem sé innan og utan kröfusvæðis ríkisins. Hið sama eigi við um önnur not, svo sem rjúpnaveiði og tínslu fjallagrasa og berja, sem í gegnum tíðina hafi skipt miklu máli fyrir landeigendur við Ísafjarðardjúp. Ekki síst þar sem firðina hafi gjarnan lagt á vetrum og erfitt hafi getað verið að sækja aðföng annars staðar frá. Af þeim sökum hafi skipt miklu máli að nýta öll þau gæði sem landið hafi gefið af sér.

Umrædd nýting sé hvað sem öðru líði þannig að hún uppfylli skilyrði eignarhefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905. Landeigendur hafi í mörg hundruð ár haft öll umráð jarðarinnar eins sem hún sé afmörkuð hér og nýtt þau í góðri trú, en elsta skjal sem geti jarðarinnar sé dagsett 3. maí 1458. Öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu hefðanda sé þannig fullnægt. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist á landinu, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

6.2.3.7 Svarfhóll í Álftafirði

Af hálfu eiganda jarðarinnar Svarfhóls í Álftafirði er byggt á því að í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands sé gerð grein fyrir heimildum um landnám á svæðinu. Þar segi að í *Landnámu* sé þess getið að Eyvindur kné og Þuríður rúmgylta hafi numið Álftafjörð og Seyðisfjörð. Landeigandi byggi á því að sá hluti kröfusvæðis ríkisins sem hann geri kröfu til hafi verið innan upphaflegs landnáms Eyvindar og Þuríðar og að hann hafi þannig verið numinn í öndverðu. Ekkert bendi enda til þess að við landnám hafi umrædd ágreiningssvæði á og við Svarthamarsfjall og Lambadalsfjall verið undanskilin og raunar mæli staðhættir og landslag á svæðinu mjög gegn því.

Í greinargerð íslenska ríkisins segi að við afmörkun kröfulína ríkisins á þeim svæðum sem hér séu til umfjöllunar hafi fyrst og fremst verið stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, þ.m.t. Svarfhóls. Þannig virðist íslenska ríkið fyrst og fremst byggja á því að umrædd svæði séu utan landamerkja jarðarinnar. Þessu mótmæli landeigandi sem byggi á því að ágreiningssvæðin séu þvert á móti innan merkja hennar.

Landamerkjabréf Svarfhóls sé dagsett 18. júlí 1890 og hafi verið innkomið til þinglesturs 25. september sama ár. Þar sé merkjum jarðarinnar lýst svo:

> Svarfhóll í Súðavíkurhreppi í Ísafjarðarsýslu, sem er ljensjörð prestsins í Øgurþingum og 20,6 hndr. nýtt mat, á land frá fjöru til fjalls frá Merkigili milli Svarthamars og

> Svarfhóls inn að Seljalandsá, er rennur ofan með Seljalandstúni að utanverðu. Einnig land allt vestanmegin fjarðarár frá Vatnagiljum þ.e. Valagiljum og sem vötnum hallar frá jökli. Óskipt upprekstrarland á móts við Minni Hattardal austanmegin Fjarðarár eður Klifhlíð alla frá Fellshálsskarði út í Fjarðarhorn. Slægjubletti þá, sem eru á sameignarlandi þessu notar Hattardalur annað árið en Svarfhóll hitt.

Af landamerkjabréfinu megi ráða að land Svarfhóls skiptist í þrennt.

Í fyrsta lagi sé um að ræða land sem afmarkist gagnvart Svarthömrum af línu sem dregin sé um Merkigil á Svarthamarsfjalli og áfram til fjalls. Umrætt Merkigil sé u.þ.b. í miðri þeirri hlíð Svarthamarsfjalls sem snúi að firðinum og teygi sig upp að háfjallinu. Samkvæmt merkjalýsingunni í landamerkjabréfinu liggi merki jarðarinnar frá Merkigili til fjalls. Að mati landeiganda verði sú lýsing ekki túlkuð öðruvísi en þannig að merkin liggi frá gilinu og eftir Svarthamarsfjalli á vatnaskilum að vatnaskilum á fjallgarðinum milli Súðavíkurhrepps og fyrrum Eyrarhrepps, nú Ísafjarðarbæjar. Þaðan liggi mörk jarðarinnar að Seljalandsá sem ráði merkjum milli þessa hluta Svarfhóls og Seljalands.

Í öðru lagi sé um að ræða land sem liggi milli Valagils og Fjarðarár í Seljalandsdal í botni fjarðarins. Eins og segi í landamerkjabréfinu liggi merki jarðarinnar milli Valagils og Fjarðarár eftir vatnaskilum, eða *sem vötnum hallar frá jökli*, eins og segi orðrétt í lýsingu landamerkjabréfsins. Með *jökli* sé hér átt við efsta hluta Þverfells og Lambadalsfjalls sem tengist Glámuhálendinu sem menn hafi áður fyrr talið að væri jökull. Af þessu skýra orðalagi lýsingarinnar sé ljóst að merki þessa hluta lands Svarfhóls liggi um Valagil og upp að vatnaskilum á sýslumörkum fyrrum Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu, og þaðan suður eftir þeim vatnaskilum þar til komið sé á móts við upptök Fjarðarár og svo eftir henni niður í dalinn.

Í þriðja lagi sé um að ræða sameiginlegt land Svarfhóls og Minni-Hattardals sem taki við austan þess hluta sem hér hafi síðast verið lýst. Sá hluti hafi afmarkast að vestanverðu af Fjarðará og að austanverðu af hæstu línu og vatnaskilum á Klifhlíð eða Vatnshlíð, og þaðan í Fjarðarhorn. Um þennan hluta landsins vísist einnig til niðurstöðu sáttanefndar Súðavíkurhrepps frá 18. júlí 1890 vegna landaþrætumáls milli Svarfhóls og Minni Hattardals um svæðið. Þar sé merkjum svæðisins lýst með nákvæmlega sama hætti og í landamerkjabréfinu.

Ekkert bendi til þess að þessir mismunandi hlutar jarðarinnar hafi haft mismunandi eignarréttarlega stöðu og það eigi sér ekki stoð í neinum gögnum málsins, enda sé í öllum tilvikum um að ræða eignarland tilheyrandi jörðinni. Í örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar fyrir Svarfhól, sem höfð hafi verið eftir Jóni Bentssyni sem hafi verið fæddur og uppalinn á jörðinni, komi fram að land Seljalands, sem liggi milli fyrsta og annars hluta Svarfhóls, svo sem þeim hafi verið lýst hér að framan, hafi áður fyrr aðeins verið sel frá Svarfhóli og land Seljalands hafi þá tilheyrt Svarfhóli. Síðar mun Seljaland hafa orðið sjálfstæð jörð og þá skorið land Svarfhóls með þeim hætti sem hér hafi verið lýst. Það skýri hvers vegna land jarðarinnar skiptist upp með þessum hætti.

Landamerkjabréf Svarfhóls sé mjög skýrt um merki jarðarinnar og ekki síst til fjalla þar sem segi berum orðum að merki liggi til fjalls og sem vötnum hallar frá jökli. Þetta

skýra orðalag landamerkjabréfsins verði ekki túlkað öðruvísi en svo að á fjöllunum umhverfis land Svarfhóls ráði vatnaskil merkjum, eins og almennt sé á Vestfjörðum. Því veki kröfugerð íslenska ríkisins í málinu talsverða furðu.

Þar sem undirlendi jarðarinnar sé ekki mikið hafi landeigendur alla tíð þurft að nýta allt land jarðarinnar, þ.m.t. á efst á fjallinu. Eftir því sem líði á sumarið og gróður glæðist ofar í fjallinu færi fé sig ofar og lækki sig svo aftur þegar kólna taki að hausti á ný. Enginn munur sé að þessu leyti á því landi jarðarinnar sem sé innan og utan kröfusvæðis ríkisins. Hið sama eigi við um önnur not, svo sem rjúpnaveiði og tínslu fjallagrasa og berja, sem í gegnum tíðina hafi skipt miklu máli fyrir landeigendur við Ísafjarðardjúp. Ekki síst þar sem firðina hafi gjarnan lagt á vetrum og erfitt hafi verið að sækja aðföng annars staðar frá. Af þeim sökum skipti miklu máli að nýta öll þau gæði sem landið hafi gefið af sér.

Umrædd nýting sé hvað sem öðru líður þannig að hún uppfylli skilyrði eignarhefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905. Landeigendur hafi í mörg hundruð ár haft öll umráð jarðarinnar eins sem hún sé afmörkuð hér og nýtt þau í góðri trú, en elsta skjal sem geti jarðarinnar sé dagsett 3. maí 1458. Öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu hefðanda sé þannig fullnægt. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist á landinu, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

6.2.3.8 Svarthamar í Álftafirði

Af hálfu eiganda jarðarinnar Svarthamars í Álftafirði er byggt á því að í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands sé gerð grein fyrir heimildum um landnám á svæðinu. Þar segi að í *Landnámu* sé þess getið að Eyvindur kné og Þuríður rúmgylta hafi numið Álftafjörð og Seyðisfjörð. Landeigandi byggi á því að sá hluti kröfusvæðis ríkisins sem hann geri kröfu til hafi verið innan upphaflegs landnáms Eyvindar og Þuríðar og að hann hafi þannig verið numinn í öndverðu. Ekkert bendi enda til þess að við landnám hafi umrætt ágreiningssvæði á og við Svarthamarsfjall verið undanskilið og raunar mæli staðhættir og landslag á svæðinu mjög gegn því.

Í greinargerð íslenska ríkisins segi að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því svæði sem hér sé til umfjöllunar hafi fyrst og fremst verið stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, þ.m.t. Dvergasteins, Svarthamars og Svarfhóls. Þannig virðist íslenska ríkið fyrst og fremst byggja á því að umrætt svæði sé utan landamerkja jarðanna. Þessu mótmæli landeigendur sem byggi á því að ágreiningssvæðið sé þvert á móti innan merkja þeirra.

Ekki hafi fundist landamerkjabréf fyrir Svarthamar í landamerkjabók sýslunnar. Hins vegar sé merkjum jarðarinnar lýst í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða, þ.e. Dvergasteins og Svarfhóls.

Landamerkjabréf Dvergasteins sé dagsett 18. ágúst 1890 og hafi verið innkomið til þinglesturs 25. ágúst sama ár. Þar sé merkjum jarðarinnar lýst svo:

> Jörðin Dvergasteinn á land utan til uppmeð Dvergasteinsá upp í ártungu, og þaðan liggja merkin neðan með vestari ánni upp á Dalabrekkur, og þaðan eptir vörðum, er standa í beinni línu upp á fjallsbrún; frá þessum merkjum út í miðjan „merkishrygg“ á milli Dvergasteins og Hlíðar, er vísar frá fjallsbrún ofan í miðja Pottvík.

Samkvæmt landamerkjabréfinu liggi merki milli Dvergasteins og Svarthamars þannig um Dvergasteinsá og þaðan upp á fjallsbrún. Samkvæmt greinargerð íslenska ríkisins sé punktur nr. 4 á kröfulínu ríkisins í Dvergasteinsá við fjallsbrún. Rétt sé að árétta að Dvergasteinsá sé ekki á þeim stað sem punktur nr. 4 er staðsettur, þar sé raunar engin á, heldur sé punkturinn staðsettur ofarlega í miðjum Dvergasteinsdal. Athugasemdum hafi áður verið komið á framfæri við lögmann íslenska ríkisins um þetta atriði en þrátt fyrir það hafi línan ekki verið lagfærð.

Landeigandi byggi á því að með fjallsbrún í landamerkjalýsingunni sé átt við efst á fjallinu við vatnaskil og að jörðin liggi þar saman við merki jarðarinnar Fossa í Engidal í Skutulsfirði. Það sé í fullu samræmi við kröfugerð eigenda þeirrar jarðar fyrir óbyggðanefnd í máli þessu. Þannig liggi merkin um farveg Dvergasteinsár og þaðan upp á vatnaskil á Svarthamarsfjalli.

Landamerkjabréf Svarfhóls sé dagsett 18. júlí 1890 og hafi verið innkomið til þinglesturs 25. september sama ár. Þar sé merkjum jarðarinnar lýst svo:

> Svarfhóll í Súðavíkurhreppi í Ísafjarðarsýslu, sem er ljensjörð prestsins í Øgurþingum og 20,6 hndr. nýtt mat, á land frá fjöru til fjalls frá Merkigili milli Svarthamars og Svarfhóls inn að Seljalandsá, er rennur ofan með Seljalandstúni að utanverðu. Einnig land allt vestanmegin fjarðarár frá Vatnagiljum þ.e. Valagiljum og sem vötnum hallar frá jökli. Óskipt upprekstrarland á móts við Minni Hattardal austanmegin Fjarðarár eður Klifhlíð alla frá Fellshálsskarði út í Fjarðarhorn. Slægjubletti þá, sem eru á sameignarlandi þessu notar Hattardalur annað árið en Svarfhóll hitt.

Landamerkjabréfið lýsi merkjum milli Svarfhóls og Svarthamars frá fjöru til fjalls frá Merkigili. Umrætt Merkigil sé u.þ.b. í miðri þeirri hlíð Svarthamarsfjalls sem snúi að firðinum og teygi sig upp að háfjallinu. Samkvæmt merkjalýsingunni í landamerkjabréfinu liggi merki jarðannar frá Merkigili til fjalls. Að mati landeiganda verði sú lýsing ekki túlkuð öðruvísi en þannig að merkin liggi frá gilinu og eftir Svarthamarsfjalli á vatnaskilum að vatnaskilum á fjallgarðinum milli Súðavíkurhrepps og fyrrum Eyrarhrepps, nú Ísafjarðarbæjar. Þar komi saman merki annars vegar milli Svarthamars og Svarfhóls og hins vegar Svarthamars og Dvergasteins.

Að mati landeiganda séu lýsingar á merkjum Svarthamars þannig alveg skýrar í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Að mati landeiganda verði þær ekki túlkaðar öðruvísi en svo að kröfusvæðið vegna Svarthamars sé allt innan merkja jarðarinnar og að þar sé enga þjóðlendu að finna.

Þar sem undirlendi jarðarinnar sé ekki mikið hafi landeigendur alla tíð þurft að nýta allt land jarðarinnar, þ.m.t. á efst á fjallinu. Eftir því sem líði á sumarið og gróður glæðist ofar í fjallinu færi fé sig ofar og lækki sig svo aftur þegar kólna taki að hausti á ný. Enginn munur sé að þessu leyti á því landi jarðarinnar sem sé innan og utan kröfusvæðis ríkisins. Hið sama eigi við um önnur not, svo sem rjúpnaveiði og tínslu

fjallagrasa og berja, sem í gegnum tíðina hafi skipt miklu máli fyrir landeigendur við Ísafjarðardjúp. Ekki síst þar sem firðina hafi gjarnan lagt á vetrum og erfitt hafi verið að sækja aðföng annars staðar frá. Af þeim sökum skipti miklu máli að nýta öll þau gæði sem landið hafi gefið af sér.

Umrædd nýting sé hvað sem öðru líði þannig að hún uppfylli skilyrði eignarhefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905. Landeigendur hafi í mörg hundruð ár haft öll umráð jarðarinnar eins sem hún sé afmörkuð hér og nýtt þau í góðri trú, en elsta skjal sem geti jarðarinnar sé dagsett 3. maí 1458. Öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu hefðanda sé þannig fullnægt. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist á landinu, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

6.2.4 Breiðaból í Skálavík

Af hálfu eiganda jarðarinnar Breiðabóls í Skálavík er á því byggt að Skálavíkur sé getið í *Landnámu*. Til séu heimildir um byggð í Skálavík allt frá tíundu öld. Hallvarður Súgandi sé sagður hafa numið land í Súgandafirði, Skálavík og að Stiga og sé ekki talið ólíklegt að hann hafi búið á Breiðabóli í Skálavík. Breiðabólsjörðin sé því gömul.

Þjóðlendukröfur séu gerðar í hluta Breiðabólsjarðarinnar þrátt fyrir að landamerki séu mjög skýr skv. nefndu landamerkjabréfi landeiganda, en kröfulýsing íslenska ríkisins (bls. 177–179) sé byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því skrýtið að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfur ríkisins falli innan kröfulínu landeiganda á þremur stöðum: (1) fjallstoppurinn á milli Skálavíkur og Stigahlíðar, (2) landsvæðið í Stigahlíð sem liggi frá fjallstoppi niður í fjöru milli almenninga í Gunnarsvík og almenninga í Björtulækjum og (3) fjallstoppurinn á Lambamúla.

Þar sem kröfum aðila virðist ekki bera saman hljóti ólíkur skilningur þeirra:

(a) á hugtakinu fjallsbrún og
(b) á gildismati og gagnsemi gróðursnauðs, snarbratts og lítt nytjaðs lands að skýra mismun í kröfugerðum hvors um sig.

Landeigandi telji að hugtakið fjallsbrún, eins og íslenska ríkið virðist túlka það, sé algjörlega ósamrýmanlegt skilningi landeiganda.

Íslenska ríkið hafi áður deilt við landeigendur um túlkun á hugtakinu fjallsbrún fyrir óbyggðanefnd, sbr. mál nr. 3–4/2004 um Kjalarnes og Kjós þar sem ágreiningur var um landamerki á fjallinu Esju. Úrskurð nefndarinnar sé að finna á bls. 151 og þar segi:

> Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álitaefni hvernig túlka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknum stað, t.d. í klettabrún. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar. […] Hér skal þess getið að í svari Gunnlaugs Ingólfssonar, fræðimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðanefndar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dæmum í seðlasafni Orðabókar Háskólans megi ráða að

> fjallsbrún geti bæði verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknum stað.

Í hnotskurn þá hafi úrskurðurinn verið sá að óbyggðanefnd hafi hafnað skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og íslenska ríkið hafi ekki borið þá niðurstöðu undir dómstóla og hafi því sætt sig við hana.

Fleiri sambærileg mál sé hægt að benda á til stuðnings því máli sem hér sé til úrlausnar, ef nauðsyn beri til. Einnig megi vísa til Grágásar, elstu lögbókar Íslendinga, og þá sérstaklega þá kafla landabrigðisþáttar sem fjalli um merkjagerð og merkjagöngu.

Öfugt við það sem haldið sé fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins séu ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja hennar hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildi um eignarland almennt, að engu undanskildu. Engin gögn bendi til annars en að land jarðanna hafi frá ómunatíð verið háð beinum eignarrétti.

Landeigandi leggi áherslu á að þegar óbyggðanefnd meti hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varði núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðji tilkall þeirra til beinna eignarrétta innan ummerkja jarðarinnar.

Þegar haft sé í huga að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu.

Landeigandi telji að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði sé einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Telji landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest sé í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan hafi verið rakið séu landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafi undir höndum, sem sanni beinan eignarrétt þeirra.

Landeigandi haldi því og fram að eftir að ríkisvald hafi stofnast hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigandi telji ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa sé fyrir

löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigandi minni á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hafi verið þinglýst athugasemdalaust.

Landeigandi vilji máli sínu til stuðnings benda á tvö dæmi í seinni tíð þar sem eignarréttur hans, innan lýstra merkja, hafi verið virtur (hér sé vísað í landamerki Meirihlíðar og Breiðabóls):

- Árið sem grjótvörnin hafi verið sett utan á brimbrjótinn í Bolungarvík (í kringum 1990) þá hafi þáverandi bæjartæknifræðingur Bolungarvíkurkaupstaðar samið við landeiganda um grjótnám á landi jarðarinnar á Skálavíkurheiði og greitt fyrir allt efni sem hafi verið tekið úr námunni sem þar sé.
- Þegar gera hafi átt við veginn upp á Bolafjall þá hafi sami bæjartæknifræðingur komið að máli við landeiganda og gert samkomulag f.h. veghaldara um að þeim væri heimilt að láta hluta vegarins upp á Bolafjall falla innan landamerkja Breiðabólsjarðarinnar og að í staðinn yrði vegrásin á Skálavíkurveginum alltaf hreinsuð vegna þess grjóthruns sem kæmi undan Bolafjallsveginum. Landeigandi segi að samkomulagið hafi verið virt til þessa.

Landeigandi hafi þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að enginn vafi hafi leikið á fullkomnum eignarrétti á landi jarðarinnar og hafi aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Til stuðnings kröfum sínum vísar landeigandi til viðeigandi meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga, landamerkjalaga auk eldri laga um landamerki, laga um hefð og þinglýsingarlaga, þjóðminjalaga, laga um skráningu og mat fasteigna auk eldri laga um sama efni. Einnig er vísað til stjórnsýslulaga, þjóðlendulaga og laga um mannréttindasáttmála Evrópu og mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Um málskostnað landeigenda vísast til þjóðlendulaga og laga um meðferð einkamála.

6.2.5 Saurar í Álftafirði

Af hálfu eiganda jarðarinnar Saura í Álftafirði er á því byggt að jörðin Saurar hafi verið til um aldir eins og sjá megi af sögulegu yfirliti í gögnum óbygganefndar sem hafi með lögboðinni skyldu sinni aflað víðtækra gagna. Jörðin Súðavík hafi oft á tímum verið metin stórbýli en með þeirri jörð hafi gjarnan talist Saurar og Dalbær og þá ýmist sem hjáleigur eða sjálfstæðar jarðir. Þarna hafi um aldir verið búskapur bæði til lands og sjávar og sjá megi ganga kaupum og sölum ýmis hlunnindi svo sem slægjur, beit o.fl. og samningar um ítök. Um skeið hafi jörðin Saurar verð metin fimmtungur af Súðavík.

Eigi verði í efa dregið að um byggt ból sé að tefla um aldir og um sé að tefla beitar- og vatnsnýtingu til fjalla.

Sveitarfélagið Súðavík hafi gert leigusamning við Saura um vatnsverndar- og vatnstökusvæði í landi Saura og sé sá samningur lagður fram í málinu.

Núverandi eigendur nýti jörð sína með ýmsum hætti, aðallega þó til frístunda og útivistar. Landamerki jarðarinnar og nærliggjandi jarða séu ágreiningslaus.

Reifan krafna íslenska ríkisins gefi að líta í kröfulýsingu. Jafnframt liggi fyrir greinargerð íslenska ríkisins. Af lýsingum og framlögðu korti með kröfulínum íslenska ríkisins megi sjá að kröfulínan sé í kröfupunkti sem sé í hæstu tindum á mörkum og vatnaskilum milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar eins og tilgreint sé á korti. Kröfur íslenska ríkisins varði vatnsréttindi Saura II og komi til með að skerða þau réttindi ef þær nái fram að ganga.

Krafa landeigenda sé einfaldlega að þeir haldi óskertum og fullkomnum eignarréttindum á jörðinni sinni og þá einnig óskertum réttindum til sjávarnytja, beitar, berjatínslu, veiði og vatnsréttinda. Þessi réttindi og nýtingarmöguleikar verði ekki skilin frá jörð þeirra eða af eigendum tekin.

Af framansögðu sé ljóst að málið sé þannig vaxið og reifað af hendi eigenda að íslenska ríkinu beri að falla frá kröfugerð sinni eins og hún liggi fyrir en að öðrum kosti beri óbyggðanefnd að hafna kröfum íslenska ríkisins og fallast að öllu leyti á kröfur eigenda.

Krafa íslenska ríkisins sé ekki á neinum rökum reist og ekki sé borið við í málsskjölum að færa rök fyrir kröfugerð eða að færa rök fyrir því að íslenska ríkið slái eign sinni á hluta af jörðinni sem m.a. tæki af jörðinni vatnsréttindi og beitarréttindi og aðrar nytjar eins og felist í þjóðlendukröfunni.

Til stuðnings kröfum vegna jarðarinnar er vísað til landamerkjalaga nr. 5/1882 og laga nr. 41/1919, um landamerki ofl., laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 og 5., 7., 10. og 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá er vísað til laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, 1. gr. 1. samningsviðauka, og laga nr. 46/1905 um hefð. Enn er vísað til annarra meginreglna eignarréttar og eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

6.2.6 Súðavík í Álftafirði

Af hálfu eiganda jarðarinnar Súðavíkur er byggt á því að með bréfi óbyggðanefndar hafi landeiganda verið gefinn kostur á að svara kröfum ríkisins vegna eignarlanda sinna. Meðal þeirra sé jörðin Súðavík. Sveitarfélagið Súðavíkurhreppur sé staðsett á jörðinni.

Súðavíkur sé víða getið að fornu. Mikil útgerð hafi verið við Álftafjörð um aldir og kaupmenn hafi haft þar miðstöð athafna sinna um langa tíð. Komi þar til góð hafnaraðstaða og stutt sókn á mið. Þá hafi Súðavík verið þingstaður. Enn í dag sé hreppurinn kröftugt samfélag og útgerðarstaður.

Landamerkjabréf fyrir jörðina sé dagsett 26. ágúst 1890. Landamerkjabréfum sé lýst svo:

> Jörðin Súðavík á land frá stálþráðgirðingunni, sem að skilur túnin Tröð og Súðavík, sjónhending eptir vörðunum, sem standa í beinni línu upp eptir engjunum, og frá þeim sjónhendingu eptir skriðuskurðinum næsta fyrir innan lækinn í Traðarupsunum beint uppá fjallsbrún. Að utanverðu á Súðavík land útað svo kölluðum Brúðarhamri, sem er klömp næst fyrir innan svokallaða „Götu“ á Súðavíkurhlíð beina sjónhendingu upp á fjallsbrún.

Á bls. 179 gefi að líta undir kröfulið 5.4.2 Ufs, Súðavíkurfjall, Traðarhyrna og Sauratindar kröfur íslenska ríkisins. Sé þjóðlendukrafan mörkuð þar um Súðavíkurfjall, Ufs, Traðarhyrnu og Sauratinda.

Á kröfukorti íslenska ríkisins hafi verið markað land með gulu milli Dvergasteinsfjalls og Svarthamra annars vegar og Sauradals hins vegar. Upplýst sé að það land tilheyri jörðinni Súðavík. Landinu sé nánar lýst svo, að Súðavík tilheyri brúnir í Sauradal til suðurs og vesturs sunnan og vestan megin við Sauradal upp á tinda. Sé þetta ágreiningslaust.

Á framlögðu korti íslenska ríkisins komi fram þjóðlendukröfulínur en gerð sé krafa um að þjóðlenda nái yfir hluta jarðarinnar Súðavíkur úr fjallshlíðum til hæstu tinda, þar sem hæstu tindar ráði merkjum á mill Súðavíkurhrepps annars vegar og Ísafjarðarbæjar hins vegar. Sé öllum kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendu mótmælt.

Súðavík liggi að jörðunum Tröðum og Saurum. Geta beri þess að vatnsból Súðavíkurhrepps sé í Sauradal.

Til stuðnings kröfum vegna jarðarinnar er vísað til landamerkjalaga nr. 5/1882 og laga nr. 41/1919, um landamerki ofl., laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 og 5., 7., 10. og 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá er vísað til laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, 1. gr. 1. samningsviðauka, og laga nr. 46/1905 um hefð. Enn er vísað til annarra meginreglna eignarréttar og eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

6.2.7 Tröð í Álftafirði

Af hálfu eigenda Traðar í Álftafirði er á því byggt að jörðin Tröð muni vera í sameign nokkurra aðila, en skiptast í hluta. Tröð sé húseign í Súðavík sem sé nú þinglýst og sé í einkaeigu.

Jörðin Tröð hafi verið til um aldir eins og sjá megi af sögulegu yfirliti í gögnum óbyggðanefndar sem hafi með lögboðinni skyldu sinni aflað víðtækra gagna. Jörðin Tröð hafi oft á tímum verið metin stórbýli og þarna hafi um aldir verið búskapur bæði til lands og sjávar og sjá megi ganga kaupum og sölum ýmis hlunnindi svo sem slægjur, beit o.fl. og samninga um ítök.

Núverandi eigendur nýti jörð sína með ýmsum hætti, aðallega þó til frístunda og útivistar. Landamerki jarðarinnar og nærliggjandi jarða séu ágreiningslaus.

Af lýsingum og framlögðu korti með kröfulínum íslenska ríkisins megi sjá að kröfulínan sé í kröfupunkti sem sé í hæstu tindum á mörkum og vatnaskilum milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar eins og tilgreint sé á korti. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendu séu um sama svæði og lendur Súðavíkur og Saura séu um hæstu tinda.

Krafa landeigenda sé einfaldlega að þeir haldi óskertum og fullkomnum eignarréttindum á jörðinni sinni og þá einnig óskertum réttindum til sjávarnytja, beitar, berjatínslu, veiði og vatnsréttinda. Þessi réttindi og nýtingarmöguleikar verði ekki skilin frá jörð þeirra eða af eigendum tekin. Krafa íslenska ríkisins sé ekki á neinum rökum

reist og ekki sé borið við í málsskjölum að færa rök fyrir kröfugerð eða að færa rök fyrir því að íslenska ríkið slái eign sinni á hluta af jörðinni sem m.a. tæki af jörðinni vatnsréttindi og beitarréttindi og aðrar nytjar eins og felist í þjóðlendukröfunni.

Til stuðnings kröfum vegna jarðarinnar er vísað til landamerkjalaga nr. 5/1882 og laga nr. 41/1919, um landamerki ofl., laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 og 5., 7., 10. og 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá er vísað til laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, 1. gr. 1. samningsviðauka, og laga nr. 46/1905 um hefð. Enn er vísað til annarra meginreglna eignarréttar og eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

6.2.8 Orkubú Vestfjarða

Hér verður fyrst gerð grein fyrir almennum sjónarmiðum Orkubús Vestfjarða vegna krafna Orkubúsins í málum nr. 3–5/2021.

Í greinargerð Orkubúsins er greint frá því að Orkubúinu hafi verið komið á fót með lögum nr. 66/1976. Samkvæmt 5. gr. nefndra laga skyldu Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum, afhenda Orkubúi Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi. Kröfur Orkubús Vestfjarða byggist á því að Orkubúið hafi eignast þau réttindi og mannvirki sem um sé að ræða við stofnun þess sem hluta af stofnframlögum ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga.

Meðal stofnframlaga vegna stofnunar Orkubúsins hafi verið allar eignir Rafmagnsveitu ríkisins, RARIK, á Vestfjörðum, sem iðnaðarráðherra hafi afsalað til Orkubúsins með samþykki fjármálaráðherra, sbr. ýmis afsöl þar að lútandi sem dagsett séu 14. júní 1978. Raflínur þær sem kröfur séu gerðar vegna í málunum hafi verið meðal þeirra eigna Rafmagnsveitu ríkisins sem Orkubúið hafi tekið við á grundvelli umræddra afsala ráðherra og einnig Reiðhjallavirkjun í landi Gils í Syðridal í Bolungarvík og vatnsréttindi vegna hennar.

Ísafjarðarbær hafi einnig verið meðal stofnaðila að Orkubúinu og stofnframlag hans hafi m.a. falist í Fossárvirkjun og Nónvirkjun í Engidal, ásamt vatnsréttindum vegna þeirra, auk alls annars réttar til virkjunar vatnsafls sem sveitarfélagið hafi átt, þ.m.t. í landi Tungu í Tungudal. Um það vísist til afsals Ísafjarðarbæjar til Orkubúsins dagsettu 1. desember 1978. Á þeim grundvelli hafi Orkubúið eignast vatnsréttindi í Tungudal sem nýtt séu í rekstri Tungudalsvirkjunar.

Þá hafi Ögurhreppur og Reykjafjarðarhreppur jafnframt verið meðal stofnaðila að Orkubúinu og stofnframlaga þeirra sé getið í afsali dags. 24. júní 1980. Meðal þeirra hafi verið allar eigur Rafveitu Reykjafjarðar- og Ögurhrepps svo og allur réttur til virkjunar vatnsafls í löndum hreppanna, rafveitunnar eða annars staðar og hrepparnir kunna að hafa samið um. Meðal lands hreppanna hafi verið hinir svokölluðu almenningar eða afréttir í Hestfirði, Skötufirði og Ísafirði.

Verði komist að þeirri niðurstöðu að þau svæði sem kröfur Orkubúsins taka til séu þjóðlendur byggi Orkubúið á að viðurkenna beri eignarrétt Orkubúsins að framangreindum réttindum, sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, að undanskildum kröfum vegna raflína þar sem Orkubúið krefjist beins eignarréttar og þess að þjóðlendukröfu ríkisins verði hafnað, en til vara viðurkenningar á eignarrétti að mannvirkjunum.

Í því sambandi bendi Orkubúið á að framsöl ríkisins og sveitarfélaganna á framangreindum réttindum og mannvirkjum hafi verið liður í stofnun Orkubúsins á grundvelli laga nr. 66/1976, í samræmi við fyrirmæli 5. gr. laganna. Að því ferli hafi komið sveitarfélög á Vestfjörðum og iðnaðarráðherra f.h. ríksins. Ljóst sé að framsal réttindanna og mannvirkjanna hafi farið fram með þátttöku iðnaðarráðherra. Bæði í tilviki eigna Rafmagnsveitu ríkisins þar sem iðnaðarráðherra hafi undirritað afsöl vegna þeirra, með samþykki fjármálaráðherra, og í tilviki eigna og réttinda sveitarfélaganna sem iðnaðarráðherra hafi haft milligöngu um að yrðu lögð inn í Orkubúið við stofnun þess, sbr. 15. gr. laga nr. 66/1976 þar sem segi að þegar heimild samkvæmt lögunum til að stofna Orkubúið sé nýtt skuli iðnaðarráðherra beita sér fyrir gerð stofnsamnings og boðun stofnfundar, en stofnframlögin hafi verið mikilvægur liður í því.

Að mati Orkubúsins sé þjóðlendukrafa ríkisins nú ósamrýmanleg þeirri fyrri afstöðu ríkisins, þ.m.t. iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, að umrædd réttindi, eins og þau séu afmörkuð í kröfugerð Orkubúsins, skyldu falla til Orkubúsins, og fari þannig beinlínis í bága við fyrri lögskipti og athafnir ríkisins.

Af hálfu Orkubúsins er bent á að Hæstiréttur hafi í nokkrum dómum hafnað þjóðlendukröfum með vísan til þess að þær væru ósamrýmanlegar fyrri lögskiptum og aðkomu íslenska ríkisins, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 496/2005 (Skaftafell II), nr. 617/2012 (Hellisheiði) og nr. 94/2017 (Hvassafell). Einnig vísist til úrskurða óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 3/2016 og frá 15. ágúst 2019 í máli nr. 4/2018.

Auk þess byggi Orkubúið á því að hagnýting og ráðstöfun þess og forvera þess á umræddum réttindum og mannvirkjum á ágreiningssvæðunum uppfylli skilyrði laga um hefð nr. 46/1905. Orkubúið og forverar þess hafi um áratugaskeið farið með umrædd réttindi og nýtt þau í góðri trú. Öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu hefðanda sé þannig fullnægt. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir réttindunum og mannvirkjunum, að hefð hafi unnist á þeim samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1905.

Að því er varðar sérstaklega kröfur Orkubúsins vegna vatnsréttinda á vatnasviðum Reiðhjallavirkjunar, Tungudalsvirkjunar og Fossárvirkjunar og um að viðurkenndur verði nýtingarréttur Orkubúsins að vatnsréttindum á vatnasviði Nónvirkjunar er af hálfu Orkubúsins bent á að Reiðhjallavirkjun og vatnsréttindi vegna hennar hafi áður verið í eigu Rafmagnsveitu ríkisins en við stofnun Orkubúsins hafi þessar eignir verið lagðar inn í Orkubúið sem hluti af stofnframlagi ríkisins árið 1978. Forsögu virkjunarinnar megi hins vegar rekja allt aftur til ársins 1919 en hún hafi formlega verið tekin í notkun

8. mars 1958 og hafi verið endurbætt síðan þá. Vatnasvið virkjunarinnar skarist að nokkru við þjóðlendukröfu ríkisins á Heiðnafjalli.

Fossárvirkjun (einnig nefnd Fossavatnsvirkjun) og vatnsréttindi vegna hennar hafi áður verið í eigu Rafveitu Ísafjarðar en við stofnun Orkubúsins hafi þessar eignir verið lagðar inn í Orkubúið sem hluti af stofnframlagi Ísafjarðarbæjar árið 1978, sbr. afsal dags. 1. desember 1978. Virkjunin hafi verið tekin í notkun 13. febrúar 1937 og hafi verið endurbætt mikið síðan þá, sbr. meðal annars leyfisbréf Orkustofnunar vegna veitingu virkjunarleyfis vegna endurbóta á virkjuninni, dags. 5. september 2014. Í fylgibréfi með virkjunarleyfinu, einnig dags. 5. september 2014, segi um vatnsréttindi þau sem nýtt eru í þágu virkjunarinnar: „Vatnsréttindi vegna Fossár eru í eigu Orkubús Vestfjarða og hafa verið það frá 1. desember 1978 þegar Orkubú Vestfjarða tók við rekstri núverandi virkjunar í Engidal frá Rafveitu Ísafjarðar.“ Vatnasvið virkjunarinnar skarist að nokkru við þjóðlendukröfu ríkisins á því svæði sem nefnt sé *Ernir og Kirkjubólsfjall* í kröfugerð ríkisins.

Tungudalsvirkjun hafi formlega verið vígð 26. ágúst 2007, sbr. virkjunarleyfi iðnaðarráðherra til Orkubúsins vegna virkjunarinnar, dags. 29. mars 2006. Orkubúið sé eigandi þeirra vatnsréttinda sem nýtt séu í þágu virkjunarinnar á grundvelli afsals Ísafjarðarbæjar dags. 1. desember 1978, þar sem bærinn hafi afsalað öllum rétti til virkjunar vatnsafls í löndum bæjarins, en virkjunin sé í landi Tungu í Tungudal sem hafi við stofnun Orkubúsins, og sé enn, verið í eigu Ísafjarðarbæjar. Vatnasvið virkjunarinnar skarist að nokkru við þjóðlendurkröfur ríkisins á þeim svæðum sem nefnd séu *Klofningsheiði* og *Búrfell*.

Nónvirkjun hafi áður verið í eigu Rafveitu Ísafjarðar en við stofnun Orkubúsins hafi hún verið lögð inn í Orkubúið sem hluti af stofnframlagi Ísafjarðarbæjar árið 1978, sbr. afsal dags. 1. desember 1978. Virkjunin hafi verið tekin í notkun í mars 1946, eftir að ljóst hafði orðið að þáverandi Fossárvirkjun, eða Fossavatnsvirkjun, myndi ekki fullnægja orkuþörf Ísfirðinga. Ísafjarðarbær hafi ekki verið eigandi vatnsréttinda vegna virkjunarinnar við stofnun Orkubúsins heldur notið nýtingarréttar á grundvelli samnings við landeigendur, sem Orkubúið hafi tekið við. Af þeim sökum sé krafist viðurkenningar á nýtingarrétti á umræddum vatnsréttindum, leiði rannsókn óbyggðanefndar til þeirrar niðurstöðu að á svæðinu sé þjóðenda en vatnasvið virkjunarinnar skarist að nokkru við þjóðlendukröfu ríkisins á *Kroppstaðfjalli*.

Eigendur þeirra jarða sem umrædd vatnasvið taki til hafi lýst kröfum fyrir óbyggðanefnd og sé tekið undir röksemdir þeirra fyrir því að með þjóðlendukröfum ríkisins sé seilst inn á jarðir þeirra. Kröfugerð ríkisins byggist að þessu leyti á mistúlkun á landamerkjabréfum jarðanna og þannig sé á því byggt að hafna beri þjóðlendukröfum ríkisins.

Orkubúið byggi auk þess sjálfstætt á því að viðurkenna beri eignarrétt og nýtingarrétt Orkubúsins á vatnsréttindum á þessum svæðum, verði komist að niðurstöðu um að þau séu þjóðlendur, sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Í því sambandi vísist einkum til

framangreindrar umfjöllunar um fyrri afstöðu ríkisins og hefð, svo og þeirrar fyrri afstöðu ríkisins sem birtist í útgáfu virkjunarleyfa vegna virkjananna.

Að því er varðar sérstaklega kröfur Orkubúsins vegna línustæða Súðavíkurlínu, Ingjaldssandslínu og Þingeyrarlínu er af hálfu Orkubúsins bent á að Súðavíkurlína og Þingeyrarlína muni hafa verið reistar á sjötta áratug síðustu aldar og Ingjaldssandslína á áttunda áratugnum. Í öllum tilvikum hafi verið um að ræða mikilvæg framfararmál sem hafi tengt byggðir á svæðunum sem þær liggi að við rafmagn og hafi aukið orkuöryggi þar til muna. Þessar raflínur hafi verið meðal þeirra eigna Rafmagnsveitu ríkisins sem lagðar hafi verið inn í Orkubúið við stofnun þess árið 1978, sbr. framlögð afsöl iðnaðarráðherra dags. 14. júní 1978. Orkubúið hafi frá þeim tíma verið eigandi umræddra lína og séð um rekstur þeirra og viðhald.

Byggt sé á því að þjóðlendukröfur ríkisins séu ósamrýmanlegar þeim fyrri athöfnum ríkisins, í þessu tilviki iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, að leggja Orkubúinu umræddar raflínur til. Á því, auk sjónarmiða um hefð, byggi aðalkrafa Orkubúsins um að viðurkenndur verði beinn eignarréttur Orkubúsins að landi á línustæðunum og að þjóðlendukröfum ríkisins verði því hafnað.

Til vara sé þess krafist að viðurkenndur verði eignarréttur Orkubúsins að umræddum mannvirkjum, þ.e. raflínunum sjálfum og þeim staurum sem þær eru festar við, að því marki sem þau kunni að standa í þjóðlendum. Óumdeilt sé í málinu að Orkubúið sé eigandi þessara mannvirkja á grundvelli framsals frá Rafmagnsveitu ríkisins. Þó vísist um varakröfuna einnig til umfjöllunar um fyrri athafnir ríkisins og sjónarmiða um hefð.

Til stuðnings kröfum sínum vísar Orkubúið til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá vísast til almennra meginreglna íslensk eignaréttar. Enn fremur er vísað til laga nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða, laga nr. 26/1972 og 8/1973, laga um hefð nr. 46/1926 og vatnalaga nr. 15/923. Þá vísar Orkubúið til ákvæða laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, raforkulaga nr. 56/2003 og eldri laga um raforkuver nr. 60/1981.

7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

7.1 Inngangur

Hér á eftir verður fyrst fjallað um ýmis almenn atriði í kafla 7.2. Þar verður gerð grein fyrir *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og vikið að fyrirliggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Þá verður fjallað sérstaklega um sameiginleg álitaefni sem varða fjallsbrúnir, hæðarlínur o.fl. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar.

Því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um afmörkun og eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæða málsins. Í kafla 7.3 er fjallað um staðhætti á ágreiningssvæðunum, afmörkun þeirra og landamerki jarða og í kafla 7.4 um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðanna. Þá verður tekin afstaða til krafna Orkubús Vestfjarða í kafla 7.5. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar í kafla 7.6.

Þar sem heimildir benda almennt ekki til þess að ágreiningssvæði málsins hafi lotið sjálfstæðri afmörkun í eignarréttarlegu tilliti ráðast niðurstöður fyrst og fremst af því hvort þau teljist vera innan landamerkja jarða. Í rökstuðningi fyrir niðurstöðum nefndarinnar varðandi landamerki og eignarréttarlega stöðu eru gögnum málsins gerð skil að því marki sem þurfa þykir en saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar ágreiningssvæðanna er rakin ítarlegar í 5. kafla hér að framan.

Kröfur íslenska ríkisins í málinu taka til fjalllendis milli fjarða og dala sem eru norðan Önundarfjarðar, sunnan Ísafjarðardjúps og vestan Álftafjarðar, auk þess sem kröfurnar taka til Stigahlíðar sem gengur í sjó fram við utanvert Ísafjarðardjúp. Þeim er lýst í tólf hlutum en samliggjandi svæði verða hér tekin til skoðunar í einu lagi. Að teknu tilliti til þess eru til umfjöllunar átta samfelld þjóðlendukröfusvæði. Á öllum nema einu miðast kröfulínur íslenska ríkisins ýmist að mestu eða öllu leyti við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess sem tekinn er til sérstakrar skoðunar að þessu leyti í kafla 7.2.3.1. Eitt ágreiningssvæði afmarkast að hluta á sama hátt en kröfulína ríkisins er þar einnig dregin til sjávar undir Stigahlíð.

Af hálfu þeirra sem lýst hafa kröfum um eignarréttindi er á því byggt að einstakir hlutar ágreiningssvæðanna séu innan marka jarða þeirra eða lands sem áður var hluti tiltekinna jarða. Á þéttbýlisstöðunum Flateyri, Súðavík, Ísafirði, Hnífsdal og Bolungarvík og þar í grennd hafa orðið ýmsar breytingar á afmörkun og skráningu fasteigna síðan landamerkjabréf jarða voru almennt gerð, m.a. vegna þess að viðkomandi sveitarfélög hafa eignast ýmsar jarðir á þeim slóðum sem eru ekki lengur skráðar og/eða nýttar sem jarðir, auk þess sem ýmsum lóðum hefur verið skipt út úr landi þeirra. Einnig eru þess dæmi að landi jarða hafi verið skipt upp af öðrum ástæðum. Þar sem viðkomandi breytingar á afmörkun eða skráningu fasteigna hafa ekki leitt til breytinga á eignarréttarlegri stöðu lands,[1839] auk þess sem lóðirnar sem skipt hefur verið út úr landi

[1839] Þ.e. hvorki að eignarréttur hafi stofnast né hann fallið niður. Hér eru t.d. ekki fyrir hendi aðstæður af því tagi að land sem hefur verið háð beinum eignarrétti hafi verið lagt til afréttar, sbr. umfjöllun í kafla 4.4 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

jarðanna eru utan þjóðlendukröfusvæðanna, verður ekki fjallað um þær nema sérstök ástæða þyki til. Landamerkjabréf jarða og sambærileg gögn veita að mati óbyggðanefndar heildstæðustu upplýsingarnar um afmörkun þess lands á svæðinu sem beinn eignarréttur tekur og hefur tekið til. Því einskorðast eftirfarandi umfjöllun um merki jarða að mestu við slíkar heimildir.

Á tveimur stöðum gerir enginn kröfu um eignarland. Land Gilsbrekku í Súgandafirði og Staðar í Súgandafirði er aðliggjandi þeim hlutum þjóðlendukröfusvæðanna en síðastnefnda jörðin er í eigu ríkisins. Þá eru þess dæmi að einstök atriði séu óljós í tengslum við kröfugerð eða aðild eins og gerð verður grein fyrir í umfjöllun um viðkomandi svæði. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæða er þrátt fyrir þetta til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins, sem fór fram 5. október 2022, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem ríkisjarðir væru til staðar og á öðrum svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda, á sama hátt og ef gagnkröfur væru fyrir hendi. Því verða þjóðlendukröfusvæðin í heild tekin til skoðunar í samræmi við það.

Af hálfu Orkubús Vestfjarða eru gerðar kröfur um að viðurkenndur verði nýtingarréttur þess að vatnsréttindum á vatnasviðum Reiðhjallavirkjunar, Tungudalsvirkjunar, Fossárvirkjunar og Nónvirkjunar. Einnig að viðurkenndur verði eignarréttur Orkubúsins að landi á línustæði Súðavíkurlínu, en til vara að viðurkenndur verði eignarréttur að mannvirkjum þar. Kröfurnar taka til hluta af svæðum sem einnig eru gerðar kröfur til um eignarréttindi vegna jarðanna Gils í Bolungarvík, Tungu, Engidals og Fossa í Skutulsfirði og svæðis ofan Sauradals eða Eyrardals í Súðavík sem Súðavíkurhreppur gerir tilkall til, sbr. umfjöllun í kafla 7.3.1.

7.2 Almenn atriði

7.2.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna

staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem fylgdu úrskurðum á svæðum 7B, 8A, 8B og 10A höfðu með sama hætti verið uppfærðar með umfjöllun um almenn atriði úr úrskurðum á næsta svæði á undan. Þegar úrskurðað var um svæði 9A, 9B og 10C þótti hins vegar ekki þörf á að uppfæra þær að nýju með efni úr úrskurðum á svæðunum á undan. Nú hafa *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* að nýju verið uppfærðar með efni úr úrskurðum á svæði 10C um nýgengna dóma, einkum atriði sem varða stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 1776.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 7.3 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og þar er vísað til þeirra eftir því sem við á.

7.2.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar eða Landsréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurðir í málum á svæði 10C, þ.e. Barðastrandarsýslu, voru kveðnir upp 22. desember 2020. Frá þeim tíma hefur Hæstiréttur kveðið upp einn dóm í þjóðlendumáli. Um er að ræða dóm réttarins frá 31. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur). Því liggja fyrir samtals 69 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998. Frá sama tíma hefur Landsréttur kveðið upp fjóra dóma í þjóðlendumálum sem ekki hafa komið til kasta Hæstaréttar og eru því endanlegir. Um er að ræða dóma réttarins frá 28. maí 2021 í máli nr. 104/2020 (Tvídægra, Sámsstaðaselland, Reykholtsselland, austurhluti Síðumúlaskógar og Helgavatnsselland)[1840], 3. júní 2022 í máli nr. 490/2020 (Austurhluti Ystutunguafréttar)[1841], og frá 4. nóvember 2022 í málum nr. 514/2021 (Fjalllendi Borgarhrepps)[1842] og nr. 515/2021 (Fjalllendi Hraunhrepps)[1843].

Í öllum framangreindum dómum Landsréttar voru niðurstöður óbyggðanefndar um svæðin sem deilt var um staðfestar. Í framangreindum dómi Hæstaréttar komst meirihluti réttarins hins vegar að þeirri niðurstöðu að svæðið sem deilt var um, Þóreyjartungur í Borgarfirði, væri eignarland, en óbyggðanefnd hafði komist að þeirri niðurstöðu að það væri þjóðlenda. Minnihluti Hæstaréttar taldi að staðfesta bæri niðurstöðu óbyggðanefndar. Verður nú vikið nánar að dómi Hæstaréttar.

Í úrskurði óbyggðanefndar 11. október 2016 í máli nr. 5/2014 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Þóreyjartungur í Borgarfirði væru þjóðlenda í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Oks. Í dómi Hæstaréttar kom fram að þrátt fyrir að lýsingar í hinum

[1840] Ekki var óskað áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar.
[1841] Beiðni um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar hafnað með ákvörðun réttarins 10. október 2022 nr. 2022-98.
[1842] Beiðni um áfrýjunareyfi til Hæstaréttar hafnað með ákvörðun réttarins 31. janúar nr. 2022-151.
[1843] Beiðni um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar hafnað með ákvörðun réttarins 31. janúar nr. 2022-152.

ýmsu gerðum *Landnámu* af landnámi á svæðinu væru ekki að öllu leyti glöggar og samrýmanlegar yrði sú ályktun dregin af þeim að umþrætt landsvæði hefði í upphafi tilheyrt hinu víðfeðma landnámi Skalla-Gríms. Um landnám Þóreyjartungna vísaði dómurinn til þess að óbyggðanefnd hefði komist að þeirri niðurstöðu að aðliggjandi heiðarlönd, Lundartunga og Oddsstaðatunga, hefðu verið numin í öndverðu og teldust eignarlönd. Þá hefði íslenska ríkið ekki gert kröfu fyrir óbyggðanefnd um að landsvæði norður af Þóreyjartungum teldist þjóðlenda. Að mati meirihluta Hæstaréttar ættu flest sömu sjónarmið við um Þóreyjartungur og umrædd heiðarlönd, að því er varðaði lýsingar *Landnámu* á landnámi á svæðinu, staðháttum, hæð yfir sjávarmáli og gróðurfari. Ekki stæðu rök til annars en að niðurstaðan yrði sú sama hvað varðaði nám Þóreyjartungna og því talið nægilega sýnt fram á að þær hefðu verið numdar með þeim hætti að beinn eignarréttur hefði stofnast yfir þeim.

Að fenginni þeirri niðurstöðu tók Hæstiréttur til skoðunar hvort beinn eignarréttur hefði haldist frá landnámi. Dómurinn tiltók að niðurstaða um það réðist einkum af heildarmati á heimildum um eignarréttindi yfir Þóreyjartungum og inntaki þeirra, heimildum um nýtingu þeirra og fyrirliggjandi upplýsingum um gróðurfar og staðhætti. Að mati meirihluta Hæstaréttar veittu fyrirliggjandi heimildir um jörðina Hrísa í Flókadal og Þóreyjartungur því næga stoð að Þóreyjartungur hefðu lengst af verið hluti af jörðinni Hrísum og að beinn eignarréttur hefði ekki fallið niður þótt Reykholtskirkja, sem átti hálfa jörðina Hrísa og ýmist hálfar eða allar Þóreyjartungur, hefði í lok 19. aldar selt landsvæðið til sveitarfélags. Með vísan til ólíkrar niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu Þóreyjartungna annars vegar og Lundartungu og Oddsstaðatungu hins vegar taldi dómurinn rétt að bera saman þá þætti sem helst þættu skipta máli varðandi eignarréttarlega stöðu landsvæðanna. Um þá þætti sem talið var að greindu Þóreyjartungur frá hinum heiðarlöndunum segir eftirfarandi í dóminum:

> Í fyrsta lagi eru heimildir ekki jafn skýrar um hvaða landnámi Þóreyjartungur tilheyrðu og hvað varðar Lundartungu og Oddsstaðatungu. Samkvæmt framansögðu er þó líklegast að öll landsvæðin hafi verið innan upphaflegs landnáms Skalla-Gríms. Í öðru lagi eru eignarréttarleg tengsl jarðarinnar Hrísa og Þóreyjartungna ekki jafn skýr og samfelld og jarðarinnar Lundar og Lundartungu annars vegar og jarðarinnar Oddsstaða og Oddsstaðatungu hins vegar að því leyti að á löngu tímabili átti Reykholtskirkja hálfa jörðina Hrísa en allar Þóreyjartungur. Í þriðja lagi var Þóreyjartungna jafnan getið sérstaklega í eldri heimildum þótt yfirleitt hafi það verið í tengslum við jörðina Hrísa en jörðinni Oddsstöðum og landamerkjum hennar hins vegar að jafnaði lýst þannig að landsvæðið Oddsstaðatunga taldist í raun hluti af henni. Í fjórða lagi hafði verið gert landamerkjabréf fyrir jörðina Oddsstaði 29. maí 1885 áður en Oddsstaðatunga var seld frá Oddsstöðum árið 1930 og náði lýsing á merkjum einnig yfir Oddsstaðatungu án þess að hún hafi sérstaklega verið þar tilgreind eða afmörkuð.

Hvað varðar þá þætti sem talið var að umrædd heiðarlönd ættu sameiginlega í eignarréttarlegu tilliti segir eftirfarandi:

> Í fyrsta lagi eru landsvæðin afar einsleit hvað varðar landfræðilega legu, gróðurfar og hæð yfir sjávarmáli. Í öðru lagi hafa landsvæðin svo lengi sem elstu heimildir greina verið nýtt sem séreignarafréttir sem ekki hafa staðið öðrum en eigendum þeirra til afnota án leyfis. Í þriðja lagi rofnuðu eignarréttarleg tengsl milli landsvæðanna og

> þeirra jarða sem landsvæðin tengdust ekki fyrr en í lok 19. og byrjun 20. aldar og þau þá gerð að samnotaafréttum. Í fjórða lagi hefur meðferð eigenda landsvæðanna verið án athugasemda yfirvalda og nágranna og að mestu ágreiningslaus. Í fimmta lagi fjalla heimildir um öll landsvæðin fyrst og fremst um beit og önnur þrengri og sambærileg not svo sem selstöðu sem heimildir eru um á þeim öllum. Í sjötta lagi var landsvæðanna ekki getið sérstaklega í lýsingu á jörðunum Hrísum, Lundi og Oddsstöðum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1708 en takmarkaðar ályktanir verða af því dregnar. Í sjöunda lagi var Lundartungu lýst með svipuðum hætti í eldri heimildum í tengslum við lýsingu á Lundi eða Lundarkirkju og Þóreyjartungum var lýst í tengslum við lýsingu á Hrísum. Lundartungu eða Lundarheiði var þannig ekki getið sérstaklega í eldri heimildum um jörðina Lund og Lundarkirkju en svæðisins fyrst getið í vísitasíu fyrir Lund frá árinu 1647 og staðsetningu hennar þar fyrst lýst. Í lögfestum Lundar frá árunum 1665, 1671, 1679, 1694 og 1703 var Lundarheiði tilgreind með svipuðum hætti gagnvart jörðinni Lundi og Þóreyjartungur gagnvart jörðinni Hrísum. Þannig var Lundarheiði lögfest Lundi sérstaklega í lögfestu frá árinu 1694 og í vísitasíum fyrir Lundarkirkju frá árunum 1827 og 1868 er landamerkjum Lundar lýst annars vegar og Lundarheiðar hins vegar gagnvart öðrum landsvæðum. Í áttunda lagi hafði hvorki verið gert landamerkjabréf fyrir Hrísa né Lund áður en Þóreyjartungur voru seldar árið 1895 og Lundartungur árið 1910, gagnstætt við Oddsstaði þegar Oddsstaðatunga var seld árið 1930.

Samkvæmt þessu taldi meirihluti Hæstaréttar að Þóreyjartunga og Lundartunga ættu að nær öllu leyti og Oddsstaðatunga að flestu leyti þá þætti sameiginlega sem mestu máli skiptu við afmörkun á eignarlöndum og þjóðlendum. Ekkert væri fram komið sem stutt gæti að munur yrði gerður á Þóreyjartungum og aðliggjandi landsvæðum og því stæðu ekki rök til annars en að niðurstaðan yrði sú sama hvað varðaði eignarréttarlega stöðu Þóreyjartungna, Lundartungu og Oddsstaðatungu, þ.e. að Þóreyjartunga teldist eignarland en ekki þjóðlenda.

Í sératkvæði tveggja dómara Hæstaréttar var komist að öndverðri niðurstöðu. Að því marki sem talið yrði að Þóreyjartungur hefðu verið numdar í öndverðu hefðu þær verið innan landnáms Björns gullbera, sem hefði numið land milli Grímsár og Flókadalsár. Þar sem því væri lýst í *Landnámu* að síðarnefnda áin hefði skilið milli landa hans og jarðarinnar Hrísa hefðu Þóreyjartungur ekki verið hluti af landnámsjörðinni Hrísum. Að mati minnihluta Hæstaréttar veittu heimildir um Hrísa og Þóreyjartungur því ekki stoð að Þóreyjartungur hefðu verið hluti af jörðinni Hrísum, enda væru tungurnar tilgreindar sérstaklega og í lögfestum allt frá árinu 1739 með öðrum eignum og ítökum Reykholtskirkju. Þvert á móti taldi minnihluti Hæstaréttar að heimildir bentu fremur til þess að Þóreyjartungur hefðu verið sérstakt landsvæði og ekki hluti af jörðinni. Í sératkvæðinu er þess getið að ekkert hafi komið fram í heimildum um að Þóreyjartungur hefðu verið nýttar til annars en upprekstrar búfjár. Engin viðhlítandi rök stæðu því til annars en að líta svo á að réttindi Reykholtskirkju, og þeirra sem leiddu rétt sinn til landsins frá henni, hefðu verið fólgin í óbeinum eignarréttindum til hefðbundinna nota á því til upprekstrar og annars þess sem afréttir hefðu í aldanna rás almennt verið hafðir til. Um samanburð á Þóreyjartungum og aðliggjandi landsvæðum segir í sératkvæðinu:

> Við tökum undir þá lýsingu í atkvæði meirihluta dómenda að niðurstaða um hvort landsvæði telst hafa verið numið í öndverðu og hvort það telst eignarland eða þjóðlenda geti meðal annars ráðist af samanburði við niðurstöður um aðliggjandi landsvæði sem

> telja verður sambærileg með tilliti til gróðurfars og hæðar yfir sjávarmáli. Þetta er þó aðeins einn af mörgum þáttum í heildarmati en kemur ekki í stað kröfu um að efnislega áþekkar heimildir séu til stuðnings eignarhaldi á samliggjandi landsvæðum.
>
> Þegar litið er til aðliggjandi landsvæða, Lundartungu og Oddsstaðatungu, sem liggja sunnan Þóreyjartungna og talin voru eignarlönd í fyrrnefndum úrskurði óbyggðanefndar, sést að til grundvallar þeirri niðurstöðu lágu mun skýrari heimildir í samanburði við Þóreyjartungur, bæði um nám í öndverðu og þaðan í frá um óslitin og óumdeild tengsl þeirra sem hluta viðkomandi landsnámsjarða. Allt þetta landsvæði er vissulega áþekkt að gróðurfari og staðháttum sem rennir stoðum undir þá ályktun að Þóreyjartungur hafi verið numdar í upphafi. Þar sem ekki nýtur við styrkari heimilda um að Þóreyjartungur hafi upphaflega verið hluti af landnámsjörðinni Hrísum og beinn eignarréttur að landinu hafi með henni færst á hendur annarra geta áþekkir staðhættir þó ekki einir sér ráðið úrslitum til staðfestingar því að um eignarland stefndu sé að ræða.

Að þessu virtu var niðurstaða minnihluta Hæstaréttar að staðfesta bæri niðurstöðu óbyggðanefndar.

Af dómnum má ráða að talsverð áhersla hafi verið lögð á samanburð við aðliggjandi landsvæði og miklu virðist hafa ráðið í niðurstöðu meirihluta Hæstaréttar að óbyggðanefnd hafi komist að öndverðri niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu Lundartungu og Oddsstaðatungu, þrátt fyrir að margt væri sameiginlegt með þeim og Þóreyjartungum. Þessi sjónarmið sem koma fram af hálfu meirihluta Hæstaréttar í dómnum eru meðal þess sem hlýtur að koma til skoðunar við mat á eignarréttarlegri stöðu í tilvikum sem talist geta sambærileg. Hins vegar virðist munurinn á niðurstöðu meirihluta Hæstaréttar og óbyggðanefndar einnig grundvallast á ólíku mati á sambandi jarðarinnar Hrísa og Þóreyjartungna, en óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að heimildir um Hrísar og Þóreyjartungur bentu til þess að Þóreyjartungur hefðu ekki verið hluti jarðarinnar heldur sérstakt landsvæði, aðskilið frá jörðinni, líkt og minnihluti Hæstaréttar.

7.2.3 Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla

7.2.3.1 Almennt

Sá ágreiningur sem uppi er milli íslenska ríkisins og gagnaðila þess í málum nr. 1–8/2021 á svæði 10B snýr að verulegu leyti að því hvort efstu hlutar fjalla séu þjóðlendur eða hvort eignarlönd jarða beggja vegna nái saman uppi á fjöllum. Íslenska ríkið byggir gjarnan á því að þær fjallsbrúnir sem mynda skörp skil í landslagi, t.d. við frambrún kletta, ráði merkjum eignarlanda gagnvart þjóðlendum. Vísað er til þess af hálfu ríkisins að í slíkum tilvikum séu landfræðilegar aðstæður oft með þeim hætti að innan fjallsbrúna, þ.e. ofan á fjalli, liggi tiltölulega flatlent svæði eða skýrt afmarkað. Þegar landamerkjum sé lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall sé almennt litið svo á að merki séu dregin í fjallsbrúnir í þeirri merkingu. Sé merkjum ekki lýst lengra, landamerkjalýsingar séu óskýrar eða landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að svæði séu t.d. lítt aðgengileg, lítt gróin og í töluverðri hæð sé víða gerð krafa um að slíkt land, ofan fjallsbrúna, verði úrskurðað þjóðlenda. Kröfugerð ríkisins er í þeim tilvikum iðulega háttað þannig að kröfulínur eru sagðar fylgja fjallsbrúnum, eins og þær eru skilgreindar af hálfu ríkisins, en tilgreindir punktar á línunum sem miðast við efstu punkta í

landamerkjalýsingum, en eru ekki endilega nákvæmlega þeir sömu. Þá eru kröfulínur ríkisins í sumum tilvikum miðaðar við hæðarlínur. Fram kemur í kröfugerð ríkisins að það sé gert þegar fyrir liggi að um jörð sé að ræða en landamerkjalýsing liggi ekki fyrir, sé óljós eða óskýr og ekki sé hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta og ekki sé hægt að finna skýra landfræðilega afmörkun til að miða við. Hæðarlína hafi þó jafnan verið valin með hliðsjón af þekktum punkti eða punktum í merkjalýsingu og reynt að miða við landshætti, s.s. gróðurfar og landslag.[1844]

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja aftur á móti jafnan á því að túlka beri landamerkjabréf og aðrar heimildir um merki jarða á þessu svæði á þann veg að landamerki jarðanna nái upp á efstu hluta fjallanna og að þegar hugtakið fjallsbrún kemur fyrir í merkjalýsingum sé átt við vatnaskil. Því séu engar þjóðlendur uppi á fjöllunum.[1845] Við úrlausn um framangreind atriði reynir m.a. á túlkun hugtaksins „fjallsbrún“ og sambærilegra hugtaka í merkjalýsingum, mat á þýðingu þess að merkjalýsingar til fjalla séu óljósar og áhrif atriða á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð á sönnunarmat. Þar sem víða reynir á atriði af þessu tagi við úrlausn málanna er ástæða til að fjalla almennt um þau hér, áður en að því kemur að taka afstöðu til einstakra tilvika.

Við úrlausn þjóðlendumála skal m.a. gætt samræmis og jafnræðis. Í því sambandi ber ekki einungis að líta til niðurstaðna einstakra ágreiningsmála heldur einnig þess hvernig kröfugerð íslenska ríkisins hefur verið háttað. Má í því sambandi geta um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2006 (Fell í Suðursveit). Þar var m.a. deilt um hvort miða ætti mörk þjóðlendu á Vatnajökli við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga árið 1998 eða þann tíma þegar landamerkjabréf jarðarinnar Fells var gert. Þar sem ríkið undi þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að miða við fyrrnefnda tímamarkið gagnvart öðrum jörðum í Suðursveit og Öræfum án þess að láta reyna á þau fyrir dómi taldi Hæstiréttur að vegna jafnræðisreglu yrði ekki hróflað við ákvörðun nefndarinnar gagnvart eignarlandi Fells að þessu leyti.

Fyrir uppkvaðningu úrskurða í málum á svæði 10B hefur óbyggðanefnd lokið almennri málsmeðferð á um 91% meginlandsins og úrskurðir nefndarinnar í þjóðlendumálum eru orðnir 66 talsins, en í hverju máli hefur iðulega verið fjallað um nokkur ágreiningssvæði og fjölda jarða. Þá liggja fyrir 69 hæstaréttardómar í þjóðlendumálum, 8 dómar Landsréttar og 107 héraðsdómar. Þegar litið er heildstætt á endanlegar niðurstöður málanna finnast ekki dæmi þess að efstu hlutar fjalla teljist þjóðlendur nema um sé að ræða nokkuð víðfeðm heiðarlönd eða hluta af þjóðlendum sem ná jafnframt yfir nærliggjandi landsvæði. Þá hafa gjarnan legið fyrir heimildir um að viðkomandi svæði hafi aðra stöðu að eignarrétti en land aðliggjandi jarða, svo sem

[1844] Fjallað er um kröfur og sjónarmið íslenska ríkisins í máli þessu í köflum 3.1 og 6.1.
[1845] Fjallað er um kröfur og sjónarmið annarra en ríkisins í köflum 3.2–3.54 og 6.2.

að þar séu eða hafi verið afréttir eða almenningar.[1846] Enn fremur hafa fjölmörg fjöll talist eignarlönd í heild þegar af þeirri ástæðu að íslenska ríkið lýsti ekki kröfum um að þau eða hlutar þeirra væru þjóðlendur. Ætla verður að til grundvallar þeirri afstöðu ríkisins hafi legið það mat að um eignarlönd væri að ræða. Víða um land eru staðhættir sambærilegir við Ísafjarðarsýslur að því leyti að fjöll skilja þar gjarnan á milli eignarlanda jarða í dölum og fjörðum, án þess að endilega sé um að ræða víðáttumikla fjallgarða eða stór og samfelld heiðarlönd. Má í því sambandi nefna sem dæmi Barðastrandarsýslur sem auðkenndar voru sem svæði 10C við málsmeðferð óbyggðanefndar en um ágreiningssvæði þar var fjallað í úrskurðum nefndarinnar í málum nr. 1–4/2021.

Greining óbyggðanefndar á landamerkjum sem varða ágreiningssvæði í þeim landshlutum þar sem nefndin hefur lokið málsmeðferð hefur leitt í ljós að mjög algengt er að vatnaskil efst á fjöllum ráði merkjum milli jarða, sérstaklega í tilvikum þar sem ekki er um að ræða mjög víðfeðma fjallgarða eða heiðarlönd, eða að lönd jarða nái a.m.k. saman uppi á fjöllum án þess að nákvæmlega sé skilgreint með hvaða hætti. Í þessu sambandi má nefna sem dæmi fjallgarðinn milli Lóns og Nesja í málum nr. 4/2001 (Nes) og 5/2001 (Lón), Esju í sameinuðum málum nr. 3–4/2004 (Kjalarnes og Kjós), Smjörfjöll í málum nr. 2/2005 (Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð) og 3/2005 (Vopnafjarðarhreppur), Lambafjöll og fjallgarðinn á Tjörnesi í máli nr. 2/2007 (Tjörnes og Þeistareykir), Kinnar- og Víknafjöll í máli nr. 4/2007 (Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár), fjalllendi í Grýtubakkahreppi í máli nr. 5/2007 (Grýtubakkahreppur ásamt Flateyjardalsheiði vestan Dalsár), fjöll sem skilja að jarðir í fyrrum Hörðudals- og Miðdalahreppum í Dalasýslu í máli nr. 3/2016 (Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár) og fjalllendi inn af Vatnsfirði í máli nr. 2/2020 (Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps). Niðurstöður allra þessara mála standa óraskaðar af dómstólum að þessu leyti enda undi íslenska ríkið við þær. Þá eru ótalin tilvik þar sem ágreiningslaust var milli íslenska ríkisins og landeigenda að eignarlönd næðu saman uppi á fjöllum þar sem ríkið lýsti ekki kröfum um þjóðlendur þar.

Algengt er þó að merkjalýsingar til fjalla séu ekki eins nákvæmar og niðri á láglendi. Að mati nefndarinnar er líklegt að oft stafi það annars vegar af því að meiri hagsmunir voru bundnir við að merki milli nytjalanda jarða á láglendi væru skýr heldur en merki til fjalla. Hins vegar má að mati nefndarinnar ætla að sú útbreidda venja, sbr. fyrrgreind dæmi, að vatnaskil og hæstu brúnir fjalla ráði merkjum hafi gert það að verkum að minni ástæða hafi þótt til að lýsa þeim hluta merkjanna en merkjum gagnvart aðliggjandi jörðum á láglendi í tilvikum þar sem fjöllin fólu í sér skýr landamerki af náttúrunnar hendi. Þar sem fjöll skilja að dali og firði sem eru eða hafa verið í byggð má að mati nefndarinnar oft telja líklegt að merki jarða nái saman á fjöllunum, nema heimildir eða staðhættir mæli því sérstaklega í mót.

[1846] Hvað varðar nánari umfjöllun um jarðir, afrétti og almenninga vísast til kafla 4.2–4.5 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurðinum.

7.2.3.2 Nánar um áhrif staðhátta o.fl. á sönnunarmat

Fjölmörg dæmi eru um það í réttarframkvæmd að atriði á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð hafi haft áhrif á mat á því hvort landsvæði væru eignarlönd eða þjóðlendur. Staðhættir geta verið þannig að meiri kröfur en ella séu gerðar um sönnun þess að svæði sé eignarland. Til marks um það eru t.d. tveir dómar sem voru meðal þeirra fyrstu sem Hæstiréttur kvað upp í þjóðlendumálum en þar gaf rétturinn til kynna þá afstöðu að í ljósi staðhátta og gróðurfars hefðu tiltekin svæði átt að teljast þjóðlendur ef ríkið hefði gert sérstakar kröfur um það. Um er að ræða dóma réttarins frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar fjalllendi nærri mörkum fyrrum Biskupstungna- og Laugardalshreppa, og frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell) að því er varðar tiltekið landsvæði sunnan og vestan Jökulsár í Lóni. Tilvikin sem um ræðir í þessum tveimur dómum eru frábrugðin flestum tilvikum í Ísafjarðarsýslum sem nú eru til umfjöllunar að því leyti að þar er ekki um að ræða tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi sem skilur milli eignarlanda jarða heldur lítt gróin hálendissvæði sem eru nokkuð fjarri byggð en liggja nærri samfelldri þjóðlendu á miðhálendinu. Þá hefur Hæstiréttur einnig staðfest að hálend og lítt gróin svæði geti verið innan eignarlanda ef fullnægjandi heimildir liggja því til grundvallar, sbr. t.d. dóm réttarins frá 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 (Fljótshverfi). Með dómnum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að hin umdeildu svæði, sem afmörkuð voru í landamerkjabréfum viðkomandi jarða, væru eignarlönd. Þar á meðal var lítt gróið land í um og yfir 1.000 m hæð yfir sjávarmáli sem heimildir bentu til að hefði einungis verið háð mjög takmörkuðum notum.

Af framangreindu er ljóst að það að svæði er hálent, lítt gróið, fjarri byggð og lítt nytjað leiðir ekki sjálfkrafa til niðurstöðu um þjóðlendu, þótt allt séu þetta atriði sem geta ásamt skriflegum heimildum haft áhrif á sönnunarmatið.

7.2.3.3 Áhrif þess að landamerkjabréf skortir eða merkjalýsing er óljós

Með lögum um landamerki nr. 5/1882 var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrá landamerki jarða sinna. Skrásetja skyldi nákvæma lýsingu á landamerkjum, afla áritana eigenda aðliggjandi landsvæða ef þeir voru samþykkir lýsingunni og fá sýslumanni skrána í hendur til þinglýsingar á næsta manntalsþingi, sbr. 3. og 4. gr. laganna. Kveðið var á um sambærilegar skyldur í 2. gr. laga um landamerki nr. 41/1919 sem leystu lög nr. 5/1882 af hólmi. Þessar skrár eða merkjalýsingar sem lög nr. 5/1882 og síðar lög nr. 41/1919 kváðu á um eru jafnan nefndar landamerkjabréf. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt á landi og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd.

Þrátt fyrir að landamerkjabréf jarða hafi almennt mjög mikið vægi við sönnun um eignarland[1847] hefur í réttarframkvæmd ekki verið gerð fortakslaus krafa um að merkjalýsingar þeirra séu að öllu leyti ótvíræðar og raunar eru nokkur dæmi um að svæði hafi verið talin eignarlönd þótt ekki séu fyrir hendi landamerkjabréf og jafnvel ekki heldur aðrar merkjalýsingar. Á það sérstaklega við ef landamerki geta talist glögg af náttúrunnar hendi, t.d. ár og lækir, strandlengjan og jökulrendur. Má í því sambandi nefna úrskurði óbyggðanefndar í málum á svæði 2 (Sveitarfélagið Hornafjörður) og svæði 3 (Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla) þar sem merkjum jarða gagnvart jöklum var ekki endilega lýst í landamerkjabréfum en nefndin komst þó almennt að þeirri niðurstöðu að jöklarnir hefðu afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að umfjöllunar hefði ekki talist þörf.

Í þessu sambandi er vert að leggja áherslu á að þótt lögð væri á skylda til skrásetningar landamerkja með lögum nr. 5/1882 og síðar lögum nr. 41/1919 var ræksla þeirrar skyldu aldrei forsenda þess að eignarréttindi héldust við. Eignarréttindi féllu ekki niður vegna vanrækslu skyldunnar og að sama skapi hefur aldrei verið unnt að stofna til nýrra eignarréttinda, umfram þau sem fyrir voru, með því að útbúa landamerkjabréf.[1848] Um var að ræða skrásetningu réttinda sem þegar voru til staðar og eftir atvikum ákvörðun um mörk þeirra, í samráði við eigendur eða umráðamenn aðliggjandi landsvæða. Af þessu leiðir að þýðing landamerkjabréfs við úrlausn þjóðlendumála er fyrst og fremst sönnunarlegs eðlis en tilvist þess er ekki fortakslaust skilyrði þess að fallist sé á að landsvæði sé háð beinum eignarrétti, ef rétt þykir að draga slíka ályktun af öðrum atriðum.

Að mati óbyggðanefndar leiðir það af eðli máls að ef fyrir liggur að landsvæði hafi stöðu jarðar að lögum en merkjalýsingu skortir þarf að ákvarða merkin að álitum, m.a. út frá staðháttum. Sem dæmi um tilvik þar sem úrskurðað hefur verið um eignarland þrátt fyrir vöntun á landamerkjabréfi og öðrum merkjalýsingum má nefna úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 3/2018 (Eyrarbotn). Þar voru ekki fyrir hendi landamerkjabréf eða aðrar merkjalýsingar fyrir jörðina Hrafnkelsstaði en með hliðsjón af staðháttum og öðrum fyrirliggjandi heimildum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að mörk jarðarinnar gagnvart þjóðlendu í Eyrarbotni lægju um efstu brúnir Gunnungsfells á vatnaskilum.

[1847] Sjá umfjöllun um landamerkjabréf í köflum 5.5, 7.1.1, 10.2, 11.2 og 12.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

[1848] Um stofnunarhætti eignarréttinda er fjallað í 3. kafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurðinum. Tekið skal fram að þótt ekki sé hægt að stofna til nýrra eignarréttinda með landamerkjabréfi, þá er unnt að semja með landamerkjabréfi um breytingu á landamerkjum milli eignarlanda, enda eru landamerkjabréf í eðli sínu samningar, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar í málum nr. 457/2011 (Krýsuvík), 547/2012 (Reykjahlíð), 360/2013 (Hrollaugsstaðir og Ásgrímsstaðir), 222/2014 (Miðhús og Barmar), 637/2014 (Brekka/Snartastaðir), 127/2015 (Dyrhólaey) og 136/2017 (Á og Skarð), sem og: Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*. Reykjavík 2023, bls. 168–171. Ef þannig er samið um breytingu á landamerkjum er um að ræða svonefnda *afleidda stofnun* eignarréttinda en ekki frumstofnun þeirra.

Í réttarframkvæmd finnast á hinn bóginn nokkur dæmi þess að mörk þjóðlendna og eignarlanda séu dregin um beinar línur milli efstu kennileita sem getið er um í landamerkjabréfum eða öðrum merkjalýsingum. Má í því sambandi fyrst nefna úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans) en nánar er vikið að honum í kafla 7.2.3.5. Sömu nálgun var beitt í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 8/2003 (Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallahreppi) og dómi Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir). Með dómnum staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu óbyggðanefndar að mörk þjóðlendunnar Síðumannaafréttar gagnvart umræddum jörðum skyldu dregin um beina línu milli upptaka Geirlandsár og Þverár. Niðurstaða óbyggðanefndar um að miða merkin að þessu leyti við beina línu byggðist m.a. á því að náttúrulegar aðstæður á svæðinu veittu litla vísbendingu um legu norðurmerkja jarðanna og engin glögg skil væru frá náttúrunnar hendi til að styðjast við. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu nefndarinnar að þessu leyti. Annað dæmi um að Hæstiréttur dragi mörk þjóðlendu gagnvart eignarlöndum eftir beinum línum milli þeirra kennileita sem getið er um í landamerkjabréfum og liggja næst viðkomandi þjóðlendum er dómur réttarins frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Mjóidalur, Sörlastaðir og Hjaltadalur ásamt Kambfellskjálka) en þar breytti rétturinn niðurstöðu óbyggðanefndar um mörk þjóðlendunnar afréttarlands í Þingeyjarsveit gagnvart umræddum jörðum, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 3/2007 (Þingeyjarsveit sunnan Ljósavatnsskarðs og vestan Skjálfandafljóts). Við samanburð þessara tilvika við þau sem til úrlausnar eru á svæði 10B ber þess að gæta að bæði Síðumannaafréttur og afréttarland í Þingeyjarsveit eru svæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum nutu stöðu afrétta að lögum fyrir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998 og tilheyra nú víðáttumiklu og samfelldu svæði þjóðlendna á miðhálendi Íslands. Í þessum tilvikum var því ekki um að ræða álitaefni um efstu hluta fjalla sem skilja á milli eignarlanda jarða.

7.2.3.4 Túlkun hugtaksins „fjallsbrún“ og sambærilegra tilvísana í merkjalýsingum

Í málunum sem hér eru til úrlausnar hefur óbyggðanefnd lagt fram álitsgerð Orðabókar Háskólans frá árinu 2006 um merkingu hugtaksins fjallsbrún en hennar var á sínum tíma aflað vegna meðferðar nefndarinnar á málum 3–4/2004 (Kjalarnes og Kjós). Meginniðurstaðan sem þar er lýst er sú að fjallsbrún geti verið hvort sem er „hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknum stað“. Í umræddum málum reyndi á túlkun hugtaksins í landamerkjabréfum jarða umhverfis Esju. Þá líkt og nú byggði íslenska ríkið á því að fjallsbrún væri þar sem halli breyttist mest á tilteknum stað, t.d. í klettabrún, en jarðeigendur byggðu á því að fjallsbrún væri þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar. Í úrskurði óbyggðanefndar í sameinuðum málum nr. 3–4/2004 (Kjalarnes og Kjós) fjallaði nefndin um landamerkjabréf jarða sem liggja að Esju og komst að þeirri niðurstöðu að merki nokkurra jarða tækju að einhverju leyti til hæsta hluta fjallsins. Aðrar lýsingar væru óljósari en nefndu þó gjarnan vatnaskil, brúnir eða

jafnvel hæstu brúnir. Nefndin túlkaði umræddar heimildir með hliðsjón af staðháttum og komst að þeirri niðurstöðu að landamerki jarða næðu upp á efstu brúnir Esju, þ.e. vatnaskil, sbr. eftirfarandi texta í úrskurðinum:

> Esjan er hár og brattur móbergsstapi, mótaður af jöklum, ám og lækjum; skorin með dölum og giljum í allar áttir. Á hryggjum milli dala er víðast bratt til beggja hliða og ekki mikið um flatt land ofan á fjallinu. Á flestum stöðum eru því engin vandkvæði á að finna hvar vötnum hallar á Esjunni. Hugtakið fjallsbrún er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esjuna, jafnvel þar sem erfitt er að átta sig á hvar fjallsbrún í skilningi íslenska ríkisins ætti að vera, nema þá að litlum hluta.
>
> Samkvæmt framangreindum heimildum um merki og staðháttum á Esjusvæðinu telur óbyggðanefnd eðlilegt að leggja til grundvallar að hugtakið fjallsbrún í umræddum landamerkjalýsingum vísi til þeirra hluta Esjunnar sem hæstir eru og vötnum hallar frá.

Niðurstaða nefndarinnar varð því sú að ekki væri þjóðlenda á efsta hluta Esju. Íslenska ríkið skaut þeirri niðurstöðu ekki til dómstóla. Sambærileg álitaefni voru uppi varðandi Smjörfjöll í málum nr. 2/2005 (Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð) og 3/2005 (Vopnafjarðarhreppur). Í úrskurðum óbyggðanefndar kemur fram að Smjörfjöll séu firnabreiður fjallgarður sem sé mikill um sig og rísi hæstu hnjúkarnir í yfir 1.200 m hæð yfir sjávarmáli. Jökulsárhlíðarmegin halli Smjörfjöll mót austri og séu skorin giljum. Frá bæjarstæðum í Jökulsárhlíð að sveitarfélagamörkum séu um 12–13 km í beinni loftlínu. Vopnafjarðarmegin séu Smjörfjöll með hamróttar brúnir, þar sem smáir hvilftarjöklar hafi grafið sig niður á nokkrum stöðum og myndað skálar og ekið fram jökulruðningi á nokkrum stöðum. Frá bæjarstæðum jarða Vopnafjarðarmegin að sveitarfélagamörkum á Smjörfjöllum séu um 9,5–13 km, mælt í beinni loftlínu.

Í umræddum málum greindi óbyggðanefnd landamerkjabréf jarða sem liggja að Smjörfjöllum með sambærilegum hætti og gert var í áðurnefndum málum vegna jarða sem liggja að Esju. Sú greining leiddi í ljós að í landamerkjabréfum jarða Jökulsárhlíðarmegin væri merkjum oftast lýst að vatnaskilum í Smjörfjöllum eða svo að merki næðu að fjallsbrún. Í öðrum tilvikum væri vísað til upptaka áa í Smjörfjöllum við sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðar. Vopnafjarðarmegin væri landamerkjum sömuleiðis gjarnan lýst að vatnaskilum og stundum vísað til kennileita í háfjöllunum. Þá voru eldri heimildir taldar renna frekari stoðum undir landamerkjabréfin hvað varðaði efri mörk jarðanna til fjalla. Niðurstaða nefndarinnar varð því sú að jarðir í Vopnafjarðarhreppi og í Jökulsárhlíð lægju saman í Smjörfjöllum og þar með væru ekki þjóðlendur efst á fjöllunum. Líkt og í tilviki Esju undi íslenska ríkið þessum niðurstöðum.

Fyrir liggur hæstaréttardómur þar sem lagt var til grundvallar að með tilvísun til fjallsbrúnar í landamerkjabréfi væri átt við vatnaskil, þ.e. dómur Hæstaréttar frá 20. október 2016 í máli nr. 59/2016 (Torfufell, Hólsgerði og Úlfá). Í dómnum segir m.a.:

> Í landamerkjabréfi Úlfár sagði sem áður var getið að merki jarðarinnar til suðurs fylgdu Hafrá „til fjallsbrúnar“, en að vestan réði „fjallsbrúnin.“ Úr því að lýsingin hljóðaði á þennan veg verður að teknu tilliti til úrskurðar óbyggðanefndar og krafna málsaðila að

> líta svo að fjallsbrúnin, sem fylgja átti Hafrá til, sé við upptök árinnar og þar með við vatnaskil. Merkin til vesturs fylgi síðan þessari fjallsbrún og þar með vatnaskilum.

Með þessu er ljóst að Hæstiréttur hefur fallist á að með tilvísun til fjallsbrúnar í landamerkjabréfi kunni að vera átt við efsta hluta fjalls, þ.e. vatnaskil. Að mati óbyggðanefndar er þó ekki unnt að líta á það sem algilda reglu að túlka beri slíkt orðalag í landamerkjabréfum á þann hátt. Eftir sem áður þarf að túlka orðalag landamerkjabréfa og annarra merkjalýsinga með atviksbundnum hætti, m.a. að teknu tilliti til staðhátta á viðkomandi svæði. Þá þarf jafnframt að gæta að því að með gerð landamerkjabréfs gátu menn ekki aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði og fyrir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998 var engum til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum).

7.2.3.5 Þjóðlendur ofan „fjallsbrúna“

Sem dæmi um tilvik þar sem svæði ofan þeirra brúna sem mynda skörp skil í landslagi, neðan vatnaskila, var úrskurðað þjóðlenda má nefna úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans). Þar var úrskurðað um þjóðlendu á landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls. Suður- og austurmörk þjóðlendunnar liggja að talsverðu leyti um kennileiti sem eru nærri fjallsbrúnum í þessum skilningi, nánar tiltekið eftir línum sem dregnar eru í beina stefnu milli efstu kennileita sem getið er um í landamerkjabréfum og öðrum merkjalýsingum jarða sem liggja að þessum hluta þjóðlendumarkanna. Byggðist sú niðurstaða m.a. á heildstæðu mati á heimildum sem lágu fyrir um viðkomandi jarðir með hliðsjón af staðháttum, þar á meðal því að sýnilegar fjallsbrúnir mynduðu sums staðar glögg skil í landslaginu. Einnig hafði samanburðarskýring á landamerkjabréfum jarða á vestanverðu Snæfellsnesi áhrif á þetta mat, þ.e. samanburður við jarðir sem óumdeilt var að ættu land upp að jökli. Þau landamerkjabréf voru talin benda til þess að alvanalegt væri á þessum slóðum að lýsa merkjum í Snæfellsjökul berum orðum þar sem landeigendur töldu sig á annað borð eiga land að honum. Það var aftur á móti ekki gert í tilvikum umræddra jarða sem liggja hlið við hlið sunnan og austan jökulsins, sem ásamt öðru var talið benda til þess að eignarlönd jarðanna næðu skemur til fjalla þar. Sú niðurstaða að draga mörk þjóðlendunnar um beinar línur milli efstu punkta sem getið var um í viðkomandi merkjalýsingum byggðist m.a. á því að ekki væri fyrir að fara glöggum náttúrulegum skilum á borð við vatnaskil sem eðlilegt væri að styðjast við. Þó kemur fram í úrskurðinum að brúnir Botnsfjalls og Hamraendafjalls myndi að vísu nokkuð glögg skil í landslaginu, þótt ekki séu þar vatnaskil, en með því að draga beinar línur milli framangreindra efstu merkjapunkta sé brúnunum að mestu leyti fylgt. Norðurmörk sömu þjóðlendu voru aftur á móti miðuð við vatnaskil gagnvart óumdeildu eignarlandi jarðarinnar Fossárdals í samræmi við breytingu sem gerð var á legu kröfulínu ríkisins

eftir að aflað var greiningar frá Veðurstofu Íslands á vatnaskilunum. Í úrskurði óbyggðanefndar kemur fram að heimildir mæli því ekki í mót að línan sé dregin með þessum hætti milli syðstu punkta á merkjum Fossárdals, enda liggi punktarnir á vatnaskilum og algengt sé að mörk fasteigna liggi um vatnaskil þegar svo háttar til.

7.2.3.6 Samanburður tilvika

Að framan var fjallað um niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 3–4/2004 og 2–3/2005 þess efnis að eignarlönd jarða umhverfis Esju og Smjörfjöll næðu upp á efstu brúnir fjallanna, þ.e. vatnaskil, en nú síðast um úrskurð nefndarinnar í máli nr. 1/2018 þar sem niðurstaðan var að landamerki jarða austan Snæfellsjökuls næðu einungis að kennileitum nærri þeim fjallsbrúnum sem mynda skörp skil í landslagi, milli brattra hlíða og hallaminna lands ofan þeirra, en ofan þessara fjallsbrúna væri þjóðlenda. Vert er að skoða nánar hvað þarna skilur helst á milli. Annars vegar er einkum um það að ræða að í fyrrnefndu málunum voru fyrir hendi landamerkjabréf og aðrar merkjalýsingar sem lýstu merkjum jarða upp á efstu fjallsbrúnir á vatnaskilum en í síðastnefnda málinu voru ekki fyrir hendi nein landamerkjabréf eða aðrar heimildir sem veittu því viðhlítandi stoð að merki jarðanna næðu hærra upp til fjalla en að þeim kennileitum sem þjóðlendumörkin voru miðuð við. Hins vegar er munur á staðháttum sem styður við þessar ólíku niðurstöður. Svæðið sem deilt var um í máli nr. 1/2018 tilheyrir samfelldu fjalllendi sem skilur á milli norðan- og sunnanverðs Snæfellsness og rís hæst í Snæfellsjökli sem einnig er þjóðlenda og liggur að umræddri þjóðlendu sunnan og austan jökulsins. Þá er víðátta svæðisins allnokkur í samanburði við stærð eignarlanda umræddra jarða neðan þeirra fjallsbrúna sem liggja nærri þjóðlendumörkunum, ólíkt því sem á við um a.m.k. flestar jarðir sem liggja að Esju og Smjörfjöllum.

7.2.3.7 Hæðarlínur

Eins og að framan greinir miðar íslenska ríkið kröfugerð sína í sumum tilvikum við hæðarlínur, þ.e. þegar óumdeilt er að um jörð er að ræða en landamerkjalýsing liggur ekki fyrir eða er óljós eða óskýr að mati ríkisins og „ekki hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta og ekki hægt að finna skýra landfræðilega afmörkun sem hægt var að styðja kröfulínu við“, eins og segir í rökstuðningi kröfugerðar ríkisins.

Þegar á fyrsta svæðinu sem óbyggðanefnd tók til meðferðar, þ.e. svæði 1 (Árnessýsla), byggði íslenska ríkið kröfugerð sína að talsverðu leyti á hæðarlínum, innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum jarða, sbr. t.d. mál nr. 4/2000 (Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi), þar sem gjarnan var miðað við hæðarlínur, ýmist í 250, 300 eða 400 m hæð yfir sjávarmáli. Kröfugerð ríkisins var m.a. byggð á því að hálendi, fjöll og öræfi hefðu ekki verið numin til eignar og að hæðarlínur skiptu miklu máli í því tilliti. Óbyggðanefnd féllst ekki á þessi sjónarmið ríkisins heldur úrskurðaði að um eignarlönd væri að ræða innan þeirra merkja

sem lýst er í landamerkjabréfum jarða á svæðinu. Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu nefndarinnar með dómi 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þá eru fjölmörg dæmi um það í síðari réttarframkvæmd að fallist hafi verið á eignarlönd í mun meiri hæð en kröfur ríkisins í umræddu máli miðuðust við, sbr. t.d. áðurnefndan dóm Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 (Fljótshverfi). Því er ljóst að hæðarlínur eru ekki í eðli sínu eignarréttarleg mörk heldur er það háð mati hverju sinni hvort hálend svæði séu háð beinum eignarrétti eða ekki.

Eins og áður kom fram getur þurft að ákvarða mörk eignarlands að álitum, m.a. út frá staðháttum, ef fyrir liggur að um er að ræða jörð en landamerkjabréf og aðrar merkjalýsingar skortir. Ekki er útilokað að hæðarlínur geti í einhverjum tilvikum þótt eðlileg mörk við þær aðstæður. Ef um er að ræða tilvik þar sem tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli eignarlanda jarða í dölum og fjörðum, líkt og víða er raunin í Ísafjarðarsýslum, liggur þó að mati óbyggðanefndar beinna við að ganga út frá því að merki jarða nái saman efst á fjöllum og á vatnaskilum, enda eru merkin þá glögg af náttúrunnar hendi.

7.2.3.8 Landamerkjalýsingar og staðhættir í Ísafjarðarsýslum

Líkt og áður hefur verið vikið að eru staðhættir meðal þeirra atriða sem horfa þarf til við túlkun merkjalýsinga. Jafnframt hefur verið greint frá dæmum um hvernig munur á staðháttum hefur stutt við ólíkar niðurstöður óbyggðanefndar um hversu langt til fjalla landamerki jarða hafi talist ná.

Andstæður í landslagi eru einkennandi fyrir Ísafjarðarsýslur og þar eru há og tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi iðulega á mörkum eignarlanda jarða í dölum og fjörðum. Fjöllin fela í sér glögg landamerki af náttúrunnar hendi og fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjalla eru oftast litlar. Hér á eftir verður fjallað um einkenni merkjalýsinga á svæðinu og áritanir um samþykki landamerkjabréfa.

Almenn athugun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum jarða í Ísafjarðarsýslum þar sem staðhættir eru af fyrrgreindu tagi leiðir í ljós að orðalag merkjalýsinga er iðulega með þeim hætti að merkjum milli jarða er lýst frá tilteknum stað á láglendi *til fjalls,* í *fjallsbrún* eða í tiltekið örnefni í fjalli, sé merkjum á annað borð lýst til fjalla, en ekki er gerð grein fyrir því hvernig merki liggi milli efstu kennileita sem vísað er til. Oft geyma landamerkjabréf tvær lýsingar af þessu tagi, þ.e. á merkjum tiltekinnar jarðar gagnvart jörðunum beggja vegna en einnig lýsa sum landamerkjabréf merkjum milli tveggja jarða án þess að gerð sé grein fyrir merkjum þeirra að öðru leyti. Sem dæmi um slíkt má nefna ýmis landamerkjabréf jarða í Jökulfjörðum og á Hornströndum þar sem merkjum milli tveggja jarða er gjarnan lýst með vísan til ákveðins kennileitis, oft við sjó.[1849]

[1849] Hér má sem dæmi nefna bréf um landamerki milli Álfsstaða í Hrafnfirði og Kvía í Lónafirði, dags. 24. júní 1889, sjá kafla 5.3 í úrskurði í máli nr. 8/2021.

Að mati óbyggðanefndar má jafnan telja ljóst að ætlunin hafi ekki verið að gera merkjum viðkomandi jarða tæmandi skil eða takmarka beinan eignarrétt jarðanna við land neðan efstu kennileita sem nefnd eru. Þá eru óglöggar merkjalýsingar til fjalla ekki endilega til marks um að jarðirnar hafi ekki talist ná þangað, enda fjöllin glögg skil af náttúrunnar hendi. Í þessu sambandi má nefna að í 2. gr. eldri landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru fjöll nefnd sem dæmi um „glögg landamerki, er náttúran hefur sett“, í tengslum við þá skyldu sem lögð var á að setja merki þar sem þau væru ekki glögg af náttúrunnar hendi. Að því gættu að fjöllin mynda glögg náttúruleg merki er að mati nefndarinnar ekki hægt að leggja almennt til grundvallar að jarðirnar afmarkist í slíkum tilvikum af línum sem dregnar eru í beina stefnu milli efstu punkta í merkjalýsingum eða eftir atvikum um klettabrúnir eða önnur skil í landslagi sem íslenska ríkið vísar til sem fjallsbrúna í málatilbúnaði sínum, né heldur af hæðarlínum. Þá eru jafnframt dæmi þess að merkjum jarða sé lýst um önnur glögg merki af náttúrunnar hendi, svo sem tiltekna á. Telja má að viðkomandi kennileiti í fjalli, árfarvegur eða lína sem dregin var til fjalls, hafi þótt skýr og hentug viðmiðun en að mati nefndarinnar má telja líklegt að litið hafi verið svo á að línan lægi áfram efst upp á fjall eða að vatnaskilum. Í sumum tilfellum eru efstu kennileiti í merkjalýsingum jafnvel niðri við sjó og þá er augljóst að heildarmerkjum er ekki lýst. Þegar landamerkjabréfin eru skoðuð í samhengi við þá staðhætti sem að framan er lýst, þar sem tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur að jarðir og fjarlægðir eru litlar á milli bæjarstæða og efstu hluta fjalla, telur óbyggðanefnd í ljósi framangreindrar umfjöllunar alla jafna hægt að leggja til grundvallar að jarðir nái saman á fjöllum, nema annað mæli því sérstaklega í mót.

Í landamerkjabréfum jarða í Ísafjarðarsýslum er merkjum samkvæmt framansögðu sjaldan lýst berum orðum í hæsta punkt fjalls eða að vatnaskilum en þó má finna landamerkjabréf á svæðinu þar sem sú er raunin. Til að mynda er merkjum Karlsstaða við Arnarfjörð m.a. lýst „eftir því sem vötnum hallar til Karlsstaðalanda“ í landamerkjabréfi jarðarinnar. Ekki er að sjá að landamerkjabréf sem lýsa merkjum berum orðum til vatnaskila eigi endilega önnur einkenni sameiginleg. Flest þeirra eru reyndar gerð í gildistíð yngri landamerkjalaga, nr. 41/1919, en það er ekki algilt. Þá finnast jafnframt dæmi um að merkjum milli jarða sé lýst að hreppamörkum en í landamerkjabréfum Hvilftar og Eyrar í Önundarfirði frá 1921 er merkjum milli jarðanna lýst „til fjalls að hreppatakmörkum“. Hreppamörk milli Suðureyrarhrepps og Mosvallahrepps voru eftir endilöngum fjallgarðinum milli Súgandafjarðar og Önundarfjarðar og því á þeim stað þar sem eigendur jarða beggja vegna fjallgarðsins telja þær ná saman.

Ekki liggur fyrir hvers vegna merkjum er lýst nánar til fjalla í fyrrgreindum landamerkjabréfum en almennt gerist á svæðinu en að mati óbyggðanefndar er ólíklegt að merki jarðanna og beinn eignarréttur eigenda þeirra hafi í reynd náð lengra til fjalls en merki aðliggjandi jarða í sama dal eða firði og jarða hinum megin fjallsins. Í þessu samhengi skal bent á að meðal atriða sem geta haft áhrif á úrlausn þjóðlendumála er

eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004, að því er varðar efstu jarðir í Biskupstungum, 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006, að því er varðar Stórhöfða í Mýrdal, og 13. október 2021 í máli nr. 41/2020, að því er varðar Þóreyjartungur í Borgarfirði. Það skyti skökku við ef komist yrði að mismunandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu sambærilegra aðliggjandi landsvæða án þess að annað og meira en óljós merkjalýsing annars svæðisins styddi slíka ályktun. Telja verður hið sama eiga við um landsvæði þar sem merkjalýsingu skortir, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.3, og að því verði að horfa til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi svæða auk staðhátta við mat á eignarréttarlegri stöðu.

Líkt og áður hefur komið fram hafa landamerkjabréf jarða almennt mikið vægi við sönnun um eignarland. Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Svo framarlega sem eigendur aðliggjandi jarða og rétthafar ítaka væru sammála um efni landamerkjabréfsins skyldu þeir árita samþykki sitt á bréfið. Af áritunum um samþykki landamerkjabréfa vegna aðliggjandi jarða má stundum sjá vísbendingar um hvort sátt eða ágreiningur hafi verið uppi um merki milli jarðanna við gerð bréfanna og það hverjir árita tiltekið landamerkjabréf getur gefið til kynna hvaða jarðir hafa talist aðliggjandi. Ekki verður litið fram hjá því að svo virðist sem landamerkjabréf jarða í Ísafjarðarsýslum hafi alla jafna ekki verið árituð vegna jarða sem liggja hinum megin fjalla en ekki er endilega hægt að draga almennar ályktanir af því. Almenn könnun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum á svæði 10C, í Barðastrandarsýslum, leiddi t.d. á sínum tíma í ljós að landamerkjabréf jarða þar eru almennt aðeins árituð um samþykki vegna jarða sem eru aðliggjandi á láglendi, þ.e. í sama firði, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 2/2020 (Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps). Við mat á merkjum tiltekinnar jarðar þar þótti ekki hafa sérstaka þýðingu að landamerkjabréf jarða í aðliggjandi fjörðum væru almennt ekki árituð um samþykki vegna jarðarinnar. Almenn könnun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum í Ísafjarðarsýslum leiðir hið sama í ljós, þ.e. að þau séu almennt aðeins árituð um samþykki vegna jarða sem eru aðliggjandi á láglendi eða í sama dal. Því verður ekki talið hafa sérstaka þýðingu að landamerkjabréf jarða í Ísafjarðarsýslum séu ekki árituð vegna jarða hinum megin fjalla, enda virðist það hafa verið venjan á Vestfjörðum, og raunar víðar um landið, þegar staðhættir eru með fyrrgreindum hætti.

7.2.3.9 Ályktanir og niðurstöður

Eins og að framan greinir er sú venja útbreidd víða um land að eignarlönd nái saman efst á fjöllum eða á vatnaskilum, sérstaklega þar sem staðhættir eru þannig að fremur mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli dala og fjarða. Sú er almennt raunin í landshlutum þar sem óbyggðanefnd hefur lokið málsmeðferð, þ.e. á langstærstum hluta

landsins.[1850] Þá hefur réttarframkvæmd ótvírætt leitt í ljós að hálend svæði geta eftir atvikum verið eignarlönd, þótt þau séu lítið eða jafnvel ekkert gróin og þótt nytjar af þeim séu litlar eða jafnvel engar. Séu merkjalýsingar landamerkjabréfa og annarra heimilda um merki óljósar eru þær jafnan túlkaðar með hliðsjón af atriðum á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð. Minni kröfur en ella hafa verið gerðar til skýrleika merkjalýsinga ef merki teljast glögg frá náttúrunnar hendi. Þá eru þess dæmi að dregin hafi verið ályktun um merki út frá staðháttum, eftir atvikum með hliðsjón af landamerkjum nærliggjandi jarða, ef landamerkjabréf og aðrar skriflegar heimildir um merki skortir, eða ef ljóst þykir að heildarmerkjum jarðar sé ekki lýst í landamerkjabréfi. Í tilvikum þar sem ekki er fyrir að fara víðáttumiklu fjalllendi eða heiðarlöndum telur óbyggðanefnd, líkt og áður segir, alla jafna hægt að leggja til grundvallar að jarðir nái saman á fjöllum, nema annað mæli því sérstaklega í mót.

Að framan voru niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 3–4/2004 og 2–3/2005 annars vegar og í máli nr. 1/2018 hins vegar bornar saman og greint frá því að munur á staðháttum hafi meðal annars stutt við ólíkar niðurstöður. Almennt má að mati óbyggðanefndar segja um þau tilvik í Ísafjarðarsýslum þar sem deilt er um efstu hluta fjalla að þau eru mun líkari framangreindum tilvikum Esju og Smjörfjalla heldur en tilviki svæðisins sunnan og austan Snæfellsjökuls að því leyti að fjalllendi milli jarða er ekki víðfeðmt í samanburði við stærð óumdeildra eignarlanda jarðanna neðan þeirra fjallsbrúna sem íslenska ríkið miðar kröfur sínar við. Skoðun landamerkjabréfa og annarra heimilda um merki jarða í Ísafjarðarsýslum leiðir þó í ljós að þar er algengara en í tilvikum Esju og Smjörfjalla að merkjalýsingar til fjalla séu óljósar eða að merkjum sé yfirhöfuð ekki lýst til fjalla. Aftur á móti eru fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna í flestum tilvikum litlar og fjöllin mynda skýr náttúruleg skil. Að teknu tilliti til alls þess sem hér hefur verið rakið er því að mati óbyggðanefndar í flestum tilvikum þar sem deilt er um efstu hluta fjalla í Ísafjarðarsýslum rétt að leggja til grundvallar að land jarða nái saman á fjöllum og því séu ekki þjóðlendur þar. Á þetta við um flest ágreiningssvæði sem fjallað er um í málum nr. 1–4/2021 og hluta þeirra svæða sem fjallað er um í málum nr. 5/2021 og 7–8/2021, þ.e. svæði þar sem fremur mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli dala og fjarða. Þessi almennu sjónarmið eiga aftur á móti síður við í tilvikum þar sem staðhættir eru öðruvísi og deilt er um víðáttumeiri hálendissvæði. Við úrlausn um einstök ágreiningssvæði hér á eftir verður vísað til þessarar almennu umfjöllunar eftir því sem við getur átt hverju sinni.

Samkvæmt framangreindu gengur kröfugerð íslenska ríkisins í Ísafjarðarsýslum í veigamiklum atriðum gegn fyrri réttarframkvæmd á sviði þjóðlendumála. Þá hefur ríkið ekki nema að litlu leyti dregið úr kröfum sínum undir rekstri málanna, þrátt fyrir gögn sem hafa komið fram og gefið tilefni til þess, sáttaumleitanir óbyggðanefndar og ítrekaðar ábendingar nefndarinnar til lögmanna íslenska ríkisins um að endurmeta

[1850] Ísafjarðarsýslur eru það fimmtánda af sextán svæðum á meginlandinu sem óbyggðanefnd úrskurðar um en fyrri svæðin fjórtán ná yfir 91% af meginlandinu.

kröfurnar með hliðsjón af framangreindum atriðum. Með þessu hefur fjöldi jarðeigenda að ófyrirsynju þurft að sæta málsmeðferð sem hefur reynst tímafrek og þannig íþyngjandi fyrir viðkomandi málsaðila.

7.2.4 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.[1851] Má í þessu sambandi t.d. vísa til dóms Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur í Nesjum).

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Eins og þar kemur fram greina bæði *Sturlubók* og *Hauksbók* frá því að Önundur Víkingsson, bróðir Þórðar í Alviðru, hafi numið Önundarfjörð allan og búið á Eyri. Þá hafi Hallvarður súgandi numið Súgandafjörð og Skálavík til Stiga og búið þar. Ennfremur er greint frá því að Þuríður sundafyllir og Völu-Steinn sonur hennar hafi numið Bolungarvík og búið í Vatnsnesi. Þá segir að Helgi Hrólfsson hafi fundið fjörð og kallað Skutulsfjörð en Þórólfur bræðir er jafnframt sagður hafa numið suman Skutulsfjörð og Skálavík og búið þar. Eyvindur kné og kona hans Þuríður rúmgylta eru þá sögð hafa numið Álftafjörð og Seyðisfjörð og búið þar.

Af þessum frásögnum verður almennt ekki ráðið hvort ágreiningssvæði málsins hafi verið numin, enda kemur t.d. ekki fram hve langt til fjalla land hafi verið numið. Að mati óbyggðanefndar mæla staðhættir og fjarlægðir því þó ekki í mót að svæðin kunni að hafa verið numin, þó svo að sums staðar séu nokkuð skörp skil í landslagi, enda fjarlægðir frá byggð almennt ekki miklar. Almennt telur nefndin t.d. ekki sérstakar líkur á að landnám hafi miðast við þær brúnir sem íslenska ríkið miðar málatilbúnað sinn að verulegu leyti við, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1, enda fela þær almennt ekki í sér slíka farartálma að þær hafi reist landnámi augljósar skorður.

7.3 Afmörkun

Hér á eftir verður fyrst tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki jarða sem liggja að ágreiningssvæðunum eða varða þau beint en almennt er ekki er fyrir að fara heimildum sem varða merki ágreiningssvæðanna sérstaklega. Jafnframt verður fjallað stuttlega um staðhætti.[1852] Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda,

[1851] Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

[1852] Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum upplsáttarritum, svo sem *Árbókum* Ferðafélags Íslands.

enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðanna og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða ágreiningssvæðin, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur á ágreiningssvæðunum byggjast á því að um sé að ræða svæði utan landamerkja jarða. Ágreiningur aðila snýst því fyrst og fremst um hvort ágreiningssvæðin eru innan merkja jarða og viðkomandi hlutar þeirra séu eignarland á þeim grundvelli. Því verða hér kannaðar sérstaklega heimildir um merki jarðanna en það eru einkum landamerkjabréf þeirra.[1853] Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður í kafla 7.4 fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðanna.

Tilhögun umfjöllunar um afmörkun og landamerki verður þannig að samliggjandi þjóðlendukröfusvæði verða skoðuð sem ein heild en eins og fram kom í inngangi eru þar með til umfjöllunar átta samfelld kröfusvæði. Gerð verður grein fyrir landamerkjabréfum jarða umhverfis hvert svæði ásamt öðrum heimildum um merki þegar þær eru fyrir hendi, að því leyti sem þær tengjast ágreiningssvæðunum. Ef annað er ekki tekið fram í umfjölluninni lýsa heimildirnar ekki heildarmerkjum jarða, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.8, og ekki liggja fyrir aðrar heimildir um viðkomandi merki en þær sem gerð er grein fyrir. Heimildum sem varða einungis landamerki á láglendi, t.d. vegna ágreinings eða landskipta þar, eru almennt ekki gerð skil í eftirfarandi umfjöllun en upplýsingar um efni þeirra er að finna í 5. kafla. Ekki eru til merkjalýsingar sem varða sérstaklega þau ágreiningssvæði málsins sem taka til efstu hluta fjalla. Því einskorðast könnun á merkjum í þeim tilvikum við merki aðliggjandi jarða. Afmörkun á Stigahlíð verður síðan tekin til sérstakrar skoðunar.

Eins og fram kom í kafla 7.1 eru nokkrir þéttbýlisstaðir á svæðinu og á þeim slóðum háttar þannig til að ýmsar breytingar hafa orðið á skráningu og afmörkun fasteigna sem fela m.a. í sér að jarðir sem sveitarfélög hafa eignast eru ekki lengur skráðar og/eða nýttar sem slíkar. Þess eru dæmi að ekki sé fullt samræmi milli þess annars vegar hvaða jarðir eru tilgreindar í kröfugerð af hálfu sveitarfélags og merkjalýsinga þeirra í landamerkjabréfum og hins vegar afmörkunar í kröfulýsingum eða á kröfulínukortum á því landi sem tilkall er gert til af hálfu sveitarfélagsins. Gerð verður grein fyrir helstu frávikum af þessu tagi þegar þurfa þykir en ekki verður látið ráða úrslitum þótt kröfugerð sé óskýr eða henni ábótavant að þessu leyti, sbr. einnig fyrrgreindan fyrirvara íslenska ríkisins við kröfugerð sína um að þess væri óskað að á svæðum þar sem ríkisjarðir væru til staðar og á öðrum svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda, á sama hátt og ef gagnkröfur væru fyrir hendi.

[1853] Landamerkjabréf jarða á svæði því sem hér er til meðferðar eru birt í heild í 5. kafla og þar sést m.a. hvaða áritanir um samþykki eru á hverju landamerkjabréfi, auk þess sem upplýsingar um þinglýsingu eru tilgreindar þar.

Enn fremur skal tekið fram að óbyggðanefnd lítur svo á að þegar komist er að þeirri niðurstöðu hér á eftir að landamerkjabréf lýsi ekki heildarmerkjum jarða og merki jarða nái saman á fjöllum skipti nákvæm staðsetning efstu örnefna í merkjalýsingum ekki verulegu máli. Því verður ekki fjallað nákvæmlega um staðsetningu örnefna nema sérstakt tilefni þyki til.

7.3.1 Efstu hlutar fjalla

7.3.1.1 Fjalllendi milli Skutulsfjarðar og Önundarfjarðar

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Kroppstaðafjall*.[1854] Um er að ræða efsta hluta samfellds fjalllendis milli Skutulsfjarðar og innsta hluta Önundarfjarðar, nánar tiltekið sunnan Engidals og Dagverðardals í Skutulsfirði og norðan Korpudals í Önundarfirði. Þverdalur gengur norður úr Korpudal og þaðan liggur Þverdalsheiði um kröfusvæðið yfir í Engidal. Vestan við svæðið er Breiðadalur í Önundarfirði og þaðan liggur Breiðadalsheiði yfir í Dagverðardal, neðan Raufarhorns sem er meðal ystu hluta svæðisins. Sunnan við innsta hluta kröfusvæðisins er síðan Álftafjarðarheiði en um hana var alfaraleið milli Korpudals í Önundarfirði og Álftafjarðar. Eftir svæðinu endilöngu lágu áður fyrr mörk Eyrarhrepps og Mosvallahrepps, sem nú eru hluti af Ísafjarðarbæ, og að austan virðist ætlun ríkisins að svæðið afmarkist af mörkum þess sveitarfélags og Súðavíkurhrepps, sbr. umfjöllun um kröfulínu þess hér á eftir.

Þótt kröfusvæðið sé allt kennt við Kroppstaðafjall er það fjall einungis hluti fjalllendisins sem krafa ríkisins tekur til en einstakir hlutar þess bera hver sitt nafn. Ofan Korpudals eru t.d. Vondafjall, Veturlandafjall, Kroppstaðafjall og Kirkjubólsfjall. Utar í Önundarfirði eru Tannanesfjall og Veðrarárfjall og Veðrarárhorn er yst í síðarnefnda fjallinu. Raufarhorn er ofan Breiðadalsheiðar og inn af því, milli Breiðadals og Dagverðardals, er Langafjall. Ofan Engidals eru m.a. Nónhorn og Heiðarfell.

Kröfusvæðið er að mestu í um 600–800 m hæð en fer upp í 870 m við austurmörkin, við sveitarfélagamörk Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps. Þaðan og að þeim hluta sem fjærstur er, yst á Veðrarárfjalli, eru um 9 km í beinni loftlínu en um 7,5 km að Raufarhorni ofan Breiðadalsheiðar. Breiðustu hlutar svæðisins frá norðaustri til suðvesturs eru um 3–3,5 km en þar er beggja vegna um að ræða ystu hluta fjalla sem teygja sig út úr fjallgarðinum. Margir hlutar svæðisins eru innan við 600 m breiðir. Um miðbik svæðisins á Þverdalsheiði virðist það einungis um 100 m breitt og svipuðu máli gegnir um innsta hluta svæðisins, milli botna Engidals og Korpudals, þar sem breiddin er um 100–200 m. Frá bæjarstæðum í Önundarfirði upp á efstu hluta þeirra fjalla sem ganga út úr fjallgarðinum næst bæjunum eru um 2–2,5 km en um 3–4,5 km að miðbiki fjallgarðsins. Vegalengdirnar eru lengri Skutulsfjarðarmegin, á bilinu 4–6,5 km en þar

[1854] Textalýsingu á kröfulínu íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

er líka lengra frá bæjarstæðunum að þeim brúnum sem kröfulína ríkisins miðast við. Frá bæjarstæðum Fossa og Engidals að ysta hluta Nónhorns, sem er sá hluti kröfusvæðisins sem er næstur þeim, eru t.d. um 3–3,5 km en um 5 km frá bæjarstæði Hafrafells. Þaðan inn á miðjan fjallgarðinn er síðan um 1 km.

Kröfulína ríkisins er að öllu leyti sögð miðuð við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1. Þó eru upplýsingar um afmörkun austasta hlutans nokkuð misvísandi. Upphafspunktur kröfulínunnar er staðsettur við mörk sveitarfélaganna Ísafjarðar og Súðavíkurhrepps. Þaðan er línunni lýst réttsælis eftir fjallsbrúnum með vísun til nokkurra einstakra punkta í Önundarfirði og að punkti við Raufarhorn ofan Breiðdalsheiðar. Um kröfulínuna þaðan segir einungis að hún fylgi fjallsbrúnum í upphafspunkt. Á loftmyndum og ýmsum landakortum sést að ef samfelldum brúnum af því tagi sem ríkið segist almennt miða kröfulínu sína við væri fylgt myndi kröfulínan í grennd við upphafspunktinn ná austur fyrir sveitarfélagamörkin og krafan tæki því m.a. til fjalllendis á litlu svæði ofan Svarfhólsdals í Álftafirði. Í kröfugerð ríkisins er kröfusvæðið þó allt sagt innan marka Ísafjarðarbæjar. Með hliðsjón af því og kröfulínukorti málsins þar sem kröfulína ríkisins fylgir sveitarfélagamörkum að austanverðu verður sú afmörkun lögð til grundvallar í eftirfarandi umfjöllun.

Afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Efstaból, Korpudal, Kirkjuból, Tannanes, Innri-Veðrará, Ytri-Veðrará, Tungu, Hafrafell, Efri-Engidal og Svarfhól. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða og að auki heimildir um merki Kroppstaða í Korpudal, Fossa í Skutulsfirði og Seljalands í Álftafirði. Einnig eru heimildir um merki Kirkjubóls í Skutulsfirði skoðaðar vegna samhengis í merkjalýsingum þótt jörðin liggi ekki að ágreiningssvæðinu. Þá skal bent á að tilgreining ríkisins á Korpudal vísar hugsanlega til innri hlutans af því landi í dalnum sem er lýst innan landamerkja Kirkjubóls í Korpudal, sbr. einnig landamerkjabréf Efstabóls, en engin jörð á svæðinu nefnist Korpudalur.

Af hálfu eigenda flestra fyrrgreindra jarða eða lands sem áður var hluti þeirra hefur verið lýst kröfum um eignarréttindi á mismunandi hlutum þjóðlendukröfusvæðisins.[1855] Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að svæðin séu eða hafi verið innan merkja jarða og þau séu eignarlönd á þeim grundvelli.[1856] Kemur því til athugunar hvort land þeirra nái inn fyrir kröfulínu ríkisins og í því skyni verða heimildir um merki áðurnefndra jarða umhverfis kröfusvæðið teknar til skoðunar. Tilhögun umfjöllunarinnar

[1855] Kröfur vegna Tungu í Skutulsfirði og Svarfhóls í Álftafirði ná ekki inn á ágreiningssvæðið sem er til umfjöllunar í þessum kafla en þær eru til skoðunar í öðrum hlutum málsins. Þá liggja ekki fyrir kröfur vegna Tannaness í Önundarfirði og Seljalands í Álftafirði. Enn fremur liggur ekki fyrir krafa vegna Efri-Engidals en kröfu vegna Engidals í heild hefur verið lýst af hálfu eigenda Neðri-Engidals og land jarðanna er að langmestu leyti óskipt, þar á meðal við ágreiningssvæðið.

[1856] Sjá umfjöllun í inngangi, kafla 7.1, um breytingar sem hafa orðið á afmörkun og skráningu fasteigna síðan landamerkjabréf jarða voru almennt gerð.

verður þannig að farinn verður hringur réttsælis umhverfis kröfusvæðið. Fyrst verður fjallað um merki jarða í Korpudal í Önundarfirði, þ.e. Kirkjuból, Efstabóls og Kroppstaða, og síðan merki annarra jarða í Önundarfirði, þ.e. Tannaness, Innri-Veðrarár og Ytri-Veðrarár. Þá koma til skoðunar merki jarða í Skutulsfirði, þ.e. Hafrafells, Engidals og Fossa, auk þess sem gerð verður grein fyrir landamerkjabréfi Kirkjubóls í Skutulsfirði vegna samhengis merkjalýsinga á svæðinu. Að síðustu verður fjallað um merki Svarfhóls og Seljalands í Álftafirði.

Korpudalur í Önundarfirði liggur inn með kröfusvæðinu sunnanverðu. Norðan árinnar Korpu, sem rennur eftir dalnum, er land jarðanna Kirkjubóls, Efstabóls og Kroppstaða. Krafa vegna Kirkjubóls tekur til tveggja aðgreindra svæða niðri í dalnum í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 18. ágúst 1889. Þau ná hins vegar saman á ágreiningssvæðinu, þ.e. uppi á fjallinu, en í dalnum er land Efstabóls og Kroppstaða milli hlutanna tveggja.

Um innri hlutann af landi Kirkjubóls í dalnum segir í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 18. ágúst 1889, að henni tilheyri Korpudalur Kirkjubólsmegin „til eignar og umráða frá Þverá fram úr til fjalls“. Þar sem verulegur hluti af merkjalýsingunni varðar landamerki gagnvart svonefndum Þorpsjörðum eða Hestjörðum sunnan Korpu þykir ljóst að orðið „Kirkjubólsmegin“ vísi í þessu samhengi til dalsins norðan árinnar. Dalbotninn er við sveitarfélagamörk gagnvart Súðavíkurhreppi en innsti punkturinn á kröfulínu ríkisins miðast við þau mörk.

Í landamerkjabréfi Efstabóls, dags. 4. apríl 1889, segir eftirfarandi um merki jarðarinnar að innanverðu, gagnvart áðurnefndu svæði: „Og svo er að framanverðu gamall áarfarvegur rétt fyrir framan Þverá, sem merkið er sagt í milli Korpudals og Efstabóls, og þar með frí beit á Korpudal frá Efstabóli, eptir því, sem elstu menn muna.“

Vísun til „Korpudals“ í landamerkjabréfi Efstabóls varðar það landsvæði í dalnum sem sagt er eign Kirkjubóls í fyrrgreindu landamerkjabréfi þeirrar jarðar. Á merkjalýsingunum er reyndar sá munur að í landamerkjabréfi Kirkjubóls er merkjunum lýst um Þverá en í landamerkjabréfi Efstabóls um gamlan árfarveg rétt framan við Þverá. Óumdeilt er þó að land Efstabóls og land Kirkjubóls fyrir innan það er samliggjandi. Þá má einnig nefna að þótt greina megi mismunandi farvegi á þeim slóðum þar sem Þverá rennur í Korpu, þá sést á loftmyndum að þeir sameinast ofar í hlíðinni og næst ágreiningssvæðinu virðist einungis um einn farveg að ræða.

Fyrir liggur eldri heimild um viðkomandi merki, vitnisburður frá 9. apríl 1610 um merki milli Kirkjubóls, Kroppstaða og Efstabóls. Þar segir um innanverð merki Kirkjubóls og Efstabóls að Kirkjuból eigi „ad framan ad þvi forna árfare sem fremst gengur“.

Merkjum milli Efstabóls og Kroppstaða er í fyrrgreindu landamerkjabréfi Efstabóls lýst frá merkislág við Korpu og „til fjalls“. Samsvarandi lýsing en aðeins ítarlegri er í landamerkjabréfi Kroppstaða, dags. 21. janúar 1921. Þar segir: „Merki milli Kroppstaða

og Efstabóls, eru í svokallaða Merkislá er liggur frá Korpu beina línu til fjalls, Kroppstaðamegin í svokallaða tvísteina.“

Utan við Kroppstaði tekur við ytri hlutinn af því landi sem lýst er innan merkja Kirkjubóls í áðurnefndu landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1889 og þar stendur Kirkjubólsbærinn. Merkjunum milli Kroppstaða og Kirkjubóls er lýst þannig í landamerkjabréfi Kroppstaða að þau séu „3 steinar á Álabrekkunum, og úr þeim yfir Stórholtið í lækjarfarveg sem er innan til við svo nefndan Bæjarhrygg, og eftir honum til fjalls“. Samsvarandi lýsing er í landamerkjabréfi Kirkjubóls en þar nær lýsingin þó ekki ofar en að lækjarfarveginum innan við Bæjarhrygg.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls er utanverðum merkjum jarðarinnar lýst með vísun til lækjar sem „rennur niður utan til við svonefndan Urðarhrygg og ofan í Korpu“. Samsvarandi lýsing er í landamerkjabréfi Tannaness, dags. 12. febrúar 1921.[1857] Þar er læknum lýst svo að hann renni „niður utantil við svokallaða Kirkjubólsurð í uppsprettu er kemur undan urðinni og eftir lindinni í Korpu“ en merkjalýsingarnar vísa greinilega til sama lækjar.

Um utanverð landamerki Tannaness segir í landamerkjabréfi jarðarinnar að þau séu „úr Skeiðiskrók í svo nefndan merkisstein og þaðan eftir garðlagi til fjalls“. Einnig er vísað til Skeiðiskróks og merkisteins í landamerkjabréfi Innri-Veðrarár, dags. 22. janúar 1888, en um framhaldið segir að þar upp af sé „gamalt merki upp hækkað er vísar landamerkið beint til fjalls“. Enn fremur er tilgreint að Jafnadalur sé innan merkjanna en hann er dalurinn utan við Langahrygg sem Veðrará rennur um, milli Tannanesfjalls og Veðrarárfjalls.

Utanverðum merkjum Innri-Veðrarár er lýst „í svonefndan Skriðutanga, og liggur það beint upp frá honum til fjalls“. Samsvarandi lýsing en öðruvísi orðuð er í landamerkjabréfi Ytri-Veðrarár, dags. 19. apríl 1924.[1858] Þar er einnig vísað til Skriðutanga og þaðan „beint upp í Veðrará[r]hornið“.

Merkjum Ytri-Veðrarár gagnvart Neðri- og Fremri-Breiðadal er síðan lýst svo að þau séu Breiðadalsá „frá sjó og upp í vatn það sem liggur undir svonefndu þverfjalli fyrir botni Breiðadals“. Þá segir að úr vatninu liggi merkin „skemstu leið á fjallsbrún“. Þessi hluti merkjalýsingarinnar byggist á sátt um merki Neðri-Breiðadals og Veðrarár sem gerð var 4. ágúst 1923.[1859] Samsvarandi lýsingar eru í landamerkjabréfum Neðri- og Fremri-Breiðadals sem um er fjallað í kafla 7.3.1.2. Viðkomandi fjallsbrún vísar til Þverfjalls sem er innsti hluti ágreiningssvæðisins sem þar er til umfjöllunar. Breiðadalsskarð á Breiðadalsheiði er milli hennar og Raufarhorns en ysti hluti svæðisins sem hér er til skoðunar miðast við Raufarhorn. Hinum megin við Breiðadal,

[1857] Kröfur vegna Kirkjubóls og Innri-Veðrarár mætast við kröfulínu ríkisins við fjallshorn á Kirkjubólsfjalli, ofan Urðarskálar og Langahryggs. Milli þessara jarða er Tannanes. Ekki liggur fyrir krafa vegna þeirra jarðar en heimildir um merki hennar eru skoðaðar hér samhengisins vegna.

[1858] Landi Ytri-Veðrarár hefur nú verið skipt í tvennt en kröfur liggja fyrir vegna beggja hlutanna.

[1859] Eigendur jarðanna voru sammála um að Breiðadalsá skipti merkjum jarðanna en þá greindi á um hvorum megin ártungu innarlega í dalnum, undir Þverfelli, merkin væru.

neðan við ágreiningssvæðið norðanvert, er Dagverðardalur í Skutulsfirði og í þeim hluta dalsins sem snýr að svæðinu er jörðin Hafrafell. Í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 18. júlí 1908, er utanverðum merkjum jarðarinnar, gagnvart Tungu, lýst þannig að Úlfsá skipti landamerkjum „frá fjalli til fjöru“ en áin rennur ofan af Breiðadalsheiði um Dagverðardal. Samsvarandi lýsing er í landamerkjabréfi Tungu sem er ódagsett en er líklega frá árinu 1909. Óumdeilt virðist að land annars vegar Ytri-Veðrarár og hins vegar land Hafrafells og Tungu mætist á heiðinni en merki Tungu á þessum slóðum varða ágreiningssvæðið sem er til umfjöllunar í kafla 7.3.1.2.

Merkjum Hafrafells að innanverðu er síðan lýst svo að þar sé um að ræða landamerki gagnvart Kirkjubóli en um þau segir:

> Varða fyrir ofan eldiviðar eða urðagötu svonefnda, sem farin er út og inn með hlíðinni og þaðan bein stefna ofan í læk þann, sem rennur í sjóinn skamt frá fjarðarhorninu. Frá svonefndri Vörðu að ofan bein sjónhending upp í fjallsbrún.

Fjallið sem þarna er vísað til er milli Dagverðardals og Engidals[1860] en þjóðlendukrafa ríkisins tekur ekki til þess. Kirkjuból í Skutulsfirði liggur því ekki að ágreiningssvæðinu en landamerkjabréf jarðarinnar, sem var gert í maí og júní 1884, verður þó tekið til skoðunar hér vegna samhengis við landamerkjabréf næstu jarða.[1861] Þar er merkjum gagnvart Hafrafelli lýst á sama hátt og í áðurnefndu landamerkjabréfi þeirrar jarðar. Merkjum Kirkjubóls gagnvart Engidal er síðan lýst svohljóðandi:

> Svo nefndur Kuldaklettur í neðri fjallsbrúninni, þaðan beint ofan í stein, sem stendur á bala niðri í engjunum og þaðan þráðbeint ofan í ána, er ræður landamerkjum í dalnum.

Samhljóða lýsing er í landamerkjabréfi Engidals, dags. 27. maí 1890. Kröfulínur jarðarinnar og Hafrafells, hinum megin við áðurnefnt fjall, eru báðar dregnar úr Kuldakletti inn eftir fjallinu og áfram inn á ágreiningssvæðið. Jörðin Engidalur er í vesturhlutanum af samnefndum dal sem nær inn að ágreiningssvæðinu en hinum megin í dalnum er jörðin Fossar. Af áðurnefndu landamerkjabréfi Engidals verður ráðið að ónafngreind á sem sögð er ráða landamerkjum í dalnum sé Langá sem rennur eftir dalnum og jafnframt að hún ráði merkjum Engidals og Fossa sem eru í austanverðum dalnum en ekki liggur fyrir landamerkjabréf fyrir síðarnefndu jörðina. Merki Fossa á hinn veginn verða svo ráðin af landamerkjabréfi Kirkjubóls en þau eru utarlega í dalnum og snerta ágreiningssvæðið sem er til umfjöllunar í kafla 7.3.1.6.

Milli botnsins á Engidal og Svarfhólsdals í Álftafirði eru mörk Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps en afmörkun íslenska ríkisins á kröfusvæðinu virðist miðast við þessi

[1860] Í ýmsum heimildum er ysti hluti fjallsins nefndur Kubbi og aðrir hlutar þess Háafell eða Hafrafell en einnig eru þess dæmi að síðarnefndu heitin séu notuð um fjallið í heild.

[1861] Af hálfu Ísafjarðarbæjar, sem er eigandi Hafrafells og Kirkjubóls, eru kröfulínur vegna jarðanna dregnar á þann hátt á kröfulínukort að mörk þeirra liggi um Langá sem rennur eftir Engidal og til sjávar síðasta spölinn milli jarðanna. Því er sá hluti sem hér hefur verið gerð grein fyrir í tengslum við merki Kirkjubóls innan kröfulínu vegna Hafrafells á kröfulínukorti þótt textalýsing á kröfu vegna Hafrafells byggist á landamerkjabréfi jarðarinnar og textalýsing á kröfu vegna Kirkjubóls miðist við Langá á þessum slóðum. Þar sem ekki hefur verið gerð þjóðlendukrafa til þessa svæðis er það þó ekki til beinnar umfjöllunar hér og þetta varðar því ekki úrlausn málsins.

sveitarfélagamörk eins og gerð var grein fyrir framar. Í Svarfhólsdal eru jarðirnar Svarfhóll og Seljaland. Land Svarfhóls er tvískipt en Seljaland er þar á milli. Landamerkjabréf fyrir Seljaland liggur ekki fyrir en í landamerkjabréfi Svarfhóls, dags. 18. júlí 1890, er nyrðri merkjum jarðanna lýst um Seljalandsá sem rennur eftir dalnum og á upptök í eða nálægt Þóruskarði. Syðri merki jarðanna eru ekki tilgreind en af framangreindu og kröfugerð eiganda Svarfhóls í málinu og máli nr. 5/2021 verður ráðið að Seljaland sé aðliggjandi þessum hluta ágreiningssvæðisins. Enn fremur virðist óumdeilt að land Kirkjubóls í Korpudal, sem um var fjallað framar í kaflanum, nái að sveitarfélagamörkum gagnvart Súðavíkurhreppi og mæti þar Seljalandi.

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um landamerki sem varða ágreiningssvæðið en af framangreindu sést að merki jarða umhverfis kröfusvæðið eru samfelld. Þær merkjalýsingar sem raktar hafa verið miðast ýmist við vatnsföll eða merkjum er lýst milli tiltekinna staða á láglendi og fjallsbrúnar, ákveðins kennileitis við fjallsbrún, eða „til fjalls“. Í sumum þeirra merkjalýsinga sem miðast við vatnsföll er að auki tilgreint að þau ráði merkjum milli fjalls og fjöru eða að þegar vatnsfallinu sleppir sé dregin lína til fjalls eða á fjallsbrún.

Ljóst er að merkjalýsingarnar taka ekki af tvímæli um hversu langt merki jarðanna ná til fjalla og því þarf m.a. að túlka þær með hliðsjón af staðháttum. Þrátt fyrir að lýsingar á merkjum jarða til fjalla séu ekki ótvíræðar verður að líta til þess að fjöllin mynda glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna og áfram inn á miðjan fjallgarðinn eru almennt litlar.

Niðurstöður um landamerki og afmörkun er að finna í kafla 7.3.1.8.

7.3.1.2 Fjalllendi milli Önundarfjarðar, Súgandafjarðar og Skutulsfjarðar

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Klofningsheiði*.[1862] Um er að ræða efsta hluta samfellds fjalllendis milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar en innsti hluti þess snýr einnig að Skutulsfirði. Neðan Eyrarfjalls í Önundarfirði er þorpið Flateyri. Áður fyrr voru sveitarfélagamörk eftir svæðinu endilöngu, þ.e. milli Mosvallahrepps og Suðureyrarhrepps, auk þess sem Eyrarhreppur náði inn á innsta hluta svæðisins. Nú eru allir hrepparnir hluti af sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ.

Þótt kröfusvæðið sé allt kennt við Klofningsheiði er hún einungis lítill hluti fjalllendisins sem krafa ríkisins tekur til en mismunandi hlutar þess bera hver sitt nafn. Innst er Þverfjall,[1863] ofan Breiðadalsheiðar milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Utan við það móta dalir og hvilftir fjallgarðinn en ýmis fjöll eru milli þeirra. Fjöllin innarlega í Önundarfirði nefnast m.a. Skógarhorn, Breiðadalsstigi og Hólsfjall en fjöllin innst í

[1862] Textalýsingu á kröfulínu íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

[1863] Einnig eru þess dæmi að fjallið sé nefnt Þverfell.

Súgandafirði bera heitin Leitishvilftarhnúkur, Hádegishorn, Nónhorn og Nautaskálarhorn. Utan við Hólsfjall og Nautaskálarhorn ganga Hólsdalur í Önundarfirði og Kvíanesdalur í Súgandafirði inn í fjallgarðinn en milli þeirra liggur Grímsdalsheiði yfir ágreiningssvæðið.[1864] Önundarfjarðarmegin taka svo m.a. við Garðafjall og Eyrarfjall. Utan Eyrarfjalls gengur Klofningsdalur inn í fjallgarðinn en ofan hans er Klofningsheiði. Um hana og áðurnefnda Grímsdalsheiði lágu áður fyrr helstu leiðir milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar, þvert yfir kröfusvæðið. Fjallið utan við Klofningsdal nefnist Sauðanes og nær út á Sauðanestá. Súgandafjarðarmegin við það ganga Staðardalur og Sunndalur[1865] inn í landið en í fjallinu ofan þeirra er m.a. að finna Miðdegisbungu og Magnúsarhorn. Milli Sunndals og Vatnadals er síðan fjallið Sunndalshorn. Úr botni Vatnadals liggja gamlar leiðir um svonefnda Vesturkika og Miðkika inn á kröfusvæðið. Nokkru innar er svo fyrrnefnd Grímsdalsheiði og þau fjöll sem áður var gerð grein fyrir.

Kröfusvæðið er í um 500–750 m hæð. Frá innsta hluta þess á Þverfjalli, ofan Breiðadalsheiðar, að ysta hlutanum á Sauðanesi eru tæpir 18 km í beinni loftlínu. Breiðasti hluti svæðisins er um 2,5 km, milli brúna Eyrarfjalls í Önundarfirði og Sunndalshorns ofan Vatnadals í Súgandafirði. Þar sem fjallið Sauðanes er breiðast er það um 1,8 km en víðast hvar er kröfusvæðið mjórra, oft innan við 600 m. Frá bæjarstæðum upp á efstu hluta þeirra fjalla næst bæjunum sem kröfusvæðið tekur til eru ávallt innan við 2 km og frá bæjunum inn á miðjan fjallgarðinn eru á bilinu 2–4 km.

Kröfulína ríkisins er miðuð við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1. Þó er óskýrt hvernig ætlunin er að draga kröfulínuna milli punkta nr. 9 og 10. Fyrrnefndi punkturinn miðast við fjallsbrún innst í Sunndal þar sem Þverá „rennur af fjalli“ og sá síðari miðast við Nautaskálarhorn í Súgandafirði. Kröfulínunni þar á milli er lýst svo að frá punkti nr. 9 sé farið „eftir fjallsbrúnum fram Vatnsdal og í Nautskálahorn“. Þar sem punkturinn er ekki í Vatnadal heldur innst í Sunndal er m.a. óskýrt af textalýsingunni hvernig ætlunin er að draga línuna þaðan og fram Vatnadal. Á kröfulínukorti er línan fyrst dregin út með Sunndal og síðan inn með Vatnadal, eftir brúnum Sunndalshorns. Síðan háttar þannig til að fyrir botni Vatnadals, fer lítið fyrir skýrum brúnum af því tagi sem íslenska ríkið miðar kröfur sínar við. Á þeim slóðum er kröfulínan teiknuð þannig á kort að hún afmarki nokkurn veginn hæsta hluta fjalllendisins, yfir að botni Kvíanesdals en síðan er hún dregin nokkurn veginn þvert yfir dalinn innanverðan, þar sem gömul þjóðleið liggur upp á Grímsdalsheiði, og yfir í Nautaskálarhorn sem er áðurnefndur punktur nr. 10 á kröfulínu ríkisins. Eftirfarandi umfjöllun tekur mið af því hvernig íslenska ríkið afmarkar kröfusvæðið á korti þótt óljóst sé hvort textalýsingin tekur í reynd til Sunndalshorns, sem og hverjar

[1864] Í *Árbók* Ferðafélag Íslands 1999 segir að af nafni heiðarinnar megi ráða að Kvíanesdalur hafi áður fyrr verið nefndur Grímsdalur. Þar segir einnig að dalurinn sem hér hefur nefndur Hólsdalur nefnist því nafni innan við ána sem eftir honum rennur en Garðasdalur utan við ána.

[1865] Sunndalur og Sunndalshorn eru einnig nefnd Sunddalur og Sunddalshorn.

þær fjallsbrúnir eiga að vera fyrir botni Vatnadals og á Grímsdalsheiði sem textalýsingin miðast við.

Afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Neðri-Breiðadal, Fremri-Breiðadal, Selakirkjuból, Kaldá, Hól, Garða, Hvilft, Eyri, Stað, Vatnadal, Bæ, Kvíanes, Botn og Ytri-Veðrará. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða og að auki heimildir um merki Tungu í Skutulsfirði.

Af hálfu eigenda flestra fyrrgreindra jarða eða lands sem áður var hluti þeirra hefur verið lýst kröfum um eignarréttindi á mismunandi hlutum þjóðlendukröfusvæðisins.[1866] Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að svæðin séu eða hafi verið innan merkja jarða og þau séu eignarlönd á þeim grundvelli.[1867] Kemur því til athugunar hvort land þeirra nái inn fyrir kröfulínu ríkisins og í því skyni verða heimildir um merki áðurnefndra jarða umhverfis kröfusvæðið teknar til skoðunar. Tilhögun umfjöllunarinnar verður þannig að farinn verður hringur réttsælis umhverfis kröfusvæðið. Fyrst verður fjallað um merki jarða í Breiðadal innarlega í Önundarfirði, þ.e. Ytri-Veðrarár, Neðri-Breiðadals og Breiðadals fremri, en síðan koll af kolli um merki annarra jarða út með Önundarfirði, þ.e. Selakirkjubóls, Kaldár, Hóls, Garða, Hvilftar og Eyrar. Þá koma til skoðunar merki jarða í Staðardal og Vatnadal í Súgandafirði, þ.e. Staðar, Bæjar og Vatnadals, en síðan merki jarða innarlega í Súgandafirði sunnanverðum, þ.e. Kvíaness og Botns. Að síðustu verður fjallað um merki Tungu í Skutulsfirði en þar er hringnum lokað þar sem óumdeild eignarlönd jarða í Súgandafirði, Skutulsfirði og Önundarfirði ná saman á Breiðadalsheiði og Botnsheiði.

Neðan Þverfjalls, sem innsti hluti kröfusvæðisins miðast við, er Breiðadalsheiði, milli Dagverðardals í Skutulsfirði og Breiðadals í Önundarfirði. Í Breiðadal innanverðum er jörðin Ytri-Veðrará en í honum utanverðum eru jarðirnar Neðri- og Fremri Breiðadalur. Merki Ytri-Veðrarár varða að hluta ágreiningssvæðið sem um var fjallað í kafla 7.3.1.1 en merkjum jarðarinnar gagnvart Neðri- og Fremri-Breiðadal er í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 19. apríl 1924, lýst svo að þau séu Breiðadalsá „frá sjó og upp í vatn það sem liggur undir svonefndu þverfjalli fyrir botni Breiðadals“. Þá segir að úr vatninu liggi merkin „skemstu leið á fjallsbrún“. Þessi hluti merkjalýsingarinnar byggist á sátt um merki Neðri-Breiðadals og Veðrarár sem gerð var 4. ágúst 1923. Forsaga hennar var sú að eigendur jarðanna voru sammála um að Breiðadalsá skipti merkjum jarðanna en þá greindi á um hvorum megin ártungu

[1866] Ekki liggur fyrir krafa vegna Staðar í Súgandafirði, enda jörðin í eigu ríkisins, en fram hafa komið athugasemdir af hálfu Ríkiseigna fyrir hönd ábúenda, og sá hluti þjóðlendukröfusvæðisins sem næstur er jörðinni er til rannsóknar á grundvelli fyrirvara ríkisins við kröfugerð sína sem gerð er grein fyrir í kafla 7.1.

[1867] Sjá umfjöllun í inngangi, kafla 7.1, um breytingar sem hafa orðið á afmörkun og skráningu fasteigna síðan landamerkjabréf jarða voru almennt gerð.

innarlega í dalnum, undir Þverfelli, merkin væru. Í sáttinni sagði einnig að Veðrará hefði „ítak, aðeins til slægna, sunnan til í ártungunum norðanvert við ána“.

Fyrir liggja tvö landamerkjabréf fyrir Neðri-Breiðadal, annað dagsett 11. júlí 1921 en hitt 3. nóvember 1923. Í eldra landamerkjabréfinu er merkjum gagnvart Ytri-Veðrará einfaldlega lýst svo að þau séu Breiðadalsá en í yngra landamerkjabréfinu, sem gert er skömmu eftir fyrrgreinda sátt árið 1923 er merkjalýsingin nákvæmari og í samræmi við sáttina.

Land Neðri-Breiðadals er tvískipt en land Fremri-Breiðadals er þar á milli. Um innri hlutann segir í eldra landamerkjabréfi Neðri-Breiðadals frá 1921 að jörðin eigi „land allt á Langadal fyrir framan svokallaðar seltóttir“ en Langidalur gengur inn úr Breiðadal undir Þverfjalli. Nákvæmari lýsing er í landamerkjabréfi Fremri-Breiðadals frá sama ári en þar segir um innri merkin:

> Lækur, sem rennur í Breiðadalsá, neðan til við neðri seltóttina, er landamerki í melholtsröndina að framanverðu, frá holtsröndinni eru 3 merkjavörður hlaðnar, og eftir þeim sjónhending í fjallsbrún.

Sams konar lýsing er í yngra landamerkjabréfi Neðri-Breiðadals frá 1923.

Ytri merkjum jarðanna er í öllum þremur landamerkjabréfunum lýst um ána Þverá sem rennur úr Þverdal ofan í Breiðadal. Í landamerkjabréfi Fremri-Breiðadals frá 1921 er að auki tilgreind „sjónhending í fjallsbrún“ en í yngra landamerkjabréfi Neðri-Breiðadals frá 1923 er talað um „sjónhendingu á fjallsbrún í dalbotn“.

Eldri heimild um merki Fremri-Breiðadals og Neðri-Breiðadals er samningur um landamerki milli jarðanna sem er dagsettur 22. ágúst 1885 en var þinglesinn 27. maí 1924. Þar er annars vegar vísað til Þverár og hins vegar seltótta á Langadal, líkt og í landamerkjabréfunum en lýsingar þeirra síðarnefndu á merkjunum eru ítarlegri.

Næsta jörð utan við Fremri-Breiðadal er Selakirkjuból. Fyrir liggja tvö landamerkjabréf fyrir jörðina, annað gert samkvæmt eldri landamerkjalögum nr. 5/1882 og hitt samkvæmt yngri lögum, nr. 41/1919. Sama máli gegnir um jarðir út með Önundarfirði sem fjallað verður um í framhaldinu. Eldra landamerkjabréf Selakirkjubóls er dagsett 24. maí 1890 en það yngra 9. júlí 1921. Í þeim báðum, sem og báðum landamerkjabréfum Fremri-Breiðadals, frá 1921 og 1923, er þeim hluta af merkjum jarðanna sem eru næst ágreiningssvæðinu lýst á sambærilegan hátt, um skriðuna Stórurð og Grjótskál eða Grjótskálargil, auk þess sem ýmist er vísað til fjalls eða fjallsbrúnar, en lýsingarnar eru misítarlegar. Í eldra landamerkjabréfi Selakirkjubóls frá 1890 segir að merkin liggi um svonefnda „Stóruurð beina sjónhending milli fjalls og fjöru“ en í yngra landamerkjabréfinu er tilgreind bein lína úr auðkenndum steini í fjörunni „upp svokallaða Stóruurð upp Grjótskálargil alla leið upp á fjall“. Í eldra landamerkjabréfi Neðri-Breiðadals frá 1921 segir: „skriða kölluð Stóraurð er liggur úr svonefndri Grjótskál í fjallsbrún og til sjávar“. Í yngra landamerkjabréfinu frá 1923 er samhljóða lýsing og í yngra landamerkjabréfi Selakirkjubóls frá 1921 þar sem merkjum er m.a. lýst „alla leið upp á fjall“.

Næst fyrir utan Selakirkjuból er jörðin Kaldá og fyrir utan hana jörðin Hóll á Hvilftarströnd. Fjögur landamerkjabréf liggja fyrir um merki Selakirkjubóls og Kaldár, tvö frá árinu 1890 og tvö frá 1921. Þar er merkjunum ávallt lýst um ána Kaldá og vísað til fjalls en orðalag er mismunandi. Í eldra landamerkjabréfi Selakirkjubóls frá 1890 segir að merkin utanverð séu „í Kaldá milli fjalls og fjöru, sem áin ræður“. Í sameiginlegu landamerkjabréfi fyrir Kaldá og Hól, dags. 18. maí 1890, er merkjunum gagnvart Selakirkjubóli lýst þannig að þar skilji löndin „á sú, er rennur frá fjalli til sjávar“. Í yngra landamerkjabréfi Selakirkjubóls frá 1921 er merkjunum lýst „í miðja á er heitir Kaldá frá sjó og þar sem áin nær, þaðan bein lína upp miðjan dal og upp á fjall“. Sama ár var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Kaldá, dags. 10. júlí 1921, og þar er merkjunum lýst um „Kaldá frá sjó og þaðan sem hún sést fram Kaldardal, og þaðan beina línu eftir miðjum á fjall“.

Í áðurnefndu sameiginlegu landamerkjabréfi fyrir Kaldá og Hól, dags. 18. maí 1890, segir um innbyrðis merki þeirra að þau séu „svonefndur Markhryggur, er liggur frá fjalli og að mestu leyti til fjöru niður“. Í yngra landamerkjabréfi Kaldár frá 1921 segir um merkin að þau séu „bein lína úr jarðföstum steini stórum merktum á sjávarbokkunum, eftir miðjum svokölluðum Markhrygg í gil í fjallinu, og svo áframhaldandi bein lína á fjall“. Sams konar lýsing er í yngra landamerkjabréfi Hóls, dags. 10. júlí 1921.

Fyrir utan Hól eru jarðirnar Garðar og Hvilft. Í *Jarðabók* Árna og Páls er fjallað um Garða sem hjáleigu frá Hvilft og þar segir að annað land en tún og engi sé óskipt. Síðar var land Hvilftar og Garða aðgreint og gerð landamerkjabréf fyrir hvora jörð um sig.[1868] Tvö landamerkjabréf eru til fyrir hvora jörð. Þau eldri eru bæði dagsett 27. maí 1890. Yngra landamerkjabréf Garða er dagsett 17. júlí 1920 en yngra landamerkjabréf Hvilftar er dagsett 11. júlí 1921.

Eldri landamerkjabréf Hóls og Garða frá 1890 lýsa bæði merkjum milli jarðanna um Hólsá „frá fjalli til fjöru“ og „milli fjalls og fjöru“. Sams konar lýsing er í yngra landamerkjabréfi Garða frá 1920 en í yngra landamerkjabréfi Hóls frá 1921 segir um merkin að Hólsá skilji „frá sjó og það sem hún sést fram eftir Hóls og Ga[r]ðadal og þaðan eftir miðjum dal á fjall“.

Um merkin milli Garða og Hvilftar segir í eldri landamerkjabréfum jarðanna frá 1890 að þau séu Garðalækur að neðan, síðan stór steinn á engjunum, þaðan sé farið í Barðhorn og síðan til norðurs „á fjallsbrún“ samkvæmt merkjalýsingu Garða en „í fjallsbrún“ samkvæmt merkjalýsingu Hvilftar. Þegar yngri landamerkjabréfin voru gerð 1920 og 1921 var búið að girða milli jarðanna á láglendi og nær samhljóða lýsingar eru á merkjunum í landamerkjabréfunum. Eftir að merkin við girðinguna hafa verið útlistuð er eftirfarandi orðalag haft um merkin til fjalls í landamerkjabréfi Garða: „En til fjalls

[1868] Fyrir liggur sameiginleg krafa vegna Garða og Hvilftar sem er næsta jörð fyrir utan. Í kröfulýsingu segir að forðum hafi þetta verið ein jörð, síðan sjálfstæðar jarðir um tíma en nú hafi þær aftur verið sameinaðar. Því sé krafa gerð í einu lagi en hún byggist á landamerkjabréfum hvorrar jarðar um sig.

eins og girðing vísar í læk þann eða gil, sem rennur niður úr svo kölluðu Sauðanefsflesi, en síðan ræður téð gil og stefna þess merkjum á fjallsbrún.“ Samhljóða lýsing er í landamerkjabréfi Hvilftar.

Merkjum Hvilftar að utanverðu er lýst gagnvart jörðinni Eyri en í landi þeirrar jarðar er nú þorpið Flateyri. Tvö landamerkjabréf eru til fyrir Eyri, annað dagsett 23. maí 1890 en hitt 8. júlí 1921. Í eldri landamerkjabréfum Hvilftar og Eyrar frá 1890 er merkjum milli jarðanna lýst um merkjalæk að neðanverðu sem renni úr gömlum mógröfum, þaðan í grænt dý og síðan sjónhending á ýmist „brún“ eða „fjallsbrún“. Þegar yngri landamerkjabréfin voru gerð árið 1921 var búið að reisa hvítmálað merki innan við græna dýið sem vísað var til í eldri landamerkjabréfunum. Um merki jarðanna til fjalls segir í báðum landamerkjabréfunum frá 1921 að frá hvítmáluðu merkjunum séu þau „bein lína til fjalls að hreppatakmörkum“.

Í báðum landamerkjabréfum Eyrar er þess getið að Hvilft helgi sér samkvæmt undirréttardómi beit allt árið fyrir sínar eigin skepnur fyrir utan Klofningshrygg. Hið sama kemur fram í landamerkjabréfi Hvilftar frá 1890 en þar segir að jörðin eigi „eptir undirrjettardómi […] til beitar á Sauðanesi utan Klofningshrygg sumar og vetur fyrir sinn pening“.

Land Eyrar nær út með Önundarfirði og mætir síðan landi Staðar í Súgandafirði.[1869] Í eldra landamerkjabréfi Eyrar frá 1890 er merkjum jarðanna lýst svo: „Úr Rauf eða Klauf í fjallsbrún fremst á Sauðanesi beina leið til sjávar þar sem Sauðanes skerst lengst út.“ Sömu merkjum er lýst í yngra landamerkjabréfi Eyrar frá 1921 og einnig í landamerkjabréfi Staðar, dags. 6. júní 1891, en þar er lýsingin orðuð svo: „Milli Staðar og Eyrar eru merkin í Rauf á Sauðanesi, og þaðan eins og nesið gengur lengst til sjávar.“

Í eldri heimild um merki Staðar í Súgandafirði, biskupsvísitasíu frá 15. ágúst 1639, segir að merki jarðarinnar nái að Gathamri en hann er utarlega í Önundarfirði, skammt innan við Sauðanestá. Snemma á 19. öld var uppi ágreiningur um beit á Sauðanesi sem varðaði m.a. merki Eyrar og Staðar, þ.e. hvort þau væru við Gathamar eða utar. Óumdeilt var þó að jarðirnar næðu saman og af landamerkjabréfum þeirra er ljóst að ágreiningurinn var úr sögunni þegar þau voru gerð.

Yst í Súgandafirði gengur Staðardalur inn í landið en hann klofnar í dalina Sunndal og Vatnadal. Milli þeirra er fjallið Sunndalshorn. Land Staðar nær frá fyrrgreindum merkjum gagnvart Eyri í Önundarfirði yst á Sauðanesi og inn Sunndal sunnanverðan og er þar aðliggjandi kröfusvæði ríkisins á fjallinu Sauðanesi. Land Bæjar er í norðanverðum Sunndal og liggur þar að suðurmörkum þess hluta kröfusvæðisins sem tekur til Sunndalshorns. Hinum megin við Sunndalshorn er síðan Vatnadalur en samnefnd jörð er þar aðliggjandi ágreiningssvæðinu.

Í landamerkjabréfum Staðar og Bæjar í Súgandafirði, sem bæði eru dagsett 6. júní 1891, er merkjum jarðanna lýst svo að þau séu Staðará frá fjöru til Þverár og síðan

[1869] Staður er í eigu íslenska ríkisins og því liggur ekki fyrir krafa vegna jarðarinnar, sbr. umfjöllun framar.

Þverá „fram til fjalls“ eða „fram til fjalla“. Þverá kemur ofan af Klofningsheiði og rennur eftir endilöngum Sunndal. Í eldri heimild um merki Staðar, þ.e. biskupsvísitasíu frá 15. ágúst 1639, er vísað til Dalsár um merki jarðarinnar á þessum slóðum en þar er um sömu á að ræða. Einnig eru þess dæmi að áin sé nefnd Staðardalsá.

Land Bæjar tekur til ysta hluta Vatnadals en jörð samnefnd dalnum er þar fyrir innan. Landamerkjabréf um merki milli jarðanna er dagsett 12. desember 1890. Þar segir m.a. að merkin séu um hóla sem nefnast Helguhóll og Þrautahóll. Þeim hluta merkjanna sem varða ágreiningssvæðið á Sunndalshorni er síðan lýst frá ánni sem rennur eftir dalnum með vísan til beinnar stefnu miðað við þessa hóla og síðan:

> … í hraunbarð eitt, sem liggur frá ánni, sem kallaður er Urðarkollur (Rauðkollur), sem stendur í miðju hrauninu, auðkennilegur frá öðrum hraunhólum þar, þaðan liggur merkið beint í fjall upp, sem nefnt er Sunddalshorn.

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Bæ ári síðar en það varðar einkum atriði sem tengjast ekki ágreiningssvæðinu. Þar er merkjum Bæjar og Vatnadals ekki lýst eins ítarlega og í fyrra landamerkjabréfinu heldur segir einfaldlega að Helguhóll sé merki „og þar þvert yfir dalinn“. Í fasteignamati 1916–1918 er Helguhóll einnig meðal þeirra kennileita sem tilgreind eru sem merki jarðarinnar en einnig vísað til Kýrskriðu sem er neðan Sunndalshorns og virðist á eða nálægt línunni sem dregin var yfir dalinn í landamerkjabréfinu um merki Bæjar og Vatnadals frá 1890. Þá er einnig vísað til Þverár sem tilgreind er í landamerkjabréfum Bæjar og Staðar um merki milli þeirra jarða. Fyrir liggur eldri heimild um merki Bæjar, kaupbréf dags. 22. febrúar 1460, en þar segir að jörðin nái „ad Sunddalsaa so langt sem hun fellur til ur Vatne og til gards þess er giordur er mille Vatnadals og bæar“. Ljóst þykir að áin sem þarna er nefnd Sunndalsá sé sama áin og nefnd er Þverá í landamerkjabréfi jarðarinnar þar sem hún rennur um Sunndal.

Eins og áður segir er jörðin Vatnadalur í samnefndum dal en áður var gerð grein fyrir landamerkjalýsingu frá árinu 1890 milli þeirrar jarðar og Bæjar. Merki jarðanna samkvæmt henni ná þvert yfir dalinn utanverðan. Óumdeilt er að land jarðarinnar Vatnadals tekur til alls dalsins þar fyrir innan en ekki liggur fyrir landamerkjabréf um þann hluta merkjanna.

Vatnadalur liggur endilangur inn með Sunndalshorni sem kröfusvæði ríkisins tekur til af kröfulínukorti að dæma. Í staðháttalýsingu við upphaf kaflans kom fram að úr botni dalsins hækkaði landið jafnt og þétt og þar væri m.a. fært um Vesturkika og Miðkika upp á fjalllendið sem kröfusvæði ríkisins tekur til. Norðan kröfusvæðisins, fyrir botni Vatnadals, er þriðja leiðin fær um svonefndan Norðurkika. Þar verða einnig fyrir hamrabrúnir ofan Kvíanesdals en óumdeilt eignarland jarðarinnar Kvíaness nær inn dalinn. Eins og áður sagði er afmörkun íslenska ríkisins á kröfusvæðinu óskýr á þessum slóðum en á kröfulínukorti er hún m.a. dregin nokkurn veginn þvert yfir dalinn innanverðan en úr honum liggur gömul þjóðleið upp á Grímsdalsheiði.

Ekki liggja fyrir landamerkjabréf um merki milli Vatnadals og Kvíaness. Af hálfu eigenda beggja jarðanna eru merki þeirra miðuð við vatnaskil í fjalllendinu milli

Kvíanesdals og botnsins á Vatnadal og áfram inn á ágreiningssvæðið. Óumdeilt er að land jarðanna mætist norðan kröfusvæðisins, milli Kvíanesdals og botnsins á Vatnadal, en þar er um skýr merki af náttúrunnar hendi að ræða.[1870]

Fyrir liggur landamerkjabréf, dags. 24. júní 1889, um merki Kvíaness og Lauga í Súgandafirði, næstu jarðar fyrir utan Kvíanes í firðinum. Þau snerta merki jarðarinnar á fjalli milli Súgandafjarðar og Vatnadals sem kröfusvæði ríkisins tekur ekki til og varða því ekki ágreiningssvæðið.

Næsta jörð fyrir innan Kvíanes er Botn í Súgandafirði en eins og nafnið gefur til kynna er bærinn í fjarðarbotninum.[1871] Í landamerkjabréfi, dags. 24. júní 1889, um merki milli Kvíaness og Botns er merkjunum lýst svo:

> Umsamin landamerki milli Botns og Kvíarness eru: Úr Nautaskálahorninu beint í krókinn á Læknum, sem rennur ofan með Klúkutúninu, og í græna þúfu, sem skorin er upp, og steinn er settur í, en upp úr þessari þúfu verður upphlaðin varða við hentugleika, svo að merkin verði skilmerkilegri.

Merki Botns hinum megin fjarðarins varða ágreiningssvæðið sem er til umfjöllunar í kafla 7.3.1.3 en ekki eru fyrir hendi merkjalýsingar sem tilgreina sérstaklega land í fjarðarbotninum og innsta hluta fjalllendisins sem hér er til umfjöllunar. Óumdeilt er þó að land Botns nái upp á Botnsheiði, norðan við innsta hluta ágreiningssvæðisins, og mæti þar landi Tungu í Skutulsfirði. Það sést m.a. af því að við meðferð málsins féll íslenska ríkið frá kröfu til Búrfells, sem er milli Súgandafjarðar og Skutulsfjarðar, með „hliðsjón af landfræðilegum aðstæðum jarðanna Botns í Súgandafirði og Tungu í Skutulsfirði“ og nefndi einnig landamerkjabréf jarðanna.

Landamerkjabréf Tungu í Skutulsfirði er ódagsett en líklega frá árinu 1909. Þar er merkjum jarðarinnar annars vegar lýst gagnvart Seljalandi í Skutulsfirði en eftir ítarlega lýsingu á merkjum á láglendi, sem miðast m.a. við það hversu lengi ríðandi maður sér bæinn í Tungu þegar farin er tiltekin leið, sbr. einnig vitnisburð frá 1595, segir að eftir það skipti Buná löndum „til fjalls“. Sá hluti merkjanna er milli ágreiningssvæðanna sem um er fjallað í köflum 7.3.1.3 og 7.3.1.5.

Hins vegar er merkjum Tungu lýst gagnvart Hafrafelli í Skutulsfirði en þar segir að Úlfsá ráði merkjum „frá fjöru til Fjalls“. Áin rennur eftir Dagverðardal ofan af Breiðadalsheiði milli ágreiningssvæðanna sem um er fjallað í þessum kafla og í kafla 7.3.1.1. Óumdeilt er að land Tungu og Ytri-Veðrarár, sem fjallað var um framar, mætist á heiðinni innan við ágreiningssvæðið.

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um landamerki sem varða ágreiningssvæðið en af framangreindu sést að merki jarða umhverfis kröfusvæðið eru samfelld. Þær merkjalýsingar sem raktar hafa verið miðast ýmist við vatnsföll eða merkjum er lýst milli tiltekinna staða á láglendi og fjalls. Oft er þar vísað til fjallsbrúnar, ákveðins

[1870] Fyrir liggja tvær kröfulýsingar vegna Kvíaness af hálfu mismunandi eigenda. Þótt örlítill munur sé á því hvernig kröfulínur þeirra eru dregnar inn á kröfulínukort málsins er ljóst af texta beggja kröfulýsinganna vegna Kvíaness að ekki er munur á afmörkun þeirra m.t.t. kröfu íslenska ríkisins.

[1871] Sameiginleg krafa er gerð vegna Botns og nýbýlisins Birkihlíðar en land þeirra er að mestu óskipt.

kennileitis við fjallsbrún, eða notaðar vísanir eins og „til fjalls“ eða „á fjall“. Stundum er einnig tilgreint að um sé að ræða merki milli fjalls og fjöru.

Til eru tvö landamerkjabréf fyrir flestar jarðirnar í Önundarfirði, annað gert samkvæmt eldri landamerkjalögum, nr. 5/1882, en hitt samkvæmt þeim yngri, nr. 41/1919. Merkjalýsingarnar eru í grunninn sams konar en gjarnan aðeins ítarlegri í yngri bréfunum. Stundum er ástæðan greinilega sú að í millitíðinni hefur verið girt á láglendi eða útbúin önnur skýr viðmið um merkin þar en einnig er merkjum oftast lýst ótvíræðar inn á fjöllin í yngri landamerkjabréfunum, t.d. með orðalaginu „á fjall“ í stað þess að vísað sé óljóst til fjalls eða fjallsbrúnar. Sérstaklega eru merkjalýsingar Hvilftar og Eyrar skýrar að þessu leyti en í yngri landamerkjabréfum jarðanna frá 1921 er merkjum milli þeirra tvímælalaust lýst inn á mitt ágreiningssvæðið, þ.e. „að hreppatakmörkum“ en mörk Suðureyrarhrepps og Mosvallahrepps lágu eftir ágreiningssvæðinu endilöngu.

Í greinargerð íslenska ríkisins segir um muninn á eldri og yngri landamerkjabréfum á svæðinu að eldri landamerkjabréfin renni að mati íslenska ríkisins stoðum undir þjóðlendukröfur þess. Ekki verður fallist á þann málatilbúnað íslenska ríkisins að teljandi munur sé á merkjalýsingum eldri og yngri landamerkjabréfanna. Heildarmerkjum er hvorki lýst í yngri bréfunum né þeim eldri. Merkin eru ávallt dregin á sama eða sams konar hátt frá láglendi og til fjalls en ekki gerð grein fyrir merkjum milli efstu punkta í merkjalýsingunum. Þótt stundum sé ótvíræðara í yngri landamerkjabréfunum en þeim eldri að merkjum sé lýst inn á fjöllin sem ágreiningur málsins varðar eru merkjalýsingarnar í grundvallaratriðum sambærilegar að mati óbyggðanefndar.

Þótt þess séu dæmi á svæðinu að ekki fari milli mála að merkjum er lýst inn á mitt ágreiningssvæðið, þá er ljóst að merkjalýsingarnar taka almennt ekki af tvímæli um hversu langt merki jarðanna ná til fjalla og því þarf m.a. að túlka þær með hliðsjón af staðháttum. Þrátt fyrir að fæstar lýsingar á merkjum jarða til fjalla séu ótvíræðar verður að líta til þess að fjöllin mynda glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna og áfram inn á miðjan fjallgarðinn eru litlar. Þá eru þess einnig dæmi að merkjum jarða sé lýst berum orðum inn á ágreiningssvæðið eins og fram hefur komið.

Niðurstöður um landamerki og afmörkun er að finna í kafla 7.3.1.8.

7.3.1.3 Fjalllendi milli Súgandafjarðar, Skálavíkur, Bolungarvíkur og Skutulsfjarðar

Hér verður fjallað um þau þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess eru nefnd annars vegar *Gilsbrekkuheiði Ísafirði* og hins vegar *Gilsbrekkuheiði Bolungavík*.[1872] Kröfum íslenska ríkisins er lýst í tveimur hlutum en um er að ræða efsta hluta samfellds fjalllendis milli Súgandafjarðar, Skálavíkur og Bolungarvíkur, auk þess sem innsti hlutinn snýr að Skutulsfirði. Sveitarfélagamörk liggja eftir svæðinu endilöngu.

[1872] Textalýsingar á kröfulínum íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

Áður fyrr voru þar mörk Suðureyrarhrepps og Hólshrepps, auk þess sem Eyrarhreppur náði inn á innsta hluta svæðisins. Nú eru Suðureyrarhreppur og Eyrarhreppur hluti af sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ en Hólshreppur nefnist nú Bolungarvíkurkaupstaður Kaupstaðurinn sjálfur er skammt frá nyrstu hlutum kröfusvæðisins.

Kröfusvæðið tekur að mestu leyti til fjallgarðs sem teygir sig frá Kistufelli, ofan Botnsheiðar milli Skutulsfjarðar og Súgandafjarðar, út undir sjó milli Súgandafjarðar og Skálavíkur en beggja vegna Keflavíkur sem er þar á milli greinist kröfusvæðið í tvennt, annars vegar út á fjallið Gölt milli Súgandafjarðar og Keflavíkur, hins vegar út á Öskubak milli Keflavíkur og Skálavíkur. Einnig teygir svæðið sig norður úr áðurnefndum fjallgarði á tveimur stöðum, og tekur þar annars vegar til fjalla milli Skálavíkur og Tungudals í Bolungarvík en hins vegar til fjalla milli Tungudals og Syðridals í Bolungarvík.

Þótt kröfusvæðið sé allt kennt við Gilsbrekkuheiði er hún einungis lítill hluti fjalllendisins sem krafa ríkisins tekur til en einstakir hlutar þess bera hver sitt nafn. Innst, ofan Gyltuskarðs milli Botnsdals og Seljalandsdals, eru Kistufell og Svarthamar. Utan þeirra í Súgandafirði eru m.a. fjöllin Geirteigshvilftarfjall, Stekkjarhvilftarfjall og Grensfjall. Hinum megin við þau, ofan Syðridals í Bolungarvík hækkar landið hækkar jafn og þétt úr dalnum og og þaðan liggur gömul þjóðleið um Gilsbrekkuheiði ofan í Gilsbrekkudal í Súgandafirði sem er milli áðurnefnds Grensfjalls og Innri-Áreiðarfjalls. Þar fyrir utan eru svo m.a. Ytri-Áreiðarfjall, Lásvíkurfjall og Ásfjall. Milli Syðridals og Tungudals í Bolungarvík eru síðan m.a. fjöllin Litla-Hyrna, Stóra-Hyrna og Ernir. Grárófuheiði liggur þvert yfir kröfusvæðið milli Tungudals í Bolungarvík og Selárdals í Súgandafirði. Hluti ágreiningssvæðisins teygir sig síðan norður yfir Gönguskörð,[1873] og er milli annars vegar Tungudals og Hlíðardals í Bolungarvík og hins vegar Skálavíkur, tekur m.a. til Tunguhorns, Mánafells, Lambamúla og Deilis. Á ysta hluta ágreiningssvæðisins Súgandafjarðarmegin eru svo m.a. Hafnarhorn, Klettafjall og Göltur en í þeim hluta sem snýr að Skálavík eru m.a. Svartafjall, Kroppstaðahorn og Öskubakur. Síðastnefnda fjallið ásamt Gelti, sem áður var nefndur, ramma inn Keflavík.

Kröfusvæðið er í um 450–700 m hæð. Frá innsta hluta þess á Kistufjalli til ystu brúna Galtar og Öskubaks eru um 16 km en þeir tveir hlutar sem teygja sig út á milli dala í Bolungarvík og Skálavík ná um 3,5 og 5 km frá miðjum fjallgarðinum. Breiðustu hlutar fjalllendisins eru á bilinu 1,5–3 km en víðast hvar eru fjöllin eða einstakir hlutar svæðisins mjórri og í Gönguskörðum, milli Skálavíkur og Tungudals í Bolungarvík, er svæðið vart nema fáeinir metrar. Afmörkun íslenska ríkisins á þjóðlendukröfusvæðinu er á þeim slóðum, líkt og víðast annars staðar, lýst um fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess en í Gönguskörðum er þó varla fyrir að fara brúnum beggja vegna af því tagi sem kröfugerð ríkisins miðast við. Frá flestum bæjarstæðum upp á efstu hluta

[1873] Í heimildum er ýmist vísað til þessa staðar sem Gönguskarða, Gönguskarðs, Göngumannaskarða eða Göngumannaskarðs. Hér verður fyrstnefnda heitið almennt notað.

fjallanna eru 1–2 km og oftast á bilinu 500 m til 1,5 km áfram inn á miðjan fjallgarðinn. Frá Breiðabóli í Skálavík og Hlíðarbæjunum í Bolungarvík til þess hluta fjalllendisins sem gert er tilkall til vegna þeirra eru um 4 km, en aðrir hlutar kröfusvæðisins eru mun skemmra frá þessum bæjum. Lengst er frá Tungu í Skutulsfirði að mörkum kröfusvæðisins, um 5 km, en þar er einungis um agnarlítinn hluta af kröfusvæðinu að ræða.

Þegar samliggjandi kröfusvæði ríkisins eru skoðuð sem ein heild miðast afmörkun ríkisins að mestu leyti við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1. Á einum stað er kröfulínan þó dregin frá fjallsbrún „í vatn norðan Gráróuheiði sem er upptök Hólsár“ og þaðan beina sjónhending til fjalls og afmörkun áfram lýst eftir fjallsbrún. Þá er óskýrt hvernig ætlunin er að afmarka hluta af kröfusvæðinu sem nefnt er *Gilsbrekkuheiði Bolungavík*. Punktur nr. 11 á þeirri kröfulínu miðast við „Surta[r]brandsá sem ræður merkjum milli Gils og Hanhóls“ og síðan segir: „Þaðan ráða fjallsbrúnir í Kistufelli og Svarthamri …“ Þessi fjöll eru þó ekki nálægt þeim punkti á kröfulínukorti sem miðast við Surtarbrandsá heldur eru meira en 4 km yfir að þeim í beinni loftlínu. Þar á milli hækkar landið jafnt og þétt úr Syðridal, m.a. upp á Gilsbrekkuheiði, en þar fer lítið fyrir brúnum af því tagi sem íslenska ríkið segist miða kröfur sínar við fyrr en komið er að mörkum kröfusvæðisins hinum megin, ofan Súgandafjarðar. Á kröfulínukorti málsins er kröfulína ríkisins ofan Syðridals dregin nálægt hæsta hluta fjalllendisins, skammt frá sveitarfélagamörkum.

Afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Botn, Gilsbrekku, Selárdal, Norðureyri, Gölt, Keflavík, Meiri-Bakka, Kroppsstaði, Meira-Hraun, Minna-Hraun, Breiðaból, Meiri-Hlíð, Þjóðólfstungu, Hól, Grundarhól, Geirastaði, Miðdal, Hanhól, Gil og Tungu. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða.

Af hálfu eigenda flestra fyrrgreindra jarða eða lands sem áður var hluti þeirra hefur verið lýst kröfum um eignarréttindi á mismunandi hlutum þjóðlendukröfusvæðisins.[1874] Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að svæðin séu eða hafi verið innan merkja jarða og þau séu eignarlönd á þeim grundvelli.[1875] Kemur því til athugunar hvort land þeirra nái inn fyrir kröfulínu ríkisins og í því skyni verða heimildir um merki áðurnefndra jarða umhverfis kröfusvæðið teknar til skoðunar. Tilhögun umfjöllunarinnar verður þannig að farinn verður hringur réttsælis umhverfis kröfusvæðið. Byrjað verður innst í Súgandafirði, á umfjöllun um merki Botns, og síðan haldið út með Súgandafirði og fjallað um merki Gilsbrekku, Selárdals, Norðureyrar og Galtar. Þá koma til skoðunar merki Keflavíkur, sem er milli Súgandafjarðar og Skálavíkur, en að því loknu merki

[1874] Afmörkun eigenda Gilsbrekku í Súgandafirði á landi jarðarinnar miðast við sömu brúnir og ríkið miðar við og nær því ekki inn á þjóðlendukröfusvæðið. Sá hluti kröfusvæðisins sem þar um ræðir er þó til rannsóknar á grundvelli fyrirvara ríkisins við kröfugerð sína sem gerð er grein fyrir í kafla 7.1.

[1875] Sjá umfjöllun í inngangi, kafla 7.1, um breytingar sem hafa orðið á afmörkun og skráningu fasteigna síðan landamerkjabréf jarða voru almennt gerð.

jarða í Skálavík, þ.e. Meiri-Bakka, Kroppsstaða, Meira-Hrauns, Minna-Hrauns og Breiðabóls. Eftir það verður fjallað um merki jarða í Bolungarvík, þ.e. Meiri-Hlíðar, Þjóðólfstungu, Hóls, Grundarhóls, Geirastaða, Miðdals, Hanhóls og Gils, en að síðustu verður fjallað um merki Tungu í Skutulsfirði. Þar er hringnum lokað þar sem óumdeilt er að land jarðarinnar og Botns í Súgandafirði nái saman innan við ágreiningssvæðið.

Fyrir botni Súgandafjarðar er jörðin Botn sem fyrr segir.[1876] Merki jarðarinnar sunnan fjarðarins varða ágreiningssvæðið sem er til umfjöllunar í kafla 7.3.1.2 en ekki eru fyrir hendi merkjalýsingar sem tilgreina sérstaklega land í fjarðarbotninum og innsta hluta fjalllendisins sem hér er til umfjöllunar. Óumdeilt er þó að land Botns nái m.a. upp í Gyltuskarð, sem er undir Kistufelli, innsta hluta ágreiningssvæðisins, og mæti þar landi Tungu í Skutulsfirði. Það sést m.a. af því að við meðferð málsins féll íslenska ríkið frá kröfu til Búrfells, sem er milli Súgandafjarðar og Skutulsfjarðar, hinum megin Gyltuskarðs, með „hliðsjón af landfræðilegum aðstæðum jarðanna Botns í Súgandafirði og Tungu í Skutulsfirði“ og vísaði í því samhengi einnig til landamerkjabréfa jarðanna.

Hvað merki Botns norðan fjarðarins varðar er fyrir hendi sameiginlegt landamerkjabréf um merki Botns og Gilsbrekku, næstu jarðar fyrir utan, dags. 22. júní 1889, en merkjum jarðanna er þar lýst „í Seltjörn og þaðan beina stefnu upp eptir stóru gili upp á fjallsbrún“.

Selárdalur er næsta jörð fyrir utan Gilsbrekku en í landamerkjabréfi Selárdals, dags. jarðarinnar 24. nóvember 1891 segir að landamerki milli jarðanna sé „djúpt gil, sem kallast Ytra-Áreiðargil, og nemur frá fjallsbrún til fjöru“.

Um landamerki Selárdals að utanverðu, gagnvart jörðinni Norðureyri, segir að þau séu gil „sem kallað er Mígandi eða Mígandisgil“. Landamerkjabréf Norðureyrar er frá árinu 1886 og þar er merkjum að innanverðu lýst þannig að þau séu „svo nefnd „Mígandisá“ frá fjöru til fjalls“. Merkjalýsingum Selárdals og Norðureyrar ber því saman þar sem örnefnin bera með sér að áin sem tilgreind er í annarri merkjalýsingunni renni um gilið sem nefnt er í hinni. Um merki Norðureyrar að utanverðu segir í landamerkjabréfi jarðarinnar að þau séu Norðureyrargil.

Upplýsingar í fasteignamati 1916–1918 um landamerki Gilsbrekku, Selárdals og Norðureyrar samsvara fyrrgreindum landamerkjabréfum og hvað varðar Selárdal kemur hið sama fram í lýsingu og virðingu jarðarinnar, dags. 30. júní 1926.

Ysta jörðin í Súgandafirði er Göltur. Í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 2. apríl 1890, er merkjum gagnvart Norðureyri lýst á sama hátt og í landamerkjabréfi síðarnefndu jarðarinnar, þ.e. um Norðureyrargil. Merki gagnvart Keflavík eru síðan sögð vera Skínandisgil „norðan til við Burstarurð“. Í fasteignamati 1916–1918 segir ranglega um Gölt í undirmati I að engin landamerkjaskrá sé fyrir jörðina. Í undirmati II segir um landamerkin að þau séu óljós að utan en um merkin að innan er vísað í jörð nr. 183 í fasteignamatinu, þ.e. Norðureyri. Fyrir liggur þó að fyrrnefndu landamerkja-

[1876] Sameiginleg krafa er gerð vegna Botns og nýbýlisins Birkihlíðar en land þeirra er að mestu óskipt.

bréfi Galtar þar sem merkjum er lýst um Norðureyrargil og Skínandisgil var þinglýst 26. júlí 1890.

Milli Súgandafjarðar og Skálavíkur er jörðin Keflavík. Ekki liggja fyrir heimildir um að gert hafi verið landamerkjabréf fyrir jörðina á sínum tíma samkvæmt landamerkjalögum nr. 5/1882 eða 41/1919 og í fasteignamati 1916–1918 segir að landamerki jarðarinnar séu óþekkt. Af hálfu eiganda Keflavíkur hafa verið lagðar fram tvær nýlegar en ódagsettar yfirlýsingar um landamerki jarðarinnar, annars vegar gagnvart Gelti og hins vegar gagnvart Meiri-Bakka í Skálavík, ásamt hnitsettum uppdrætti. Í yfirlýsingunum er vísað til landamerkjabréfa Galtar og Meiri-Bakka. Þar segir einnig að uppdrátturinn, þar sem merkin eru m.a. dregin eftir vatnaskilum á fjöllunum Gelti og Öskubak, lýsi sameiginlegum skilningi núverandi landeigenda jarðanna um legu merkjanna en yfirlýsingarnar eru ekki undirritaðar.

Norðan Keflavíkur er Skálavík en Meiri-Bakki er ysta jörðin í Skálavík sunnanverðri. Landamerkjabréf jarðarinnar er ódagsett en það var móttekið til þinglesturs 28. júlí 1909. Þar er merkjum gagnvart Keflavík lýst á svohljóðandi hátt:

> Enn að vestan verðu er landamerki einn stakur klettur við sjó, norðan til við svonefndar háu Skriður, en vestantil við Mölvík sem kölluð er, beint upp af Klettinum er ytra Skálarhorn, sem kallað er, og á því vörðu broti, í það og Klettinn eru landamerki milli Keflavíkur og Meiribakka.

Merkjum Meiri-Bakka að innanverðu, gagnvart Kroppsstöðum í Skálavík, er síðan lýst um Kroppstaðaá sem er sögð renna „af fjalli“. Áin er einnig tilgreind sem merki jarðanna í landamerkjabréfi Kroppsstaða, dags. 27. júní 1921,[1877] en þar er vísað til þess að hún renni „úr svo kallaðri Skál“.

Merkjum Kroppsstaða gagnvart Meira-Hrauni, næstu jörð fyrir innan er síðan lýst á eftirfarandi hátt:

> Milli Kroppsstaða og Meirahrauns er rauður steinn, er stendur á holti í svo kölluðum Kötlum, og sjónhending frá honum í Hraunagarða enda norðan vert við Hraunsá, og aftur upp frá honum í stekk og þaðan beint til brunar, í ytra horn á Kroppsstaðahorni

Lýsing á merkjum jarðanna í landamerkjabréfi Meira-Hrauns, dags. 6. apríl 1888, er síðan svohljóðandi:

> … í Strýtustein rauðan á holtinu við ána, garðsendann ofan til við Katlagarðinn Klukkustekkinn svo nefndan, Hamraenda og hæsta hnúk í Kroppstaðahorninu, allt í beinni línu, ef maður stendur við Strýtusteininn við ána, sem ekki er þarna nema einn tilsögð landamerki milli Kroppstaða og Meirahrauns.

Lýsingarnar eru sambærilegar að því leyti að lýst er merkjum frá tilteknum rauðum steini og eftir nánar tilgreindri leið upp í Kroppstaðahorn. Leiðinni þar á milli er ekki

[1877] Tilgreint er að eigendur Breiðabóls hafi neitað að skrifa undir landamerkjabréfið en merki Kroppsstaða og Breiðabóls eru niðri í miðri Skálavík, ekki nálægt fjalllendinu, sem hér er til skoðunar og því þykir þetta ekki draga úr gildi landamerkjabréfsins með tilliti til ágreiningssvæðisins. Líklegt þykir að ástæðan fyrir synjun eigenda Breiðabóls um undirritun tengist deilum um merki Kroppsstaða og Breiðabóls sem kom fyrir landamerkjadóm 1922, árið eftir gerð landamerkjabréfsins, og voru sættar 1923. Deilurnar vörðuðu tilteknar eyrar niðri í víkinni og snerta því ekki ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar

lýst á nákvæmlega sama hátt en eigandi Meira-Hrauns er þó meðal þeirra sem árita landamerkjabréf Kroppsstaða, sem er yngra, svo að sú merkjalýsing hefur verið ágreiningslaus. Í annarri merkjalýsingunni er síðan tilgreint ytra horn á Kroppstaðahorni en í hinni hæsti hnúkurinn þar.

Innan við Meira-Hraun eru svonefnd Gönguskörð[1878] í fjalllendinu en kröfusvæði ríkisins er þar örmjótt eins og áður greinir. Norðan þess tekur ágreiningssvæðið til fjalllendis milli Skálavíkur og Tungudals í Bolungarvík.

Í fyrrnefndu landamerkjabréfi Meira-Hrauns, dags. 6. apríl 1888, eru merki Meira-Hrauns og Minna-Hrauns sögð vera „á, sem rennur frá Göngumannaskörðum, sem rennur ofan svo nefndan Hraunsdal beint til sjóar“. Samsvarandi lýsingu er að finna í landamerkjabréfi Minna-Hrauns, dags. 2. maí 1888, þ.e. að um sé að ræða á sem rennur frá Göngumannaskarði til sjávar, og þar er áin nefnd Langá.

Land Breiðabóls í Skálavík mætir síðan landi Minna-Hrauns nálægt nyrsta hlutanum af ágreiningssvæðinu í Skálavík. Í fyrrnefndu landamerkjabréfi Minna-Hrauns segir um merki jarðanna gagnvart ágreiningssvæðinu að þau séu lækur sem rennur „úr miðri Lambaskál frá fjalli“, þá í á sem kemur ofan af Skálavíkurheiði og loks í Langá. Í landamerkjabréfi Breiðabóls, sem er ódagsett en var þinglesið 4. júlí 1922,[1879] segir að merki milli jarðanna séu „Lambaskalará frá fjallsbrun í Langá“. Ljóst þykir að lækurinn sem tilgreindur er í merkjalýsingu Minna-Hrauns og sagður renna úr miðri Lambaskál sé sama vatnsfallið og nefnt er Lambaskálará í merkjalýsingu Breiðabóls.

Á Skálavíkurheiði, norðan ágreiningssvæðisins, mætir land Breiðabóls landi Meiri-Hlíðar í Bolungarvík.[1880] Merkjum jarðanna er í landamerkjabréfi Breiðabóls frá 1922 lýst um Hærri-Kross sem er varða á Skálavíkurheiði. Gagnvart ágreiningssvæðinu sem hér er til umfjöllunar er í merkjalýsingunni dregin bein lína þaðan og „á Lambamúla“ sem er nyrsti hluti fjalllendisins sunnan Skálavíkurheiðar. Afmörkun íslenska ríkisins á þjóðlendukröfusvæðinu miðast m.a. við brúnir hans.

Tveir af eigendum Breiðabóls stóðu að gerð landamerkjabréfs jarðarinnar árið 1922 en tveimur árum síðar, árið 1924, lýstu þrír aðrir eigendur jarðarinnar því yfir að þeir teldu merkjum milli Breiðabóls og Hóls í Bolungarvík ranglega lýst þar. Sá ágreiningur varðar þó ekki svæðið sem hér er til umfjöllunar heldur merki Breiðabóls á Stigahlíð og verður tekinn til skoðunar í kafla 7.3.2. Hann þykir ekki draga úr gildi landamerkjalýsingar Breiðabóls gagnvart Minna-Hrauni og Meiri-Hlíð, enda skrifuðu eigendur beggja jarða undir landamerkjabréfið.

[1878] Hér er um að ræða áðurnefndan stað sem ýmist nefnist Gönguskörð, Gönguskarð, Göngumannaskörð eða Göngumannaskarð.

[1879] Aftar er gerð grein fyrir ágreiningi um landamerkjabréf Breiðabóls sem kom upp á yfirborðið tveimur árum eftir gerð þess. Ágreiningurinn varðar þó ekki svæðið sem hér er til umfjöllunar.

[1880] Gerð er sameiginleg krafa vegna „Hlíðartorfu“ að frátaldri Minni-Hlíð, nánar tiltekið vegna Meiri-Hlíðar, Traðar og Ytri-Búða. Sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar snertir merki Meiri-Hlíðar.

Merkjalýsing Meiri-Hlíðar í Bolungarvík í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 12. maí 1890, miðast m.a. við Hærri-Kross, líkt og landamerki Breiðabóls á Skálavíkurheiði. Merkjum jarðarinnar á heiðinni er ekki lýst nánar en eigandi Meiri-Hlíðar skrifaði undir áðurnefnt landamerkjabréf Breiðabóls árið 1922 þar sem merkjum milli Breiðabóls og Meiri-Hlíðar er m.a. lýst frá Hærri-Krossi upp á Lambamúla.

Þeim hluta af merkjum Meiri-Hlíðar sem varða ágreiningssvæðið er síðan lýst á þann veg í landamerkjabréfi jarðarinnar að merki milli hennar og Þjóðólfstungu séu „eptir því sem Tunguá segir fram á hærri Kross og heim í Þverá“.[1881]

Í landamerkjabréfi Þjóðólfstungu í Bolungarvík, dags. 12. maí 1890, er merkjum jarðanna einnig lýst um Tunguá og Þverá:

> Milli Þjóðólfstungu og Meirihlíðar og Minnihlíðar er hin svonefnda Þverá landamerki, sem hefir upptök sín í Mánafellsskál, og rennur í Tunguá, og eptir það ræður Tunguá landamerkjum þangað til hún rennur í Hólsá.

Í örnefnaskrám Þjóðólfstungu og Meiri-Hlíðar kemur fram að Tunguá sé einnig nefnd Hlíðará og það örnefni er almennt notað á landakortum nú til dags. Áin rennur eftir Hlíðardal ofan af Skálavíkurheiði og á upptök nálægt Hærri-Krossi. Fyrir sunnan Hærri-Kross er Lambamúli og Mánafell en neðan þess er Mánafellsskál sem Þverá rennur úr áður en hún sameinast ánni sem ýmist nefnist Hlíðará eða Tunguá niðri í dalnum.

Lýsingin á samspili Tunguár, Hærri-Kross og Þverár í landamerkjabréfi Meiri-Hlíðar er nokkuð misvísandi en aðrar heimildir bera með sér að óumdeilt hafi verið að Tunguá réði merkjum jarðanna að þeim stað þar sem Þverá rennur í hana og að merkin fylgdu Þverá þaðan. Sem dæmi má nefna að af hálfu eiganda Meiri-Hlíðar er skrifað undir landamerkjabréf Þjóðólfstungu þar sem lýsingin er skýr að þessu leyti. Það mat að land Meiri-Hlíðar sé milli upptaka Hlíðarár á Skálavíkurheiði og Þverár samræmist einnig áðurnefndu landamerkjabréfi Breiðabóls í Skálavík þar sem merkjum jarðarinnar gagnvart Meiri-Hlíð er lýst þvert yfir Skálavíkurheiði.

Land Þjóðólfstungu nær síðan inn eftir Tungudal í Bolungarvík. Hinum megin í dalnum er jörðin Hóll, en í fyrrnefndu landamerkjabréfi Þjóðólfstungu segir að merki jarðanna séu Hólsá sem „hefir upptök sín úr vatni, sem liggur norðan til við heiðina Gráróu“.

Ekki liggur fyrir sérstakt landamerkjabréf fyrir Hól en eigendur jarðarinnar skrifuðu undir landamerkjabréf Þjóðólfstungu og því virðist ágreiningslaust að merki jarðanna hafi fylgt Hólsá. Í landamerkjabréfi um merki milli Hóls og Grundarhóls í Bolungarvík, dags. 7. júlí 1904, er merkjum Hóls lýst að hluta.[1882] Grundarhóll mun lengi hafa tilheyrt Hóli og af landamerkjalýsingunni að dæma, sem og samspili við merkjalýsingar Þjóðólfstungu og Geirastaða, klýfur Grundarhóll land Hóls við fjallið Erni utanvert. Í landamerkjabréfinu er merkjum Hóls og Grundarhóls lýst frá tveim stöðum á láglendi

[1881] Merki Meiri-Hlíðar að öðru leyti verða tekin til skoðunar í kafla 7.3.2.
[1882] Krafa vegna Hóls í málinu er tvískipt en um hinn hlutann verður fjallað í kafla 7.3.2.

upp í Erni. Öðrum megin miðast merkjalýsingin m.a. við „stein Hólsmegin við uppsprettulind, sem kemur útúr svo nefndum Hrossahjalla neðan undir Ernisfjallinu, og úr þeim steini bein sjónhending í Steinmann, sem er nýpa uppá Ernisröndinni“. Hinum megin miðast lýsingin m.a. við svonefndan Markhrygg Syðradalsmegin við fjallið og þaðan „bein sjónhending til fjallsbrúnar“.

Utarlega í Syðridal í Bolungarvík er jörðin Geirastaðir sem mun lengi hafa tilheyrt Hóli, líkt og Grundarhóll. Í landamerkjabréfi Geirastaða, dags. 19. júlí 1890, er merkjum að utanverðu lýst gagnvart Hóli, nánar tiltekið „úr gili í fjallinu ofan í stein á Geirastaðaleiti, merktan G. og H, og þaðan beina línu í fremsta Vatnsneshorn“.

Að innanverðu er merkjum Geirastaða lýst gagnvart Miðdal „í svokallað Geirastaðagil í fjallinu, og í læk, sem rennur ofan í vatn“.

Í landamerkjabréfi Miðdals, dags. 28. ágúst 1922, er heildarmerkjum jarðarinnar lýst. Þar er merkjum að utanverðu, gagnvart Geirastöðum lýst svohljóðandi: „Uppskorinn lækur framanverðu við Geirstaðaroddu og sem hann vísar á Geirastaðargil og eptir því á fjallsbrún.“ Að innanverðu, gagnvart Hanhól, er þeim hluta merkjanna sem varða ágreiningssvæðið lýst frá tilteknum steini, beint að kletti sem nefnist Svarti-Skúti og þaðan dregin „sama lína afram beint á fjals brún“. Enn fremur segir við upphaf bréfsins að milli landamerkja gagnvart Geirastöðum og Hanhól afmarkist land Miðdals af „fjallsbrúninni milli Syðra-Tungudals“ og þetta er ítrekað á svohljóðandi hátt eftir að merkjum gagnvart jörðunum hefur verið lýst nánar: „Fjallsbrúnin eins og aður segir milli dalanna.“ Að mati óbyggðanefndar ber vísun til fjallsbrúnar *milli* dalanna með sér, með hliðsjón af staðháttum, að með orðinu fjallsbrún sé þarna vísað til hæstu hluta fjallgarðsins.

Landamerkjabréf Hanhóls, dags. 28. ágúst 1922, lýsir einnig heildarmerkjum jarðarinnar, líkt og fyrrnefnt landamerkjabréf Miðdals og lýsing á merkjum milli jarðanna er sams konar og þar. Innan við Syðridalsvatn mætir land Hanhóls jörðinni Gili. Eftir að merkjum milli jarðanna næst vatninu og áfram eftir tilteknum ám hefur verið lýst ítarlega í landamerkjabréfi Hanhóls segir um þann hluta merkjanna sem snerta ágreiningssvæðið að þau fylgi Surtarbrandsá „að upptökum og þaðan bein sjónhending á Fjallsbrún“. Enn fremur segir að fjallsbrún ráði milli þeirra merkja sem hafa verið tilgreind gagnvart Miðdal og Hanhól. Landamerkjalýsing Hanhóls í tveimur byggingarbréfum, dags. 4. júní 1940 og 5. apríl 1944, er efnislega sú sama og í landamerkjabréfi jarðarinnar.

Gil í Syðridal í Bolungarvík er aðliggjandi innsta hluta ágreiningssvæðisins ofan dalsins. Í landamerkjabréfi jarðarinnar, sem gert var í september 1885, segir um merkin gagnvart Hanhól að þau séu „Surtarbrandsá að ofan, en Gilsá að neðan“. Landamerkjabréfum Gils og Hanhóls ber því saman um það að Surtarbrandsá ráði merkjum jarðanna næst ágreiningssvæðinu. Merkjum Gils á hinn veginn er síðan lýst gagnvart Ósi, utar í dalnum, en þau snerta ágreiningssvæði sem er til umfjöllunar í kafla 7.3.1.4. Merkjum jarðarinnar þar á milli er ekki lýst en óumdeilt er að norðan Kistufells, sem er innsti

hluti ágreiningssvæðisins, mæti land Gils jörðinni Tungu í Skutulsfirði á hrygg sem skilur milli Syðridals í Bolungarvík og Tungudals í Skutulsfirði.

Landamerkjabréf Tungu er ódagsett en líklega frá árinu 1909. Þar er merkjum jarðarinnar annars vegar lýst gagnvart Hafrafelli í Skutulsfirði en þar segir að Úlfsá ráði merkjum „frá fjöru til Fjalls“. Hins vegar er merkjum lýst gagnvart Seljalandi í Skutulsfirði en eftir ítarlega lýsingu á merkjum á láglendi, sem miðast m.a. við það hversu lengi ríðandi maður sér bæinn í Tungu þegar farin er tiltekin leið, segir að eftir það skipti Buná löndum til fjalls. Innstu hlutar ágreiningssvæðanna sem fjallað er um í þessum kafla og í kafla 7.3.1.2 eru milli þeirra vatnsfalla sem tilgreind eru í landamerkjabréfi Tungu.

Eins og fyrr segir er óumdeilt að norðan Kistufells mætist lönd Tungu og Gils í Bolungarvík. Sömuleiðis er óumdeilt að sunnan Kistufells mætist lönd Tungu og Botns í Súgandafirði eins og gerð var grein fyrir við upphaf umfjöllunar um landamerki umhverfis ágreiningssvæðið.

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um landamerki sem varða ágreiningssvæðið en af framangreindu sést að merki jarða umhverfis kröfusvæðið eru samfelld. Þær merkjalýsingar sem hafa verið raktar eru af ýmsu tagi. Í Súgandafirði miðast þær almennt við tiltekin gil og stundum er fjallsbrún tilgreind að auki. Í Skálavík og Bolungarvík miðast merki oft við vatnsföll og iðulega tilgreint að þau komi af fjalli eða línan er dregin frá þeim til fjallsbrúnar. Þá eru nokkur dæmi um að vísað sé til tiltekins kennileitis í eða á fjalli.

Landamerkjabréf Hanhóls og Miðdals eru frábrugðin öðrum landamerkjabréfum á svæðum að því leyti að þau lýsa heildarmerkjum jarðanna, ólíkt því sem almennt gerist. Í þeim báðum er vísað til „fjallsbrúnar“ um þann hluta merkjanna sem tengir efstu hluta merkjalýsinga gagnvart jörðunum beggja vegna. Ekki er ótvírætt hvernig beri að túlka landamerkjabréf Hanhóls að þessu leyti. Vísun til fjallsbrúnar *milli* dalanna í landamerkjabréfi Miðdals ber hins vegar með sér að með orðinu fjallsbrún sé þar vísað til hæstu hluta fjallgarðsins milli Syðridals og Tungudals en ekki brúna af því tagi sem íslenska ríkið miðar kröfur sínar við.

Þá má túlka vísun til hæsta hnúks í Kroppstaðahorni í landamerkjabréfi Meira-Hrauns og línu sem er dregin upp „á Lambamúla“ í landamerkjabréfi Breiðabóls á þann veg að merkjum sé berum orðum lýst inn á ágreiningssvæðið.

Ljóst er að aðrar merkjalýsingar taka ekki af tvímæli um hversu langt merki jarðanna ná til fjalla og því þarf m.a. að túlka þær með hliðsjón af staðháttum. Þrátt fyrir að lýsingar á merkjum jarða til fjalla séu ekki ótvíræðar verður að líta til þess að fjöllin mynda glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna og áfram inn á miðjan fjallgarðinn eru almennt litlar.

Niðurstöður um landamerki og afmörkun er að finna í kafla 7.3.1.8.

7.3.1.4 Fjalllendi milli Bolungarvíkur og Hnífsdals

Hér verður fjallað um þau þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess eru nefnd annars vegar *Arafjall, Hádegisfjall og Heiðnafjall* og hins vegar *Búðarfjall*.[1883] Um er að ræða efsta hluta samfellds fjalllendis milli Bolungarvíkur og Hnífsdals en sveitarfélagamörk eru eftir því endilöngu. Nú eru þau milli Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar en voru áður milli Hólshrepps og Eyrarhrepps. Einstakir hlutar fjalllendisins bera hver sitt nafn. Yst er Arafjall og innst Heiðnafjall en Núpur gengur út úr Heiðnafjalli innarlega í Syðridal í Bolungarvík. Í þeim hluta fjalllendisins sem snýr að Bolungarvík er einnig að finna Hádegisfjall, Mærðarhorn og Núp en hinum megin, milli Seljadals og Hnífsdals, er Búðarfjall. Syðridalur í Bolungarvík liggur inn með ágreiningssvæðinu austan- og norðanverðu en Hnífsdalur inn með því vestan- og sunnanverðu. Nokkrir aðrir dalir og hvilftir móta svæðið og tveir þeirra nefnast Seljadalur. Annar gengur inn úr Ísafjarðardjúpi milli Hnífsdals og Óshlíðar, en hinn inn úr Syðridal í Bolungarvík. Skammt frá kröfusvæðinu eru þéttbýlisstaðirnir Bolungarvík og Hnífsdalur.

Kröfusvæðið er í um 600–700 m hæð. Frá ystu hlutum þess á Arafjalli til þess innsta á Heiðnafjalli eru um 5,5 km í beinni loftlínu. Breiðasti hluti þess er um 1 km á Hádegisfjalli en víðast hvar er breiddin undir 500 m og sums staðar undir 100 m. Frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna eru eru ávallt innan við 2 km, oftast um 1,5 km.

Þegar samliggjandi kröfusvæði ríkisins eru skoðuð sem ein heild miðast afmörkun ríkisins við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1, en afmörkunin er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Fremri-Hnífsdal, Neðri Hnífsdal, Ós og Gil. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða og að auki heimildir um merki Hrauns í Hnífsdal.

Af hálfu eigenda fyrrgreindra jarða eða lands sem áður var hluti þeirra hefur verið lýst kröfum um eignarréttindi á mismunandi hlutum þjóðlendukröfusvæðisins. Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að svæðin séu eða hafi verið innan merkja jarða og þau séu eignarlönd á þeim grundvelli.[1884] Kemur því til athugunar hvort land þeirra nái inn fyrir kröfulínu ríkisins og í því skyni verða heimildir um merki áður-nefndra jarða umhverfis kröfusvæðið teknar til skoðunar. Tilhögun umfjöllunarinnar verður þannig að farinn verður hringur réttsælis umhverfis kröfusvæðið. Umfjöllunin hefst innst í Syðridal í Bolungarvík þar sem fjallað verður um merki jarðarinnar Gils og að því búnu um merki Óss í Bolungarvík. Síðan verður fjallað um merki jarða í Hnífsdal, þ.e. Neðri-Hnífsdals, Hrauns og Fremri-Hnífsdals.

[1883] Textalýsingar á kröfulínum íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

[1884] Sjá umfjöllun í inngangi, kafla 7.1, um breytingar sem hafa orðið á afmörkun og skráningu fasteigna síðan landamerkjabréf jarða voru almennt gerð.

Jarðirnar Gil og Ós eru í þeim hluta Syðridals í Bolungarvík sem liggur að ágreiningssvæðinu en landamerkjabréf beggja jarðanna voru gerð í september 1885. Gil er innst í dalnum, innan við Syðridalsvatn, en merkjum jarðarinnar og Hanhóls hinum megin í dalnum er í landamerkjabréfum beggja jarða m.a. lýst um Surtarbrandsá sem kemur ofan úr fjalllendinu sem er til umfjöllunar í kafla 7.3.1.3 en nánari umfjöllun um merki jarðanna er í þeim kafla.

Landamerkjabréfum Gils og Óss ber saman um að merki jarðanna séu Núpskambur að ofan og tiltekinn merkisgarður að neðan. Í landamerkjabréfi Óss er ytri merkjum jarðarinnar síðan lýst gagnvart Hnífsdal og þau sögð vera tindurinn Ari að ofan en Nöðrulækir að neðan. Í landamerkjabréfi Neðri-Hnífsdals, dags. 26. maí 1886, er að finna sams konar lýsingu á merkjum jarðarinnar og Óss, þ.e. að þau miðist við Nöðrulæki að neðan og Ara að ofan.

Merkjum Neðri-Hnífsdals er í landamerkjabréfi jarðarinnar síðan lýst frá Ara og „fram í Hraungil“. Eftir það er gerð grein fyrir slægjulandi á láglendi og loks merkjum jarðarinnar á Eyrarhlíð sem varða ágreiningssvæðið sem er til umfjöllunar í kafla 7.3.1.5.

Lýsing á merkjum Hrauns í Hnífsdal tekur við þar sem merkjalýsingu Neðri-Hnífsdals með tilliti til ágreiningssvæðisins sleppir, þ.e. við Hraungil. Í landamerkjabréfi Hrauns, dags. 26. maí 1886, er merkjum jarðarinnar lýst þannig að Hraungil ráði merkjum að utan og síðan „hliðin þaðan fram að Markgili er niður úr miðri Lambaskál frá fjallsbrún niður að gamla Heybandsvegi“.

Innst í Hnífsdal er loks jörðin Fremri-Hnífsdalur. Heildarmerkjum er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 26. maí 1886. Upphaf merkjalýsingarinnar er sams konar og í fyrrnefndu landamerkjabréfi Hrauns þar sem miðað er við Marksgil niður úr Lambaskál miðri. Niðurlag lýsingarinnar varðar fjalllendi austan dalsins og ágreiningssvæðið sem er til umfjöllunar í kafla 7.3.1.5, en merkjunum þar á milli er lýst á þann veg að jörðin eigi „dalinn fram á fremstu fjallabrúnir“.

Óumdeilt er að land Fremri-Hnífsdals og Gils í Bolungarvík, sem áður var fjallað um, nái saman sunnan ágreiningssvæðisins, m.a. í Heiðarskarði rétt innnan við Heiðnafjall.

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um landamerki sem varða ágreiningssvæðið en af framangreindu sést að merki jarða umhverfis kröfusvæðið eru samfelld. Þær merkjalýsingar sem hafa verið raktar eru af ýmsu tagi og miðast ýmist við fjallsbrún, gil í fjalli, tiltekin fjöll eða ákveðna hluta fjalla.

Ljóst er að merkjalýsingarnar taka ekki af tvímæli um hversu langt merki jarðanna ná til fjalla og því þarf m.a. að túlka þær með hliðsjón af staðháttum. Þrátt fyrir að lýsingar á merkjum jarða til fjalla séu ekki ótvíræðar verður að líta til þess að fjöllin mynda glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna og áfram inn á miðjan fjallgarðinn eru litlar.

Niðurstöður um landamerki og afmörkun er að finna í kafla 7.3.1.8.

7.3.1.5 Fjalllendi milli Hnífsdals og Skutulsfjarðar

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Breiðafell og Eyrarfjall* og tekur til samnefndra fjalla.[1885] Um er að ræða efsta hluta samfellds fjalllendis milli Hnífsdals og Skutulsfjarðar. Neðan þess eru kaupstaðurinn Ísafjörður á Eyri við Skutulsfjörð og þorpið Hnífsdalur við mynni samnefnds dals. Svæðið er nú í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ en var á fyrri tíð í Eyrarhreppi.

Kröfusvæðið er að mestu í um 700–750 m hæð en fer niður í rúmlega 400 m á Gleiðarhjalla ofan Ísafjarðarkaupstaðar. Frá ysta hluta þess til hins innsta eru rúmir 4 km í beinni loftlínu. Breiðustu hlutar svæðisins eru annars vegar á Breiðafelli, um 700 m milli Þjófahvilftar og Fremstuhvilftar í Hnífsdal, og hins vegar milli brúna Gleiðarhjalla ofan Skutulsfjarðar og ystu hluta fjalla sem ganga út í Hnífsdal, um 1 km. Víðast hvar er svæðið minna en 300 m breitt og sums staðar örmjótt. Frá flestum bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna eru um 1,5 km en lengsta leiðin er um 2 km.

Kröfulína ríkisins er að mestu leyti miðuð við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1. Í Eyrarfjalli ofan Ísafjarðarkaupstaðar er afmörkun þó lýst öðruvísi en þar er kröfulína ríkisins dregin úr Bakkahyrnu „eftir gili sem liggur þaðan skáhallt niður á fremstu brúnir Gleiðhjalla á Eyrarfjalli“, síðan fylgir hún „brúnum Gleiðhjalla að efstu brún Steiniðjugils“ og þaðan „í sjónhendingu beint upp í fremstu brún Eyrarfjalls“. Afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Bakka, Seljaland, Gil og Fremri-Hnífsdal. Einnig segir að tekið sé mið af landamerkjalýsingu Eyrar í kaupbréfi frá 1884. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða og að auki heimildir um merki Neðri-Hnífsdals og Stakkaness. Hins vegar verður ekki fjallað um merki Gils, enda liggur jörðin ekki að kröfusvæðinu.

Af hálfu eigenda fyrrgreindra jarða, annarra en Gils, eða lands sem áður var hluti þeirra hefur verið lýst kröfum um eignarréttindi á mismunandi hlutum þjóðlendukröfusvæðisins. Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að svæðin séu eða hafi verið innan merkja jarða og þau séu eignarlönd á þeim grundvelli.[1886] Kemur því til athugunar hvort land þeirra nái inn fyrir kröfulínu ríkisins og í því skyni verða heimildir um merki áðurnefndra jarða umhverfis kröfusvæðið teknar til skoðunar. Tilhögun umfjöllunarinnar verður þannig að farinn verður hringur réttsælis umhverfis kröfusvæðið. Fyrst verður fjallað um merki jarða í Hnífsdal, þ.e. Fremri-Hnífsdals, Bakka og Neðri-Hnífsdals, en síðan um merki Eyrar og Seljalands í Skutulsfirði.

[1885] Textalýsingu á kröfulínu íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést síðan hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

[1886] Sjá umfjöllun í inngangi, kafla 7.1, um breytingar sem hafa orðið á afmörkun og skráningu fasteigna síðan landamerkjabréf jarða voru almennt gerð.

Innst í Hnífsdal er jörðin Fremri-Hnífsdalur. Heildarmerkjum er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 26. maí 1886. Upphaf merkjalýsingarinnar varðar fjalllendi vestan dalsins og ágreiningssvæðið sem er til umfjöllunar í kafla 7.3.1.4, en síðan er merkjum lýst á þann veg að jörðin eigi „dalinn fram á fremstu fjallabrúnir niður að Merkjalæk, er liggur niður úr Þórishnúk að vestanverðu heilt niður í Hnífsdalsá“. Merkjalækur er einnig tilgreindur í landamerkjabréfi Bakka í Hnífsdal, dags. 29. maí 1886, sem merki milli jarðarinnar og Fremri-Hnífsdals.

Síðan segir í landamerkjabréfi Fremri-Hnífsdals um merki jarðarinnar og Bakka að milli þeirra sé: „áin til sjávar, en að innan eða sunnarverðu er Bakka-röndin að ofan, en að neðanverðu er gamall merkjagarður“.

Landamerkjabréfi Neðri-Hnífsdals, dags. 26. maí 1886, ber saman við landamerkjabréf Bakka um merki milli jarðanna.[1887] Eftir að merkjum Neðri-Hnífsdals hefur verið lýst gagnvart fjalllendi vestan dalsins, sbr. kafla 7.3.1.4, og gerð grein fyrir slægjulandi á láglendi segir að jörðin eigi land „á Eyrarhlíð frá gömlum garði, sem liggur úr Bakkarönd niður til sjóar að utanverðu til fjalls og fjöru og í hæðsta fjallstind að ofan upp af miðleitisgili beint niður til sjóar“.

Þar sem landi Neðri-Hnífsdals sleppir á Eyrarhlíð tekur við land Eyrar í Skutulsfirði en þar er nú þéttbýlisstaðurinn Ísafjörður. Landamerkjabréf fyrir Eyri liggur ekki fyrir en upplýsingar um merki hennar verða ráðin af öðrum merkjalýsingum. Í bréfi sem presturinn á Eyri skrifaði biskupi 22. nóvember 1826 um landþrengsli í Skutulsfirði segir reyndar að enginn þykist vita um landamerki í firðinum, einkum milli Eyrar og Hnífsdals. Nokkrum áratugum síðar seldi prófasturinn á Eyri bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar jörðina en í afsali, dags. 20. júní 1871, er merkjum lýst á þann veg að jörðin nái frá landamerkjum Hnífsdals að utan. Merkin eru ekki tilgreind en af þessu er ljóst að óumdeilt hefur verið að lönd Fremri-Hnífsdals og Eyrar næðu saman. Þá var skrifað undir landamerkjabréf Neðri-Hnífsdals árið 1886 „fyrir kaupstaðinn“, þ.e. af hálfu Ísafjarðarkaupstaðar. Að innanverðu er merkjum Eyrar í afsalinu einungis lýst á láglendi, þ.e. „inst inná Torfnes fyrir utan Stakkanes með öllum hlunnindum og rjettindum sem tjedri jörðu tilheyrir til lands og sjáfar fjalls og fjöru“.

Stakkanes sem þarna er nefnt var hjáleiga Eyrar og undanskilin við söluna árið 1871 en hún var síðan seld Ísafjarðarkaupstað 1. ágúst 1896. Skömmu eftir söluna á Eyri 1871 bættu stiftsyfirvöld við áðurnefnt afsal nánari útlistun á afmörkun Eyrar gagnvart Stakkanesi en í lýsingunni, sem er dagsett 27. febrúar 1872, er merkjum milli Eyrar og Stakkaness lýst svohljóðandi:

> … þar sem vík sú skerst lengst inn í landið innanvert við Torfnes, þaðan beina stefnu til fjalls, eptir jarðgrónum steina eða skriðuhrygg, sem stefnir á þann ynnsta tind Gleiðarhjalla eða þar niðrundan liggjandi skriðu, alt í beina stefnu hvað við annað…

Það land Stakkaness sem undanskilið var við söluna var samkvæmt þessu innan við land Eyrar. Það samræmist einnig landamerkjabréfi Seljalands í Skutulsfirði, dags. 7.

[1887] Af hálfu Ísafjarðarbæjar er kröfu vegna Neðri-Hnífsdals og Bakka lýst sameiginlega.

júní og 11. júlí 1884, sem var gert á því tímabili meðan Stakkanes var aðgreint frá Eyri. Landamerkjabréfið lýsir merkjum Seljalands að utanverðu gagnvart Stakkanesi, á þann veg að þau miðist við næsta læk við Grænagarð „og er honum sleppir hið svonefnda Merkjagil allt til fjalls“. Hins vegar er merkjum Seljalands lýst gagnvart Tungu, næsta bæ fyrir innan. Eftir að gerð hefur verið grein fyrir neðsta hluta merkjanna, sem miðast m.a. við að ríðandi maður sjáist frá Tungubæ, sbr. einnig vitnisburð frá 1595, segir að eftir það skipti Buná löndum „til fjalls“. Fjalllendið sem áin rennur úr er innar en ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar og óumdeilt er að land Seljalands nái þar saman við Fremri-Hnífsdal sem áður var fjallað um.

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um landamerki sem varða ágreiningssvæðið en af framangreindu sést að merki jarða umhverfis kröfusvæðið eru samfelld. Þær merkjalýsingar sem hafa verið raktar eru af ýmsu tagi en oft er merkjum lýst „til fjalls“ eða vísað til tiltekins kennileitis í eða á fjalli. Vísun til hæsta fjallstinds upp af Miðleitisgili í landamerkjabréfi Neðri-Hnífsdals ber með sér að merkjum sé berum orðum lýst inn á ágreiningssvæðið.

Ljóst er að merkjalýsingarnar taka að öðru leyti ekki af tvímæli um hversu langt merki jarðanna ná til fjalla og því þarf m.a. að túlka þær með hliðsjón af staðháttum. Þrátt fyrir að lýsingar á merkjum jarða til fjalla séu ekki ótvíræðar verður að líta til þess að fjöllin mynda glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna og áfram inn á miðjan fjallgarðinn eru litlar.

Niðurstöður um landamerki og afmörkun er að finna í kafla 7.3.1.8.

7.3.1.6 Fjalllendi milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar

Hér verður fjallað um þau þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess eru nefnd annars vegar *Ernir og Kirkjubólsfjall* og hins vegar *Dvergasteinsfjall og Svarthamar*.[1888] Um er að ræða efsta hluta samfellds fjalllendis milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar en mörk Ísafjarðarbæjar, áður Eyrarhrepps, og Súðavíkurhrepps eru eftir innri hluta þess endilöngum. Einstakir hlutar fjalllendisins bera hver sitt nafn. Ysti hlutinn milli Skutulsfjarðar og Arnardals nefnist Ernir en innan Naustahvilftar í Skutulsfirði tekur Kirkjubólsfjall við. Innan við Kirkjubólshvilft, utarlega í Engidal, er Dagmálafell en það afmarkast af Rauðkollshvilft að sunnanverðu. Fjallið Rauðkollur er ofan Rauðkollshvilftar og Fossadals sem gengur inn úr Engidal en gnæfir einnig yfir Arnardal, sem og Sauradal og Dvergasteinsdal í Álftafirði. Milli síðastnefndu dalanna tveggja gengur Dvergasteinsfjall út úr fjallgarðinum en ysti hlutinn þar nefnist Kofri. Þá gengur Svarthamarsfjall út úr fjallgarðinum á milli Dvergasteinsdals og Svarfhólsdals í Álftafirði en á sömu slóðum Engidalsmegin gengur Vatnahnúkur út úr fjallgarðinum, þ.e. milli Fossadals og innsta hluta Engidals.

[1888] Textalýsingar á kröfulínum íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

Kröfusvæðið er að mestu í um 600–900 m hæð. Frá ysta hluta svæðisins til þess innsta eru um 10 km í beinni loftlínu. Sá staður þar sem kröfusvæðið teygir sig lengst út frá miðjum fjallgarðinum, á Dvergasteinsfjalli, er tæplega 4 km frá miðjum fjallgarðinum, og á Svarthamarsfjalli er vegalengdin tæplega 3 km. Breiðustu hlutar svæðisins eru á þeim fjöllum og Kirkjubólsfjalli, um 700–900 m en víðast hvar er svæðið töluvert mjórra. Á fjallinu Erni er það t.d. hvergi breiðara en um 100 m. Frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna eru á bilinu 1,5–2,5 km.

Þegar samliggjandi kröfusvæði ríkisins eru skoðuð sem ein heild miðast afmörkun ríkisins að öllu leyti við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1. Eitthvað er þó málum blandið í lýsingu á punkti nr. 3 á kröfulínu ríkisins utan um svæðið *Ernir og Kirkjubólsfjall* en hann er sagður miðast við „Hulduklett sem ræður merkjum Fossa og Engidals“. Engar heimildir um örnefnið Hulduklett finnast á svæðinu. Jarðirnar Fossar og Engidalur eru í dal sem ber sama nafn og síðarnefnda jörðin. Í eftirfarandi umfjöllun um landamerki þeirra, sbr. einnig kafla 7.3.1.1, kemur fram að ekkert landamerkjabréf sé til fyrir Fossa en af landamerkjabréfi Engidals verði ráðið að Langá, sem rennur eftir dalnum, ráði merkjunum. Í kröfulýsingu ríkisins er að finna tilvitnun í landamerkjabréf Engidals og þar birtist m.a. textinn „Huldaklettur í neðri fjallsbrúninnni“. Í yfirfarinni uppskrift landamerkjabréfsins sem hefur verið lögð fram í málinu er örnefnið hins vegar skrifað „Kuldaklettur“. Af samspili við landamerkjabréf annarra jarða í firðinum, Kirkjubóls og Hafrafells, sést glöggt að þarna er merkjum hvorki lýst gagnvart Fossum né upp í fjalllendið austan Engidals heldur upp í fjallið vestan dalsins, sem nefnist ýmist Kubbi, Háafell eða Hafrafell.[1889] Einnig má m.a. finna upplýsingar um þessa staðsetningu Kuldaklettsins í örnefnaskrám Engidals og Kirkjubóls auk þess sem örnefnið er staðsett þar í örnefnagrunni kortasjár og landupplýsingagáttar Landmælinga Íslands. Af kröfulínukorti og staðháttum, sem og textalýsingunni að öðru leyti, en hún miðast við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði ríkisins, verður ráðið að ætlun ríkisins hafi verið að miða viðkomandi punkt á kröfulínunni við syðsta hluta fjalllendisins sem er ofan Þóruskarðs milli Engidals og Svarfhólsdals. Sú afmörkun verður lögð til grundvallar í eftirfarandi umfjöllun.

Afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Engidal, Fossa, Kirkjuból, Neðri- og Fremri-Arnardal, Saura, Eyrardal, Hlíð, Dvergastein, Svarthamar og Svarfhól. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða.

Af hálfu eigenda flestra fyrrgreindra jarða eða lands sem áður var hluti þeirra hefur verið lýst kröfum um eignarréttindi á mismunandi hlutum þjóðlendukröfusvæðisins.[1890]

[1889] Sjá umfjöllun í kafla 7.3.1.1.

[1890] Krafa vegna Engidals í Skutulsfirði nær ekki inn á ágreiningssvæðið sem er til umfjöllunar í þessum kafla en er til skoðunar í öðrum hluta málsins. Þá liggur ekki fyrir krafa vegna Hlíðar í Álftafirði.

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að svæðin séu eða hafi verið innan merkja jarða og þau séu eignarlönd á þeim grundvelli.[1891] Kemur því til athugunar hvort land þeirra nái inn fyrir kröfulínu ríkisins og í því skyni verða heimildir um merki áðurnefndra jarða umhverfis kröfusvæðið teknar til skoðunar. Tilhögun umfjöllunarinnar verður þannig að farinn verður hringur réttsælis umhverfis kröfusvæðið. Fyrst verður fjallað um merki Fossa í Skutulsfirði, þá um merki Kirkjubóls utar í firðinum en síðan verður farið inn í Arnardal í Skutulsfirði og fjallað um merki Neðri- og Fremri-Arnardals. Að síðustu verður fjallað um merki jarða í Álftafirði, þ.e. Eyrardals, Hlíðar, Dvergasteins, Svarthamars og Svarfhóls en þar er hringnum lokað þar sem óumdeilt eignarland Svarfhóls og Fossa nær saman innan við ágreiningssvæðið.

Skutulsfjörður og Engidalur, sem gengur inn úr firðinum, eru vestan ágreiningssvæðisins en í dalnum austanverðum er jörðin Fossar. Í fasteignamati 1916–1918 eru landamerki jarðarinnar sögð þinglesin en landamerkjabréf hefur ekki fundist, né heldur aðrar heimildir um að það hafi verið gert. Því þarf að hafa hliðsjón af merkjum aðliggjandi jarða við mat á merkjum Fossa.

Hinum megin í Engidal er jörð samnefnd dalnum. Í landamerkjabréfi Engidals, dags. 27. maí 1890, er merkjum jarðarinnar fyrst lýst með vísun til kennileita utarlega í dalnum austanverðum, úr Kuldakletti sem er í fjallinu vestan dalsins, í stein niður á engjunum „og þaðan þráðbeint ofan í ána, er ræður landamerkjum í dalnum“. Af þessu verður ráðið að Langá sem rennur eftir dalnum endilöngum ráði merkjum Engidals gagnvart Fossum og þar með merkjum Fossa að innanverðu. Þau merki eru því innan við innsta hlutinn af kröfusvæði ríkisins eins og það er afmarkað á kröfulínukorti, sbr. umfjöllun framar um afmörkun ríkisins.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls í Skutulsfirði, sem var gert í maí og júní 1884, eru merki jarðarinnar og Fossa sögð svohljóðandi: „Svokallaður Svarti-Bakki við ána, síðan lækur og dý, þaðan sjónhending beint í fjallsbrún.“ Sami eigandi var að bæði Kirkjubóli og Fossum þegar landamerkjabréfið var gert og í undirskrift hans við þennan hluta merkjalýsingarinnar er tilgreint að hún sé vegna beggja jarðanna.

Merkjum Kirkjubóls að utanverðu, gagnvart Neðri-Arnardal er síðan í landamerkjabréfinu lýst frá innsta klettinum „í svokölluðum Stóru-Básum á Kirkjubólshlíð við sjóinn, þaðan uppí stóran stein jarðfastan spölkorn fyrir ofan þjóðveginn, og síðan beina sjónhending í fjallsbrún“. Eldri heimildir um merki Kirkjubóls er að finna í kaupbréfi frá 1572 sem geymir svohljóðandi merkjalýsingu:

> j hamarenn þann sem nædst er Merar bäs, Jnnann til, og so Siön hendÿng ä fiall upp, og i gard þann er geingur i fiall upp, og ur þejm sama gardenum, rietta siön hendÿng uppa fialled, og yfer Eÿre þä, er Marg Eÿre heiter, og i þa þria stackgarda, er standa fÿrer ofann Eÿrena, og So Sionhendÿng ur Stackgordunum og i þann læk, sem rennur ofann vndann fiallinu

[1891] Sjá umfjöllun í inngangi, kafla 7.1, um breytingar sem hafa orðið á afmörkun og skráningu fasteigna síðan landamerkjabréf jarða voru almennt gerð.

Örnefnið Merarbás birtist ekki í síðari tíma heimildum en líklegt má telja að það sé á sömu slóðum og Stóru-Básar sem nefndir eru í landamerkjabréfi Kirkjubóls og að kletturinn og hamarinn sem vísað er til í þessu sambandi sé sá sami.

Arnardalur liggur inn með ágreiningssvæðinu austanverðu en hinum megin dalsins er ágreiningssvæðið sem fjallað er um í kafla 7.3.1.7. Í dalnum eru jarðirnar Neðri- og Fremri Arnardalur, auk þess sem hjáleigunum Ytri-Húsum og Fremri-Húsum var rétt fyrir miðja 20. öld skipt út úr fyrrnefndu jörðinni, en hún nefnist einnig Heimabær. Land þeirra er þó að mestu óskipt.[1892]

Merkjalýsingin í landamerkjabréfi Neðri-Arnardals, dags. 12. júlí 1884, er þrískipt. Í fyrsta lagi er merkjum lýst gagnvart Kirkjubóli. Þar er vísað til sama kletts við sjóinn og í áðurnefndu landamerkjabréfi Kirkjubóls um merki jarðanna og þaðan dregin lína „þvert upp í fjallsbrún“. Í öðru lagi er merkjum Neðri-Arnardals lýst gagnvart Súðavík, nánar tiltekið um Brúðarhamar, en sá hluti merkjanna snertir ágreiningssvæðið sem er til umfjöllunar í kafla 7.3.1.7. Í þriðja lagi er merkjum Neðri-Arnardals lýst gagnvart Fremri-Arnardal, sem þar er nefndur Arnardalur efri, og er innar í samnefndum dal. Sá hluti landamerkjabréfsins er svohljóðandi:

> Milli Arnardals efri og Arnardals neðri er steinn stór við ána (Arnardalsá), sem kallast Murti, og er fremur Arnardals megin við ána fram á móti svo kölluðum Dýrahrygg. Þessi merki ná þar þvert upp og að svo kölluðum Brúnagötum uppi á brúnabörðunum þar langt fram göturnar og eptir svo kölluðum Langahjalla fram í dalbotn (eða svokallaða Skák), og að neðanverðu er svokallaður Langihryggur landamerki milli téðra jarða, og á neðri Arnardalur að Langahrygg fremur Arnardalsmegin við ána.

Samsvarandi lýsingu er að finna í landamerkjabréfi um merki milli Neðri-Arnardals og Fremri-Arnardals, dags. 14. maí 1890, en skjalið geymir lýsingu á heildarmerkjum síðarnefndu jarðarinnar:

> Arnardalur fremri á að neðanverðu úr ánni beina leið í neðri brún á Langahrigg upp í fjallsbrún, svo frameptir ánni í stein, svo kallaðan „Murtu“ við ána; frá Murtu sjónhending upp í Brúnagötur, eptir Brúnagötuꝛ í Þverá, frá Þverá eptir Langahjalla fram í dalbotn og upp á fjalls brún og heim eptir fjallsbrúninni gengt Langahrygg.

Eldri heimildir um merki Neðri- og Fremri-Arnardals er að finna í tveimur kaupbréfum um fyrrnefndu jörðina frá árunum 1460 og 1461. Þar er merkjum einungis lýst á láglendi en um merki gagnvart Súðavík og milli jarðanna er vísað til sömu örnefna og í landamerkjabréfinu. Merki Neðri-Arnardals gagnvart Kirkjubóli í Skutulsfirði miðast síðan samkvæmt kaupbréfinu við ófæru nálægt Merarbás en sambærileg lýsing er í kaupbréfi Kirkjubóls frá 1572 sem áður var fjallað um og eins og þar kom fram má telja líklegt að vísað sé til sama staðar og í landamerkjabréfum jarðanna þótt örnefni á þessum slóðum hafi breyst. Enn fremur sést af þessu að öldum saman hafa merkjalýsingar miðast við að land Kirkjubóls og Neðri-Arnardals næði saman.

[1892] Af hálfu gagnaðila ríkisins er gerð sameiginleg krafa vegna „Arnardalstorfu“, þ.e. Heimabæjar (Neðri-Arnardals), Fremri-Arnardals,Ytri-Húsa og Fremri-Húsa.

Samkvæmt þeim hlutum af merkjalýsingum Arnardalsjarðanna frá 1884 og 1890 sem varða dalinn vestanverðan og þar með ágreiningssvæðið nær land Neðri-Arnardals inn að Langahrygg sem er utarlega í dalnum vestanverðum og í merkjalýsingunni frá 1890 er tilgreint að línan sé þar dregin „upp í fjallsbrún“. Þar tekur land Fremri-Arnardals við og nær fram í dalbotn samkvæmt báðum landamerkjabréfunum. Í landamerkjabréfinu frá 1884 er Skák tilgreind sem merki jarðanna í dalbotninum en hún er skarð eða hryggur í tæplega 490 m hæð rúmlega kílómetra austan við kröfulínu ríkisins. Handan Skákar er síðan Sauradalur sem liggur þvert upp að ágreiningssvæðinu. Jörðin Eyrardalur í Álftafirði er í Sauradal sunnanverðum en botn dalsins er einnig innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, dags. 18. ágúst 1890. Þar er landi jarðarinnar m.a. lýst á þann veg að það liggi inn með Eyrardalsá, sem rennur um Sauradal, fram í ártungur en síðan fylgi landamerkin Þverá upp í Skákarskarð.[1893]

Vísun til Skákarskarðs um merki jarðarinnar á Sauradal ber með sér að gagnvart ágreiningssvæðinu taki land Eyrardals við þar sem landi Fremri-Arnardals sleppir, sbr. fyrrgreinda tilvísun í landamerkjabréfi þeirrar jarðar til Skákar. Það samræmist einnig landamerkjabréfi Saura sem fjallað er um í kafla 7.3.1.7.

Sunnan Sauradals er Dvergasteinsfjall en efsti hluti fjallsins er innan ágreiningssvæðisins. Merkjum Eyrardals að sunnanverðu, og þar með í fjallinu, er lýst frá Þórðarsteinum, nálægt sjó milli Langeyrar og Hlíðar, upp að Randarsteini og þaðan „beint upp á fjallsbrún út að Eyrardalsá“. Þá er tilgreindur áðurnefndur hluti landamerkjalýsingarinnar sem varðar land Eyrardals í botni Sauradals.

Sunnan við Eyrardal er Hlíð í Álftafirði. Lýsing á norðurmerkjum jarðarinnar í landamerkjabréfi hennar, dags. 18. ágúst 1890, samsvarar lýsingunni á suðurmerkjum Eyrardals, frá Þórðarsteinum við sjó, upp að Randarsteini sem sagður er standa „uppi á hjöllunum“ og þaðan er dregin lína „beint upp á fjallsbrún“.

Lýsingu á suðurmerkjum Hlíðar ber síðan saman við landamerkjabréf Dvergasteins, sem er dagsett sama dag og landamerkjabréf Hlíðar, 18. ágúst 1890, en í þeim báðum eru merki jarðanna sögð liggja um miðjan „merkishrygg“ milli þeirra „er vísar frá fjallsbrún ofan í miðja Pottvík“. Suðurmerkjum Dvergasteins er í landamerkjabréfi jarðarinnar lýst um Dvergasteinsá, sem rennur eftir Dvergasteinsdal, milli Dvergasteinsfjalls og Svarthamarsfjalls, og tilgreint að ánni sé fylgt „upp í ártungu“. Þaðan eru merkin sögð liggja „neðan með vestari ánni upp á Dalabrekkur, og þaðan eptir vörðum, er standa í beinni línu upp á fjallsbrún“. Loks segir að frá þessum merkjum sé farið út í fyrrgreindan „merkishrygg“ milli Dvergasteins og Hlíðar.

[1893] Kröfugerð gagnaðila ríkisins á þessum slóðum er óskýr. Fyrir liggur að Eyrardalur er skráð í fasteignaskrá sem jörð í eigu Súðavíkurhrepps. Á kröfulínukorti er svæðið sunnan Eyrardalsár, þar sem jörðin Eyrardalur er, hins vegar merkt „krafa vegna Súðavíkur“ en afmörkun þess svæðis tekur raunar að hluta til lands Hlíðar í Álftafirði. Í kröfulýsingu og greinargerð sem lagðar hafa verið fram af hálfu Súðavíkurhrepps vegna jarðarinnar Súðavíkur er ekki gerð grein fyrir því hvernig krafan afmarkast og jörðin Eyrardalur er ekki nefnd þar. Af hálfu málsaðila hefur þó komið fram að kröfunni er einnig ætlað að taka til landsins sunnan Eyrardalsár, sbr. áðurnefnt kröfulínukort og tölvupóst frá lögmanni Súðavíkurhrepps, skjal nr. 43(3).

Tæpum sex árum seinna, 26. febrúar 1896, var gert landamerkjabréf um merki milli Dvergasteins og Dvergasteinskots en það síðarnefnda er í ýmsum eldri heimildum sagt hluti af Dvergasteini. Í merkjalýsingunni segir að Dvergasteinsá, sem einnig var vísað til í landamerkjabréfi Dvergasteins frá 1890, skipti löndum milli Dvergasteinskots og Svarthamars sem er næsta jörð fyrir sunnan. Landamerkjabréf fyrir Svarthamar hefur ekki fundist þótt tilgreint sé í fasteignamati 1916–1918 að merki hennar séu þinglesin.

Eldri heimildir um merki Dvergasteins og Svarthamars eru áreið á merki jarðanna og skoðunargjörð sem fór fram 26. ágúst 1851. Áreiðarmenn voru ekki fyllilega sammála um nákvæmlega hvaða ár eða lækir á Dvergasteinsdal réðu merkjum milli jarðanna en um niðurstöðuna segir þó:

> Annars sjá menn ad margir [Lækjir] eru fremst á dalnum er loks falla allir í eina á, þegar leingra kjemur, enn öllum áreidarmönnum kjemur saman um ad einn farvegur liggi sosem leingst og hjerumbil beinast frammí dalshorn þetta.

Heimildum ber því saman um að Dvergasteinsá ráði merkjum þótt deilt hafi verið um það við hvaða farveg skyldi miða innst í dalnum.

Næst innan við Svarthamar í Álftafirði er jörðin Svarfhóll. Land jarðarinnar er tvískipt en innri hlutinn er til umfjöllunar í máli nr. 5/2021. Í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 18. júlí 1890, er þeim hluta jarðarinnar þar sem bærinn stendur og varðar ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar lýst á þann veg að Svarfhóll eigi land „frá fjöru til fjalls frá Merkigili milli Svarthamars og Svarfhóls inn að Seljalandsá“. Áin rennur eftir Svarfhólsdal og á upptök í eða nálægt Þóruskarði sem er skammt sunnan ágreiningssvæðisins, milli Svarfhólsdals og Engidals í Skutulsfirði. Óumdeilt er að land Svarfhóls og Fossa í Skutulsfirði, sem áður var fjallað um, nái saman í Þóruskarði.

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um landamerki sem varða ágreiningssvæðið en af framangreindu sést að merki jarða umhverfis kröfusvæðið eru samfelld. Flestar þeirra merkjalýsinga sem hafa verið raktar miðast ýmist við vatnsföll eða fjallsbrún, stundum hvort tveggja. Þá er landi einnar jarðar lýst á þann veg að það nái frá fjöru til fjalls. Ljóst er að merkjalýsingarnar taka ekki af tvímæli um hversu langt merki jarðanna ná til fjalla og því þarf m.a. að túlka þær með hliðsjón af staðháttum. Þrátt fyrir að lýsingar á merkjum jarða til fjalla séu ekki ótvíræðar verður að líta til þess að fjöllin mynda glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna og áfram inn á miðjan fjallgarðinn eru almennt litlar.

Niðurstöður um landamerki og afmörkun er að finna í kafla 7.3.1.8.

7.3.1.7 Fjalllendi milli Arnardals og Álftafjarðar

Hér verður fjallað um þau þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess eru annars vegar nefnd *Ufs, Súðavíkurfjall og Sauratindar* (í Ísafjarðarbæ) og hins vegar

Ufs, Súðavíkurfjall, Traðarhyrna og og Sauratindar (í Súðavíkurhreppi).[1894] Um er að ræða efsta hluta samfellds fjalllendis milli Arnardals við Skutulsfjörð og Álftafjarðar en mörk Ísafjarðarbæjar, áður Eyrarhrepps, og Súðavíkurhrepps eru eftir því endilöngu. Meginhlutar fjalllendisins nefnast Súðavíkurfjall og Saurafjall. Meðal nafna á einstökum hlutum þess má einnig nefna Traðarhyrnu, sem er innst í Súðavíkurfjalli ofan Traðargils, og Sauratinda.

Kröfusvæðið er í um 500–850 m hæð. Frá ysta hluta svæðisins til þess innsta eru innan við 6 km í beinni loftlínu. Breiðasti hlutinn er um 1,3 km en víðast hvar er breiddin undir 1 km. Frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna er hvergi lengra en rúmir 2 km en oftast minna en 1,5 km.

Þegar samliggjandi kröfusvæði ríkisins eru skoðuð sem ein heild miðast afmörkun ríkisins að öllu leyti við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1, en afmörkunin er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Fremri- og Neðri-Arnardal, Súðavík, Tröð og Saura. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða.

Af hálfu eigenda fyrrgreindra jarða eða lands sem áður var hluti þeirra hefur verið lýst kröfum um eignarréttindi á mismunandi hlutum þjóðlendukröfusvæðisins.[1895] Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að svæðin séu eða hafi verið innan merkja jarða og þau séu eignarlönd á þeim grundvelli.[1896] Kemur því til athugunar hvort land þeirra nái inn fyrir kröfulínu ríkisins og í því skyni verða heimildir um merki áðurnefndra jarða umhverfis kröfusvæðið teknar til skoðunar. Tilhögun umfjöllunarinnar verður þannig að farinn verður hringur réttsælis umhverfis svæðið. Fyrst verður fjallað um merki Neðri-Arnardals og síðan merki jarða í Álftafirði, þ.e. Súðavíkur, Traðar og Saura.

Arnardalur liggur inn með ágreiningssvæðinu vestanverðu en hinum megin dalsins er ágreiningssvæðið sem fjallað er um í kafla 7.3.1.6. Í dalnum eru jarðirnar Neðri- og Fremri Arnardalur, auk þess sem hjáleigunum Ytri-Húsum og Fremri-Húsum var rétt fyrir miðja 20. öld skipt út úr fyrrnefndu jörðinni, en hún nefnist einnig Heimabær. Land þeirra er þó að mestu óskipt.[1897]

Í landamerkjabréfi Neðri-Arnardals, dags. 12. júlí 1884, er því m.a. lýst hvernig dalurinn skiptist milli þeirrar jarðar og Fremri-Arnardals, auk þess sem til er sérstakt landamerkjabréf um merki milli jarðanna, dags. 14. maí 1890. Í þeim báðum er merkjum milli jarðanna í dalnum lýst á tiltekinn hátt „fram í dalbotn“ en gerð er nánari

[1894] Textalýsingar á kröfulínum íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

[1895] Þó er kröfugerð vegna Súðavíkur, Traðar og Saura nokkuð óskýr eins og fjallað er um aftar.

[1896] Sjá umfjöllun í inngangi, kafla 7.1, um breytingar sem hafa orðið á afmörkun og skráningu fasteigna síðan landamerkjabréf jarða voru almennt gerð.

[1897] Af hálfu gagnaðila ríkisins er gerð sameiginleg krafa vegna „Arnardalstorfu“, þ.e. Heimabæjar (Neðri-Arnardals), Fremri-Arnardals,Ytri-Húsa og Fremri-Húsa.

grein fyrir þeim í kafla 7.3.1.6. Í landamerkjabréfinu frá 1884 er örnefnið Skák sérstaklega tilgreint sem merki jarðanna í dalbotninum en þar er um að ræða skarð eða hrygg á milli Sauradals og Arnardals sem er innan við ágreiningssvæðið. Land Neðri-Arnardals tekur svo til þess hluta dalsins sem liggur að ágreiningssvæðinu sem hér er til umfjöllunar. Um merki jarðarinnar gagnvart utanverðu ágreiningsvæðinu segir í landamerkjabréfi Neðri-Arnardals frá 1884 að milli Arnardals og Súðavíkur sé „svo kallaður Brúðarhamar (klettur, sem liggur í sjó fram) í Súðavík innan til við svo kallað Bjarg í fjallsbrún“.

Merkjum Súðavíkur að utanverðu, þ.e. gagnvart Neðri-Arnardal, er sömuleiðis lýst með vísun til Brúðarhamars í landamerkjabréfi Súðavíkur, dags. 26. ágúst 1890, en þar að auki tilgreint að þaðan séu merkin „beina sjónhendingu upp á fjallsbrún“.

Einnig er vísað til Brúðarhamars um merki milli Neðri-Arnardals og Súðavíkur í eldri heimildum, tveimur kaupbréfum um Neðri-Arnardal frá árunum 1460 og 1461, en merkjum til fjalla er ekki lýst þar.

Merkjum Súðavíkur að innanverðu er síðan lýst svo í fyrrgreindu landamerkjabréfi jarðarinnar:

> … frá stálþráðgirðingunni, sem að skilur túnin Tröð og Súðavík, sjónhending eptir vörðunum, sem standa í beinni línu upp eptir engjunum, og frá þeim sjónhendingu eptir skriðuskurðinum næsta fyrir innan lækinn í Traðarupsunum beint uppá fjallsbrún.

Í landamerkjabréfi Traðar, dags. 25. ágúst 1890, er merkjum gagnvart Súðavík lýst á sama hátt, frá stálþráðargirðingunni upp í fjallsbrún. Þaðan er merkjum lýst „fram í mitt Traðargil“. Að auki segir að Tröð eigi stykki á Sauradal sem gerð verður grein fyrir hér aftar.

Traðargil er síðan tilgreint sem merki jarðarinnar Saura að utanverðu í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 18. ágúst 1890, en þar segir að merkin séu „út í mitt Traðargil, er vísar frá fjallsbrún til fjöru“. Að innanverðu afmarkast jörðin samkvæmt landamerkjabréfinu af miðju Djúpagili á Sauradal. Samsvarandi lýsing á merkjum Saura kemur fram í fasteignamati 1916–1918 þar sem landamerki Saura eru sögð frá Traðargili að Djúpagili.

Í Djúpagili tekur við lýsing á fyrrgreindu stykki á Sauradal samkvæmt landamerkjabréfi Traðar en það er sagt ná „frá miðju Djúpagili fram að Þverá, sjónhendingu eptir ánni upp í Skákarskarð á Sauradal“.

Skák eða Skákarskarð er í tæplega 490 m hæð og um 1,3 km frá kröfulínu ríkisins. Handan Skákar er botn Arnardals en dalurinn liggur út með ágreiningssvæðinu sem fyrr segir. Óumdeilt er að það land sem lýst er innan merkja annars vegar Neðri-Arnardals, sem áður var fjallað um, og Traðar hins vegar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar nær saman í Skák innan við kröfusvæði ríkisins.

Þótt sá hluti Sauradals sem næstur er ágreiningssvæðinu skiptist samkvæmt landamerkjabréfum Súðavíkur, Saura og Traðar árið 1890 á tiltekinn hátt milli jarðanna og merkjalýsingum þeirra beri saman, þá eru einnig ýmsar heimildir um aðra tilhögun

gegnum tíðina á skiptingu dalsins milli jarðanna, ýmist samnýtingu eða deilur um einstaka hluta hans. Í því samhengi er þó vert að hafa í huga að í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Eyrarsókn frá 1710 er fjallað um Tröð og Saura sem hjáleigur Súðavíkur, þótt þar segi reyndar einnig að heyrst hafi að Saurar hafi að fornu verið sérstök jörð. Í færslu um Saura í jarðamati 1804 segir að Súðavík, Tröð og Saurar nýti sameiginlega eyðidalinn Súðavíkurdal til töku á fjallagrösum en þar er um sama dal að ræða og nú nefnist almennt Sauradalur. Landinu hefur síðan verið skipt upp en skiptingin var ekki alltaf ágreiningslaus. Á manntalsþingi 1852 voru upplesnir tveir vitnisburðir um merki Súðavíkur og Traðar, en þáverandi eigandi Súðavíkur mótmælti þeim og bannaði brúkun dalsins frá Tröð að öðru en kúabeit frá Djúpagili til Skákarskarðs utan til við ána. Þótt inntak vitnisburðanna liggi ekki fyrir má ráða af mótmælunum að þeir hafi varðað umráð eða notkun á dalnum innanverðum. Samningur var síðan gerður 1864 um fjórða part úr Súðavíkurdal handa Tröð en merkjum er ekki lýst þar. Svæðinu milli Djúpagils og Skákarskarðs sem ágreiningur Súðavíkur og Traðar 1852 snerist um er síðan lýst innan merkja Traðar samkvæmt fyrrgreindu landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1890.

Óumdeilt hefur því verið lengi að viðkomandi hluti dalsins hafi heyrt undir Súðavík, Tröð og Saura þótt innbyrðis skipting hafi verið breytileg. Nú virðist raunar dalurinn að mestu í eigu Súðavíkurhrepps en afmörkun fasteigna þar hefur breyst síðan landamerkjabréfin voru gerð, sbr. almenna umfjöllun í kafla 7.1. Kröfugerð gagnaðila ríkisins á svæðinu er nokkuð óskýr.[1898] Af gögnum málsins verður þó ráðið að kröfum Súðavíkurhrepps sé ætlað að taka til svæðisins að langmestu leyti fyrir utan hluta af dalnum sem gerð er krafa til af hálfu Saura II, og jafnframt að það eigi sér stoð í gögnum um framsal eignarréttinda á svæðinu.[1899]

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um landamerki sem varða ágreiningssvæðið en þær sem gerð hefur verið grein fyrir en af framangreindu sést að merkjalýsingar umhverfis kröfusvæðið eru samfelldar. Flestar þeirra merkjalýsinga sem hafa verið raktar miðast við vatnsföll, tiltekin gil og/eða fjallsbrún.

Ljóst er að merkjalýsingarnar taka ekki af tvímæli um hversu langt merki jarðanna ná til fjalla og því þarf m.a. að túlka þær með hliðsjón af staðháttum. Þrátt fyrir að lýsingar á merkjum jarða til fjalla séu ekki ótvíræðar verður að líta til þess að fjöllin

[1898] Af hálfu Súðavíkurhrepps o.fl. hefur verið lýst kröfum vegna Súðavíkur og Traðar en af hálfu eigenda Saura II hefur verið lýst kröfum vegna þeirrar landeignar. Ekki kemur skýrt fram í kröfugerðinni hvernig kröfunum er ætlað að afmarkast. Á kröfulínukorti eru afmörkuð þrjú kröfusvæði í dalnum sem eru þar merkt sem kröfur vegna Súðavíkur, Traðar og Sauradals, auk þess sem lítið svæði til fjalla er merkt kröfu vegna Saura II. Af vefsjá landeignaskrár að dæma nær sú landeign þó yfir stærra svæði og tekur m.a. til meginhluta svæðisins sem er merkt kröfu vegna Traðar á kröfulínukorti. Sauradalur er ekki nefndur sérstaklega í kröfugerð málsaðila en af tölvupósti frá lögmanni þeirra verður ráðið að ætlun Súðavíkurhrepps sé að gera tilkall til þess hluta sem er merktur þannig, sbr. skjal nr. 43(3).

[1899] Sjá t.d. registur veðbóka fyrir Súðavík, Tröð og Saura, skjöl nr. 4(133), 4(140) og 4(144).

mynda glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna og áfram inn á miðjan fjallgarðinn eru litlar.

Niðurstöður um landamerki og afmörkun er að finna í kafla 7.3.1.8.

7.3.1.8 Niðurstöður um afmörkun efstu hluta fjalla

Hér að framan hefur verið fjallað um sjö kröfusvæði í málinu þar sem álitaefnin eru alfarið af þeim toga sem lýst er í kafla 7.2.3, þ.e. hvort merki jarða nái saman á fjöllum eða takmarkist að ofanverðu af þeim fjallsbrúnum sem málatilbúnaður ríkisins miðast við.

Eins og lýst hefur verið eru kröfusvæðin efst á fjöllum löng og oftast fremur mjó og fjöllin mynda glögg skil af náttúrunnar hendi milli jarða. Þá eru engar heimildir um að ofan umræddra brúna séu aðrar fasteignir, svo sem afréttir, sem lúti sjálfstæðri afmörkun gagnvart jörðunum. Það atriði skiptir máli við túlkun merkjalýsinga jarðanna, að því leyti sem þær eru óljósar.

Á svæðinu eru þess dæmi að merkjum jarða sé tvímælalaust lýst inn á ágreiningssvæðið. Það á t.d. við um yngri landamerkjabréf Eyrar og Hvilftar í Önundarfirði frá 1921 þar sem merkjum er lýst „að hreppatakmörkum“ en eins og fram kom í kafla 7.3.1.2 samræmast þær merkjalýsingar eldri landamerkjabréfum jarðanna að mati óbyggðanefndar. Þá ber vísun til fjallsbrúnar *milli* dala í landamerkjabréfi Miðdals skýrt með sér að mati nefndarinnar að vísað sé til hæstu hluta viðkomandi fjallgarðs en ekki brúna af því tagi sem íslenska ríkið miðar kröfur sínar við. Að auki hefur verið gerð grein fyrir nokkrum öðrum merkjalýsingum sem þykja bera með sér að efsti punktur þeirra sé innan viðkomandi ágreiningssvæðis.

Flestar landamerkjalýsingar á svæðinu eru þó óljósari. Í lýsingum sem raktar hafa verið er merkjum iðulega lýst til fjalls, í fjallsbrún eða í tiltekið örnefni á fjalli, sé merkjum á annað borð lýst til fjalla, og því reynir m.a. á túlkun á hugtakinu „fjallsbrún“ og sambærilegum tilvísunum, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.4. Þar er m.a. gerð grein fyrir dómi Hæstaréttar frá 20. október 2016 í máli nr. 59/2016 (Torfufell, Hólsgerði og Úlfá) en þar féllst Hæstiréttur á að með tilvísun til fjallsbrúnar í viðkomandi landamerkjabréfi væri átt við efsta hluta fjalls, þ.e. vatnaskil. Slík túlkun orðalags í landamerkjabréfum er þó ekki algild að mati óbyggðanefndar. Þar sem ekki er að fullu ljóst hve langt merki jarða ná til fjalla ber m.a. að túlka merkjalýsingar með hliðsjón af staðháttum.

Þrátt fyrir að flestar lýsingar á merkjum jarða til fjalla á svæðinu séu óljósar og almennt séu ekki fyrir hendi ótvíræðar merkjalýsingar innan kröfusvæðanna er til þess að líta að fjöllin mynda glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi þar sem þau skilja að dali og firði auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjalla eru litlar. Má því leiða líkur að því að ekki hafi þótt þörf á að lýsa merkjum frekar til fjalla en í raun var gert. Vísast í þessu sambandi til almennrar umfjöllunar í kafla 7.2.3 en þar er m.a. bent á að það að svæði sé hálent, lítt gróið, fjarri byggð og lítt nytjað leiði ekki sjálfkrafa til niðurstöðu um þjóðlendu, þótt um sé að ræða atriði sem geti haft áhrif á

sönnunarmat ásamt skriflegum heimildum. Þá segir að ef um er að ræða tilvik þar sem tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur að jarðir og fjarlægðir eru litlar á milli bæjarstæða og efstu hluta fjalla, telji óbyggðanefnd alla jafna hægt að leggja til grundvallar að jarðir nái saman á fjöllum, nema annað mæli því sérstaklega í mót.

Hér vísast jafnframt sérstaklega til kafla 7.2.3.1 þar sem lögð er áhersla á að í þjóðlendumálum þurfi að gæta samræmis og jafnræðis. Ekki beri einungis að líta til niðurstaðna einstakra ágreiningsmála heldur einnig þess hvernig kröfugerð íslenska ríkisins hefur verið háttað. Við heildstæða skoðun á endanlegum niðurstöðum mála sem lokið er hjá óbyggðanefnd og dómstólum finnast ekki dæmi þess að efstu hlutar fjalla teljist þjóðlendur nema um sé að ræða nokkuð víðfeðm heiðarlönd eða hluta af þjóðlendum sem ná jafnframt yfir nærliggjandi landsvæði. Málsmeðferð óbyggðanefndar er lokið á langstærstum hluta landsins og algengt hefur verið að eignarlönd jarða hafi talist ná saman efst á fjöllum eða á vatnaskilum, sérstaklega þar sem allmjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli dala og fjarða. Enn fremur hefur fjöldi fjalla á landinu talist til eignarlanda í heild þegar af þeirri ástæðu að íslenska ríkið lýsti ekki kröfum um að þau eða hlutar þeirra væru þjóðlendur. Ætla verður að til grundvallar þeirri afstöðu ríkisins hafi legið það mat að um eignarlönd væri að ræða. Víða um land eru staðhættir sambærilegir við Ísafjarðarsýslur að því leyti að fjöll skilja þar gjarnan á milli eignarlanda jarða í dölum og fjörðum, án þess að endilega sé um að ræða víðáttumikla fjallgarða eða stór og samfelld heiðarlönd.

Athugun á landamerkjabréfum í Ísafjarðarsýslum leiðir í ljós að almennt eru merkjalýsingar til fjalla ekki eins nákvæmar og niðri á láglendinu. Að mati nefndarinnar er líklegt að oft stafi það annars vegar af því að meiri hagsmunir voru bundnir við að merki milli nytjalanda jarða á láglendi væru skýr heldur en merki til fjalla. Hins vegar má að mati nefndarinnar ætla að minni ástæða hafi þótt til að lýsa þeim hluta merkjanna en merkjum gagnvart aðliggjandi jörðum á láglendi vegna þeirrar útbreiddu venju að vatnaskil og hæstu brúnir fjalla réðu merkjum þegar fjöllin mynduðu skýr landamerki af náttúrunnar hendi.

Í tilvikum þar sem heimildir um merki eru óljósar ber m.a. að túlka orðalag landamerkjabréfa og annarra merkjalýsinga með hliðsjón af staðháttum. Iðulega háttar svo til í lýsingum landamerkjabréfa jarða sem hér eru til umfjöllunar gagnvart aðliggjandi jörðum á láglendi að merkjum er lýst í tiltekið örnefni í fjalli og/eða í tiltekið örnefni og þaðan upp á fjall, án þess að nánar sé tilgreint hvernig merkin liggi milli efstu kennileita sem vísað er til. Í umfjöllun um það atriði í kafla 7.2.3.8 segir m.a. að telja megi að viðkomandi kennileiti eða sú lína sem dregin var til fjalls hafi þótt skýr og hentug viðmiðun en að mati nefndarinnar verði að telja líklegt að litið hafi verið svo á að línan lægi áfram efst upp á fjall eða að vatnaskilum. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar og staðhátta á umræddum svæðum, þar sem fjöll skilja að jarðir og fjarlægðir milli bæjarstæða og efstu hluta fjalla eru litlar, telur óbyggðanefnd alla jafna

hægt að leggja til grundvallar að jarðir nái saman á fjöllum, nema annað mæli því sérstaklega í mót.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirliggjandi heimildir um merki jarða á svæðunum sem hér eru til umfjöllunar, túlkaðar með hliðsjón af staðháttum, styðji við afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins að því er varðar efstu hluta fjalla. Verður því lagt til grundvallar að landamerki jarða nái saman efst á fjöllum á þeim sjö svæðum þar sem kröfulína ríkisins er að öllu leyti miðuð við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. kafla 7.2.3.1. Því er niðurstaða óbyggðanefndar sú að þjóðlendukröfusvæðin sjö séu að öllu leyti innan merkja jarða.

7.3.2 Bolafjall og Stigahlíð

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Bolafjall og Stigahlíð*.[1900] Þar er um að ræða fjallgarð milli Bolungarvíkur í austri og Skálavíkur í vestri. Norðurhlutinn snýr að sjó í Ísafjarðardjúpi og nefnist Stigahlíð. Kröfusvæðið tekur til hennar allrar, ásamt austur- og vesturenda fjallgarðsins og efsta hluta hans. Neðan fjallanna sunnanverðra eru áðurnefndar víkur og dalir sem ganga inn úr þeim, Hlíðardalur og Breiðabólsdalur, en Skálavíkurheiði aðgreinir þá. Í Bolungarvík er nú samnefndur kaupstaður. Fjallið næst Bolungarvík nefnist ýmist Traðarhorn eða Traðarhyrna en næst því er Flatafjall. Utan við það sker Litlidalur fjallgarðinn en síðan tekur Bolafjall við. Stundum er það örnefni notað um fjallið allt þar fyrir utan en vestan Skálavíkurheiðar er fjallið einnig nefnt Heiðarfjall eða Heiðnafjall. Þá hefur heitið Hvolafjall verið notað um hluta fjallsins þar. Ysti hluti fjallgarðsins, næst Skálavík, nefnist ýmist Stigi eða Deild. Á Bolafjalli er ratsjárstöð og umhverfis hana öryggissvæði, sbr. auglýsingu nr. 964/2021 um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða.

Kröfusvæðið endilangt, frá austri við sjó undir Traðarhyrnu og til vesturs að Kerlingu við Skálavík er rúmir 10 km í beinni loftlínu. Þar sem fjallið ofanvert er breiðast er það um 1 km en víðast hvar er það minna en 400 m breitt. Utan við það er Stigahlíð og svolítið láglendi undir henni. Kröfusvæðið nær frá sjávarmáli og upp í um 500–640 m hæð efst á fjöllunum en hæstu hlutarnir eru á Bolafjalli og Flatafjalli. Frá bæjarstæðum neðan fjallanna til efstu hluta þeirra er um 1 km í beinni loftlínu eða rúmlega það.

Kröfulína ríkisins miðast að hluta við sjó, milli Traðarhyrnu við Bolungarvík og Kerlingar við Skálavík, en á fjöllunum sunnanverðum miðast hún við fjallsbrún samkvæmt málatilbúnaði ríkisins, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1. Af textalýsingu er ekki fyllilega ljóst hvar við sjóinn ætlunin er að staðsetja punkt nr. 7 á kröfulínu ríkisins sem er lýst með þeim orðum að kröfulínan sé dregin frá Traðarhorni og „til sjávar (7)“. Á kröfulínukorti málsins er punktur nr. 7 merktur nálægt svonefndri Ófæru undir Traðarhyrnu og sú staðsetning verður lögð til grundvallar í eftirfarandi umfjöllun.

Afmörkun kröfusvæðisins er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Minni-Bakka, Meiri-Hlíð og Tröð en tekur fram að ekki sé tekið mið af þeim hluta lýsingar Breiðabóls sem lýsi fjallstoppi Bolafjalls og Stigahlíð innan jarðarinnar. Ekki kemur fram hvort ríkið hefur haft hliðsjón af landamerkjabréfi Breiðabóls að öðru leyti. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða, þar á meðal Breiðabóls í Skálavík, og að auki heimildir um merki Minni-Hlíðar, Ytri-Búða og Hóls í Bolungarvík.

Af hálfu eigenda flestra fyrrgreindra jarða eða lands sem áður var hluti þeirra hefur verið lýst kröfum um eignarréttindi á mismunandi hlutum þjóðlendukröfusvæðisins.

[1900] Textalýsingu á kröfulínu íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

Kröfum af hálfu Bolungarvíkurkaupstaðar er lýst í þremur hlutum, þ.e. vegna „Hlíðartorfu“ í Bolungarvík,[1901] Minni-Bakka í Skálavík og Hóls í Bolungarvík. Í tilfelli Hlíðartorfu og Minni-Bakka liggur óumdeilt eignarland viðkomandi jarða, eða lands sem var áður hluti þeirra, að ágreiningssvæðinu sunnanverðu. Þar er um að ræða annars vegar austurhluta svæðisins, milli sjávar í Bolungarvík og Skálavíkurheiðar, og hins vegar vestasta hluta þess í Skálavík. Kröfurnar taka til fjalllendisins þar fyrir ofan en einnig til austasta og vestasta hluta fjallgarðsins í heild, þar á meðal þeirra hluta Stigahlíðar sem eru austan Grjótleitis og vestan Gunnarsvíkur. Krafa vegna Hóls í Bolungarvík tekur svo til Stigahlíðar þar á milli, sem og fjallsins fyrir ofan og mætir þar áðurnefndum kröfum vegna Hlíðartorfu og Minni-Bakka.

Milli Hlíðartorfu og Minni-Bakka er jörðin Breiðaból. Af hálfu eigenda Breiðabóls er gerð krafa til þess hluta fjallsins sem er ofan óumdeilds eignarlands jarðarinnar, líkt og í tilfelli Hlíðartorfu og Minni-Bakka, en krafan vegna Breiðabóls nær áfram yfir fjallið og tekur einnig til Stigahlíðar. Hún skarast því við hluta af kröfu vegna Hóls.

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að svæðin séu eða hafi verið innan merkja jarða og þau séu eignarlönd á þeim grundvelli.[1902] Kemur því til athugunar hvort land þeirra nái inn á kröfusvæði ríkisins og í því skyni verða heimildir um merki áðurnefndra jarða sem varða kröfusvæðið teknar til skoðunar.

Tilhögun umfjöllunarinnar verður þannig að fyrst verða tekin til skoðunar landamerki jarða sem liggja að ágreiningssvæðinu sunnanverðu, koll af kolli. Fyrst verður fjallað um merki Hlíðarjarðanna í Bolungarvík, frá sjó og inn eftir Hlíðardal, þ.e. merki Ytri-Búða, Traðar og Meiri- og Minni-Hlíðar, en síðan merki jarða í Skálavík, þ.e. Breiðabóls og Minni-Bakka. Eftir það verða landamerki á Stigahlíð tekin til skoðunar en þar koma við sögu sumar fyrrnefndar jarðir auk Hóls í Bolungarvík.

Í norðanverðum Hlíðardal í Bolungarvík voru löngum tvær jarðir, Meiri-Hlíð og Minni-Hlíð en Ytri-Búðir og Tröð voru lengi hjáleigur Meiri-Hlíðar.[1903] Þegar kom fram á 19. öld fóru þær þó að ganga sérstaklega kaupum og sölum og gerð voru landamerkjabréf fyrir Ytri-Búðir og Tröð árið 1890, samhliða gerð landamerkjabréfa Meiri-Hlíðar og Minni-Hlíðar. Nú stendur Bolungarvíkurkaupstaður að verulegu leyti á landi sem áður var hluti Ytri-Búða og Traðar.

Heildarmerkjum Ytri-Búða er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 12. maí 1890. Um merkin utanverð segir að þau nái að „svonefndum Dúnasteini í Grjótleiti á Stigahlíð“[1904] en merkin þar verða tekin til nánari skoðunar hér aftar. Um ofanverð merkin segir að þau séu „til fjalls, eins og fjallsbrúnir segja“. Í landamerkjabréfinu er

[1901] Þar er um að ræða kröfur vegna jarðanna Meiri-Hlíðar, Traðar og Ytri-Búða.

[1902] Sjá umfjöllun í inngangi, kafla 7.1, um breytingar sem hafa orðið á afmörkun og skráningu fasteigna síðan landamerkjabréf jarða voru almennt gerð.

[1903] Sameiginleg krafa er gerð vegna þessara jarða í málinu, að undanskilinni Minni-Hlíð, þar sem heitið Hlíðartorfa er notað um land þeirra í heild.

[1904] Í *Jarðabók* Árna og Páls, sem og viðbót við örnefnaskrá fyrir Stigahlíð frá árinu 2002 er steinninn nefndur Dunasteinn.

merkjum gagnvart Tröð, næstu jörð fyrir innan, einungis lýst á láglendi, m.a. með vísun til stórs steins og Hólsár, en hún rennur úr Tungudal sunnan jarðanna og til sjávar í Bolungarvík. Sama máli gegnir um landamerkjabréf Traðar, dags. 13. maí 1890.

Innanverðum merkjum Traðar er í landamerkjabréfi jarðarinnar lýst á þann veg að þau séu „úr Stekkjargili að ofan og í stóran stein niðri í engjunum, og þaðan sjónhending ofan í á“. Sams konar lýsing er í landamerkjabréfi Meiri-Hlíðar, dags. 12. maí 1890, og þar er tilgreint að um sé að ræða merki gagnvart Tröð.

Land Meiri-Hlíðar skiptist samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar í tvennt en land Minni-Hlíðar er þar á milli. Landamerkjabréf jarðanna voru gerð sama dag, 12. maí 1890, og í landamerkjabréfi Meiri-Hlíðar er vísað til landamerkjabréfs Minni-Hlíðar um innbyrðis merki jarðanna. Þar er merkjunum „að heimanverðu“, þ.e. ytri hlutanum, milli bæjanna, lýst á svohljóðandi hátt:

> … úr stórum steini í bakka á Þjóðólfstunguá, og í svonefnt Veituholt, og þaðan í þúfu í Kaldál og þaðan í tvo steina, sem hvor ber í annan, og sjónhending í Kaldárgil, og eptir því á fjallsbrún.

Um merkin að framanverðu, þ.e. innanverðu, segir svo að þau séu „úr rauðum steini við Tunguá, og sjónhending í Mjóateygsgil heimantil við Meiri hlíðar stekk og þaðan á fjallsbrún“. Samkvæmt landamerkjabréfi Meiri-Hlíðar á sú jörð síðan dalinn þar fyrir framan, inn að Hærri-Krossi, sem er varða á Skálavíkurheiði, en merkjum jarðarinnar á heiðinni er þar ekki lýst nánar. Hluti merkjalýsingarinnar í dalnum sunnanverðum er nokkuð misvísandi, sbr. umfjöllun í kafla 7.3.1.3, en sá hluti tengist ekki ágreiningssvæðinu sem hér er til umfjöllunar.

Við Hærri-Kross tekur síðan við land Breiðabóls í Skálavík. Hluti eigenda Breiðabóls stóð að gerð landamerkjabréfs jarðarinnar árið 1922 en tveimur árum síðar, árið 1924, lýstu þrír eigendur jarðarinnar því yfir að þeir teldu tilteknum hluta merkjanna ranglega lýst þar. Sá ágreiningur kemur til umfjöllunar hér aftar.

Við upphaf landamerkjabréfsins frá 1922 er gerð grein fyrir aðliggjandi jörðum en þar segir:

> Jörðin Breiðaból liggur í Skálavík í Hólshreppi og takmarkast af landamerkjum jarðarinnar Meirihlíð í Bolungarvík, af landamerkjum Hóls á S[t]igahlíð Minnibakka í Skálavík sjóarmegin og Langár, sem eru landamerki Breiðabóls og jarðanna Minnahraun, Kroppsstaðir og Meiribakki, sem liggja hinumegin árinnar.

Þeir hlutar landamerkjabréfsins sem varða sunnanvert ágreiningssvæðið eru merkjalýsingarnar gagnvart Meiri-Hlíð í Bolungarvík og Minni-Bakka í Skálavík.[1905] Lýsingin á merkjum Breiðabóls gagnvart Meiri-Hlíð nær þvert yfir Skálavíkurheiði en sá hluti hennar sem snertir ágreiningssvæðið er svohljóðandi: „Hærri kross á Skálavíkurheiði og bein lína úr honum á fjallsbrún Stigahlíðarmegin“. Einnig er vísað til Hærri-Kross í landamerkjabréfi Meiri-Hlíðar eins og áður var getið og þar sem landamerkjabréf Breiðabóls er m.a. undirritað um samþykki af hálfu eiganda Meiri-Hlíðar virðist hafa

[1905] Um hluta landamerkjabréfsins var fjallað í kafla 7.3.1.3.

verið ágreiningslaust að merki jarðanna lægju um Hærri-Kross og þaðan til fjalls. Um þann hluta merkjalýsingarinnar sem tengist Stigahlíð verður fjallað síðar en innbyrðis ágreiningur meðal eigenda Breiðabóls varðaði merkin þar.

Um merki Breiðabóls gagnvart Minni-Bakka, utarlega í Skálavík, segir síðan í landamerkjabréfi fyrrnefndu jarðarinnar: „Bein lína úr Merkjagarði, sem liggur á milli jarðanna og í fjallsbrún, og úr sama garði í Langá.“ Í landamerkjabréfi Minni-Bakka, dags. 5. maí 1921, er merkjum jarðarinnar gagnvart Breiðabóli lýst á sama hátt, þ.e. að þau séu frá Merkjagarði og annars vegar niður í Langá, hins vegar upp á fjallsbrún. Áður en landamerkjabréfi Minni-Bakka var þinglýst skráði hreppstjóri á það athugasemdir um að einungis tveir af eigendum Breiðabóls hefðu samþykkt að skrifa undir það, auk þess sem lýsingu vantaði á merkjum jarðarinnar á Stigahlíð.

Fyrir liggja eldri heimildir um merki á Stigahlíð utanverðri sem fjallað verður um hér á eftir en samkvæmt þeim er ysti hluti Stigahlíðar almennt eignaður Breiðabóli en ekki Minni-Bakka. Í því sambandi skal þess þó gætt að samkvæmt ýmsum heimildum voru lengi tengsl milli Breiðabóls og Minni-Bakka og í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1710 kemur fram að land jarðanna hafi að hluta verið óskipt. Þá er í heimildum frá 18. og 19. öld getið um sameiginlegan rekarétt Breiðabóls og Minni-Bakka en jafnframt ágreining um skiptingu rekans. Gerð var sátt um skiptinguna árið 1829 sem fól í sér að 4/5 hlutar rekans tilheyrðu Breiðabóli en 1/5 hluti Minni-Bakka. Þar kom einnig fram að um væri að ræða reka milli „Grunnavíkur“ og Bakkaár, sem er væntanlega áin sem rennur til sjávar milli Minni-Bakka og Meiri-Bakka í Skálavík og er nefnd Langá í áðurnefndum landamerkjabréfum. Ekki eru aðrar heimildir um örnefnið Grunnavík á þessum slóðum. Líklegt má telja að það sé misritun og ætlunin hafi verið að vísa til Gunnarsvíkur sem kemur við sögu í ýmsum heimildum um merki á svæðinu. Gunnarsvík er utarlega á Stigahlíð en nú verða landamerki þar tekin til skoðunar.

Ýmis gögn liggja fyrir þar sem vísað er til þess að Hóll í Bolungarvík eigi Stigahlíð eða hluta hennar. Bærinn Hóll stendur nálægt miðri Bolungarvík en um land jarðarinnar á þeim slóðum er fjallað í kafla 7.3.1.3. Land Hlíðartorfu er síðan milli óumdeilds eignarlands Hóls og ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar en þvert yfir það eru innan við 2 km í beinni loftlínu. Ekki liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Hól en vísað er til jarðarinnar í ýmsum gögnum um landamerki á Stigahlíð.

Eins og fram hefur komið var ágreiningur meðal eigenda Breiðabóls um merki jarðarinnar á eða við Stigahlíð, einkum eftirfarandi hluta landamerkjabréfs jarðarinnar frá 1922:

> Landamerki Breiðabóls á Stigahlíð eru: að almenningum í Gunnarsvík og almenningum í Björtulæki, sem eru landamerki Hóls og þaðan út að Kerlingu, sem skiftir landareign Breiðabóls og Minnibakka á Stigahlíð.

Eins og áður sagði lýstu þrír eigendur jarðarinnar því yfir 31. maí 1924 að þeir teldu landamerkjum milli Breiðabóls og Hóls í Bolungarvík ranglega lýst í landamerkjabréfinu. Í yfirlýsingunni, sem var þinglesin 4. júlí 1924 segir að í landamerkjaskránni

frá 1922 hafi Björtulækir milli Hvassaleitis og Miðleitis á Stigahlíð verið sagðir merki milli jarðanna en þremenningarnir telji hins vegar að Hóll „eigi alla leið út í Gunnarsvík norðanvert í Kerlingunni, og samþykkjum að þinglýst sje brjefi um landamerkin í samræmi við það“. Slíkt landamerkjabréf hefur þó ekki komið fram við gagnaleit óbyggðanefndar.

Þrátt fyrir að ágreiningur hafi verið meðal eigenda Breiðabóls árin 1922–1924 um hvar merki jarðarinnar og Hóls í Bolungarvík á eða nálægt Stigahlíð væru, þá virðist ekki hafa verið ágreiningur meðal þeirra um að land jarðanna næði saman þar um slóðir. Sama máli gegnir um eldri heimildir um merki á Stigahlíð þar sem vísað er til þess að um sé að ræða merki milli Hóls og Breiðabóls. Árið 1600 báru sex menn vitni um að merkin væru um læk utan við Gunnarsvík og þaðan upp í fjallsnípuna eða fjallið þar sem það er hæst. Einnig er sérstaklega tekið fram í vitnisburðunum að Hóll hafi átt reka í Gunnarsvík og á Þorgeirsvöllum, auk þess sem ábúandi Breiðabóls hafi þurft leyfi frá Hóli til að beita fé á Þorgeirsvöllum. Ekki er ljóst hvar Þorgeirsvellir eru eða voru en af samhenginu að dæma virðast þeir hafa verið innan þeirra merkja sem vitnisburðirnir varða, líkt og rekinn sem þar er einnig til umræðu, þ.e. austan lækjarins utan við Gunnarsvík.

Einnig var fært til bókar á manntalsþingi árið 1787 að upplesinn hafi verið vitnisburður frá 1510 um landamerki á Stigahlíð milli Hóls og Breiðabóls og á manntalsþingi árið 1801 að upplesið hafi verið afrit af máldagabréfi um landamerki milli Hóls og Breiðabóls frá 1600. Vitnisburðurinn sjálfur og máldagabréfið hafa ekki komið fram við gagnaleit. Hugsast getur að skjalið sem nefnt er máldagabréf frá árinu 1600 sé efnislega sama skjalið og áðurnefndir vitnisburðir frá því ári. Í tilviki vitnisburðarins sem sagður er frá 1510 er ártalið í skjalinu skráð með rómverskum stöfum, þ.e. „M. dx“, en þar er ekki óhugsandi að um misritun fyrir „M. dc“ sé að ræða og því sé einnig um að ræða vitnisburðina frá 1600. Þetta eru þó einungis getgátur og ekkert liggur fyrir í reynd um það hvar á Stigahlíð merkjunum er lýst í gögnunum sem þinglesin voru 1787 og 1801. Vísanir til þess að um hafi verið að ræða merki Hóls og Breiðabóls styðja hins vegar aðrar heimildir um að merki þeirra jarða hafi náð saman á þessum slóðum. Oftast kemur þar fram að merkin miðist við Gunnarsvík. Í umdeildu landamerkjabréfi Breiðabóls frá 1922 er þó vísað til Björtulækja sem landamerkja Hóls en í yfirlýsingu þriggja eigenda Breiðabóls frá 1924 kemur hins vegar fram að þeir telji merki Hóls ná út í Gunnarsvík.

Björtulækir eru vestan Miðleitis á Stigahlíð og þar með á eða nálægt línunni sem dregin er í landamerkjabréfi Breiðabóls frá 1922 gagnvart Meiri-Hlíð í Bolungarvík, þ.e. frá Hærri-Krossi á Skálavíkurheiði upp á Bolafjall og eftir atvikum áfram. Þótt deilt hafi verið um hluta merkjalýsingarinnar virðist hafa verið óumdeilt að land Breiðabóls og Meiri-Hlíðar næði saman við Hærri-Kross á Skálavíkurheiði og merkin milli jarðanna lægju þaðan til fjalls. Jafnframt virðist hafa verið óumdeilt að Stigahlíð austan Björtulækja tilheyrði Hóli. Ágreiningurinn meðal eigenda Breiðabóls snerist um

Stigahlíð vestan Björtulækja og að Gunnarsvík, þ.e. hvort Hóli tilheyrði einnig sá hluti, en hið umdeilda landamerkjabréf Breiðabóls sem gerir ráð fyrir aðgreiningu við Björtulæki hefur ekki stuðning af öðrum gögnum málsins.

Austurmerkjum þess landsvæðis á Stigahlíð sem eignað hefur verið Hóli eru hvergi gerð bein skil í landamerkjabréfum eða eldri fyrirliggjandi heimildum með tilliti til Hóls. Hins vegar liggur fyrir, eins og fram kom við upphaf umfjöllunar um merki á svæðinu, að landamerki Ytri-Búða samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 12. maí 1890, miðast við merkjastein á Grjótleiti, innarlega á Stigahlíð, sem ýmist er nefndur Dunasteinn eða Dúnasteinn. Í landamerkjabréfi Ytri-Búða segir einnig að reki innan merkja jarðarinnar fylgi Meiri-Hlíð en Ytri-Búðir voru lengi hjáleiga þeirrar jarðar. Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1710 er steinninn sömuleiðis nefndur í tengslum við rekamörk Meiri-Hlíðar. Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um merki eða aðra aðgreiningu á Stigahlíð milli Grjótleitis og Gunnarsvíkur nema áðurnefnt umdeilt landamerkjabréf Breiðabóls frá 1922 þar sem merki Hóls á Stigahlíð eru sögð miðast við Björtulæki, vestan Miðleitis.

Þá er merkjasteinninn á Grjótleiti einnig nefndur í ýmsum yngri heimildum og í sumum þeirra er vísað til Hóls í tengslum við hann. Í viðbót frá árinu 2002 við örnefnaskrá fyrir Stigahlíð segir t.d. að merkjasteinninn hafi verið talinn týndur í skriðu en hann sé enn á sínum stað og hafi sést þar það sumar. Á hann séu meitlaðir stafirnir H og Y sem heimildarmaðurinn telur hljóta að vera Hól og Ytri-Búðir. Upplýsingar um stafina H og Y á steininum koma einnig fram í örnefnaskrá fyrir Stigahlíð frá árinu 1978, skráðri eftir frásögn Jóhanns Kristjánssonar í Bolungarvík sem var fæddur 1925, þar sem steinninn er nefndur sem merki milli Ytri-Búða og Hóls. Þótt ekkert liggi fyrir um það hvenær stafirnir voru meitlaðir á steininn, né heldur hvort ályktunin um að stafirnir vísi til jarðanna er rétt, þá eru þessar 20. aldar frásagnir til marks um að á þeim tíma hafi verið litið svo á að merki Ytri-Búða á Stigahlíð hafi jafnframt verið merki gagnvart landareign Hóls. Enn fremur segir í annarri örnefnaskrá frá árinu 1978, skráðri eftir frásögn Þorgils Guðmundssonar, sem var fæddur 1898, að merki Hóls á Stigahlíð hafi annars vegar verið við Grjótleiti og hins vegar við Gunnarsvík.

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um landamerki sem varða ágreiningssvæðið. Þær merkjalýsingar sem hafa verið raktar varða tvo ólíka hluta þess. Annars vegar taka þær til suðurhluta ágreiningssvæðisins, fjalllendis ofan Bolungarvíkur og Skálavíkur. Þar er merkjum almennt lýst milli tiltekinna staða á láglendi og fjallsbrúnar, stundum að auki með vísun til gilja í fjallinu og eru því af sama tagi og merkjalýsingar sem um var fjallað í kafla 7.3.1.

Hins vegar er um að ræða merkjalýsingar á Stigahlíð, þ.e. á þeim hluta kröfusvæðisins sem gengur í sjó fram milli Traðarhyrnu við Bolungarvík og Kerlingar við Skálavík. Fram hefur komið að austurhluti svæðisins, frá sjó undir Traðarhyrnu og að Grjótleiti, er innan merkja Ytri-Búða samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en ekki er fjallað um landamerkjabréf Ytri-Búða í kröfugerð ríkisins. Að vestanverðu

háttar síðan þannig til að þótt merkjum á Stigahlíð sé ekki lýst í landamerkjabréfi Minni-Bakka í Skálavík, þá þykir sýnt af öðrum heimildum að þau nái að Gunnarsvík sem er vestarlega á Stigahlíð.

Heimildir um Stigahlíð að öðru leyti, þ.e. milli Grjótleitis og Gunnarsvíkur, skiptast í tvennt en í næstum öllum heimildunum er gert ráð fyrir að svæðið sé innan merkja jarða. Oftast er þar vísað til Hóls í Bolungarvík. Umdeilt landamerkjabréf Breiðabóls frá 1922 eignar Hóli þó einungis svæðið austan Björtulækja. Í þeim hluta merkjalýsingarinnar sem tekur til svæðisins milli Björtulækja og Gunnarsvíkur virðist að einhverju leyti gert ráð fyrir eignarlandi Breiðabóls en þar eru þó einnig óljósar vísanir til almenninga. Merkjalýsingin hefur þó ekki stuðning af eldri heimildum og í þessu sambandi skal minnt á að með gerð landamerkjabréfs gátu menn ekki aukið einhliða við land sitt, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Vísanir landamerkjabréfsins til almenninga á þessum slóðum hafa ekki heldur stuðning af eldri heimildum. Enn fremur var innbyrðis ágreiningur meðal eigenda Breiðabóls um þennan hluta merkjalýsingarinnar þar sem meirihluti eigenda taldi svæðið innan merkja Hóls og gerði ekki ráð fyrir almenningi þar.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að þegar heimildir um landamerki á Stigahlíð eru metnar heildstætt styðji þær að svæðið sé innan merkja jarða. Hvað varðar aðra hluta ágreiningssvæðisins, þ.e. efstu hluta fjalllendisins, er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar, með vísan til þeirra forsendna sem raktar voru í kafla 7.3.1.8, að fyrirliggjandi heimildir um merki jarða á svæðinu, túlkaðar með hliðsjón af staðháttum, styðji við afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins. Því er niðurstaða óbyggðanefndar sú að þjóðlendukröfusvæðið sé að öllu leyti innan merkja jarða.

7.4 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þjóðlendukröfusvæðanna. Í kafla 7.2.4 er fjallað um landnám á svæðinu og komist að þeirri niðurstöðu að af frásögnum *Landnámu* verði almennt ekki ráðið hvort ágreiningssvæði málsins hafi verið numin, enda komi t.d. ekki fram hve langt til fjalla land hafi verið numið. Að mati óbyggðanefndar mæla staðhættir og fjarlægðir því þó ekki í mót að svæðin kunni að hafa verið numin, þó svo að sums staðar séu nokkuð skörp skil í landslagi, enda fjarlægðir frá byggð almennt ekki miklar. Almennt telur nefndin t.d. ekki sérstakar líkur á að landnám hafi miðast við þær brúnir sem íslenska ríkið miðar málatilbúnað sinn að verulegu leyti við, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1, enda fela þær almennt ekki í sér slíka farartálma að þær hafi reist landnámi augljósar skorður.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði

sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Niðurstöður um eignarréttarlega stöðu þjóðlendukröfusvæðanna verða hér dregnar saman í tveimur undirköflum þar sem annars vegar verður fjallað um kröfusvæðin sjö sem taka alfarið til efstu hluta fjalla, sbr. kafla 7.3.1, og hins vegar um kröfusvæðið sem nefnist *Bolafjall og Stigahlíð*, sbr. kafla 7.3.2.

7.4.1 Efstu hlutar fjalla

Hér verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þeirra sjö þjóðlendukröfusvæða þar sem kröfulína ríkisins miðast að öllu leyti við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, en um afmörkun þar var fjallað í kafla 7.3.1. Líkt og rakið er í kafla 7.3.1.8 er niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæðin séu að öllu leyti innan merkja jarða. Í ljósi mikils vægis landamerkjabréfa jarða sem sönnunargagna um beinan eignarrétt hefur sú ályktun einnig afgerandi þýðingu að því er varðar eignarréttarlega stöðu svæðanna.

Í málinu liggja ekki fyrir heimildir sem benda til þess að ofan þeirra brúna sem íslenska ríkið miðar kröfur sínar við hafi verið landsvæði með aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðanna, svo sem almenningar eða afréttir. Þótt í nokkrum tilvikum sé vísað sérstaklega til beitarréttinda í heimildum um merki jarða á svæðinu, þá er almennt ljóst að um er að ræða beit utan kröfusvæðis, auk þess sem heimildir þykja ekki benda til þess að um afrétt sé að ræða. Það á t.d. við um beitarréttindi Efstabóls á því landsvæði í Korpudal sem er innan merkja Kirkjubóls samkvæmt landamerkjabréfi

jarðarinnar. Í einu tilviki, þ.e. þar sem lýst er beitarréttindum Hvilftar í landi Eyrar á Sauðanesi, liggur ekki fyrir með fullri vissu hvort um er að ræða beit innan eða utan kröfusvæðis[1906] en þar bera heimildir með sér að um beitarítak í eignarlandi sé að ræða.

Þá mæla staðhættir, gróðurfar eða önnur atriði því ekki sérstaklega í mót að mati óbyggðanefndar að svæðin séu eignarlönd, enda leiðir það ekki sjálfkrafa til niðurstöðu um þjóðlendu að svæði sé hálent, lítt gróið, fjarri byggð og lítt nytjað. Má í því sambandi t.d. nefna dóm Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu jarða í Fljótshverfi í Skaftárhreppi. Með dómnum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að hin umdeildu svæði, sem afmörkuð voru í landamerkjabréfum viðkomandi jarða, væru eignarlönd. Þar á meðal var lítt gróið land í um og yfir 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Þau svæði sem hér eru til umfjöllunar liggja efst á fjöllum og því fer fjarri að unnt sé að lýsa þeim sem víðáttumiklum fjallgörðum eða stórum og samfelldum heiðarlöndum. Þá skilja fjöllin að jarðir og eru ekki víðfeðm miðað við stærð óumdeildra eignarlanda jarðanna, þ.e. neðan þeirra brúna sem íslenska ríkið miðar kröfur sínar við, auk þess sem fjarlægðir milli bæjarstæða og efstu hluta fjalla eru almennt litlar.

Samkvæmt framansögðu eru að mati óbyggðanefndar ekki forsendur til annars en að leggja til grundvallar að eignarréttarleg staða þjóðlendukröfusvæðanna ráðist af því að þau séu í heild innan merkja jarða. Þá er af hálfu aðila málsins ekki deilt um að viðkomandi jarðir séu eignarlönd heldur snýst ágreiningur málsins eingöngu um afmörkun jarðanna til fjalla. Þær heimildir sem raktar eru í 5. kafla styðja aukinheldur að um jarðir sé að ræða. Í ljósi þess og að fenginni niðurstöðu um afmörkunina, sem rakin er hér að framan, er að mati óbyggðanefndar ekki þörf á að fjalla nánar um það atriði.

Að öllu framangreindu virtu hefur íslenska ríkið ekki sýnt fram á að innan marka kröfusvæða þess efst á fjöllum séu þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar séu eignarlönd, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

7.4.2 Bolafjall og Stigahlíð

Þótt komist hafi verið að þeirri niðurstöðu í kafla 7.3.2 að þjóðlendukröfusvæðið sem af hálfu ríkisins nefnist *Bolafjall og Stigahlíð* sé innan merkja jarða, þá eru fyrir hendi

[1906] Fyrir liggur að beit hefur verið uppi á fjallinu Sauðanesi og í kröfugerð eigenda Hvilftar er því haldið fram að beitarítak Hvilftar í landi Eyrar utan Klofningshryggs, sem m.a. er getið í landamerkjabréfum jarðanna og grundvallaðist á dómi, hafi verið uppi á fjallinu. Í *Árbók* Ferðafélags Íslands 1999 er hins vegar fjallað um gamalt sel Hvilftar, sem er sagt hafa komið við sögu í dómsmálinu, í tengslum við landsvæði niðri við sjó, skammt fyrir utan Klofningsá.

heimildir sem gefa tilefni til að kanna hvort hluti svæðisins hafi haft aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeild eignarlönd jarða.

Það á þó ekki við um kröfusvæðið sunnanvert sem er efst á fjöllum ofan Bolungarvíkur og Skálavíkur, en með vísan til þeirra forsendna sem gerð var grein fyrir í kafla 7.4.1 leiðir rannsókn óbyggðanefndar til þeirrar niðurstöðu að þar séu eignarlönd. Sama máli gegnir um ysta og innsta hluta Stigahlíðar, þ.e. annars vegar milli Kerlingar við Skálavík og Gunnarsvíkur, hins vegar milli Grjótleitis og ótilgreinds punkts nr. 7 á kröfulínu ríkisins undir Traðarhyrnu í Bolungarvík, sem og fjallanna þar fyrir ofan sem eru innan merkja jarða samkvæmt fyrrgreindri niðurstöðu óbyggðanefndar.

Eftir stendur að fjalla um eignarréttarlega stöðu Stigahlíðar milli Grjótleitis og Gunnarsvíkur en hún þarfnast sérstakrar skoðunar. Eins og fram kom í kafla 7.3.2 vísa flestar fyrirliggjandi heimildir til þess að Stigahlíð milli Grjótleitis og Gunnarsvíkur tilheyri Hóli. Þar er þó um að ræða landsvæði sem er aðskilið frá óumdeildu eignarlandi Hóls af landi Hlíðartorfu. Í fyrri málum hjá óbyggðanefnd, t.d. í máli nr. 2/2020 (Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps), hefur ágreiningur í slíkum tilvikum almennt snúið að því hvort aðgreinda landsvæðið væri hluti viðkomandi jarðar eða hvort þar væri um afréttarsvæði að ræða, undirorpið óbeinum eignarréttindum. Í þessu máli er ágreiningurinn þó ekki af því tagi þar sem í kröfugerð ríkisins er lagt til grundvallar að um sé að ræða gróðursnautt og bratt landsvæði sem hafi líklega verið lítt nytjað. Þá er þar ekki minnst á hugsanleg eignarréttindi Hóls eða nýtingu af hálfu eigenda jarðarinnar þótt ýmsar heimildir af því tagi liggi fyrir í málinu. Þrátt fyrir það skiptir máli að kanna hvort um sé að ræða land utan eignarlanda, eftir atvikum undirorpið óbeinum eignarréttindum.

Í gögnum málsins eru þess tvö dæmi að vísað sé til hluta Stigahlíðar sem almennings en bæði eru frá 20. öld.[1907] Þar er helst að nefna umdeilt landamerkjabréf Breiðabóls frá 1922 sem lýsir merkjum jarðarinnar á Stigahlíð með vísan til Björtulækja og Gunnarsvíkur en nefnir jafnframt almenninga í því sambandi. Hugmyndin um almenning milli Björtulækja og Gunnarsvíkur kemur einnig fram í annarri tveggja örnefnaskráa fyrir hlíð sem skráð var árið 1978, þ.e. þeirri gerð sem byggist á frásögn Jóhanns Kristjánssonar (f. 1925) en hún er endurskoðuð útgáfa örnefnaskrár frá sama ári þar sem Þorgils Guðmundsson (f. 1898) var heimildarmaður. Að sögn Jóhanns nefndist hluti Stigahlíðar Almenningar, nánar tiltekið milli Björtulækja og Gunnarsvíkur; þar hefði verið upprekstrarland til afnota fyrir almenning og hver sem var hefði mátt hirða þar reka. Þetta er þó í andstöðu við þá gerð örnefnaskrárinnar sem höfð er eftir Þorgils Guðmundssyni en samkvæmt honum átti Hóll Stigahlíð milli Grjótleitis og Gunnarsvíkur.

Engar aðrar heimildir sem fyrir liggja í málinu geta um almenning á Stigahlíð og þá var ágreiningur meðal eigenda Breiðabóls um þann hluta merkjalýsingar jarðarinnar frá

[1907] Almenna umfjöllun um almenninga er að finna í kafla 4.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurðinum.

1922 sem varðaði Stigahlíð svo að vísun hennar til almenninga þykir hafa takmarkað vægi. Meirihluti eigenda Breiðabóls lýsti því enn fremur sérstaklega yfir árið 1924 að landareign Hóls næði út í Gunnarsvík að mati þeirra.

Önnur gögn málsins gefa ekki heldur til kynna að gegnum aldirnar hafi verið litið á svæðið sem almenning. Þvert á móti bera ýmsar heimildir með sér að eigendur Hóls hafi haft umráð yfir Stigahlíð, þar á meðal vitnisburðir frá árinu 1600, sem getið var í kafla 7.3.2 þar sem Hóli er m.a. eignaður reki í Gunnarsvík. Einnig er þar getið um beit á Þorgeirsvöllum og að ábúandi Breiðabóls hafi þurft leyfi frá Hóli til að beita fé þar. Þótt ekki liggi fyrir hvar Þorgeirsvellir eru eða voru virðist af samhenginu um að ræða svæði innan þeirra merkja Hóls sem vitnisburðirnir varða, þ.e. austan lækjarins utan við Gunnarsvík.

Í umfjöllun *Jarðabókar* Árna og Páls um Hól frá árinu 1710 kemur fram að reki fyrir Stigahlíð tilheyri Hóli en einnig birtast þar vangaveltur um að tiltekinn hluti af dýrleika jarðarinnar kunni að byggjast á því að „Stigahlíð sjálf með öllu“ hafi verið reiknuð þar með.

Einnig liggur fyrir skjal dagsett 28. júlí 1876 þar sem fjórir menn bönnuðu hagagöngu í Stigahlíð nema gegn gjaldi. Þótt ekki sé tilgreint í skjalinu að þeir séu eigendur Hóls, þá er skjalið undirritað þar, auk þess sem af öðrum gögnum málsins sést að a.m.k. þrír af þessum fjórum mönnum voru meðal eigenda eða umráðamanna Hóls um þetta leyti.

Enn fremur segir í fasteignamati 1916–1918 um Hól í Bolungarvík að viðarreki og upprekstur á Stigahlíð gefi af sér árlega, auk þess sem getið er um surtarbrandstekju á Stigahlíð. Hér eru því fyrir hendi heimildir um ýmiss konar nýtingu af hálfu eigenda Hóls á löngu tímabili.

Í tengslum við þá aðgreiningu frá óumdeildu eignarlandi Hóls sem áður var getið skal beint á að leiðin milli landsvæðanna er ekki löng. Innan við 2 km í beinni loftlínu eru frá bæjarstæði Hóls að mörkum þess hluta ágreiningssvæðisins sem gerð er krafa til vegna jarðarinnar. Þá er Hóll nálægt sjó í Bolungarvík og stutt sjóleið er þaðan að Grjótleiti, þeim hluta kröfusvæðisins á Stigahlíð sem er næstur Bolungarvík.

Í því sambandi er einnig vert að nefna að af fyrirliggjandi heimildum sést að eignarhald fjölmargra samliggjandi jarða í Bolungarvík og Skálavík, þar á meðal jarðanna sem hér um ræðir, var löngum á einni hendi hverju sinni en um það vitna m.a. samningar, skiptabréf og vitnisburðir frá 15.–16. öld. Eftir að eignarhaldið á jörðunum fór að sundurgreinast háttaði eftir sem áður lengi þannig til að ýmsar samliggjandi jarðir voru iðulega á einni hendi. Því er ljóst að öldum saman var um að ræða samliggjandi eignarland þótt innan þess hafi verið aðgreindar jarðir. Nærtækt er að sá hluti þessa samfellda landsvæðis þar sem staðhættir eru sérstakir og fyrir hendi voru m.a. nytjar á borð við reka, þ.e. Stigahlíð, hafi heyrt undir höfuðbólið Hól. Niðurstaða umfjöllunar um landamerki í kafla 7.3.2 bendir einnig til þess, en þótt ekki sé fyrir hendi landamerkjabréf

fyrir Hól gefa aðrar merkjalýsingar á svæðinu almennt til kynna að ágreiningssvæðið á Stigahlíð hafi verið talið hluti jarðarinnar.

Að teknu tilliti til framangreinds verður að mati óbyggðanefndar ekki talið að landfræðilegur aðskilnaður ágreiningssvæðisins frá öðru landi Hóls mæli gegn beinum eignarrétti, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði). Heimildir sem gerð hefur verið grein fyrir benda enn fremur til beins eignarréttar.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að sá hluti ágreiningssvæðisins sem tekur til Stigahlíðar hafi frá öndverðu verið hluti jarða, en ekki land utan eignarlanda, einungis undirorpið óbeinum eignarréttindum. Þá er einnig niðurstaða óbyggðanefndar að aðrir hlutar ágreiningssvæðisins séu eignarlönd, með vísan til sömu forsendna og gerð var grein fyrir í kafla 7.4.1.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur því ekki verið sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess, eins og það er skilgreint hér að framan, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

7.5 Um kröfur Orkubús Vestfjarða

Kröfur Orkubús Vestfjarða í málinu eru tvíþættar. Annars vegar lúta þær að því að viðurkenndur verði nýtingarréttur þess að vatnsréttindum á vatnasviðum Reiðhjallavirkjunar, Tungudalsvirkjunar, Fossárvirkjunar og Nónvirkjunar. Hins vegar að viðurkenndur verði eignarréttur Orkubúsins að landi á línustæði Súðavíkurlínu, en til vara að viðurkenndur verði eignarréttur að mannvirkjum þar, að því marki sem þau kunna að standa í þjóðlendu. Samkvæmt 7. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, hefur óbyggðanefnd það þríþætta hlutverk að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Nefndin fer aftur á móti ekki með vald til að úrskurða um réttindi innan eignarlanda. Þau svæði sem kröfur Orkubús Vestfjarða lúta að teljast til eignarlands samkvæmt þeirri niðurstöðu nefndarinnar sem lýst er í kafla 7.4. Kröfurnar verða því ekki tekin til úrlausnar í málinu.

7.6 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat lítur nefndin almennt til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagmunir ekki á.

Í samræmi við framangreint var gagnaðilum íslenska ríkisins í máli þessu úrskurðaður málskostnaður á fundum óbyggðanefndar 2. mars og 29. ágúst 2023. Við mat á fjárhæð kostnaðar var litið til þess hvað telja mætti sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu, miðað við framlagðar tímaskýrslur og umfang ágreiningsmálsins, og var málskostnaður úrskurðaður til málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gaf tilefni til.

Úrskurður um málskostnað er birtur í viðauka II.

8 ÚRSKURÐARORÐ

Ekki eru þjóðlendur á landsvæðinu sem fjallað hefur verið um í máli þessu.

Allan V. Magnússon

Þorsteinn Magnússon

Eiríkur Elís Þorláksson

A L M E N N A R N I Ð U R S T Ö Ð U R
Ó B Y G G Ð A N E F N D A R

— með viðaukum —

Svæði 1–10A og 10C

Sérprentun 30. ágúst 2023

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI ..... **III**

1. INNGANGUR ..... **IV**

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR ..... **V**

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA ..... **VI**

3.1. Landnám VI
3.2. Hefð VIII
3.3. Lög XII

4. FLOKKUN LANDS ..... **XIV**

4.1. Almennt XIV
4.2. Jörð XV
4.3. Almenningar XX
4.4. Afréttir XXII
4.5. Jörð eða afréttur? XXIX
4.6. Jöklar XXX
4.7. Fjallskil XXXV
4.8. Ítök XXXIX
4.9. Fjörur og rekaeign XLII

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD ..... **XLVII**

5.1. Almennt XLVII
5.2. Jarðamöt og jarðabækur XLVII
5.3. Máldagar og vísitasíur XLIX
5.4. Lögfestur LI
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf LII
5.6. Afsals- og veðmálabækur LVI
5.7. Aðrar heimildir LVIII

6. NIÐURSTAÐA ..... **LIX**

7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5 ..... **LXIV**

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum LXIV
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða LXIV
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi LXVII

8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6 ..... **LXIX**

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXIX
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana LXIX

9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A ..... **LXXIII**

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXXIII

10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B ..... **LXXIII**

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXXIII
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar LXXIV
10.3. Heimildir um legu jarða til forna LXXVI

11. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A ..... **LXXVIII**

11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXXVIII
11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir LXXVIII
11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis LXXXI
11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna LXXXIV

12. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 9B ..... **LXXXVIII**

12.1. Þinglýsing landamerkjabréfa og færsla í landamerkjabækur LXXXVIII
12.2. Almenningar stöðuvatna LXXXIX

13. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10C ..... **XCI**

13.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum XCI
11.1 Stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 1776 XCI

FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði frá og með svæði 3. Fer sá texti hér á eftir, í 1.–6. kafla.

Í úrskurðum á svæðum 3–10A og 10C hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirliggjandi *Almennar niðurstöður*. Tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi gafst einkum á svæðum 5, 6, 7A, 7B, 8A, 9B og 10C og fer sá texti lítillega styttur hér á eftir í 7.–13. kafla.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum og vísa til þeirra.

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglendisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti.*[1] Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglendisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglendisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $^{2}/_{3}$ hluta af yfirborði landsins.[2] Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $^{1}/_{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $^{1}/_{4}$ hluta landsins í heild og um $^{10}/_{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálendisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $^{1}/_{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálendinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálendisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

---

1 Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

2 Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.[3]

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.[4] Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.[5] Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinnar. Stundum virðist kvikfé sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjǫllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“[6]

---

3 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II (fjölr.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

4 *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

5 *Landnámabók* 1986, s. 321.

6 *Landnámabók* 1986, s. 337.

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.[7] Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.[8] Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.[9] Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagn-

---

7 Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags.* S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

8 Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222–225, 231–233.

9 Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímni. Riti um nafnfræði*. 1–3. b. (1980–1996).

fræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.[10] Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ,átǫlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lǫgleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“[11]

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar[12]. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „…sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.[13]

---

10 Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

11 *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

12 Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

13 Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder.* 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

> Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal þad ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.[14]

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.[15] Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabil væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

> Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.[16]

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.[17]

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna

---

14 *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

15 *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

16 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

17 *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.[18]

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafaþingið frumvarp kansellísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafaþinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.[19]

Þrátt fyrir að Landsyfirréttur hefði um árabil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.[20] Í dómi Landsyfirréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli upprekstur „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.[21]

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

---

18 *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5 augúst 1845*. Reykjavík 1845. S. 2–12.

19 *Tíðindi frá Alþingi … 1845,* s. 466.

20 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 3. b. (1886–1889). Reykjavík 1890. S. 236–241.

21 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 5. b. (1895–1898). Reykjavík 1901. S. 327–330.

> Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífið, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. …
>
> Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845 …[22]

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.[23]

Í dómi Landsréttar frá 2. október 2020 í máli nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar) reyndi einnig á það hvort skilyrðum 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar hefði verið fullnægt í tengslum við nýbýlisstofnun á hluta ágreiningssvæðis málsins. Talið var sannað að byggingarbréf hefði verið gefið út vegna stofnunar nýbýlis að Réttarhóli. Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði 19. desember 2014 í máli nr. 2/2013 að nýbýli hefði ekki stofnast þar sem byggingarbréfinu hefði ekki verið þinglýst, svo sem nefndin taldi að skylt hefði verið samkvæmt 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar, og fyrirliggjandi gögn bentu ekki til þess að mistökum eða vanrækslu embættismanna væri um að kenna. Um þetta atriði er nokkuð ítarlega fjallað í dómi Landsréttar:

> Fyrir liggur að sýslumaður sendi amtmanni endurrit af áreiðargjörðinni og að amtmaður sendi sýslumanni 17. október 1889 byggingarbréf sem hann óskaði eftir að yrði afhent Birni Eysteinssyni. Þá kemur fram í gögnum málsins að sýslumaður hafi með bréfi 29. sama mánaðar sent byggingarbréfið áfram til Björns samkvæmt áðurgreindum fyrirmælum amtmanns. Frumrit byggingarbréfsins liggur ekki fyrir í málinu en leggja verður til grundvallar að byggingarbréfið sem gefið var út til Björns

> hafi að efni til verið í samræmi við endurrit sem er að finna í skjalasafni amtmanns og áður er getið.
> Í málinu er ekki að finna nein gögn um að „foréttíngunni“ hafi verið lýst á þingi svo sem mælt var fyrir um í 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar. Í greininni er þess ekki getið hver eigi að annast lýsingu á „foréttíngunni“ á þingi og ekki er sérstaklega kveðið á um að byggingarbréfinu skuli þinglýst. Ljóst er af ákvæði 6. gr. að gerður var greinarmunur á útgáfu byggingarbréfsins og „foréttíngunni“ sjálfri. Þá liggur fyrir að áreiðin var á höndum sýslumannsins og þeirra matsmanna sem hann kvaddi til og að sýslumaður hafði umsjón með manntalsþingi þar sem „forréttíngunni“ skyldi lýst.
> Á þeim tíma sem áreiðargerðin fór fram og byggingarbréfið var gefið út var í gildi tilskipun um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi frá 24. apríl 1833. Í 2. og 3. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að ef skjal hljóðar upp á afhendingu fasteignar eigi ætíð að lesa það á þingi „til hvers eigindómurinn heyrir“ sem utan Reykjavíkur skuli vera hið árlega manntalsþing. Í 4. gr. tilskipunarinnar kemur fram að réttarverkun þinglýsingar gagnvart þriðja manni reiknist almennt frá þinglýsingardegi. Af ákvæðinu má ráða að þinglýsingu skjals um afhendingu eignar hafi fyrst og fremst verið ætlað að verja rétt eiganda gagnvart þriðja manni.
> Í úrskurði óbyggðanefndar og hinum áfrýjaða dómi er á því byggt að Birni hafi verið skylt að láta þinglýsa byggingarbréfinu samkvæmt báðum tilskipunum. Svo sem rakið er að framan var ekki mælt fyrir um það í nýbýlistilskipuninni að nýbýlingi hefði borið skylda til þess að þinglýsa byggingarbréfi til þess að fullkomna stofnun nýbýlis heldur er einungis mælt fyrir um að „foréttíngunni“ skuli lýsa á þingi. Það liggur á hinn bóginn fyrir að ef nýbýlingur hefði viljað tryggja eignarrétt sinn á nýbýlinu gagnvart þriðja manni hefði hann getað óskað eftir því að byggingarbréfinu yrði lýst á þingi eins og öðrum skjölum um afhendingu eignar. Fyrir liggur að áreiðargerðin og þar með „foréttíngin“ var á höndum sýslumannsins auk þess sem sýslumaður og amtmaður höfðu báðir haft undir höndum byggingarbréfið sem gefið var út til Björns. Embættismönnunum var því fullkunnugt um gilda stofnun nýbýlisins að Réttarhóli. Ekki verður úr því skorið hvers vegna „foréttíngunni“ var ekki lýst á þingi enda liggja engar upplýsingar fyrir um það í málinu. Þegar framangreint er haft í huga og það markmið þinglýsingar að tryggja eignarrétt gagnvart þriðja manni verður því hafnað að vanhöld á þinglýsingu hafi leitt til þess að ekki hafi stofnast til einkaeignarréttar Björns á umræddu landi samkvæmt nýbýlatilskipuninni. Gagnvart aðaláfrýjanda verður því að miða við að nýbýli hafi stofnast og Björn þannig eignast einkaeignarrétt að því svæði sem önnur varakrafa gagnáfrýjenda í héraði tekur til, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Í dómnum er byggt á því að 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar hafi einungis kveðið á um skyldu til að láta þinglýsa „forréttíngunni“ eða áreiðargerðinni en ekki byggingarbréfinu. Þrátt fyrir það var því hafnað að vanhöld á þinglýsingu „forréttíngarinnar“ hafi leitt til þess að ekki hafi stofnast til einkaeignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, m.a. með hliðsjón af því að óljóst hafi verið hvers vegna „forréttíngunni“ hafi ekki verið þinglýst og því markmiði þinglýsingar að tryggja eignarrétt gagnvart þriðja manni. Ályktun um markmið þinglýsingar var dregin af túlkun á 4. gr. þágildandi tilskipunar um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi frá 24. apríl 1833.

Af framangreindum dómum Landsréttar má ráða þá afstöðu réttarins að þrátt fyrir að 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar hafi kveðið á um skyldu til útgáfu byggingarbréfs og þinglýsingar „forréttingarinnar“ ráði útgáfa byggingarbréfs í raun úrslitum um það hvort stofnast hafi til eignarréttar á grundvelli tilskipunarinnar. Þinglýsingu „forréttíngarinnar“ hafi fyrst og fremst verið ætlað að tryggja eignarrétt gagnvart þriðja

manni og hún hafi því ekki verið fortakslaust skilyrði fyrir stofnun eignarréttar á grundvelli tilskipunarinnar.

Í dómi Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli) var m.a. fjallað um skilyrði 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar í tengslum við stofnun eignarréttar á grundvelli hennar í Heiðarmúla í Svalbarðshreppi. Í málinu lá fyrir að áreiðar- og skoðunargerð fór fram í samræmi við reglur tilskipunarinnar. Ekki lá hins vegar fyrir hvað gert hefði verið í framhaldinu og um það segir í dómi Hæstaréttar:

> … til að ljúka meðferð málsins stóð eftir að sýslumaður léti af hendi til amtmanns útskrift af áreiðar- og skoðunargerðinni, amtmaður gæfi [nýbýlingi] út byggingarbréf og gerðinni yrði lýst á þingi, svo sem mælt var fyrir um í 6. gr. tilskipunarinnar.
> […]
> Í málinu hefur ekkert komið fram um að byggingarbréf fyrir Heiðarmúla hafi verið þinglesið eða gerð sýslumanns lýst á manntalsþingi. Að þessu öllu virtu er ekki unnt að leggja annað til grundvallar en að látið hafi verið hjá líða að ljúka stofnun nýbýlisins með áðurnefndum aðgerðum, sem kveðið var á um í 6. gr. tilskipunarinnar frá 15. apríl 1776. Til þess verður á hinn bóginn að líta að um þessi atriði, sem málsmeðferðinni var áfátt, varð [nýbýlingi] ekki kennt, heldur er óhjákvæmilegt að rekja þau til mistaka eða vanrækslu embættismanna.

Sú niðurstaða málsins að um þjóðlendu væri að ræða réðst síðan af öðrum atriðum.

Sú afstaða Landsréttar sem að framan var lýst, þess efnis að útgáfa byggingarbréfs ráði í raun úrslitum um hvort stofnað hafi verið til beins eignarréttar á landi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, er í meginatriðum í samræmi við þá afstöðu sem óbyggðanefnd hefur haft til þessa atriðis, þó að niðurstaða nefndarinnar varðandi nýbýlisstofnun að Réttarhóli hafi verið önnur en Landsréttar. Má í því sambandi benda á umfjöllun nefndarinnar um heiðarbýli á Norðausturlandi í kafla 7.1.2 í *Almennum niðurstöðum* nefndarinnar sem birtar eru sem viðauki með úrskurði þessum. Umræddur kafli snýr einkum að stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar, en þar segir m.a. um það atriði: „Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum.“ Þrátt fyrir þetta komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu í máli nr. 2/2013, m.a. með hliðsjón af framangreindum dómi Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli), að þar sem engar heimildir væru um að byggingarbréfi Réttarhóls hefði verið þinglýst og fyrirliggjandi gögn bentu ekki til þess að þar væri mistökum eða vanrækslu embættismanna um að kenna stæðu ekki rök til að viðurkenna að til fullnaðrar nýbýlisstofnunar hefði komið á Réttarhóli í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

Eins og áður segir var ekki óskað áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar vegna dóms Landsréttar frá 2. október 2020 í máli nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar) og beiðni um áfrýjunarleyfi vegna dóms réttarins frá sama degi í máli nr. 63/2019 (Fannlaugarstaðir) var hafnað af Hæstarétti. Dómarnir eru því endanlegur í málunum og hafa það fordæmisgildi sem af því leiðir. Samanburður þeirra þriggja dóma sem hér um ræðir, þ.e. dóma Landsréttar í málum nr. 190/2019 (Forsæludalskvíslar) og 63/2019 (Fannlaugarstaðir) og dóms Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli), leiðir til

álykunar um að eftir sem áður ráði útgáfa amtmanns á byggingarbréfi til nýbýlings á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 mestu um hvort stofnast hafi til beins eignarréttar á áður eigandalausu landi. Ekki ræður endilega úrslitum um þetta þótt látið hafi verið hjá líða að þinglýsa áreiðargerð („forréttingu“) sýslumanns vegna stofnunar nýbýlisins eða eftir atvikum byggingarbréfinu, heldur þarf að meta hvert tilvik sérstaklega. Þá leiða vanhöld á útgáfu byggingarbréfs ekki endilega sjálfkrafa til niðurstöðu um að eignarréttur hafi ekki stofnast á þessum grundvelli, ef þau vanhöld verða rakin til mistaka eða vanrækslu embættismanna, sbr. margnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Þau sjónarmið sem koma fram af hálfu Landsréttar í umræddum tveimur dómum eru meðal þess sem hlýtur að koma til skoðunar við mat á því hvort eignarréttur hafi stofnast á þessum grundvelli, í tilvikum sem talist geta sambærileg.

VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR

Á fundum óbyggðanefndar 2. mars og 29. ágúst 2023 úrskurðuðu nefndarmenn í máli nr. 4/2021 gagnaðilum íslenska ríkisins í málinu málskostnað sem hér segir, sbr. kafla 7.6 í úrskurði málsins:

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Friðbjörns Garðarssonar lögmanns:

- Hvilft ehf. vegna Hvilftar og Garða: 750.000 kr.
- Kristján Bjarni Karlsson vegna vegna Bæjar og Vatnadals: 1.050.000 kr.
- Guðrún Úlfhildur Örnólfsdóttir og Anna Ragnhildur Halldórsdóttir vegna Kvíaness: 500.000 kr.
- Jóhannes S. Aðalbjörnsson vegna Galtar: 700.000 kr.
- Jens Þór Sigurðsson og Kristín G. Sigurðardóttir vegna Meiri-Bakka: 750.000 kr.
- Lárus Guðmundur Birgisson, Jónína Birgisdóttir og Guðný Birgisdóttir vegna Kroppsstaða í Skálavík: 750.000 kr.
- Magni Steinsson vegna Minna-Hrauns: 750.000 kr.
- Bolungarvíkurkaupstaður vegna Hlíðartorfu: 1.750.000 kr.; vegna Hóls í Bolungarvík: 2.100.000 kr.; vegna Meira-Hrauns: 850.000 kr.; og vegna Minni-Bakka: 950.000 kr.
- Þotan ehf. vegna Þjóðólfstungu: 750.000 kr.
- Margrét Ólafsdóttir og Arnþór Jónsson vegna Geirastaða: 800.000 kr.
- Sveinbjörn Þór Haraldsson og Guðmunda Ó. Högnadóttir vegna Miðdals: 750.000 kr.
- Jóhann Hannibalsson vegna Hanhóls: 900.000 kr.
- Jónína Birgisdóttir, Guðný Eva Birgisdóttir og Lárus Guðmundur Birgisson vegna Gils: 750.000 kr.
- Kristján Högni Jónsson vegna Óss: 750.000 kr.
- Hulda Helgadóttir vegna Hrauns í Hnífsdal: 250.000 kr.
- Ísafjarðarbær vegna Eyrar í Önundarfirði: 900.000 kr.; vegna Eyrar í Skutulsfirði: 1.250.000 kr.; vegna Hafrafells: 800.000 kr.; vegna Kirkjubóls í Skutulsfirði: 850.000 kr.; vegna Neðri-Hnífsdals og Bakka: 900.000 kr.; vegna Selárdals: 800.000 kr.; vegna Seljalands: 850.000 kr.; og vegna Tungu: 850.000 kr.
- Garðar S. Einarsson og Guðmundur S. Einarsson vegna Fossa: 750.000 kr.
- Gerða Helga Pétursdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson, Bjarki Guðmundsson og Guðmundur Jens Jóhannsson vegna Neðri-Engidals: 750.000 kr.
- Þorbjörn Halldór Jóhannesson, Gautshamar ehf. og Auður Arna Höskuldsdóttir vegna Arnardalstorfu (Fremri-Arnardals, Neðri-Arnardals, Heimabæjar og Fremrihúsa): 750.000 kr.

Vegna Brynju Hlífar Hjaltadóttur:

– Gunnar Gaukur Magnússon og Hugrún Kristinsdóttir vegna Ytri-Veðrarár: 120.000 kr.

Vegna Guðjóns Ármannssonar lögmanns:

– Ásgeir H. Þorvarðarson, Bryndís Guðmundsdóttir, dánarbú Sigurbjargar Hervarar Guðjónsdóttur, Guðbjörg S. Pálmarsdóttir, Guðbjörg S. Sveinbjörnsdóttir, Guðjón Gísli Guðmundsson, Guðjón Pálmarsson, Guðrún Svava Pálmarsdóttir, Gunnar Pétur Héðinsson, Halla Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Halldóra Jóna Guðmundsdóttir, Hallgrímur Ingimar Jónsson, Magnús Guðmundsson, Margrét Pálmarsdóttir, María Guðrún Guðmundsdóttir, María Guðrún Sveinbjörnsdóttir, Ragnheiður Eygló Guðmundsdóttir, Rannveig Svanhv Þorvarðardóttir, Sveinfríður G. Þorvarðsdóttir, Viðar Örn Sveinbjörnsson og Þorsteinn Pálmarsson vegna Hafurhests og Ármúla í Önundarfirði; og Ásgerður Guðbjartsdóttir, Sigríður Guðbjartsdóttir, Guðrún María Guðbjartsdóttir, Helga Erla Guðbjartsdóttir, dánarbú Sesselju Kr. Guðbjartsdóttur, Laufey Guðbjartsdóttir, Guðjón S. Guðbjartsson, Elísabet Guðbjartsdóttir, db. Konráðs Guðbjartssonar, Árni Guðbjartsson, Einar Guðbjartsson og Þorsteinn Guðbjartsson vegna Hesthúsa efri; samtals: samtals 1.500.000 kr.
– Páll Á. R. Stefánsson vegna Kirkjubóls, Efstabóls og Kroppstaða í Korpudal: 1.500.000 kr.
– Arndís Jóna Vigfúsdóttir, Berglind Rós Guðmundsdóttir, Edda Björk Sigurðardóttir, Fjóla Jónsdóttir, Halla Björk Vigfúsdóttir, Magnús Hafsteinn Hinriksson, Ragnar Guðmundsson, Samúel Guðmundsson, Sigurður Jóel Vigfússon, Sóley Jónsdóttir, Steina Dögg Vigfúsdóttir, Unnur Stella Guðmundsdóttir og Þórey Ingveldur Guðmundsdóttir vegna Innri-Veðrarár,: 850.000 kr.
– Galtarviti ehf. vegna Keflavíkur: 850.000 kr.
– Skógræktarfélag Dvergasteins ehf. vegna Dvergasteins: 850.000 kr.
– Guðmundur M. Halldórsson vegna Svarthamars: 850.000 kr.
– Bragi Líndal Ólafsson vegna Svarfhóls:* 850.000 kr.

Vegna Halldóru Óskarsdóttur og Guðmundar Bjarna Björgvinssonar:

– Karitas Hafliðadóttir vegna vegna Breiðabóls: 500.000 kr.

Vegna Kristjáns Þorbergssonar lögmanns:

– Bændur ehf. vegna Fremri-Breiðadals: 850.000 kr.
– Halldór Mikkaelsson vegna Neðri-Breiðadals: 900.000 kr.
– Bændur ehf. og Halldór Mikkaelsson vegna Selakirkjubóls: 750.000 kr.
– Klofningur ehf. vegna Kaldár: 800.000 kr.
– Kristín Björg Albertsdóttir vegna Hóls í Önundarfirði: 850.000 kr.

* Svarfhóll var einnig til umfjöllunar í máli nr. 5/2021 en málskostnaður vegna jarðarinnar er ákvarðaður í einu lagi hér í máli nr. 4/2021.

- Svavar Birkisson vegna Kvíaness: 200.000 kr.
- Björn Birkisson vegna Botns ásamt Birkihlíð: 950.000 kr.
- Ævar Einarsson vegna Norðureyrar: 850.000 kr.

Vegna Ragnars Áka Jónssonar:

- Inga Jónsdóttir, Ásta Camilla Gylfadóttir, Sigurjón Finnsson, Sigurður Sverrir Árnason, Ása Grímsdóttir og Jón S. Ragnarsson vegna Gilsbrekku: 200.000 kr.

Vegna Gunnars Egils Egilssonar lögmanns:

- Miðvík ehf. vegna vegna Fremri-Hnífsdals: 1.100.000 kr.

Vegna Sigurðar Sigurjónssonar lögmanns:

- Súðavíkurhreppur vegna Súðavíkur: 1.100.000 kr.
- Súðavíkurhreppur og Þröstur Lýðsson vegna Traðar: 200.000 kr.
- Sigríður Hrönn Elísardóttir vegna Saura: 350.000 kr.

Vegna Jónasar Aðalsteinssonar lögmanns:

- Orkubú Vestfjarða vegna krafna um vatns- og landréttindi: 900.000 kr.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið eða verður endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ[1]

Þjóðlendur:	Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins
Kirkjuból í Korpudal:	Páll Á.R. Stefánsson
Efstaból í Korpudal:	Páll Á.R. Stefánsson
Kroppstaðir í Korpudal:	Páll Á.R. Stefánsson
Innri-Veðrará:	Arndís Jóna Vigfúsdóttir, Berglind Rós Guðmundsdóttir, Edda Björk Sigurðardóttir, Fjóla Jónsdóttir, Halla Björk Vigfúsdóttir, Magnús Hafsteinn Hinriksson, Ragnar Guðmundsson, Samúel Guðmundsson, Sigurður Jóel Vigfússon, Sóley Jónsdóttir, Steina Dögg Vigfúsdóttir, Unnur Stella Guðmundsdóttir og Þórey Ingveldur Guðmundsdóttir
Ytri-Veðrará:	Orkuvinnslan ehf.
Ytri-Veðrará:	Gunnar Gaukur Magnússon og Hugrún Kristinsdóttir
Fremri-Breiðadalur:	Bændur ehf.
Neðri-Breiðadalur:	Halldór Mikkaelsson
Selakirkjuból:	Bændur ehf. og Halldór Mikkaelsson
Kaldá:	Klofningur ehf.
Hóll á Hvilftarströnd:	Kristín Björg Albertsdóttir
Hvilft og Garðar:	Hvilft ehf.
Eyri í Önundarfirði:	Ísafjarðarbær
Bær:	Kristján Bjarni Karlsson

[1] Auk þeirra sem hér eru nefnd var við meðferð málsins lýst kröfum vegna Hafurshests og Ármúla í Önundarfirði af hálfu Ásgeirs H. Þorvarðarsonar, Bryndísar Guðmundsdóttur, dánarbús Sigurbjargar Hervarar Guðjónsdóttur, Guðbjörgar S. Pálmarsdóttur, Guðbjargar S. Sveinbjörnsdóttur, Guðjóns Gísla Guðmundssonar, Guðjóns Pálmarssonar, Guðrúnar Svövu Pálmarsdóttur, Gunnars Péturs Héðinssonar, Höllu Sigrúnar Sveinbjörnsdóttur, Halldóru Jónu Guðmundsdóttur, Hallgríms Ingimars Jónssonar, Magnúsar Guðmundssonar, Margrétar Pálmarsdóttur, Maríu Guðrúnar Guðmundsdóttur, Maríu Guðrúnar Sveinbjörnsdóttur, Ragnheiður Eyglóar Guðmundsdóttur, Rannveigar S. Þorvarðardóttur, Sveinfríðar G. Þorvarðsdóttur, Viðars Arnar Sveinbjörnssonar og Þorsteins Pálmarssonar; og vegna Hesthúsa efri af hálfu Ásgerðar Guðbjartsdóttur, Sigríðar Guðbjartsdóttur, Guðrúnar Maríu Guðbjartsdóttur, Helgu Erlu Guðbjartsdóttur, dánarbús Sesselju Kr. Guðbjartsdóttur, Laufeyjar Guðbjartsdóttur, Guðjóns S. Guðbjartssonar, Elísabetar Guðbjartsdóttur, dánarbús Konráðs Guðbjartssonar, Árna Guðbjartssonar, Einars Guðbjartssonar og Þorsteins Guðbjartssonar. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu framangreindir aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfu um málskostnað.

Vatnadalur:	Kristján Bjarni Karlsson
Kvíanes:	Guðrún Úlfhildur Örnólfsdóttir og Anna Ragnhildur Halldórsdóttir
Kvíanes:	Svavar Birkisson
Botn ásamt Birkihlíð:	Björn Birkisson
Gilsbrekka:	Inga Jónsdóttir, Ásta Camilla Gylfadóttir, Sigurjón Finnsson, Sigurður Sverrir Árnason, Ása Grímsdóttir og Jón S. Ragnarsson
Selárdalur:	Ísafjarðarbær
Norðureyri	Ævar Einarsson
Göltur	Jóhannes S. Aðalbjörnsson
Keflavík:	Galtarviti ehf.
Meiri-Bakki:	Jens Þór Sigurðsson og Kristín G. Sigurðardóttir
Minni-Bakki:	Bolungarvíkurkaupstaður
Kroppsstaðir í Skálavík:	Lárus Guðmundur Birgisson, Jónína Birgisdóttir og Guðný Birgisdóttir
Meira-Hraun:	Bolungarvíkurkaupstaður
Minna-Hraun:	Magni Steinsson
Breiðaból:	Karitas Hafliðadóttir
Hlíðartorfa:	Bolungarvíkurkaupstaður
Þjóðólfstunga:	Þotan ehf.
Hóll í Bolungarvík:	Bolungarvíkurkaupstaður.
Geirastaðir:	Margrét Ólafsdóttir og Arnþór Jónsson
Miðdalur:	Sveinbjörn Þór Haraldsson og Guðmunda Ó. Högnadóttir
Hanhóll:	Jóhann Hannibalsson
Gil:	Jónína Birgisdóttir, Guðný Eva Birgisdóttir og Lárus Guðmundur Birgisson
Ós:	Kristján Högni Jónsson
Neðri-Hnífsdalur:	Ísafjarðarbær
Hraun í Hnífsdal:	Hulda Helgadóttir
Bakki í Hnífsdal:	Ísafjarðarbær

Fremri-Hnífsdalur:	Miðvík ehf.
Eyri í Skutulsfirði:	Ísafjarðarbær
Seljaland:	Ísafjarðarbær
Tunga:	Ísafjarðarbær
Hafrafell:	Ísafjarðarbær
Kirkjuból í Skutulsfirði:	Ísafjarðarbær
Neðri-Engidalur:	Gerða Helga Pétursdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson, Bjarki Guðmundsson og Guðmundur Jens Jóhannsson
Fossar:	Garðar S. Einarsson og Guðmundur S. Einarsson
Arnardalstorfa:	Þorbjörn Halldór Jóhannesson, Gautshamar ehf. og Auður Arna Höskuldsdóttir
Tröð:	Súðavíkurhreppur og Þröstur Þýðsson
Súðavík:	Súðavíkurhreppur
Saurar:	Sigríður Hrönn Elísardóttir
Dvergasteinn:	Skógræktarfélag Dvergasteins ehf.
Svarthamar:	Guðmundur M. Halldórsson
Svarfhóll:	Bragi Líndal Ólafsson
Vatns- og landréttindi:	Orkubú Vestfjarða

FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ

a) Efnisflokkuð skjalaskrá[1]

Skjöl lögð fram í máli nr. 4/2021
(OBN 21050004)

Lagt fram af Ívari Pálssyni lögmanni f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

1		Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 15.9.2020.
	1(1)	Skjalaskrá fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 6.10.2020.
	1(2)	Tilvísanaskrá fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 6.10.2020.
	1(3)	Yfirlitskort, svæði 10B. Kröfulínur fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 29.10.2020.
	1(4)	Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um meðferð á svæði 10B og kröfulýsingarfrest, dags. 27.11.2019, ásamt yfirlitskortum. Nr. 4 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(5)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins, dags. 27.11.2019. Nr. 5 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(6)	Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, beiðni um frest til að skila kröfulýsingu, dags. 28.2.2020. Nr. 6 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(7)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins, beiðni um frest til að skila kröfulýsingu samþykkt, dags. 28.2.2020. Nr. 7 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(8)	Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, beiðni um frest til að skila kröfulýsingu, dags. 30.3.2020. Nr. 8 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(9)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins, beiðni um frest til að skila kröfulýsingu samþykkt, dags. 31.3.2020. Nr. 9 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(10)	Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, beiðni um frest til að skila kröfulýsingu, dags. 14.5.2020. Nr. 10 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(11)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins, beiðni um frest til að skila kröfulýsingu samþykkt, dags. 15.5.2020. Nr. 11 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(12)	Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, beiðni um frest til að skila kröfulýsingu, dags. 29.6.2020. Nr. 12 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(13)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins, beiðni um frest til að skila kröfulýsingu samþykkt, dags. 29.6.2020. Nr. 13 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(14)	Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, beiðni um frest til að skila kröfulýsingu, dags. 27.8.2020. Nr. 14 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(15)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins, beiðni um frest til að skila kröfulýsingu samþykkt, dags. 27.8.2020. Nr. 15 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(16)	Ýmis landamerkjabréf.
	1(17)	Afsal fyrir Eyri við Skutulsfjörð með landamerkjalýsingu, dags. 20.6.1871, ásamt samþykki stiftsyfirvalda með viðbót við landamerkjalýsingu, dags. 27.2.1872.

[1] Skjöl undir nr. 2 og 4 eru ekki í númeraröð heldur efnisflokkuð, sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“: https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/frumgagnayfirlit.pdf

	1(18)	Greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 30.6.2021.
	1(19)	Skjáskot úr jöklavefsjá (islenskirjoklar.is).
	1(20)	Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, dags. 24.1.2023, um breytingar á kröfugerð í málum nr. 1–8/2021.
	1(21)	Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, dags. 24.3.2023, um kröfugerð í málum nr. 1–8/2021, þ.e. breytta kröfugerð í máli nr. 3/2021 og breyttar textalýsingar á kröfulínum vegna breytinga skv. skjali nr. 1(20).

Lagt fram af óbyggðanefnd:

Skilabréf og söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands:

2		Heildarskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands; yfirlit um heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 5.6.2023.
3	3(1)	Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands í málum nr. 1–8/2021, 1. útg. (drög), dags. 29.6.2021.
	3(2)	Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands í máli nr. 4/2021, 2. útg. dags. 10.5.2022.
	3(3)	Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands í máli nr. 4/2021, 4. útg. dags. 5.6.2022.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1):

	2(1) a–b	Hestur/Hafurhestur í Önundarfirði, landamerki, dags. 20.3.1921, þinglýst 12.7.1921. Merkt A.1.58a–b.
	2(2) a–b	Efstaból í Önundarfirði, landamerki, dags. 4.4.1889, þinglýst 18.7.1889. Merkt A.1.59a–b.
	2(3) a–b	Kroppstaðir í Korpudal, landamerki, dags. 21.1.1921, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 28.4.1921. Merkt A.1.60a–c.
	2(4) a–b	Kirkjuból í Korpudal, landamerki, dags. 18.8.1889, þinglýst 27.5.1890. Merkt A.1.61a–b.
	2(5) a–b	Tannanes í Önundarfirði, landamerki, dags. 12.2.1921, þinglýst 12.7.1921. Merkt A.1.62.
	2(6) a–b	Innri-Veðrará í Önundarfirði, landamerki, dags. 22.1.1888, þinglýst 18.7.1889. Merkt A.1.63.
	2(7) a–b	Ytri-Veðrará í Önundarfirði, landamerki, dags. 19.4.1924, þinglýst 9.6.1924. Merkt A.1.64a–b.
	2(8) a–b	Fremri-Breiðdalur í Önundarfirði, Neðri-Breiðdalur í Önundarfirði, landamerki, dags. 22.8.1885, þinglýst 27.5.1890. Merkt A.1.65.
	2(9) a–b	Fremri-Breiðdalur í Önundarfirði, landamerki, dags. 11.7.1921, þinglýst 12.7.1921. Merkt A.1.66.
	2(10) a–b	Neðri-Breiðdalur í Önundarfirði, landamerki, dags. 23.5.1890, þinglýst 27.5.1890. Merkt A.1.67.
	2(11) a–b	Neðri-Breiðdalur í Önundarfirði, landamerki, dags. 3.11.1923, þinglýst 15.3.1924. Merkt A.1.68a–b.
	2(12) a–b	Selakirkjuból í Önundarfirði, landamerki, dags. 24.5.1890, þinglýst 27.5.1890. Merkt A.1.69.
	2(13) a–b	Selakirkjuból í Önundarfirði, landamerki, dags. 9.7.1921, þinglýst 12.7.1921. Merkt A.1.70.
	2(14) a–b	Kaldá og Hóll á Hvilftarströnd, landamerki, dags. 18.5.1890, þinglýst 27.5.1890. Merkt A.1.71.

	2(15) a–b	Kaldá á Hvilftarströnd, landamerki, dags. 10.7.1921, þinglýst 12.7.1921. Merkt A.1.72a–b.
	2(16) a–b	Hóll á Hvilftarströnd, landamerki, dags. 10.7.1921, þinglýst 12.7.1921. Merkt A.1.73.
	2(17) a–b	Garðar í Önundarfirði, landamerki, dags. 27.5.1890, þinglýst 27.5.1890. Merkt A.1.74.
	2(18) a–b	Garðar í Önundarfirði, landamerki, dags. 17.7.1920, þinglýst 12.7.1921. Merkt A.1.75.
	2(19) a–b	Hvilft í Önundarfirði, landamerki, dags. 27.5.1890, þinglýst 27.5.1890. Merkt A.1.76a–b.
	2(20) a–b	Hvilft í Önundarfirði, landamerki, dags. 1.7.1921, þinglýst 12.7.1921. Merkt A.1.77a–b.
	2(21) a–b	Eyri við Önundarfjörð, landamerki, dags. 23.5.1890, þinglýst 27.5.1890. Merkt A.1.78.
	2(22) a–b	Eyri við Önundarfjörð, landamerki, dags. 8.7.1921, þinglýst 12.7.1921. Merkt A.1.79a–b.
	2(23) a–b	Staður í Súgandafirði, landamerki, dags. 6.6.1891, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 13.2.1892. Merkt A.1.80.
	2(24) a–b	Bær í Súgandafirði, landamerki, dags. 6.6.1891, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 13.2.1892. Merkt A.1.81a–b.
	2(25) a–b	Bær í Súgandafirði, Vatnadalur í Súgandafirði, landamerki, dags. 12.12.1890, þinglýst 9.6.1891. Merkt A.1.82a–d.
	2(26) a–b	Kvíanes í Súgandafirði, Botn í Súgandafirði, landamerki, dags. 24.6.1889, þinglýst 27.7.1889. Merkt A.1.83a–b.
	2(27) a–b	Kvíanes í Súgandafirði, landamerki, dags. 24.6.1889, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 22.4.1890. Merkt A.1.84.
	2(28) a–b	Botn í Súgandafirði, Gilsbrekka í Súgandafirði, landamerki, dags. 22.6.1889, þinglýst 13.8.1892. Merkt A.1.85.
	2(29) a–b	Selárdalur í Súgandafirði, landamerki, dags. 24.11.1891, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 6.2.1892. Merkt A.1.86a–b.
	2(30) a–b	Norðureyri við Súgandafjörð, landamerki, júní 1886, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 13.4.1887. Merkt A.1.87.
	2(31) a–b	Göltur við Súgandafjörð, landamerki, dags. 2.4.1890, þinglýst 26.7.1890. Merkt A.1.88a–b.
	2(32) a–b	Meiri-Bakki í Skálavík, landamerki, ódags., þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 28.7.1909. Merkt A.1.89.
	2(33) a–b	Minni-Bakki í Skálavík, landamerki, dags. 5.5.1921, þinglýst 4.7.1921. Merkt A.1.90.
	2(34) a–b	Kroppsstaðir í Skálavík, landamerki, dags. 27.6.1921, þinglýst 4.7.1922. Merkt A.1.91a–b.
	2(35) a–b	Kroppsstaðir í Skálavík, Breiðaból í Skálavík, landamerki, dags. 31.8.1922, þinglýst 2.7.1923. Merkt A.1.92a–c.
	2(36) a–b	Meira-Hraun í Skálavík, landamerki, dags. 6.4.1888, þinglýst 16.5.1888. Merkt A.1.93.
	2(37) a–b	Minna-Hraun í Skálavík, landamerki, dags. 2.5.1888, þinglýst 16.5.1888. Merkt A.1.94.
	2(38) a–b	Breiðaból í Skálavík, landamerki, ódags., þinglýst 4.7.1922. Merkt A.1.95a–c.
	2(39) a–b	Breiðaból í Skálavík, Hóll í Bolungarvík, landamerki, dags. 31.5.1924, þinglýst 4.7.1924. Merkt A.1.96a–b.
	2(40) a–b	Minni-Hlíð í Bolungarvík, landamerki, dags. 12.5.1890, þinglýst 19.7.1890. Merkt A.1.97a–b.

	2(41) a–b	Meiri-Hlíð í Bolungarvík, landamerki, dags. 12.5.1890, þinglýst 19.7.1890. Merkt A.1.98a–b.
	2(42) a–b	Tröð í Bolungarvík, landamerki, dags. 13.5.1890, þinglýst 19.7.1890. Merkt A.1.99.
	2(43) a–b	Þjóðólfstunga, Tunga í Bolungarvík, landamerki, dags. 12.5.1890, þinglýst 19.7.1890. Merkt A.1.100a–b.
	2(44) a–b	Hóll í Bolungarvík, Grundarhóll í Bolungarvík, landamerki, dags. 7.7.1904, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 12.7.1904. Merkt A.1.101a–b. Sjá einnig skjal nr. 2(1028).
	2(45) a–b	Geirastaðir í Bolungarvík, landamerki, dags. 19.7.1890, þinglýst 19.7.1890. Merkt A.1.102.
	2(46) a–b	Gil í Bolungarvík, landamerki, september 1885, þinglýst 28.5.1886. Merkt A.1.103a–b.
	2(47) a–b	Ós í Bolungarvík, landamerki, september 1885, þinglýst 28.5.1886. Merkt A.1.104.
	2(48) a–b	Neðri-Hnífsdalur, landamerki, dags. 26.5.1886, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 28.1.1892. Merkt A.1.105a–c.
	2(49) a–b	Fremri-Hnífsdalur, landamerki, dags. 26.5.1886, þinglýst 29.5.1886. Merkt A.1.106a–b.
	2(50) a–b	Búð í Hnífsdal, landamerki, dags. 26.5.1886, þinglýsingardags ekki getið, innfært til þinglesturs 26.7.1920. Merkt A.1.107a–b.
	2(51) a–b	Hraun í Hnífsdal, landamerki, dags. 26.5.1886, þinglýst 15.5.1888. Merkt A.1.108a–b.
	2(52) a–b	Bakki í Hnífsdal, landamerki, ódags., þinglýst 29.5.1886. Merkt A.1.109a–b.
	2(53) a–b	Eyri í Skutulsfirði, Tunga í Skutulsfirði, mótmæli eigenda Tungu við því að Eyrarkirkja eigi skóg sem þinglýstur hafði verið kirkjunni til eignar, dags. 7.6.1910, þinglýsingardags ekki getið. Merkt A.1.110a–b.
	2(54) a–b	Seljaland í Skutulsfirði, landamerki, dags. 7.6.1884 og 11.7.1884, þinglýst 14.7.1884. Merkt A.1.111a–b.
	2(55) a–b	Hafrafell í Skutulsfirði, landamerki, dags. 18.7.1908, þinglýst 4.6.1909. Merkt A.1.112a–b.
	2(56) a–b	Engidalur í Skutulsfirði, landamerki, dags. 27.5.1890, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 28.4.1891. Merkt A.1.113.
	2(57) a–b	Kirkjuból í Skutulsfirði, landamerki, maí og júní 1884, þinglýst 14.7.1884. Merkt A.1.114a–c.
	2(58) a–b	Neðri-Arnardalur við Skutulsfjörð, landamerki, dags. 12.7.1884, þinglýst 8.6.1885. Merkt A.1.115a–b.
	2(59) a–b	Neðri-Arnardalur, Fremri-Arnardalur við Skutulsfjörð, landamerki, dags. 14.5.1890, þinglýst 16.5.1890. Merkt A.1.116a–b.
	2(60) a–b	Tröð í Álftafirði, landamerki, dags. 25.8.1890, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 25.8.1890. Merkt A.1.117.
	2(61) a–b	Súðavík í Álftafirði, landamerki, dags. 26.8.1890, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 26.8.1890. Merkt A.1.118a–b.
	2(62) a–b	Saurar í Álftafirði, landamerki, dags. 18.8.1890, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 25.8.1890. Merkt A.1.119a–b.
	2(63) a–b	Eyrardalur í Álftafirði, landamerki, dags. 18.8.1890, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 25.8.1890. Merkt A.1.120.
	2(64) a–b	Hlíð í Álftafirði, landamerki, dags. 18.8.1890, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 25.8.1890. Merkt A.1.121a–b.

	2(65) a–b	Dvergasteinn í Álftafirði, landamerki, dags. 18.8.1890, þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 25.8.1890. Merkt A.1.122.
	2(66) a–b	Svarfhóll í Álftafirði, landamerki, ódags., þinglýsingardags ekki getið, innkomið til þinglesturs 25.9.1890. Merkt A.1.123.
	2(1029) a–b	Neðri-Hesthús í Önundarfirð, landamerki, dags. 10.7.1921, þinglýst 12.7.1921. Merkt A.1.220a–b.
	2(1030) a–b	Efri-Hesthús í Önundarfirði, landamerki, dags. 11.7.1921, þinglýst 12.7.1921. Merkt A.1.221a–c.
	2(1031) a–b	Ytri-Búðir í Bolungarvík, landamerki, dags. 12.5.1890, þinglýst 19.7.1890. Merkt A.1.222. (Sama skjal og skjal nr. 25(1).)
	2(1032) a–b	Tunga í Skutulsfirði, landamerki, dags. 7.6.1910, þinglýsingardags ekki getið. Merkt A.1.223a–b.
	2(1033) a–b	Hraun í Keldudal, Saurar í Keldudal, landamerki, dags. 20.5.1886, þinglýst 6.7.1886. Merkt A.1.13a–c.

Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2)

	2(67) a–b	Hestur/Hafurhestur í Önundarfirði: Afsalsbréf hvar Jens Guðmundsson selur sex hundruð í jörðinni Efri-Hesthúsum í Önundarfirði til Á.A. Johnsen, dags. 1.7.1858, þinglýst 27.7.1858. Merkt A.2.13.
	2(68) a–b	Eyri við Önundarfjörð, Hvilft í Önundarfirði: Afrit skiptabréfs, dags. 31.3.1588, um skipti framkvæmd 1.5.1587 á fimm hundraða parti sem kirkjan á Hvilft átti í jörðinni Eyri í Önundarfirði. Afritið er ódagsett en samanlesið í nýtt afrit 30.1.1929. Merkt A.2.20a–e.
	2(69) a–b	Kirkjuból í Korpudal, Efstaból í Korpudal, Kroppstaðir í Korpudal: Afrit landamerkjabréfs um landamerki milli Kirkjubóls, Kroppstaða og Efstabóls, dags. 9.4.1610. Afritið er frá 10.3.1711 en samanlesið í nýtt afrit 31.1.1929. Merkt A.2.28a–c.
	2(70) a–b	Súðavík í Álftafirði: Kaupsamningur hvar Magnús Jóhannsson selur 17 hundruð í jörðinni til A.A. Johnsens kaupmanns, dags. 27.11.1857, þinglýst 5.7.1858. Merkt A.2.36a–b.
	2(71) a–b	Tunga í Skutulsfirði, Seljaland í Skutulsfirði: Afrit af landamerkjalýsingu milli jarðanna, dags. 9.4.1595. Afritið er frá 2.12.1711 en samanlesið í nýtt afrit 30.1.1929. Merkt A.2.39a–c.
	2(72) a–b	Ytri-Veðrará í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Jón Þórðarson á Eyri við Skutulsfjörð selur, fyrir hönd Þóru Eyjólfsdóttur, fjögur hundruð í jörðinni til Ásgeirs Ásgeirssonar á Ísafirði. Dags. 27.5.1848, þinglýst 24.6.1848. Merkt A.2.40a–b.
	2(73) a–b	Fremri-Vatnadalur í Súgandafirði: Afrit bréfs um kaupgjörning, sem fram fór 8.7.1630, þar sem skipt var á hálfri jörðinni Eyri í Kollafirði fyrir jörðina Fremri-Vatnadal, dags. 20.7.1630. Merkt A.2.41.
	2(74) a–b	Fremri-Vatnadalur í Súgandafirði: Afrit bréfs um kaupgjörning, sem fram fór 8.7.1630, þar sem skipt var á hálfri jörðinni Eyri í Kollafirði fyrir jörðina Fremri-Vatnadal. Afritið er staðfest af Ormi Daðasyni 20.1.1730. Merkt A.2.42a–d.
	2(75) a–b	Meiri-Bakki í Skálavík: Kaupbréf hvar Magnús Jónsson og Guðni Borgarson selja Einari Jónssyni 100 álnir í jörðinni, dags. 25.3.1882. Merkt A.2.44.

	2(355) a–b	Bréf um að Eggert Hannesson hafi gefið Ragnheiði dóttur sinni og börnum hennar og Magnúsar Jónssonar 37 hundruð í jörðum. Einnig kemur fram að hann hafi gefið Jóni Björnssyni jörðina Haug (Auðshaug á Hjarðarnesi) og að hann hafi viljað samþykki Magnúsar til að selja Fremri-Breiðadal í Önundarfirði til Torfa Jónssonar. Enn fremur að Eggert hafi endurnýjaði gjöf sína til Björns Magnússonar, dóttursonar síns, þannig að hann hafi tekið aftur Sæból á Ingjaldssandi en látið Birni í staðinn Bæ á Rauðasandi, en þær væru jafnar að dýrleika. Dags. 30.7.1578. Merkt A.2.45a–d.
	2(356)	Afrit af samningi á milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar. Sæmundur taldi til kaups og konumundar við Helenu Magnúsdóttur jarðirnar Hól, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Tungu, Miðdal, Ós, Hanhól, Gil, Meiri-Bakka, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhól. Helena fékk jarðirnar Ós, Minni-Hlíð og Hraun sem gjöf með þeim skilmálum að þær erfðust til barna þeirra. Hjónin Magnús og Ragnheiður gáfu á móti jarðirnar Sæból, Heydal og Botn. Dags. 22.9.1588 og 2.6.1590. Afrit skráð 27.7.1904. Merkt A.2.54a–b.
	2(357)	Afrit af vitnisburði Jóns Stefnirssonar um eigendur jarða í Bolungarvík og Skálavík. Oddi Leppur hafi átt Hól og allar jarðir í Bolungarvík og Skálavík. Guðni Oddsson hafi erft þær allar. Sæunn Guðnadóttir hafi eignast eftir föður sinn Hól, Meiri-Hlíð og fleiri jarðir í Bolungarvík en Snjólaug Guðnadóttir eignast Ós í Bolungarvík og aðrar jarðir þar á móts við systur sína. Dags. 16.2.1589. Afrit skráð 27.7.1904. Merkt A.2.55a–b.
	2(358) a–b	Vitnisburðir um landamerki á milli jarðanna Hóls og Breiðabóls í Skálavík. Dags. 9.3.1600. Afrit skráð 27.7.1904. Merkt A.2.57a–d.
	2(359)	Vitnisburður Sigurðar Magnússonar prests um samtal á milli Sæmundar Árnasonar og Trochelum Svrlender. Sæmundur spurði Trochelum hvort hann hefði heyrt eða sagt þeim í Kaupmannahöfn að Sæmundur hefði átt að leyfa þýskum duggurum að liggja fyrir land sitt og nota lóð sína sem hann svaraði neitandi. Einnig spurði hann hvort hann hefði átt að leyfa þeim notkun á lóð sinni og svaraði Trochelum því játandi, að hann hafði heyrt það frá öðrum. Dags. 1.8.1603. Afrit skráð 27.7.1904. Merkt A.2.59a–b.
	2(360)	Afrit af vitnisburði um að Sæmundur Árnason hafi selt Magnúsi syni sínum jarðirnar Hól, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð og Tungu í Bolungarvík . Á móti fékk Sæmundur jarðirnar Sæból, Álfadal og Hraun á Ingjaldssandi og Tungu í Valþjófsdal. Dags. 8.8.1619. Afrit skráð 3.8.1904. Merkt A.2.61a–c.
	2(361)	Hóll í Bolungarvík: Vitnisburður Þórðar Péturssonar um samtal á milli Sæmundar Árnasonar og Nikulásar Oddssonar á brúðkaupsdegi barna þeirra, Árna og Guðrúnar. Þar kemur fram að Sæmundur hafði fyrir löngu sett jörðina Hól konu sinni Elínu Magnúsdóttur fyrir hennar málajarðir með þeim jörðum sem þar með fylgdu. Dags. 18.10.1619. Afrit skráð 3.8.1904. Merkt A.2.62a–b.
	2(362)	Hóll í Bolungarvík: Vitnisburður Halldórs Jónssonar prests með sömu efnistökum og í skjali A.2.61. Einnig að Sæmundur Árnason hafði ítrekað þetta á kaupdegi Magnúsar sonar hans og Sigríðar Þorleifsdóttur. Dags. 17.8.1619. Afrit skráð 3.8.1904. Merkt A.2.63a–b.
	2(363)	Kaupmáli á milli Sæmundar Árnasonar, fyrir hönd Magnúsar sonar hans, og Þorleifs Bjarnasonar, fyrir hönd dóttur hans Sigríðar. Taldi Sæmundur syni sínum til kaups og konumundar til móts við Sigríði jarðirnar Hól, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð og Tungu í Bolungarvík. Gaf Magnús svo Sigríði Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð í tilgjöf. Dags. 8.8.1619, 24. og 26.9.1620. Afrit skráð 3.8.1904. Merkt A.2.64a–c.
	2(364)	Vitnisburður þess efnis að Sæmundur Árnason hefði tilkynnt að hann hefði fyrir löngu sett sinni konu Elínu Magnúsdóttur fyrir hennar föðurleifð og fastaeign sem hún átti í hans garð jarðirnar Hól, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Tungu og Ós í Bolungarvík. Dags. 12.7.1619. Afrit skráð 3.8.1904. Merkt A.2.66a–b.

	2(365)	Botn í Súgandafirði: Kaupgjörningur þar sem Björn Sveinsson seldi bróður sínum sr. Jóni Sveinssyni jörðina. Dags. 23.2.1620. Afrit skráð 3.8.1904. Merkt A.2.67a–c.
	2(366)	Nes í Grunnavík, Minni-Hlíð í Bolungarvík: Kaupbréf þar sem Jón Þórðarson, með samþykki konu sinnar Guðrúnar Guðmundsdóttur, seldi Sæmundi Árnasyni hálft Nes í Grunnavík átta hundruð að dýrleika. Jón hafði áður, 30.4.1630, selt Sæmundi tvö hundruð í jörðinni. Lofaði Sæmundur Jóni að búa á Minni-Hlíð fyrir venjulega landskuld árlega svo lengi sem Sæmundur ætti meðgjörð þar með. Dags. 6.2.1631. Afrit skráð 3.8.1904. Merkt A.2.71a–b.
	2(367)	Dómsbréf þar sem dæmt var í máli Vatnsfjarðarkirkju vegna fiskitolla í Bolungarvík. Dómurinn var lesinn upp á alþingi 30.6.1638. Dags. 25.7.1637. Afrit skráð 3.8.1904. Merkt A.2.73a–f.
	2(368)	Dómur í máli Vatnsfjarðarkirkju vegna fiskitolla í Bolungarvík. Dags. 5. og 6.9.1639. Afrit skráð 3.8.1904. Merkt A.2.74a–e.
	2(369)	Arfaskiptagjörningur á milli fjögurra sona Sigríðar Þorleifsdóttur. Björn Magnússon fékk hálfan Hól í Bolungarvík og hálfa Tungu í Bolungarvík. Sigmundur Magnússon fékk jarðirnar Meiri-Hlíð og Minni-Hlíð í Bolungarvík og Steig í Veiðileysufirði. Sæmundur fékk hálfan Hól og hálfa Tungu á móti Birni. Dags. 19.5.1651. Afrit skráð 3.8.1904. Merkt A.2.75a–b.

Afsals- og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3):

	2(484)	Hestur/Hafurhestur í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Guðmundur Bjarnason á Núpi í Mýrahreppi selur átján hundruð (að fornu mati) í Hafurshesti í Mosvallahreppi til Jóhannesar Kristjánssonar. Dags. 31.5.1887. Þinglýst á Þórustöðum 25.6.1888. Merkt A.3.465a–b.
	2(485) a–b	Efri-Hesthús í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Jens Guðmundsson selur sex hundruð í Efri-Hesthúsum í Önundarfirði til borgara A.A. Johnsen. Dags. 1.7.1858. Þinglesið á Þórustöðum 27.7.1858. Merkt A.3.112.
	2(486) a–b	Efri-Hesthús í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Matthildur Ásgeirsdóttir á Rafnseyri selur sex hundruð í Efri-Hesthúsum í Önundarfirði til Þorvaldar Ingimundarsonar á Tjaldanesi. Dags. 28.12.1860. Þinglesið á Þórustöðum 1.7.1861. Merkt A.3.145a–b.
	2(487)	Efri-Hesthús í Önundarfirði: Gjafabréf hvar hjónin Þorvaldur Ingimundarson og Ragnheiður Jensdóttir í Feigsdal í Barðastrandarsýslu gefa tengdadóttur sinni Sigríði Jónasdóttur sex hundruð (að fornu mati) í Efri-Hesthúsum í Mosvallahreppi. Dags. 4.7.1887. Þinglýst á Þórustöðum 25.6.1888. Merkt A.3.464a–b.
	2(488)	Efri-Hesthús í Önundarfirði: Afsalsbréf hvar Kjartan Jónsson bóndi á Efri-Húsum í Mosvallahreppi afsalar sér þremur hundruðum (að fornu mati) í Efri-Hesthúsum í Mosvallahreppi til barna sinna Kristjáns Magnúsar Björns Kjartanssonar og Ingunnar Kjartansdóttur. Dags. 15.10.1892. Þinglýst á Þórustöðum 12.7.1893. Merkt A.3.512a–b.
	2(489)	Efri-Hesthús í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Kjartan Jónsson bóndi á Tannanesi í Mosvallahreppi selur fimmtán hundruð (að fornu mati) í Efri-Hesthúsum í Mosvallahreppi til Kjartans Rósinkranssonar skipstjóra á Flateyri. Dags. 4.2.1892. Þinglýst á Þórustöðum 12.7.1893. Merkt A.3.514a–b.
	2(490)	Kroppstaðir í Korpudal: Kaupbréf hvar Magnús Jónsson í Tröð selur átta hundrað í Kroppstöðum í Önundarfirði til bóndans Sæmundar Árnasonar í Fremri-Arnardal. Dags. 22.5.1837. Þinglesið á Mýrum 12.7.1837. Merkt A.3.55.

	2(491)	Kroppstaðir í Korpudal: Kaupbréf hvar Sæmundur Árnason í Fremri-Arnardal selur átta hundruð í Kroppstöðum í Önundarfirði til Gísla Jónssonar á Eyri í Skutulsfirði. Dags. 15.1.1840. Þinglesið á Þórustöðum 22.6.1840. Merkt A.3.74a–b.
	2(492)	Kroppstaðir í Korpudal: Afsalsbréf hvar Árni Jónsson verslunarstjóri á Ísafirði, fyrir hönd Halldórs Magnússonar, Kristjáns Halldórssonar, Sigurðar Halldórssonar, Jóns Halldórssonar, Jóns Sveinssonar og Kristjáns Guðmundssonar, selur jörðina Kroppstaði í Mosvallahreppi (átján hundruð að dýrleika að fornu mati) til Kjartans Rosenkranzsonar skipherra á Flateyri. Dags. 18.10.1899. Þinglýst á Þórustöðum 13.7.1900. Merkt A.3.626a–b.
	2(493)	Kirkjuból í Korpudal: Arfleiðslubréf hvar Guðrún Thorsteinsen ánafnar dóttur sinni Önnu Thorsteinsen öllu lausafé sínu og dóttur sinni Ingibjörgu Magnúsdóttur á Skarði fimmtán hundruð (að gömlu mati) í jörðunum Kirkjubóli og Kirkjubólshúsum í Önundarfirði. Dags. 27.7.1865. Þinglesið á Ögri 28.7.1865. Merkt A.3.188.
	2(494)	Tannanes í Önundarfirði, Kirkjuból í Korpudal, Bær í Vatnadal/Súgandafirði, Göltur við Súgandafjörð, Botn í Súgandafirði: Gjafabréf hvar hjónin Sigurður Lárentíusson og Sigríður Árnadóttir gefa börnum sínum, Steindóri, Guðmundi, Jóni, Lárentíusi, Kristjáni, Sigurborgu, Sigurfljóð og Efemíu, sameiginlega átta hundruð í Tannanesi í Önundarfirði, fjögur hundruð í Kirkjubóli í Önundarfirði, tvö hundruð og 30 álnir í Bæ í Súgandafirði, eitt og hálft hundrað í Gelti í Súgandafirði og þrjú hundruð í Botni í Súgandafirði. Dags. 21.7.1879. Þinglesið á Suðureyri 31.7.1879. Merkt A.3.360a–b.
	2(495)	Kirkjuból í Korpudal: Kaupbréf hvar Bergþór Jónsson selur fimm hundruð (að fornu mati) í Kirkjubólshúsum í Korpudal til Mikkalínu Eyjólfsdóttur á Ísafirði. Dags. 7.7.1885. Þinglýsingar ekki getið. Merkt A.3.425.
	2(496)	Kirkjuból í Korpudal: Kaupbréf hvar F. R. Wendel, fyrir hönd Þingeyrarverslunar, selur tíu hundruð (að gömlu mati) í Kirkjubóli og fimm hundruð (að gömlu mati) í Kirkjubólshúsum, báðar jarðir í Korpudal í Önundarfirði, til Rósinkrans Kjartanssonar í Tröð. Dags. 9.4.1890. Þinglýst á Þórustöðum 2.6.1891. Merkt A.3.494a–b.
	2(497)	Kirkjuból í Korpudal: Kaupbréf hvar S. H. Bjarnason selur hálft Kirkjuból og hálf Kirkjubólshús (hundraðatals ekki getið), báðar jarðir í Korpudal í Önundarfirði, til Páls Rósinkranssonar í Tröð. Dags. 23.9.1890. Þinglýsingar ekki getið. Merkt A.3.502.
	2(498)	Tannanes í Önundarfirði: Kaupbréf hvar M. Jokkumsson selur fjögur hundruð í Tannanesi í Önundarfirði til Halldórs Jónssonar á Hrauni í Hnífsdal. Dags. 12.8.1875. Þinglesið [staður ekki tilgreindur] 4.9.1875. Merkt A.3.327.
	2(499)	Tannanes í Önundarfirði: Afsalsbréf hvar átta hundruð (að fornu mati) í Tannanesi í Önundarfirði, úr dánarbúi Sigurðar Lárenzíussonar, voru seld á uppboði þann 24.11.1884 til hæstbjóðanda Jóns Matthíassonar á Hóli í Bolungarvík. Dags. 18.12.1884. Þinglesið á Þórustöðum 28.5.1886. Merkt A.3.413.
	2(500) a–b	Neðri-Breiðadalur í Önundarfirði, Innri-Veðrará í Önundarfirði, Ytri-Veðrará í Önundarfirði: Gjafabréf hvar Eyjólfur Kolbeinsson prestur gefur dóttur sinni Michalínu fjögur hundruð í Neðri-Breiðadal og sex hundruð í Veðrará. Dags. 16.8.1857. Þinglesið í Eyrarhreppi 9.6.1859. Merkt A.3.127a–b.

	2(501) a–b	Seljaland í Skutulsfirði, Kvíanes í Súgandafirði, Innri-Veðrará í Önundarfirði, Ytri-Veðrará í Önundarfirði: Arfleiðslubréf hvar Málfríður Jónsdóttir á Seljalandi ánafnar börnum sínum jarðarhluta eftir sinn dag: Hinriki Sigurðssyni átta hundruð í Seljalandi, Guðrúnu Sigurðardóttur átta hundruð í Kvíanesi, Guðbjörgu Sigurðardóttur fimm hundruð í Lambadal ytri og þrjú hundruð í Veðrará ytri, Margréti Sigurðardóttur fimm hundruð í Lambadal ytri og þrjú hundruð í Veðrará ytri og Kristínu Sigurðardóttur sjö hundruð í Veðrará innri. Dags. 10.2.1862. Þinglesið á Eyri 27.6.1862, Suðureyri 23.7.1862, Þórustöðum 21.7.1862 og Mýrum 19.7.1862. Merkt A.3.150a–b.
	2(502)	Innri-Veðrará í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Kristján Magnússon bóndi í Tungu í Skutulsfirði selur tólf hundruð (að fornu mati, sjö hundruð og 108 álnir að nýju mati) í Innri-Veðrará í Mosvallahreppi til Vilh. Holm á Ísafirði. Dags. 11.1.1880. Þinglýsingar ekki getið. Merkt A.3.368a–b.
	2(503)	Innri-Veðrará í Önundarfirði: Afsalsbréf hvar Árni Jónsson, fyrir hönd W. Holm, selur tólf hundruð (að fornu mati) í Innri-Veðrará í Mosvallahreppi til Bóasar Guðlaugssonar. Dags. 29.9.1883. Þinglesið [staðar ekki getið] 30.6.1884. Merkt A.3.401.
	2(504)	Ytri-Veðrará í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Ólöf Helgadóttir á Veðrará selur sex hundruð í Ytri-Veðrará í Önundarfirði til Eyjólfs Kolbeinssonar sóknarprests á Eyri við Skutulsfjörð. Dags. 18.7.1835. Þinglýsingar ekki getið, aðeins innfærslu í pant- og afsalsbréfabók. Merkt A.3.33a–b.
	2(505) a–b	Ytri-Veðrará í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Þóra Eyjúlfsdóttir selur fjögur hundruð í Ytri-Veðrará í Mosvallahreppi til Þórodds Jónssonar seglsaumara á Ísafirði. Dags. 9.9.1859. Þinglesið á Þórustöðum 1.7.1861. Merkt A.3.131.
	2(506) a–b	Ytri-Veðrará í Önundarfirði: Makaskiptabréf hvar Bárður Jónsson, fyrir hönd barnsins Jónínu Sturludóttur á Kleifum, selur sex hundruð í Kirkjubóli í Valþjófsdal til Ásgeirs Ásgeirssonar í Skutulsfirði í skiptum fyrir átta hundruð í Ytri-Veðrará í Mosvallahreppi. Dags. 16.6.1848. Þinglesið á Þórustöðum 1.7.1861. Merkt A.3.134a–b.
	2(507)	Ytri-Veðrará í Önundarfirði: Afsalsbréf hvar Sigurður Guðmundsson bóndi á Ytri-Veðrará selur sex hundruð í Ytri-Veðrará í Mosvallahreppi til Guðmundar Ólafssonar vinnumanns á Hesti. Dags. 4.3.1866. Þinglesið á Þórustöðum 8.9.1866. Merkt A.3.201.
	2(508)	Ytri-Veðrará í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Páll Guðmundsson í Súðavík selur þrjú hundruð í Ytri-Veðrará í Önundarfirði til A. Ásgeirssonar kaupmanns á Ísafirði. Dags. 22.8.1866. Þinglesið á Þórustöðum 8.9.1866. Merkt A.3.207.
	2(509)	Ytri-Veðrará í Önundarfirði: Kaupbréf hvar L. A. Snorrason, fyrir hönd Á. Ásgeirssonar kaupmanns á Ísafirði, selur þrjú hundruð í Ytri-Veðrará í Önundarfirði til Jóns Halldórssonar á Veðrará. Dags. 28.9.1867. Þinglesið á Þórustöðum 19.7.1868. Merkt A.3.227.
	2(510)	Ytri-Veðrará í Önundarfirði: Afsalsbréf hvar Guðmundur Ólafsson bóndi á Hóli í Mosvallahreppi selur sex hundruð (að fornu mati) í Ytri-Veðrará í Holtssókn til Jóns Jónssonar vinnumanns í Mosdal. Dags. 24.4.1873. Þinglýsingar ekki getið. Merkt A.3.268.
	2(511)	Ytri-Veðrará í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Guðmundur Ólafsson bóndi á Hóli í Önundarfirði selur sex hundruð í Ytri-Veðrará til Jóns Halldórssonar bónda á Ytri-Veðrará. Dags. 31.8.1873. Þinglýsingar ekki getið. Merkt A.3.318.
	2(512)	Ytri-Veðrará í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Einar Pálsson skipstjóri selur sex hundruð í Ytri-Veðrará í Önundarfirði til Jóns Ólafssonar bónda í Hjarðardal. Dags. 19.9.1881. Þinglesið í Meðaldal 28.6.1882. Merkt A.3.381a–b.

	2(513) a–b	Fremri-Breiðadalur í Önundarfirði, Neðri-Breiðadalur í Önundarfirði: Afsalsbréf hvar Theophílus Ólafsson, Guðmundur Jónsson og Zacharías Guðlaugsson selja þrjú hundruð 75 álnir í Breiðadal í Önundarfirði til Guðmundar Sigurðssonar á Steinólfsstöðum í Grunnavíkursókn. Dags. 6.8.1837. Þinglesið á Þórustöðum 27.5.1839. Merkt A.3.63.
	2(514)	Fremri-Breiðadalur í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Jón Sigurðsson selur fjögur hundruð (að gömlu mati) í Breiðadal fremri í Önundarfirði til Hjalta Sveinssonar í Súðavík í Álftafirði. Dags. 6.9.1879. Þinglýsingar ekki getið. Merkt A.3.385a–b.
	2(515)	Fremri-Breiðadalur í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Friðrik Jónsson selur átta hundruð (að fornu mati) í Breiðadal fremri í Önundarfirði til Hjalta Sveinssonar. Ódagsett. Þinglýsingar ekki getið. Merkt A.3.386.
	2(516)	Fremri-Breiðadalur í Önundarfirði: Afsalsbréf hvar Jón Sigurðsson afhendir fjögur hundruð (eftir gömlu mati) í Fremri-Breiðadal í Önundarfirði til Hjalta Sveinssonar í Súðavík. Dags. 6.9.1879. Þinglesið [staðsetningar ekki getið] 25.6.1883. Merkt A.3.390.
	2(517)	Fremri-Breiðadalur í Önundarfirði: Kaupbréf hvar Friðrik Jónsson selur átta hundruð (eftir fornu mati) í Fremri-Breiðadal í Önundarfirði til Hjalta Sveinssonar í Súðavík. Dags. 30.9.1881. Þinglesið [staðsetningar ekki getið] 25.6.1883. Merkt A.3.391.
	2(518)	Eyri við Önundarfjörð, Hóll í Önundarfirði, Fremri-Breiðadalur í Önundarfirði, Neðri-Breiðadalur í Önundarfirði: Afsalsbréf hvar T. Halldórsson á Flateyri afhendir sextán hundruð í Eyri, fjórtán hundruð í Hóli, átta hundruð í Breiðadal og sex hundruð í Vífilsmýri til sona sinna Páls og Kristjáns. Dags. 26.9.1890. Þinglýsingar ekki getið. Merkt A.3.490.
	2(519) a–b	Neðri-Breiðadalur í Önundarfirði: Afsalsbréf hvar Ásgeir Jónsson prófastur í Holti í Önundarfirði selur sex hundruð í Neðri-Breiðadal í Önundarfirði til Eyjólfs Kolbeinssonar prests á Eyri við Skutulsfjörð. Dags. 9.7.1834. Þinglesið á Þórustöðum 27.5.1835. Merkt A.3.14a–b.
	2(520) a–b	Neðri-Breiðadalur í Önundarfirði: Gjafabréf hvar Ásgeir Jónsson prófastur í Holti við Önundarfjörð og Rannveig Matthíasdóttir eiginkona hans gefa syni sínum Matthíasi Ásgeirssyni þrjú hundruð í Neðri-Breiðadal í Önundarfirði. Dags. 3.10.1834. Þinglesið á Þórustöðum 27.5.1835. Merkt A.3.28a–b.
